Fallin mál.

I.
Feld frumvörp.

A. Stjórnarfrumvörp.

1. Sameining Dala- og Strandasýslna.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sameining Dalasýslu og Strandasýslu (A. 22).

Á 3. fundi í Nd., mánudaginn 7. júlí, kl. 5 síðdegis, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal láta mjer nægja að visa til athugasemdanna við frv., og að öðru leyti ekki fjölyrða um það, að minsta kosti ekki fyr en hv. þm. Dala. (B. J.) hefir tekið til máls.

Bjarni Jónsson: Jeg má til að bera fram auðmjúkar þakkir fyrir það tillit, sem hæstv. stjórn tekur til mín, er hún þorir ekki að koma með ástæður fyrir frumvörpum sínum, nema heyra áður álit mitt. Er það einn sá hlutur, er jeg má miklast af í elli minni, ef mjer verður langs lífs auðið.

Jeg verð að minnast nokkuð á frv. þetta. Það er svo ástatt í Dalasýslu, að ýms stjórnarvöld hafa gerst til þess að rýra hag hennar og gengi. Ein grein stjórnarinnar hefir t. d. orðið til þess að svifta hana póstgöngum og hefir flutt þær norður á Hornstrandir, jeg veit ekki hvert. (**M. P.:** Þingmaðurinn ætti að lesa betur Lýsing Íslands). Má vera, að þessi póstleið finnist þar, þótt jeg sje svo ófróður að vita það ekki. Nú er og svo komið, líklega af tilviljun, að ekki er nema einn prestur eftir í sýslunni. Þetta tvent þykir undarlegt, en svo á nú að taka af þeim sýslumanninn. Hvers vegna þá ekki að svifta þá lækninum líka? (G. Sv.: Þeim er nóg að hafa þingmanninn). Það er ekki víst, hve lengi þeir halda honum. En þeir eru svo gamaldags, Dalamenn, að

þeir telja það hjeraðsbót að hafa hjá sjer lærða menn.

Jeg varð hissa, er jeg sá hve mjög þeim liggur á að slá af annan sýslumanninn í þessum tveim sýslum. Hjer stendur einhversstaðar í frv., að stjórnin skuli hlutast til um, að embættasameining þessi komist á sem fyrst. Mikið þykir þeim í húfi!

Þá vísaði hæstv. stjórn til athugasemdanna við frv. Og þar er þá launanefndin sæla enn á ferðinni. Og er það hvorki meira nje minna en annar liðurinn af starfsemi þeirrar nefndar. Stjórninni var falið, samkvæmt þingsályktun, sem er á þgskj. 171 árið 1914, að „taka til rækilegrar athugunar, hvort unt sje að aðskilja umboðsvald og dómsvald og fækka sýslumönnum að miklum mun, og ef svo virðist, að það sje hagkvæmt og mun kostnaðarminna en það fyrirkomulag, sem nú er, að leggja þá frv. til laga í þá átt fyrir næsta Alþingi.“ Þessi rannsókn var svo falin launanefndinni. Og nú er hjer lagt til að afnema e i t t sýslumannsembætti, og er það ekki svo lítið. En það er ekki lagt til að aðskija umboðsvald og dómsvald, því að sennilega á þessi eini sýslumaður að fara með hvorttveggja. Hefði hjer verið farið fram á að fækka dómurum og setja einn dómara fyrir báðar sýslur og láta hann að eins vera dómara, þá hefði jeg vel skilið það. En þetta, að fækka að eins um einn sýslumann, þykir mjer harðla einkennilegur skilningur á þingsályktuninni. Mönnum kann nú ef til vill að virðast það hártogun af mjer að bendla þessa þingsál. við frv. En það er ekki hártogun, því að nefndin gerir það sjálf. Hún segir í athugasemdum sínum við frv., að á Alþingi 1877 — það var víst ekki 877 — hafi verið farið fram á þessa sameiningu, en málið þá felt í Ed. Svo segir nefndin, að ekki hafi verið minst á þessa samsteypu þangað til á þinginu 1914, en þá var flutt áðurnefnd þingsál., um fækkun sýslumannaembætta. En í henni sjest ekkert um sameining Dala- og Strandasýslu. Svo höfuðástæðan, sem nefndin flytur, er þá þessi, að 1877 flutti þáverandi þingm. Dalamanna frv. um sameining Dalasýslu og Strandasýslu, og gerði það eftir ósk k j ó s e n d a sinna. Mönnum verður þá strax hugsað til kjósendanna, hve vel fer á því að farið var að ósk kjósenda, og að svo er enn á þingi. Er það rjett, því að þingmenn eru ekkert annað en fulltrúar kjósenda. En það er einkennilegt hjá nefndinni, að hún telur rjettara að fara að vilja kjósenda, sem dauðir eru og komnir yfir um til Furðustranda, en hinna lifandi. Það má telja sennilegast, að sárfáir kjósenda frá 1877 sjeu nú á lífi. En hins vegar hefir kjósendum fjölgað stórmikið, svo að þótt allir kjósendur frá 1877 væru á lífi nú og þótt þeir væru allir með málinu, þá gætu þeir vel verið í minni hluta.

En hvers vegna telur launamálanefnd og hæstv. stjórn rjettara að fara eftir vilja kjósenda í Dalasýslu 1877 en kjósenda þar nú? Nú er það alveg áreiðanlegt, að allir kjósendur í Dalasýslu eru á móti sameiningunni. Skal jeg nú færa sönnur á mál mitt. Í ferð minni vestur í kjördæmi mitt í vor gat jeg ekki haldið þingmálafundi í norðursýslunni, en hefi gert ráðstafanir til þess, að svo verði gert, og munu gerðir þeirra funda sendar Alþingi. Annar funda þeirra, er jeg hjelt, var í Hjarðarholti. Voru þar 30 manns, og var þar samþ. svofeld till.:

„Fundurinn er því algerlega mótfallinn, að Dalasýsla sje sameinuð

Strandasýslu, og skorar á þingmanninn að fylgja því fram, að svo verði eigi.“

Hinn fundurinn var háður í þinghúsi Miðdalahrepps, að viðstöddum 80 kjósendum, og var þar samþykt yfirlýsing þessi:

„Fundurinn mótmælir harðlega sameiningu Stranda- og Dalasýslu í eitt lögsagnarumdæmi.“

Úr hinum hreppunum mun vafalaust koma sama yfirlýsing, því að ekki einn einasti kjósandi í Dalasýslu vill þetta.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar. Jeg býst við, að málinu verði vísað til nefndar, og er það því hæfilegur andlátsumbúnaður. Mun jeg því ekki veita því frekari nábjargir nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2011) með 14 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Nd., föstudaginn 18. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 22, n. 79).

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg get verið mjög stuttorður um álit allsherjarnefndar í þessu máli. Eins og menn sjá af áliti hennar, á þgskj. 79, hefir hún orðið ásátt um að leggja til, að málinu verði frestað þangað til að hlutaðeigandi sýslunefndum hafi gefist kostur á að láta uppi álit sitt um sameining sýslnanna. Virðist svo, sem launanefndin frá 1914 hafi verið eindregið á sömu skoðun, er hún hafði þetta sama mál til meðferðar, að hlutaðeigandi sýslunefndir ættu að eiga kost á að láta uppi álit sitt. En ekkert það lá fyrir nú, sem sýndi, að sýslunefndum hefði verið tilkynt þetta, eða leitað álits þeirra. Býst jeg við, að flestum þætti óviðeigandi að gera út um svona mál, án þess þeim, sem málið varðar mestu, gæfist kostur á að láta uppi álit sitt. Við skulum taka til dæmis, ef leysa ætti upp Skaftafellssýslu og bæta Austur-Skaftafellssýslu við Suður-Múlasýslu, en Vestur-Skaftafellssýslu við Rangárvallasýslu. Jeg býst ekki við, að slíkt yrði gert án álits og samþykkis hlutaðeigandi sýslunefnda. Jeg skal ekkert segja um, hve nær hægt verður að fá álit sýslunefndanna í málinu, en býst við, að það verði stjórnarinnar að sjá um það.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg heyrði því miður ekki nema lítið af því, sem hv. framsm. sagði, því jeg var kallaður í síma þegar hann hóf mál sitt. En jeg legg ekki áherslu á málið, og fyrir mjer er það að eins fjármál. Jeg get ekki fallist á að þörf sje að fresta sameining, ef hún á fram að ganga í fyrirsjáanlegri framtíð, enda verður, ef frestun á þessu er samþykt nú, hv. launamálanefnd að ætla báðum sýslunum auknar tekjur.

Það er enginn efi á því, að vel má takast að sameina sýslumannsembættin í Stranda- og Dalasýslu, því fólksfjöldinn í báðum sýslunum er ekki meiri en í meðalsýslu og yfirferðin ekki verri en víða annarsstaðar í einni sýslu. Frv. er því að öllu leyti fullforsvaranlegt af stjórnarinnar hálfu.

Það er nú altaf meir og meir að komast á sú eðlilega skifting í landinu, að aðgreina sýslufjelagsmál frá lögreglustjórn. Hver kaupstaðurinn eftir annar er að fá sjer borgarstjóra, og svona mun halda áfram. Það er þá

líka mjög svo eðlilegt, að sýslunefndir kæri sig ekki ætíð um að hafa þann fyrir formann eða oddamann, sem landsstjórnin setur sýslumann.

Jeg skil vel, að Dalasýslubúar leggist á móti þessari sameiningu, ef þeir eru hræddir um að missa sýslumann sinn. Það er mjög eðlilegt, þar sem sýslumannssetur hefir verið þar, og það frægt, frá fornu fari.

Magnús Pjetursson: Jeg ætla ekki að fara að andmæla niðurstöðu nefndarinnar um þetta mál, því þar er ekki lagt á móti sameiningu í sjálfu sjer. En ef svo hefði verið, ef þessi dráttur hefði átt að vera til dauða, þá hefði jeg ekki getað orðið með. En jeg get ekki litið þannig á, eins og hæstv. forsætisráðherra virtist gera. Mjer virðist drátturinn meinlaus og mun því greiða atkv. með honum. Jeg álít það engan skaða, þótt málið bíði næsta þings, því þótt sameiningin yrði samþ. á þessu þingi, þá gæti hún þó á engan hátt komist í framkvæmd á þessu ári. Það væri sjerstök tilviljun, ef svo yrði.

Það hefir verið talað hjer um, að óviðkunnanlegt væri að skella þessu á, án þess að spyrja viðkomandi sýslunefnd um álit sitt. Þar get jeg ekki verið á sama máli. Það er t. d. alls ekki víst, að þær sýni vilja meiri hluta sýslubúa. Nú, og þó að svo væri, þá eru þeir ekki bestu dómararnir í þessu efni, því að þeir yrðu hlutdrægir. Þingið, sem ætti að vera óvilhalt, sem ætti að geta litið á málið frá því sjónarmiði, hvað þjóðinni í heild sinni væri fyrir bestu, það eitt ætti vitanlega að gera út um það. Það er öllum kunnugt, að um land alt hafa hafist hróp mikil um fækkun embætta.

Ef mark ætti að taka á því, þá virðist sem það væri almenn ósk þjóðarinnar. En svo er ekki, þegar til kastanna hefir komið. Þegar þingið hefir lagt þægt eyra við hrópunum og ætlað að fækka embættum, þá hafa önnur hróp, oftast hærri og öflugri, ætt á móti. Þau hafa komið frá þeim, sem embættismanninn áttu að missa. Af þessu er það ljóst, að ef þinginu dettur í hug að fækka embættum, þá þýðir ekkert að skjóta því undir dóm málsaðilja. Þeir leggjast oftast á móti því.

Annars álít jeg, að sameining þessi geti vel farið fram. Sýslan yrði ekki erfiðari en margar aðrar. Þó að sýslumaðurinn væri tekinn úr Strandasýslu og fluttur til Dalasýslu, þá væri engu erfiðara fyrir meginhluta Strandasýslu að ná til sýslumannsins, heldur en eins og hann er settur nú, jafnvel betra.

Hæstv. forsætisráðherra talaði um, að þetta frv. þyrfti að bíða eftir launafrv. Það fæ jeg ekki sjeð. Það þarf hvort sem er að ákveða þar laun fyrir bæði embættin, því að sameiningin kæmist ekki á í náinni framtíð, þótt hún yrði samþ. nú. Þótt hún gengi í lög, þá hjeldu sýslurnar áfram að vera aðskildar þangað til önnur hvor losnaði. Þess vegna getur það engin áhrif haft á launafrv., hvort þetta yrði samþ. eða ekki.

Bjarni Jónsson: Jeg get ekki gert ráð fyrir miklum sparnaði, þótt eitt embætti sje lagt niður. Jeg býst helst við, að slíkt sje sagt í gamni. Jeg fæ ekki heldur sjeð, hvað gott er við það að breyta fornri hjeraðaskipun og skaprauna með því góðum mönnum, að eins til þess að spara laun eins manns.

Viðvíkjandi því, hvar sýslumaðurinn mundi sitja, þá er það nokkurn veginn víst, að það gæti ekki orðið í Dalasýslu. Eins og menn vita, þá hafa Ís-

lendingar verið svo lánsamir, að koma út lóðaspildum við Ingólfsfjörð undir síldveiðar útlendinga. Þetta getur ekki haft aðra afleiðingu en þá, að þarna rís upp fjölment fiskiver og síldveiðastöð. Og þá verður ekki um nema tvent að gera. Annaðhvort verður að skipa þarna sjerstakan lögreglustjóra, svo sem gert hefir verið á Siglufirði, eða þá hitt, að menn verði svo hagsýnir, að hafa sýslumanninn svo nálægt, að hann gæti annast þar öll nauðsynleg störf. Þegar svo væri komið, þá yrði langt fyrir margan Dalamanninn að hafa gott af sýslumanni sínum.

Nú virðist sem að eigi að hugga Dalamenn með því að segja við þá: „Þið hafið, góðir hálsar, kost á að hafa sýslumanninn í Búðardal.“ En það mundi eigi standa lengi, heldur fara sem fyr var sagt. En þá er eftir að vita, hvort Dalamenn gera sjer þessa dúsu að góðu. Það þýðir ekkert að tala um að steypa saman, án þess að spyrja viðkomandi kjósendur um leyfi. Því í raun og veru eru það þó þeir, sem eiga að ráða, og væri það þá hálfhart, að þeir rjeðu öllu öðru en því, hvernig farið væri með sjálfa þá. Þess vegna álít jeg það rjett hjá nefndinni, þar sem hún fer fram á að fresta þessu máli, þangað til hjeraðsbúum hefir gefist kostur á að láta uppi skoðun sína og vilja. Ef þá kemur í ljós, að Dalamenn óskuðu eftir þessari sameiningu, þá mundi jeg fyrir mitt leyti, þótt jeg sje henni heldur mótfallinn í raun og veru, greiða atkv. með henni. En ef sá böggull fylgdi skammrifi, að Strandamenn vildu hana ekki, þá mundi jeg ekki heldur vilja neyða henni upp á þá, þótt mitt hjerað vildi. Mjer finst, að aðrir ættu að geta sýnt sömu sanngirnina og jeg í þessu máli. Annars læt jeg mjer nægja niðurstöðu nefndarinnar, því ef spurt er, þá kemur í ljós, hvort hlutaðeigandi kjósendur vilja eða vilja ekki, og þeim vilja mun jeg hlíta, ef jeg sit þá á þingi, og jeg býst við, að enginn sje hjer, sem ekki muni gera það. (M. P.: Hjer). Háttv. þm. Stranda. (M. P.) mun þá vera sá eini, sem vill neyða suma íbúa landsins til að spara laun eins einasta manns.

Ef endilega þarf að spara svona mikið, því þá ekki að leggja niður 4—5 skóla, strika út ráðherrana eða aðskilja umboðsvald og dómsvald, og afnema þá alla sýslumenn? En hitt yrði spursmál, hvort starfsmönnum landsins fækkaði við það. Eða eitt ráð enn, og það er að steypa saman sýslum í stórum stíl, t. d. Skaftafells- og Þingeyjarsýslu. Fjallhryggurinn, sem á milli er, ætti ekki að vera til mikillar hindrunar, sjerstaklega þegar flugvjelar eru komnar.

Mjer væri ljúfast, að þetta frv. yrði drepið, en geri mig þó ánægðan með, að leitað verði vilja sýslubúa í þessu efni.

Pjetur Ottesen: Það er svo langt frá því, að jeg vilji áfellast stjórnina fyrir að hafa komið fram með þetta frumvarp. Þvert á móti er jeg henni mjög þakklátur fyrir tilraunir hennar í þá átt að fækka embættum. Því hefir verið haldið fram, og það með rjettu, að hvergi væru eins margir embættismenn í hlutfalli við fólksfjölda eins og á Íslandi. Strjálbygð og staðhættir valda hjer nokkru um, en þó mætti eflaust, ef vel væri athugað, fækka einhverju. En mjer þykir sanngjarnt að láta sýslubúa ráða hjer einhverju um, eða að minsta kosti gefa þeim tækifæri til að láta í ljós álit sitt. Þegar álit sýslunefndar væri komið, þá gæti þingið borið það saman, metið rök þeirra og haft til hliðsjónar, hvernig ástatt er annarsstaðar á

landinu. Það er heldur engu slept, þó þessu máli sje frestað til næsta þings, því fyrir það ætti álit sýslubúa að geta verið komið, þar sem engin breyting getur á þessu orðið fyr en annaðhvort sýslumannsembættið losnar, en í þeim embættum báðum eru nú ungir menn.

Jeg skrifaði undir með fyrirvara, af því að jeg vildi láta það koma skýrt fram, að hjer sje að eins um frest að ræða í því verki, sem á sínum tíma sje sjálfsagt að framkvæma. Og jeg álít einnig, að rjett hafi verið að byrja þarna, því þar sje hægast að sameina. Jeg hefi meira að segja heyrt það eftir sýslumanni Dalamanna, að það væri rjettmætt og mögulegt. (B. J.: Það held jeg að sje ekki rjett). Um það skal jeg ekki þrátta hjer við þm. Dala. Þetta vildi jeg láta koma skýrt fram.

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg hefi hjer sama sem engu við að bæta. Það virðist vera almenn ánægja í deildinni með tillögu nefndarinnar. En það er sjálfsagt, bæði í þessu máli og öðrum, að halda sjer við efnið. Nefndin hefir engan dóm lagt á það, hvort sameiningin sje gerleg eða ekki, eða heppileg eða ekki. Jeg skoða alla því algerlega óbundna, ef málið kemur síðar á þing eftir að leitað hefir verið álits sýslunefndarmanna.

Viðvíkjandi fjárhagshlið málsins skiftir það engu, hvort frv. er samþykt nú eða ekki, því að væntanlega yrði sameiningunni ekki komið í framkvæmd fyr en annaðhvort embættið losnar. En þó svo yrði ekki, þó annað embættið væri lagt niður þegar í stað, þá yrði að setja annan embættismanninn á biðlaun, svo að því yrði enginn sparnaður. Það er sem sje algerlega óvíst, hvort annað embætti losnaði, sem hægt væri að veita þeim sýslumanninum, sem afstans yrði. Á þessu er ljóst, að þessi ráðstöfun verður ekki til sparnaðar fyrir landssjóð, að minsta kosti ekki fyrst um sinn, og það gerir þá ekkert til, þó málinu verði frestað.

Þegar búið verður að leita álits sýslunefnda og málið er komið fyrir þing aftur, þá er að athuga, hvernig það á að snúa sjer í því. Ef við setjum sem svo, að báðar sýslunefndir verði með málinu, þá tel jeg sjálfsagt, að þingið samþ. það. Þetta er að vísu engan veginn víst, og að mörgu leyti ósennilegt, en þó ekki óhugsandi möguleiki. Ef aftur báðar verða á móti, þá finst mjer, eins og hv. þm. Dala. (B. J.), að það sje hart að demba sameiningunni á, þrátt fyrir mótmælin. Það getur verið, að rökin, sem sýslunefndir færa fram, verið veigalítil, því að líklega er sameiningin gerleg. En þrátt fyrir það virðist svo, sem þingið ætti að virða eitthvað mótmæli beggja, því sá veit best hvar skórinn kreppir, sem hefir hann á fætinum. Einn möguleiki er enn hugsanlegur, og sennilega líklegastur, að önnur sýslunefndin verði með, en hin á móti. Við skulum t. d. setja sem svo, að sýslunefnd Strandasýslu verði með, en Dalasýslu á móti, þá er það eitt fyrir þingið að gera, að meta rök beggja og skera úr, hvor sjeu betri.

Eins og hv. þm. Stranda. (M.P.) benti á, þá eru þeir, sem eiga að verða fyrir embættafækkun, altaf á móti. Þó að einhver hjeruð hafi áður hrópað hátt á sparnað og fækkun embætta, þá berjast þau, eins og þau eigi lífið að leysa, ef á að fara að hrófla við embættum þeirra. Þetta á við um öll embætti, t. d. prestakallafækkun og lækna. Ef öll hjeruð landsins ættu að láta uppi álit sitt um læknaskipun, þá kæmu vafalaust fram óskir um að fjölga læknunum að miklum mun. Það sýnir meðal

annars sá mikli urmull af frv. því viðvíkjandi, sem þegar hefir komið fram á þessu þingi. Alt þetta ber vott um, að afstaða landsmanna til embættafækkunar er alt önnur, meir að segja þveröfug, í „Teoriu“, við það, sem hún er í „Praxis“.

Það er misskilningur, að það hafi verið tilgangur nefndarinnar með þessari tillögu að svæfa málið, eða draga það til dauða, heldur að eins að fresta því um eitt ár. Eins og þegar hefir verið tekið fram, þá hefir þessi frestun enga þýðingu fyrir landssjóð, þar sem sameiningin kæmist ekki á fyrst um sinn, þó að hún yrði samþykt á þessu þingi. Og þó hún væri framkvæmd þegar í stað, þá yrði þó að launa báða mennina eftir sem áður.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hafði búist við því, að mjer gæfist kostur á að heyra hjer í deildinni, að lítið munaði um þessa sameiningu. Jeg get heldur ekki neitað því, að þetta er satt. En þegar stöðugt heyrast óskir um það, að fækka embættum og sameina, og ef á að framkvæma þessar óskir, þá er það augljóst, að byrja verður á einhverju, og þá að byrja á því, sem auðveldast er að sameina. Það hefir lengi verið uppi á döfinni að sameina Dala- og Strandasýslu, og það hefir mönnum virst að hægast væri að gera, því ekki verður það fundið sameiningunni til foráttu, að sýslan verði of erfið, að minsta kosti ekki erfiðari en margar aðrar.

Jeg get ekki fallist á það, að afdrif þessa frv. hafi engin áhrif á launafrv. Ef þetta frv. verður ekki samþ., þá verður að ákveða laun fyrir sýslumann í Dala- og Strandasýslu, hvorri um sig. Ef ekki ætti að gera undantekningu með þess menn, þá fengju þeir launahækkun, sem aðrir, en með því hefði þingið bundið sig. Ef sameiningin næði ekki fram að ganga, þá mætti ef til vill finna aðra leið, en hún hlýtur að standa í sambandi við launafrumv. Þetta mál er þess vegna, hvernig sem á er litið, skylt því.

Hvað viðvíkur öðrum sameiningum, þá mætti t. d. nefna Árnes- og Rangárvallasýslu. Jeg get ekki sjeð, að verulegir örðugleikar gætu verið á því, og þó háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hafi talað um það sem ólíklegt, þá held jeg, að það mætti takast. (**E. A.:** Vegna hvers hefir ekki komið fram frv. um það?) Stjórninni hefir þótt hitt nægja í bili, og auk þess verður því ekki neitað, að fjölmennið yrði nokkuð mikið, þó örðugleikarnir að öðru leyti yrðu ekki svo miklir, að ekki mætti komast fram úr þeim.

Hjer hefir verið talað um presta, og álít jeg það fjarri að fjölga þeim. Þvert á móti held jeg, að hægt væri að fækka þeim eitthvað. Yfirleitt er jeg þeirrar skoðunar, að fara eigi gætilega í það að fjölga embættum, en ef fara ætti eftir kröfum einstakra hjeraða, þá yrði að fjölga þeim mikið, þó að það bæri að fækka þeim eftir almennri ósk í landinu.

En 90—100 þús. manns geta ekki borgað miklum fjölda embættismanna há laun. Hins vegar þýðir ekki að gera ráð fyrir, að ríkið fái nýta menn í þjónustu sína, nema það borgi þeim sæmilega. Enda hefir það komið í ljós, að ef nýtir embættismenn fá ekki viðunanleg laun, þá fara þeir úr þjónustu ríkisins.

Það getur nú vel verið, að stjórninni hafi ekki tekist vel þessi tilraun sín, að fækka embættismönnum, og ef til vill geta einhverjir háttv. þm. fundið aðra

heppilegri leið, og er þá auðvitað ekki neitt á móti því að hafa.

Gísli Sveinsson: Það er ofurstutt, sem jeg hefi að segja um þessa till. háttv. allsherjarnefndar.

Jeg skildi það svo í fyrstu, þegar nál. kom fram, að hún væri málinu mótfallin, og þetta væri að eins leið til að koma málinu hægt og rólega út úr deildinni fyrir fult og alt, án þess þó að taka of hörðum höndum á hæstv. stjórn, sem málið flytur.

En nú heyri jeg, að háttv. frsm. (E. A.) telur það alls ekki hafa verið hugsun nefndarinnar, að þetta verði málinu að bana í framtíðinni. En jeg er nú samt þeirrar skoðunar, að svo mundi fara.

Og furðu þykir mjer það gegna, ef háttv. þm. Borgf. (P. O.) getur hugsað sjer, að málið nái fram að ganga á næsta þingi, hvernig sem færi með þetta álit sýslunefnda í Dala- og Strandasýslu.

Jeg skil ekki, hvers vegna leita skal þessa álits, ef ekki á að taka tillit til þess á eftir. Sje það ekki, er þetta skollaleikur einn og hjegómi.

Það hlýtur því að vera til þess ætlast, að álit þessi ráði úrslitum málsins á sínum tíma.

En verði nú Strandasýsla með, en Dalasýsla móti, eða öfugt, þá verður að kúga annan aðiljann, til þess að málið gangi fram. En nú virðist það ekki vera vilji nefndarinnar og ekki heldur þingsins, ef það samþykkir till. þessa ráðnum huga.

Annars er það mikið efamál, hvort þjóðin er hlynt slíkum sameiningum embætta. Það hafa að vísu oft heyrst háværar raddir um það, en altaf þegar til á að taka, eru hjeraðsbúar því mótfallnir, að því er þeirra hjeruð snertir. Og jeg hygg, að svo muni altaf verða, nema þegar um algerlega óþörf embætti er að ræða eða þýðingarlítil að dómi almennings.

Hitt er annað mál, að hjeraðsbúar kunna oft að vilja verða af með embættismann sinn, því að þeir geta verið misjafnir, en það er alt annað en að leggja embættið niður.

Sú stefna hefir ríkt hjer í þinginu, að þegar embætti hafa verið sameinuð, hafa sveitirnar eða hjeruðin ekki verið að því spurð. Svo er t. d. um sameining embættaskipun landsins án tillits til prestakallanna.

Annaðhvort er því, að þingið raski vilja hjeraðsbúa, ellegar það taki nú upp þá stefnu, að leita álits þeirra fyrst. En niðurstaðan af því hlýtur að verða sú, að engin embætti yrðu sameinuð, nema álit hjeraðsbúa kæmi fram, að sú breyting væri æskileg eða þeim þóknanleg.

Jeg er nú sammála nefndinni um þessa niðurstöðu, að leita skuli álits hjeraðsbúa, en líklegt þykir mjer, að slík mál nái þá seint fram að ganga. Og jeg tel rjett, að menn gangi vitandi vits um þetta til atkvæða um till.

Jeg álít það líka sjálfsagt, að þegar um sameining sýslumannaembætta er að ræða, þá fái hjeraðsstjórnir að leggja orð í belg, áður en slík sameining fer fram.

En ef byrjað er á slíkri sameiningu, ætti að taka landið alt fyrir og athuga, hvar hún gæti komið til mála. Hitt er meiningarlaust, að taka tvö einstök embætti út úr, þar sem svo getur verið á öðrum stöðum, að fult eins vel megi sameina.

Þess vegna tel jeg það sjálfsagt, að þegar háttv. þm. ganga til atkvæða, þá greiði þeir till. atkv. með það fyrir augum, að ekkert verði úr sameiningunni á þessu stigi málsins, þar til tekin verða

fyrir fleiri embætti, bæði í hjeruðum og kaupstöðum..

Það hefir ef til vill verið út í bláinn, að háttv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að mætti niður Jeg er líka á þeirri skoðun, En jeg er nú þeirrar skoðunar, að til sjeu hjer ýmsir skólar, sem leggja mætt niður. Jeg er líka á þeirri skoðun, sem hæstv. forsætisráðh. (J. M.) drap á, að fækka mætti ráðherrum, enda hefi jeg frá því fyrsta verið á móti því, að þeim væri fjölgað. Jeg hef altaf talið það til ils eins, og jeg álít, að mörg af glappaskotum hæstv. stjórnar hafi verið því að kenna.

Hvort það er alvara hæstv. stjórnar að vilja þá leggja niður Alþingi, skal jeg ekki um segja, en víst er um það, að hún hefir þá frjálsari hendur, og líklega vildi hún gjarnan vera laus við Alþingi.

Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um málið, enda þykist jeg nú hafa gert grein fyrir atkv. mínu.

Bjarni Jónsson: Hæstv. forsætisráðh. taldi það undarlegt, að sameining þessi þætti ekki sjálfsögð nú, þar sem hún hefði altaf þótt það.

En jeg man ekki eftir, að jeg hafi heyrt nokkurn tala um það fyr, að svo þætti, og býst ekki við, að neinn hafi heyrt það, nema þeir fáu menn, sem lesið hafa bók launanefndarinnar frá 1914.

Hún samdi frv. sama efnis og bygði það á ósk nokkurra kjósenda Dalasýslu 1877.

En nú veit jeg ekki, hvort vendilegar hefir verið frá því máli gengið en skýrslum hennar um tillögur manna um afnám eftirlauna, þar sem hún telur með samþ. á fundi með 2 : 1 atkv. Að minsta kosti hefir henni láðst að geta þess, hvort ósk þessi hefir verið samþ. með fleiri en 2 : 1 atkv. í Dalasýslu árið 1877.

En hins vegar getur maður getið sjer þess til, að ekki muni fleiri en 4—5 kjósendur á lífi vera af þeim, sem þá voru uppi þar. Og nú veit jeg, að kjósendur allir eru málinu mótfallnir. (P. J.: Hefir háttv. þm. safnað skýrslum um það?) Jeg veit svo mikið, að ef nokkrir eru nú með, þá hljóta það að vera afturgöngur frá 1877, sem hafa þá nýlega látið þá skoðun sína í ljós

Mjer finst því ekkert undarlegt, þótt sameiningin sje ekki talin sjálfsögð.

Annars kemur það dálítið undarlega fyrir sjónir, að hjer er vitnað í fornan vilja kjósenda, málinu til stuðnings, en þó á þingið nú að koma því fram, án þess að spyrja um vilja núverandi kjósenda, og jafnvel þvert ofan í óskir þeirra.

Og það þarf ekki heldur að furða sig á því, að menn vilja ekki láta leggja niður sýslumannsembætti, þar sem þeir eru oft forvígismenn hjeraðsins á ýmsum sviðum og til stórnytja fyrir utan embætti sitt, svo að engum mundi til hugar koma að telja launin eftir, fyrir þá sök.

En ef menn vilja athuga þetta mál og líta á annað en það, sem stendur í blöðunum, og till þær, sem samþ. eru á fundum með 2 : 1 atkv., þá er öll þessi þvæla um embættin, hve dýr þau sjeu og hve nauðsynlegt sje að fækka þeim o. s. frv., búin til af þeim mönnum, sem boðið hafa sig fram til þings, en ekki hafa haft annað fram að færa sjer til fylgis en það að æsa upp það versta hjá kjósendunum. Það er eins um þetta eins og þvættinginn um bitlingana, sem búinn er til af samskonar mönnum, af hræðslu við kjósendurna. En allur þessi þvættingur skellur aftur á þeim sjálfum eins og bergmál, þeir óttast berg-

málið af sínum eigin orðum, en kjósendur landsins vita og vilja betur en þessir menn halda.

Hjá þjóðinni sjálfri er þessi skoðun ekki til. Það er því undarlegt, að fullorðnir menn skuli láta ginnast af þessu, því að þetta vita allir, bæði jeg og aðrir háttv. þm., og allir þeir, sem á hlýða hjer.

Jeg get ekki sjeð, að mál þetta komi launanefndinni við. Varla fer hún að bíða eftir því, að það verði útkljáð. Það yrði þá undarlegt skarð hjá henni, ef hún gerði ráð fyrir einum embættismanni þar, sem tveir eru.

Jeg get ekki heldur sjeð, að sparnaður verði mikill við sameininguna, svo framarlega sem hæstv. stjórn gerir ekki ráð fyrir, að annar þessara embættismanna verði sleginn af. En þó svo væri, sem jeg tel frekar ólíklegt, þá mundi sparnaðurinn samt ekki verða mikill. Skrifstofukostnaður hlyti að aukast, og ekki yrði hægt að komast af skrifaralaust. Auk þess mundi brátt þurfa aukalögreglustjóra á síldveiðistöðvunum. Þegar sá kostnaður allur dregst frá, býst jeg við, að nokkuð fari að saxast á hagnaðinn af sameiningunni.

Vitanlega væri það rjett að líta á aðra bletti landsins, ef spara á með þessum ráðum. Hæstv. forsætisráðh. lagði til að afnema ráðherra. (**Forsætisráðh.:** og Alþingi). Þó jeg geri það ekki að till. minni, þá verður því ekki neitað, að meira kveður að þeirri sparnaðarhugmynd. Og það þykir mjer eðlilegt, að hæstv. stjórn vilji helst losna við Alþingi, einkum ef hún flytur mörg samskonar frv. og þetta.

Auðvitað er það alveg rangt, ef þingið vill fara eins að í þessu máli eins og í sameining prestakallanna. Og það ættu líklega flestir að vera komnir í skilning um, að vjer sitjum hjer sem fulltrúar þjóðarinnar og förum hjer með atkvæði hjeraðsbúa, og eiga þeir því nokkru um að ráða.

Enda hefir það komið í ljós með sameining prestakallanna, að hvert frv. hefir komið á fætur öðru um sundurlausn þeirra aftur, og er það ekki nema eðlilegt, þar sem vilja kjósenda hefir ekki verið gætt við sameining þeirra.

Magnús Pjetursson: Jeg vildi að eins andmæla þeim orðum háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að þegar háttv. þm. greiddu atkv. með till. nefndarinnar, þá gerðu þeir það með það fyrir augum, að með henni væri málið felt. Jeg álít alls ekki, að svo sje.

Jeg er alls ekki sannfærður um, að sýslunefndirnar snúist á móti sameiningunni, síst báðar.

Mjer þykir það undarlegt af háttv. þm. Dala. (B. J.) að tala um, að sameina eigi sýslurnar nauðugar, eins og hjer sje um sameiningu í eitt sýslufjelag að ræða.

Hjer á alls ekki að sameina sýslurnar sjálfar eða fjárhag þeirra, heldur að eins gera þær að einu lögsagnarumdæmi.

Jeg þykist þess nú fullviss, að minsta kosti verði önnur sýslan málinu fylgjandi, og muni hún færa svo miklu betri rök fyrir sínum málstað, að þetta nái fram að ganga á næsta þingi.

Treysti jeg svo vel óspiltri dómgreind, siðferðisþroska og óeigingirni minna kjósenda, að þeir muni líta rjett á þetta mál og ekki verða á móti sameiningunni af eintómri fordild, sem þó er vafi á, hvort gæti einu sinni talist fordild.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) talaði um það, að þm. væri skylt að fara að vilja kjósendanna.

Jeg veit þó ekki til, að þm. sjeu bundnir við annað en sannfæringu sína,

samkvæmt fyrirmælum stjórnarskrárinnar. Og ef sannfæring mín heimtar það, og ef jeg þykist sannfærður um að vita betur en kjósendur mínir, hvernig hag þeirra og landsins sje best borgið, þá hika jeg ekki við að greiða atkv. á móti vilja þeirra.

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg get ekki sjeð, að nein mótsögn sje í því, að leita álits sýslunefnda um mál þetta.

Það er að eins öryggisráðstöfun gegn því, að rjettur sýslnanna verði fyrir borð borinn.

Rök þeirra geta að vísu orðið einskis virði, en þau geta alt eins orðið góð og gild.

Það hafa heyrst hjer raddir um það, að ekki þurfi að leita álits sýslunefndanna um málið. En í sveitarstjórnarlögunum frá 10. nóv. 1905, 72. gr., stendur þó berum orðum svo látandi: „Eigi skal neinu máli, er varðar einhverja sýslu sjerstaklega, til lykta ráðið fyr en álits sýslunefndar þar hefir verið leitað um það. —“

En hjer er um mál að ræða, sem varðar tvær sýslur sjerstaklega. Það verður því að teljast brot á sveitarstjórnarlögunum að ráða þessu máli til lykta án þess að álitsins sje leitað.

Auk þess munu sýslubúar, þegar þeir vita, að þetta stendur í lögunum, eigi ugga að sjer, en treysta því, að ekkert verði ákveðið um þetta efni fyr en lagaboði þessu er fullnægt.

Sje því sameiningin samþykt áður en leitað er álits sýslunefnda, hlýtur það að teljast beint brot á 72. gr. sveitarstjórnarlaganna.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vil að eins gera stutta athugasemd við ræðu hv. frsm. (E. A.). Jeg held sem sje, að hann leggi nokkuð meira í þetta ákvæði sveitarstjórnarlaganna en rjett er, því ef ætti að skilja eins og hann skýrir þau, þá ætti altaf að leita álits sýslunefndar um mál, er sýsluna varðaði nokkuð. Ætti þá t. d. að spyrja hana ráða, þegar skipaður er sýslumaður o. s. frv.? Annars hygg jeg, að umr. sjeu orðnar nógu langar um þetta mál.

Frsm. (Einar Arnórsson): Það er rjett hjá hæstv. forsætisráðh., að sýslubúa skiftir miklu, er sýslumaður er skipaður, en hjer er um viðtækara ákvæði að ræða, ákvæði sem staðið geta aldur og æfi, en sýslumaður er að eins skipaður um tíma. En ef það er rjett að leita álits sýslunefndar um ýms smá atriði, þá er það engu að síður rjett að gera það í þessu máli.

Ef menn kunna ekki við till. á þingskj. 79, þá get jeg komið með rökstudda dagskrá svo hljóðandi:

> **Með því að eigi hefir verið leitað álits sýslunefnda Dalasýslu og Strandasýslu um frv. til laga um sameining sýslna þessara, telur deildin ekki rjett, að því verði ráðið til lykta að svo stöddu, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.**

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá allsherjarnefnd (sbr. A. 184) samþ. með 14 : 8 atkv.

Frv. því talið

fallið.

2. Seðlaútgáfurjettur Landsbankans.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um seðlaútgáfurjett Landsbanka Íslands (A. 9).

Á 3. fundi í Nd., mánudaginn 7. júlí, kl. 5 síðdegis, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Að minni hyggju eru þessi frv., sem nú eru á dagskrá, um bankann, eitt af hinu þýðingarmesta, sem frá stjórninni koma að þessu sinni; eru í raun og veru stórmál, þótt ekki sjeu þau langt mál.

Hefir það lengi verið vilji þjóðarinnar að efla Landsbankann með hagkvæmum ráðum, svo að hann gæti, betur en verið hefir, samsvarað viðskiftaþörfunum, sem fara sívaxandi.

Með þingsál. 1917 var skorað á stjórnina að taka til athugunar, hvort hægt mundi að fá Íslandsbanka til þess að láta af hendi seðlaútgáfurjett sinn allan, eða þá, að fráskildum þeim 2½ miljón, er bankinn má hafa.

Stjórnin skipaði því nefnd til þess að leita samkomulags við Íslandsbanka og il að athuga, hvort kostir þeir, er hann ynni að bjóða, væru aðgengilegir fyrir Landsbankann.

Nefnd þessi hefir nú lokið störfum sínum, og frá henni eru komin frv. þessi. Greinargerðin er allítarleg, og í áliti nefndarinnar er málið skýrt, og mun því nægja frá stjórnarinnar hálfu að vísa til skjala nefndarinnar, sem bera það með sjer, að hægt er að fá Íslandsbanka til að sleppa öllum útgáfurjettinum.

Í áliti nefndarinnar er einnig gerð grein fyrir því, hvers vegna nefndin vill síður hallast að því, að Íslandsbanki sleppi öllum útgáfurjetti sínum.

Jeg þarf því ekki fleira um þetta mál að segja, en skal að eins geta þess, að hin frv. tvö, um stofnun hlutafjelagsbanka og breyting á lögum um stofnun Íslandsbanka, standa og falla með þessu frv., þar sem það er undirstaðan undir hinum báðum.

Vil jeg svo gera það að till. minni, að frv. þessum verði vísað til fjárhagsnefndar og umr. frestað.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 2005) með 14 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 14. ágúst, var framhaldið 1. umr. um frv. (A. 9, n. 285 og 330).

Frsm. meiri hl. (Einar Árnason): Eins og kunnugt er, hefir Íslandsbanki nú einkarjett til þess að gefa út seðla hjer á landi, þegar frá eru taldar þær 750 þúsundir króna, sem Landsbankinn gefur út. Þetta leyfi var Íslandsbanka veitt, þegar hann var stofnaður, til 30 ára. Upphæð seðla þeirra, er hann má gefa út þennan 30 ára tíma, er 2½ miljón króna. Meira má það ekki vera, nema sjerstakt leyfi löggjafarvaldsins komi til. Undanfarin stríðsár hefir þörfin á verðmiðli verið svo mikil, að þessi ákveðna upphæð hefir ekki hrokkið til, og því hefir þingið oftar en einu sinni heimilað Íslandsbanka að gefa út meira af seðlum en 2½ miljón króna, og nú stendur það svo, að bank-

inn hefir leyfi til að gefa út svo mikið af seðlum, sem viðskiftaþörfin krefur. En þetta leyfi er tímabundið, og hægt að afturkalla, ef ástæða þykir til. En auk þessa 30 ára rjettar bankans til að gefa út 2½ miljón króna í seðlum, þá var bankanum þegar í upphafi veittur rjettur í jafnlangan tíma til að hindra það, að landssjóður, eða nokkur önnur stofnun í landinu, mætti gefa út seðla, að undanteknum seðlum Landsbankans, sem jeg hefi áður nefnt. Á hinum síðari árum hafa komið fram raddir um það, að þetta fyrirkomulag væri óviðunandi og að nauðsyn bæri til að gera tilraun til að fá þessu breytt. En vitanlegt var það, að slíkt gat ekki komið til mála, nema með góðu samkomulagi við Íslandsbanka.

Því var það, að síðastliðinn vetur skipaði landsstjórnin 3 menn í nefnd til að leita fyrir sjer um það við Íslandsbanka, hvort, og með hverjum kjörum, hann vildi láta af hendi seðlaútgáfurjett sinn, eða þá hindrunarrjettinn. Á skýrslu þeirri frá samninganefndinni, er þingmenn hafa fengið og fylgt hefir þessu frv., sjest það, að bankinn hefir verið fús á að taka upp samninga um málið, og að bankinn hefir gert kost á því að láta af hendi hvort heldur sem væri allan seðlaútgáfurjettinn, eða þá hindrunarrjettinn eingöngu. Skilyrði fylgdu þessu þó af bankans hálfu, sem búast mátti við.

Um afhending alls seðlaútgáfurjettarins þarf ekki að tala að svo komnu, af því að sú hlið málsins liggur hjer ekki fyrir. Frv. þetta, sem hjer er til umr., byggist eingöngu á uppgjöf hindrunarrjettarins, og skilyrðin, sem bankinn setur, eru í 5 liðum.

Þegar nú komið er að því, að háttv. Alþingi kveði upp dóm um það, hvort rjett sje að ganga að þessu frv., þá verða háttv. þm. að gera það upp við sjálfa sig og dómgreind sína, hvort þessi skilyrði, sem sett eru, sjeu þannig vaxin, að þau geri frv. aðgengilegt eða ekki. Meiri hluti fjárhagsnefndar játar það fúslega og kinnroðalaust, að allmikið brestur á þekkingu hans á bankamálum; en ekki getur hann dulist þess, að því meira sem hann kynnir sjer og rannsakar þetta mál, þess óaðgengilegri virðast honum skilmálarnir, og þá eðlilega frv. líka.

Í þessu sambandi vil jeg geta þess, að það er langt frá því, að meiri hlutinn áfellist þá nefnd, sem hefir haft með höndum samningana við Íslandsbanka, þótt hún kæmist ekki að betri kjörum. Þvert á móti vill hann láta þess getið, að nefndin mun hafa gert alt, sem hægt var, til að fá aðgengilega samninga.

Þegar ræða er um þá skilmála, sem settir eru fyrir eftirgjöf hindrunarrjettarins, þá get jeg, hvað ástæður meiri hlutans snertir, í rauninni látið mjer nægja að vísa til nefndarálitsins á þgskj. 330. Þó skal jeg leyfa mjer að drepa á nokkur atriði.

Um fyrsta skilyrðið, árgjald bankans til ríkissjóðs, er það að segja, að naumast orkar tvímælis, að það sje peningalegt tjón fyrir ríkissjóð; að vísu skiftir það út af fyrir sig ekki máli, ef vissa væri fyrir því, að Landsbankinn græddi sem því svaraði á aukinni seðlaútgáfu, því þá væri hægt að skattleggja hann svo, að ríkissjóður yrði skaðlaus. En nú er ekki þess að dyljast, að meiri hlutinn er í mjög miklum vafa um það, að útgáfan verði Landsbankanum gróðavegur, eins og nú er ástatt. Liggja til þess m. a. þau rök, að Landsbankinn myndi þurfa að kosta afarmiklu fje til prentunar seðlanna.

Í öðru lagi get jeg búist við, að það

geti orðið allerfitt Landsbankanum að útvega það gull, er þarf til tryggingar seðlunum, og í þriðja lagi er alt viðskiftalíf út á við nú svo óvenju iskyggilegt og ótrygt.

Það kann nú að vera, að einhver segi, að þessi fjárhagshlið málsins sje ekki neitt aðalatriði. Það sje ekkert aðalatriði, hvort Landsbankinn eða ríkissjóður tapi einhverju peningalega, ef óbeini hagurinn er því meiri. En meiri hluti nefndarinnar getur alls ekki sjeð, að það geti verið um neinn verulegan óbeinan hag að ræða heldur.

Þá er annað skilyrðið. Það er yfirfærslurjetturinn. Landsbankinn hefir haft hann, og hefir hann nú hjá Íslandsbanka. En eftir frv. er þessu öllu snúið við, þannig, að Landsbankinn er nú skyldur til þess að færa á milli fjárhæðir fyrir Íslandsbanka endurgjaldslaust, „eftir því sem inneign hans leyfir", segir í frv. Það kann nú einhverjum að virðast, að þetta ákvæði, „eftir því sem inneign hans leyfir", geri það að verkum, að Landsbankanum sje yfirfærslan skaðlaus. En þegar betur er skoðað, þá er þetta ákvæði haldlaust fyrir Landsbankann. Því að þegar Landsbankinn er búinn að taka við seðlaútgáfurjettinum, verður hann að skoðast sem aðalbankinn, og hans hlutverk er þá að halda uppi fjárhagslegu áliti landsins út á við, og það getur hann gert með því móti, að eiga að jafnaði inni í erlendum bönkum. Ef hann á það ekki, þá hlyti að reka að því, að hann yrði að taka lán og með því rýra álit sitt og ríkisins, auk þess sem það gæti haft í för með sjer verðfall á íslenskum peningum. Náttúrlega getur vel komið fyrir, að Landsbankanum geri þetta ekki til, en þó er það svo, að þetta gæti komið í veg fyrir viðskifti, sem hann hefði getað hagnast á. Jeg tek dæmi. Landsbankinn á inni í Kaupmannahöfn 200 þús. kr., og Íslandsbanki óskar að fá það yfirfært hingað. Landsbankinn getur ekki neitað, jafnvel þótt hann þyrfti sjálfur á fjenu að halda á næstunni. En þó svo ekki væri, þá getur annað komið fyrir. Setjum svo, að einhver maður komi næsta dag til bankans og biðji hann að greiða þessa upphæð fyrir sig í Kaupmannahöfn. Bankinn verður þá annaðhvort að taka lán eða neita manninum, og tapar þannig þeim hagnaði, sem hann gæti haft af því að selja honum þetta fje. Það gæti orðið álitleg fúlga, sem Landsbankinn færi þannig á mis við, þar sem það mun venjulegt, að bankarnir taki ⅔% fyrir þesskonar viðskiftayfirfærslur.

Í sambandi við þetta skilyrði er það atriði, að Íslandsbanki megi leggja sína seðla inn í Landsbankann á 3%. Þetta skilyrði er í rauninni dálítið óeðlilegt, og meiri hluti nefndarinnar hefir einmitt leitað sjer upplýsinga um þetta atriði hjá fróðum mönnum. Hefir þeim borið saman um það, að þetta þekkist ekki annarsstaðar, þar sem fleiri bankar hafa seðlaútgáfurjett í sama landi.

Þá er þriðja atriðið, að Íslandsbanki hefir rjett til þess að auka hlutafje sitt eftir því sem þörf krefur. Þessi hlutafjáraukning er mjög varhugaverð í augum meiri hlutans, og eitthvert óaðgengilegasta skilyrðið. Með því er Íslandsbanka gefin heimild til að auka hlutafje sitt svo miljónum skiftir. Hver áhrif það getur haft á hag Landsbankans, sem aðalseðlabanka, getur engum dulist, sem til þekkir. En jeg sleppi að fara lengra út í það nú. Getur vel verið, að til þess gefist ástæða seinna.

Þá er fjórða skilyrðið, að bankaráð

Íslandsbanka sje alt kosið af hluthöfum. Nú er það svo, að 3 bankaráðsmenn eru kosnir af Alþingi, 3 af hluthöfum og oddamaður er ráðherra sjálfkjörinn. Það hafa margir litið svo á hingað til, að þetta bankaráð væri ekki mikils virði. Jeg skal játa, að það er ef til vill nokkuð hæft í þessu. En það er ekki lögunum að kenna, heldur þinginu. Ef þingið legði á annað borð rækt við þetta mál, gæti það vafalaust kipt því í viðunanlegra horf en nú er það í. Í sjálfu sjer er þessi íhlutunarrjettur þingsins um stjórn og rekstur bankans alls ekki lítils virði. Sönnun þess er það, að Íslandsbanki óskar að losna við hann á þennan hátt.

Fimta skilyrðið er, að bankaráðið megi halda aukafundi erlendis, er sjerstaklega stendur á. Meiri hlutinn telur þetta skilyrði lítils vert, er öll hin eru á undan gengin.

Jeg skal svo ekki að svo komnu fara fleiri orðum um þessi skilyrði, sem sett eru af hálfu Íslandsbanka, en víkja nokkrum orðum að áliti bankastjóra Landsbankans á þessu máli. Fjárhagsnefndin hefir rætt málið við bankastjórana á tveim fundum, og allítarlega, og skýrðist það mjög mikið undir þeim umræðum. Þau atriði, er þá komu fram í málinu, og skýringar, áttu ekki hvað minstan þátt í því, að meiri hluti nefndarinnar getur ekki mælt með frv. Skal það tekið fram til skýringar, að nefndin klofnaði ekki fyr en eftir að þessar umræður voru um garð gengnar. — Bankastjórnin leggur eindregið á móti málinu, og ber meiri hlutinn fult traust til þess, að hún sjái, hvað rjettast er að gera í þessu efni, og verður það að álítast óhyggilegt fyrir hv. Alþingi að ganga móti áliti hennar. Þá væri þingið svo gott sem að neyða þessum seðlaútgáfurjetti upp á Landsbankann, án vilja bankastjóranna. Í viðtali sínu við fjárhagsnefnd tók bankastjórnin það fram, að viðskifti öll út á við væru nú allmikið ískyggilegri en þau hefðu verið um það bil, er samningarnir stóðu yfir við Íslandsbanka í vetur. Þess vegna áleit hún mjög viðsjárvert fyrir Landsbankann að taka nú á sig þá áhættu og ábyrgð, er af þessum breytingum hljóta að leiða.

Í sambandi við þetta vill meiri hlutinn taka það fram, að hann telur það miklu skifta, að stefnt sje í þá átt, að gera Íslandsbanka að þjóðlegri stofnun, — að hann vinni og starfi á þá lund, sem þjóð og landi er til mestrar nytsemdar. En þessi breyting, sem hjer er ráðgerð, miðar ekki að því. Þvert á móti leiðir hún til þess, að gera bankann útlendan í hugsun og framkvæmdum. Breytingin beinir honum inn á þá braut. Hvort bankinn fer hana eða ekki, það verður framtíðin að sýna, ef þetta frv. verður samþ.

Að svo komnu sje jeg ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, en vil að lokum leggja það til, að frv. þetta verði afgreitt með þeirri rökstuddu dagskrá, sem meiri hluti fjárhagsnefndar flytur, á þgskj. 330.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Háttv. frsm. meiri hl. (E. Árna.) hefir nú gert grein fyrir sínu áliti. Skal jeg þess vegna leyfa mjer að fara nokkrum orðum um nefndarálit minni hlutans, því að það er oft svo, að „ekki er nema hálfsögð sagan, er einn segir frá“. Og jeg get ekki neitað því, að mjer finst nál. meiri hlutans nokkuð einhliða.

Það er þá fyrst og fremst gjald Íslandsbanka. Það þykir meiri hlutanum of lágt. Minni hlutinn telur líka, að það

hefði mátt vera hærra. En það var ekki hægt að fá það hærra. En benda vil jeg á, að fyrst hv. meiri hl. þykir 50 þús. krónur lágt fyrir 2½ milj. kr., þá ætti þeim að þykja gott að taka við seðlaútgáfurjetti að ef til vill jafnmiklu fyrir ekki neitt. Með öðrum orðum: Fyrst 50000 kr. þykir lágt gjald frá Íslandsbanka fyrir rjettinn, ætti Landsbankanum að þykja nokkurs um vert að fá samskonar rjett fyrir ekkert. Hjer verður að athuga, að Íslandsbanki hefir fengið seðlaútgáfurjett í 30 ár, gegn árlegu gjaldi, en algerðu skattfrelsi. Þess vegna greiðir hann þessar 50 þús. kr. fyrir seðlaútgáfurjettinn, en engan skatt. Af þessu má sjá, að Íslandsbanki metur ekki seðlaútgáfurjettinn jafnlítils og háttv. frsm. meiri hl. (E. Árna.), sem álítur, að hann muni jafnvel verða Landsbankanum til byrði. Seðlaútgáfurjetturinn er mikilla peninga virði, en meiri hl. heldur, að Landsbankinn muni skaðast á honum. Hann á að tryggja sem næst ⅖ af seðlunum. Með öðrum orðum: Ef hann gefur út 100 krónur, þá á hann að hafa 40 krónur trygðar í fyrirliggjandi gulli eða verðbrjefum. Hinar 60 krónurnar eru án tryggingar, og vextirnir af þeim teknir svo að segja á þurru landi, að öðru en kostnaðinum við seðlana. Ef dæmið er stækkað og tekin t. d. 1 miljón, þá fást 30 þúsund krónur greiddar á ári í vexti, ef þeir teljast 5%, af 2 milj. 60 þús. kr., sem er þá hagur af seðlaútgáfunni. Nú var seðlaútgáfan um 9 milj. kr. við síðustu mánaðamót. Af þessu sjest, að hjer er ekki um neitt smáræði að tefla.

Mig stórfurðar á því, að hv. meiri hl. skuli slá því fram, sem hjer stendur prentað í nál., að peningalegur gróði Landsbankans sje mjög tvísýnn. Jeg get ekki sjeð, í hverju sú tvísýna á að liggja. Hagurinn sýnist auðsær, þegar ekki þarf að tryggja nema ⅖ hluta. Háttv. framsm. (E. Árna.) talaði mikið um kostnaðinn við að prenta seðlana. Í nál. minni hl. segir, að kostnaðurinn árlega muni ekki verða minni en samninganefndin hafi gert ráð fyrir, og miklar líkur til, að hann verði hærri. Jeg veit, að Íslandsbanki hefir fengið tilboð um prentun á sínum seðlum, sem er allmiklu lægra heldur en samninganefndin gerir ráð fyrir. Jeg hefi sjeð brjefið með tilboðinu. Sem sagt má búast við, að kostnaðurinn verði allmikill, en hjá þeim kostnaði verður ekki komist, ef rjetturinn er tekinn, og enginn þarf að reyna að telja mjer trú um, að Íslandsbanki vildi halda áfram að gefa út seðla, ef ekkert væri upp úr því að hafa.

Svo er annað atriði. Það var áður álit margra, að kostnaðurinn við seðlaútgáfuna kæmi upp við það, hve mikið tapaðist af seðlum í umferð. Það vita allir, að seðlar bankanna koma ekki allir til innlausnar. Þeir tapast á margan hátt, brenna í eldsvoðum, eða glatast er skip farast, týnast o. s. frv. En það er hagur bankans. Bankinn er búinn að fá borgun fyrir þá seðla, en þeir koma aldrei til innlausnar.

Hv. meiri hl. segir, að naumast sje ábyggilegt að reikna með meðaltali seðla þeirra, sem úti eru síðustu dagana í hverjum mánuði, því að það meðaltal myndi verða of hátt. Mjer er óskiljanlegt, á hverju háttv. meiri hl. byggir þetta. Það eru engar skýrslur til um það, hve mikil seðlaútgáfan er, aðrar en þær, sem miðaðar eru við lok hvers mánaðar. Bankinn gerir ekki daglega skýrslu um það, heldur að eins í lok hvers mánaðar. Jeg sje ekki heldur minstu líkur til þess, að meira sje úti í lok mánaðarins en t. d. um hann

miðjan eða hvern annan dag. Getur því ekki hjá því farið, að þetta verði nokkurn veginn rjett og ábyggilegt, ef jafnan er fylgt sömu reglunni. Það kemur hjer fram, sem oftar, að hv. meiri hl. málar eins svart og hann mögulega getur og tortryggir að ástæðulausu.

Þá skal jeg víkja nokkrum orðum að skilyrðunum, sem Íslandsbanki hefir sett fyrir því, að láta af hendi hindrunarrjettinn, og svara þá um leið hv. framsm. meiri hl. (E. Árna.).

Um fyrsta skilyrðið hefi jeg þegar talað og sýnt, að auðsær sje gróði af seðlaútgáfunni. Það getur hver reiknað, sem vill, þar sem hjer um bil ⅗ af vöxtunum eru teknir á þurru landi, ef svo má að orði kveða, eða tryggingarlaust. Til samanburðar skal jeg geta þess, að bönkum þykir gott að fá sparifje til að ávaxta, þótt þeir þurfi að greiða 4% í vexti. En hjer ætti bankinn ekki að hagnast neitt, eftir áliti meiri hl., þótt hann fái fje fyrir ekki neitt. Jeg skal skjóta því hjer inn í, að samninganefndin leit svo á, og líka minni hl. fjárhagsnefndar, að það væri sama, hvort Landsbankinn græddi eða ríkissjóður; það gæti gengið á milli. Það er alt annað að eiga við Landsbankann en Íslandsbanka, sem er útlendur hlutafjelagsbanki og hefir fengið hjer seðlaútgáfurjett til 30 ára, leyfi, sem ekki verður hróflað við fyr en sá tími er liðinn, nema með hans samþykki, og nú liggur einmitt þetta samþykki fyrir.

Þá er annað skilyrðið, yfirfærslurjetturinn. Það er rjett, að hjer er öllu snúið við um skyldur og rjettindi bankanna, vegna þess, að hjer er skift á um útgáfurjettinn. Það er auðvitað skilyrði, sem betra væri að losna við, en í samningi milli tveggja aðilja er ekki hægt að vænta þess, að annar aðilinn fái að búa til alla skilmálana. Þar verður að vera samkomulag.

Í nefndarál. meiri hl. er bent á, að ef svo skyldi fara, að dönsk og íslensk mynt breytti verðhlutfalli, þá gæti Landsbankinn tapað á því. Hjer er nú nokkuð langt seilst, þar sem bæði löndin hafa sömu mynt. Það er auðvitað mikið rjett, að þetta gæti breyst. En þá ætti hv. meiri hl. að athuga orðalag 6. gr., „án sjerstakra ómakslauna". Jeg verð að minna hv. meiri hl. á, að ómakslaun og gengismunur er sitt hvað. Þetta er svo mikill misskilningur, svo mikil fjarstæða, að mig stórfurðar, að hv. meiri hl. skuli geta komið þetta gat til hugar, og það sýnir hversu grunt hv. meiri hl. ristir í þessu máli.

Það er náttúrlega satt, að það getur orðið dálítið tap fyrir Landsbankann, ef hann getur ekki selt þá peninga, sem hann t. d. á niðri í Danmörku. En jeg vil benda hv. meiri hl. á, að það getur eins vel verið hagur fyrir bankann, og sjest þetta með því að snúa dæmi hv. frsm. meiri hl. (E. Árna.) við. Segjum t. d., að Landsbankinn eigi 200000 kr. í Kaupmannahöfn, og Íslandsbanki vilji fá þær fluttar heim, svo að Landsbankinn eigi þar ekkert inni. Næsta dag kemur maður, sem ætlar að fá peninga flutta til Kaupmannahafnar, og greiðir peningana hjer, segjum 200000. Þá er alt komið í samt lag aftur, og Landsbankinn hefir grætt á þessu. Þetta sýnir, að skilyrðið getur verið til hags, og er erfitt að meta hvort þyngra verður á metunum, tap eða gróði. Að segja, að þetta sje mjög varhugavert, er að gera úlfalda úr mýflugu, og víst er um það, að Íslandsbanki, sem hefir þessa kvöð nú, telur hana lítils virði.

Þá er ákvæðið um, að Íslandsbanki megi leggja inn seðla sína í Landsbankann gegn 3% vöxtum. Við hefðum helst viljað losna við þetta skilyrði, en það var ekki hægt. En annars get jeg ekki sjeð, að hjer sje nein hætta á ferðum. Þetta er sett til að tryggja, að seðlar þeir, sem Íslandsbanki má gefa út, 2½ milj. kr., sjeu altaf í umferð, og meðan bankarnir keppast við að ná í sparisjóðsfje gegn 4% vöxtum er það næsta undarlegt og ósamrýmanlegt heilbrigðri skynsemi, að það sje til tjóns fyrir seðlabanka að fá peninga fyrir 3%. Að minsta kosti trúi jeg þessu ekki, hversu lengi sem hv. meiri hl. stagast á því.

Þá telur meiri hl. nefndarinnar leyfið um takmarkalausa aukning hlutafjár til handa Íslandsbanka hættulegt. En jeg sje ekki, í hverju sú hætta liggur, því að sá hemill er á bankanum, að hann verður að sjá um að ávaxta fje sitt. Ágóðinn má tæpast vera undir 10%. Getur háttv. meiri hl. þá verið svo viss um, að bankinn auki ekki hlutafje sitt, þótt hann hafi seðlaútgáfurjettinn? Sú stefna hefir einmitt verið uppi í þinginu, að aukning hlutafjárins eigi að fara eftir aukning seðlaútgáfu. Hjer er því ekki um neina hættu að ræða. Það getur vel komið fyrir, að bankinn auki hlutafjeð, en það er í sjálfs hans „Interesse“ að auka það ekki meira en svo, að hann geti ávaxtað það. Og ef þörf er til slíkrar aukningar, þá er ekki rjett að setja sig upp á móti því. Þá skal jeg minnast dálítið á bankaráðið. Því hafði nú aldrei verið spáð, að það yrði til að frelsa þetta land. En nú virðist meiri hl. helst líta svo á, að það sje ómissandi. En það besta, sem um það er hægt að segja, er það, að það geri ekki neitt, sje „húmbúg“, spillandi bitlingur og ekki annað. Og jeg skil ekki, að það breytist á næstu 15 árum þannig, að í því verði menn, sem skifta sjer af störfum bankans. Svo hefði háttv. meiri hluti átt að geta þess, hefði hann viljað vera samviskusamur, að ekki er slept eftirlitinu með bankanum. Samkvæmt 7. gr. frv. á ráðuneytið að skipa tvo eftirlitsmenn, sem jeg held að gætu orðið eins hollir fyrir bankana og ríkið eins og þetta blessað bankaráð, sem nú er. Og að komast þannig að orði, að það sje til beins tjóns fyrir landið, ef bankaráðið yrði afnumið og tveir menn settir í staðinn, er staðleysa ein, og skil jeg ekki annað en meiri hlutinn finni til þess sjálfur.

Háttv. meiri hl. segir um 9. gr. frv., að það sje auðsætt, að breytingin eigi að fara fram smátt og smátt. Er mjer óskiljanlegt, hvernig hann hefir fundið það út. Vil jeg með leyfi hæstv. forseta lesa upp greinina:

„Ráðuneytið ákveður í samráði við báða bankana, hvernig breytingu þeirri á seðlaútgáfurjettinum, sem ræðir um í lögum þessum, skuli fyrir komið, og eru bankarnir skyldir að hlíta úrskurði þess þar um.“

Hjer stendur ekki orð um, að breytingin eigi að fara fram smátt og smátt. En í greinargerðinni segir, að breytingin verði að fara fram eftir því, sem viðskiftaþörfin krefur, og það er líka auðvitað sjálfsagður hlutur. Á hinu á ekki að þurfa að vera nein hætta, að ríkið missi nein rjettindi, og það verður þá því að eins, að stjórnin verði of eftirlát. Og rjett á eftir kemur það óbeinlínis fram í nál. meiri hl., að það sje töluvert varið í seðlaútgáfurjettinn, þar sem talað er um, að fullur rjettur komi ekki fyr en seint og síðar meir. Þar er meiri hl. sýnilega hræddur við hömlur á hinum aukna seðlaútgáfurjetti. En það er auðvitað ástæðulaust að treysta ekki ráðu-

neytinu til að stjórna breytingunni þannig, að ekki verði til tjóns fyrir viðskiftin. Það er rjett skýrt frá hjá hv. frsm. meiri hl. (E. Árna.), að fjárhagsnefnd hafi haft fund með bankastjórn Landsbankans. En það hefði þá verið rjett að geta þess um leið, að skoðun hennar, sem fram kom á þeim fundi, væri ekki hvað minsti þátturinn í nál. meiri hl. Því áður en bankastjórnin kom á fundinn voru a. m. k. tveir meiri hl. manna minni hl. samdóma, en snerust svo. Þetta ættu þeir hv. þm. að kannast við og „motivera“ rjett sinnaskiftin, þ. e. a. s. með því, að þeir vilji ekki gera bankastjórninni á móti skapi, en segja ekki, að seðlaútgáfurjetturinn sje einskis virði.

Háttv. meiri hl. segir, að Íslandsbanki hafi grætt mikið á stríðsárunum, eins og aðrir seðlabankar. Það er alveg rjett. En af hverju? Af því, að hann var seðlabanki og auðgaðist af seðlaútgáfunni. Og vegna þess, að Íslandsbanki hefir grætt svona mikið, vill meiri hlutinn láta hann taka við afleiðingunum af því, ef „krisis“ yrði í peningamálunum. En á „krisis“-tímum væri einmitt miklu heppilegra að láta Landsbankann, sem er ríkiseign, standa fyrir peningamálum landsins, en að láta útlent hlutafjelag gera það. Er ekki hugsanlegt, að útlent gróðafjelag næði þá eignarhaldi á ýmsu fjemætu, er alþýða hefði ekki peninga? Ætli það væri ekki eins heppilegt að láta Landsbankann miðla peningum og gefa út meiri seðla þá en ella? En þessu hlutverki vill meiri hl. kasta frá Landsbankanum og í hendurnar á erlendu hlutafjelagi.

Að síðustu vil jeg benda á það, að meiri hl. gerir ekkert ráð fyrir, hvað gera skuli í þessu máli framvegis, en leggur að eins fram rökstudda dagskrá til að svæfa málið fyrir fult og alt. Á þá að láta sjer nægja með það sem er? Meiri hl. hlýtur að vera viðbúinn að koma með till. um, hvað gera skuli. Að öðrum kosti er framferði hans óforsvaranlegt. Áður en nefndin klofnaði vildi hann láta fresta málinu um eitt ár, en eins og jeg benti þá strax á, þá er það ekki hægt. Málið má ekki bíða svo lengi, því seðlar Íslandsbanka eru þrotnir, og verður því að láta fara að prenta nýja. Eins og kemur fram í nál. meiri hl., þá býst hann við, að Íslandsbanki haldi áfram að hafa seðlaútgáfu þau 15 ár, sem eftir eru af leyfistímanum. Þess vegna vildi jeg skjóta því til hv. deildar, að brjóta ekki af sjer þá brú, sem verið er að leggja með frv., fyr en eitthvað er gert. Og það má ekki dragast að gera eitthvað, því annars hefir Íslandsbanki hindrunarráðin, og jeg býst við, að hann noti þau. Gæti þá skeð, að meiri hl. kæmist að því, hversu gott verður að fá hjá honum þau fríðindi, er með þarf. Eða ætlar deildin virkilega að láta bankann sjá, að hún hafni nú tilboði hans, svo að hann á eftir geti sett hvaða skilyrði sem honum sýnist? Ef rökstudda dagskráin verður samþ., væri það undarlegur endir á málinu.

Það var mikið rætt um það á þinginu 1914, hvort Íslandsbanki ætti að fá seðlaútgáfurjettinn, og nú 1. september næstkomandi er tíminn út runninn. Á meðan á stríðinu stóð var það ætíð tekið fram, að þetta væri að eins stríðsráðstöfun. En nú er stríðið úti, og stjórnin hefir nú komist fyrir um, með hvaða kjörum seðlaútgáfurjettur Íslandsbanka fengist. Og svo ætti að afgreiða málið með þessari rökstuddu dagskrá!

Jeg þykist vita, að hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) taki hjer til máls. Hann lýsti því yfir á þinginu 1917, að aukning seðla-

útgáfu Íslandsbanka væri „stórkostleg hlunnindi“ fyrir bankann. En nú segir sami háttv. þm. (B. Sv.), að það sje svo langt frá því, að hjer sje um stórkostleg hlunnindi að ræða, heldur sje mjög tvísýnt, hvort Landsbankinn hefði ekki skaða af að öðlast slíkan rjett. Það verður gaman að heyra, hvernig háttv. þm. (B. Sv.) fer að samræma þetta.

Nei, hjer er ekki hægt að fella frv. með þeirri „motiveringu“, að það borgi sig ekki fyrir Landsbankann að taka við seðlaútgáfurjettinum, því að með því væri deildin að gefa sjálfri sjer löðrung, eftir framkomu hennar 1917 að dæma. Annað mál er það, að skilyrðin sjeu slæm, en jeg hefi reynt að sýna fram á, að svo er ekki. En hvað sem ofan á verður, þá tel jeg sjálfsagt, að deildin lofi frv. til 2. umr. og athugi það þannig nánar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg legg ekki svo sjerstaklega mikla áherslu á það, hvort þetta frv. verður samþ. eða ekki. En jeg verð að taka undir með hv. framsm. minni hl. (M. G.) um það, að jeg tel óforsvaranlegt af meiri hl. að ganga svo frá málinu, eins og raun er á orðin. Það er sjálfsagt að koma fram með álit um, hvað gera ætti í málinu, ef frv. yrði felt eða því yrði vísað frá. Sá tími, sem Íslandsbanki hefir heimild til seðlaútgáfunnar, er að verða úti (**M. G.:** Hálfur mánuður eftir), og hvernig stendur þá á því, að meiri hl. hefir ekki tekið það til athugunar.

Rökstuddu dagskrána, sem fram er komin, má með engu móti samþykkja, því að það er að svæfa málið. Og jeg legg áherslu á, að það eigi ekki að ráða því til lykta á þann hátt, heldur taka málið út af dagskrá og fresta umr., eða lofa því að ganga til 2. umr., ef vera kynni, að hv. meiri hl. gerði einhverjar breytingar til batnaðar á meðan.

Frsm. meiri hl. (Einar Árnason): Háttv. frsm. minni hl. (M. G.) hefir talað hjer langt mál frá sínu sjónarmiði. Mjer kom það ekki á óvart, þó að honum þætti málstaður minni hl. fagur. Háttv. þm. (M. G.) sagði um skilyrðin, að hann vildi helst losna við þau, en svo þegar til kemur telur hann þau alls ekkert viðsjárverð. Þarna skilur á milli. Við álítum skilyrðin athugaverð og frágangssök að ganga að þeim þeirra vegna.

Þá dvaldi hv. þm. (M. G.) lengi við gróðann, sem væri af seðlaútgáfu. Hann sagði, að þegar bankinn þyrfti ekki að hafa nema 40% í gulli, þá væru vextir af 60% gróði. Þetta væri rjett, ef enginn væri kostnaður við rekstur bankans og allir seðlarnir væru í umferð, en það kemur aldrei fyrir, að svo sje, og má aldrei koma fyrir. (**M. G.:** Það þarf þá ekki að borga af þeim á meðan). Vissu fleiri. En það skýtur skökku við, þar sem háttv. þm. (M. G.) sagði, að 60% væri hreinn gróði, og ber það vott um nákvæmni hans. Háttv. þm. (M. G.) þótti meiri hl. mála svart. Það kann vel að vera. En þegar fyrirmyndin hefir horn og klaufir, þá er eðlilegt, að það komi fram á málverkinu. Hitt getur líka verið álitamál, hvort hv. minni hl. er ekki litblindur í þessu máli. Það er nú alls ekki undarlegt, þó margir sjeu ragir við að gerbreyta því fyrirkomulagi, sem nú er, eftir þeirri reynslu, sem fengin er, og eftir þeim ályktunum, sem gera verður um framtíðina. En meiri hl. vill vera viss um það, að þegar breytt sje til, þá sje það gert til hins betra. Þá gat háttv. þm. (M. G.) um yfirfærslurjettinn, og taldi hann óhjákvæmilegan og

eðlilegan. Um það geta ekki verið skiftar skoðanir, og það ætti að vera öllum ljóst, að Landsbankinn afsalar sjer rjetti, sem hann hefir nú, og tekur að sjer skyldur, sem oft geta orðið honum til skaða. (M. G.: Fær hann ekkert í staðinn). Hann fær aldrei það í staðinn, að þetta sje honum ekki til meira og minna tjóns eða óþæginda. Háttv. frsm. minni hl. (M. G.) var allstórorður út af því áliti meiri hl., að gengismismunur hjer og í Danmörku gæti orðið Landsbankanum til tjóns. Taldi hann það fjarstæðu. Veit þá háttv. þm. (M. G.) ekki, að myntlög og verðgildi peninga er tvent óskylt? Má benda á það, að Noregur og Svíþjóð hafa samhljóða myntlög, en þó er gengismunur nokkur í þeim löndum nú. Þar sem hann sagði, að í frv. stæði, að yfirfærslurnar ættu að vera Landsbankanum að kostnaðarlausu, þá gildir það ákvæði alls ekki um hið breytilega verðgildi peninga. Þann varnagla vantar einmitt í frv. Háttv. þm. (M. G.) fór því þarna með staðleysur einar.

Þá voru ummæli háttv. þm. (M. G.) um aukningu hlutafjárins allkynleg. Þau voru á þá leið, að Íslandsbanki mundi ekki auka hlutafjeð, nema hann gæti sjeð fyrir að koma því á vöxtu, og þá yrði það til góðs, því að það efldi framkvæmdir í landinu. Auk þeirra vafasömu hlunninda, sem af því leiða að láta arðinn af framleiðslu landsins renna út úr landinu, þá getur þetta verið athugavert að öðru leyti. Þegar nú Íslandsbanki er ekki lengur seðlabanki í eiginlegum skilningi, og það er hann ekki eftir þessu frv., og allar skyldur og ábyrgð seðlabanka eru komnar yfir á Landsbankann, þá þarf Íslandsbanki ekki að b i ð a eftir tækifæri til að ávaxta hlutafje sitt. Hann getur skapað tækifærin sjálfur með því að stofna til ýmiskonar braskfyrirtækja hjer, sem vafasamt er að reynist langlíf eða til þjóðþrifa. Og þegar þessi fyrirtæki fara að velta um koll, þá kemur það á bak Landsbankans að bjarga fjárhagslegu áliti landsins út á við, og gæti honum orðið það örðugt að halda jafnvæginu á fjárreiðunum út á við, og inn á við, ef Íslandsbanki gengi langt í þessu efni. — Hjer eru margar auðsuppsprettur í landi, og er í aðsigi, að farið sje að reyna að færa sjer þær í nyt. Er þar opinn vegur fyrir Íslandsbanka til að ávaxta aukið hlutafje.

Þá talaði háttv. þm. (M. G.) um bankaráðið, og vildi gera lítið úr því. Það þýðir ekki að deila um, hvernig það hefir orðið í reyndinni, en hitt er meira um vert, hver áhrif það getur haft á framferði bankans, ef það beitir sjer. Bankaráðið hefir ekki að eins eftirlit með rekstri bankans, heldur hefir það vald til að hlutast til um stjórn hans og fyrirkomulag. Það getur því ráðið miklu um það, hvernig bankinn beitir sjer gagnvart landi og þjóð.

Eftirlitsmennirnir, sem frv. gerir ráð fyrir, eru algerlega valdlausir um allan rekstur bankans. Hlutverk þeirra er einungis það, að líta eftir því, að nægileg gulltrygging sje fyrir öllum þeim seðlum, er út eru gefnir. Lengra ná þeir ekki.

Háttv. frsm. minni hl. (M. G.) taldi það hart að orði kveðið, þar sem meiri hl. kallaði skilyrðin tjón fyrir Landsbankann. Já, meiri hl. dregur engar dulur á það, að hann lítur svo á. Annars verður hver að eiga um það við sjálfan sig, hvert álit hann hefir á skilyrðunum.

Þá taldi háttv. framsm. (M. G.) meiri hl. fara ekki rjett með, því að

hann hjeldi því fram, að aukningin kæmi ekki fyr en seint og síðar meir. En háttv. framsm. (M. G.) viðurkennir sjálfur, að aukningin komi smátt og smátt. (M. G.: Jeg sagði, að hún kæmi eftir því sem viðskiftaþörfin krefðist). Já, og nú eru allar líkur til, að hún krefjist þess smátt og smátt, og þá fer aukningin eftir því. Annars erum við ekki að fárast yfir því, að Landsbankinn fái þetta ekki alt í einu, heldur yfir því, að hann skuli taka á sínar herðar allar skyldur og alla ábyrgð áður en hann hefir fengið það, sem á móti á að koma.

Háttv. framsm. (M. G.) drap einnig á það, að afstaða meiri hl. væri nú önnur en hefði verið áður en stjórn Landsbankans hefði átt tal við nefndina. Því er nú svo varið, að það er ekki á allra meðfæri að dæma um það í fljótu bragði. Jeg býst við, að allmargir háttv. deildarmanna viðurkenni, að þeir hafi ekki þekkingu á þessu máli eins og bankafróðir menn. (E. A.: Eru þeir til?). Það er hægt að segja menn mismunandi bankafróða, þó alfullkominn bankafræðingur sje ef til vill ekki til. Þetta mál lá fyrir okkur, og við urðum að dæma um það eins og við vorum menn til, með stuðningi og upplýsingum fróðra manna í þessari grein. Áður en við áttum tal við bankastjórnina þá höfðum við að eins fengið einhliða skýringu á málinu, og var því ekki að furða, þó að afstaða okkar meiri hl. yrði nokkru gleggri og ákveðnari við það að fá málið skýrt frá báðum hliðum. Háttv. framsm. (M. G.) sagði, að nefndarálitið væri einhliða. Þessi ummæli bera vott um það, að hann hefir ekki kynt sjer nál. nógu vel. Jeg er viss um, að ef háttv. þm. (M. G.) les nefndarálitið vandlega yfir aftur, þá sjer hann, að skoðun og niðurstaða nefndarinnar er fengin með samanburði á báðum hliðum málsins. Næsta atriðið hjá háttv. framsm. (M. G.) var um, að hollara væri að Landsbankinn stæði fyrir peningaverslun landsins. Þetta er alveg rjett, og svo hefði það átt að vera frá upphafi. En hjer er nú að eins um að tala leifar af seðlaútgáfu, sem Landsbankinn á að fá með ýmiskonar kvöðum og ókjörum.

Þá er spurning háttv. framsm. (M. G.) um það, hvað við meiri hl. menn ætluðumst fyrir. Hann sagði, að við gerðum ekkert annað en að rífa niður, en bygðum ekkert nýtt í þess stað, og þetta taldi hann með öllu óforsvaranlegt. Hann taldi það skýlausa skyldu okkar að gera eitthvað í þá átt, að seðlaþörfinni yrði fullnægt En bæði er það, að engin skylda hvílir á meiri hl. í þessu efni, enda kemur það ekkert þessu frv. við. Það er ekki í fyrsta skifti, sem svona lagaðar mótbárur eru notaðar. Það lá að eins fyrir nefndinni að athuga og taka afstöðu til þessa frv., og það hefir nefndin gert. Meiri hl. hefir komist að þeirri niðurstöðu, að skilyrðin væru óaðgengileg, og þá var það fyrsta skylda hans að sporna við því, að frv. væri samþ. Að meiri hl. fjárhagsnefndar hafi borið nokkur skylda til að leita nýrra samninga við Íslandsbanka, því neita jeg algerlega. Mjer virðist háttv. framsm. (M. G.) ljúka ræðu sinni með aðvörun til þingsins um það, að ef þetta frv. yrði felt þá myndi Íslandsbanki sýna þjóð og þingi í tvo heima.

Þetta eru nýjar upplýsingar í málinu, og eru þær síst til meðmæla þessu frv., ef þær hafa við nokkur rök að styðjast. En jeg geri ekki ráð fyrir, að svo sje. Jeg tel því ekki einasta hættu-

laust, heldur nauðsynlegt, að fella frv. Hvort það verður gert með dagskrá, eða á annan hátt, skiftir ekki máli.

Benedikt Sveinsson: Jeg vildi segja örfá orð, út af því, sem háttv. framsm. minni hl. (M. G.) beindi til mín. Hann sagði, að jeg hefði áður talið Íslandsbanka hag að aukinni seðlaútgáfu. Þetta er rjett; jeg hefi altaf haldið því fram, að bankinn stæði sig við að láta landið sæta betri kostum, bæði við lánskjör og annað, vegna alls þess, er undir hann hefir verið hlaðið af þingsins hálfu, þar á meðal með auknum seðlaútgáfurjetti. En þrátt fyrir þessa skoðun þá verð jeg að mótmæla þeim getsökum, sem hæstv. forsætisráðherra (J. M.) bar bankann, og þeim hótunum, sem hann hafði í frammi, til að reyna að hræða menn frá að fella þetta frv. Íslandsbanki hefir sínar skyldur gagnvart landinu, þótt frv. verði felt, og hann hefir margvíslegra hagsmuna að gæta hjer á landi. Það væri því óhugsandi, að hann færi að stofna landinu í viðskiftavandræði, þótt frv. yrði felt, því að þau vandræði mundu fyrst og fremst bitna á honum sjálfum. — En þótt Íslandsbanka hafi verið hagur að seðlaútgáfurjettinum, þá er engan veginn víst, að það sje landinu hagur að taka seðlaútgáfurjettinn með þeim kjörum — eða rjettara sagt ókjörum — sem hann er nú fáanlegur. Íslandsbanki fær að ýmsu leyti frjálsari hendur eftir en áður. Hann losnar við skyldur, sem lagðar eru á herðar Landsbankanum. Landssjóður missir tekjur miklar, er hann hefir haft af bankanum, og missir eftirlitið með þessum erlenda hlutafjelagsbanka. Þegar þetta alt er athugað, þá er von, að tvær grímur renni á menn. Jeg hefi aldrei haldið því fram, að Landsbankinn mundi bíða tjón við seðlaútgáfuna eina út af fyrir sig, ef hún fæst með sæmilegum kjörum. En hjer er á fleira að líta en seðlaútgáfurjettinn einan, svo sem minni hl. gerir mjög um of. Meiri hl. virðist hafa litið dýpra á málið; hann hefir ekki látið það glepja sig, að einhver hagur kann að verða af seðlaútgáfunni, hann hefir vegið þann hag á móti tekjumissi ríkissjóðs og kvöðunum, sem lagðar eru á landssjóð, en teknar ef hlutabankanum, og að öllu athuguðu komist að þeirri niðurstöðu, að útgáfa seðlanna verði þá ljettari á metunum. Jeg hefi fallist á röksemdir meiri hl. og þykist því vera í fullu samræmi við þá skoðun, sem jeg hjelt fram í þessu máli 1917.

Mjer kemur það undarlega fyrir, að hæstv. forsætisráðherra (J. M.) skuli verða til þess að reyna að hræða menn frá að fylgja því fram í þessu máli, sem þeir álíta rjettast. Hann talar um, að óráð sje að fella frv., meðan ekki sje vitað, hvernig Íslandsbanki snúist í málinu, og setur það jafnvel í samband við viðskifti bankans og ríkissjóðs. Hann vildi gefa í skyn, að Íslandsbanki mundi jafnvel fara að vanrækja að fullnægja seðlaþörf landsins.

Jeg get ekki ætlað bankanum að gleyma svo algerlega þeim skyldum, sem á honum hvíla, og öllum kemur saman um að sjeu skýlausar. Máli mínu til stuðnings vil jeg drepa á það, sem nefnd sú, er skipuð var í vetur til að íhuga þetta mál, segir um þetta efni. Með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að lesa upp þá umsögn:

„En þessi hagnaður (þ. e. af seðlaútgáfunni) er þó svo óbeinn og svo óviss, að ekki er unt að reikna með honum sem ákveðinni stærð. Enda kemur það líka í móti, að seðlabanki hefir sjerstak-

ar skyldur að rækja gagnvart þjóðfjelaginu vegna seðlaútgáfunnar, sem valda því, að hann getur ekki eins hagnýtt sjer hvert gróðatækifæri, sem bjóðast kann. Stundum er seðlabönkum jafnvel bannað að taka þátt í sumri bankastarfsemi."

Svo er og um Íslandsbanka. Honum var bannað að taka á móti sparisjóðsfje, þótt hann hafi síðar komið ár sinni svo fyrir borð, að það fyrirmæli hafi ekki staðið honum í vegi. — Þá segir enn fremur í nefndarálitinu:

„En þótt svo sje ekki, er það sjálfsögð skylda seðlabanka að líta fyrst og fremst á hagsmuni þjóðfjelagsins, en ekki að eins á eigin hag í bili."

Þetta er skoðun nefndarmannanna um skyldur Íslandsbanka, og munu flestir undirskrifa hana. Kemur hún heldur en ekki öfugt við það, sem hæstv. forsætisráðherra (J. M.) er nú að tjá og telja fyrir þinginu. Furðar mig, að æðsti valdsmaður landsins skuli flytja slíkar kenningar, þegar annars vegar er hagur og heill þjóðarinnar í heild, en hinum megin erlent auðfjelag. **(Atvinnumálaráðh.:** Forsætisráðherrann (J. M.) er ekki viðstaddur). Jeg get ekki gert að því, enda gat vart ætlað, að hann væri ekki áheyrsla mál mitt, er hann var hjer í ræðustól fyrir skemstu. En þótt svo sje ekki, þá er svo mönnum skipað hjer í salnum, að hann þarf ekki fyrir þær sakir að standa berskjalda.

Það þarf engan veginn að óttast, að Íslandsbanki haldi ekki áfram bankastarfsemi sinni, svo sem að sjá landinu fyrir nægum gjaldmiðli, þótt frv. þetta verði skorið niður. Enda vill svo vel til, að jeg hefi hjer yfirlýsing frá honum þar að lútandi. Hún stendur í nefndaráliti bankanefndarinnar, frá hr. Tofte bankastjóra sjálfum, þar sem hann segir, að hann telji að vísu ósennilegt, að bankinn muni fást til að takast framvegis á hendur seðlaútgáfu fram yfir 2½ miljón kr. — með strangari skilmálum en þeim, sem settir eru í einkaleyfi bankans, — en hins vegar sje hann fús til að gefa út seðla eftir þörfum, með þeim skilmálum, sem verið hafa. Þar sem slík yfirlýsing liggur fyrir á prenti frá nefndinni, sem talaði við hr. Tofte sjálfan, þá sjá allir, hve fráleitt það er að vera með grýlur um það, að ekki verði sjeð fyrir að afla landinu gjaldmiðils, ef frv. þetta fer fyrir ætternisstapa. — Það mætti að vísu sjálfsagt segja margt um það, sem farið hefir á milli hv. frsm. minni hl. (M. G.) og háttv. frsm. meiri hl. (E. Árna.). En sökum þess, að hv. frsm. meiri hl. (E. Árna.) hefir svarað flestum þeim atriðum vel, þá sje jeg ekki ástæðu til að blanda mjer í þær umræður.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Jeg þarf ekki að vera margorður að sinni. Það var ekki margt í ræðu háttv. frsm. meiri hl. (E. Árna.), sem í rauninni þarf að svara. — Hann byrjaði ræðu sína með því að segja, að hann vildi fara varlega í þessu máli, því þingið hefði einu sinni misstigið sig. — En þar sem hann nú telur, að það hafi verið misstigið spor að láta Íslandsbanka fá seðlaútgáfurjettinn, þá finst mjer, að honum ætti að vera ljúft að stíga nú spor til að bæta úr þessu. — Út af heimild Íslandsbanka til að auka hlutafje sitt þá gaf hv. frsm. meiri hl. (E. Árna.) í skyn, að þótt hann gæti ekki ávaxtað fjeð í venjulegum bankafyrirtækjum, þá væru ýmsar aðrar leiðir, t. d. gæti hann lagt

fjeð í ýmiskonar gróðafyrirtæki, sem ekki tilheyrðu bankastarfsemi. En þá er þess að gæta, að concession bankans eða leyfi er óbreytt. Og þessi ástæða er því ekki rjett. Hv. frsm. (E. Árna.) sagði, að þetta væri gert á ábyrgð Landsbankans. Jeg vil benda honum á í þessu sambandi, að Landsbankinn getur einmitt ef hann fær seðlaútgáfurjettinn stöðvað Íslandsbanka, með því að segja, að nú sje ekki þörf á fleiri seðlum. En ef við snúum dæminu við og segjum, að bankinn færi út fyrir sína concession, þá mundi hv. frsm. meiri hl. (E. Árna.) má ske sjá, hvort heppilegt sje, að sú stofnun hafi allan seðlaútgáfurjettinn. Hvort bankinn gefur út 1 eða 2 milj. gerir í sjálfu sjer ekki svo mikið til. Þess eru víða dæmi, að bankar hafi leyfi til að gefa út ákveðna upphæð, enda þó þeir sjeu ekki eiginlegir seðlabankar. Það sem skiftir máli er, hvaða banki skamtar seðlaumferðina eftir viðskiftaþörfinni, en það verður Landsbankinn eftir frv. — Jeg vil benda á ákvæðið í 7. gr. frv. Þar stendur:

Ráðuneytið skipar 2 menn til 4 ára í senn, til þess að hafa eftirlit með bönkum þeim, sem seðlaútgáfurjett hafa.

Með öðrum orðum, þar er gengið út frá, að Íslandsbanki verði skoðaður sem seðlabanki, og hann hefir gengið inn á að verða skoðaður sem eiginlegur seðlabanki. Og eftirlitsmennirnir eru því til tryggingar, að hann geri ekkert það, er óviðurkvæmilegt er seðlabanka. — Svo að væri hjer hætta á ferðum, þá væri með þessu frv. girt fyrir hana. En það er þvert á móti, að hún sje nokkur. — Hv. frsm. (E. Árna.) talaði og um það, að Íslandsbanki mundi ekki geta fengið lán, nema sem svaraði litlum hluta af hlutafje hans. En það er misskilningur. Lánstraustið miðast alls ekki við hlutafjeð. Banki getur fengið meira lán en sem svarar öllu hlutafje hans, ef hann að eins gefur nægða tryggingu fyrir láninu. Þá sagðist hv. frsm. (E. Árna.) hafa ætlað að minnast á eftirlit með bönkum, en gleymt því. Það rengi jeg ekki. En það lítur illa út, þegar hvorki er á það minst í nál. nje heldur í framsöguræðunni. — Það, að bankaráðið sje ákjósanlegra en þessir menn, það fæ jeg ekki skilið. Og svo hugsa jeg að sje um fleiri, með tilliti til þess, sem 15 ára reynsla hefir sýnt okkur. Víst er um það, að víða úti um landið hefir það ekki þótt gott hingað til, að þingið kysi bankaráðsmenn. Mönnum hefir þótt brenna við, að bankinn öðlaðist með því fylgismenn, og kosningin hefir þótt valda kapphlaupi um feitan bita. Þetta er ein af þeim ástæðum, sem frá mínu sjónarmiði mæla móti því, að haldið sje í bankaráðið. — Hv. frsm. meiri hl. (E. Árna.) sagði, að það væri ekki á allra meðfæri að dæma um þetta mál, til þess þyrfti bankafróða menn. Og er það rjett. En háttv. meiri hl. nefndarinnar hefir þó leyft sjer að dæma það. Fyrst hann álítur málið svo flókið, að ekki sje öðrum en bankafróðum mönnum fært að dæma það, þá finst mjer, að hann hefði gjarna mátt taka tillit til þess, að í bankanefndinni átti sæti Þorsteinn Þorsteinsson, hagstofustjóri, sem hefir lagt sjerstaka stund á bankamál og er bankafræðingur. Hann, með sinni sjerþekkingu, hefir hugsað mál þetta miklu lengur en meiri hl. nefndarinnar og ekkert fundið athugavert við það. — Allir sjá, hvílík mótsögn er í þessu. Nefndin segir í öðru orðinu, að málið sje svo vandasamt, að hún treysti okkur ekki til að fara með það. En þó hikar háttv. meiri hl. ekki við að leggja alt annað til en

er vilji hins bankafróða manns. — Þá skildist mjer á hv. framsm. (E. Árna.), að jeg mundi hafa „agiterað“ í málinu, eða reynt að telja samnefndarmenn mína á að taka frv. En jeg neita, að svo hafi verið, enda er jeg ekki gjarn á slíkt. Nefndarmenn sögðu sjálfir, að þeir hefðu áhuga fyrir þessu máli og hefðu lesið tilheyrandi skjöl. Hv. frsm. (E. Árna.) gaf enn fremur í skyn, að jeg hefði ætlað að hræða deildina til að taka þessu frv. En það er heldur ekki rjett. Það ætti miklu fremur við um hæstv. forsætisráðherra (J. M.). — Jeg sagði áðan, að jeg áliti hyggilegra að drepa ekki málið að svo komnu. En jeg hafði þá ekki tekið eftir, að það er prentvilla á dagskránni, þannig, að þetta er framhald 1 umr., en ekki 2. umr.

Ástæðan til þess, að Landsbankinn og meiri hl. vill ekki að seðlaútgáfurjetturinn sje tekinn af Íslandsbanka, er einungis hræðsla. Þetta kemur einmitt glögt fram í lok nefndarálits hv. meiri hl., að þeir treysta ekki Landsbankanum til að takast á hendur stjórn peningamálanna. Þetta stendur skýrum stöfum í nefndarálitinu. Þar stendur: „Fyrir Landsbankann mundi slíkur óvissutími vera hinn hættulegasti til að auka viðskifti nú í stórum stíl og takast á hendur stjórn peningamálanna.“ Þar er því berlega játað, af hv. meiri hl., að með þessu frv. eigi Landsbankinn að takast á hendur stjórn peningamálanna í landinu. En bæði hv. meiri hl. nefndarinn og auk þess stjórn Landsbankans eru því mótfallin. Þetta er hættulegt, segja þeir, því skulum við ekki gera það. Að vísu skal jeg játa, að nú sjeu hættulegir tmar að þessu leyti, en því meiri ástæða væri til fyrir þjóðbankann að taka að sjer stjórn peningamála. Þó sje jeg ekki, að nú sjeu neitt hættulegri tímar en meðan stríðið stóð yfir. Að vísu getur altaf peninga-krisis vofað yfir. En einmitt þá er mikilsvert, að stjórn peningamálanna sje í góðum höndum. Og þó Landsbankinn kynni að bíða við það eitthvert tjón, þá gæti það tjón orðið margfaldur hagnaður landinu sjálfu. Jeg þarf ekki að svara neinu í ræðu hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.). Hann talaði aðallega til hæstv. forsætisráðherra og ávítaði hann. Jeg ætla ekki að blanda mjer í það, en þó vil jeg benda háttv. þm. á, að hann er nú orðinn hæstv. forsætisráðherra sammála um það, að ekkert sje að hafa upp úr seðlaútgáfurjettinum. Því fyrst Landsbankinn vill ekkert hafa af því að segja, þá dreg jeg þar af, að það sje álit bankastjórnarinnar, að á því sje enginn hagnaður. — Þetta horfði öðruvísi við fyrir augum háttv. sama þm. (B. Sv.) á þingi 1917. Þá taldi hann þetta vera alveg stórkostleg hlunnindi fyrir Íslandsbanka. Hæstv. forsætisráðherra er sjálfum sjer samkvæmur enn, en háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) ekki. Hann er nú kominn á aðra skoðun. — Það er rjett hjá hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), að seðlabanki hefir altaf talsverðar skyldur gagnvart því opinbera. En þar, sem ekki eru nema tveir bankar, eins og hjer á sjer stað, kemur þessi mismunur lítt fram. Öðru máli er að gegna annarsstaðar víða, þar sem eru margir bankar. Þess munu dæmi, að seðlabönkum sjeu bönnuð ýms venjuleg bankastörf. Um þetta er ekki að ræða hjer, enda rekur Íslandsbanki ýms störf önnur, alveg eins og Landsbankinn. — Að síðustu vil jeg taka það fram, að jeg tel langhyggilegast að taka þessu frumv., þar sem ekki eru betri kostir í vændum.

Jeg gleymdi að taka það fram í fyrri

ræðu minni, að afstaða bankastjórnarinnar var sú, að hún taldi skilyrðin viðvíkjandi seðlaútgáfurjettinum vera viðunandi, og að það væri hagur fyrir bankann að taka við honum með þessum skilyrðum. Hins vegar mun hún ekki hafa verið spurð um, hvort hún áliti þetta hag fyrir landssjóð — Mjer er kunnugt um, að hæstv. atvinnumálaráðherra hefir rætt um þetta við stjórn bankans áður en frv. var lagt hjer fram fyrir þingið og að bankastjórnin samþykti það. En því undarlegar kemur mjer fyrir sjónir, hvernig bankastjórnin snýst nú í málinu, og mig tekur það sárt, að hún skuli nú berjast á móti þróun og vexti landsins eigin banka og það í þágu erlends hlutafjelags, alt samtímis og hún reynir að narta í sparisjóði landsins, og eftir að hún hefir lýst því yfir, að hún vildi veita rjettinum viðtöku. Það er grátlegt, að stjórn bankans skuli verða til þess að drepa hendi við vexti hans

Jörundur Brynjólfsson: Það má nú segja um þetta mál, að „sínum augum lítur hver á silfrið." Við höfum hjer hlustað á tvo aðilja, sem ber allmjög á milli. Jeg get sagt fyrir mitt leyti, að strax þegar jeg leit á þetta frumv. um seðlaútgáfurjett handa Landsbankanum, þá leist mjer hálfilla á það. Í fljótu bragði sýndust mjer ýms atriði í því vera varhugaverð, og ekki gerlegt, að hjer yrði hrapað að í neinu. Því lengur, sem jeg hefi hugsað málið, því fjær sanni tel jeg, að það beri að samþykkja það. — Það er nú þegar búið að taka æði margt fram í þessu máli. Mest hefir það gert háttv. frmsm. (E. Árna.), en þó vildi jeg drepa á nokkur atriði lítið eitt nánar en hann.

Þá er það fyrst, sem mjer sýnist allhættulegt, að Íslandsbanki má auka hlutafje sitt eftir eigin geðþótta. — Það hefir nú verið minst á það hjer áður, að svo gæti farið, að Íslandsbanki yki svo sitt hlutafje, að Landsbankanum stafaði hætta af því. Og er það einnig mín skoðun. — Það þarf ekki endilega að vera því samfara, að bankinn færi út fyrir sitt starfssvið. En þó er nú ýmislegt, sem veldur því, að hann á hægar með það en áður. Bankinn getur sem best, með mjög miklu hlutafje, lagt út í hinar og aðrar „spekulationir" með of fjár. Þetta gæti orðið mjög hættulegt, því svo gæti farið, að hann með tímanum yrði Landsbankanum sá ofjarl, að hann hefði alveg töglin og hagldirnar á hjerlendum peningamarkaði.

Háttv. frmsm. minni hl. (M. G.) gat þess, að Landsbankinn gæti sett Íslandsbanka stólinn fyrir dyrnar að nokkru leyti, með því að neita honum um seðla. En þó að svo kunni nú að vera, að Landsbankinn gæti sett honum nokkrar takmarkanir með því, þá er það mjög mikið efamál, hvort Landsbankinn hefir svo góða aðstöðu, að hann yrði ekki að taka mjög nærri sjer, áður en svo langt væri gengið, og eftir 6. gr. frv. er það beinlínis efamál, að hann hafi rjett til þess.

Greinin byrjar á þessum orðum: „Landsbankinn er skyldur til að greiða með seðlum sínum ókeypis og eftir þörfum í Reykjavík, samkvæmt brjefi eða símskeyti, fjárhæðir, sem Íslandsbanki borgar inn í reikning Landsbankans við viðskiftabanka hans í Kaupmannahöfn o. s. frv."

Mjer sýnist nú, að samkvæmt þessu ákvæði verði það mjög hæpið, að Landsbankinn geti með góðu móti synjað Íslandsbanka um seðla.

Í 1. gr. frv. stendur, að Landsbank-

anum skuli heimilt að gefa út seðla eftir því, sem viðskiftaþörfin krefur.

En hver á að dæma um þá þörf? (M. G.: Eftirlitsmennirnir). Jeg get nú ekki lagt mikið upp úr því, að fela þeim það starf, og jeg lít svo á, að það sje að reiða sig á ærið ófullkomið atriði í þessu máli.

Og þetta atriði, þótt ekki væri annað, ætti að vera nóg til þess að vekja menn til umhugsunar á því, hve varhugavert það er að gleypa við frv. þessu.

Eins og menn vita, er fulltrúaráð Íslandsbanka þannig skipað, að Alþingi velur 3 fulltrúa, hluthafar 3 og er ráðherra oddamaður.

Fulltrúaráði þessu eru fengin svo mikil völd í hendur, að segja má, að það ráði algerlega öllum störfum og framkvæmdum bankans, auðvitað þó í samræmi við heimildarlög þau, sem um hann eru sett.

Getur hver sem vill sannfærst um það með því að lesa reglugerð fyrir bankann, frá 25. nóv. 1903. Þar stendur svo í 13. gr. þar sem verið er að tala um starfstegundir bankans: „Aðrar tegundir af bankastörfum en þær, er að framan eru greindar, má bankinn ekki takast á hendur nema samkvæmt ályktun fulltrúaráðsins, er samþykt sje með 5 atkvæðum að minsta kosti."

Og í 19. gr. reglugerðarinnar stendur svo: „Fulltrúaráðið hefir hina æðstu forstöðu bankans og allra mála hans á hendi. — Í öllum málefnum, öðrum en daglegum störfum bankans, gerir fulltrúaráðið ályktanir fyrir hans hönd, nema þar sem vald til þess er í reglugerðinni áskilið aðalfundi o. s. frv."

Auk þess er hjer í reglugerðinni drepið á það, að ráðherrann í fulltrúaráðinu geti haft framkvæmdir bankans, sem fulltrúaráðið gerir, ef þær brjóta í bág við ákveðna starfsemi bankans. Samkvæmt þessu frv. er þeirri heimild haldið, en aðstaða öll er miklu verri eftir en áður.

Jafnframt er það áskilið í reglugerð bankans, að ráðherra geti ekki að eins setið á fundum fulltrúaráðsins, heldur einnig á fundum bankastjórnar, þar sem hún hefir mál bankans með höndum. En í þessu efni er sýnilegur skortur á því eftirliti, sem hægt væri að hafa, eftir þessu frv.

En að slík hafi verið tilætlun þeirra, sem um málið fjölluðu í fyrstu, má best sjá í umr. um það í Alþtíð. 1901, A. á bls. 132—133. Þar segir frsm., Hallgrímur Sveinsson, meðal annars þetta: „Öll nefndin var sammála um það, að það væri æskilegt, að landsmenn gætu haft nægilega hönd í bagga með bankastjórninni og allri framkvæmd hennar og aðalfundarins, því að eins og gefur að skilja, stendur það á mjög miklu. Oss þótti tryggingin ekki nægileg nema landsmenn rjeðu mestu, bæði í fulltrúaráðinu og bankastjórninni. Þetta virtist meiri hlutanum nokkurn veginn trygt með því, að Alþingi kýs 3 menn í fulltrúaráð bankans, sem sjálfsagt eru áreiðanlegir fylgismenn lands og þjóðar, eins og einnig má ætla um ráðgjafann, sem er sjálfkjörinn í fulltrúaráðið. — — —"

Þessum augum hefir hann og þeir, sem honum fylgdu, litið á þetta atriði.

En nú segir hv. frsm. minni hl. (M. G.), að sig furði á því, hversu mikið meiri hl. geri úr þessu fulltrúaráði, þar sem það hefði gefist svo hingað til, að tæplega væri ástæða til að ætla, að það ljeti sig starfsemi bankans miklu skifta hjer eftir.

En þó nú svo hafi verið, þá getur það verið varhugavert að nema þetta ákvæði

úr lögunum, af þeirri ástæðu, að illa hefir tekist valið á mönnum þessum.

Jeg hygg, að sýna megi fram á það með eins miklum rökum, að ef illa hefir verið til fulltrúavalsins vandað, og það hefir rækt illa starf sitt, þá væri það nær, að Alþingi vandaði betur til valsins hjer eftir en hingað til og tæki meira tillit til þess starfs, sem þeir menn eiga að inna af hendi.

Það hygg jeg að væri nokkru nær en að nema aðhald þetta burtu. (M. G.: Eru þessir eftirlitsmenn þá ekkert?) Jeg geri satt að segja mjög lítið úr þeim. Það er ekki víst, að þeir viti fyr en eftir á, hvað bankinn hefir ætlað sjer, og þótt þeir vissu það, þá er það ekki sagt, að þeir hefðu svo mikið að segja. Þeim eru ekki heldur fengin nein völd gagnvart bankanum í hendur.

Það er víst alveg einstakt að leyfa „privat"-banka, eins og hjer er gert, að vera sinn eiginn dómari í öllum peningamálum, og veita honum heimild til að auka hlutafje sitt eftir vild, því að þótt háttv. framsm. minni hl. (M. G.) haldi, að takmörk sjeu sett fyrir þeirri aukningu, þar sem hann verði að greiða svo háa vexti til hluthafa sinna, þá er það hreinasta fásinna að ganga út frá því. Hvað skyldu hluthafar láta sig muna um það að fá lága vexti af hlutabrjefum sínum í nokkur ár, ef þeir ná með því tökum á peningamarkaðinum hjer á landi. Eftir að Íslandsbanki hefði komið Landsbankanum á knje, mundu þeir fá það margupporið. Þetta atriði, sem háttv. frsm. minni hl. (M. G.) styður sinn málstað með, hefir því ekki við nein rök að styðjast.

Þá drap hann einnig á það, að ef bankinn yki mjög fje sitt hjer, þá væri það af því, að fjárins væri þörf í landinu og hægt væri að ávaxta það hjer. Jeg býst nú við, að lengi megi finna hjer fjárþörf og sömuleiðis megi hjer ávaxta mikið fje. Þarf ekki annað en að benda á, að hjer eru einhver bestu fiskimið í heimi, og mundi bankinn geta stutt að því, að efla þennan atvinnuveg; hann gæti meira að segja lagt svo mikið fje fram til þess, að það hefði stór áhrif á peningamarkaðinn, eða rjeði honum algerlega.

En þegar á alt er litið, er mjög vafasamt, hvort það yrði þjóðinni til hagsmuna, þótt ganga megi út frá því, að það yrði til bóta fyrir einstaka vini bankans. Menn skyldu að minsta kosti forðast að draga þá ályktun.

Þess vegna verður, þegar talað er um að auka hlutafje bankans, jafnframt að athuga, eftir hvaða mælikvarða það getur talist holt að fá fje inn í landið.

Jeg man ekki betur en í sambandi við fossamálið hafi það komið fram, að á fleira beri að líta en að eins það eitt, að ná fje inn í landið til þess að starfrækja fossana. Menn telja það ekki óttalaust að fá stórfje inn í landið til þeirra starfa vegna áhrifa þeirra, sem þau gætu haft á allan þjóðarhag og atvinnuvegi.

En eins gæti farið hjer, að ekki yrði holt að auka sjávarútveginn úr öllu hófi fram.

Og jeg veit ekki, hvort það yrði þjóðinni nokkur vegsauki, ef landbúnaður legðist niður og hjer yrðu að eins fiskiver með ströndum fram.

Jeg fyrir mitt leyti mundi gera alt, sem í mínu valdi stæði, til þess að koma í veg fyrir það.

Hjer hefir verið drepið á ýms önnur atriði, sem snerta þetta mál, eða skilyrðin fyrir því, að Íslandsbanki láti af

hendi til Landsbankans rjett sinn til að auka seðlaútgáfuna.

En jeg skal ekki fara langt út í þau atriði, enda held jeg, að þau sjeu ekki eins stórvægileg eins og þau, sem jeg hefi nú minst á.

Aðallega er það fjármálahliðin, og svo fulltrúaráðið, sem hjer er um að ræða.

En þá ber að líta á það beina peningatjón, sem landið gæti haft af því, ef þessi breyting kæmist á. En það getur orðið miklu meira en háttv. nefnd hefir gert ráð fyrir. Hefðu t. d. þeir samningar verið komnir á síðasta ár, þá mundi landssjóður hafa skaðast um 80 þús. kr. En þá má ef til vill gera ráð fyrir, að Landsbankinn græði annað eins á seðlaútgáfurjettinum.

En um það er ekkert hægt að staðhæfa, og verða menn þar að dæma eftir líkum einum. En hvernig jeg líti á það atriði geta víst allir rent grun í.

Jeg geri ekki mikið úr þeim gróða, sem Landsbankinn muni hafa af seðlaútgáfunni.

Ef viðskiftakreppa kæmi, svo að umferð peninga minkaði eða teptist, þá mundi sá gróði ekki verða stórvægilegur, þar sem honum er gert að skyldu að ávaxta um 3% þá seðla Íslandsbanka, sem eigi eru í umferð og fram yfir eru það, sem Landsbankinn hefir í umferð af sínum seðlum fram yfir 750 þús. kr.

En af þessu ákvæði leiðir það, að Landsbankinn yrði að sjá um, að seðlar Íslandsbanka væru ætíð allir í umferð, og mundi þá verða smár vinningur Landsbankans, ef viðskiftakreppa sverfur að.

Jeg hygg því, að ef frv. verður að lögum, sem jeg vona að aldrei verði, þá muni það koma í ljós, að landið bíði fjárhagslegt tjón af breytingu þessari.

Jeg get ekki heldur skilið það, hvers vegna Íslandsbanki vill láta af hendi þennan rjett sinn óneyddur, ef hann er ekki fullviss um, að hann geri það sjer að skaðlausu. Jeg lít líka svo á, að skilyrði þau, sem hann setur, sjeu þannig vaxin, að honum sje vel borgið.

Jeg held líka, að þegar Íslandsbanki hefir borið erindi sín fram fyrir Alþingi, þá hafi hann oftast borið frekar fyrir brjósti hag sinn og hluthafanna heldur en hag alþjóðar hjer.

Og þegar nú er auðvelt að sjá ýmsa agnúa á þessari breytingu, þá er jeg ekki svo auðtrúa, að halda, að bankinn vilji ganga inn á hana af því, að hann telji hana til alþjóðarheilla. Jeg held því, að hyggilegast sje að taka máli þessu með mestu varkárni, og að forðast beri að samþ. neina breytingu á lögum Íslandsbanka, nema menn sjeu sannfærðir um, að hún sje til einhvers hagnaðar fyrir landið.

En jeg lít svo á, að ekki sje saman berandi, eins og háttv. framsm. minni hl. (M. G.) vildi vera láta, seðlaútgáfurjettur sá, sem Landsbankinn á að fá, og seðlaútgáfurjettur Íslandsbanka.

Þar eru ekki sömu skilyrði sett. Íslandsbanka er ekki gert að skyldu að ávaxta seðla Landsbankans, ef þeir eru ekki í umferð, og margt fleira og fleira. Og ýmislegt er fleira varhugavert í ákvæðum þessum. Og trúað gæti jeg því, að ef frv. þetta yrði samþ. nú, þá yrði Íslandsbanki sá Mjölnir á íslensku viðskiftalífi, að okkur mundi ekki síður iðra þess, að hafa samþykt þá breytingu, en menn iðrar þess nú, að hafa veitt Íslandsbanka þessi rjettindi í upphafi.

En með þessu er jeg ekki að álasa háttv. minni hl. nefndarinnar. Jeg sagði það í byrjun ræðu minnar, að menn litu misjöfnum augum á þetta mál, en til þess þurfa ekki að vera aðrar ástæður en þær, að menn skoði málið frá mismunandi hliðum.

En í þessu máli gætir svo mjög hagsmuna þjóðarinnar, að það er skylda allra fulltrúa hennar að viðhafa sem mesta varfærni, og það mun betur reynast í þessu máli að vera of varfærinn en of djarfur.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skil ekki í því, hvernig á því stendur, að eftir því, sem eg hefi heyrt, hefir háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) reiðst svo mjög við mig út af því, sem jeg sagði áðan.

Jeg hjelt þó, að ef hann hefir athugað þetta mál nákvæmlega, þá hlyti hann að skilja, að þetta eru nokkuð snubbótt málalok hjá háttv. deild, ef hún samþ. nú þessa rökstuddu dagskrá frá meiri hl. nefndarinnar.

Hann virðist ekki hafa athugað, að þessi samningur er gerður eftir beinni ósk Alþingis, þar sem till. var samþ. með 27 samhlj. atkv. í sameinuðu þingi. Var þar skorað á stjórnina að láta fram fara samninga um þetta við Íslandsbanka. Nú hefir stjórnin gert þetta, og hafa samningar þessir verið bornir undir þingið. Og Íslandsbanki hefir svarað málaleitan þessari og sagt: „Þetta vil jeg gera til þess að láta af hendi þennan rjett, þó jeg vildi helst fá að halda honum og mega gefa út seðla eftir því, sem viðskiftaþörfin krefur.“

Jeg álít því ekki rjett af háttv. nefnd að vísa málinu frá sjer hispurslaust, án frekari athugunar, og finst mjer, að menn geti skilið þá skoðun mína reiðilaust, og það því fremur, sem jeg hefi ekki lagt til, að frv. verði samþ., heldur að eins, að háttv. fjárhagsnefnd taki málið til rækilegrar athugunar áður en frv. er vísað frá.

Jeg lít líka svo á, að það sje blátt áfram skylda hennar að benda á, hvað gera skuli, ef frv. yrði felt.

Mjer datt ekki í hug að verða fyrir sjerstökum árásum í sambandi við mál þetta, og það kom mjer alveg á óvart, að háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) skyldi beita mig persónulegum meiðyrðum, svo sem því, að það væri vandi minn að hlaupa í felur, þegar mikilsverð mál væru til meðferðar. Jeg hjelt, að hann hlyti að skilja það, að ráðherrar hafa oft ýmsum störfum að gegna auk þingstarfa, svo að við getur borið, að þeir þurfi að bregða sjer frá, þegar minst varir.

Þetta hlýtur því að vera eitthvert óstjórnlegt reiðikast, sem gripið hefir hv. þm. (B. Sv.).

Ef til vill stafar það af því, að mjer var hjer einu sinni ekki nógu ljóst um hans ágætu hæfileika til að verða bankastjóri. Þetta eru því gamlar væringar. Annars getur það hugsast, að jeg fái tækifæri til andsvara, þó seinna verði.

Benedikt Sveinsson: Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) þurfti ekki að ganga að því gruflandi, hverja afstöðu jeg mundi taka til síðustu ræðu hans, því að hann var ómögulegt að skilja öðruvísi en að hann væri að reyna að hræða hv. þm. til þess að halda málinu gangandi þar til komist hefði verið að samningum við Íslandsbanka. En slíkt tel jeg alveg ranga aðferð. Bankinn getur verið harðari í kröfum, þegar hann hefir tvo kosti um að velja, held-

ur en eftir á, þegar honum er einbeygður kostur að halda áfram seðlaútgáfunni með sömu eða líkum kostum og áður, eins og hann hefir áður gert ráð fyrir, samanber það, sem bankanefndin hafði eftir hr. Tofte. Íslandsbanki er, sem hver annar seðlabanki, skyldur til þess að sjá landinu fyrir gjaldeyri, og þar sem hann hefir grætt á seðlaútgáfunni, þá fer hjer saman skylda hans og hagsmunir. Mjer kom því kynlega fyrir, þegar hæstv. forsætisráðherra (J. M.) fór að væna bankann um, að ríkissjóði stafaði hætta af honum, ef þingið feldi frv. áður en stjórnin hefði samið við bankann um skuldaskifti sín fyrir landssjóðs hönd, og eins væri öllu viðskiftalífi stýrt í voða. Jeg hefi sýnt, að til þess eru engar líkur.

Viðvíkjandi því, er hæstv. forsætisráðherra (J. M.) gaf í skyn, að jeg mundi sjer andvígur af því, að jeg teldi hann ekki hafa verið því hlyntan, að jeg yrði settur bankastjóri, þá hefir mjer satt að segja ekki dottið slíkt í hug, enda ekki leitt spurnir að tillögum hans um það mál. Er jeg og vanur, að haga svo framkomu í málum, sem jeg tel rjettast, en ekki eftir því, er mjer kynni að vera hagstæðast. Jeg hefi ekki hingað til skriðið fyrir neinum til þess að fá þetta starf eða annað, og get því haldið fullri einurð við hvern sem um er að eiga. Býst jeg því ekki við, að neinar hótanir breyti skoðun minni eða tillögum um það mál, sem hjer liggur fyrir.

Umr. frestað.

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 16. ágúst, var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 9, n. 285 og 330).

Frsm. meiri hl. (Einar Árnason): Jeg býst nú við, að þetta mál fari að verða útrætt frá minni hálfu. Þetta frv. er þannig vaxið, að óþarfi er um það að deila. Gallarnir eru auðsæir. Í framsöguræðu minni reyndi jeg að haga svo orðum mínum, að ekki þyrfti að komast hiti í umræðurnar. En mjer finst ekki laust við, að nokkurs kapps hafi kent af hálfu hv. minni hl. nefndarinnar. Háttv. frsm. minni hl. (M. G.) sagðist vera hissa á, hvað meiri hl. gerði þetta mál svart í augum þingsins. En jeg undrast engu minna, hvað mikið hann reynir að gylla frv. — Það virðist svo, sem hv. frsm. minni hl. (M. G.) þyki einskis vert, að um leið og lagðar eru þungar kvaðir á Landsbankann, þá er Íslandsbanka veittur rjettur til að auka hlutafje sitt og veltufje um miljónir króna, og með því gefið tilefni til þess að kasta sjer út í allskonar fjárgróðafyrirtæki, sem gætu orðið hættuleg fyrir landið og Landsbankann. Hv. framsm. minni hl. (M. G.) finst ekki heldur skifta miklu máli, þótt ríkið sleppi íhlutunarrjetti þeim, sem það hefir nú um rekstur Íslandsbanka, svo að hann geti hagað öllum framkvæmdum eftir eigin geðþótta, og það þótt ofan á þetta bætist, að gjald hans til ríkissjóðs er minkað stórum, einmitt á þeim tíma, sem bankar í nágrannalöndunum greiða fje, sem skiftir miljónum, til ríkisþarfa. — Hjer er því greinilega farið í öfuga átt við það, sem tíðkast annarsstaðar. Og þetta telur minni hl. alls ekkert athugavert. En þegar svo langt er komið blindninni í þessu máli,

þá er tilgangslaust fyrir meiri hl. að ræða það öllu meira; jeg geri ráð fyrir, eins og málið nú er komið, og eftir gyllingar hv. minni hl., að þá muni ekki þýða að halda uppi deilum. Að eins vildi jeg fá að drepa á fáein atriði. — — Háttv. framsm. (M. G.) gat þess í ræðu sinni, að jeg teldi þingið hafa misstigið sig í þessu máli áður fyr, og því ætti mjer að vera ljúft að stíga spor til baka. — Þetta er rjett; enda skal jeg fúslega fylgja hv. framsm. minni hl. (M. G.), þegar jeg sje, að hann er á rjettri leið í málinu. En það spor, sem hann er nú að stíga, leiðir út í enn meiri ófæru. — Enn vildi hv. frsm. minni hl. (M. G.) gera mjög lítið úr áhrifum bankaráðsins á rekstur Íslandsbanka. Það kann rjett að vera, að þeirra hafi lítið gætt. En það er ekki lögunum að kenna, heldur þinginu, og úr því er auðvelt að bæta. — Þá eru eftirlitsmennirnir, sem mælt er fyrir um í þessu frv. Um þá er það að segja, að jeg legg ekki meira upp úr þeim en hv. minni hl. upp úr bankaráðinu, því valdsvið þeirra er miklu minna heldur en bankaráðsins. Hið eina, sem þeir geta haft hönd í bagga með, er að gæta þess, að bankinn gefi ekki út of mikið af seðlum. Að öðru leyti geta þeir engin áhrif haft á starfsemi bankans. — Þá sagði hv. framsm. minni hl. (M. G.), að afstaða Íslandsbanka til ríkisins væri óbreytt eftir frv. Það er ekki rjett. Eftir frv. verður Íslandsbanki ekki lengur seðlabanki í eiginlegri merkingu, og hefir því ekki sömu skyldum að gegna og venja er um slíka banka. Hann getur því tekið sjer fyrir hendur eitt og annað, sem honum er óleyfilegt sem seðlabanka. Viðvíkjandi því, sem háttv. frsm. minni hl. (M. G.) sagði, að bankinn gæti fengið nægilegt fje að láni, þó að hann yki ekki hlutafje sitt, þá get jeg ekki gengið inn á, að svo sje. Því þegar bankinn tekur lán, verður hann að gefa tryggingu fyrir því, og til þess hefir hann ekki annað en hlutafjeð. Lánstraust bankans er því bundið við upphæð hlutafjárins. Enn fremur sagði hann, að það hefði mátt skilja orð mín á þann veg, að hann hefði reynt að hafa áhrif á skoðanir nefndarmanna. Það sagði jeg ekki. Heldur hitt, að er málið var rætt við bankastjórn Landsbankans, þá hefðu komið fram margar nýjar skýringar á því. Jeg er ekki að lá hv. frsm. minni hl. (M. G.), þótt hann hafi skýrt málið frá sjónarmiði hv. minni hl. Það er ekki nema eðlilegt. Og jeg læt ósagt um, hvort hann hefir ætlað að „agitera" fyrir málinu í nefndinni. Þá talaði hann um, og taldi miklu tryggilegra, að eins og ástandið væri, þá hefði Landsbankinn seðlaútgáfuna, og tæki þar með að sjer stjórn peningamálanna. Því skal jeg ekki bera á móti. Að eins er spurning um, hvort bankinn sjer sjer það fært, eins og hjer er í pottinn búið. Að minsta kosti álítur bankastjórnin það ekki. Hins vegar er óhætt að fullyrða, að Landsbankinn getur haft allmikil áhrif á fjármálastefnurnar, með þeim stuðningi, sem löggjafarvaldið getur látið honum í tje. Sú skoðun kom líka fram í deildinni — það var víst bæði hv. framsm. minni hl. (M. G.) og hæstv. forsætisráðherra (J. M.) — að það væri nauðsynlegt að eiga þetta frv. í fórum sínum, ef snurða kæmi á þráðinn í samningum við Íslandsbanka um seðlaútgáfurjettinn. Þetta er nokkuð nýtt hjer. Og það verður varla skilið á annan veg en þann, að Íslandsbanki mundi ekki vilja þiggja framlengingu á seðlaútgáfurjettinum, ef þetta frv. næði

ekki fram að ganga. En fyrir mitt leyti er jeg viss um, að bankinn hefir hyggnari fjármálamönnum á að skipa en svo, að þeim kæmi slíkt til hugar. En hvað sem um þetta er, þá bætir það ekki málstað hv. minni hl. Íslandsbanki hefir svo marga viðskiftamenn og stóra, að honum mundi ekki haldast uppi að draga saman seglin og innheimta stórfje. Það yrði til stórtjóns, ekki einasta viðskiftamönnunum, heldur og bankanum sjálfum. Þetta kemur því ekki til mála, allra síst sem meðmæli með þessu frv. — Líka var því haldið á loft hjer í deildinni, að meiri hl. nefndarinnar bakaði sjer talsverða ábyrgð með því að leggja á móti frv. Því fer fjarri, að jeg geti fallist á, að þetta sje rjett eða sanngjarnt á nokkurn hátt. Málið er þannig vaxið í stuttu máli, að undanfarin þing hafa framlengt rjett Íslandsbanka til seðlaútgáfu um vist tímabil. Nú hafa staðið samningar við bankann um að fá þessu breytt, ef það sje mögulegt. Þessir samningar eru svo lagðir hjer fram fyrir hv. þingdeild í frumvarpsformi. Ef nú þinginu þykir þessir samningar óaðgengilegir, þá fellir það frv., og þá stendur málið nákvæmlega á sama grundvelli og á undanförnum þingum. Jeg get heldur ekki sjeð, að það sje móðgun gagnvart Íslandsbanka á neinn hátt. Þá kom það og fram hjá hv. frsm. minni hl. (M. G.), að hann teldi dagskrána vera skrítinn og óviðkunnanlegan endi á þesssu máli. Þar er jeg honum heldur ekki sammála. Jeg get ekki skilið, að það þurfi neina sjerstaka viðhöfn til að fella þetta frv. Hvort dagskráin er borin upp nú þegar, eða ekki fyr en við 2. umr., ef frv. kemst þá svo langt, það læt jeg mig engu skifta. Jeg skal láta þess getið, að meiri hl. er fús til að láta það bíða til 2. umr. Annað mál er það, að atkv. get jeg ekki greitt með málinu áfram; jeg sje enga ástæðu til að tefja þingtímann með því að halda líftórunni í máli, sem sjálfsagt er að fella.

Mjer er ekki kunnugt um það, hvernig málið stendur í deildinni, en færi svo, að frv. yrði samþ., þá get jeg ekki annað en óskað þess, að það reyndist happadrýgra fyrir landið heldur en meiri hl. fjárhagsnefndar þorir að vona.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Háttv framsm. meiri hl. (E. Árna.) hneykslaðist á því, að við minni hluta menn flyttum mál þetta af svo miklu kappi. En jeg get ekki sjeð, að hjer hafi verið meira kapp á lagt en venjulegt er við flutning mála, nema ef honum kynni að finnast svona af því, að hann hafi átt erfitt með að andmæla skoðun minni hl.

Og jeg kannast alls ekki við að hafa farið með neinar gyllingar, og ef svo væri, þá hefði háttv. frsm. meiri hl. átt að færa einhver rök að þeim orðum sínum, að jeg hefði verið að gylla frv. um of. En það er svo langt frá því, að svo sje, því að jeg sagði, að ef jeg hefði mátt ráða samningunum, þá hefðu þeir orðið öðruvísi. En þar með hefi jeg viðurkent það, að mjer líki frv. ekki alls kostar vel. En það gefur að skilja, að þegar samningar fara fram milli tveggja aðilja, þá getur ekki annar öllu ráðið, heldur hljóta málalokin að verða eftir samkomulagi.

Bæði hjá háttv. frsm. meiri hl. (E. Árna.) og háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) kom fram hræðsla við það, að heimila Íslandsbanka að auka hlutafje sitt.

En þeir ættu að setja sig í spor hlut-

hafa bankans. Þá mundu þeir fljótt sjá, hve mikil hætta er á, að sú aukning verði í stórum stíl, ef þeir eru ekki vissir um að geta ávaxtað það fje hjer. En það fer aftur eftir því, hve mikill markaður verður hjer fyrir bankafje. Sá markaður getur nú orðið talsvert mikill, en án seðla getur enginn banki rekið stór viðskifti, og þá seðla mundi Íslandsbanki verða að fá hjá Landsbankanum.

Hættan er því engin.

Þá er annað. „Consession" bankans er alveg óbreytt fyrir því, þótt þetta frv. verði að lögum. Hann má ekki fást við fleiri starfsgreinar eftir en áður. Og það er einmitt eitt af aðalatriðum málsins, að „Consessionin" helst óbreytt, og því getur bankinn jafnt hjer eftir sem hingað til gefið sig við gróðafyrirtækjum.

Háttv. frsm. meiri hl. (E. Árna.) sagði, að bankar greiddu nú alment annarsstaðar mikið fje í landsþarfir. Það er alveg rjett. En hann verður að gæta þess, að Íslandsbanki hefir nú einu sinni fengið lausn frá sköttum í 30 ár, og þann rjett er ekki hægt að taka aftur. Það er því ekki rjett að vitna til erlendra banka í þessu atriði.

Þetta gjald, sem bankinn á að greiða, verður því eingöngu fyrir þessar 2½ milj. kr. í seðlum, sem bankinn má gefa út. Og það er ekki rjett hjá háttv. frsm. meiri hl. (E. Árna.), að það gjald verði minkað. Hann verður að muna það, að seðlaútgáfan nemur nú um 9 miljónum, og fyrir það borgar bankinn sem næst til jafnaðar 70 þús. krónur á ári, en eftir frv. á hann að greiða 50 þús. kr. fyrir að eins 2½ miljón kr.

Og ef Íslandsbanki stendur sig við það að greiða 50 þús. kr. fyrir að gefa út 2½ miljón, þá ætti Landsbankinn ekki síður að standa sig við að gefa út það, sem um fram er, fyrir ekki neitt.

Háttv. framsm. meiri hl. (E. Árna.) heldur, að hjer sje stigið eitt spor áfram út í þá ófæru, sem komið var út í áður, en jeg held, að hjer sje sporið tekið til baka úr henni aftur, með því að taka aftur nokkuð af seðlaútgáfurjettinum.

Þá gerði hann lítið úr eftirlitsmönnunum. Taldi hann þá í mesta lagi geta haft eftirlit með því einu, að tryggingarreglunum væri fylgt.

En jeg vil leyfa mjer að benda á það, sem stendur í 7. gr. frv. um þetta atriði. Þar segir svo: „Þessir menn skulu hafa stöðugt eftirlit með seðlaútgáfu bankanna og að tryggingarreglunum sje fylgt, og skýra ráðherra þeim, sem bankamál bera undir, skriflega frá því, jafnskjótt og þeir verða einhvers þess varir, sem þeir telja hættulegt seðlabanka eða varhugavert starfsemi hans. Eftirlitsmenn þessir hafa aðgang að öllum bókum og skjölum bankanna, sjóði þeirra, verðbrjefum og málmtryggingu, þannig, að eigi fari í bága við afgreiðslu í bankanum. Nánari reglur um starf þessara manna setur ráðherra sá, er bankamál bera undir." Hjer er þeim vissulega falið fleira en að líta eftir því, að tryggingarreglunum sje fylgt. Þeir eiga að athuga allan rekstur bankans, og skýra ráðherra frá jafnharðan ef einhverju er ábótavant. En þar með er það gefið, að Íslandsbanki samþykkir að teljast seðlabanki eftir sem áður, þar sem hann skuldbindur sig til að vera háður slíku eftirliti.

Og hvers virði það er sjest best á niðurlagi 2. gr. þess frv., sem hjer á dagskrá næst á eftir. Þar stendur, að

ráðuneytið geti felt úr gildi ályktun aðalfundar bankans, ef því finst hún fara í bága við tilgang hans, samkvæmt inngangsorðum laga nr. 66, 10. nóv. 1905. Það er því ekkert „Argumentum“ að segja, að Íslandsbanki sje ekki lengur seðlabanki. Hann hefir með þessu viðurkent, að hann væri það, og játast undir þær skyldur, sem því fylgja. Um það þarf því ekki að deila, hvort hann er það í raun og veru eða ekki.

En þetta er einmitt eitt af þeim atriðum, sem samninganefndin lagði mikla áherslu á, að bankinn yrði framvegis háður sama eftirliti sem seðlabanki.

Háttv. framsm. meiri hl. (E. Árna.) gat ekki neitað því, að heppilegra væri ef viðskiftakreppa yrði í landinu, að Landsbankinn hefði forystuna í peningamálum. En hann hjelt, að hann yrði ekki fær til þess, þó að hann fengi seðlaútgáfurjettinn. En það er misskilningur.

Það getur sá best, sem hefir seðlaútgáfurjettinn, því að ef viðskiftateppa kemur, er það, sem mest á ríður, að draga úr henni, en það má einmitt gera með hæfilegri seðlaútgáfu.

Þá virtist mjer háttv. framsm. meiri hl. halda því fram, að jeg hefði álitið, að Íslandsbanki vildi ekki þiggja frekari seðlaútgáfurjett. En jeg hefi aldrei sagt neitt í þá átt. Jeg held þvert á móti, að hann mundi verða því guðsfeginn. Það stendur líka í nál., að hann vildi það helst. Menn verða líka að muna það, að að eins annar bankastjórinn er samningunum fylgjandi, hinn er á móti þeim, og það er öllum kunnugt, að bankinn álítur sig tapa á því að missa þennan rjett.

Jeg hefi ekki talað um þá ábyrgð, sem hv. meiri hl. baki sjer með máli þessu. Ef nokkur hefir minst á slíkt, þá mun það hafa verið hæstv. forsætisráðherra (J. M.). En jeg get tekið undir það, að undarlegt virðist að hugsa ekkert um framhald þessa máls, þar sem nú er að eins hálfur mánuður eftir af tíma þeim, sem bankinn hefir heimild til aukinnar seðlaútgáfu. Það er þó vitanlegt, að vegna viðskiftanna má ekki draga inn þá seðla, sem fram yfir eru 2½ miljón kr., auk seðla Landsbankans.

Að jeg telji það móðgun gegn Íslandsbanka, ef frv. verður ekki samþ., það er hreinasta fjarstæða. Jeg veit, að annar bankastjórinn yrði því feginn, ef ekki báðir.

Jeg sagði að eins, að jeg teldi það hyggilegra að brjóta ekki að baki sjer þessa einu brú, sem hægt er um að fara. Og jeg vildi ekki, að þessi rökstudda dagskrá yrði borin undir atkv. fyr en við 2. umr. En það má gjarnan fyrir mjer. Jeg hefi enga persónulega „interesse“ fyrir málinu.

Jeg gleymdi í fyrradag að minnast á eitt skilyrðið. Það er innlag Íslandsbanka í Landsbankann. Í nál. hv. meiri hl. stendur svo, að það sje einungis Íslandsbanka í hag, og það sjeu hlunnindi, sem Landsbankinn hafi aldrei notið hjá Íslandsbanka. En það vill nú svo vel til, að jeg fór í morgun til hr. Sighvats Bjarnasonar bankastjóra, og átti tal við hann um þetta efni. Sýndi hann mjer þá reikning, þar sem Landsbankinn getur lagt fje inn í Íslandsbanka gegn 3% vöxtum.

Þetta telur Íslandsbanki alveg sjálfsagt fyrir seðlabanka, því að hann þarf ekki annað en að taka nýja seðla, ef tekið er óvænt út úr þessum reikningi.

Þetta er að vísu ekki í lögunum, en það eru samningar um það milli bank-

anna. Það sýnist ekki heldur neitt voðalegt að taka við peningum gegn 3% vöxtum, þar sem Landsbankinn greiðir nú 4% í sparisjóðsvexti og 4½% vexti á hlaupareikningum.

Að hjer sje um hlunnindi að ræða, sem Landsbankinn hafi aldrei notið hjá Íslandsbanka, er ekki rjett, þar sem samningar þeir, er jeg mintist á, eru nú orðnir 6—7 ára gamlir.

Þá talaði háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) langt mál, og skal jeg svara honum með nokkrum orðum.

Hann sagði meðal annars það, að Íslandsbanki gæti með því, að auka hlutafje sitt, neytt Landsbankann til að gefa út seðla takmarkalaust.

Bygði hann þá skoðun á 6. gr. frv. En hann verður að athuga það, að Landsbankinn á að takmarka seðlaútgáfuna eftir viðskiftaþörfinni, og færi Íslandsbanki fram á meira en hún krefur, þá er Landsbankinn ekki skyldur að láta seðlana af hendi.

Undir þennan leka er líka sett með 7. gr. frv., þar sem svo er ákveðið, að eftirlitsmennirnir skýri ráðh. jafnskjótt frá, ef þeir verða einhvers vísari, sem þeim þykir varhugavert.

Þessi hræðsla háttv. þm. (J. B.) er því bygð á tómum misskilningi.

Þá gerði háttv. þm. (J. B.) mikið úr bankaráðinu. Eftir skilningi hans var það einhver sjerstök fyrirmyndarstofnun.

Hann hefði nú ekki þurft að lesa upp ákvæðin um bankaráðið, því að mjer voru þau kunn áður. Allra síst hefði hann átti að leggja áherslu á það, að ráðh. mætti sitja á fundum bankastjórnarinnar, því að það hafa þeir aldrei gert og munu ekki heldur gera, þótt þeim sje heimilað það.

Jeg býst ekki við, að neinn ráðherra hafi svo lítið við að fást, að hann geti verið bankastjóri jafnframt.

Þetta ákvæði er því að eins sett til ginningar, en hefir enga „praktiska“ þýðingu.

Þá las háttv. þm (J. B.) upp kafla úr ræðu eins látins konungkjörins þm. (H. Sv.), til að sýna það, að allir þessir menn, sem bankaráðið skipa, ættu að vera tryggir og hliðhollir landinu, þar á meðal ráðherrann sjálfur. En þegar þess er gætt, að þessi orð eru töluð árið 1901, meðan ráðherrann er danskur, þá fer þetta að líta dálítið undarlega út.

Þá taldi háttv. þm. (J. B.) það mjög hæpið, að eftirlitsmennirnir gætu haft nokkur áhrif. En jeg get ekki sjeð, að þeir standi ver að vígi en bankaráðið, þar sem stjórnarráðið setur reglugerð um starfsemi þeirra, en í bankaráðinu hafa verið menn utan af landshornum, sem hvergi hafa náð nærri að koma.

Annars er það sjerkennilegt við hv. 1. þm. Reykv. (J. B.), að ef hann kemst í hita, hættir honum við að segja ýmislegt, sem hægt er að finna höggstað á, eins og t. d. það, að sjávarútvegurinn kynni að magnast svo, fyrir tilstilli Íslandsbanka, að landbúnaðurinn legðist niður. Þótt slíkt væri hugsanlegt, þá á Íslandsbanki, samkvæmt tilgangi sínum, að efla báða þessa atvinnuvegi, og ef hann ynni að eyðingu landbúnaðarins, hefði hann þar með fyrirgert rjetti sínum.

Annars mun þetta frekar sagt í hita en í fullri alvöru. Þá sagði háttv. þm. (J. B.), að seðlaútgáfan væri alveg óviss, hún gæti farið niður í 2½ miljón kr., og gæti því orðið byrði fyrir Landsbankann. En það getur hún þó ekki orðið fyr en hún fer niður fyrir 2½ miljón kr., og vitaskuld fer hún aldrei svo

langt niður, þar sem hún er nú 9 miljónir kr., og þó þarf að auka hana.

Háttv. þm. (J. B.) spurði, hvers vegna Íslandsbanki vildi ganga inn á frv., þar sem vitanlegt væri, að hann gerði það ekki, ef hann sæi sjer búið tjón af því.

Það er eðlileg spurning. En jeg vil þá benda honum á það, að að eins annar bankastjórinn var með því. Ástæðan er sú, að hann býst alls ekki við því, að þingið vilji láta bankann hafa seðlaútgáfurjettinn til frambúðar. En nú er komið að prentun seðlanna, og þarf því að fá málið afgert. Og þar sem bankinn vill gjarnan hafa þennan rjett áfram, þá er enginn vafi á því, að hann yrði því feginn, ef frv. yrði felt.

En það er ekki hægt að segja, nema hann kynni nú að setja einhver ný skilyrði, ef honum væri gefið undir fótinn með að fá rjettinn framvegis til að gefa út það, sem eftir er.

Jeg vil því ekki láta fella frv. áður en leitað er nýrra samninga við bankastjórnina um seðlaútgáfuna.

Enginn vafi er á því, að það væri í þágu Íslandsbanka, ef frv. væri felt.

Um seðlaútgáfuna er óhætt að segja, að hún heldur áfram að aukast. Þegar Íslandsbanki byrjaði, var honum leyft að gefa út 2½ miljón kr., og var þá haldið, að landið þyrfti ekki á meiru að halda í þessi 30 ár.

En ekki leið á löngu, þar til leyft var að auka hana, og nú er hún komin upp í 9 miljónir. Og það fer aldrei svo, að þessi aukning falli niður, þó nú sje hún af sjerstökum ástæðum. Á næstu 15 árum getur hún aukist stórum meira en fyrirsjáanlegt er, alveg eins og ekki var unt að sjá það fyrir 1903, að hún mundi aukast svo, sem nú er raun á orðin.

Annars sje jeg ekki ástæðu til að slást fyrir máli þessu, meira en gert er. Jeg hefi reynt að benda á það, sem máli skiftir, en jeg get skilið, að það geri háttv. þm. deiga við að samþ. þetta frv., að bankastjórn Landsbankans snýst nú á móti því, eftir að hafa verið því fylgjandi áður. Sömuleiðis býst jeg við, að það sje ekki uppörfandi fyrir háttv. þm., að ráðherra sá (S. J.), sem lagði þetta frv. fyrir háttv. Alþingi, skuli aldrei láta sjá sig meðan á umræðunum stendur, og virðist liggja það í ljettu rúmi, þótt snúist sje á móti því.

Mjer liggur það nokkuð á hjarta, hvað gert verður við þetta frv. við þessa umr., því að jeg tel rjett, að reynt verði á nýjan leik að komast að einhverjum samningum um seðlaútgáfurjettinn í framtíðinni, og tel því rangt að drepa frv. að svo stöddu. Vildi jeg reyna að fá menn til að leiða þetta mál til lykta á eins heppilegan hátt og hægt er. Jeg segi fyrir mig, mjer finst það skifta töluverðu máli, hvort þessi rjettur er veittur Íslandsbanka 5—10 eða 15 ár. Um skemri tíma er ekki að tala, þar sem honum í nál. háttv. meiri hl. er gefið undir fótinn með, að hann muni fá þennan rjett í lengri tíma.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer þykir það harðla undarlegt, að sumir skuli halda, að mjer sje þetta mál mikið kappsmál, því í raun og veru er mjer það alls ekkert kappsmál. Fyrst og fremst hefði mjer aldrei dottið í hug að gefa samþykki mitt fyrir, að þetta frv. væri borið fram sem stj.frv., hefði ekki bankastjórn Landsbankans verið því þá fylgjandi. Mín skoðun var frá upphafi, að heppilegast væri, að Landsbankinn fengi annaðhvort allan seðlaútgáfurjettinn, eða þá, ef það reyndist ófáanlegt, með bærilegum kjörum, þá

að Íslandsbanki fengi rjettinn, eftir því sem viðskiftaþörf krefur, fyrir meiri eða minni hluta þess tíma, sem eftir er af einkaleyfi hans.

Þetta álit mitt var bankastjórn Landsbankans kunnugt, er frv. varð til. En það, sem jeg tel ábótavant í þessu máli, og það, sem jeg kann ekki við hjá háttv. meiri hl. fjárhagsnefndar, er, að hún skuli koma með till. um að fella málið, án þess að gera ráð fyrir, hvað gera skuli eftir á. — Eins og hv. frsm. minni hl. (M. G.) tók fram, er nú svo komið, að eftir 14 daga er heimildin fyrir Íslandsbanka að gefa út fleiri seðla en 2½ miljón kr. úti. Af tilviljun hitti jeg hr. Sighvat Bjarnason bankastjóra í morgun; sagði hann mjer, að búið væri að gefa út alla þá seðla, sem má.

Þar sem það hefir komið fram hjá háttv. frsm. meiri hl. (E. Árna.), að honum lægi í ljettu rúmi, hvort þessi dagskrá yrði látin bíða þar til síðar, þá finst mjer sjálfsagt, að nefndin tali við bankastjórn Íslandsbanka og viti, hvort hún hefir ekki betra að bjóða. Og ef ekki vill ganga saman, að hún athugi þá, hvort ekki er hægt að laga þetta einhvern veginn. Væri það að minsta kosti sjálfsagt af nefndinni að komast fyrir álit þingsins um það, með hvaða kjörum ætti að láta Íslandsbanka halda seðlaútgáfunni. Ef nú þetta frv. er felt, hvað hygst þá nefndin fyrir? Ætlar hún þá á nýjan leik að byrja samninga við Íslandsbanka? Eða býst hún við, að Íslendsbanki leiti á náðir hennar og vilji fá aukinn seðlaútgáfurjett? Hitt gæti jeg hugsað, að Íslandsbanki yrði tregur til að byrja nýja samninga. Jeg býst ekki við, að þetta frv. gangi fram, og tel það hvorki eðlilegt eða rjett, úr því að Landsbankastjórnin er því nú andvíg. Er þetta mál var undirbúið í vetur, var bæði samið við stjórn Íslandsbanka og ráðgast við stjórn Landsbankans, af nefndinni, sem skipuð var. Um málsins gang veit jeg ekki, því málið heyrir ekki undir mig. Að vísu átti jeg hlut í því að skipa mennina í samninganefndina, og veit jeg ekki annað en að það sje viðurkent, að þessir menn hafi verið mjög vel valdir og leyst starfið mjög vel af hendi. Að jeg stend hjer að nokkru leyti fyrir svörum kemur af því, að jeg, samkvæmt ósk þingsins, mintist á þetta mál við hina erlendu bankaráðsmenn Íslandsbanka.

Gísli Sveinsson: Jeg ætla ekki að blanda mjer inn í það í þessu máli, sem kalla mætti ádeilu milli einstakra manna. Jeg ætla ekki að blanda mjer í það, þótt einstaka þm., svo sem hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) geri nú upp við stjórnina sína, en þess vil jeg þó láta getið, að þótt jeg og fleiri háttv. þm. hefðum ýmislegt út á stjórnina að setja, þá hefir okkur þó aldrei komið til hugar að bregða neinum ráðherranna um, að þeir væru föðurlandssvikarar.

Annars furðar mig á, hversu margir bankafræðingar eru alt í einu risnir upp hjer í hv. deild. Og mig furðar á, eftir ummæli þau, er hv. frsm. meiri hl. (E. Árna.) ljet falla, að það væri ekki allra færi að dæma um þetta mál, og gætu hv. þm. alment ekkert sagt af viti um það. Þetta er alveg rjett, því að aðstaða seðlabanka gagnvart þjóðfjelaginu og til annara banka er eitthvert mesta og flóknasta mál bankapólitíkurinnar um öll lönd,

og er því einkennilegt, ef þeir, sem ekki eru meira bankafróðir en búandmenn þessarar hv. deildar hljóta að vera, geta sagt, hvað eigi að gera og hvað eigi ekki að gera í slíkum málum. Að vísu eru hv. þm. meiri hl., þeir hv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.), hv. 1. þm. Árn. (S. S.) og hv. þm. Barð. (H. K.), efunarlaust mikilhæfir menn. En að þeir væru bankafróðari en alment gerist um menn með líkri mentun, það vissi jeg ekki. Jeg hefði því kunnað betur við, frá almennu sjónarmiði, að þessir hv. þm. (E. Árna., S. S. og H. K.) hefðu látið sjer nægja að skýra frá skoðun þeirra manna, er þeir hefðu trúað að skyn bæru á málið, t. d. bankastjóra Landsbankans, eða einhvers annars, og lýsa svo yfir því, að þegar þessir menn legðu þetta til, t. d. að fella frv., þá treystust þeir ekki að hallast að því, einkanlega er það hefir nú líka komið fram hjá háttv. framsm. meiri hl. (E. Árna.), að hann hefir ekki frekari rök fram að færa en þau, sem um er getið í nefndarálitinu.

Að því er mjer virðist, er það aðallega þrent, sem deilt er um. Fyrst og fremst, hvort Landsbankinn mundi hafa hagnað eða tap af seðlaútgáfurjettinum. Meiri hl. hv. nefndar segir, að hann mundi tapa, ef hann taki seðlaútgáfurjettinn nú. Auðvitað er þetta, eins og allir sjá, ekki annað en ágiskun, staðhæfing. Þá er spurningin um, hvort þessi staðhæfing sje á nokkrum rökum bygð. Verðum við þá að líta til þeirrar reynslu, er við höfum þessu viðvíkjandi, því að reynslan er og verður altaf öruggasti og besti leiðarvísirinn í þessu máli, sem öðrum. Vjer getum í þessu máli litið til reynslu einnar stofnunar, og er það Íslandsbanki. Hefir hann grætt eða tapað á seðlaútgáfunni? Jeg býst við, að allir háttv. þm. sjeu sammála um, að hann hafi grætt á henni. Að minsta kosti hefir hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), sem nú hefir verið settur bankastjóri um tíma, á undanförnum þingum hamrað á því, bæði í tíma og ótíma, hversu óforsvaranleg hlunnindi seðlaútgáfan sje Íslandsbanka. Hefir hann tæmt málið að stóryrðum til þess að auglýsa þetta hneyksli. Það er því ekki að undra, þótt mann furði, að nú skuli hann leggjast þvert á móti því, að Landsbankinn fái seðlaútgáfurjettinn, af því að hann tapi á því. (**B. Sv.**: Jeg sagði aldrei, að hann mundi tapa á honum). Hv. þm. (B. Sv.) sagði, að allar líkur væru til þess, að Landsbankinn tapaði, eins og nú stæðu sakir. Nú hefir Íslandsbanki grætt á útgáfunni, og hver eru þá rök til þess, að Landsbankinn tapi? Eftir þeim spyr jeg.

En ef það eru nú ekki hlunnindi fyrir Landsbankann að fá seðlaútgáfurjettinn, þá býst jeg við, að þessir sömu háttv. þm. muni og framvegis verða því mótfallnir, að Landsbankinn fái hann, þó að sá tími sje kominn, er liðin eru þessi 15 ár, sem Íslandsbanki á eftir að hafa hann enn. Verða þessir hv. þm. því líklegast að fara fram á, að Íslandsbanki vildi gera svo vel að halda honum áfram, vildi gera svo vel að halda áfram að gefa út seðlana eftir viðskiftaþörfinni. En hver er reynslan í þessu máli? Á henni á, eins og jeg sagði áðan, að byggja umr. Og reynslan er sú, að dómi allra þeirra, utan lands og innan, sem vit hafa á, að seðlaútgáfa sje yfirleitt mikil hlunnindi. Hvernig stendur þá á því, að Landsbankinn skuli þurfa að tapa á seðlaútgáfunni, þegar Íslandsbanki og allir aðrir bankar, sem slík hlunnindi

hafa, græða, annaðhvort beinlínis eða óbeinlínis? Jeg læt mjer nægja að spyrja þessarar spurningar.

Enn fremur er því haldið fram af þeim, er fella vilja frv., að ef það gangi fram, þá falli burtu öll trygging fyrir eftirliti með starfrækslu Íslandsbanka af hálfu hins opinbera. Eftirlitsmennirnir, sem 7. gr. frv. gerir ráð fyrir, verði ekki að neinu haldi. Jeg spyr, hver er reynslan viðvíkjandi þessu, viðvíkjandi bankaráðinu? Hún er nú orðin svo þjóðkunn, að það veit hvert mannsbarn, sem sje, að þessir bankaráðsmenn hafa aldrei verið annað en „humbug". Bankaráðsstarfið hefir aldrei verið veitt öðruvísi en sem bitlingur. Hafa í þessa stöðu einatt verið skipaðir menn, sinn af hverju landshorni, menn, sem því engan veginn gátu stöðuglega litið eftir starfi bankans, eða aðrir, sem alls ekki voru færir til þess; enda ekki til þess ætlast. Fyrir þessu hefir Alþingi staðið, og hverjar líkur eru til, að bankaráðið yrði eftirleiðis öðruvísi skipað? Mjer sýnist svo á horfast hjer í þinginu, að bitlingasýkin fari ekki minkandi. — Nei, það er ekki furða, þótt hátt láti í bitlingamönnum þingsins, núverandi eða tilvonandi, er til tals kemur að afnema þetta bankaráð!

Þetta eru aðalatriðin, sem jeg vildi taka fram, viðvíkjandi málinu alment.

Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) taldi, að það væru engin dæmi til, að „privat"-banka hafi verið veitt slík hlunnindi sem þau, að fá að auka hlutafje sitt. Veit þá hv. þm. (J. B.) ekki, að „privat"-bankar eru einmitt miklu frjálsari en þjóðbankar? Á þjóðbönkunum og seðlabönkunum hvíla miklu fleiri hömlur vegna skyldunnar, sem þeir hafa að gegna við alþjóð.

Þegar litið er á það, hvernig á þessu máli muni standa, þá er það sjeð og vitað, að þingið hefir sjálft samþykt, að farið skyldi inn á samningaleiðina. Og þessi tilraun var gerð af mönnum, sem eg býst við að enginn dirfist að efast um, að þeir hafi verið fullvel til þess fallnir. Jeg veit að minsta, að einn þessara manna muni vita meiri deili á þessum efnum heldur en hinir hv. 3 eða 4 þm., sem dæma um þessa samninga. En tilgangurinn gat ekki verið sprottinn af öðru en því, að koma í veg fyrir, að Íslandsbanki hjeldi seðlaútgáfurjettinum áfram. Og jeg fæ ekki betur sjeð en að þetta hafi verið þjóðlegasta stefnan, að ná seðlaútgáfurjettinum, þótt ekki væri í bráð nema að nokkru leyti, í hendur landsins, eða Landsbankans. Jeg geri ráð fyrir, að þeir, sem vilja fara þessa leið, verði hjer eftir, eins og nú um stund hefir bólað á, stimplaðir sem þjóðníðingar. Því að svo hefir málið verið rætt, m. a. í blaði einu, sem stendur nærri sumum mönnum hjer í deildinni. (**E. A.**: Þar á meðal atvinnumálaráðherra). Það er nú vist að kveðja hann. En því er þó ekki að leyna, að blaðið styður atvinnumálaráðherra, sem hefir lagt frv. fyrir þingið. Og það er þó fullyrt, að bankastjórar Landsbankans hafi ekki sjeð neitt í vegi fyrir þessu, er málið var borið undir þá í byrjun. En nú bregður svo kynlega við, að þeir treysta ekki bankanum til að taka við seðlaútgáfunni, jafnvel þótt í stjórn bankans sitji nú um tíma maður, sem hæst hefir látið um þetta áður. Nú er bankastjórnin orðin svo kjarklaus, að hún treystist ekki til að taka hluta af seðlaútgáfurjettinum í sínar hendur. Nú heldur hún, að það mundi verða landinu til stórtjóns. Eftir þær um-

bætur, sem nú hafa verið gerðar á stjórn bankans, þar sem stjórn hans skipa 3 menn, hver með þekkingu á sínu sviði, að því er ætla skal, skyldi maður hafa ætlað, að bankastjórnin hefði reynt að taka við þessum hlunnindum, eða þá koma með einhver rök fyrir höfnuninni. Og mjer eru það mikil vonbrigði, að bankastjórnin skuli ekki treysta sjer að taka tilboðinu. En einkennilegast virðist mjer það þó vera, að bankastjórnin skyldi ekki vita þetta meðan verið var að semja. Því að þá hefði aldrei til þess komið, að frekar yrði af samningum. Jeg geri að minsta kosti ráð fyrir, að málið hefði aldrei komið fram gegn eindregnum mótmælum bankastjóranna. Þess vegna neyðist maður til þess að efast um, að bankavitið hafi flust inn í Landsbankann við breytinguna.

Jeg verð að taka undir það með ýmsum öðrum, að mjer er forvitni á að vita, hvað meiri hl. ætlast fyrir. Jeg á ekki við það, hvort á að semja við Íslandsbanka um, að hann auki seðlaútgáfuna nú um sinn. Hann verður vitanlega fús á það, því að það er hans hagur. Jeg lít rýmra á málið. Jeg spyr: Hvað á að gera framvegis? Á að vera loku fyrir skotið, að landið nái nokkurn tíma seðlaútgáfurjettinum af Íslandsbanka? Það sýnist vera um aldur og ævi beinn óhagur eftir till. meiri hl. Mjer er forvitni á að vita, hvað nefndin hugsar sjer að gera við málið í framtíðinni. Meiri hl. verður að svara til. Á nú að leggja árar í bát í þessu þjóðmáli, sem að þessu hefir verið áhugamál svo margra góðra manna?

Einar Arnórsson: Jeg skal ekki vera langorður, því að jeg sje ekki, að hv. deild sje nokkru nær um, hvort landinu sje hagur eða óhagur í að taka þennan seðlaútgáfurjett í sínar hendur.

Það má reikna út, hvern hag landssjóður hefir haft af árgjaldinu. Miðað við reikninginn frá 1918 hefir hagnaðurinn verið 140 þús. kr. Ef þetta skipulag hefði þá verið komið á, hefði hann orðið rúm 60 þús. Landssjóður hefði þess vegna tapað tæpum 80 þús. á breytingunni. Hitt er ekki auðvelt að segja um, hvort sömu tölur ganga aftur næsta ár. Til þess að þetta borgi sig þarf Landsbankinn auðvitað að fá tilsvarandi hagnað og hann yrði hjá landssjóði. Nú er auðvitað erfitt að segja um, hvern hag bankinn hefði af þessu nýja skipulagi. Það fer eftir ýmsum atriðum, sem ekki er hægt að segja um nú, t. d. viðskiftaþörfinni. Því meiri sem viðskiftaþörfin yrði, því meira yrði að gefa út af seðlum, og því meiri yrði hagnaðurinn af útgáfunni. En því minna, sem gefið yrði út af seðlum, því minni yrði hagnaðurinn. En þetta er ekki hægt að reikna fyrirfram, Við vitum meðaltal þeirrar seðlafúlgu, sem bankinn hefir haft í veltu í seðlum. Árið 1918 hefir hún verið nálega 6 milj. kr. Ef reiknað er með þeirri fjárhæð, mundi Landsbankinn hafa unnið upp þann halla, sem landssjóður biði af skiftunum. Hvort þetta nemur meira eða minna framvegis er erfitt að segja. Ekkert liggur fyrir um það, hvern tilkostnað Landsbankinn kann að hafa af fjárflutningi fyrir Íslandsbanka, og er því ómögulegt að gera sjer grein fyrir því.

Hitt er annað mál, að ef Landsbankinn tæki í sínar hendur allan seðlaútgáfurjettinn, væri hann sjálfkjörinn til að taka sjer á herðar alla forystu í peningamálum. Hins vegar sýnist vera nokkuð hæft í því, að bankastjórarnir

hafi ekki trú á, að þetta gæti orðið. Hitt er óvíst, hvort þetta stafar af ótrú á málefninu sjálfu eða því, að þeir treystist ekki til að fara með fjárráðin. En fullyrt er, að bankastjórnin hafi álitið þetta vera aðgengilegt í vetur, enda mundi stjórnin aldrei hafa borið frv. fram hjer á þingi gegn samþykki bankastjóranna.

Fjárhagsnefnd virðist ekki hafa íhugað málið nógu rækilega. Sjerstaklega hefði meiri hl. átt að skoða fleiri möguleika. Í nál. þremenninganna (M. G., P. A. Ó. og Þ. Þ.) er skýrt frá þrennskonar tilboðum, og er svo að sjá, sem landssjóður hafi átt kost á öllum seðlaútgáfurjettinum. En af því að minni hl. nefndarinnar telur tilboðið í stjórnarfrv. vera viðunandi, er ekki ástæða fyrir hann að fara frekar út í þá sálma. En meiri hl. átti að gera grein fyrir því, hvernig hann liti á hina hlið tilboðsins, sem merkt er með I. En um það hefir deildin ekkert fengið að vita. Mjer sýnist óvíst, að sú leið sje ekki fær, og jafnvel betri en hin, að taka við nokkrum hluta rjettarins. Sú leiðin, að taka við öllum útgáfurjettinum, 2½ miljón, er þó skýrari og hreinni. Það er að eins um að ræða fjárgreiðslu í eitt skifti fyrir öll, og þá ekki tekið fram, að hann vilji fá leyfi til að auka hlutafje sitt eftir þörfum.

Jeg get ekki felt mig við dagskrá meiri hl. Hún gerir ráð fyrir, að samningaumleitanir sjeu strandaðar og málið lagt á hilluna í 15 ár. Ef frv. verður rutt úr götunni með rökstuddri dagskrá, vil jeg, að það komi fram, að ekki sje ætlast til, að málið sje kistulagt þessi 15 ár, sem eftir eru af sjerleyfistímanum. Jeg er ekki viss um, að loku sje fyrir það skotið, að bankinn fengist til að slaka eitthvað á skilyrðunum. Meiri hl. hefir ekki vikið einu orði að því, hver skilyrði hann teldi vera aðgengileg. Hann mun auðvitað svara þessu á þá leið, að fyrir sjer hafi ekki legið annað en frv. En jeg geri ráð fyrir, að alt málið hafi legið fyrir fjárhagsnefnd, og hana bar skylda til að athuga það í heild. En þessa skyldu hefir hún vanrækt. Nefndin hefir að eins komið með þessa rökstuddu dagskrá og vill þar með kistuleggja málið.

Jeg hlýt þess vegna að vera á móti dagskránni, en áskil mjer hins vegar óbundnar hendur um atkvæði um frv. sjálft.

Jörundur Brynjólfsson: Það hefir margt verið rætt um þetta mál, og margt af því, sem sagt hefir verið að þessu sinni, er hið sama, eða svo svipað því, sem fram kom hjer áður, að jeg get farið fljótt yfir sögu.

Frsm. minni hl. (M. G.) drap á nokkur atriði, sem sýndust mæla með því, að frv. næði fram að ganga, og hann vildi gera lítið úr ástæðum okkar, sem erum á móti. Jeg ætla mjer ekki að tína upp einstök atriði úr ræðu hans, en vildi að eins drepa á örfáa megindrætti, sem mjer virðast skifta mestu máli, og snerta það, er jeg hafði látið áður um mælt sjerstaklega.

Fyrst drap hann á það, að engin ástæða væri fyrir þingið að óttast frv., þar sem annar bankastjóri Íslandsbanka legði á móti því. En á þessu er ekki að byggja. Því að hitt er jafnframt víst, að sá bankastjórinn, sem helst fer með fjárráð bankans, telur sig vera fúsan til að ganga að frv. Ef til vill er það af því, að hann býst við, að seðlaútgáfurjetturinn verði tekinn af bankanum, þegar þessi 15 ár eru liðin, sem

eftir eru af leyfistímanum. Og jeg býst við, að hann fari nærri um það, að það verði gert. En hvort það verður gert fer eftir því, hversu þjóðin verður vönd að því, að velja sjer fulltrúa. En vonandi er, að henni takist það ekki álíka höndulega og 1901. En sennilega stafar þessi skoðun bankastjórans þó fremur af því, að hann geri ráð fyrir, að þjóðin hafi vitkast af þeirri reynslu, er hún hefir nú fengið af því, að hafa veitt erlendum hlutafjelagsbanka seðlaútgáfurjettinn; og jeg vona, að hann reynist þar sannspár. Jeg skal láta þá skoðun mína í ljós, að þó ekki verði fallist á þessi boð Íslandsbanka nú, þá er ekki óhugsandi, að takast megi að ná betri kjörum seinna.

Mjer finst ekki sambærilegur seðlaútgáfurjettur Íslandsbanka við hina litlu aukning á seðlaútgáfurjetti Landsbankans með öllum þeim kvöðum, sem henni eiga að fylgja, því að þótt gera megi ráð fyrir, að Landsbankinn muni þurfa á allmiklum seðlum að halda, má ske að eins öðru hvoru, í framtíðinni, þá er það með öllu á huldu, og hagir geta hæglega breyst svo, að vonir manna um það bregðist með öllu. Þess ber vel að gæta, að Landsbankinn á að taka að sjer að uppfylla ýmsar skyldukvaðir við Íslandsbanka, sem ekki eru í neinu samræmi við hina litlu aukning seðlaútgáfurjettarins, sem hann á að öðlast Það mundi að líkindum verða hagur fyrir Landsbankann að fá aukinn seðlaútgáfurjett sinn, eins og hjer er ráð fyrir gert, ef kvaðirnar fylgdu því ekki, og ef ekki væri bersýnilegt, að ríkissjóður, eða landið og þjóðin í heild, mundi bíða tjón við það. Þegar þetta tvent er tekið til greina, þá er ekki teflandi á tvær hættur með að láta Landsbankann taka upp á sig slíkar byrðar, sem geta orðið honum sjálfum til tjóns og bersýnilega til skaða fyrir ríkissjóð. Það er alt öðru máli að gegna, þótt Íslandsbanka þyki gott að hafa seðlaútgáfurjettinn, eins og honum er háttað. Það var frá upphafi sitthvað að hafa í umferð ein 750,000 kr. eða 2½ miljón króna, og síst að undra, þótt Íslansbankl sje fús á að halda þeim seðlaútgáfurjetti sínum, með jafngóðum kostum og hann hefir hann. Hitt er nokkuð annað, þótt Landsbankinn sje ekki ginkeyptur fyrir að kaupa dýrum dómum rjettinn til að gefa út seðla og setja í umferð þá fyrst, þegar 2½ miljón króna af Íslandsbankaseðlum og ¾ miljón króna af núgildandi Landsbankaseðlum eru allir komnir í umferð. Að óreyndu er ósýnt, hvað hann hefir upp úr þessari svo köllúðu tilslökun Íslandsbanka. Háttv. frsm. minni hl. (M. G.) drap á, að það ætti ekki að vera viðsjárvert fyrir Landsbankann, þótt hann þyrfti að taka á móti seðlum Íslandsbanka gegn 3% ársvöxtum, þar sem hann sæktist eftir að fá sparisjóðsfje gegn 4% ársvöxtum. Þetta skilyrði er þó auðsjáanlega sett til að tryggja hagsmuni Íslandsbanka, að hann þurfi aldrei að liggja með ávaxtalausa seðla. Reyndar hefi jeg aldrei lagt mikla áherslu á þetta atriði. En hlunnindi geta það þó ekki heitið fyrir Landsbankann að taka upp á sig þessa skyldukvöð.

Þá drap háttv. frsm. minni hl. (M. G.) á ummæli mín um 6. gr., þar sem Landsbankanum er gert að skyldu að greiða með seðlum sínum ókeypis og eftir þörfum í Reykjavík fjárhæðir, sem Íslandsbanki borgar inn í reikning Landsbankans í Kaupmannahöfn. Þessu eru engin takmörk sett, og gæti það komið Landsbankanum í koll að verða að

greiða þannig fyrirvaralaust stórar fjárupphæðir. Háttv. þm. (M. G.) gerði ekki mikið úr þessu. Hann sagði, að girt væri fyrir þetta með ákvæðum 1. gr., þar sem Landsbankanum væri heimilað að gefa út seðla eins og viðskiftaþörfin krefði. En þá vil jeg spyrja: Hvar er tryggingin fyrir því, að viðskiftaþörfin sje rjett metin og hagur alþjóðar sje þar hafður fyrir augum? Og hver ákveður þessa viðskiftaþörf? (M. G.: Eftirlitsmenn og stjórnin). Það er nú alls ekki víst, að þessi þrjú ráð, stjórn, eftirlitsmenn og bankastjórn, verði ein um að ákveða hana, og þó svo væri nú, þá getur Íslandsbanki á skömmum tíma gerbreytt henni með athöfnum sínum, og beinlínis skapað með þeim þær viðskiftakröfur, sem Landsbankanum yrðu hættulegar. Setjum svo, að efnaðir vinir Íslandsbanka erlendis frá vildu fara að reka fiskveiðar í stórum stíl hjer við land, og að eins 4—5 þeirra kæmu hingað, með þó ekki væri meira en 5 trollara hver, og gerum enn fremur ráð fyrir, að þeir hefðu höfuðviðskifti sín við Íslandsbanka, hefðu mikil fjárráð og nægar tryggingar fyrir fjárlánum sínum. Ætli að það geti þá ekki komið fyrir, að það yrðu alt annað en smáræðis upphæðir, sem Íslandsbanki færi fram á að Landsbankinn borgaði út fyrir þá hjer á landi gegn greiðslum erlendis? Og mundu þá eftirlitsmennirnir ásamt landsstjórn og bankastjórn verða einir um það að ákveða, hver viðskiftaþörfin væri? Jeg held ekki. Jeg held, að Íslandsbanki, undir slíkum kringumstæðum, yrði sá, er ákvæði viðskiftaþörfina ekki síður.

Þetta gæti beinlínis orðið Landsbankanum hættulegt, þar sem vel gæti fyrir komið, að greiða þyrfti heilan tug miljóna króna, eða meira. Ætli hin þrjú háttsettu ráð gætu ekki orðið að lúta í lægra haldi. Og ætli það sje ekki ærið óvíst, að eingöngu yrði höfð fyrir augum viðskiftaþörf Íslendinga. Hjer gæti orðið greidd gata fyrir stórfeldum atvinnurekstri útlendinga hjer á landi, en flestir munu sammála um, að áhrif hans muni oss eigi alls kostar holl. Jeg segi ekki, að þetta verði; en það getur orðið. En vísastir mundu þó þeir menn verða til þess að styðja að því, sem fyrst og fremst hugsa um að fá sem mestan arð af fje sínu, og hingað til hefir sjávarútvegurinn gefið góðan ágóða, svo að búast má við, að hluthafar bankans hefðu ekkert á móti því, þótt bankinn gerði nokkuð mikið að því að leggja fje í þennan atvinnuveg.

Höfuðskoðanamunur okkar háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) sýnist vera sá, að jeg tel hann of bjartsýnan um hagnað Landsbankans af því að ganga að frv. þessu, og ekki vera eins tortrygginn og jeg er. En mín sannfæring er, að hjer ríði á að vera varfærinn og hafa vaðið fyrir neðan sig. Og ekkert beri að gera í þessu máli, nema maður sje viss um einhvern vinning, að minsta kosti viss um að bíða ekki tjón af breytingunni.

Þá drap hv. þm. (M. G.) á orð mín um bankaráðið, og gerði hann ekki mikið úr getu þess að stjórna Íslandsbanka. Jeg hefi aldrei haldið því fram, að það hafi hingað til gert undur og stórmerki. En það verð jeg að segja, að þótt hingað til hafi Alþingi rækt miður en skyldi skyldu sína að vanda bankaráðskosningu, og bankaráðsmannanna þar af leiðandi lítið gætt, þá er ekki gerandi ráð fyrir, að það haldi hinu sama áfram. En nú er einmitt tækifæri til þess fyrir þingið að

vakna og fara að hugsa sig vel um að velja þá menn eina í bankaráðið, sem hafa vit til og ráð á að láta þar til sín taka. Ef alment ætti að hlíta rökleiðslu hv. þm. (M. G.) í þessu, þá mætti með sama rjetti segja, að ef einhvern tíma hefir illa tekist til með eitthvað, þá hljóti hinu sama að halda áfram. Jeg vona t. d., að þótt Íslendingar hafi einu sinni slysast til að selja útlendingum seðlaútgáfurjett í hendur, þá muni þeir ekki gera það í annað sinn. Það er annað, þótt ýmsum sýnist ekki keppikefli að fá þetta örlitla brot af seðlaútgáfurjetti, sem hjer er á boðstólum, með öllum þeim skyldum og kvöðum, sem honum eiga að fylgja. Hv. þm. (M. G.) sagði, að jeg hefði sagt í hita það, sem jeg talaði um sjávarútveginn, þegar þetta mál var hjer áður til umræðu, og ótta þann, sem af honum gæti staðið. Nei, langt í frá, jeg sagði það með mestu ró, að vel yfirhuguðu ráði. Þó er það eigi svo að skilja, að mjer standi alveg á sama, hvernig um þau mál fer, þegar jeg ætla, að heill þjóðar minnar sje má ske háski búinn; enginn skal ætla, að jeg horfi hálfsofandi og með jafnaðargeði á slíkt. En því held jeg fram, að svo geti sjávarútvegurinn orðið voldugur, að til skaða verði fyrir landið í heild sinni. Hv. þm. (M. G.) sagði, að skylda bankans væri að styðja atvinnuvegi landsins. Það er alveg rjett, en svo gæti bankinn stutt einn atvinnuveg, að það yrði þjóðinni í heild sinni til tjóns.

Tökum til dæmis byggingu raforkuvera. Engum getur dulist það, að hin mesta nauðsyn væri á stuðningi til þess að byggja rafstöðvar til hitunar, ljósa, smáiðnaðar, og til samgöngubóta. Stuðningur í því skyni væri mjög nauðsynlegur og góður. En ef mjög mikið fjármagn yrði sett í þessi fyrirtæki, ráðist væri t. d. í stóriðju, og við rjeðum engu um þær framkvæmdir, þá gæti það orðið okkar þjóð til hins mesta tjóns. Þannig er takmarkalítill fjáraustur til einhvers atvinnuvegar, án þess að þess sje nokkuð gætt, hver áhrif það kann að hafa á þjóðarhaginn í heild og aðrar atvinnugreinar, eitt hið hættulegasta vopn á allan þjóðarhag og menning. Eins og hæfilegt fje til stuðnings eins atvinnuvegar er hin mesta lyftistöng fyrir þjóðina, þá getur fjáraustur útlendinga, með hagsmuni þeirra einna fyrir augum, til einnar atvinnugreinar, orðið til hinnar mestu bölvunar fyrir þjóðfjelagið.

Með þessu frv., ef það verður samþ., er Íslandsbanki nær einráður um athafnir sínar.

Því hefir verið skotið hjer fram, að allmargir gerðust nú bankafróðir í þessari deild, en það þarf engan bankafróðleik til þess að sjá agnúana á þessu máli, það þarf ekki nema heilbrigða skynsemi, og það þarf ekki að fæla neinn frá að fella frv. þetta, að Ísland þarfnist meiri seðla en Íslandsbanki á rjett á að gefa út, því að eins og nú er ástatt, hvílir á honum skylda til að sjá landinu fyrir nægum seðlaforða, ef krafist er. Þar sem meiri hl. fjárhagsnefndar hefir verið álasað fyrir það, að hann hafi ekki reynt að komast að samningum við Íslandsbanka um aukna seðlaútgáfu, þá er því til þess að svara, að það er ekki heimtandi af fjárhagsnefnd, að hún fari að vasast í því, sem er hlutverk og skylda landsstjórnarinnar að gera. Jeg held, að það hefði ekki verið ofverk stjórnarinnar að grenslast eftir því hjá fjárhagsnefnd, hvernig hún liti á þetta mál, og haga sjer svo eftir því. (**Forsætisráðh.**: Þessu er beint

að atvinnumálaráðherra (S. J.), en hann er ekki við; hv. þm. (J.B.) vill má ske láta kalla á hann). Það var ekki atvinnumálaráðherra (S. J.), sem var að finna að þessu, heldur annar ráðherra, og hann er hjer við. Háttv. þm. V.-Sk. (G.Sv.) heimtaði af okkur, að við færðum rök fyrir mótstöðu okkar gegn málinu. Það höfum við nú leitast við að gera. En jeg sagði um daginn, að það væru sum atriði þessa máls svo vaxin, að ekki væri hægt að staðhæfa um þau fyrirfram; reynslan yrði að skera úr um þau, og yrði að dæma um þau eftir líkum. En hvað önnur atriði snertir, þá er þeim þannig háttað, að þótt hjer væri einhver stór bankafræðingur á þingbekkjunum, þá efast jeg um, hvort hann teldi sig hafa tíma til að útskýra þau, og eigi efast jeg síður um það, að hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) mundi hafa not af svo langri ræðu, sem til þess mundi þurfa.

Háttv. þm. (G. Sv.) hafði það eftir mjer, að jeg hefði sagt, að engin dæmi væru til, að „privat"-banki hefði jafnmikil rjettindi eins og nú ætti að fara að veita Íslandsbanka. Hann mun ekki herma orð mín fullkomlega rjett. Þó skal jeg ekki um það deila. En jeg vil spyrja, hvort nokkurt dæmi muni finnast þess, að „privat"-banki, þar sem meiri hluti hlutafjárins er útlend eign og nær allur ágóðinn af því rennur til útlendinga, njóti annara eins hlunninda og Íslandsbanki nýtur hjer. Má ske vildi hv. þm. (G. Sv.) nefna mjer þá banka, ef hann þekkir þá. En jeg vil bæta því við, að þótt einhversstaðar fyndust dæmi slíks, þá er það síst eftirbreytnisvert, og ekki mundi það talinn þjóðarhagur. Hitt er miklu heillavænlegra, að bankastarfsemin sje sem mest í höndum innlendra manna, en ekki útlendinga, og frá því sjónarmiði er rjettara að takmarka fremur starfsemi Íslandsbanka en að færa hana út. En með þessu frv. má fullyrða, að hún sje ekki takmörkuð, þótt líklega sje ætlast til þess af meðmælendum þessa frv., því sjálfsagt tel jeg, að í góðu skyni hafi frv. verið flutt inn á þing. Þar sem bankastjórninni er ekki um að taka við þessari aukningu á seðlaútgáfurjetti Landsbankans, þá þykir mjer líklegast, að það komi til af því, að hún líti á fleira en hag bankastofnunarinnar einnar; bankastjórarnir munu líta á þjóðarhaginn í heild sinni, og telja það óhagkvæmt fyrir hann, að Íslandsbanki fái hlunnindi þau, sem frumv. vill veita honum, og fyrir þá sök vilji þeir ekki keppa eftir auknum seðlaútgáfurjetti handa Landsbankanum, þótt þeir að öðrum kosti hefðu gjarnan viljað fá hann.

Það er ekki rjett að draga þá ályktun, sem hv. þm. (G. Sv.) vill gera af því, að bankastjórnin vill ekki taka við þessari aukningu seðlaútgáfurjettarins, að hún vilji ekki seðlaútg.rjettinn, og af því hún vill ekki fallast á þetta mál, þá hafi ekki aukist bankaþekkingin í bankanum við þá breyting, er gerð var á stjórninni fyrir skömmu. (G. Sv.: Jeg dró enga ályktun; jeg spurði bara). Ætlast hv. þm. (G. Sv.) til, að við förum að svara þeirri spurningu, sem hann treystir sjer ekki til að svara sjálfur? Eða ætlast hann má ske til, að bankastjóri sá, sem hjer á sæti í deildinni, fari að svara henni?

Jón Jónsson: Við umræður um þetta mál þarf að athuga, hvað vakað muni hafa fyrir þinginu, þegar það fór fram á það við stjórnina að rannsaka málið og leita samninga við Íslands-

banka. Jeg hygg, að fyrir þinginu hafi vakað, að viðsjárvert væri að veita Íslandsbanka ótakmarkaðan seðlaútgáfurjett, einkum þar sem eftirlitið með bankanum væri ekki eins gott eins og það þyrfti og ætti að vera. Þetta var eflaust ástæðan fyrir því, að tekið var að semja við Íslandsbanka. Árangurinn af þeim samningum er sá, að hjer liggja fyrir tvö tilboð frá bankanum, sem þingið getur kosið um. En gallinn er sá, að nefnd sú, sem um málið hefir fjallað í þinginu, hefir að eins tekið afstöðu til annars tilboðsins, en ekkert sagt um, hvort hitt tilboðið, tilboðið, sem samninganefndin talar um, sje aðgengilegt eða ekki. Annað tilboðið er um kaup á hindrunarrjetti Íslandsbanka, að aðrir seðlar sjeu gefnir út hjer á landi en hans en hitt um kaup á öllum seðlaútgáfurjetti Íslandsbanka. Nefndin í þinginu hefir nú snúið sjer að fyrra tilboðinu, og vill meiri hl. hafna því, en minni hl. taka því. Um hitt tilboðið ræðir hún ekki, og þess hefir lítið verið getið í umræðunum um málið. Hygg jeg, að vert væri að athuga það betur en gert hefir verið.

Það hefir komið fram við umræðurnar, að hætta væri á, að upp mundu koma peningavandræði hjer á landi og viðskiftakreppa. Með þetta fyrir augum er rjett að athuga það, hvort vjer mundum betur eða verr farnir með því, að Íslandsbanki hefði nokkurn hluta af seðlaútgáfurjettinum í sínum höndum og Landsbankinn nokkurn hluta, eða hvort eigi mundi betra, að einn banki hefði hann allan. Því sýnist sjálfsagt að athuga hitt tilboðið betur en gert hefir verið hingað til, áður en málið er útkljáð í deildinni.

Mjer skilst sem sje, að það sje tölu-vert aðgengilegra, tilboðið um afsal alls seðlaútgáfurjettarins af hálfu Íslandsbanka, en hitt, um útgáfurjett að því, sem er fram yfir 2½ milj. kr. Þótt það sje töluverð upphæð að borga út í einu, og þó að bankinn kunni að setja það fyrir sig að borga 350 þús. kr. fyrir seðlaútgáfurjettinn, þá getur ríkissjóður það. Hann getur tekið lán til þess. Vjer lifum á lánum nú hvort sem er, og þetta er ekkert stórfje, miðað við allar þær miljónir, sem nú eru í veltunni hjá okkur sem lánsfje.

Mjer hefði því virst eðlilegri leið, að hv. fjárhagsnefnd tæki málið út af dagskrá nú og velti því fyrir sjer, hvort ekki væri rjett, að kaupa allan seðlaútgáfurjettinn með þeim kjörum, sem boðin eru. Og ef henni litist svo, gæti hún lagt álit sitt um það fyrir deildina, og þá yrðu greidd atkv. með eða móti, eftir því sem skoðanir falla.

Jeg skal taka það fram um frv. þetta, að mjer finst það ekki aðgengilegt. Mjer virðist hálfankannalegt, að tveir seðlabankar sjeu í landinu. Þá virðist mjer sem tveir bankar sjeu í landinu, er skift sje á milli ábyrgðinni um seðlaútgáfu. En það tel jeg ekki heppilegt.

Jeg er hræddur um, að nefndin og aðrir háttv. þm. hafi sett of mjög fyrir sig þessa yfirlýsingu Landsbankastjórnarinnar, að bankanum væri um megn að greiða þessi 350 þús. kr. Það er í sjálfu sjer ekki stór upphæð, í samanburði við það, ef hægt væri að koma í veg fyrir, að Íslandsbanki hafi ótakmarkaða seðlaútgáfu í framtíðinni. Og það fer eftir því, hvernig Landsbankanum er stjórnað, hvort nokkur hætta getur af því risið að greiða svo mikið fyrir seðlaútgáfurjettinn. Vjer höfum borið kvíðboga fyrir, að ekki mundi fást nægileg trygging fyrir því, að

seðlar bankans væru tryggir, hvað sem í slægist fyrir okkur. Það er sú hætta, sem við höfum haft fyrir augum. Og einmitt af því, að bankaráð Íslandsbanka hefir verið kosið eins og hv. þm. V. Sk. (G. Sv.) tók fram, þá er sjerstök ástæða til að vera kviðandi. Það er nú ekki annað en hjegómi, bitlingar handa einstökum mönnum. En vitanlega mætti kippa þessu í lag og gera þær kröfur, að þeir menn, sem kosnir eru í bankaráðið, hafi eftirlit með bankanum. Hingað til hefir alt verið átt undir bankastjórn Íslandsbanka. Hefir það enn ekki orðið að klandri. En fyrst vjer eigum að lögum rjett til þess að líta eftir rekstri bankans, þá eftirlitið vitanlega að vera raunverulegt eftirlit.

Með tilliti til frv. skal jeg lýsa því yfir, að jeg tel rangt að miða við bankaráðið, eins og það nú er. Og jeg vil alls ekki gera lítið úr því, að við höfum yfirtökin í bankaráðinu um alt það, er að rekstri bankans lýtur, þótt það hafi verið lítils virði undanfarið.

Jeg vil því skjóta því til nefndarinnar, að hún taki þetta mál út af dagskrá og athugi báðar leiðirnar í þessu máli, og leggi síðan fram skriflegt álit um það, hvort fyrri leiðin sje farandi eða ekki.

Umr. frestað.

Á 39. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. ágúst, var enn fram haldið 1. umr. um frv. (A. 9, n. 285 og 330).

Frsm. meiri hl. (Einar Árnason): Jeg óska ekki að taka til máls að svo stöddu.

ATKVGR.

Frv. felt frá 2. umr. með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þór. J., B. K., B. St., E. A., G. Sv., M. G., M. P., P. J., S. St., Ó. B.

nei: Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. J., E. Árna., E. J., H. K., J. J., J. B., M. Ó., P. O., P. Þ., S. S., St. St.

Tveir þm. (J. M. og Sv. Ó.) fjarstaddir.

---

3. Landsbókasafn og landsskjalasafn.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um landsbókasafn og landsskjalasafn (A. 21).

Á 3. fundi í Nd., mánudaginn 7. júlí, kl. 5 síðdegis, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Frv. þetta er svo að segja óbreytt, eins og launamálanefnd samdi það, og nægir að vísa til álits þessarar nefndar og ástæðna hennar fyrir frv.

Jeg verð að líta svo á, að þetta mál eigi rjettilega heima í mentamálanefnd, en tel jafnframt sjálfsagt, að hún láti launamálanefnd vita um gang málsins, beri sig saman við hana og vinni með henni. Það er því till. mín, að frv. verði vísað til mentamálanefndar.

Einar Arnórsson: Þótt frv. þetta sje fætt í milliþinganefnd, þá er það þó

misráðið. Hjer er verið að reyna að spara fje, með því að steypa saman tveimur embættum, en jeg er vonlaus um að það takist, því að í rauninni verður þetta ekki til annars en að fjölga embættum. Nú sem stendur eru embættin tvö, yfirskjalavörður og yfirbókavörður. Þessum embættum á að steypa saman, eftir frv. Þá á að skipa tvo menn, er verði undir umsjón þessa þriðja manns, og býst jeg við, að þessir tveir menn komi í stað yfirskjalavarðar og yfirbókavarðar nú, og verði því embættin þrjú, í stað tveggja nú.

Sameiginlegi yfirmaðurinn, sem í stjórnarfrv. er stungið upp á, yrði að mestu leyti aðgerðalítil „toppfígúra", og mundu aðrir verða að vinna þau störf, sem nú hafa á hendi landsbókavörður og þjóðskjalavörður.

Jeg vil geta þess, að allir þeir, er þekkja til, álíta, að aðra hæfileika þurfi til að standa fyrir skjalasafni (archiv) heldur en fyrir bókasafni. Þá má og minnast á húsrúmið, því ekki mun líða á löngu, uns húsið fær ekki rúmað bæði söfnin, og verður þá að byggja nýtt hús fyrir skjalasafnið. Má þá öllum ljóst vera, að erfiðari muni umsjónin einum manni heldur en tveimur.

Það hefir hvorttveggja nokkuð til síns máls, að málið fari í mentamálanefnd og launamálanefnd, en þær verða þá að bera sig saman. En eftir efni frv. á það heima í mentamálanefnd.

Forsætisráðherra (J. M.): Það eru að eins örfá orð út af ræðu hv. 2. þm. Árn. (E. A.). Í fyrsta lagi er það lítil ástæða gegn frv., þótt húsrúmið verði of lítið fyrir söfnin, því að það hefir verið gert ráð fyrir, að bæta mætti við húsið. En það mun verða langt þangað til, því áður mun verða rýmt burtu náttúrugripasafninu og þjóðmenjasafninu og þau sett saman. Það er jafnvel ekki ósennilegt, að ekki líði á löngu, að krafa komi fram um sjerstakt hús handa þeim, og ef svo á að koma sjerstakt hús handa skjalasafninu, þá verður þetta landinu ofviða.

Það er ekki rjett, að frv. fjölgi embættum. Embættum hefir þegar fjölgað mikið við þessar stofnanir á síðustu árum; er það gott í sjálfu sjer, en það kostar mikið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum greiddum atkv. og til mentamálanefndar (sjá A. bls. 2011) með öllum greiddum atkv.

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, n. 387).

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg býst við, að menn þekki þetta mál, því að þótt það sje ekki gamalt, þá er það eldra en þetta þing.

Með lögum frá 22. nóvember 1907 var skipað fyrir um stjórn landsbókasafnsins og með lögum frá 3. nóv. 1915 um þjóðskjalasafnið. Af þeim tvennum lögum má ráða, að ekki hafi þótt heppilegt þá að sameina þessi tvö söfn undir einn yfirmann. Síðari lögin eru sett af löggjafarvaldinu meðan milliþinganefndin frá 1914 sat að störfum, og sjest af því, að það hefir þá legið löggjafarvaldinu fjarri að sameina embættin, eða gefa nefndinni ástæðu til að ætla, að það væri þess vilji, að slík breyting yrði gerð. Stj.-

Land-bókasafn og landsskjalasafn

frv., sem hjer liggur fyrir, fer fram á að sameina embættin, eins og frv. milliþinganefndarinnar frá 1914, sem prentað er í skýrslu hennar. Hvorki milliþinganefndin þá nje stjórnin nú færa það sem ástæðu þessarar breytingar, að hagur sje að henni fyrir söfnin. Miklu fremur má lesa það út úr frv., að hætta fyrir söfnin geti stafað af breytingunni. En breytingin er fóðruð með því, að „fjársparnaður nokkur" verði að því, ef frv. verður gert að lögum. En engin rök eru færð að þessu í athugasemdunum við stjórnarfrv. og ekki heldur í álitsskjali milliþinganefndarinnar 9. desember 1914. Það verður ekki sjeð, að stjórnin hafi leitað álits hlutaðeigandi manna um málið, og þess vegna taldi mentamálanefnd rjett að leita álits þjóðskjalavarðar, hr. Jóns Þorkelssonar, og landsbókavarðar, hr. Jóns Jakobssonar, um málið. Þeir hafa báðir sent nefndinni skriflega álit sitt um málið, og er álit þjóðskjalavarðar sjerstaklega ítarlegt. Er hvorttveggja prentað, það er aðallega máli skiftir, í álitsskjali mentamálanefndar.

Þjóðskjalavörður leggur eindregið á móti sameiningunni, og landsbókavörður fer að vísu út í aðra sálma og fimbulfambar um efni, sem nefndin spurði hann ekki um, en ráða má þó af svari hans við spurningu nefndarinnar, að hann telur sameininguna mjög varhugaverða. Illhugsandi er, að sami maður geti fullnægt hvorttveggja kröfunum, þeim, sem gera verður til þjóðskjalavarðar og landsbókavarðar. Þess vegna verður líka niðurstaða landsbókavarðar, að ef ekki fáist alveg framúrskarandi maður í stöðuna, sje breytingin beinlínis til óhags.

Mentamálanefnd hefir ekki getað fundið, að fjársparnaður leiði af breytingunni. Hún hefir gert áætlun um þetta, og er reikninginn að finna í nál. Er niðurstaðan sú, að kæmist breytingin á, yrði mannahaldið ca. 2200 krónum dýrara árlega en ef haldið er mannaskipun þeirri við söfnin, sem nú er. Ef einhverjir aðrir kostir væru við breytinguna, þá væri þetta ekki svo athugavert út af fyrir sig. En kostirnir eru engir, að dómi mentamálanefndar, og hvorki launanefndin frá 1914 nje stjórnin hafa talið þessu frv. annað til gildis en það, að „nokkur fjársparnaður" yrði að því. Annars er óþarfi að fara nánar út í málið, því að menn geta sjálfir kynt sjer það í nál. Nefndin hefir þegar komist að þeirri niðurstöðu, að með breytingunni yrði öll tilhögun á stjórn safnanna miklu óhentugri en nú er, og auk þess hefði hún aukakostnað í för með sjer. Þar af leiðandi hefir nefndin lagt til að fella frv.

Jeg geri ráð fyrir, að hæstv. forsætisráðherra (J. M.) taki til máls og verji frv., en jeg get tekið mjer þær varnir ljett, því menn geta sjálfir lesið ástæður nefndarinnar og dæmt svo, hvort ekki sje rjett að fella frv.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vona, að það verði ekki mikil vonbrigði fyrir hv. frsm. (E. A.), þótt jeg hirði ekki svo mjög um að verja þetta frv. Mjer liggur það sannast að segja í ljettu rúmi, hvort það verður samþ. eða ekki. En jeg álít rjett að sameina störfin, og finst líka ljóst, að hjer sje um fjársparnað að ræða, því gert er ráð fyrir í launafrv. því, sem nú liggur fyrir þinginu, að þessir tveir menn, þjóðskjalavörður og landsbókavörður, hafi hæstu embættismannalaun, sem hjer á landi eru veitt. En sje frv. samþ., er

hægt að setja einn mann yfir söfnin með sömu launum og hvor um sig átti áður að fá, en svo annan með lægri launum. En það hefir sýnt sig, að það þýðir ekki að reyna að fækka embættum. Menn vissu, hvernig fór um sameiningu Dala- og Strandasýslna undir einn sýslumann, og fer víst svipað um þessa tilraun. Enda verð jeg að játa, að úr því að þingið gat ekki samþ. svo sjálfsagða embættasamsteypu, þá er minni ástæða til slíks hjer. Því fremur er þörf hjer tveggja manna en þar.

Hv. frsm. (E. A.) sagði, að stjórnin hefði ekki spurt hlutaðeigandi embættismenn um álit þeirra. Nei, það er alveg rjett. Jeg gerði það ekki, því jeg vissi fyrirfram, hvert svar þeirra mundi verða. Við þessi söfn hefir annars farið um stofnun embætta líkt og einatt tíðkast hjer á landi annars. Það er byrjað með einum manni með ofurlítilli þóknun, svo er komin að stofnuninni heil embættismannahersing, svo að segja áður en maður veit af. Og allir heimta hærri laun. Þessi embættafjöldi við stofnanir landsins eykst stöðugt, og að sama skapi verða kröfurnar háværari um hækkun launanna. Það byrjar sem blærinn, en endar sem stormur. —

Frsm. (Einar Arnórsson): Við forsætisráðherra (J. M.) erum eiginlega sammála, því að hann játaði, að heppilegra væri hjer að greina sundur störfin en að sameina þau undir einum manni. Að eins greinir okkur á um, hvort sparnaður sje að breytingunni. Jeg skil ekki, að hann geti haldið því fram, að breytingin sje til sparnaðar svo nokkru nemi, og verð að halda mjer við það álit nefndarinnar, að hún hafi með tímanum aukakostnað í för með sjer. Það mundi verða þannig, að þessi eini yfirmaður yrði með tímanum verknaðarlítil „toppfigura". Starf hans mundi aðallega verða fólgið í því, sem landsbókavörður í brjefi sínu færir undir hugtakið „Repræsentation", og svo brjefaskriftir. Og það er ekki líklegt, að hann fari að gera „púls"-verk, fremur en landsbókavörður nú.

Í áætlun sinni um launin fór mentamálanefnd eftir launafrv. stjórnarinnar um lægri launin, en eftir áætlun í samræmi við það með þau hærri. Og nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að 22200 kr. verði launaupphæðin, ef breytingin verður gerð, en annars 20000 kr. Þetta er nákvæm áætlun, og er mjer óskiljanlegt, hvernig hæstv. forsætisráðherra (J. M.) fær út sparnað af frv. sínu. Nú eru skipaðir tveir menn við þjóðskjalasafnið, skjalavörður og aðstoðarskjalavörður, og mundi ekki fært að fækka þeim, þótt skipun sú kæmist á, sem í frv. er farið fram á. Og við landsbókasafnið geta ekki verið færri. Skipulag og tilhögun safnanna yrði yfirmaðurinn að dæma með annara augum, nema hann verði eitthvert „Übermensch", — afburðamenni, sem fái afkastað meiru en mannlegt er að afkasta. En við þeim mönnum megum við ekki búast, hvorki í þessa stöðu nje aðrar.

Samanburðurinn á þessum embættum og sýslumannsembættunum í Dala- og Strandasýslu getur ekki staðist. Störf sýslumanna eru alveg samskonar í báðum sýslunum, en hjer er alt öðru máli að gegna. Hjer þarf sjerstök skilyrði, bæði hvað verksvit og þekkingu snertir, til hvors um sig, að dómi allra, sem til þekkja.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er óþarfi að deila mikið um þetta mál. Jeg játaði það í fyrstu, að betra væri, að störfin væru aðskilin. En við höfum ekki ráð á að sundurgreina eins mikið og aðrar þjóðir. Jeg veit, að annarsstaðar eru þessi störf aðgreind, en við sem erum að eins þjóð upp á 100 þús., getum ekki borið okkur að þessu leyti saman við aðra. Við verðum að fela einum manni það, sem aðrar þjóðir fela fleirum, á ýmsum sviðum. Því verður ekki neitað, að betra væri að sundurgreina meira í stjórnarráðinu en gert er. Það væri óneitanlega hægra, ef dómsmál væru skilin frá kirkju- og kenslumálum, svo jeg ekki tali um, að samgöngumál væru skilin frá verslunarmálum. En það er spursmál, hvort þetta er hægt kostnaðarins vegna.

Það er alveg satt, að sparnaðurinn verður lítill af því að sameina þessi tvö embætti, og sama má segja um sameining Dala- og Strandasýslu. Það er altaf hægt að bera það fyrir, þegar farið er fram á sameiningu embætta, að það muni engu út af fyrir sig. En ef þetta er gert víða, þá dregur það sig saman, og þá getur það farið að muna einhverju. Reikningur nefndarinnar er ekki rjettur. Hún skapar laun, sem hún segir að skuli vera, og byggir reikning sinn á því, þó að alveg sje óvíst, hvort gengið verði að þeim eða ekki. Jeg gæti stilt upp öðrum reikningi, en kæri mig ekki um það.

Jeg get ekki fallist á það, að aðalmaðurinn eigi að vera sem stofustáss, heimasæta, sem tekur á móti gestum. Hann verður vitanlega að vinna. Ef laun embættismanna verða hækkuð yfirleitt, þá verður líka að krefjast þess af þeim, að þeir vinni vel og dyggilega. Því hefir oft verið slegið fram, að margir hefðu embætti sín að aukavinnu, en það stafar af því, að þeir hafa mátt til, þeir hafa ekki getað lifað sæmilega af launum sínum. En nú, ef það verður tekið upp að launa svo, að lífvænlegt þyki, þá verður um leið að krefjast mikillar vinnu.

Annars skal jeg endurtaka það, að jeg álít ónauðsynlegt að deila um þetta meira. Mjer liggur í ljettu rúmi, hvort það verður samþ. eða ekki. Mjer fanst að eins, að jeg yrði að bera það fram, úr því jeg var í launanefndinni, og hún hefir stungið upp á þessu. En jeg ætlaði algerlega að láta deildina einráða, hvernig hún tæki frv. Hún fer með það eftir geðþótta sínum, og skal jeg ekki tefja umræður með því að reyna að hafa áhrif á hann.

ATKVGR.

1. gr. **feld** með 15 : 6 atkv.
2. — — — 14 : 6 —

B. Þingmannafrumvörp.

4. Sóttvarnaráð.

Á 21. fundi í Nd., miðvikudaginn 30. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sóttvarnaráð (A. 205).

Á 23 fundi í Nd., föstudaginn 1. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Eins og kunnugt er, var vísað til allsherjarnefndar frv. því um heilbrigðisráð, er stjórnin lagði fyrir Alþingi.

Í frv. stjórnarinnar er farið fram á þá breytingu á stjórn heilbrigðismála landsins, að landlæknisembættið sje lagt niður, en starf landlæknis fengið í hendur heilbrigðisráði, sem 3 læknar eigi sæti í. Allsherjarnefnd hefir nú athugað þetta mál á ýmsa lund; meðal annars hefir hún átt tal við landlækni um málið. Hann hjelt hinu sama fram við nefndina sem í brjefi sínu til stjórnarinnar, þar sem hann er að sýna fram á, hvílíkum erfiðleikum það sje bundið fyrir einn mann að hafa á hendi stjórn heilbrigðismálanna o. s. frv. Af annari hálfu lá fyrir nefndinni álit læknafundarins í vor, þar sem ekki er talin þörf á breytingu þeirri, sem frv. gerir ráð fyrir, og að landlæknisembættið sje ekki ofvaxið einum manni, ef hann gefi sig óskiftan að því.

Eftir að nefndin hafði athugað málið, komst hún að þeirri samhljóða niðurstöðu að mæla ekki með frv. stjórnarinnar. En þótt hún vildi ekki fallast á það, þótti meiri hl. nefndarinnar varúðarvert að láta landlækni einráðan um stjórn sóttvarnarmála landsins. Það er oft vandasamt að ráða fram úr þeim á heppilegan hátt, en getur verið mikið í húfi og alþjóð háski búinn, ef mistök verða á í slíkum ráðstöfunum. Nefndin vildi því reyna að finna veg til þess að gera stjórn heilbrigðismálanna sterkari og ábyggilegri en hún er nú; því hefir hún komið fram með frv. á þgskj. 205. Í því er ætlast til, að tveir góðir læknar sjeu skipaðir til aðstoðar landlækni í sóttvarnarráðstöfunum. Til sem bestrar tryggingar er lagt til, að þessir aðstoðarmenn sjeu kosnir af læknadeild háskólans. Það er gert ráð fyrir því, að þeir hafi sjálfstæðan tillögurjett, og beri því fulla ábyrgð á öllum tillögum sínum. Með þessu virðist vera fengin töluverð trygging fyrir því, sem almenningur heimtar, og á rjett á að heimta, að lagst sje á fremsta hlunn með að hindra, að næmar og skæðar sóttir berist inn í landið. Þetta er öryggisráðstöfun frá sjónarmiði nefndarinnar. — Jeg þykist ekki þurfa að tala meira um frv. að svo stöddu. Þó deildin líti öðruvísi á mál þetta, að því er snertir landlæknisembættið, mun nefndin eigi

taka sjer það mjög nærri. Hins vegar mun nefndin eigi geta aðhylst frv. stjórnarinnar, eins og það er, en leggur til, að það verði á sínum tíma felt.

Pjetur Ottesen: Eins og sjest á frv. um sóttvarnaráð, á þgskj. 205, frá meiri hl. allsherjarnefndar, þá hefi jeg ekki getað orðið hv. samnefndarmönnum mínum samferða um þetta mál.

Það verður nú, að því er virðist, naumlega á þetta sóttvarnarmál minst, án þess að upp rifjist fyrir mönnum hinar beisku og sáru endurminningar um þær miklu hörmungar, sem yfir dundu á sumum stöðum hjer á Suðurlandi á öndverðum síðastliðnum vetri. Og því sárari verða þær endurminningar, sem það leit næstum því svo út, að það væri alveg óþektur hlutur, að hættulegir sjúkdómar gætu borist hingað til landsins og breiðst út sem faraldur í landinu. Það var engu líkara en að engar reglur eða lagaákvæði væru til að byggja á nauðsynlegar sóttvarnarráðstafanir. Það var engu líkara en það væri engin heilbrigðisstjórn í landinu. Svona var ástandið, eftir því sem næst verður komist, þegar inflúensudrepsóttin barst hingað til landsins síðastliðið haust og dreifðist út. Það var því ekki von, að vel færi. Enda urðu afleiðingarnar, þar sem veikin náði að breiðast út, mjög alvöruþrungnar.

En enn þá óttalegri hefðu afleiðingarnar orðið, ef önnur stjórnarvöld úti um land hefðu ekki tekið í taumana. Á jeg þar við hjeraðsstjórnir úti um land, einstaklinga, bændur og búalið, sem tóku sig til og gerðu ráðstafanir upp á sitt eindæmi, til þess að veikin breiddist ekki út. Og það var ekki einungis, að ekkert væri gert af hálfu heilbrigðisstjórnarinnar, heldur mættu og samtök þessi mótspyrnu, og jafnvel talsverðri lítilsvirðingu, þeirra er ráðstafanir áttu að sjálfsögðu að hafa með höndum, en brugðust skyldu sinni. En þessi samtök hepnuðust svo vel, að landið var firt þeim vandræðum og hörmungum, sem orðið hefðu, ef ekki hefði verið hafist handa.

Áður en drepsótt þessi barst hingað fjekk stjórnarráðið, eftir því sem mjer hefir verið frá skýrt, skeyti, með upplýsingum frá Kaupmannahöfn um það, hvernig veikin hagaði sjer þar.

Þær upplýsingar munu hafa bent mjög í þá átt, að nauðsynlegt væri að hefja þegar ráðstafanir til sóttvarna, því að þegar skeytið kom, var fólkið farið að hrynja niður úr veikinni í Kaupmannahöfn, og því fremur var ástæða til að hefjast handa, þar sem þá var einmitt á leið hingað skip frá Kaupmannahöfn — það, sem veikin barst með. — Að vísu mun hæstv. stjórn hafa verið þetta ljóst, því að hún vakti þegar athygli yfirmanns heilbrigðismálanna, sem sje landlæknis, á þessu. En eftir því, sem fram hefir komið frá landlækni, bæði í brjefi til stjórnarráðsins, sem jeg hefi fengið að sjá, og líka í skrifum landlæknis í „Morgunblaðinu", þá tók landlæknir þetta allóstint upp fyrir stjórninni og gaf í skyn, að hann myndi sinna slíku máli án þess að hann væri ámintur um það. Og eftir því, sem kemur fram í brjefi þessu og nefndum blaðagreinum landlæknis, voru aðaldrættirnir í svörum hans þessir:

1. Að veiki þessi væri ekki þyngri nú en læknar ættu að venjast um inflúensu.

2. Að það þyrfti að halda áfram að sóttkvía skip, sem til landsins kæmu, ekki svo mánuðum, heldur svo missir-

um skifti, ef sóttkvíun ætti ekki að vera helbert kák.

3. Að það væri lítt eða ekki vinnandi vegur fyrir nokkurt hjerað að verja sig gegn veikinni.

4. Að það sje ekkert hagræði í því að stöðva sóttina eða tefja fyrir henni í bæjum með því að loka samkomuhúsum og skólum.

Loks er klykt út með því, að hann — landlæknir — geri ótilkvaddur ráðstafanir til varnar þessari veiki, er hann sjái þjóðinni nokkurt gagn í því!!

Þetta varð, eins og kunnugt er, til þess, að ekkert var frekar að gert fyr en í óefni var komið, en flotið sofandi að feigðar ósi. Stjórnin, sem var vakandi, lét landlækni draga sig á eyrunum til þess að sitja meðan sætt var, þar til nærri hvert mannsbarn var komið í rúmið í Reykjavík og næstu sveitum, og fólkið var farið að hrynja niður eins og flugur. En þá var tekið í taumana, og víða rögggsamlega að því gengið, að berjast gegn vágestinum. Reyndist betra seint en aldrei. En afleiðingarnar voru þá þegar orðnar voðalegar.

Upp úr þessum jarðvegi er frv. stjórnarinnar um heilbrigðisráð sprottið. Er það, eins og kunnugt er, komið fram fyrir frumkvæði landlæknis, eftir því, sem ráða má af greinagerð frv. og meðfylgjandi brjefi landlæknis og umsögn læknadeildar háskólans.

Eins og háttv. frsm. (Þorl. J.) tók fram, hefir allsherjarnefnd orðið á eitt sátt um það að leggja á móti þessu frv., enda hefir nýafstaðinn læknafundur hjer í Reykjavík lagst algerlega móti frv. og sent þinginu álit sitt þar um. Þetta álit vildi jeg lesa upp, með leyfi hæstv. forseta. Álitið hljóðar svo:

„Með því að fundurinn telur ekki landlæknisembættið ofvaxið einum manni, svo framarlega, sem sá maður, er því gegnir, er ekki ofhlaðinn öðrum störfum, en það er á valdi hans sjálfs, stjórnar og þings, telur hann enga nauðsyn á neinum lagabreytingum á núverandi fyrirkomulagi.“

En meiri hl. allsherjarnefndar vildi samt ekki láta málið niður falla, við svo búið, og hefir því borið fram þetta frv. um sóttvarnaráð, er hjer liggur fyrir. Það er nú ekki svo að skilja, að jeg vilji beint neita því, að miðað við ástandið, sem nú er, geti ef til vill verið einhver bót í því að samþykkja slíkt frv., sem það, er hjer liggur fyrir, og að með því að veita núverandi landlækni þessa aðstoð sje ef til vill einhver trygging veitt fyrir betri og heppilegri aðgerðum í þessum málum. En hvort breyting í þetta horf sje í raun og veru til bóta til frambúðar, er jeg mjög efins um. Jeg held nefnilega, að einveldi í málum eins og sóttvarnarmálum, sem oft krefja mjög skjótra aðgerða og ráðstafana, sje einmitt það besta, NB. — sje maðurinn óskiftur við þann starfa. En það v e r ð u r hann að vera; hje r er svo mikið í húfi, þar sem er líf og heilbrigði þjóðarinnar, hvorki meira nje minna. En þetta fyrirkomulag, að hafa 3 menn, verður miklu þunglamalegra í framkvæmdinni, þegar ráða á fram úr slíkum málum sem þessum. Það er eins og gengur, sitt sýnist hverjum, og það getur vel verið orðið um seinan að gera nauðsynlegar ráðstafanir, þegar allir eru orðnir á eitt sáttir, ef þeir verða það þá nokkurn tíma. Það er að vísu mikið rjett, sem háttv.

1. þm. Skagf. (M. G.) skýtur fram, að afl atkvæða ráði, en það fer oft svo, þegar skiftar eru skoðanir þeirra, sem eiga saman að ráða fram úr einhverjum málum, að eigi alllítill tími fer í það að reyna að jafna ágreininginn og bræða saman skoðanirnar. Og jeg þykist geta lesið það út úr áliti læknafundarins, að hann hafi litið líkt á þetta mál, þar sem álit hans segir, að í þessu efni þurfi engra l a g a b r e y t i n g a.

En þar með er alls ekki sagt frá minni hlið, að jeg telji ekki þörf n e i n n a b r e y t i n g a í þessu efni, þótt ekki sjeu samþyktar lagabreytingar eins og frv. það, er hjer liggur fyrir. Jeg fyrir mitt leyti tel það mjög varhugavert, og beini því til hæstv. stjórnar, að sá maður hafi á hendi yfirstjórn heilbrigðismálanna, sem mjög mikill hluti þjóðarinnar hefir mist traust á sem slíkum.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg verð að viðurkenna, að jeg er ekki búinn til að svara ræðu háttv. þm. Borgf. (P. O.). Jeg bjóst ekki við slíkri ræðu nú. En vera má, að mjer gefist tækifæri til þess við síðari umr. þessa máls, ef það lifir þá svo lengi. Því örðugra er mjer um svör, sem jeg veit ekki mikið um það mál af eigin reynslu, sem háttv. þm. (P. O.) talaði um. Meðan þeir hlutir gerðust, sem ræða hins háttv. þm. (P. O.) snerist um, var jeg, sem kunnugt er, fjarverandi.

Jeg skal að þessu sinni að eins láta þess getið, að ásakanir líkar þeim, sem nú heyrast um heilbrigðisstjórnina út af kvefpestinni í haust, hafa heyrst víða um lönd. Jeg tók t. d. eftir því, að um sama leyti og pestin geysaði hjer, var merkt blað í Danmörku að víta heilbrigðisstjórnina þar fyrir aðgerðaleysi, eins og hv. þm. (P. O.) gerir hjer nú. Það sama blað gat þess þá jafnframt, að það hefði fyrir ári síðan varað alvarlega við veikinni, en heilbrigðisstjórnin þó ekkert gert. Heilbrigðisstjórnin hjer virðist því ekki ein um glappaskotin.

Um málið, eins og það liggur hjer fyrir nú, skal jeg láta þess getið, að jeg get ekki sagt, að jeg sje óánægður með undirtektir háttv. allsherjarnefndar. Aðalatriðið, sem stjórnin vildi breyta með frv. sínu, hefir háttv. nefnd tekið upp í frv. þetta. Jeg hygg, að það, sem hafi vakað fyrir læknadeild háskólans og landsstjórninni, hafi ekki verið það, að landlæknisembættið yrði lagt niður, eða að í framkvæmdinni yrði breytt mjög frá því, sem nú er, heldur að landlæknir hefði í sjerstökum vandamálum hæfa ráðunauta að lögum. En þessi vandamál voru einmitt sóttvarnarráðstafanir og embættaveitingar. Jeg man það ekki upp á víst, en mig minnir, að læknafundur hafi einmitt talað um, að æskilegt væri, að landlæknir hefði einhvern í ráðum um embættaveitingar. Sýnist því hjer eiginlega vera náð aðaltilgangi stjórnarinnar. En það er auðsjáanlegt, að fyrir stjórninni gat ekki vakað annað en þetta, því að ekki er ætluð nema örlítil þóknun til mannanna eftir frv. stjórnarinnar. Jeg efast mjög um, að þetta sóttvarnaráð verði ódýrara.

En sem sagt get jeg fyrir mitt leyti verið mjög vel ánægður með þetta frv. og hefi ekkert á móti því, að það komi í staðinn fyrir frv. stjórnarinnar. Það tekur upp aðalatriðið úr því, og aðalmarkmiðið næst. En hitt er annað mál, hvort ekki hefði verið betra fyrir háttv. allsherjarnefnd að fara í slíku máli sem þessu beint eftir tillögum læknadeildar háskólans, og fremur eftir þeim en

tillögum læknafundarins. Jeg tel það að vísu litlu máli skifta, en hygg þó, að málið hafi verið betur athugað af læknadeild en læknafundinum, sem hafði mörg önnur mál til meðferðar, og hefir því ekki getað beint athyglinni sjerstaklega að þessu máli.

Nú ræður landlæknir einn mestu um veiting hjeraðslæknaembætta, og hefi jeg að vísu ekkert á móti, að svo sje framvegis. En jeg hjelt, að það yrði ef til vill vinsælla, að til væri einhverskonar ráð, sem gerði tillögur um það, en að það væri einn maður. Það yrði þá meira í höndum læknastjettarinnar en nú er, og síður ástæða til misþykkju. Jeg get sagt það, að alla þá tíð, er jeg þekki til persónulega, hefir verið farið beint eftir tillögum landlæknis um læknaembættaveitingar. Hefir það stundur sætt aðfinslum frá læknum og öðrum, að því er snertir veitingu einstakra læknaembætta. Með því, sem stjórnin lagði til í frv. sínu, hjelt hún, að hún gæti fyrirbygt það og látið lækna alment ráða meiru. En allsherjarnefnd hefir nú ekki álitið þess þörf, og hefi jeg ekkert um það að segja.

Frekar hygg jeg ekki, að jeg þurfi að ræða þetta mál, að þessu sinni.

Gísli Sveinsson: Það er óhjákvæmilegt, er þetta mál er hjer fyrir háttv. deild til aðalumræðu, að komið sje inn á forsögu málsins, þau rök, er liggja til þess, að málið er fram komið. Jeg furða mig því ekki á því, að háttv. þm. Borgf. (P. O.) kom inn á það. Hitt þykir mjer meiri furðu gegna, að nefndin hefir ekki viljað, að drepið væri á það í framsögu málsins, þar sem þó er hjer um að ræða allmikið nýmæli. Það er satt að segja alleinkennilegt að fá svona mál sem þetta frv. inn á þingið upp úr þurru, og hefði því ekki verið um skör fram, þótt komið hefði frekari greinargerð fyrir tildrögum málsins í framsögunni. Enn fremur furðar mig á því, að hæstv. forsætisráðh. kvað sig ekki hafa búist við, að menn myndu komast í umræðum málsins inn á þetta svið. Það er satt, að þegar stjórnin lagði frv. fram, kom hún ekki inn á þetta atriði. En jeg hjelt, að það væri af því, að hún teldi ekki ástæðu til þess fyr en við aðalumræðuna, 2. umr., er málið kæmi úr nefnd. En þótt þetta, sem hjer liggur nú fyrir, sóttvarnaráðsfrv., sje nýtt frv. og nú til 1. umr., þá ber þess að gæta, að þetta frv. er borið fram af nefnd þeirri, er fjekk í hendur heilbrigðisráðsfrv. stjórnarinnar, og í stað þess. Nefndin er því að skila af sjer málinu með þessum hætti, og hlýtur þá, samkvæmt eðli málsins og þingvenju, að vera rjett að fara rækilega inn á rök þessa máls alls.

Hitt, sem hæstv. forsætisráðh. ber fyrir sig, að hann sje ekki nú viðbúinn að svara ræðum um þetta efni, það þykir mjer kynlegt. Mjer þykir kynlegt, ef hæstv. landsstjórn, eða nokkur landsmanna, hefir slept hugsuninni algerlega af þessu máli. Mjer þykir það kynlegt, ef hæstv. forsætisráðh. hefir haldið, að allir landsmenn væru búnir að sleppa svo hugsuninni af þessu máli, hefðu gleymt því svo, að hann telji sig og stjórnina enga grein þurfa að gera fyrir aðgerðaleysinu síðastliðið haust.

Það er rjett, að hæstv. forsætisráðh. var fjarverandi, er út í drepsóttina var komið. En í öndverðu var hann nærverandi, er sóttin var að berast inn í landið og byrjaði. Það er því alveg víst, að hæstv. landsstjórn verður að gera grein fyrir málinu, sje um það rætt, enda hjelt landsstjórnin áfram að hafa af-

skifti af því, þótt einn ráðherranna færi utan. Og hún verður og að svara fyrir hönd heilbrigðisstjórnarinnar allrar, þar með vitanlega fyrir höfuðembættismanninn þar, landlækninn.

Tilefnið til þess, að frv. stjórnarinnar um heilbrigðisráð var lagt fyrir þingið, er það, að landlæknir verður að horfa á það og kenna á því, að þær tillögur, sem hann, landlæknir, hafði gert um tilhögunina í haust út af sóttinni, voru vettugi virtar. Hann sá, eins og sumir aðrir, að hann var algerlega kominn út úr þessum málum. Og það var ekki einungis, að tillögur hans væru virtar vettugi, heldur fjekk hann og að maklegleikum ákúrur fyrir sitt aðgerðaleysi. Og alstaðar, þar sem íslensk tunga er töluð og fylgst er með íslenskum málum, bæði hjer á landi og annarsstaðar, voru menn jafnhissa á því, sem hjer var gert, eða öllu heldur, að hjer var ekkert gert.

Þá er að víkja að því, sem hæstv. forsætisráðh. virtist gefa í skyn, að hjer hefði verið sama á ferðum og annarsstaðar. Er því skjótsvarað, að hjer er aðstaða öll svo gagnólík því, sem er í öðrum löndum, að ekki er saman berandi. Hið eina, sem hæstv. forsætisráðherra (J. M.) svaraði í þessu sambandi til ræðu hv. þm. Borgf. (P. O.) var, að ekki væri furða, þótt slíkar ásakanir hefðu komið fram hjer, og það verð jeg líka að styðja. En svo bætti hann við: „af því að þær hefðu einnig komið fram í Danmörku.“ Það er víst, að þar komu einnig fram ásakanir, en engum mun það til hugar koma, eða því haldið fram með rökum, að hægt sje að ætlast til annars eins þar og hægt er að ætlast til hjer. Því verður ekki mótmælt, og hefir ekki heldur verið mótmælt, svo að mark sje á takandi, að hjer er svo góð aðstaða til að framkvæma sóttvarnir með fullum árangri, að varla nokkursstaðar mun önnur eins.

Það er kunnugt, að landið er afskekt, og samgöngurnar voru þannig lagaðar, sumpart vegna stríðsins og sumpart af öðrum ástæðum, að mönnum var í lófa lagið að sjá um skipin og og telja þau. Og hefði verið tekið tillit til þessa í tíma, þá hefði landið losnað við drepsóttina. En það er óskaplegt, að verða að segja það, og þaðan af óskaplegra, að það skuli vera satt, að fyrir handvömm liggi nú fjöldi fólks dáið og grafið. Því að það var ekki svo gott, að hjer væri um algert aðgerðaleysi að ræða; nei, síður en svo. Það er ekki nóg með það, að alt sje látið reka á reiðanum um það, hvort pestin, sem engin influensa var, heldur drepsótt, komi eða ekki, heldur eru beint gerðar ráðstafanir til þess, má segja, að veikinni sje hleypt á land. Það er skrifað um það af landlækni, að drepsóttin ætti að fara um landið, það ætti að lofa henni sjálfráðri að breiðast út, því að hún væri óstöðvandi og ekki hættuleg. En skiljanlegt var, að menn vildu hvorki láta drepa sjálfan sig nje aðra, er þeir áttu um að sjá, og að hjeraðsstjórnir tækju málið í sínar hendur. Þess vegna er ekki heldur tiltökumál, þótt landlæknir sje gramur, eins og fram kemur í brjefi hans til stjórnarráðsins, þar sem hann segir: „Ýms blöð landsins halda því fram statt og stöðugt, að ummæli mín um erfiðleikana á vörnum gegn influensu sjeu einskis virði; hefir þetta leitt til þess, að ýmsar till. mínar og sumra merkustu hjeraðslækna landsins hafa verið að engu hafðar, og

hjeraðsstjórnir og sveitarstjórnir tekið ráðin í sínar hendur og hagað sóttvörnum eftir eigin geðþótta.“

En til hvers eru lög? Þau eru sett af lifandi mönnum til að lifa við og fara eftir, sjer til lífsviðhalds, og því var eðlilegt, að landsmenn færu því fram, sem þeir gerðu. Því að mjer er ekki kunnugt um nokkra nauðsyn svo brýna, að ekki sje sú nauðsynin brýnust, er lífið liggur við að „brjóta lögin“. En átti þá ekki landsstjórnin líka að hlaupa yfir þessar ákvarðanir landlæknis og fara eftir sínu „leikmannaáliti“, eins og aðrir? Aðrir læknir sumir munu hafa hugsað á líka leið og landlæknir, eða sem svo, að úr því að þessi veiki væri ekki ein af þeim, sem verjast skuli eftir sóttvarnarlögunum, því þá ekki að láta hana „rasa út“! Eftir lögunum væri ekki skylt að verja landið fyrir henni. Þegar menn, sem fara eiga með mikilvægustu mál þjóðarinnar, eru komnir inn á þessar hugsanaleiðir, þá eru málin komin í illar hendur. Það verður altaf að gera ráð fyrir undantekningum, og að ávalt geti það komið fyrir, að skerast verði í leikinn á sjerstakan hátt, þrátt fyrir öll lagaákvæði.

Fjöldi almennings vissi um skaðsemi þessarar veiki áður en hún kom, og blöðin voru búin að flytja símskeytafrjettir um hana og hversu hún geysaði um álfuna. Hvernig stendur þá á því, að læknar landsins og heilbrigðisstjórn grípa þá ekki fram í? Þeir, sem ráða eiga yfir heilbrigði landsmanna! Hverju á að svara til þess? Því að það tel jeg bágborið svar og með öllu óviðeigandi, að ekki eigi að tala um málið, heldur þegja um það og taka það gott og gilt frá landsstjórninni, að hún sje ekki tilbúin að tala um málið, síðan í fyrrahaust.

Því hefir verið borið við, að leitt hefði svo mikinn kostnað af sóttvörnum, að ekki hefði verið hægt að ráðast í þær þess vegna. En þetta var gert. Sóttvörnum var haldið uppi í hinum ýmsu landshlutum, með fullkomnum árangri, þrátt fyrir það, þótt veikin væri komin inn í landið, og sóttvarnir því miklu erfiðara en ef allsherjarsóttvörn hefði verið tekin upp áður en veikin barst hingað til landsins. Og þetta varð mönnum vel kleift. Hefi jeg ekki heyrt neina kvarta undan þeim kostnaði, sem þær sóttvarnir höfðu í för með sjer, heldur hitt, að hann hafi gert minst til, úr því að hægt var að losna við veikina. Þvílíkan dauðadóm yfir ástæðum hefi jeg aldrei heyrt upp kveðinn! Þess vegna var það líka alveg rjett, sem hjeraðsstjórnirnar gerðu — að hlýða ekki ráðstöfunum landlæknis! Sjálfir geta menn athugað, hvað mikið af þeirri upphæð í fjáraukalögunum, sem veitt er vegna influensunnar, fer til að fyrirbyggja útbreiðslu veikinnar. Það fer sama sem ekkert til þess, heldur mestalt til að halda lífinu í fólkinu, þar sem pestin var komin, og til þess að það gæti „dáið með læknishjálp“, eins og menn segja.

Um samanburð við varnir gegn eldri drepsóttum getur hjer ekki verið að tala, því að þá voru sannarlega engir sjerstakir embættismenn til þess að verja þeim landgöngu. En nú eru þeir til, og menn ættu því að vera komnir á hærra stig í þessu efni, þó að reynslan sýni hið gagnstæða. Eða á sú drepsóttin, sem ekki á lögum samkvæmt að verja, af þeirri tilviljun, að menn hafi ekki þekt hana, að vera rjetthærri að

drepa landslýðinn en hin, sem sóttvarnir eru skipaðar gegn. Tillögur stjórnarinnar til þessarar breytingar um stjórn heilbrigðismálanna eru í raun og veru gjaldþrotayfirlýsing núverandi landlæknis. En um það geta þó að sjálfsögðu verið skiftar skoðanir, hvort enginn muni fá annað þessu embætti. Hitt er augljóst, að núverandi landlæknir getur ekki, þrátt fyrir alla sína hæfileika, þjónað þessu embætti lengur. Honum er það um megn, enda kannast hann við það og segir skýrum stöfum í röksemdum sínum til stjórnarinnar, er fylgdu heilbrigðisráðsfrv. Hann segir og í framsöguræðu sinni á læknafundinum, sem nýlega var haldinn hjer í bænum: „Ekki lengur neinum einum manni fært að reisa rönd við öllum þeim vanda.“ — Jeg verð nú, fyrir mitt leyti, að telja embættið ekki einum manni um megn, ef hann með fullri heilbrigði og óskertum kröftum gefur sig við því. En landlæknirinn er nú á annari skoðun, því að hann bætir við á öðrum stað, að dagar landlæknisembættisins sjeu nú taldir, og segist nú hafa ákveðið að láta slag standa, sinn „síðasta slag“, að koma góðu skipulagi á stjórn heilbrigðismálanna — og láta svo af embætti. Hjer á hann við „heilbrigðisráðið“, sem hann vill fá stofnað. En ekki eingöngu landlæknir, heldur landsstjórn, verður að vera þessarar skoðunar, ef rökrjett er hugsað. Hins vegar er mín skoðun sú, hvort sem nokkur breyting verður samþykt eða ekki, að það sje eindreginn vilji og álit þjóðarinnar, að sá maður, sem nú þjónar embætti þessu, eigi ekki og geti ekki þjónað því lengur. Og hann er hjer sjálfur, eins og bent hefir verið á, kominn að sömu niðurstöðu.

Um frv., sem hjer liggur fyrir, hefi jeg því það eitt að segja, að jeg tel landlæknisembættið ekki ofvaxið einum ötulum manni, og frá mínu sjónarmiði ekkert nema tildur að vera að koma upp heilbrigðis- eða sóttvarnaráði, sem að eins er til að fjölga embættum og dreifa ábyrgðinni. Stefnan er einmitt sú annarsstaðar að færa saman völdin, þegar um slík mál er að ræða sem þessi, fela einum manni ábyrgðina. Þannig var t. d. í júlímánaðarbyrjun nú í sumar í Englandi skipaður einn maður til þess að hafa alveldi í sóttvarnarmálum. En áður höfðu fleiri menn um þau fjallað og ráðið þar fram úr. Slík mál eru tvímælalaust best komin undir einveldi, ef um hæfa menn er að tala, og öðrum á ekki að fela þau. Væri það því að ganga fram hjá, eða þvert á móti, reynslu helstu menningarþjóðanna, með öllu því, sem yfir þær hefir dunið, að fara nú að stofna hjer sjerstakt ráð eða embættismannasamkundu. Jeg býst líka við, að hæstv. landsstjórn verði svo vakandi fyrir drepsóttarhættu nú á næstunni, að hún hafi vaðið fyrir neðan sig, og jafnvel að það geti komið fyrir, að hún skirrist ekki við að „brjóta lögin“, þegar brýn nauðsyn — lífsnauðsyn — krefur.

Ýms önnur störf landlæknis tel jeg fullvel mega fela öðrum, ef því væri að skifta. Ýms skrifstofustörf hans geta heyrt undir stjórnarráðið, og ýms mál, sem eru ráðgjafareðlis og undir hann heyra, gæti læknadeild háskólans tekið að sjer, en sóttvarnarmálin verða að vera hjá einum manni. Það er því engin ástæða til að samþ. frv., og það því síður, sem gera má ráð fyrir, að landlæknir yrði formaður í báðum þessum ráðum, og tel jeg þá ver farið en heima setið, ef svo yrði, að

sá, er nú þjónar embættinu, færi ekki frá, svo sem vera ætti.

Fjármálaráðherra (S. E.): Sannast að segja, þá tók jeg ekki eftir því fyr en í morgun, að þetta mál var á dagskrá, og því síður grunaði mig, að þessar umræður mundu verða hjer í dag. Jeg get því ekki rakið ýms atriði eins ítarlega eins og jeg mundi annars hafa gert og vildi gjarnan hafa gert. Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) talaði um ýmsa vanrækslu stjórnarinnar í inflúensuveikindunum. Að vísu heyra þau mál ekki undir mig, heldur forsætisráðherra (J. M.). En í fjarveru forsætisráðherra fór jeg með þau mál, og fyrir þann tíma ber jeg því aðalábyrgðina á þeim.

Hnútur þær, sem flogið hafa í minn garð úr einstöku áttum fyrir framkomu mína, hefi jeg tekið mjer ljett, því að mín eigin samviska ásakar mig ekki neitt fyrir framkomu mína, því jeg reyndi að gera alt, sem í mínu valdi stóð í þessu máli, og jeg kannast alls ekki við, að í því hafi verið nokkur mistök frá stjórnarinnar hendi. Ef jeg væri mjer vitandi, að jeg hefði gert mistök í málinu, og orðið þannig sök í mannfallinu mikla, þá hefði mjer verið það svo mikil raun, að dómar annara um það hefðu ekkert vegið.

Með „Botníu" kom veikin hingað, og hafði jeg þá ekki tekið við forsætisráðherraembættinu, en jeg vakti þá athygli á því, hvort ekki ætti að stöðva skipið og hafa varnir. Var það borið undir landlækni, og jeg held hjeraðslækni, enda mun lögreglustjóri á meðan ekki hafa látið hafa samband við skipið, en niðurstaðan varð sú, að skipinu var leyft að hafa samband við land.

Rjett á eftir fór forsætisráðherra utan, en veikin var komin hingað, er jeg tók við embættinu. Eftir að frjest hafði hingað, að búið væri að loka háskólanum í Kaupmannahöfn, skrifaði jeg landlækni um, hvort ekki ætti að gera ráðstafanir til sóttvarna hjer. En hann taldi það ekki gerlegt. Átti jeg þá einkatal við prófessor Guðmund Magnússon, og eftir ráðum hans símaði jeg til Kaupmannahafnar fyrirspurn um það, hvernig veikin hagaði sjer, og var svarið afhent landlækni. Nú er svo fyrir skipað í gildandi lögum, að stjórnin getur ekki í tilfellum eins og þessu haldið uppi sóttvörnum, nema með samþykki og eftir ráðum landlæknis. Sjá því allir heilvita menn, að ef stjórnin hefði fyrirskipað sóttvarnir strax, þá var það hreint og beint lagabrot. Stjórnin gerði það eina, sem hún gat, er hún benti landlækni á, hvort ekki væri ástæða til þess að hefjast handa. En landlæknir sá ekki ástæðu til þess, og er jeg sannfærður um, að það hefir verið af því, að hann hefir ekki trúað á, að veikin yrði eins afskapleg og hún varð. En það er hægra að áfella á eftir en að vera spámaður á undan. Þetta tek jeg hjer fram, enda þótt jeg vildi hafa sóttvarnirnar.

Þegar tilmæli komu frá háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) um heimild til að halda uppi sóttvörnum fyrir sýsluna, þá fjelst landlæknir á það þegar í stað, og um líkt leyti fjelst landlæknir á það, að sóttvarnarráðstafanir væru gerðar í ýmsum öðrum hjeruðum landsins, og heimilaði jeg þá þegar þær sóttvarnir, sem nú er haldið uppi. Lá jeg þá að vísu í rúminu sjálfur, en jeg átti tal við hlutaðeigandi sýslumenn, en landlæknir aftur við læknana. Voru þessar ráðstafanir allar um garð gengnar áður en blöðin eða blaðið, sem hæst

hafði, fór að hreyfa sig. Yfirleitt get jeg sagt það með fullum sanni, að stjórnarráðið var vakið og sofið í því að vinna að þessum málum, og þarf því engan að biðja afsökunar. Stjórnin sneri sjer, eins og kunnugt er, til prófessors L. H. Bjarnasonar um að halda uppi og veita forstöðu hjálparstarfsemi hjer í bænum. Jeg veit ekki betur en að það sje viðurkent af öllum, að þessi hjálp hafi orðið að mjög miklu liði. Jeg verð líka að halda því fram, að sú hjálp, sem stjórnin veitti hjeruðunum úti um land, sem urðu að bera byrðar pestarinnar, kom að miklum notum. Hjeruðin voru líka mjög þakklát fyrir hjálpina og fyrir það, hve fljótt hún hefði komið. Voru þeim sendir læknar, hjúkrunarkonur og meðöl, og tveir menn voru sendir um sjúku hjeruðin hjer nærlendis, til þess að kynna sjer ástandið þar og brýna ýms heilræði fyrir fólkinu.

Jeg álít ekki rjett að tala um aðgerðaleysi; jeg veit ekki betur en að alt hafi verið gert, sem hægt var að gera. En það var vitanlegt, að stjórnin gat ekki farið eftir öðru en því, sem læknar sögðu og ráðlögðu. Engin stjórn mundi hafa farið beint á móti ráðum æðsta læknis-„autoritets", og þá sjerstaklega þegar það varð ekki gert án þess að brjóta lögin.

Ástæðan fyrir því, að stjórnin flutti þetta frv., var sú, að hún vill hafa sem mesta sjerþekkingu að byggja á í þessum efnum. Reynslan hefir einmitt sýnt það, hve mikil þörf er á henni, því að allir mega vera þess fullvissir, að hvaða stjórn sem er mun jafnan fara eftir tillögum þeirra, sem sjerþekkinguna hafa í þessum efnum. Og því verður að hafa hana sem öruggasta. Jeg get ekki kannast við, að hjeraðsstjórnir hafi farið sinna ferða, og það stundum þvert ofan í fyrirmæli stjórnarinnar og landlæknis. Það var fullkomið samræmi þar á milli, en hitt er satt, að það þótti heppilegast að hafa hjeraðsstjórnir sem mest með í ráðum um það, sem gert var, og fór einmitt mjög vel á því.

Annars sjá allir, að stjórnin með þessu frv. vill búa til öryggisráðstöfun gegn yfirvofandi sótthættum í framtíðinni, og því get jeg ekki betur sjeð en að rjett sje að samþ. það.

Bjarni Jónsson: Það getur verið, að þeim, sem bera harm í huga, sje hugarljettir að því að geta beint sökinni að einum manni. En þó svo væri, þá verður að líta á, hvort þessar ásakanir eru rjettar eða ekki. Það er skýlaus rjettur hvers einasta manns að vera dæmdur rjett og sanngjarnlega. Og það er ekki síður hægt að gera þessa kröfu til þings og þjóðar heldur en til einstaklinga, því að dómur þeirra getur hæglega litast af sorginni. Einn maður hefir hjer verið borinn sökum, og þeim þungum. Það er leiðinlegt, að því skyldi ekki hafa verið komið þannig fyrir, að manninum væri gefinn kostur á að verja sig, úr því hann á sæti á þingi. Það hefði verið hægt, því að vel hefði mátt ræða þessa hlið málsins í sameinuðu þingi.

Eftir því, sem mjer skilst, þá eru þessar ásakanir í tvennu lagi. Það eru sóttvarnir innanlands, eða vörn gegn Reykjavík, og það eru varnir gegn útlöndum, eða að verja Reykjavík. Hvað viðvíkur fyrri ásökuninni, þá veit jeg ekki til þess, að landlæknir hafi verið á móti því, að sóttinni væri varnað að breiðast út frá Reykjavík. Það var rjett, sem hæstv. fjármálaráðherra (S. E.)

tók fram, að ráðstafanir voru gerðar áður en blöðin fóru að ræða málið. Jeg veit þetta, því jeg varð þess áskynja þegar er ráðstafanir voru gerðar. Jeg get því algerlega gengið fram hjá þessum hluta ákærunnar, því hann er órjettur.

Þá kem jeg að hinu, hvort það verði að telja embættisafglöp að verja ekki Rvík. Þá verður það spurning, hvort önnur sótt en inflúensa væri á ferðinni, og hvort menn hefðu ástæðu til að ætla, að sóttin væri önnur og verri. Þess ber einnig að gæta, hvort sóttin hafi ekki verið komin áður, og þess vegna hafi verið ógerningur að verjast henni. Hvort sem menn eru sóttvarnarmenn eða ekki, þá verða þeir að játa, að á þeim tíma lá ekkert fyrir, sem gæti bent á annað en inflúensu. Og enn liggur ekkert fyrir, sem hrekur það. Þó að fleiri gerlar hafi fylgst með, þá var það ekki vitað þá, og ekki hægt að gera kröfu til þess, að nokkur vissi slíkt. Þó að frjettir bærust frá Kaupmannahöfn, að sýkin væri skæð, þá voru þær frjettir ekki þannig lagaðar, að ástæða væri til að ætla, að hún væri sjerstaklega skaðvæn. (G. Sv.: Sjerleg fáviska). Dæmi hv. þm. (G. Sv.) sína eigin fávisku, það kynni að stytta ræðu hans og minka malandann. (G. Sv.: Jeg ætla mjer að dæma hv. þm. Dala. (B. J.)). Verði hv. þm. (G. Sv.) að góðu. Jeg skeyti ekki um dóma fávitra manna, og því síður, ef þeir eru illgjarnir að auki.

Jeg fór á milli í fyrrasumar, og þá lágu menn á leiðinni í þessari sýki. Jeg man t. d., að í ágúst, þá er jeg kom heim, þá lá meðal annars nafni minn frá Galtafelli. Sýkin hafði borist hingað með tveimur skipum, og hreyfði enginn hönd nje fót til varna henni, enda vissi enginn betur en að þetta væri að eins algeng inflúensa. Hjá Andrjesi klæðskera hjer í bænum lá fólkið í þessari veiki um sumarið, en sýktist ekki síðar, því þetta var sama veikin.

Þá er eftir að líta á, hvort hægt sje að ámæla landlækni fyrir að hafa ekki tafið veikina, en lofað henni að breiðast viðstöðulaust um bæinn. Þetta getur verið álitamál. Jeg býst við, að jeg hefði gert það fyrra í sporum landlæknis, og þá aðallega gert það til að firra mig ámæli. En afglap getur þetta á engan hátt talist. Það er að eins skoðanamunur um, hvað heppilegra verði, þegar alt kemur til alls. Í Kaupmannahöfn var reynt að stemma stigu fyrir útbreiðslu sýkinnar, og afleiðingin var sú, að hún lá þar lengur, en fór ekki eins geyst yfir. Í Stokkhólmi var önnur leið valin, eða sú, að láta veikina geysa yfir. Þeir gerðu þetta með ráðnum hug, til þess að minna tjón stafaði af sýkinni. Þeir vildu forðast vetrarkuldann, vera búnir með veikina þá. Hjer er því að eins um skoðanamun að ræða, eins og jeg tók fram áðan, og þess vegna ekki rjett að viðhafa eins hörð orð og gert var. Jeg hefi hjer að eins talið ástæðurnar, sem jeg álít að liggi fyrir framkomu landlæknis, og mjer virðist öll sanngirni mæla með því, að fleira sje athugað en eitt eða tvent, sem ofan á kann að fljóta og mest ber á við fyrstu athugun.

Jeg þykist vita, að stjórnin muni gefa frekari skýrslu viðvíkjandi landlækni, og ætlast til, að menn sjeu rjettlátir og sanngjarnir. Aðra kröfu geri jeg ekki. Jeg er ekki hjer að verja allar gerðir landlæknis. Til þess er jeg þeim ekki nógu kunnur. Mjer hefir að eins fundist, að hann væri beittur hjer órjetti, þar sem það hefir verið látið

bitna á honum, hvað afleiðingar sóttarinnar voru miklar og illar. En það kom öllum á óvart, ekki síður honum en öðrum, og það var ekki hægt að heimta, að hann gæti sjeð afleiðingarnar fyrir. Það hefði verið ósanngjörn krafa.

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Jeg þarf ekki að svara miklu fyrir nefndina, því að það hefir ekki verið ráðist á frv. Umræðurnar hafa hnigið að öðru, eða tildrögum málsins, sýkinni miklu og afskiftum landlæknis og stjórnarinnar af henni. Okkur ber ekki mikið á milli, mjer og hv. þm. Borgf. (P. O.). Hann viðurkendi, að það væri trygging í frv., eins og nú stæðu sakir. Jeg verð að álíta, að altaf sje trygging í tveim mönnum til stuðnings landlækni og stjórninni. Viðvíkjandi sóttvörnum er ekki lítið í það varið, að þeir, sem um þær fjalla, geti gert sjer ljósa grein fyrir sóttkveikjunni. Við höfum einmitt mann, sem hefir sjerþekkingu í þeirri grein, og væri það vel fallið, að hann ætti sæti í þessu sóttvarnaráði.

Ræða háttv. þm. V. Sk. (G. Sv.) vjek að annari hlið málsins en þeirri, sem nefndin hefir tekið til athugunar. — Nefndin áleit sjer þetta atriði óviðkomandi að því leyti, að hún er engin rannsóknarnefnd. Samkvæmt því, er kom fram frá hv. þm. (G. Sv.), hefði verið rjettara að koma með till. um að skipa sjerstaka nefnd til að rannsaka þær ákærur, er bornar eru á landlækni, út af ráðstöfunum hans gegn kvefpestinni. En hann gat ekki ætlast til, að þessi nefnd tæki það upp ótilkvödd; henni var að eins ætlað fjalla um frv. stjórnarinnar um heilbrigðisráð, sem hún hefir og gert. Mjer skilst, að hv. þm. (G. Sv.) áliti bót að þessu frv., þó að hann að vísu segði, að slæmt væri að dreifa ábyrgðinni. En þessir 2 menn hafa líka ábyrgð, og það er ætlast til, að þeir hafi góða sjerþekkingu, svo að líklegt er, að betur verði ráðið fram úr sóttvarnarmálum en áður. Stjórnin getur líka heimtað eftirrit úr gerðabók ráðsins, og þannig er fengin vissa fyrir því, að ekkert verður afráðið nema það, sem 2 sjerfróðir menn leggja til. Að öðru leyti ætla jeg ekki að fara fleiri orðum um frv., því að ekkert hefir verið á það ráðist. Rannsóknina hefir nefndin leitt hjá sjer Henni hefir ekki verið falið að rannsaka, enda hefði það tekið ærinn tíma; orðið að leita upplýsinga lækna úti um landið, og annara, sem við málið eru riðnir. Um landlækni skal jeg ekkert segja. Jeg er ekki nægilega kunnugur málinu til að geta kveðið upp ákveðinn dóm, en þó margir álíti, að honum hafi tekist óhöndulega, þá virðist hann þó hafa allmikið fylgi, og það eru ýmsir læknar víst, sem álíta, að eigi sje hægt að sakfella hann út af þessu drepsóttarmáli.

Að endingu vænti jeg þess, að málið fái að ganga til 2. umr.

Magnús Pjetursson: Það er stutt athugasemd út af atriði í ræðu hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Mjer heyrðist hann segja, að margir læknar hafi ekki talið þörf á að verja hjeruð sín, vegna þess að það var ekki lagaskylda. Ef mjer hefir heyrst rjett og skilist rjett, þá verð jeg að mótmæla þessu mjög ákveðið. Allur fjöldinn af læknum gekst fyrir vörnum í hjeruðum sínum, og það voru fleiri en hv. þm. (G. Sv.), sem að fyrra bragði sóttu um heimild til slíks, áður en fyrirskipanir komu.

Jeg gerði það t. d., og jeg veit um marga fleiri.

Jeg ætla líka að drepa á það, að stjórnin sagðist hafa snúið sjer til sýslumanna og heimilað þeim að halda uppi vörnum. Þetta er alveg rjett, að stjórnin gerði það, en mjer kemur kynlega fyrir, að hún skyldi velja þessa leið, í stað þess að snúa sjer til rjettra aðilja, sem voru læknarnir. Þetta hefði verið rjett, ef læknar hefðu vanrækt skyldu sína, en hitt gat ekki annað en valdið ruglingi og ringulreið, verið óhagstætt og óheppilegt, að láta sýslumenn fara að vasast í þessu að læknunum fornspurðum.

Jeg vil ekki fara að blanda mjer í þá deilu, sem hjer hefir orðið, en jeg get tekið undir það með hv. þm. Dala. (B. J.), að landlæknir gerði það, sem í hans valdi stóð, til að verja ýmsa landshlutana, og veitti læknum þar aðstoð sína. Jeg veit ekki betur en að hann hafi gengið þar fram eins og hann var vanur, og ekki sje hægt að setja út á framkomu hans í þeim efnum.

Svo jeg snúi mjer að sjálfu frv., þá sje jeg ekki annað en að það sje uppsuða úr stjórnarfrv. og komi eins í bága við samþykt læknafundarins eins og það gerði. Jeg get verið sammála háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og háttv. þm. Borgf. (P. O.), að engin ástæða sje til að samþykkja það. Jeg vil að eins bæta því við, að þó það sje þægilegt fyrir mann í ábyrgðarstöðu að fá stuðning og geta dreift ábyrgðinni, þá felst þó engin trygging í því fyrir því, að starfið verði betur rækt. Það er vitanlegt, og jeg held að það sje einnig viðurkent af öllum, að aukin ábyrgð gerir menn áhugasamari, samviskusamari og skylduræknari. Mjer þykir athugavert að rjúka í að stofna umsjónarembætti með embættismanni, eða fella embætti niður, þó eitthvað þyki einhvern tíma fara aflaga hjá manni, sem situr í embættinu í það skifti.

Eins og menn vita, þá leggja menn altaf misjafna dóma á embættisfærslu ýmsra manna, og þess vegna tel jeg misráðið, að stofnað sje nýtt embætti eða breytt til um embætti í hvert skifti er slík óánægja kemur fram.

Gísli Sveinsson: Hæstv. stjórn hefir nú tekið til máls út af orðum mínum um tildrög eða forsögu þessa máls. Og satt að segja voru upplýsingar þær, sem fram komu frá henni, ekki svo mikils verðar, að þær á neinn hátt geti breytt afstöðu minni eða annara til þessa atriðis. Það er rjett athugað, að jeg hefi ekki í fyrsta lagi áfelt sjálfa landsstjórnina, og eins hitt, að jeg finn henni ýmislegt til málsbóta. Og þá fyrst og fremst það, að hún fór eftir gildandi lögum í þessu. Þó verð jeg enn að álíta ekki að eins vafasamt, heldur alveg vafalaust, að „nauðsyn brýtur lög", á að gera það, þegar svo stendur á sem hjer, og að hæstv. stjórn hefði átt að ganga feti lengra en hún gerði. Um það vill hún nú dæma sjálf. En svo viðtækar afleiðingar gætu vofað yfir, að spurning, eða jafnvel engin spurning, yrði um þetta. Hitt er aftur á móti alveg víst, að þau stjórnarvöld, sem ábyrgðina bera, lögum samkvæmt, á því, sem fram fór, þau verða að sætta sig við, þó að um þau sje rætt. Og um þau ber að tala, hvort þau hafi rækt skyldu sína eða ekki. Hæstv. fjármálaráðh. sagðist hafa farið með þetta mál að því, er til kasta stjórnarinnar kom, eins og líka var rjett, þar sem hæstv. forsætisráðh. var mestan tímann fjarverandi. Hann sagði það og fullyrti, hæstv. fjármálaráðh.,

að landlæknir hefði „í hjarta sínu trúað því," og „verið sannfærður um," að þessi veiki væri ekki slík, sem hún síðar reyndist. Enn fremur þóttist hann viss um, að svo framarlega sem landlæknir hefði haft „minsta grun" um, að veikin mundi verða jafnskæð drepsótt og raun varð á, þá hefði hann tafarlaust fyrirskipað sóttvarnir. Hann taldi, að hægara væri að tala um þetta eftir á en áður. Og það er að vísu satt. En þess ber hjer að gæta, að það voru ýmsir leikmenn, sem þó höfðu sjeð fram á hættuna, þótt hin æðsta stjórn hefði ekki gert það, höfðu varað við þessu, og gert ýmsar ráðstafanir þar að lútandi, jafnvel fram yfir það, sem lög stóðu til. Um þetta áttu menn því ekki að vaða í villu. Hitt er jafnvíst, að frjettir, og það ábyggilegar frjettir, voru komnar af pestinni, um það, hversu skæð hún reyndist annarsstaðar, eða erlendis, áður en hún barst hingað. Til þess að sannfærast um þetta þurfa menn ekki annað en að líta í hjerlend blöð frá þeim tíma. Þá fellur sú fullyrðing um sjálfa sig, að þessa hafi ekki verið getið í blöðunum fyr en veikin var komin. Hins vegar var eðlilegt, að blöðin færu ekki í löngu máli að tala um aðgerðaleysi landstjórnarinnar fyr en það kom á daginn. Auk þess hefi jeg sjeð, að blöð hjer, og það fleiri en eitt blað, eins og hæstv. fjármálaráðh. talaði um, birtu símskeyti frá Kaupmannahöfn, sem skýrðu frá, hvað skæð veikin var þar. Og hjer var talað um það í blöðunum og manna á milli, hvað nú mundi aðhafst, og jafnframt gengið að því vísu, að sóttvarnir yrðu viðhafðar. Þetta voru að vísu ekki neinar „ritgerðir", heldur smápistlar, eins og venja er, þegar um frjettir er að ræða. Svo að jafnvel menn úti á landi voru því kunnugir, hvernig veikin hagaði sjer annarsstaðar. —

Hvað á nú að segja um annað eins og það, að læknum og heilbrigðisstjórn landsins eigi ekki að vera þetta kunnugt, þegar öllum öðrum er það kunnugt, og hver á að bera ábyrgðina á afleiðingum af þessu, ef ekki þeir? Til hvers á að vera að hafa hjer landlækni og „æðstu stjórn heilbrigðismála," ef hún á ekki að standa leikmönnum framar að þekkingu og dómgreind í slíkum efnum? Landlæknirinn er sá, sem er talinn hafa sjerþekkingu á þessu, og því var það hans að skipa fyrir, hvað gera ætti, — til þess er honum gefið vald, — og því ber hann ábyrgðina á aðgerðunum eða aðgerðaleysi. Mjer finst harla einkennilegt að bera fram þá afsökun, að landlæknir hafi ekki „trúað" því, að veikin yrði svona afleit. Hjer átti ekki að vera um neina trú að ræða. Og það var betra að ganga út frá því versta en að eiga á hættu annað eins og fram kom síðar. Víst er um það, að ýmsar hjeraðsstjórnir úti um land gerðu sóttvarnarráðstafanir bak við bæði landsstjórn og landlækni. Til dæmis voru í Skaftafellssýslu gerðar ráðstafanir áður en jeg gat talað við hæstv. stjórn. En síðar leitaði jeg heimildar hjá henni. Og hún vísaði mjer til landlæknis, og þó ótrúlegt sje, þá var með herkjubrögðum, að hann gaf leyfi sitt til þess, þá er jeg hafði rakið fyrir honum, hve auðvelt þetta væri og vel framkvæmanlegt. Hann kvað svo fjarri, að þetta væri skylda, að til þess væri einu sinni ekki heimild að verja sig fyrir veikinni innanlands! því að svo var að heyra, að hann eða læknar álitu þetta ekki „Influensu", og því síður annað verra. Nú varð það ofan á skömmu síðar, að þessu

var gefið nafnið „Influensa“, og þar með var það komið undir það, sem heimilt var að verja sig fyrir. En eins og kunnugt er, leiddi tíminn í ljós, að hjer var ekki einasta um influensu að ræða, heldur hreina pest eða drepsótt. — Það er því ljóst af því, sem hjer er sagt og sannanlegt er, að landlæknir beitti sjer móti því, að landið væri varið fyrir veikinni, og hamlaði því á ýmsan hátt, að minsta kosti til að byrja með, að varist yrði innanlands.

Þá kem jeg að hinni einkennilegu og fávíslegu fullyrðingu háttv. þm. Dala. (B. J.). Það hefir lengi loðað við þann háttv. þm. (B. J.), að hann hefir fundið hjá sjer hvöt til að verja það, sem ógerlegt er að verja, sjerstaklega ef fundið hefir verið að einhverju hjá stjórnarvöldum landsins. Enda stóð hann nú upp til að taka málstað landlæknis. En eins og má gera of mikið að ákærum, þá hættir sumum eigi síður við að ganga of langt í að verja. Og svo er um háttv. þm. Dala. (B. J.). Kom það og greinilega í ljós, að hann að öllu leyti brast þekkingu á því, sem fram hafði farið, ekki á veikinni sjálfri að eins, heldur á því, sem gerst hafði í landinu. Hann talaði mikið um það, að ef ætti að dæma í þessu máli, yrði sá dómur að vera rjettlátur, sjerstaklega þar sem svo væri ástatt eins og hjer, að landlækni gæfist ekki kostur að bera hönd fyrir höfuð sjer. Það er satt, að hann á ekki sæti hjer í hv. deild. En ef svo vildi nú til, að hann væri ekki þingmaður, þá væri ókleift, eftir skoðun hv. þm. Dala. (B. J.), að ræða þetta stjórnar- og þingmál, að eins fyrir þá sök, að sá embættismaður, er við sögguna kemur, er ekki viðstaddur. Allir hljóta að sjá, hve fáránlegt slíkt væri. Hjer er ekki heldur um annað að tala en einn lið í stjórn þessa lands, og sjálf landsstjórnin er hjer til staðar, og er þessu svo náin, að finni hún hjá sjer hvöt til andsvara, þá getur hún það. — Það má og geta þess, að þessi embættismaður, sem hjer um ræðir, hefir skorast undan því í blöðum og á fundum að verja sig í þessu máli. Hann hefir sagt: „Mitt forum er ekki hjer, heldur fyrir stjórninni“! — Því skyldi maður ætla, að tilhlýðilegt væri að snúa sjer til stjórnarinnar, og hún bæri svo hönd fyrir höfuð honum.

Hv. þm. Dala. (B. J.) skiftir ákærunni í liði, í ræðu sinni. Og taldi hann þann lið „sannanlega rangan“, að landlæknir hefði verið mótfallinn sóttvörnum innanlands. — En þetta er, eins og jeg hefi áður drepið á, þvert á móti sannanlega rangt hjá hv. þm. (B. J.). Landlæknir var því í upphafi ómótmælanlega andvígur, að sóttinni yrði varnað útbreiðslu úti um land; þó að hann fjellist á það á endanum, þá er það laust við að vera þakkarvert. Því að hver sá, sem ekki var steinblindur fyrir því, sem var að gerast, hlaut að fallast á, að eitthvað yrði að gera, til þess að landsmenn fjellu ekki í valinn umvörpum. Í öðrum lið taldi hv. þm. (B. J.) það fullvíst, að ekkert hefði legið fyrir, sem benti í þá átt, að hjer væri um annað en „einfalda inflúensu“ að ræða. Ef hv. þm. (B. J.) vildi tala frá sjónarmiði landlæknis, þá hefði hann getað sagt, að ekki lægi fyrir, að hjer væri einu sinni um neina veiki að ræða. Hvað er veiki? Jeg geri ráð fyrir, að í slíkri sótt sem þessari liggi einhverjir „hættulegir gerlar“ til grundvallar, eins og líka hæstv. stjórn sagði, þó að hv. þm. Dala. (B. J.) telji, að þar hafi verið með í bland „óhættulegir gerlar“. Sje svo, að gerlarnir sjeu

óaðskiljanlegir frá sjúkdómnum, líka þeir hættulegu, var þá ekki full ástæða fyrir hæstv. stjórn, eða landlækni, að varna veikinni aðkomu? Ef greina á gerlana sundur á þann hátt, að veiki sje ósaknæm í alla staði, af því að í henni kunni að vera líka óhættulegir gerlar, og ekki skuli tekið tillit til hinna saknæmu, þá gef jeg ekki mikið fyrir slíka heilbrigðisstjórn. Það er kunnugt, hvað svo sem veikin er kölluð, að hún var hin skæðasta drepsótt. Og það var þekt að sumu leyti áður en hún barst hingað. Það var því full og óhrekjanleg ástæða fyrir heilbrigðisstjórnina að taka málið til athugunar og aðgerða. Þá talaði hv. þm. Dala. (B. J.) loks um það, að þessi veiki, inflúensan, hefði verið komin hingað til landsins áður. Þetta hefir fyr verið borið fram hjer af læknum, til þess að afsaka þá. Það er að vísu satt, að kvef gekk hjer í fyrrasumar. En kvef gengur hjer líka nú. Er það svo vægt eins og kvef er venjulega, að menn eru jafngóðir eftir nokkra daga, og hiti fylgir því að eins 1—2 daga, — ef hann er þá nokkur. Svo að ef menn fara að blanda því saman við þá pest, sem gekk hjer í haust, þá er það hreinasta blekking. Og ef það er gert af allsgáðum mönnum, þá er það vísvitandi blekking. — Eins og menn vita, barst veikin hingað að haustlagi, og var það því meiri ástæða að verja sig fyrir henni, svo að hún fengi ekki að leika lausum hala á óheppilegasta tímanum, þegar menn voru nauðbeygðir til að vera við vosbúð í kuldatíð víðast hvar. Enginn má samt halda, að hún hafi verið hættulaus þar sem hún kom í hitum. Það er kunnugt, að hún gekk eins og drepsótt sumstaðar, þar sem hún kom að sumarlagi.

Jeg þarf víst ekki að fara fleiri orð- um um þetta. Ástæður þær, sem hv. þm. Dala. (B. J.) fann heilbrigðisstjórninni til málsbóta, eru hjer með hraktar. Hvað snertir hæstv. landsstjórn, þá tók jeg það fram, að hún hjelt sjer við lögin. Hvort það var það rjettasta er áfram opið spursmál, þótt jeg hafi svarað því fyrir mitt leyti. Stjórn heilbrigðismálanna hefir aftur á móti, sem slík, gert sig seka í vanrækslu af alvarlegustu tegund. Um það þarf ekki að deila.

Ummæli háttv. frsm. (Þorl. J.) gefa mjer ekki tilefni til frekari orða. Hann hafði ekkert fram að bera, er nokkurs virði væri, og að sumu leyti fór hann niður fyrir það, sem vænta hefði mátt, að hann hefði getað staðið sig við.

Magnús Pjetursson: Jeg ætla að eins aftur að mótmæla þeirri staðhæfingu háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að landlæknir hefði verið móti sóttvörnum innanlands. Jeg skal nú ekki rengja það, sem hann sagði um þ e i r r a viðskifti. En jeg hefi skjallegar sannanir fyrir því, að hann beitti sjer ekki á móti vörnum innanlands. Jeg sendi honum símskeyti í nóv., þar sem jeg spurði um, hvort mjer væri ekki heimilt, samkvæmt sóttvarnarlögunum, að verjast veikinni. Og jeg fjekk það svar, að það mætti jeg reyna. Enn fremur kom það fram í viðtali við hann, bæði við mig og aðra stjettarbræður mína, að hann amaðist hreint ekki við, að þetta væri gert, þvert á móti. Þetta er því ekki rjett hjá háttv. þm. (G. Sv.). — Jeg skal svo ekki tefja tímann með fleiri orðum, enda býst jeg við, að háttv. deild leiðist að hlusta á heilsufræðislega fyrirlestra hjá fleiri læknum en háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.).

Bjarni Jónsson: Það var að eins stutt

athugasemd, út af orðum hins alvísa, háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Hann sagði margt af alvísi sinni, sem mætti athuga. Það mátti sjá að honum gengur ekki ærið illa að fá gögnin á móti landlækni, þar sem háttv. þm. Stranda. (M. P.) hefir skjallegar sannanir fyrir því, að rjett er það, sem jeg sagði um sóttvarnir til sveita. Jeg ætla að láta nægja að minnast á þetta. Háttv. þm. Stranda. (M. P.) er læknir og hefir betur vit á þessu en jeg og háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Og hvorki mjer nje öðrum dettur í hug að rengja það, sem hann segir um viðtal sitt við landlækni, og að hann þar hafi fallist á sóttvarnir. Mjer er að vísu ekki kunnugt um, hvað fór á milli háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og landlæknis, og það er ekki hægt að heimta, að jeg vissi það fyrirfram. En jeg hygg ekki, að það hafi verið svo þýðingarmikið í málinu, þar sem þó landlæknir fjelst á það við hann að hafa sóttvarnir, þó svo að hv. þm. hafi átt að því frumkvæðið og kent hinum síðina. Háttv. sami þm. (G. Sv.) misskildi orð mín á öðrum stað. Jeg sagði, að úr því að landlæknir ætti sæti hjer í þinginu, þá væri óviðkunnanlegt að gefa honum ekki kost á að verja sig. Þessu hefir háttv. þm. (G. Sv.) gleymt. Jeg þykist vita, að allir hafi skilið þessi orð mín og við hvað jeg átti, og þá um leið vitað, að jeg átti við allt annað en það, sem háttv. þm. (G. Sv.) vildi leiða út af ræðu minni. Þá talaði hann mikið um inflúensuna og gerlana. Háttv. þm. (G. Sv.) gleymdi því, að jeg sagði, að það hefði síðar komið í ljós, að hinum skaðlitlu gerlum fylgdu ýmsir skaðsamari gerlategundir, sem menn hjer á landi gátu ekki vitað um. Það mundi breyta dálítið skoðun hans, ef hann vildi skilja, að jeg sagði s í ð a r. Þessir gerlar fundust á rannsóknarstofum erlendis. En landlæknir hjer hafði ekki tækifæri til þess að rannsaka þetta, því að sá maður, sem það hefir á hendi, lagðist sjálfur veikur, þegar hann var að eins byrjaður á rannsókn sinni, og gat því ekkert aðhafst.

Á sjálfstæðum íslenskum rannsóknum er því ekkert hægt að byggja í þessu máli.

Þetta er því engin blekkingartilraun frá minni hálfu, heldur kemur sú tilraun fram hjá háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), sem segir, að jeg hafi talað um, að þörf hafi verið á að verjast sumum hluta veikinnar.

Það talaði jeg ekki um, heldur hitt, að það varð ekkert um það vitað fyrirfram, og er því ekki rjett að áfella einstakan mann fyrir aðgerðaleysi. Rannsóknarstofurnar vissu ekki um það á þeim tíma.

Jeg verð því að neita því algerlega, að nokkrum hafi verið kunnugt um það fyrirfram, að þetta reyndist slík drepsótt, sem raun varð á, enda hefir háttv. þm. (G. Sv.) ekki getað fært neinar sönnur á það. Alt og sumt, sem hingað hafði frjest, var það, að vond „Influense“ gengi í Kaupmannahöfn og hefðu nokkrir menn látist úr henni.

Þá talaði háttv. þm. (G. Sv.) um, að þetta hefði reynst drepsótt að sumarlagi, og vildi með því vefengja skoðun mína á veikinni í Stokkhólmi.

En jeg hefi í rauninni enga skoðun um það. Jeg sagði að eins, að menn þar hefðu haft þá skoðun, að betra væri að veikin gengi yfir að sumarlagi.

En sjálfur er jeg svo fávís, að jeg hefi ekki þekkingu á því atriði.

En ef háttv. þm. (G. Sv.) er svo fjölvís, að hann viti betur um þetta mál en

læknar alment annarsstaðar á hnettinum, þá skal það látið átölulaust af mjer.

En hitt þótti mjer ekki ámælisvert, að landlæknir vissi ekki það, sem enginn annar vissi.

Jeg gerðist svo djarfur, að segja, að jeg teldi það eitt rjett af þingi og þjóð, að dæma varlega og rjettlátlega um mál þetta. Jeg býst ekki við, að harmar manna ljettist við það, þótt skuldinni sje skelt á einn mann fremur en vera ber. Með því er jeg ekki að biðja þann undan áfellisdómi, sem á hann skilinn. En þess verður að krefjast, að dæmt sje rjett og reiðilega.

Þá var sami háttv. þm. (G. Sv.) svo vingjarnlegur að geta þess, að ræðustúfur minn muni hafa verið haldinn af því, að landlæknir er viðriðinn stjórnarvaldið. Gat hann þess einnig, að jeg hefði á síðustu þingum reynst frakkur í því að verja stjórnina og alt, sem henni við kæmi.

En ekki mun hann þurfa að leita lengi í pokahorninu til þess að finna, að eins mikil ástæða er til þess að halda, að hann hafi ráðist að manni þessum af því, að hann stæði nærri stjórninni, því að það er öllum kunnugt hvern hug háttv. þm. (G. Sv.) ber til hennar.

Ef hann því ætlar að skekkja minn dóm með því, að hann sje bygður á löngun til að verja, þá mun hans eigin dóm einnig mega hrekja með því, að hann sje bygður á löngun til að áfella.

En það saka jeg hann ekki um.

Jeg hefi hjer ekki verið að verja neinn mann, heldur að eins bent á, að árás, sem gerð er á mann, sje ekki á rjettum rökum bygð, en engin ástæða er til að vera ekki rjettlátur við hann, sem aðra menn.

Gísli Sveinsson: Háttv. þm. Dala. (B. J.) komst aftur inn á gerlana. En satt að segja voru það hans orð, sem gáfu mjer tilefni til að segja það, sem jeg sagði um það atriði. Annars hefði jeg ekki nefnt gerla í sambandi við þetta mál.

Það er meira en nóg, að sótt þessi reyndist drepsótt, og það var næg ástæða til þess, að heilbrigðisstjórnin átti í tíma að gera ráðstafanir til varnar, hvað sem „gerlunum“ leið.

Annars var það, sem háttv. þm. (B. J.) sagði, hið sama og áður. Hann þóttist vera að færa hið rjetta fram í málinu. En því neita jeg, að jeg hafi viljað halla rjettu máli. Skal jeg óhræddur leggja það undir annara dóm. Jeg býst ekki við, að sá dómur verði nema á einn veg, enda hefir nú reynslan skorið úr, illu heilli að því er afleiðingar sóttarinnar snertir, en góðu heilli að því er varnirnar snertir.

En hitt vona jeg, að flestir muni, að veiki þessi var þegar alræmd undir nafninu „Spanska veikin“, löngu áður en hún kom hingað og löngu áður en háttv. þm. Dala. (B. J.) ferðaðist um hafið, eins og hann sagði.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) virtist hafa mesta stoð í því, að háttv. þm. Stranda. (M. P.) mótmælti því, að landlæknir hefði ekki gert alt, sem í hans valdi stóð, til þess að verja landið gegn veikinni. Kvað hann, hv. þm. Stranda. (M. P.), vera skjallegar sannanir fyrir þessu.

Skjallegar sannanir eru að vísu góðar, svo framarlega sem þau skjöl eru ekki fölsuð. Og jeg efast ekki um, að hans skjöl sjeu ófölsuð, en þrátt fyrir það eru þau harla lítils virði.

Hann segir sjálfur frá, að þau hafi ekki komið fyr en 14.—15. nóv.

En það muna nú fleiri en læknar,

hvað þá hafði á dagana drifið. Hjer í Reykjavík var fjöldi manna dauður, og úti um land var þegar í byrjun nóv. hafist handa til varnar, bæði af mjer og öðrum.

En til eru skjallegar sannanir fyrir því, að landlæknir lagðist þá á móti því, bæði í ræðu og riti, að varist yrði. Var hann bæði móti því að verja landið, og eins taldi hann það í fyrstu ókleift og óþarft að verjast innanlands. Það þarf ekki annað en leggja á borðið fyrir framan háttv. þm. Stranda. (M. P.), auk þess, sem áður er talið, dagblað frá byrjun nóv., þar sem í eru skrif landlæknis, og telur hann það þar hjegómamál eitt að hugsa til varnar gegn veikinni. Og yfirleitt voru þau skrif hneykslanleg, eins og á stóð.

En um miðjan nóv. er svo komið, að landlæknir er kominn að þeirri niðurstöðu, eins og allir vita, að eitthvað verði að gera.

Það er heldur engin furða, eins og þá var komið. Hitt hefði verið meiri furða, ef hann hefði þá lagst á móti því, þegar háttv. þm. (M. P.) átti viðtal við hann um málið.

En löngu fyr hafði jeg, að sumu leyti á eigin ábyrgð, byrjað á vörnum við vestur- og austurhluta Skaftafellssýslu, að vestan, eins og kunnugt er, við Jökulsá á Sólheimasandi. Að austanverðu var það meira að segja gert gegn mótmælum frá stjórn og landlækni. Á Norðurlandi var seinna einnig byrjað að verja frá Húnavatnssýslu. En á Austfjörðum var eftir sem áður engin trygging gegn því, að veikin bærist í land af skipum. Þess vegna setti jeg vörnina einnig við Lónsheiði, — gegn mótmælum stjórnarráðsins, enda fjekk jeg andmæli þess gegn aðgerðum mínum, en ljet þá auðvitað svo búið standa, sem heppnaðist vel. Og það var aðalatriðið.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg held, að það hafi ekki verið að ástæðulausu, að jeg sagðist ekki vera búinn til svara í máli þessu, þegar jeg svaraði ræðu hv. þm. Borgf. (P. O.).

Og þótt háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefði þá verið búinn að halda hinar löngu tölur sínar og stuttu athugasemd, þá mundi það ekki hafa breytt afstöðu minni.

Ræður hans hafa verið svo öfgakendar, að ekki er auðvelt að svara mörgum þeim atriðum, sem hann hefir komið fram með.

Jeg drap á það í svari mínu til háttv. þm. Borgf. (P. O.), að víðar en hjer hefðu heyrst ákúrur fyrir það, að ekki hefðu verið teknar upp varnir gegn veiki þessari, sem sumir háttv. þm. segja, að verið hafi annað en „Influensa“. En jeg hefi ekki heyrt það frá neinum rannsóknarstofum erlendis, að þetta hafi verið önnur veiki en „Influensan“, eða kvefpestin, sem gekk um 1890. Eins og kunnugt er, hafa miklar rannsóknir um eðli sýki þessarar farið fram víða erlendis, án þess að komist yrði að annari niðurstöðu.

Annars kemur þetta ekki málinu við, og er óþarfi að vera að deila um það. Það hefir sýnt sig, að þetta var skæð drepsótt, og ef slíkt hefði verið mönnum vitanlegt í haust, þá mundu hafa verið gerðar skarpari ráðstafanir til þess að hleypa veikinni ekki á land.

En hitt er óþarfi, að lengja umr. með þessu hjali um eðli veikinnar, af mönnum, sem alls ekki hafa fylgst með rannsóknunum.

En það ætti hverjum sanngjörnum manni að vera ljóst, að heilbrigðis-

stjórninni hjer á landi er það mikið til afsökunuar, að ekki hefir meira nje annað verið gert til varnar í öðrum löndum. Hjer er því rangt að tala um embættisvanrækslu.

Það hefir verið sagt, að hægara sje að verjast hjer en annarsstaðar. Það er þó ekki hægara hjer en t. d. í Færeyjum, því að hjer koma miklu, miklu fleiri skip. (S. S.: Ætli Dönum hafi þá ekki verið sama um það þar?) Þetta er mjög ómaklega mælt, og hlýtur að vera sagt á móti betri vitund, því að hvað sem háttv. þm. (S. S.) annars vill bera Dönum á brýn, þá er þesskonar umhyggja hjá þeim í besta lagi.

En það er örðugt fyrir aðra en lækna að dæma um þetta atriði til fullnustu, og það er ekki víst, að dómar manna, sem um sárt eiga að binda, sjeu ábyggilegir. Jeg skil það vel sjálfur, jeg get ekki síður en aðrir kvartað yfir því, að veikin skyldi koma.

En þrátt fyrir það vil jeg ekki, að nokkur maður sæti órjettlátum áfellisdómi í þessu máli.

Mjer datt ekki í hug að segja, eins og háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) virtist hafa skilið orð mín, að ekki mætti tala hjer um þessar ráðstafanir. En jeg bjóst við að fá aðvörun um það áður, og í umr. um þetta frv. var engin ástæða til að komast inn á þetta.

Hitt, hvort landlæknir er hjer viðstaddur eða ekki, það skiftir ekki miklu, en rjettara var, ef á hann er ráðist, að leita hans upplýsinga um málið áður.

Annars er aðalefni málsins, sem nú liggur fyrir, það, hvort heppilegra sje að fela heilbrigðisráðstafanir einum eða fleiri mönnum. Um það má deila. Ábyrgðinni er að vísu dreift, ef falið er þremur mönnum. En jeg efast ekki um, að því verði treyst, að málin verði betur athuguð af þremur traustverðum mönnum en einum. Enda hefir það sýnt sig, eftir að umsjón var falin þremur mönnum, að ekki hefir borið á öðru en að ráðstöfunum þeirra hafi verið treyst.

Og ekki hefir verið kvartað undan því að feld var niður vörnin gegn sýkinni, þótt ekki sje fullsannað, að hún sje út dauð.

Sú athugasemd var rjett hjá háttv. þm. Stranda. (M. P.), að sóttvörnin heima í hjeruðum væri lögð í hendur hjeraðslækna. Þeir stjórna þeim málum með aðstoð lögreglustjóra. En það hindrar ekki, að stjórnin geti leitað til sýslumanna, en landlæknir aftur á móti til læknanna, enda er það eðlilegast.

En sú skoðun, sem hann lýsti, fellur alveg saman við minn skilning á lögunum um þetta efni. Jeg tel það heppilegra, að allar framkvæmdir í þessum málum sjeu lagðar á hönd einum manni, en ekki skift milli tveggja embættismanna.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal ekki deila við háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) um það, hvort rjett hafi verið að halda uppi vörn gegn veikinni, því að jeg er þar á sama máli og hann.

En sami háttv. þm. (G. Sv.) kannaðist við það, að stjórnin hefði í ráðstöfunum sínum farið eftir lögum og að það hefði verið beint lagabrot, ef hún hefði ákveðið sóttvarnir gegn tillögum landlæknis. Hins vegar er það öllum vitanlegt, að stjórnin hraðaði sóttvarnarráðstöfunum jafnskjótt og landlæknir fjelst á þær, og var þeim haldið uppi með mikilli festu, og hefir því heldur ekki verið mótmælt. Það er alveg rjett, að háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) gekk vel

fram í sínu hjeraði með sóttvarnir, enda heimilaði stjórnarráðið honum að halda þeim uppi, að því undanskildu, að stjórnarráðið sæi ekki ástæðu til þess að greiða sóttvarnirnar á Lónsheiði úr landssjóði, því landssjóður hjelt uppi sóttvörnum fyrir austan heiðina. Yfir höfuð hjelt stjórnarráðið þeirri reglu, að greiða ekki fyrir sóttvarnir þar sem eins stóð á, enda hefði það verið meiningarlaust.

En jeg skal taka það fram, að eftir að hræðslan við veikina hafði gagntekið fólkið, komu hinar óskiljanlegustu beiðnir um sóttvarnir á ýmsum stöðum, er lágu innan hins sóttkvíaða svæðis, eða milli heilbrigðra staða, þar sem um enga hættu var að ræða. Það sýndi sig nú, að sóttvarnir þær, er stjórnarráðið heimilaði, komu að fullum notum innan hins sóttkvíaða svæðis. Og eins er það og viðurkent, að hjálp sú, er landsstjórnin annaðist um, kom að ómetanlegu gagni. Mjer er skylt að votta það, að embættismennirnir í stjórnarráðinu voru allir mjög samhentir um að reyna að flýta fyrir hjálpseminni úti um sveitirnar, og var oft unnið óspart af þeim, sem á fótum voru og vinnufærir reyndust. Sjálfur vann jeg í rúminu eftir að jeg lagðist veikur, hafði „telefóninn“ við rúmstokkinn.

Hv. þm. Strand. (M. P.) talaði mikið um það, að stjórnarráðið hefði átt að snúa sjer beint til læknanna, í stað sýslumannanna. Þar til er því að svara, að landlæknir stóð í stöðugu sambandi við læknana, en stjórnarráðið sneri sjer til sýslumannanna, en á þeim hvíldi þó mest um allar framkvæmdir á sóttvarnarráðstöfunum. Auk þess ber þess að gæta, að símasamband var svo ófullkomið út um landið, bæði sökum veikinda landssímafólksins hjer og úti um landið, að mjög örðugt var að fá símasamband nema þangað, sem allra nauðsynlegast var, en sýslumennirnir ráðfært sig aftur við hjeraðslæknana.

En það, sem jeg skoða sem mesta trygging fyrir því, að stjórnarráðið hafi gert það, sem það gat, og að fólkið hafi fundið það, er, hversu lítið ámæli það hefir hlotið fyrir afskifti sín af veikinni. Jafnvel hefi jeg verið „hringdur upp“ úr ótal stöðum hjer nærlendis, til þess eins, að þakka mjer fyrir aðgerðir og dugnað stjórnarráðsins og hversu það hefði verið fljótt til þess að hjálpa. Auðvitað má segja sem svo, að stjórnarráðinu sje ekki þakkandi þetta, en þess má þó geta, sem gert er. Jeg vísa því öllum ákúrum frá mjer og stjórnarráðinu út af þessu máli, og get sýnt með enn þá fastari rökum en þeim, sem jeg nú hefi fært, að stjórnarráðið gerði skyldu sína. Þau rök liggja í skjölum og skeytum, snertandi þetta mál, í stjórnarráðinu.

Bjarni Jónsson: Það kom fram í ræðu hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að honum var illa við og vildi komast fram hjá þeim grikk, er jeg gerði honum, er jeg sannaði, að landlæknir gat ekki í byrjun veikinnar vitað, hversu vond hún var.

Mín athugasemd er ekki lengri, því að það, sem jeg sagði um þetta mál áðan, stendur óhrakið.

Pjetur Ottesen: Jeg skal ekki tefja lengi umræðurnar, en það var út af ræðu hæstv. forsætisráðherra (J. M.), að jeg vildi gera nokkrar athugasemdir.

Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) ljet sem sje svo um mælt, að örðugt hefði

verið fyrir aðra en lækna að dæma um það, hvað veikin væri hættuleg, og heilbrigðisstjórninni væri það mikið til afsökunar, hvað lítið hefði verið gert til varnar útbreiðslu veikinnar í öðrum löndum. En fyrst er nú það, að annarsstaðar var töluvert gert til þess að hefta útbreiðslu veikinnar, t. d. var lokað skólum og samkomuhúsum í Kaupmannahöfn, en svo er aðstaða okkar öll, lega landsins, samgöngur o. fl., ekkert sambærilegt við það, sem annarsstaðar er. En eins og jeg tók fram í fyrri ræðu minni, voru fregnirnar, sem komnar voru um eðli og gang veikinnar í Kaupmannahöfn, nægilega berorðar til þess að sýna og fullvissa menn um, hver voði væri á ferðinni, og að tekið væri mjög alvarlega í taumana og gerð tilraun til þess að sporna við því, að veikin bærist hingað. Sömuleiðis get jeg skýrt frá því, að um líkt leyti og frjettirnar bárust frá Kaupmannahöfn kom fregn frá New York um það, að samskonar drepsótt æddi þar eins og logi yfir akur. Þar sem nú aðalsiglingar til landsins voru frá þessum stöðum, þá sje jeg ekki annað en að full ástæða sje til að ávíta harðlega aðgerðaleysi þeirra, sem með þessi mál áttu að fara. Þetta sá öll alþýða manna hjer og heimtaði, að hafist væri handa, og er því hæpið að gera lítið úr áliti hennar, því hún hefir reynst miklu glöggskygnari á það, sem gera hefði átt, heldur en sá, sem þetta mál heyrði undir sjerstaklega, sem sje landlæknir.

Þá mintist hæstv. forsætisráðherra (J. M.) á það, að allháværar óánægjuraddir hefðu látið til sín heyra erlendis, t. d. í Danmörku, út af afskiftum eða afskiftaleysi hins opinbera af drepsóttinni; þetta mun rjett vera — en hvað skyldi þá hjer, þar sem ekkert var gert fyr en komið var í óefni. En eftir því, sem jeg hefi heyrt, þá hafa aðalásakanirnar annarsstaðar farið í þá átt, að ávíta hið opinbera fyrir, hversu illa það hefði verið við því búið að taka á móti veikinni, hvað sjúkrahús og hjúkrun snerti, líkt og þegar bæjarstjórninni hjer var legið á hálsi fyrir það að hafa leigt út sóttvarnarhúsið, án þess að hafa nokkurt annað hús í þess stað, sem hægt væri að einangra sjúka menn í.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vil skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann vilji ekki fresta umr. um þetta mál, því svo lítur út, sem menn langi til að hafa langar umræður um það.

Hv. þm. Borgf. (P. O.) vil jeg svara því, að henn leggur mjer orð í munn, sem jeg hefi aldrei talað. Jeg talaði sem sje ekki um alþýðumenn í mótsetningu við embættismenn, því það, sem jeg meinti, var, að rjettara væri að hlíta dómi fagmanna, og þá sjerstaklega lækna, í þessu máli, heldur en einhverra annara, sem litla eða enga þekkingu hefðu á málinu.

Það mátti ekki heldur skoða það sem nein ámæli í garð hv. þm. Borgf. (P. O.), þótt hann hreyfði þessu máli við 1. umr., en jeg hafði ekki búist við því; því hefði jeg búist við því, þá hefði jeg reynt að láta semja einhverja skýrslu um málið, er lögð hefði verið fyrir hv. Alþingi.

ATKVGR.

Frv. **felt** frá 2. umr. með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. M., M. G., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. K., E. A., E. J.

nei: G. Sv., H. K., J.J., M. P., M. Ó., P. O., S. S., S. St. B. Sv., B. St. E. Árna., Ó. B.

Þrír þm. (J. B., B. J. og P. J.) fjarstaddir.

5. Notkun bifreiða.

Á 11. fundi í Ed., laugardaginn 19. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða (A. 113).

Á 12. fundi í Ed., mánudaginn 21. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Guðjón Guðlaugsson): Frv. er stutt, svo að menn verða fljótir að glöggva sig á því, enda sjá menn tilgang þess af greinargerð þeirri, sem því fylgir.

Það getur nú vel verið, að margir sjeu á móti bifreiðum yfirleitt og þyki því eigi ástæða til þess að veita nokkra undanþágu. En jeg get ekki sjeð, að þessi undanþága fái valdið nokkrum skaða. Jeg er þeirrar skoðunar, að ekki sje meiri hætta, þó að ungir menn stýri bifreiðum heldur en þó að gamlir menn geri það. Og yfirleitt fara menn varla að læra bifreiðaakstur mjög gamlir.

Undanþága sú, sem hjer um ræðir, lýtur að svo kölluðum „privat-bílum", þ. e. bifreiðum einstakra manna, sem ekki ætla sjer að hafa bifreiðaakstur að atvinnu, heldur að eins nota þær fyrir sig og sitt fólk. Það er síst hætt við, að þessar bifreiðar gangi þar, sem hættulegt er eða miklar vagnaferðir, heldur meir heima hjá eigöndunum. Það er ekki ólíklegt, að menn hjer í Reykjavík, sem mikil lönd eiga, þyki ódýrara að hafa bifreiðar en hesta.

Jeg legg ekki mikið kapp á þetta frv., en jeg vona, að hv. deildarmenn sjái, að hjer er ekki um hættuspil að ræða, heldur lítilfjörlegan greiða handa þeim, sem svo er ástatt fyrir, sem jeg hefi nú lýst, þegar þar á ofan bætist það, að frv. ætlast til, að stjórnin veiti undanþáguna eftir því mati, sem það telur rjett. Því að menn geta enga kröfu átt til þessarar undanþágu eftir frv. Á þessu er engin hætta, þegar stjórnarráðið veitir undanþágur. Þær verða ekki veittar, nema komið sje fram með nægileg skilríki fyrir því, að maðurinn sje að öllu leyti hæfur til að vera bifreiðarstjóri að öðru leyti en því, að hann nær ekki aldurstakmarkinu.

Jeg fyrir mitt leyti sting ekki upp á því, að málinu verði vísað til nefndar; læt aðra ráða því.

Halldór Steinsson: Jeg er ekki samþ. þessu frv., aðallega af því, að með því eru gerðar misjafnar kröfur til þeirra manna, sem stýra flutningabifreiðum, og þeirra, sem stýra „privat"-bifreiðum. Ef óhætt er að fela 18 ára gömlum manni að stýra „privat"-bifreið fullri af fólki, þá fæ jeg ekki sjeð annað en að fela megi sömu mönnum að stýra öðrum bifreiðum. Jeg gæti ef til vill fallist á, að aldurstakmarkið væri lækkað, en hitt get jeg ekki felt mig við, að undanþágur sjeu veittar þeim, er stýra „privat"-bifreiðum.

Málið er þess vert, að því sje vísað til nefndar, og vona jeg, að væntanleg nefnd athugi þetta atriði.

Kristinn Daníelsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að máli þessu verði vísað til samgöngumálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgöngumálanefndar (sjá A. bls. 2001) með 7 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., mánudaginn 28. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 113, n. 158, 149).

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Eins og háttv. þm. sjá, er nefndarálitið frá samgöngumálanefnd beggja deilda; hefir hún lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt, nema hvað einn nefndarmanna, hv. þm. Snæf. (H. St.), er ber fram brtt. við 1. málsgr. 1. gr., en þótt sú brtt. verði samþ., þá snertir það ekki frv.; er eins hægt að samþ. það fyrir því. Það, sem löggjöfin hefir haft fyrir augum, þegar þessi lög voru sett, hlýtur að vera það, að það væri meiri trygging fyrir varfærni, ef aldurstakmarkið væri haft hærra, en þessi mótmæli ná ekki til frv., því þar er 18 ára aldurinn að eins undantekning, en aldurstakmarkið er ekki fært niður fyrir heildina. Hv. þm. Snæf. (H. St.) hjelt því fram við 1. umr., að rjett væri að færa aldurstakmarkið niður í 18 ár, og um það gæti jeg verið honum samdóma, en jeg skil ekki, hvers vegna hann er á móti því að veita þessa undanþágu heldur kemur með þá till., að setja aldurstakmarkið 20 ár, í stað 21 árs nú, eða lækka það um 1 ár, en það kemur yngri mönnum ekki að notum, og þar sem þau tilfelli eru nauðafá, og um einkabifreiðar að ræða, þá skil jeg ekki, hvers vegna hv. þing ætti ekki að verða við því. Jeg sje ekki, að nein hætta geti stafað af því.

Jeg vil því, fyrir nefndarinnar hönd, mæla með, að frv. verði samþ. með þeirri orðabreytingu, sem nefndin ber fram.

Halldór Steinsson: Eins og jeg tók fram við 1. umr., er jeg ekki samþykkur því, að farið sje að veita undanþágur um þessi efni, eða frá skilyrðum, sem sett eru fyrir ákveðnu starfi. Jeg kýs miklu fremur, að skilyrðunum sje breytt, en sama gildi fyrir alla. Aldurstakmark þetta er sett sem nokkurskonar trygging fyrir því, að bifreiðastjórarnir sje fremur færir um að gæta lífs og lima farþega sinna. Jeg get, fyrir mitt leyti, fallist á, að aldurstakmarkið sje of hátt, og því ber jeg fram brtt. á þgskj. 149.

Annars sje jeg engan mun á því, hvort um er að ræða bifreiðarstjóra á einkabifreið eða leigubifreið. Báðir aka farþegum, og enginn munur þar á, nema hvað annar þeirra tekur fargjald. Og sá, sem er með einkabifreiðina, getur boðið akstur kunningjum sínum, eins mörgum og hann vill, svo ekki þarf um fjölskyldu hans að vera að ræða.

Jeg mun því greiða atkv. með að færa aldurstakmarkið niður í 20 ár, en greiði atkv. á móti núverandi frv.-grein.

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Það ætti ekki að þurfa að endurtaka það, að aðstaðan er alt önnur um einkabíl en leigubíl. Í fyrsta lagi er einkabíllinn notaður sjaldan, og í öðru lagi er hann mest notaður utan bæjarins, og þar er hættan miklu minni.

Hvað það snertir, að bifreiðareigandinn bjóði öðrum með sjer, þá sje jeg ekkert á móti því, og það er þessu óviðkomandi með öllu, en tiltölulega sjaldan eru slík boð, því oftast munu þeir fara með fjölskyldu sína, og bifreiðin rúmar sjaldnast meira, og oft ekki hana alla.

Jeg fæ því ekki skilið háttv. þm. Snæf. (H. St.), þar sem hann vill færa aldurstakmarkið fyrir alla niður í 18 ár. Hann er sýnilega í mótsögn við sjálfan sig. Jeg vona því, að háttv. deild samþykki frv.

Guðmundur Ólafsson: Mjer list brtt. nefndarinnar vera meira en orðabreyting. Hún setur „venslamenn" í stað „nánustu skyldmenni". Eftir strangasta skilningi orðanna útilokar nefndin nánustu skyldmenni, því þau geta ekki heitið venslamenn.

Kristinn Daníelsson: Áður en gengið er til atkvæða vil jeg vekja athygli á, að brtt. háttv. þm. Snæf. (H. St.) er ekki við frv. eins og það er, heldur við hlutaðeigandi grein í gildandi lögum. Mjer finst, að hún ætti að berast upp fyrst, og þótt hún veri samþ., má samþ núverandi frvgr.

Forseti: Jeg verð að telja brtt. háttv. þm. Snæf. (H. St.) leyfilega, þar sem hún fjallar um sama efni og frv. Hún fer fram á almenna lækkun á aldrinum, en frv. fram á undanþágu. Eins og málið liggur fyrir er ekkert því til fyrirstöðu að samþ. hvorttveggja.

ATKVGR.

Brtt. 149. samþ. með 7 : 3 atkv.

Kristinn Daníelsson: Ef till. á þgskj. 113 verður samþ., bætist hún við till. hv. þm. Snæf. (H. St.), og munurinn er sá, að fyrirsögnin verður eftir till. hv. þm. Snæf., en ekki eftir frv.

Magnús Torfason: Mjer skilst, að frvgr. geti vel staðist með þessari breytingu.

Forseti: Jeg er sammála hv. þm., sem talað hafa, og úrskurða, að frvgr. skuli koma til atkv.

Vil skjóta því til hv. nefndar, að breyta þarf upphafinu á frvgr., er hún kemur til 3. umr.

FRH. ATKVGR.

Brtt. 158. feld með 7 : 6 atkv.

Frvgr., með á orðnum viðauka, samþ. með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. F., G. G., H. Sn., K. D., M. K., S. J., G. B.

nei: E. P., G. Ó., H. St., Jóh. Jóh., K. E., M. T.

Einn þm. (S. E.) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 7 : 3 atkv.

Á 18. fundi í Ed., miðvikudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 188).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 : 3 atkv., og afgr. til Nd.

Á 22. fundi í Nd., fimtudaginn 31. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 218).

Á 24. fundi í Nd., mánudaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 218).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., föstudaginn 8. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 218, 313).

Forseti: Hjer á fundinum hefir komið fram brtt., á þgskj. 313, og til þess að hún geti komið til greina, þarf að veita afbrigði frá þingsköpunum. Að fengnu leyfi hæstv. ráðherra leyfi jeg mjer að bera það undir atkv. hv. þm.

Afbrigðin samþ. með öllum greiddum atkv.

Pjetur Ottesen: Sú breyting, sem er innifalin í þessu frv., sem kom frá hv. Ed., er í því fólgin, að færa aldurstakmark þeirra manna, sem stýra mega bifreiðum, niður úr 21 ári í 20 ár. Enn fremur er sú breyting gerð á, að þeir menn, er stýra einkabifreiðum, sem þeir eiga sjálfir, eða aðrir þeim nákomnir, þurfi ekki að vera eldri en 18 ára.

Mjer virðist dálítið einkennilegt að koma með slíka undanþágu. Aldurstakmark bifreiðarstjóra er sem sje sett, meðal annara ákvæða, til tryggingar fyrir því, að þeir stýri bifreiðum, sem færir eru um það fyrir aldurs og þroska sakir, og er þetta nauðsynleg varúðarráðstöfun, því bifreiðaakstur er töluvert hættulegur, og höfum við töluvert þreifað á því, því eins og kunnugt er, hefir ekki svo sjaldan hlotist slys af bifreiðaakstri.

Að veita þeim þessa undanþágu, sem sjálfir eiga bifreiðarnar og stýra þeim, eða þeirra nánustu, er rökstutt með því, að þeir flytji ekki aðra en nánustu skyldmenni eða aðra vini sína, er trúi þeim fullkomlega fyrir sjer.

En mjer finst, að þó eigi sjeu nema nánustu vandamenn, sem þessir menn flytja í bifreiðum sínum, þá muni þeir þó leggja leið sína um alfaravegi, og geti það þá komið fyrir, að einhverjir fjarskyldir eða aðrir en nánustu vandamenn verði á leið þeirra. En nú vita

menn það, að hættan af bifreiðaakstri vofir engu síður, ef ekki fremur, yfir þeim, sem verða á vegi bifreiðanna, en þeim, sem í þeim sitja, og á þetta sjerstaklega við á fjölförnum vegum í bæjum, eins og t. d. í Reykjavík, þar sem bifreiðaumferðin er orðin að mestu plágu, enda oft slys af hlotist. Auk þess sje jeg ekki neina frambærilega ástæðu til að setja þá skör lægra í þessu efni, sem reka þetta sem atvinnu, heldur en þá, sem nota bifreiðarnar í eigin þarfir, hvort heldur það er nú til gagns eða skemtunar. Jeg hefi því leyft mjer ásamt háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) að koma fram með brtt., sem fer í þá átt, að fella þessa undanþágu niður, og vona jeg, að menn fallist á, að öll sanngirni mæli með því. Ber þess líka að gæta, að þetta ákvæði um 18 ára aldurstakmarkið marðist að eins fram í Ed. með örlitlum atkvæðamun.

Pjetur Jónsson: Þetta mál gekk umr.-laust í gegnum 2. umr., og bjóst jeg því ekki við, að farið væri að gera neitt veður út úr því við 3. umr., en svo er nú orðið. Við frv., eins og háttv. Ed. hefir afgreitt það, hefir nú komið fram brtt. frá háttv. þm. Borgf. (P. O.), þar sem 18 ára aldurstakmarkið á að falla burtu. Ef sú brtt. verður samþ., finst mjer ekkert vera orðið eftir af frv. Í upphafi var í frv. einungis þessi undanþága, um aldurstakmark á þeim, sem stjórnuðu prívat-bílum. Það munar engu, hvort aldurstakmarkið hið almenna skuli heldur vera 20 eða 21 ár. Væri því miklu hreinlegra að fella frv. algerlega. Fyrir mitt leyti finst mjer breyting Ed., um 18 ára aldurstakmark fyrir þá, sem stjórna „prívat"-bifreiðum, mjög eðlileg, og sje jeg enga ástæðu til þess að beita sjer á móti henni. Mjer finst sem sje ekki nema sjálfsagt, að úr því að nú á að fara að leggja háan skatt á bifreiðar, þá sjeu eigendurnir látnir um það, hvort þeir vilja heldur hálsbrjóta sig með 20 ára mann við stjórn eða 18 ára. (**P. O.:** Já, en þeir mega ekki hálsbrjóta aðra). Mjer er kunnugt um, að einstakir efnaðir menn hjer í bænum hafa fengið sjer bifreiðar, sem þeir nota eingöngu fyrir sig og fjölskyldu sína. Nú hafa synir þeirra ef til vill ekki náð 20 ára aldri, og álít jeg það stökustu meinbægni að banna þeim að láta þá stjórna bifreiðunum af þeim sökum, ef þeir trúa þeim sjálfir til þess. Tel heldur eigi 18 ára unglinga þeim mun ófærari til að stjórna bíl en 20 ára. En ef einhver brýtur af sjer með ólöglegri keyrslu, þá er ekki nema sjálfsagt að taka ökuleyfið af honum, hvort sem hann er gamall eða ungur.

Sigurður Sigurðsson: Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli hv. þm. á þeim breytingum, sem þetta frv. gerir á gildandi lögum um notkun bifreiða, frá 1917. Aðalbreytingin er sú, að færa aldurstakmark þeirra, er mega stýra bifreiðum, niður úr 21 ári í 20 ár. Jeg verð að segja, að þegar farið er að flytja frv. um svona smámuni, þá sjeu menn að gera sjer leik að því að breyta lögum. Jeg heyri á mörgum, að best sje að fella nú þetta frv. Og jeg tel það með öllu ástæðulaust, meiningarlaust og taktlaust, að halda málinu lengra. Þó vil jeg lýsa því yfir, að jeg tel sjálfsagt að samþ. brtt. háttv. þm. Borgf. (P. O.), ef frv. skyldi fljóta í gegn. Skal jeg jafnframt játa með háttv. þm. S.-Þ. (P. J.), að þá hefir líka frv. mist sinn tilgang, sem sje þann, að leyfa ungum sonum efnaðra manna, er bif-

reiðar eiga, að fara með þær. Auðvitað er frv. flutt eftir beiðni eins manns, en það tel jeg hlægilegt af Alþingi að hlaupa eftir slíkum eiginhagsmunaóskum einstakra manna.

Pjetur Ottesen: Það var eins og hv. þm. S.-Þ. (P. J.) liti svo á, að engum gæti stafað hætta af bifreiðum, öðrum en þeim sem í þeim sætu, en eins og jeg hefi bent á, stafar engu síður hætta af þeim fyrir þá, sem á vegi þeirra verða. Það er mildi, að ekki skuli þó verða meiri slys af bifreiðum hjer í bænum en raun er á, því það er hörmung að sjá, hversu gálauslega sumir aka hjer innan bæjar. Það er því miklu fremur ástæða til að herða þær kröfur, sem bifreiðastjórar eiga að uppfylla, en slá af þeim, og sje jeg ekki, að það út af fyrir sig, að vera t. d. sonur þess manns, sem þess er um kominn að geta haft bifreið til eigin nota, sje svo þungt á metunum, að sá maður eigi að hafa forrjettindi fram yfir aðra, hvað þetta snertir.

..**Einar Jónsson:** Mjer finst, að hjer sje verið að deila um keisarans skegg, því allir hljóta að sjá, hversu lítilfjörlegt atriði það er, hvort maður, sem stjórna má bifreið, skuli heldur vera 20 eða 18 ára. Jeg fyrir mitt leyti þykist hafa reynslu fyrir því, að yngri menn geta oft og tíðum tekið fram eldri mönnum í einu og öðru. Jeg vil því taka það fram, að aldurstakmarkið, hvort það er heldur 18 eða 20 ár, hefir ekkert að segja frá mínu sjónarmiði. 18 ára gamall bifreiðarstjóri getur auk þess í mörgum tilfellum verið gætnari, öruggari og á margan hátt betur vaxinn starfinu, en annar, sem er 20 ára. Annars get jeg látið hjá líða í þetta sinn að tala langt mál, en yfirleitt hefðu þessi bifreiðamál aldrei þurft að komast hjer inn á þingið í þetta sinn.

Pjetur Jónsson: Því hefði mig aldrei órað fyrir, að farið væri að gera þetta mál að kappsmáli; mjer finst það ekki þess vert. Það held jeg nú samt, að jeg greiði atkv. með frv., en á móti brtt. Jeg get ekki felt mig við þessa bannstefnu, sem sumir þingmenn vilja keyra fram hvar sem er. Auk þess er í vændum hár tollur á bifreiðarnar, og get jeg ekki talið rjett að tolla fyrst allar bifreiðar einstakra manna, og gera þeim svo í ofanálag erfiðleika um stjórn þeirra. Auk þess skil jeg ekki þá, sem vilja taka þá stefnu í öllum málum, að löggjafarvaldið eigi að fara að sletta sjer fram í fjölskyldumál manna. Trúi jeg flestum fjölskyldufeðrum betur fyrir heimilisfólki sínu heldur en hinu opinbera.

Björn R. Stefánsson: Jeg verð að taka undir með ýmsum öðrum háttv. þm. um það, að mjer finst breyting sú á frv., sem hjer um ræðir, svo smávægileg, ef 18 ára aldurstakmarkið verður felt, að mjer finst þá engin ástæða til þess, að frv. nái fram að ganga. Ef farið væri að eiga við að breyta lögum þessum, þá hefði verið miklu rjettara að snúa sjer að því, að gera prófið miklu strangara heldur en það er. Jeg heyri hvarvetna talað um, að kröfurnar, sem gerðar eru til bifreiðastjóra, er próf ætla að taka, sjeu mjög lítilvægar. Ef prófið væri gert fullkomnara, þá sje jeg ekki neitt á móti því, að aldurstakmarkið verði fært niður í 18 ár, því að jeg veit, að athugulir unglingar, þótt

ekki sjeu nema 18 ára, geta verið engu ófærari að stjórna bifreið heldur en þeir, sem eldri eru að áratali. Jeg tel miklu meiri tryggingu í því, að lögð sje áhersla á kunnáttu og æfingu en aldur, og álít nauðsynlegt, að þær kröfur sjeu hertar frá því, sem nú er. En nú við 3. umr. er orðið of seint að koma með þær breytingar á þessu frv. og gildandi lögum, sem einar dygðu til að koma málinu í viðunanlegt horf.

Einar Arnórsson: Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) átaldi það, að löggjafarvaldið skifti sjer af einkaefnum manna. Hann, sem er 20—30 ára löggjafi, veit þó, að ekki verður hjá því komist, og að það er gert á hverju þingi meira og minna, ýmist beinlínis eða óbeinlínis, með því að veita stjórnarvöldum hinar og þessar heimildir til þess að takmarka athafnafrelsi manna. Tökum t. d. hjólreiðar. Menn eru skyldir að hafa bjöllu og ljósker á hjólhesti sínum, jafnt þótt þeir eigi hann sjálfir, sem þótt þeir leigi hann. Það er yfirhöfuð eigi gerandi munur á því, hvort maður fer sjálfur í sinni bifreið eða leigubifreið. Hættan fyrir þá, sem um þann veg fara, þar sem bifreið er ekið, er engu minni, þótt eigandi, eða hans fólk, sitji í henni, en þótt aðrir geri það. Sá, er siglir sjálfs sín skipi, verður að láta löghæfan mann stjórna því. Það getur sem sje alveg eins rekist á önnur skip og þau skip, sem leigð eru eða fara ferðir fyrir hvern, sem vera skal.

Ef eigi þykja reglur um ökumannspróf og annað, er þar að lýtur, nógu strangar, þá er þar ekki annað en að snúa sjer til stjórnarinnar um það. Til að breyta þeim á fullnægjandi hátt þarf eigi lagabreyting.

ATKVGR.

Brtt. 313. feld með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., E. A., E. J., H. K., J. J.
nei: M. Ó., P. J., S. St., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. K., B. St., E. Árna., G. Sv., J. B., M. P., Ó. B.

Þrír þm. (B. J., J. M. og M. G.) fjarstaddir.

Frv. **felt** með 12 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. St., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. K., E. Árna., G. Sv., M. G., M. P., M. Ó., P. J., Ó. B.
nei: P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., B. St., E. A., E. J. H. K., J. J., J. B., P. O.

Tveir þm. (B. J. og J. M.) fjarstaddir.

6. Hvíldartími háseta á botnvörpuskipum.

Á 13. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum (A. 130).

Á 15. fundi í Nd., fimtudaginn 24. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg get eiginlega látið mjer nægja að vísa til greinargerðar þeirrar, sem er fyrir þessu frv. Þar hefi jeg drepið á nokkur helstu atriðin, sem mæla með því, að

lög verði sett um þetta efni. Sjómenn hafa við mikil rök að styðjast í þessum kröfum sínum, um að lögboðinn verði hvíldartími fyrir þá. Það er sem sje alkunna, að við fiskveiðar á ísl. botnvörpuskipunum er vinnutíminn oft svo óheyrilega langur, að úr hófi keyrir. Jeg hefi að eins drepið á þetta í greinargerð frv., en alls ekki tekið eins djúpt í árinni eins og hægt er með rjettu að gera. Þótt lög verði sett um þetta efni, þá er ekki þar með sagt, að hásetar noti sjer þennan rjett út í æsar, hvernig sem á stendur. Eftir þeirri þekkingu, sem jeg hefi á sjómannastjett landsins, þori jeg að fullyrða, að þegar nauðsyn bæri til, myndu þeir fúsir á að vinna lengur en lög segja, og á hvaða tíma sem væri. En hitt hljóta allir að sjá, sem nokkurt skyn bera á vinnu, hversu skaðlegt það er heilsu manna að hafa uppistöður við erfiða vinnu marga sólarhringa samfleytt, án þess að njóta svefns nje hvíldar. Enda hafa afleiðingarnar komið í ljós, því að menn á besta skeiði hafa iðulega verið búnir að slíta sjer svo, að þeir hafa neyðst til þess að hætta þessari atvinnu. Einhver kann nú að segja, að þetta muni lagast, án þess að lög þurfi til, og aðrir komi í stað þeirra, sem hætta atvinnunni. Jeg skal játa, að hingað til hefir ekki verið skortur á mönnum á botnvörpungana, en mjer finst miklu hyggilegra að fyrirbyggja, að til slíks geti komið. Mjer finst jeg ekki þurfa, að svo komnu, að mæla meira með þessu frv. Þó vil jeg geta þess, þeim til athugunar, er ekki vita, að til eru lög um þetta efni, að víða erlendis er lögskipaður hvíldartími hjá sjómönnum. Í Englandi er t. d. tiltekinn tími til vinnu og hvíldar. Og það voru ekki sjómenn sjálfir, eins og ætla mætti, sem báru fram þessar kröfur, heldur voru það ábyrgðarfjelögin ensku. Það hafði komið fyrir oftar en einu sinni, að menn höfðu verið látnir vinna svo lengi hvíldarlaust, að þeir voru orðnir úrvinda af svefnleysi og þreytu, og fyrir þá sök hlektist skipinu á. Þetta hefir, sem betur fer, ekki orðið að sök hjer enn þá, því verkaskiftingunni er þannig háttað, að stjórnandinn nýtur einatt nokkurrar hvíldar. En hins vegar er þörfin fyrir slík lög engu minni hjer en þar. — Jeg vænti þess, að hv. deild taki þessu máli vel, og að hv. Alþingi sjái nauðsynina á einhverju aðhaldi í þessu efni, svo að hásetar hafi við eitthvað að styðjast í kröfum sínum um rjettmæta hvíld.

Jeg skal svo að endingu leyfa mjer að stinga upp á, að málinu verði vísað til sjávarútvegsnefndar.

Bjarni Jónsson: Jeg vildi að eins fá skýringu hv. flm. (J. B.) á því, hvers vegna hjer eru ekki nefndir aðrir sjómenn en botnvörpuskipa. Eru þá þeir, sem stunda fiskveiðar á mótorbátum og síldarskipum, undanteknir, og svo þeirra útgerðarmenn? Mjer er ekki ljóst, að þeir sjómenn þurfi minni hvíld en aðrir. Eða á að láta þá sæta verri meðferð?

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg hefi ekki ætlast til, að fyrirskipaður væri hvíldartími á öðrum skipum en botnvörpuskipum. En þó er jeg ekki á móti því, að gengið sje feti framar, ef nauðsyn þykir. Ástæða mín til þess er sú, að botnvörpuskipin eru lengst á sjó, hafa enn meiri sjósókn en önnur skip, og því er unnið þar lengstan tíma í senn. Þó að vökur sjeu oft miklar á mótorskipum, þá hygg jeg

vafalaust, að sjómenn á þeim njóti meiri hvíldar og svefns en hinir fyrnefndu. Eins er því varið á þilskipunum. Samkvæmt ráðningarskilmálunum á þeim eru menn miklu fremur sinir húsbændur. Þeir fá sjálfir helming þess, er þeir afla, og er því nokkurn veginn í sjálfsvald sett, hvernig þeir stunda vinnuna. Enda hafa þeir ekki borið sig upp undan of miklu erfiði. Ef til vill er stundum of löng vinna þar líka, en vafalaust er þörfin langbrýnust á botnvörpuskipunum.

Sigurður Stefánsson: Mjer dettur ekki í hug að fara að hefja neinar kappræður um þetta nú. En jeg vildi lýsa því yfir nú þegar, að jeg er algerlega mótfallinn þessu frv. Það er svo sem auðsjeð, að hjer er gengið inn á þá braut, sem nú virðist æði fjölfarin í umheiminum kring um okkur, sem sje þá, að verkamennirnir geti sett vinnuveitendunum stólinn fyrir dyrnar í atvinnurekstri þeirra. Það skal játað, að þær ástæður geta verið fyrir hendi, að nauðsyn beri til, að löggjafarvaldið grípi fram í viðskifti verkamanna og vinnuveitenda, en hjer tel jeg þá nauðsyn ekki fyrir hendi, en jeg tel mjög varhugavert að setja lög um þessi efni. Það, sem hjer um ræðir, er ekkert annað en samningamál milli háseta og útgerðarmanna, og það gefur að skilja, ef ekki gengur saman með þeim, að þá eru það útgerðarmennirnir, sem neyðast til þess að láta undan, svo að atvinnuvegur þeirra stöðvist ekki. En að löggjafarvaldið fari að fyrra bragði að setja lögákvæði um það, sem er hreint og beint samningamál milli háseta og útgerðarmanna, tel jeg engan veginn heppilegt nje til heilla fyrir sjávarútveginn.

Þess ber að gæta, að þótt hásetar á botnvörpuskipum í einstaka tilfellum kunni að hafa meiri vökur en góðu hófi gegnir, þá hafa þeir tímum saman miklu lengri hvíldartíma en alment gerist við aðra vinnu. Hitt mun og sönnu nær, að þessar miklu vökur munu ekki tíðkast nema í einstaka tilfellum, þegar um það er að gera, að ná í sem mestan afla á sem stystum tíma, sem oft getur verið alveg sjálfsagt, eins og tíðarfari er háttað hjer á Íslandi, og þá hafa bæði hásetar og útgerðarmenn gott af hinum langa vinnutíma. Hásetar hafa og með sjer fjelagsskap, þar sem er „Hásetafjelagið“, og ætti þeim að vera í lófa lagið að hindra það, að á þeim væri níðst. Ef svo færi, að samningar gengju ekki saman, gætu hásetar lagt niður vinnu. Ef frv. þetta yrði samþ., mundi það naumast verða annað en dauður bókstafur, getur leitt til þess eins, að skapa að óþörfu ný vandræði milli verkamanna og vinnuveitenda. — Ef við lítum á umheiminn í kringum okkur, þá eru horfur alt annað en álitlegar, þar sem alt logar í verkamannaróstum og öll lög og samningar eru að vettugi virt. Og því meira sem látið er undan, því meira er heimtað. Mjer finst það hljóta að vera skylda okkar að reyna að sporna við, að slíkt ástand geti sýkt frá sjer hingað til okkar. Enginn veit hvar hjer verður staðar numið; að því getur rekið, að verkamenn heimti kaup fyrir svefntímann, eða annað því um líkt. Það er ekki gott að vita, við hverju maður má búast á þessum tímum, þar sem lög og rjettur og öll þjóðfjelagsskipun er á hverfanda hveli.

Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) sagði í ræðu sinni, að af ástandinu, eins og

það er nú, gætu leitt mestu vandræði, t. d. það, að ekki fengist fólk til vinnu lengur. En mjer skilst, frá sjónarmiði útgerðarmanna, að þeir mundu fyr taka þann kostinn, að láta eftir kröfum hásetanna, en að setja skipin upp, ef um það tvent væri að velja. Mjer finst satt að segja, að þetta sje einn anginn af þessum bolsjevisma, sem nú veður eins og öskrandi ljón yfir heiminn, og allir hljóta að sjá, hver voði stafar af. Þetta frv. getur orðið byrjun á því, að skapa með lögum hvíldartíma í öðrum atvinnuvegum vorum, t. d. landbúnaðinum. Allir sjá, hvílíkur voði það gæti orðið fyrir þann atvinnuveg, ef verkamenn ættu lagakröfu til 8 kl.stunda svefns, hvernig sem á stendur, þar sem svo er nú ástatt, að einn einasti dagur um bjargræðistímann getur að miklu ráðið úrslitunum um búskapinn fyrir alt árið. Jeg segi fyrir mig, að sem bóndi í sveit væri jeg ekki ánægður með þá skilmála, að alt verkafólkið gæti lagt niður vinnu, sökum lögákveðins hvíldartíma, þótt mörg hundruð hestar heys lægju undir stórskemdum af yfirvofandi rigningu. Setjum nú svo, að ekkert hefði orðið úr rigningunni, en er fólkið væri búið að sofa 6 kl.stundir, þá vofði hún yfir aftur. Og nú kæmi bóndinn í mesta sakleysi og vildi fá fólkið til að bjarga heyjunum. En þá væri ekki við það komandi að fá það á fætur. Það segði: „Nei, góði maður, við gerum ekki eitt handartak fyr en við höfum sofið okkar lögboðnu 8 kl.stundir.“ Og það jafnvel þótt það g æ t i ekki sofið.

Bjargræðistiminn hjá okkur Íslendingum er sannarlega ekki svo langur, að menn ættu að gera sjer að leik að stytta hann með heimskulegum og skaðlegum lögum. Og jeg hugsa, að það sje reynsla flestra bænda, að þeim hafi ekki haldist ver á hjúum, þótt þau hafi ekki fengið 8 kl.stunda svefn, hvernig sem á stóð, ef aðbúð að öðru leyti hefir verið góð. Slík lög, sem þessi, gætu orðið óþægilegur þröskuldur í vegi fyrir atvinnu vorri. — Á hinn bóginn væru þau vopn í hendi þessara alþýðuskrumara og skrækjara, sem sí og æ gala hæst um ranglæti og yfirgang vinnuveitenda. En venjulega er sá skrílsháttur sprottinn af öfund til þeirra, sem eitthvað eiga, er þeir með dugnaði sínum hafa aflað sjer, og vanalega eru það letingjar og ónytjungar, sem aldrei hafa nent að taka ærlegt handartak, sem gerast vilja slíkir leiðtogar fólksins.

Bjarni Jónsson. Jeg verð að segja, að mjer finst vægt farið í sakirnar með þessum lögum, þar sem tiltekið er um 8 kl.tíma hvíld. Það mætti skilja svo, að 6 kl.st. væru ætlaðir til svefns, en 2 til matar, svo frá því sjónarmiði hefi jeg ekki á móti lögunum. Annars tel jeg lítt hugsanlegt, að mikil brögð sjeu að því, að vinnuveitendur misbjóði fólki svo, að það verði vart vinnufært. Jeg sje ekki, hvaða hagnað þeir hefðu af því. Þeir hljóta að sjá nauðsynina á því, að menn fái sæmilega hvíld, svo að þeir hangi ekki hálfsofandi við verk sitt. — Hins vegar er ekki hægt að útiloka það með lögum, að þeir vinni fram yfir ákveðinn tíma, ef sjerstaklega stendur á, t. d. að bjarga þarf veiðarfærum eða annað þess háttar kemur fyrir. Slíkt ákvæði má ekki heldur vera í lögum, sem bannar mönnum athafnir, ef líf liggur við. Það væri því nóg, að í lögunum

stæði, að hásetar ættu kröfu til 8 stunda hvíldar, en þyrftu ekki að fylgja því ákvæði frekar en þeir sjálfir kysu.

Þessar bendingar vildi jeg gefa háttv. nefnd, sem fær málið til meðferðar.

En þá er enn ósvarað þeirri spurningu minni, hvers vegn aákvæði þetta skuli ekki eiga að ná til annara en sjómanna, og hví ekki til annara af þeim en þeirra, sem veiðar stunda á botnvörpungum.

Mjer skilst þó, að eins miklar vökur eigi sjer stað á sumum öðrum skipum, t. d. við síldveiðar. Jeg veit því ekki, hvaða ástæða er til þess að taka þennan eina flokk út úr, nema ef vera skyldi gert af sjerstökum hug til þeirra útgerðarmanna.

Þá vildi jeg benda hv. flm. (J. B.) og háttv. nefnd á það, að lagavernd fyrir annara þjóna er svo best góð, að hún bindi ekki fyrir hendur þeirra, ef einhverjir eru, sem vilja vinna fram yfir ákveðinn tíma, til þess að afla sjer fjár.

Lögin mega því ekki ákveða meira en að menn skuli ekki skyldir að vinna meira en tiltekinn tíma fyrir hið ákveðna kaup sitt. Hitt má engum banna, að vinna lengur fyrir hækkuðu kaupi.

Það væri alveg rangt að fara hjer sömu leiðina og farin var til þess að vernda búðarfólk fyrir oflöngum búðarstöðum. Það getur engan veginn talist rjett að skipa að loka öllum búðum á sama tíma og banna með því jafnvel sjálfum eigandanum að standa í búð sinni, þótt það geti verið honum ánægjustundir. Eins er þetta til óhagnaðar mörgu fólki, sem ekki getur verið til taks að ljúka kaupskap sínum fyrir vissa mínútu dagsins, sem ákveðin er af stjórnarvöldunum, til lokunar búðanna.

Svo má ekki hjer fara, heldur verður að ákveða, að menn sjeu ekki skyldir að vinna fyrir umsömdu kaupi lengur en þann ákveðna tíma, en annars frjálst að vinna lengur fyrir hækkuðu kaupi. Annars er það beint slegið úr höndum manna að vinna sjer inn fje, þó að tækifæri bjóðist og full þörf sje á.

Þetta vildi jeg að eins benda á, svo að það, sem verða á stjettinni til stuðnings, geti ekki orðið henni að fótakefli.

Forsætisráðherra (J. M.): Þetta mál gefur tilefni til ýmissa athugasemda, sjerstaklega þó mótmæli þau, sem fram hafa komið. En jeg er ekki undir það búinn að fara ítarlega út í það.

Að eins vildi jeg láta í ljós undrun mína yfir því, að svo hófleg tilmæli, sem hjer er um að ræða, skuli hafa getað sætt mótmælum, sjerstaklega þegar eins er ástatt í heiminum og nú, og við erum svo heppnir, að hafa losnað við alla baráttu um verkamannamálin. Jeg hefði getað hugsað mjer, að menn hefðu risið upp öndverðir, ef farið hefði verið fram á 16 kl.st. hvíld á sólarhring, eins og sumstaðar er krafist af sjómönnum nú á dögum.

Jeg hjelt líka, að hv. þm. Dala. (B. J.) hefði kynt sjer betur verkamannahreyfinguna en vera virðist af því, sem kom fram í ræðu hans. Hann virtist ekki skilja það, hversu hóflega er hjer farið, einmitt með því, að binda þessi ákvæði einmitt við botnvörpungana eina, því að það er auðvitað, að yfirleitt eiga ekki við um landbúnað og sjávarútveg (fiskveiðar) þær reglur að

þessu leyti, sem annars eiga við um ýmsa reglubundna vinnu. En það er alt öðru máli að gegna með togarana, sem eru úti í sjó alt árið, en önnur skip, sem eru úti að eins nokkra mánuði á árinu.

En jeg tel það mjög óhyggilegt að deila mikið um mál þetta nú. Hitt væri rjettara, að vísa því til nefndar, í þeirri von, að hún athugi það vel og gaumgæfilega.

Þess ber að gæta, að þetta er að eins örlítill partur af stórmáli, sem vel gæti komið til að taka yrði fyrir, og þá má ske ekki í nógu næði, ef hjer er farið ógætilega og æsingum beitt.

Jeg vildi því óska, að umr. yrðu ekki öllu lengri, fyr en málið kemur frá nefnd aftur.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Það voru að eins nokkur atriði í ræðu hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), sem jeg verð að drepa lítið eitt á.

Það var sýnilegt af ræðu hans, að hann þekkir ekki til þess rjettmætis, er frv. þetta byggist á. **(S. St.:** Alt eins vel og háttv. flutnm.). Ef svo er, þá skil jeg ekki í því af presti, sálusorgara, að hann skuli geta verið eins ómannúðlegur í hugsunarhætti og kom fram í ræðu hans. **(B. J.:** Hann er hjer sem þm., en ekki sem prestur). En jeg á hjer erfitt með að greina sundur prestinn og þingmanninn. En viðvíkjandi því, sem háttv. þm. (S. St.) sagði, þá kom það mjer einkennilega fyrir eyru, er hann var að bera saman þessa atvinnugrein og aðrar.

Í þessari atvinnugrein er það ekki einsdæmi, að menn hafi unnið 60—70 og jafnvel 90 stundir samfleytt, án þess að hafa notið meira en 2 kl.st. svefns. Geta nú allir sjeð í hendi sjer, hvílík vinnubrögð það eru, að vinna í 2—3 dægur, og stundum mikið lengur, samfleytt og hvíldarlaust. **(S. St.:** Hver biður þá að vinna svo lengi?). Þeim er skipað það, og þeir geta ekki hjá því komist. Enda gefur það að skilja, að þeir mundu ekki leita verndar laganna, ef annars væri kostur. Auðvitað eru þeir ekki ráðnir með slíkum kjörum, en reyndin verður þessi.

En nú get jeg ekki betur sjeð en að með því að framkv. hugmyndir hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að láta verkamennina sjálfa afskamta vinnutímann og neita þeim um sjálfsagðan og rjettmætan stuðning frá hálfu löggjafarvaldsins, er þeir leita með hinni mestu hógværð, þá sje hingað beint öldu þeirri, sem geysað hefir yfir heiminn, því að þótt fá dæmi sjeu til slíks erfiðis þar eins og þessa, þá er sú alda sprottin af því, að verkamenn hafa verið of lengi þjakaðir og átt við of bág kjör að búa. En þegar æsingarnar vakna, er ekki gott að gæta þess hófs, sem skyldi. En sama mundi raunin á verða, ef illa og harkalega væri að máli þessu farið hjer.

Það gladdi mig að heyra orð hæstv. forsætisráðherra (J. M.), og sömuleiðis orð hv. þm. Dala. (B. J.), því að jeg heyrði, að þeir litu með sanngirni og rjettsýni á málið. Og sjeu einhverjir agnúar á frv., þá er svo fjarri því, að jeg sje því mótfallinn, að því sje kipt í lag. Jeg er einmitt þakklátur hverjum þeim, sem færir það til betri vegar. En að frv. eigi ekki rjett á sjer, því verð jeg algerlega að mótmæla. Og jeg hygg, að þeir, sem standa á vegi fyrir frv., vinni með því þessari atvinnugrein hið mesta tjón. Það er alls ekki sagt, hvorum það yrði til góðs, hásetum eða útgerðarmönnum, ef hásetar færu að ráðum hv. þm. (S. St.)

og legðu niður vinnu. Það eru mestar líkur fyrir því, að það yrði báðum til mikils tjóns, bæði hagsmunalega og eins vegna samvinnunnar milli þessara manna. Að minsta kosti hafa hásetar snúið sjer til þingsins í því skyni, að komast hjá slíkum erjum. Þeir vilja vinna í friði við húsbændur sína, svo lengi sem unt er. En ef þingið á að svara þeirri beiðni með því einu, að benda þeim á þá leið að taka rjett sinn með valdi, þá er það að minsta kosti fjarri því, sem hv. þm. (S. St.) vildi vera láta.

Að hásetar hafi meiri arð af slíkum vinnubrögðum sem þessum, nær engri átt. Þeir fá sama kaup, hvort sem þeir vinna lengur eða skemur. Þeir fá auðvitað meiri lifrarpeninga þegar mikið fiskast. En nú er það víst, að menn vinna minna með þessu fyrirkomulagi heldur en ef þeir nytu hæfilegrar hvíldar.

Þetta er því ekkert annað en skökk skoðun hjá vinnuveitendum, er þeir ætla, að þeir beri meira úr býtum með þessu ráðlagi. Og hvern hagnað hásetar hafa af því má best marka af því, að duganði menn á besta skeiði endast ekki nema fá ár til vinnunnar.

—Jeg vænti því þess, að hið háa Alþingi taki þessu máli vel og afgreiði lög þessi sem hollust og hagkvæmust, og mun jeg ekki verða á móti þeim breytingum, sem til bóta miða.

Hitt tel jeg alls ekki hyggilegt, þegar leitað er til þingsins svo hóflega, sem hjer er gert, að hrinda því frá sjer með ónotum og miður hollum ráðleggingum. Og jeg verð að játa það, að mjer þótti næsta undarlegt að heyra ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Hún kann að hafa látið vel í eyrum þeirra manna, sem ekkert þekkja til þjóðskipunarmála, en alls ekki í eyrum annara. Og góð áhrif gat hún á engan haft.

Mjer detta í hug, við að heyra ræðu hv. þm. (S. St.), þessi orð úr Rígsþulu:

„Var þar á höndum
hrokkit skinn,
kroppnir knúar,
— — — — — —
fingr digrir,
fúlligt andlit,
lotinn hryggr
ok langir hælar."

Svo lýsir Rígsþula þrælunum, og ef hv. þm. (S. St.) hefði verið uppi á þeim tíma, er þrælahald var, og verið þeim í aðbúð eins og andinn í ræðu hans benti á, þá býst jeg við, að lotinn hefði verið hryggurinn í þrælnum þeim, er honum hefði lengi þjónað. — En jeg ímynda mjer nú, að hann sje mjög ólíkur húsbóndi því, sem kom fram í ræðu hans. Jeg er þess meira að segja fullviss. Hann hefði átt að geta farið rjett með það, sem hann hafði prentað fyrir framan sig. Hjer er hvergi farið fram á 16 stunda hvíld, heldur að eins 8.

Hann virtist vera að bera bændur fyrir brjóstinu, en þess hygg jeg að gerist engin þörf. Bændur munu fæstir láta hjú sín vinna svo lengi. Og þó það geti staðið svo á hjá þeim, að lengur þurfi að vinna í einn tíma en annan, þá eru flest hjú, sem betur fer, svo skapi farin, að þau gera ekkert veður út af því.

Þetta mál snertir því bændur ekki nokkurn skapaðan hlut. Þar þarf ekki að skerast í leikinn til að stytta vinnutímann; þar mun sjaldan unnið leng-

ur en í mesta lagi 14 stundir, og þarf engin lög til að takmarka það. — En þar sem vinnutíminn við þá atvinnugrein, sem hjer er um að ræða, er óhæfilega langur, þá er ekki nema sanngjarnt og sjálfsagt að verða við sanngjörnum óskum starfsmannanna um, að þeim verði lögheimilaður nokkur hvíldartími. Þeir munu aldrei misbrúka slíkan rjett.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið, en vænti þess, að hv. deild taki því sem best.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 2010), hvorttveggja með öllum gr. atkv.

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 130, n. 368 og 373).

Forseti tók málið út af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., föstudaginn 22. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Matthías Ólafsson): Sjávarútvegsnefnd hefir ekki getað orðið á eitt sátt í þessu máli. Meiri hl. nefndarinnar leggur ekki til, að þessu máli sje skipað með lögum. Hún telur það ekki heppilegt, því ef þetta yrði gert að lögum, álítur meiri hl. nefndarinnar óhjákvæmilegt, að það með tímanum mundi taka til fleiri atvinnuvega en hjer ræðir um. Og sumum þeirra er þannig háttað, að ómögulegt er að lögbjóða ákveðinn hvíldartíma, nema til stórtjóns og hnekkis fyrir vinnuna, t. d. við heyvinnu o. fl. — Það er álit meiri hl. nefndarinnar, að þótt hásetum kunni að hafa verið misboðið með alt of löngum vökum á botnvörpuskipunum áður fyr, þá eigi slíkt sjer ekki stað lengur. Hitt er annað mál, að við atvinnuveg, sem er eins háttað og sjávarútveg, þá getur altaf komið fyrir, að hásetar fái ekki svefn einn og einn sólarhring í einu, en svo aftur lengri hvíld á milli. Sumir úr meiri hl. nefndarinnar hafa sjálfir stundað þessa atvinnu, og þekki jeg t. d. vel til um þetta, og get ekki sagt, að það hafi á neinn hátt haft vond áhrif á mig. Mjer finst, að það, sem hjer ræðir um, sje samningsatriði. Annars vegar er fjelagsskapur, þar sem er „Hásetafjelagið", og ætti því að vera í lófa lagið að semja fyrir hönd háseta um það, að skipstjórar ofþjaki ekki fólki sínu með of miklu erfiði. Enda mætti það kallast ljelegur verkstjóri, sem gerði það. Úr þessu má enn fremur bæta á annan hátt, sem nú er mjög farið að tíðkast, og það er að láta stærri skip stunda veiðarnar en hingað til hefir verið gert. Á þeim er hægt að hafa miklu fleira fólk, svo að skifting vinnunnar kemur jafnara niður, og enginn vinni lengur en hóflegt er. — En ef aftur á móti væri farið að bjóða hvíldartíma með lögákvæðum, mundi leiða af því, að bæði t. d. síldarvinna og heyvinna mundu feta í fótsporin. Til að gera mönnum ljóst, hversu óhyggileg slík lagaskipun gæti verið, þurfum við ekki annað en að taka dæmi. — Við getum hugsað okkur, að nú hafi skip verið að velkjast í ofviðri dögum saman, og hásetar hafi lítið eða ekkert getað sofið fyrir veðrinu. Svo dettur á dúnalogn alt í einu, með uppgripum af fiski. Þá yrðu auð-

vitað allir að vinna, til þess að bjarga fiskinum. Eins og gefur að skilja, getur vinnutíminn í slíkum tilfellum orðið æði langur, en við því er ekkert að segja. Jeg tel ekki óhugsandi, að ef þetta yrði að lögum, þá hefðu sumir skipstjórar það til, af eintómri stríðni, að láta háseta sína aldrei fá meiri hvíld en lögboðið væri, eða 8 kl.stundir. — Sjálfur er jeg þessu máli mjög vel kunnugur, því jeg hefi stundað sjómensku áður fyr, bæði við hákarlaveiðar og lúðuveiðar, sem eru mjög erfiðar. T. d. kom fyrir oftar en einu sinni, að jeg vakti við vinnu samfleytt í rúma 2 sólarhringa. Og jeg hefi ekki orðið þess var á neinn hátt, að jeg hafi beðið heilsutjón við það. Jeg skal ekki neita því, að slíkt gæti orsakað heilsubilun hjá sumum mönnum. En þeir hafa sennilega ekki verið hraustir fyrir, og ættu því ekki að gefa sig við sjómensku. Það er ekki öðrum hent en óbiluðum mönnum. Og á því er ekki vafi, að barningur bátasjómannanna okkar hefir átt mestan þátt í því að gera þá að sjógörpum. Það er því undarlegra, að vilja nú fara að setja lög um þetta, einmitt þegar það er stórum að batna. Skipstjórar okkar hafa oft og einatt erfiðað engu síður en hásetar. Það er ekki nema eðlilegt, þegar svo er ástatt, eins og oft vill verða, að ógæftir hafa staðið dögum saman, en svo koma skyndilega nokkrir góðir dagar. Þá eru flestir svo skapi farnir, að þeir draga ekki af sjer að ná sem mestum afla. Enda eru það tiltölulega fáir dagar á árinu, sem aflinn fæst á skip. Ef farið væri að setja lög um hvíldartíma á botnvörpuskipum, því ætti það þá ekki líka að ná til annara skipa og báta? Allir sjá, hve slíkt væri fjarri sanni, þegar t. d. um opna báta er að ræða, sem einatt sækja svo langt, að þeir ná ekki í land í tæka tíð. Setjum t. d., að þegar menn á róðrarbát væru komnir á miðja leið til lands, væri vinnutíminn á enda, og hásetar heimtuðu þá, að nú mættu þeir, lögum samkvæmt, leggjast fyrir til svefns. Annað tveggja yrði þá, að leggjast fyrir akkeri, eða þá að láta reka til hafs aftur, og mundi hvorugt reynast gott. Af þeim ástæðum, er jeg nú hefi greint, hefir meiri hl. nefndarinnar ekki getað sjeð, að nægar ástæður lægju til þess, að þetta frv. verði samþ. Þá mundu fleiri atvinnuvegir á eftir fara með samskonar kröfur, og hvar værum við þá staddir? Hvernig færi t. d. með búskap til sveita, ef kaupafólk heimtaði lögboðinn, ákveðinn hvíldartíma frá heyvinnu. — Jeg fæ ekki skilið, hvers vegna þetta er að eins látið ná til botnvörpuskipa. Jeg verð þó að álíta, að þess sje ekki síður þörf hvað snertir mótorbáta. Á þeim eru ekki síður vökur og langur vinnutími. Það hefir komið fyrir hjá Englendingum, að hásetar hafa verið svo úrvinda af svefnleysi og þreytu, að þeir hafa siglt skipinu sofandi á land. Varð þetta til þess, að ábyrgðarfjelögin ensku kröfðust þess, að ofþreyttum mönnum væri eigi falin stjórn á skipum, en lög um það hafa þeir eigi sett. Sem betur fer hefir slíkt eigi hent hjá okkur Íslendingum á botnvörpuskipum, og jeg tel litlar líkur til þess, að það komi nokkurn tíma fyrir. Sýnir það, að okkar skipstjórar eru nærgætnari menn. Hins vegar hefir svipað komið fyrir á mótorbátum, og ætti það að benda í þá átt, að þar væri þörfin fyrir einhverja takmörkun á vinnu eða vökum öllu brýnni en á botnvörpungunum. — Jeg ætla ekki að minnast á till. minni hl. nefnd-

arinnar. Hún fer að vísu skemra. „Principið“ er hið sama. Ástæður fyrir því eru sem sagt þær, að til er fjelagsskapur á báða bóga, sem getur samið um þetta ágreiningsatriði. Og ef lög sem þessi væru sett, myndi oft verða algerlega ókleift að framfylgja þeim. — Að endingu leggur meiri hl. nefndarinnar til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

> **Með því að eigi virðist ráðlegt að fastákveða með lögum hvíldartíma háseta á botnvörpuskipum, nje við annan veiðiskap, telur deildin ekki gerlegt að fallast á frv., og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.**

Frsm. minni hl. (Sveinn Ólafsson): Eins og nál. á þgskj. 373 ber með sjer, hefir minni hl. nefndarinnar ekki getað orðið meiri hl. samferða í þessu máli. Það getur að vísu verið álitamál, hve langt eigi að ganga í þessu deiluatriði, en hjer er um beinan stefnumun að ræða milli meiri hl. og minni hl. Jeg veit, að hv. þm. hafa kynt sjer þetta mál rækilega, og þarf jeg því ekki að vera fjölorður. Þó vil jeg benda á, að meinleg prentvilla hefir slæðst inn í nál. meiri hl., sem gerbreytir merkingu setningar sinnar. Þar stendur: „Aðalspurningin í þessu máli verður e k k i um þörfina á löghelguðum hvíldartíma.“

Eins og gefur að skilja, á þetta „ekki“ að falla burt þarna. Enda er handritið til sýnis hjer, sem ber þess ljósan vott, að hjer er um prentvillu að ræða, en ekki ritvillu.

Á mál þetta verður að líta eins og tilraun til að greiða úr deilu milli útgerðarmanna og háseta, en eins og allir mega sjá, eru líkurnar mestar til þess, að eigi valdi þar að öllu annar aðili deilunni. Og þegar ágreiningsatriðið er jafnstórvægilegt og er hjer milli háseta og útgerðarmanna, þá er ekki rjett að ganga alveg fram hjá því, sem annar aðilja ber fram fyrir sínum málstað. Það kann nú vel að vera, að kvartanir og kröfur frá hálfu háseta hafi verið óbilgjarnar. En það útilokar ekki á neinn hátt, að þeir hafi eitthvað til síns máls. Og að sjálfsögðu hafa sumir þeirra, sem kvartað hafa, gert það af fullgildum ástæðum. Til þess að ganga úr skugga um þetta hefi jeg spurt mig fyrir hjá reyndum mönnum, sem þekkja vel til þessa, — því sjálfur hefi jeg ekki reynt togaraveiðar — og svörin hafa fallið á þann veg, að áður fyr hafi verið mikil ástæða til umkvartana, og hásetum iðulega misboðið með ofþreytu og vökum; nú sjeu minni brögð að því, en þó svo mikil, að þróttminni mönnum sje um megn. — Sjálfur þekki jeg nokkra menn á Austurlandi, sem stundað hafa fiskveiðar á botnvörpuskipum hjer sunnanlands. Og allir kvörtuðu þeir undan harðneskjulegum vinnubrögðum, sem tíðkuðust þegar afli væri ör. Tveir af þessum mönnum eru nú nokkuð við aldur, og heldur heilsutæpir, og báðir kenna þeir heilsubrest sinn þeim vökum og því erfiði, sem þeir áttu við að búa, meðan þeir fengust við þessar botnvörpuveiðar, en hvorttveggi þessara manna er skilorður og orðvar. Vitanlega má rengja slíka skýrslu og kenna öðru um heilsubrestinn, en slík renging sannar ekki það gagnstæða. Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) hjelt því fram, að ef frv. þetta yrði samþ.,

þá þyrfti að setja samskonar lög um hvíldartíma við önnur vinnubrögð, t. d. bæði heyvinnu og síldarvinnu. Þetta er marklaus viðbára. Við landvinnu er þessu skipað eftir fornri venju, svo að hvíld er veitt þegar þörf krefur, nema alveg sjerstakar ástæður komi til, og komi þar fyrir kappvökur, þá munu þær oftast af frjálsum vilja gerðar, svo sem við hjúkrun sjúklings, dagþrot á ferðum o.s.frv. Strangt til tekið hefir enginn húsbóndi rjett til að láta hjú sitt vinna svo lengi samfleytt, að það hafi ekki nægan svefn. En í siglingalögunum er ekkert ákvæði, sem bannar það. Sjómaðurinn er skyldur til að hlýða skipstjóra, hve nær sem hann skipar verk. En það er hætt við, og ekki ósennilegt, að skipstjórar noti sjer þennan rjett sinn, þegar svo ber undir, og misbjóði mönnum sínum.

Þá gat hv. frsm. meiri hl. (M. Ó.) þess, að hann hefði sjálfur tekið þátt í sjómensku, og oft og einatt haft langar vökur, jafnvel mörg dægur, án þess þó, að hann hefði kent sjer nokkurs meins. Mjer þykir satt að segja sagan fremur ósennileg og undarlegt, ef hann hefir aldrei verið eftir sig eftir slíkar þrautir. En þó að hann hafi sloppið án þess að líða varanlegt heilsutjón af þessu, þá sannar það ekki annað en það, að hann er hreystiskrokkur, sem á fáa sína líka. Háttv. frsm. (M. Ó.) var þeirrar skoðunar, að við ástandið — óregluna — mætti bjargast, eins og hefir verið hingað til, án þess að setja um það lög. Mjer skildist á háttv. þm. (M. Ó.), að hann gerði sig ánægðan með, ef hásetar fengju t. d. 12 kl.-tíma hvíld annan hvern dag, eða þá enn lengri hvíld þriðja hvern dag. Mundi háttv. þm. (M. Ó.) þá ekki hreint og beint vilja leggja til, að hásetar fengju að sofa fjórðu hverja viku, en vinna samfleytt hinar þrjár? Jeg hygg, að langar vökur geti verið hættulegar engu síður fyrir það, þó menn fái að sofa eftir á. Þess eru dæmi, að þeir, sem vakað hafa samfleytt í tvo sólarhringa, hafa ekki getað sofið, þegar þeir áttu kost á því. Jeg skal svo ekki fást meir um það, sem hv. frsm. meiri hl. (M. Ó.) sagði. Hv. deild gefst nú kostur á að skera úr um þetta með atkvæðum. En eins og fram er tekið í áliti minni hl., tel jeg sjálfsagt að sinna að nokkru ósk háseta og skipa málinu með lögum, en þó með þeirri varfærni, að ekki sje að óþörfu tekið fram fyrir hendur aðilja. Miðlunar tel jeg sjálfsagt að leita um þetta, eins og öll slík deilumál. Jeg legg því til, að hinn lögboðni hvíldartími sje ákveðinn 6 stundir á sólarhring, fyrir 8 í frv., og tel öllu með því borgið, þar sem hjer er um lágmark tímans talað.

Enn fremur hefi jeg lagt til, að 4. gr. frv. falli burt, um það, hve nær lögin gangi í gildi. Það virðist eigi þurfa að flýta þeim frekar en mörgum öðrum lögum þingsins. Fleira ætla jeg ekki að segja um mál þetta að sinni, en bíð átekta.

Björn R. Stefánsson: Þó að jeg sje einn af hv. nefndarmönnum, kemst jeg ekki hjá því, að segja nokkur orð, því, satt að segja, líkar mjer hvorki meiri nje minni hl. nefndarinnar vel. Jeg hefi að vísu skrifað undir álit hv. meiri hl. nefndarinnar, af því að jeg var honum sammála um niðurstöðu málsins. En aftur á móti var jeg ekki ánægður með dagskrána. Mjer fanst, satt að segja, ekki ástæða til að taka málaleitun, sem svo höglega var fram borin, jafnhörkulega og gert er. Þar

sem því er slegið föstu með dagskránni, að ekki sje ástæða til þess að slaka neitt til, eða gera neinar ákvarðanir í málinu. Jeg tel, að eins og málið horfir við, þá sje það lítt rannsakað. Sjálfur hefi jeg ekki átt kost á að rannsaka það til hlítar, því jeg þekki það lítið af eigin reynd. Því hefði jeg látið mjer nægja, ef sagt hefði verið í dagskránni: „fremur en við annan veiðiskap", í staðinn fyrir „n j e við annan veiðiskap". Þar með er ekki sagt, að ekki væri ástæða til að rannsaka alt spursmálið nánar. Jeg held, að ekki sje meiri ástæða til þess með botnvörpuskipin fremur en önnur skip. Hásetar á þeim standa að því leyti betur að vígi en aðrir sjómenn, að þeir hafa með sjer reglubundinn fjelagsskap, með föstu skipulagi, „Hásetafjelagið", og geta því með samtökum sett útgerðarmönnum þau skilyrði, er þeir telja nauðsynlegt. Öðru máli er að gegna með þá, sem stunda síldarvinnu og mótorbátaveiði. Þeir eru oftast sinn úr hverri áttinni, og eru menn af mörgum stjettum, og ættu því mun óhægar með að gera þær ráðstafanir, sem þyrfti, til þess að þeim væri trygður nægur hvíldartími eða önnur nauðsynleg þægindi. Þess vegna var jeg mótfallinn, og taldi fjarstæðu, að fara að setja lög um botnvörpuskipin ein saman. Jeg lít svo á, að slík lög væru hjegómi einn saman, ef þau næðu ekki til vinnu við annan veiðiskap, þar sem þörf á þeim er þó bersýnilega enn brýnni. Ef nokkur sanngirni ætti að vera í þeim, þyrfti að gera mjög víðtækar undantekningar. Segjum t. d., að nú hefðu hásetar vakað í samfleytt 16 stundir, og skipið væri í rúmsjó, eða á einhverjum hættulegum stöðvum nærri landi, en þá skylli á óveður alt í einu. Þá væri óhjákvæmilegt, að þeir hjeldu áfram að vaka, enda brýtur þar nauðsyn lög, en lagabrot væri það samt, ef þeir færu þá ekki að sofa.

Satt að segja efast jeg um, að þessara laga, sem hjer um ræðir, sje eins mikil þörf og sagt er. Jeg hefi að minsta kosti hvergi sjeð þau gögn hjá háttv. nefnd, sem sýni, að þetta sje einróma vilji sjómanna sjálfra. Skoðanir þeirra í þessu máli geta verið misjafnar. Sannar það, að jeg hefi talað við fleiri en einn háseta, sem kváðu sig móti þessu, af því að þeir álitu, að slík lög yrðu algerlega þýðingarlaus, og að setja lög, sem lífsnauðsyn getur verið að brjóta annanhvern dag, er dálítið kátlegt, finst mjer, þegar þá engin undanþága er veitt frá því að fylgja þeim, þó svona standi á.

En þó að svo væri, að ástæða væri til þess fyrir löggjafarvaldið að setja eða fyrirskipa, að sett sje reglugerð um þetta efni, þá er málið ekki svo undirbúið nú, að jeg geti sjeð, að nein minsta átylla sje til þess að samþ. frv. þetta.

Jeg er því samþ. aðalniðurstöðu hv. meiri hl. á því, að rjett sje að fella frv. Og jeg get ekki sjeð, að það sje til neins, að vera að eyða tíma þingsins með því að velta máli þessu lengur fyrir sjer.

Jörundur Brynjólfsson: Að svo komnu þarf jeg ekki að tala langt mál, þar sem ekki hefir verið hrundið neinu af því, sem jeg færði fram við flutning málsins, um það, að nauðsynlegt væri, að hásetar hefðu lagastaf sjer til stuðnings í kröfum sínum um hvíldartíma, þegar vinnan keyrði úr hófi fram.

Andmæli þau, sem fram hafa komið,

hafa minst beinst gagnvart málinu sjálfu. Jeg get því farið fljótt yfir sögu, því að þótt hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) og háttv. þm. S.-M. (B. St.) hafi mælt móti málinu, þá eru rök þeirra næsta veigalítil

En jeg verð að víkja örfáum orðum að nál. hv. meiri hl.

Það er þá fyrst það, að ekki tjái að setja slík lög sem þessi sökum þess, að oft verði að vinna svo mikið sem unt er, vegna óstöðugrar veðráttu; því sje nauðsynlegt að nota sem best hverja góða stund. Það má vel vera, en þess verður þó að gæta að skemma ekki mennina á of mikilli vinnu. Um það mun hv. meiri hl. vera mjer sammála. Jeg geri því lítið úr þessari mótbáru. Þess verður líka að gæta, þegar talað er um óhagstæða veðráttu í sambandi við þetta mál, að skip þessi eru betur við slíku búin en hin smærri skipin; þar má því ekki miða við báta og smáfleytur.

Þá segir þar, að ekki sje ástæða til að lögbjóða hvíldartíma frekar við þennan starfa en annan. En það eru engar ástæður fyrir mótmælum gegn þessu máli, þótt menn vinni of lengi annarsstaðar. Hins vegar er það víst, að lengur er unnið við þennan starfa en nokkurn annan hjer á landi, og erfiði það, sem hásetar hafa, er afskaplega mikið. Jeg ber ekki á móti því, að það sje líka mikið við veiðar á seglskipum og mótorbátum, en vökur eru þó ekki nálægt því eins miklar. (S. St.: Miklu meiri!). Þeir eru þá ekki öfundsverðir, en annars trúi jeg ekki á það, að svo sje. En þó að svo væri, þá eru það engin mótmæli gegn þessu frv.

Hv. frsm. meiri hl. (M. Ó.) sagði, að þetta væri ekki síður í þágu háseta; þeirra væri fjárvonin engu síður. En þeim mun nú sjálfum kunnugast um það, hvar skórinn kreppir að, og þar sem þessar óskir eru beint frá þeim komnar, þá sýnir það, að sú fjárvon er ekki svo mikil, að þeir vilji ekki leggja hana í sölurnar fyrir hæfilega hvíld.

Jeg veit, að það er rjett, sem háttv. framsm. meiri hl. (M. Ó.) tók fram, að hásetar telja ekki eftir sjer að vinna mikið, en svo má þó nærri þeim ganga, að þeim sje of mikið boðið. Þess er getið í nál. meiri hl., að þess sjeu nú orðin fá dæmi, að hásetar sjeu látnir vinna of lengi. En það eru óþörf orð og lítils nýt, þar sem óskir þessar voru samþ. nú í vor, og einmitt síðastliðinn vetur kvað mikið að þessum óhæfilegu vökum. Hjer er ekki heldur farið fram á annað en lagfæringu á því, sem nú er. Það stendur líka í nál., að hugsunarháttur háseta sje nú orðinn svo breyttur, að þeir muni ekki una við að vinna hjá þeim húsbændum, sem leggi þeim of mikið á herðar. En einmitt þessar óskir þeirra sýna það, að þeir muni síðast þann kostinn taka að mögla, og finst mjer mega virða þeim það til vorkunnar, en síst af öllu ætti sú hæverska þeirra að verða til þess, að málaleitun þeirra yrði að vettugi virt.

Þá segir þar líka, að lítil meining sje í því, að vilja ekki leyfa frjálsa samninga um þetta efni milli háseta og skipstjóra. En það bannar enginn, þó að frv. þetta verði að lögum. Þetta er að eins til þess, að tryggja mönnum hvíld, þar sem erfiðið keyrir úr hófi fram. Þar, sem ekki er um of mikið erfiði að ræða, koma ákvæði þessi ekki til greina. En einmitt þetta, að menn skuli vera þeim mótfallnir, bendir í þá átt, að til sjeu of háar kröfur. —

Þá kem jeg að ræðu háttv. framsm. meiri hl. (M. Ó.), og get jeg farið fljótt yfir, þar sem háttv. framsm. minni hl. (Sv. Ó.) hefir þegar drepið á ýms atriði hennar. Hv. frsm. meiri hl. (M. Ó.) sagði, að nú væru skip þessi að stækka, mönnum þar af leiðandi fjölgað og því næðissamara. En það mælir síst á móti frv. þessu, því að þar, sem hvíld er nóg, verða lög þessi hvorki til gagns nje meins. En minni skip eru til enn þá, og erfiðið á þeim keyrði úr hófi fram nú síðast í vetur sem leið. Sú ástæða mun líka hafa ýtt mest undir háseta að leita til þingsins nú.

Samanburður háttv. þm. (M. Ó.) á starfi þessu og öðrum atvinnugreinum, t. d. heyvinnu, hafði við engan veruleika að styðjast, og hefði hann eins vel getað sparað sjer þá umhyggju fyrir bændum, sem þar kom fram. En til þeirrar vinnu þekki jeg mjög vel og veit, að hún er ekki saman berandi við þetta. Það kann að vísu að koma fyrir, að unnið sje í heilan sólarhring samfleytt við heyvinnu, en það er hreinasta undantekning, og hún mjög sjaldgæf.

Þá sagði háttv. þm. (M. Ó.), að ef lögleiddur yrði hvíldartími fyrir háseta, og miðaði hann þar við tíma þann, sem háttv. frsm. minni hl. (Sv. Ó.) leggur til, þá gæti það orðið til þess, að skipstjórar leyfðu hásetum sínum ekki lengri hvíld á sólarhring en þar er ákveðið, sem er 6 stundir. Það þykir mjer ekki líklegt, og furðar mig á, að talsmaður þeirra hjer skuli gera þeim svo slæmar getsakir. Það getur auðvitað hugsast, að þeir skipstjórar sem ekki vilja láta háseta sína njóta hæfilegrar hvíldar nú, reyni að nota sjer þetta. En það sýnir þá best, að ekki er vanþörf á að taka í taumana.

Þá gaf hann í skyn, að vökur þessar væru nú mikið að minka, og væri laganna því ekki þörf. En það eru engin mótmæli. Þar sem það er sannanlegt, að þær eiga sjer enn stað, þá er laganna þörf, eins þótt þær sjeu ekki almennar.

Að lögin hafi þá átt að ná til fleiri atvinnugreina skal jeg ekki um segja. Jeg hefi ekki talað um nema hvíldartíma háseta á botnvörpungum, og það er það eina, sem hjer liggur fyrir.

En því verður ekki neitað, að gott væri líka að geta komið í veg fyrir annað eins og það, að menn sigli skipum sínum sofandi á land.

Þá kem jeg að ræðu háttv. þm. S.-M. (B. St.). Jeg hjelt við upphaf ræðu hans, að þar lýsti sjer iðrun eftir að hafa verið með meiri hl., og svo var það nú í raun og veru, en þegar á leið, hvarf hann aftur að fyrra eðli sínu og snerist alveg á móti málinu. En jeg þarf ekki mörgu að svara honum, þar sem hann sagði að mestu það sama og háttv. frsm. meiri hl. (M. Ó.). En það þykir mjer undarlegt, að hann skuli þurfa að vera á móti málinu fyrir það, að skoðanir manna á því eru mismunandi. Svo mun þó um flest mál, og ef maður á ekki að vera með neinu nema því, sem allir eru einhuga um, þá mun fáu fylgt verða. Hitt er þá venja, að leita sem sannastra upplýsinga, og fylgja svo því, sem manni finst rjettast. Og það mun nú hv. þm. (B. St.) sjálfsagt hafa gert, þó að ekki hafi betur til tekist. — En það skildist mjer á ræðu hans, að hann teldi víst, að þetta kæmist bráðlega á, ef það upplýstist, að þessa væri þörf. En þess vil jeg geta, að hefði þingið setið á þeim tíma, þegar sjómenn eru hjer, þá hefði verið hægt að fá betri upplýsingar. Að

vísu mundu þær hafa orðið líkar því, sem jeg hefi haldið fram, en ítarlegri. Hvort hv. þm. (B. St.) hefði þá lagt meira upp úr þeim skal jeg ekki segja.

Jeg gleymdi að minnast á það atriði í nál. hv. meiri hl., þar sem sagt er, að hann hafi fengið ábyggilegar upplýsingar um, að ekki sje þörf á lögum þessum. Um það vil jeg það eitt segja, að jeg þykist vita svo mikið, að þær upplýsingar sjeu frá einhverjum öðrum komnar en hásetum sjálfum.

Um nál. hv. minni hl. þarf jeg ekki margt að segja. Mjer þótti vænt um að sjá, að einn maður er þó í sjávarútvegsnefnd, sem litið gat þessar óskir háseta rjettu auga.

Niðurfærslan á tímanum var að minu áliti ekki þörf, þar sem menn þessir munu ekki hika við að vinna eftir getu. Síðara atriðið er líka nokkuð mikið undanhald, og hefði jeg helst kosið, að það hefði ekki komið fram. En þó er þetta má ske betra en að ekkert væri gert.

Út af ummælum þeim, sem komist hafa á stjá, síðan málið kom hjer fyrst til umr., skal jeg geta þess, að jeg tel þau ekki svara verð. Það er hægt fyrir þá, sem sitja í hægindastólum og aldrei drepa hendi sinni í kalt vatn, að skipa öðrum að vinna. Slíkum mönnum, sem hirða gróðann af annara erfiði, er hægt um vik að siga öðrum áfram og meina þeim að unna sjer hæfilegrar hvíldar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg verð að segja það, að jeg get ekki skilið mótstöðu þá, sem mætt hefir þessu frv. Mjer finst það aldrei sanngjarnt að heimta meiri vinnu af mönnum en 16 stundir á sólarhring, hvernig sem á stendur. Jeg býst heldur ekki við, að neinn ábati geti verið að því, að láta menn vinna lengur, nema auðvitað ef hætta er á ferðum.

Mig furðar mjög á samanburði þeim, sem gerður hefir verið á þessari atvinnugrein og sveitavinnu. — Jeg veit ekki betur en vinnutími í sveit hafi yfirleitt verið styttur á síðari árum að miklum mun. Þess munu nú engin dæmi, að unnið sje þar 16 stundir í sólarhring, ekki einu sinni um háslátt-inn, þegar þó lengst er unnið. Mjer er næst að halda, að vinnutíminn þá sje ekki almennt lengri en 10—12 stundir.

Jeg verð að viðurkenna það, að hv. minni hl. fer nær því að taka rjett í málið, en ekki get jeg verið honum þakklátur fyrir það, eins og hv. 1. þm. Reykv. (J. B.). Jeg lít svo á, að í frv. sje farið fram á það minsta, sem hægt er að heimta. Það mun heldur ekki vera það, sem gerir hv. þm., að þeim finnist það svo ósanngjörn krafa, að heimta 8 stunda hvíld á sólarhring, að meðtöldum matmálstíma; nei, það er stefnan í málinu. Þeir eru svo hræddir við að takmarka vinnutímann með lögum. Það telja þeir svo mjög hættulegt. En það er misskilningur. Komi það ekki í ár, þá kemur það að ári, og þá má vera, að kröfurnar verði hærri fyrir það, að nú er ekki vel tekið svo sanngjörnu máli, sem þetta er.

Jeg fyrir mitt leyti væri ekkert hræddur við það, þó gerð væri víðtækari krafa, og jeg hjelt í fyrstu, að þessi krafa væri afdráttarlaus, þannig að með því að samþ. þetta væri hásetum um leið bannað að vinna lengur en 16 st. En eftir því, sem mjer skilst á háttv. flm. (J. B.), er þetta misskilningur. En jeg býst nú samt við, að lítið verði

úr þessari vernd, ef þeim er leyft að vinna lengur eftir samkomulagi, því að hjer er einnig um það að ræða, sem oft er þörf, að verja hinn undirgefna svo að segja gagnvart sjálfum sjer, er um er að ræða kröfur húsbóndans.

En þar sem það mun nú vera meiningin með þessu að veita að eins heimild til 8 st. hvíldar, þá skil jeg því síður mótspyrnuna.

Það væri aldrei sanngjarnt að heimta meira en 16 st. vinnu í sólarhring af neinum manni, hvernig sem á stendur, á móti vilja hans. Jeg held því, að óhætt sje í öllu falli að samþ. frv., eins og það liggur fyrir, einkum ef svo á að skilja það, að þetta sje að eins heimild. Jeg fyrir mitt leyti vildi skilja það svo, að þetta væri afdráttarlaus krafa.

Gísli Sveinsson: Það hefir heyrst, ef ekki innan þings, þá utan þess, að þessi krafa væri upprunnin frá stefnu þeirri, sem talsvert hefir bólað á í heiminum á þessum síðustu og verstu tímum, og nefnd hefir verið „Bolshevismi“. En þessi skoðun sýnist ekki á rökum bygð vegna þess, að krafan um allsherjar 8 stunda skifting er miklu eldri en stefna Bolshevikka. Hefir sú krafa að forminu til verið gerð af öðrum flokki manna, sem nefna sig Sósialista, eins og kunnugt er, og eru þeir til í öllum löndum. Telja þeir rjett, að unnið sje 8 stundir, sofið 8 stundir og hvílt sig að öðru leyti, eða notið lífsins og þess lystisemda, eftir innræti sínu, 8 stundir á sólarhring hverjum. Um Bolshevismann er aftur það að segja, að áhangendur hans eru ekki að hafa fyrir því að biðja um slíka hluti, heldur taka þeir vafalaust 24 stunda hvíldartíma, ef þeim býður svo við að horfa. En þótt nú ekki verði sagt, að krafa þessi sje í anda Bolshevikka, þá er ekki þar með gefið, að hún sje þar fyrir rjett eða á rökum bygð. Ber þá sjerstaklega eins að gæta, og það er, að háttv. flm. frv. (J. B.) hefir ekki enn skýrt frá því, frá hverjum, eða eftir ósk hverra, þessi krafa væri gerð. (**J. B.:** Jeg skýrði frá því í dag síðast). Já, mjer er kunnugt um, að háttv. þm. (J. B.) sagði, að hásetar hefðu óskað þessa. Og mjer er sömuleiðis kunnugt um, að tillaga kom fram um það á þingmálafundi hjer í bænum, að hásetar skyldu sofa 8 stundir samfleytt, hvorki meira nje minna (!!), en á slíku er ekki takandi neitt verulegt mark, fremur en mörgu öðru, sem samþ. er á slíkum fundum hjer í Reykjavík. Nei, það, sem vantar upplýsingar um, er, að þetta komi frá meiri hluta háseta á botnvörpungunum. Háttv. frsm. (J. B.) hefir sagt, að þetta hafi verið samþ. á hásetafjelagsfundi; væri að vísu nokkuð byggjandi á slíku, ef ekki vantaði upplýsingar um, hversu margir hásetar hefðu verið á fundi, og hversu margir af þeim, sem á fundi voru, hafi greitt atkvæði með þessari tillögu, ásamt því, um hversu marga háseta á botnvörpungum sje yfirleitt að gera. Fundur þessi var líka haldinn rjett fyrir þing, en þá veit jeg ekki betur en að flestir hásetar hafi verið á sjó. Ákjósanlegast hefði verið, að til leiðbeiningar okkur hjer hefði legið frammi á lestrarsal skýrsla um, hversu margir hásetar óskuðu þessa, því annars gætu menn hugsað, að þessi ósk, eins og oft vill við brenna, væri ekki borin fram af sjómönnum, heldur af þeim flokki manna, sem þeir nefna „landkrabba“, er oft hafa viljað spila foringja fyrir þeim og nefna sig forvígismenn sjó-

manna, þótt þeir hafi aldrei á sjó komið og verði sjóveikir við að horfa út á sjóinn.

Það er víst fyllilega rjett skilið hjá hæstv. forsætisráðh., að 1. gr. frv. beri að skilja „absolut“. Ef líka nokkur meining á að vera í frv., þá verður krafan um 8 stunda hvíld að vera „absolut“. En með brtt. háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) er málið í raun rjettri komið í sama horf og það var áður. Í brtt. stendur sem sje, að skylt skuli vera að veita hásetum 6 stunda hvíld, „nema öðruvísi sje um samið.“ Með öðrum orðum er þarna gert ráð fyrir, að hægt sje að koma sjer saman um og binda það samningum, að lagaákvæðið skuli ekki gilda.

Nú er mjer kunnugt um, að svo mikil er eftirspurnin eftir atvinnu á botnvörpungum, að fólkið mundi þjóta úr sveitunum til að komast að, ef ekki gengi saman og hásetar legðu niður vinnu. Afleiðingin af þessu er sú, að altaf mun vera hægt að semja við háseta um, að þeir noti sjer ekki þetta leyfi, en það er sama og að lögin hefðu aldrei verið samþ. Ef nú aftur á móti það hefði verið uppi á teningnum, að hásetar hefðu getað boðið byrginn og verið þeim sterkari, þá hefðu þeir getað samið um þetta við útgerðarmennina án þess nokkur lög þyrftu til, og þá óþarft að setja lög um það. Þess vegna sje jeg heldur ekki þörf á að rífast um svo meinlaust frv., sem þetta er orðið með brtt. háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Jeg fæ nú ekki sjeð þá hættu, sem af því stafi, þótt hásetar fái 6 st. hvíld, ekki einu sinni 6 stunda svefn. Jeg sje ekki betur en að skipstjórar geti gefið þeim einnar stundar hvíld í senn, 3. hvern tíma t. d., og það getur verið, að hásetar felli sig við slíkt, eins og fulltrúar þeirra hjer virðast gera. Nei, það sem máli skiftir er, hvort ástæða sje til að samþ. frv. með „absolut“ skyldu um 8 stunda hvíld, eða hvort ekki sje betra að láta slíkt verða samningsatriði milli háseta og skipstjóra.

Nú hafa ekki nægi gögn komið fram um það, að nauðsynlegt sje að semja lög um þetta, og sje jeg því ekki annað en að allir geti verið sammála um, að ekki beri að semja slík lög. Það væri þá helst hæstv. forsætisráðh., sem er 2. þm. Reykv. og telur sig því fulltrúa sjómanna, er ekki gæti verið sammála okkur hinum um þetta. Ef því þessi stefna er í anda Bolshevikka, þá er líka hæstv. forsætisráðh. Bolshevikki, en ekki að eins jafnaðarmaður, og má það víst heita merkilegt.

Það, sem enn fremur gerir það að verkum, að ekki þýðir að setja svona lög, er, að hásetarnir eiga líka sins hagnaðar að gæta í þessu, því að þess meira sem þeir fiska og vinna, því meiri gróði fyrir þá, enda hefi jeg heyrt merka háseta hafa þau orð um þetta frv., að sjómönnum væri það mjög svo á móti skapi. Háttv. flm. þessa máls (J. B.), sem annars fór mjög hóflega í málið í ræðu sinni, gat þess, að það væri ósköp þægilegt að sitja í hægindastól og skipa fyrir um vinnu, en þess mætti líka geta, að þeir, sem skipa fyrir um vinnu á botnvörpungunum, sitja ekki í hægindastól á landi uppi. Jeg veit sem sje ekki betur, en að það sjeu skipstjórarnir, sem vinnunni stjórna á botnvörpungunum, en svo langt er ekki komið enn, að þeir geti setið í landi og stjórnað vinnunni þaðan.

En þótt svo sje nú, sem jeg greindi, þá tel jeg frv., ef breytingin verður samþykt á því, orðið svo meinlaust, að jeg

get vel verið með því og greitt því atkvæði.

Sigurður Stefánsson: Eins og menn munu hafa komist að raun um við 1. umr. þessa máls, þá get jeg ekki felt mig við þetta frv., eða þá stefnu, sem það er vaxið frá. Jeg færði rök fyrir mínu máli þá, en þau voru tekin óstint upp fyrir mjer af háttv. flm. þessa frv. (J. B.) Jeg get nú tekið undir með háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að mjer finst liggja of lítil gögn fyrir þinginu viðvíkjandi þessu máli. Hjer er um mikið nýmæli að ræða, sem getur með tímanum gripið ekki svo lítið inn í aðrar atvinnugreinar þessa lands en hjer er farið fram á, og þegar slík nýmæli eru á ferðinni, þá ættu flm. þeirra að sjá skyldu sína í því, að sem ríkust rök væru fyrir hendi til stuðnings þeim. Hjer eru engin slík gögn, nema ef vera ættu ræður háttv. flm. (J. B.), en jeg efast um, að hann sje kunnugur þessu máli fremur öðrum; og sömuleiðis efast jeg um, að eins margir hásetar standi að baki þessa máls og í veðri er látið vaka. Jeg hefi að vísu heyrt, að einstakir menn, sem jeg vil ekki nefna hjer í salnum, og jeg vil helst aldrei nefna, hafi hóað saman nokkrum hásetum á fund, þar sem þessi hvíldartími hafi verið samþyktur, en hversu þessir hásetar hafa verið margir, um það liggur ekkert fyrir þinginu. Hitt þykist jeg vita, að jafnathugull maður og háttv. flm. (J. B.) er hefði látið öll nægileg gögn liggja fyrir, hefðu þau verið til. Þetta hafa allir þm. álitið sjer skylt, en ekki er þetta hvað skyldast, er um svona nýmæli er að ræða.

Jeg hefi að vísu heyrt því haldið fram, að þessi alda væri runnin frá hásetum, en jeg efast um, að hún sje runnin frá meiri hl. háseta á íslenskum botnvörpungum. Sá efi er bygður á því, að mjer er kunnugt um, að allur fjöldi þessara manna eru gagnheiðarlegir menn, sem vilja bjarga sjer eftir föngum og telja því ekki eftir sjer að vinna sjálfum sjer og öðrum til gagns. Og svo er líka guði fyrir að þakka, að íslenskir verkamenn eru ekki enn orðnir svo spiltir, að þeir öfundist yfir hverjum þeim gróða, sem vinnuveitendurnir, og þá sjerstaklega botnvörpueigendurnir, vinna sjer inn með dugnaði sínum og framsýni. Jeg þykist því vera að bera óhróður af hinum íslensku sjómönnum, og næstum ósæmilegan áburð, er jeg segi, að þessi alda sje ekki runnin frá þeim. Hitt er aftur á móti víst, að á síðustu tímum hefir þjóðfjelagið okkar orðið fyrir því böli, að þeir menn hafa komið fram í því, sem jeg tel að alda sú sje runnin frá. Það eru þeir menn, sem sjá ofsjónum yfir og öfundast út af hverjum eyri, sem dugnaðar- og framkvæmdamaðurinn vinnur sjer inn.

Katla gaus í fyrra haust. Því gosi fylgdi eyðilegging og óáran. Þó var öskufallið úr því gosi ekki eins eitrað fyrir búfjárhaga og slægjulönd bænda og út leit fyrir í fyrstu. Hjer er annað Kötluhlaup á ferðinni með eitraðra öskufalli fyrir atvinnuvegi landsins. Í því öskufalli eru eitraðar og banvænar sóttkveikjur í mannamyndum, er eitra og spilla á allan hátt þjóðfjelaginu með því að ala á ófriði, öfund og rógi milli atvinnuveganna og kveikja ófrið milli vinnuveitenda og verkamanna. Þetta er því hörmulegra, sem vinnuveitendur og verkamenn hjer á landi hafa hingað til lifað í sátt og samlyndi. Þessir fyrnefndu eiturgerlar eru nú að reyna að spilla þessu góða samlyndi með því að

kveikja úlfúð og hatur milli þessara manna, og ein tilraun þeirra er það frv., sem nú liggur fyrir. Jeg held, að Alþingi Íslendinga eigi ekki að láta sig henda það glapræði, að ljá þessari óheillastefnu nokkurt fylgi, sem segja má, að sje orsök þess, að öll siðmenning og þjóðfjelagsskipun heimsins leikur svo að segja á reiðiskjálfi. Þessi orð mín má ekki skilja svo, að mjer detti í hug að lá verkamönnum í umheiminum allar kröfur sínar um bætt kjör sín. Svo mikill mannvinur þykist jeg vera, að jeg ann öllum mönnum þess, að þeim líði sem best. Það er líka full ástæða til samtaka og baráttu verkamanna, þar sem þeir eru kúgaðir af miskunarlausum auðkýfingum og samvinnuhringum, er reyna að halda öllu í járngreipum harðstjórnar auðvaldsins. En hjer á landi er engu líku til að dreifa. Hjer eru engir auðkýfingar eða öreigalýður. Hitt er annað mál, að þessi ófriður milli vinnuveitenda og verkamanna, sem vakinn er að ástæðulausu af óhlutvöndum mönnum, getur óðar en varir smitað út frá sjer til allra atvinnuvega landsins, þeim til tjóns og bölvunar, og það því fljótar, ef löggjafarvaldið ljær slíkum frv. sem þessu liðsinni sitt. Með því styður það þær kröfur, sem samkvæmt landsháttum og öllum kringumstæðum geta ekki orðið til annars en að skaða atvinnuvegi vora, bæði til lands og sjávar. Krafan um lögákveðna hvíldartíma, hvort heldur er á sjó eða landi, á alls ekki við ástandið hjá okkur. Það er alt öðru máli að gegna með iðnaðarlönd, þar sem verkamennirnir hafa reglubundinn vinnutíma í verksmiðjum. Þar geta slíkar kröfur átt heima, vinnuveitendum og verkamönnum að skaðlausu. Hjer á landi er aftur á móti bjargræðistíminn svo stuttur og takmarkaður af völdum náttúrunnar, bæði sökum veðurfars og landshátta, að svo má segja, að hver stundin sje dýrmæt. Það er öllum kunnugt, að það geta ekki að eins verið dagar og vikur, sem sjómönnum er ómögulegt að bjarga sjer, heldur geta það verið mánuðir. Og sama má segja um bóndann um heyskapartímann, er óþurkar ganga. Það liggur því opið fyrir mönnum, að ekki má á nokkurn hátt leggja stein í götu þessara atvinnuvega, með lögskipuðum og fastákveðnum vinnutíma, því af slíkum fyrirmælum getur leitt í mörgum tilfellum stórtjón bæði fyrir vinnuveitendur og verkamenn. Væri aftur á móti svo ástandið hjer á landi, að hjer væri örceiga verkalýður og harðdrægir vinnuveitendur, sem þjökuðu á allan hátt kjörum verkamanna, þá væri öðru máli að gegna, en hver vill reyna að telja háttv. deild trú um, að svo sje? Við höfum þvert á móti dæmin deginum ljósari um það, að það eru verkamennirnir, sem algerlega ráða öllu kaupgjaldi, og mjer dettur ekki í hug að áfellast þá fyrir að hafa komið ár sinni svo fyrir borð. Jeg mundi miklu fremur telja þá menn að minni, ef þeir reyndu ekki að bjarga sjer í dýrtíðinni með því að heimta hærra kaup af vinnuveitendum. Það er blátt áfram skylda þeirra við sig og sína, til þess að geta lifað. En þetta, sem hjer er sýnt fram á, sýnir, að hjer er engin hætta á ferðum fyrir verkalýðinn. Nú er kaupgjaldið orðið svo hátt, að vinnuveitendur horfa fram í ókomna tímann með töluverðum ótta fyrir því, að atvinnuvegirnir geti ekki borið sig með hinum sívaxandi kaupkröfum. Jeg vil skjóta því til háttv. landbænda, sem sæti eiga hjer á þingi, hvort verkkaupið nú upp á síð-

kastið sje ekki orðið svo hátt, að ekki sje annað fyrirsjáanlegt en að landbúnaðurinn fái ekki undir því risið og verði að gefast upp í baráttunni fyrir tilverunni.

Þegar svona er ástatt með aðalatvinnuvegi landsins, þá þykir mjer varhugavert að koma með slíkt frv. sem þetta; það gerir ekkert gagn, en getur hins vegar orðið til skaða og gert ástandið verra en það er. Frumkvöðlar þessa máls eru, eins og jeg hefi áður sagt, ekki verkamenn alment, heldur þessir mannvesalingar, sem þykjast sjá drauga auðvaldsins og vofur örbyrgðarinnar hjer á landi og etja þessum óvættum saman, sem hvergi eru til nema í þeirra eigin ímyndun. Það er engum vafa undirorpið, að slíkir menn vinna verkalýðnum meira tjón en gagn. Jeg minnist að hafa heyrt það, að það hafi verið einhverjir af þessum hefðarmönnum, sem komu af stað háseta-verkfallinu fræga vorið 1916. Hásetarnir ljetu glepjast af fortölum þeirra, gengu af skipunum, og útvegurinn stöðvaðist um tíma. Og útgerðarmennirnir biðu ekki einir skaða af þessu tiltæki, heldur urðu þessir vesalingar, sem ljetu glepjast, fyrir stórtjóni og hurfu svo aftur um borð eftir að hafa setið hálfan mánuð iðjulausir í landi um hábjargræðistímann. En hitt er óvíst, að þeir hafi verið foringjunum þakklátir fyrir tiltækið.

Ef jeg hefði verið í flokki þeirra manna, sem komu verkfallinu af stað, hefði mjer þótt heiðarlegra að sitja í skammarkróki öfundar og heimsku heldur en látar framar á mjer kræla í nokkurri verkamannahreyfingu.

Því fer fjarri, að jeg sjái nokkra þörf á slíku frv. sem þessu, og því síður, að nokkur vissa sje fengin fyrir því, að það hafi meiri hluta háseta að baki sjer. Það er ofurhægt að hóa saman nokkrum verkamönnum, hvort heldur er til sjávar eða sveita, og telja þeim trú um ófrelsi og áþján, sem þeir ættu við að búa, og fá þá til að samþykkja áskorun til þingsins; en að verkalýðurinn sje alment svo skyni skroppinn, að láta glepjast af slíkum fortölum óhlutvandra manna, því neita jeg alveg.

Og eitt er víst, hvað sem gert verður við frv. hjer á þinginu, að ef þessi krafa um 8 st. svefn væri borin undir alþjóðaratkvæði, mundi mikill meiri hluti þjóðarinnar ekki að eins samþ. 8 st. svefn fyrir forvígismenn þessa fáránlega frv., heldur 24 st. svefn. Meðan þeir sváfu, gerðu þeir þó engum mein, manngreyin.

Umr. frestað.

Á 43. fundi í Nd., laugardaginn 23. ágúst, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 130, n. 368 og 373).

Bjarni Jónsson: Jeg mun að eins segja örfá orð að þessu sinni, því það á ekki við að halda stórar ræður um smámál. Jeg tel það vel til fallið, að til sje í hverju landi nákvæm og sanngjörn löggjöf, sem skipi málum milli vinnuveitenda og verkamanna. Það tel jeg stórmál, að skipað sje fyrir með lögum um samband allra flokka vinnuveitenda og verkamanna, um skyldur þeirra og rjettindi sín á milli. En þetta kalla jeg smámál, að grípa að eins niður á smábletti, og ætla sjer að skipa málum milli eins fámenns flokks vinnuveitenda og verkamanna. Það verður ekki annað en fálm út í loftið, að taka smáþátt út úr því, sem ætti að vera

heill og óslitinn löggjafarbálkur. Mjer er það óskiljanlegt, hvers vegna á að fara að skipa fyrir um hvíldartíma þeirra sjómanna einna, sem fiski stunda á botnvörpungum, en ekkert hugsað fyrir hvíldartíma annara sjómanna, þótt víst sje, að þeir hafi einatt engu minni vökur og erfiði en hinir. Jeg fæ ekki skilið, hví hv. flm. frv. (J. B.) hefir eigi athugað þetta og reynt að koma hóti meira samræmi í þennan bálk atvinnulöggjafarinnar, með því að láta eitt ganga yfir alla sjómennina. Það hefði þó skapað hóti meira samræmi, þótt mikið vantaði á, að fullkomið væri.

Jeg sje eigi betur en að hjer sje eigi hættulaus stefna á ferðum. Úti um allan heim er nú verið að berjast fyrir 8 tíma vinnutíma, en hjer á nú að fara að setja lög um 8 stunda hvíldartíma á sólarhring hverjum. Þetta tel jeg ekki háskalaust; þó mundu lög þessi ekki verða háskaleg vinnuveitendum, heldur þeim, sem ætlast er til að þau verndi, sjómönnunum sjálfum; með þeim er gefið undir fótinn með að hafa daglegan vinnutíma óhæfilega langan, jafnvel 16 stundir í sólarhring. Þótt frv. þetta verði að lögum, þá hygg jeg, að jafnaðarlega muni hásetar svo samhentir skipstjórum sínum, og að samkomulag muni komast á milli þeirra um, að hásetar taki sjer ekki 8 stunda hvíld í sólarhring, þegar miklar annir kalla að, og því muni það engin skemd fyrir útgerðir, þótt 8 stunda hvíldartími sje lögákveðinn, og þá eigi heldur hætta fyrir háseta, þar sem samkomulag er gott, þótt skipstjóri megi heimta af þeim 16 stunda vinnu í sólarhring, þegar honum þóknast.

Jeg stóð annars upp til þess að taka það skýrt fram, að jeg greiði atkv. með frv. þannig, að jeg ætlast ekki til, að lögin verði þannig skilin, að með þeim sje fastákveðinn 16 stunda vinnutími, heldur sje tilgangur þeirra sá, að þeir geti beitt ákvæðinu um 8 stunda hvíldartíma sem varnarvopni gegn harðdrægum skipstjórum, ef þörf krefur. Og þótt jeg sje í nokkrum vafa um, hvort ákvæði frv. muni, þegar öllu er á botninn hvolft, reynast hagkvæm fyrir hásetana, þá hafa þeir nú æskt eftir þeim, og verða sjálfir að bera ábyrgð á þeim og taka afleiðingunum af þeim.

Björn Kristjánsson: Það hefir þegar verið rætt svo mikið um þetta mál, að það má heita að bera í bakkafullan lækinn að fara að lengja umræður um það. Jeg er sammála meiri hl. nefndarinnar og tel hann hafa fært fram þær ástæður fyrir áliti sínu, að þeir, sem ekki hafa frá upphafi verið ákveðnir í, hvernig þeir ætluðu að taka málinu, muni fallast á þær og telji þær góðar og gildar. Hjer á að fara að lækna heilbrigða menn, eða að minsti kosti að fyrirbyggja, að heilir menn og hraustir verði veikir eða missi heilsuna vegna of mikillar vinnu. Það hafa í máli þessu ekki verið borin fram nein líkindi, hvað þá sannanir, fyrir því, að sjómönnum sje ofþyngt með vinnu. Þó á þingið að fara að setja tryggingarlög gegn hættu, sem það þekkir ekki.

Þegar á annað borð á að fara að setja lög til þess að tryggja heilsu þegna þjóðfjelagsins, þá þurfa löggjafarnir að hafa víðari sjóndeildarhring en aðstandendur frv. þessa, og það

þarf að líta til fleiri en háseta á botnvörpungum. Við ýmsa leiki og leikfimisæfingar spilla menn einatt heilsu sinni, ofreyna sig, meiðast; ekki á þetta sjer síst stað í knattleik; þar beinbrotna menn ósjaldan, ganga úr liði og lemstrast á annan hátt. Þá spillir fjöldi fólks heilsu sinni við að hafa á hendi störf, sem þeim eru óholl; þannig er um ýms kyrsetustörf. Þeir halda áfram störfum þessum, þótt læknar hafi sagt þeim, að þeir stofni lífi sínu í háska með þessu. Og gegn þessu er engin lagavernd Einhver kynni að segja, að þetta sjeu sjálfskaparvíti, því að slíkir menn geti lagt starf sitt niður, þegar þeir vita um hættuna, sem fylgir því að halda starfinu áfram. En því er til þess að svara, að með því þjóðfjelagsskipulagi, sem nú er, er þeim þess enginn kostur, hve fegnir sem þeir vildu. Þeir geta ekki á annan hátt unnið fyrir sjer og fjölskyldu sinni. Margur iðnaðar- og daglaunamaðurinn verður að vinna baki brotnu, þótt heilsan bili; þeir geta ekki hlýtt læknisráðum, heldur verða að halda áfram að strita, þótt þeir viti, að það sje sama sem að ganga út í opinn dauðann. Um ýmsa slíka menn má með sanni segja, að þeir deyi fyrir tímann. Ef löggjöfin færi að grípa einhversstaðar inn í, til að fyrirbyggja það, að menn þyrftu að spilla heilsu sinni með ofmikilli vinnu, þá ætti hún áreiðanlega að byrja á því að bjarga þessum mönnum, sem ekki liggur annað fyrir en að fara á sveitina, ef þeir hætta að stunda þá vinnu, sem hættuleg er lífi þeirra og heilsu. Það er sama sem að byrja á því að smíða negluna á undan skipinu, að ætla með löggjöf að fyrirbyggja það, að alheilbrigðir menn kunni að vinna yfir sig; en skeyta hinu engu, þótt heilsubilaðir menn verði að vinna yfir sig. Samkvæmt eigin reynslu get jeg ekki dæmt allmikla og erfiða sjósókn heilsuspillandi. Jeg reri á Álftanesi á vertíð frá því jeg var 15 vetra til þess jeg var 18 ára. Þaðan er að jafnaði langróið; jeg var sjóveikur og hafði litla matarlyst áður en á sjó var farið, í býti á morgnana; við vorum oftsinnis heilan sólarhring í róðrinum og höfðum engan matarbita með okkur. Var þetta allmikil áreynsla fyrir óharðnaðan ungling. Þó er jeg kominn á sjötugsaldur, og finn ekki til þess, að þetta hafi spilt heilsu minni. Áreynsla í æsku herðir og styrkir að jafnaði líkamann, sje hann ekki veiklaður, og jafnvel þótt svo sje, sje henni skynsamlega hagað. Jeg tek það aftur upp, að löggjöfin á að hlaupa undir bagga með mönnum, sem neyðast til að vinna, þótt þeir þoli það ekki. Jeg þekki dæmi þess, að menn á besta aldri, sem hafa átt fyrir konu og börnum að sjá, hafa orðið að vinna fyrir þeim, þótt þeir væru alls ekki til þess færir, þangað til þeir hafa lagst í rúmið, og eigi risið þaðan aftur. Mjer hefir sviðið og blöskrað að sjá þetta, sjá menn, sem mundu hafa getað náð heilsu aftur með góðri meðferð, neyðast til að vinna, þangað til þrotin var öll von bata og lífs. Það verður svo lítið, sem einstaklingarnir geta gert til þess að ráða bót á þessu böli, og of fáir, sem gera það, þótt gætu. Þjóðfjelagið þarf því með löggjöf sinni að koma hjer til skjalanna og lækna þessa meinsemd svo sem unt er.

Jeg skýt því þess vegna til stjórnarinnar, hvort eigi muni rjett að athuga málið frá þessari hlið og frá miklu víðara sjónarmiði en frv. gerir ráð fyrir.

Það er iðulega talað um, að háværar raddir heimti, að þetta og þetta mál sje tekið til skoðunar, og jeg þykist oft verða þess var, að hv. þm. taka ekki lítið tillit til þessara radda. En það er nauðsynlegt að gera sjer glögga grein fyrir því, af hverju þær muni vera sprottnar, áður en farið er að gefa þeim gaum. En því miður virðist þessa eigi jafnan gætt. Það virðist þó eigi ófyrirsynju, þótt ætlast sje til, að athugað sje, hvort þær sjeu sprottnar af heilbrigðri skynsemi, eða fæddar í heila ófyrirleitinna og ábyrgðarlausra gasprara. Í þessu máli hefir og verið minst á háværar raddir; en jeg tek undir með hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að hjer sje ekki um raddir skynsamra og gætinna sjómanna að ræða, heldur muni einstakir menn róa undir og gera hávaðann, en jeg vil ekki á neinn hátt styðja slíkt.

Frsm. meiri hl. (Matthías Ólafsson): Það er nú orðið svo mörgu að svara og á svo margt að minnast, að jeg býst við, að jeg hljóti að verða nokkuð langorður að þessu sinni. Það hefir verið talað um, að þörf væri á frv. þessu, og að það væri ósk sjómanna, að það fengi framgang. Mín skoðun er, að þörfin á lögum þessum sje ekki mjög brýn, og óskir þeirra, sem lögin eru ætluð, ekki mjög almennar. En hvort sem þeir eru fleiri eða færri, sem lögin vilja fá, þá er það ekki þyngst á metunum fyrir mjer, heldur hitt, hverjar afleiðingar þeirra muni verða, og jeg fæ ekki sjeð, að þær geti orðið góðar.

Það hefir verið tekið fram, að fyrir nokkrum árum hafi verið vinnuharka á botnvörpungum; en því hefir ekki verið neitað, að hún hafi farið minkandi. En svo mun verða áfram, þótt lög verði sett um hvíldartíma háseta, eins og jafnan hefir verið, að dugnaðarmenn munu, jafnt á botnvörpungum sem við annað, annað slagið heimta mikið af mönnum sínum, eins og af sjálfum sjer. En það er varúðarvert, jafnframt því sem það er torvelt, að leggja miklar hömlur á slíka menn, eins og það er yfir höfuð varúðarvert að draga úr dáð og dugnaði manna.

Minni hl. færir í nál. sínu þau rök fyrir þörfinni á frv. þessu, er jeg skal nú með leyfi hæstv. forseta lesa upp:

„Ýmsir aldraðir og heilsulinir sjómenn kenna kappvökum við togaraveiði um heilsubrest sinn, og óneitanlega eru kappvökur einhver allra versta sóun á mannlegum lífsþrótti.“

Hv. minni hl. þekkir þetta má ske betur en meiri hl.; hann hefir ekki orðið var við venju meiri heilsubrest hjá hásetum á botnvörpungum. Þó verður því ekki neitað, að sumir heilsuveilir menn munu ekki þola vinnu á botnvörpungum, en svo er um fleiri vinnu, að slíkir menn munu ekki heldur þola hana og eru ekki færir um að gefa sig í hana; það er svo um flesta sjómensku, að hún hentar best heilsuhraustum mönnum. Það má fullyrða það, að á botnvörpungum hefir ekki verið gengið svo hart að hraustum mönnum, að þeir hafi haft ilt af, enda bera þeir það með sjer, því að botnvörpungamennirnir eru einhverjir glæsilegustu sjómenn okkar. Þeir hafa ágætt viðurværi og góðan aðbúnað, og vinnan stælir hrausta menn. Jeg tek undir með hv. 1. þm. G.-K. (B. K.), að það sje ósamkvæmni í því, að setja lög handa þessari stjett manna, sem eigi þarf lengur á þeim að halda, en ganga fram hjá öðrum, sem þeirra þarfnast, svo sem hásetum á þilskipum, því að um þá hefi jeg heyrt, að þeir hafi haft

óhæfilega miklar vökur og erfiði sumir hverjir, nú á síðasta vetri. Að vísu má segja, að þeir hafi haft mestan hagínn af því sjálfir, en ekki er þó ólíklegt, eða óeðlilegt, að duglegir og kappsamir skipstjórar hafi ýtt undir þá, vegna sjálfra sín og húsbænda sinna. Það er að heyra á hv. minni hl., að aðrir muni á eftir koma, enda má telja það vafalaust, að aðrir flokkar muni feta í fótspor þessara frumherja; gæti þá svo farið, að sett yrðu að lokum lög um hvíldartíma hjá bændum, enda yrði fult svo auðvelt að framfylgja þeim lögum sem þessum, og engin sanngirni að neita þeim, sem á eftir koma, ef þessir fá áheyrn. Mundi þar, eins og hjer, verða að fara eftir ósk verkamanna, en ekki vinnuveitenda. Hv. þm. Dala. (B. J.) vill, að farið sje eftir ósk verkamanna, og lögin gefin út á þeirra ábyrgð, en ekki þingsins. En jeg hefi aldrei heyrt það fyr, að lög geti verið gefin út á annara ábyrgð en þeirra, sem lögin setja.

Mjer ekki kunnugt um þessar margítrekuðu óskir eftir lögum þessum, og finst þær dálítið ólíklegar, því að í fólkseklu þeirri, sem nú er, mun ekki mjög torvelt fyrir háseta og annað verkafólk að komast að samningum við vinnuveitendur um hæfilegan hvíldartíma, hve nær sem atvik leyfa. Hv. flm. (J. B.) talaði um, að vökurnar á botnvörpungunum gætu spilt heilsu skipverja; en eigi að síður vill hann leyfa þeim að spilla heilsu sinni með samningum. Minni hl. minnist í nál. sínu á siglingalögin og segir, að þau ákveði einhliða um vald og rjettindi skipstjóra, þegar skip eru í förum, og að þau tryggi hásetum enga ákveðna hvíld eða undanþágu frá því, er skipstjóri kunni að bjóða í þarfir skips og ferðar. Þetta er rjett hermt, svo langt sem það nær, en það er ekki laust við, að hann noti sjálfur siglingalögin dálítið einhliða, og sleppi að geta um ýms ákvæði í þeim, sem eiga að trryggja háseta gegn harðúðugri meðferð skipstjóra. Eins og vökum er háttað á skipum, eiga menn að öllum jafnaði að geta fengið 10 stunda hvíld í sólarhring, og mikið af þeirri vinnu, sem unnin er í vinnutímanum, er ljett vinna. Það er, eins og jeg segi, ákveðinn tími, sem menn eiga að fá hvíld á segslskipum; hitt að eins undantekning, að út af því sje brugðið, svo sem ef bjarga þarf seglum í ofviðri, ef nægur mannafli er ekki til þess á þiljum uppi. Þannig er því háttað þegar skip eru á siglingu. En ekki verður slíku komið við þegar skip eru að fiski. Það hefir þegar verið settur 8 stunda vinnutími í sumum löndum við sumar tegundir atvinnurekstrar. En hingað til hefir það ekki komið til mála að ákveða fastan, daglegan vinnutíma á fiskiskipum, enda er veðri og veiði oft þannig hagað, að slík ákvæði mundu verða til ómetanlegs tjóns fyrir alla, og ekki síst fyrir þá, sem veiðina stunda. Jeg get ekki hugsað mjer, að nokkur farmenska geti átt sjer stað, nema skipstjóra sje — innan vissra takmarka þó — gefið einveldi yfir skipshöfn sinni. Það yrði dálaglegt ástand, ef skipstjórinn ætti að þurfa að kveðja skipshöfn sína til þings og láta hana ganga til atkvæða um, hvað gera skyldi í það og það sinn. Reynist einhver skipstjóri óbilgjarn, þá er innan handar fyrir háseta hans að ganga af skipi frá honum og ráða sig til annara. Þetta er besta varnarvopn hásetanna, því að það kennir skipstjórum að gerast ekki of heimtufrekir.

Hvað snertir það, er hæstv. forsætisráðherra (J. M.) lagði til þessa máls, verð jeg að segja svipað og hv. þm. Dala. (B. J.), að úr því að hann hefir svona mikinn áhuga á máli þessu, þá hefði verið vel gert af honum að koma með löggjöf um þetta efni einmitt nú. Hann vissi, að ýmsir menn óska þessa, sem þykjast vita betur en meiri hl. nefndarinnar. Hefði þá verið rjett að setja lög, og ekki um þetta eitt, heldur um alla vinnu á sjó og landi. Það hefði þá verið samræmi í því. Jeg efast um, ef honum hefði verið kunnugt, hvers við þarf við þau störf, er lúta að sjávarútveginum, að hann hefði tekið svo sterkt til orða. Þetta mál er alveg laust við verkamannaspursmálið í öðrum löndum. Það er uppi meðal þeirra, sem stunda námavinnu og verksmiðjuvinnu. Þar hafa menn alt í hendi sjer, er að störfum og vinnutíma lýtur. En hæstv. forsætisráðherra þekkir þó, hvernig það mundi gefast í sveitinni að fastákveða t. d. 10 kl.st. vinnudag um háslátt-inn, hvernig sem á stendur um tíðarfar og vinnuafl.

Þá þykist jeg ekki geta komist hjá því að athuga niðurlagsatriðið í nál. hv. minni hl. Þar er þannig að orði komist:

„Mjer þykir meiri von til þess, að ákvæði frv. um lögtrygðan hvíldartíma skapi þá mennilegu hugsun hjá hásetunum að rækja skyldustörfin vel, en að þau skapi mótþróa og tómlæti, og byggist sú skoðun á því, að rjettlæti skapi rjettlætishugsun hjá þeim, er þess fá að njóta."

Það getur vel verið, að það megi vekja upp hjá hásetum, eða mönnum yfirleitt, þann hugsunarhátt. En til skamms tíma hefir ekki þurft að vekja hann hjá okkar ágæta verkalýð, síst okkar ágætu sjómönnum. Þeir hafa hingað til hlýtt skipstjóra sínum í öllu, og talið það sjálfsagt. Þeir hafa talið sjer það heiður að fylgja foringja sínum sem best og vinna með honum að sameiginlegu starfi. En svo bætir minni hl. við:

„Hitt er aftur sennilegt, að alger daufheyrsla við kröfum háseta um rjettingu mála þeirra í þessu efni geti leitt til frekari ágreinings, eða jafnvel óbilgirni, af hendi þeirra, er álíta sig bera skarðan hlut frá borði."

Þegar jeg ætla að dæma um, hvernig aðrir muni haga sjer í einhverju atriði, þá dæmi jeg venjulega út frá því, hvernig jeg myndi haga mjer. Jeg hefði reynt að athuga rökin, sem fram komu móti málinu. Vafamál, hvort jeg hefði fallist á þau, en aldrei hefði jeg gripið til örþrifaráða. En ef til vill hefði jeg borið málið aftur fram, ef jeg teldi mig órjettlti beittan. Myndi jeg því ekki telja óeðlilegt, þótt hv. minni hl. gerði þetta, ef honum finst hlutur hans fyrir borð borinn. En jeg get ómögulega fallist á skoðanir hans.

Þá vildi jeg að eins minnast á það, sem jeg heyrði af ræðu eins hv. þm. úr meiri hl., hv. 2. þm. S.-M. (B. St.). Jeg heyrði ekki vel til hans, svo að jeg fer eftir því, sem „Morgunblaðinu" segist frá ræðu hans. Hann minnist eitthvað á, að honum þætti dagskrá-in eitthvað hranaleg. Yfirleitt virtist svo, sem hann hefði eitthvað við nál. að athuga, en hann mintist ekkert á það í nefndinni. En dagskrá meiri hl. hljóð-ar svo:

„Með því að eigi virðist ráðlegt að fastákveða með lögum hvíldar-

tíma háseta á botnvörpuskipum, nje við annan veiðiskap, telur deildin ekki gerlegt að fallast á frv., og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.“

Það er ekki eingöngu af því, að hjer er ekki farið fram á að ákveða hvíldartíma á öðrum skipum, að meiri hl. er á móti frv., heldur af því, að hann vill ekki, að sú regla komist á, að setja lög um þetta efni. Hann vill, að bæði hásetar og yfirmenn vinni meðan kostur er, og þegar færi býðst, og að sjálfsögðu sje engum misboðið á neinn hátt. Því vill ekki meiri hl. setja lög um slíkt.

Jeg býst við tækifæri síðar til að segja fleira um málið, og mun ekki taka fleira fram nú.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg vona, að mjer fyrirgefist, þótt jeg drepi ekki á öll þau atriði, sem ástæða væri til að minnast á í ræðum þeirra hv. þm., sem eru meira eða minna á móti þessu máli. Það eru nú að minsta kosti 3, sem talað hafa eindregið móti, og 2 eða 3, sem óhætt er að segja að sjeu meira eða minna á móti, eða hafi að minsta kosti sitthvað við málið að athuga. Jeg verð því að taka þann kostinn, að fara fljótt yfir sögu, og drepa ekki á nema fátt eitt, er jeg man best og tel mestu varða.

Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) talaði alllangt mál, og var víða fyndinn. Jeg hygg nú, þótt margt mætti um ræðu hans segja, að ekki sje ástæða til þess hjer að rekja öll þau atriði. Það yrði alt of langt, og litill vinningur í að rekja öll þau ummæli. Það, sem hann mælti móti málinu sjálfu, voru aðallega sömu atriðin, sem hv. frsm. meiri hl. (M. Ó.) var búinn að taka fram, og er þeim áður svarað. Jeg get því sparað mjer að mestu að minnast á þau, einkum af því, að þau gengu aftur í annað sinn hjá hv. frsm. (M. Ó.). Neyðist jeg til að víkja að þeim, áður en lýkur. Um þau ummæli hans, sem lutu meira að stefnu einstakra manna í alþjóðamálum, er það að segja, að það mætti æra óstöðugan að eltast við slíkt og hrekja. Er það ekki af því, að slíkt sje erfitt verk, heldur hinu, að til þess er enginn tími nje tækifæri á þessum stað að rekja þesskonar efni, sem ekki snertir mikið málið sjálft. En mjer fanst um ræðu hv. þm. (M. Ó.), að þesskonar ummæli í garð einstakra manna, hvaða augum sem á þá má líta, sjeu fremur til ills en góðs. Svo mikið er víst, að sjeu mennirnir á óheppilegri skoðun, og auk þess fastir fyrir og frekir í lund, þá minkar mótstaðan ekki við slíkt. Það er svo í öllum efnum, að við þann mótþróa, sem er ósanngjarn, vex mótstaðan enn meir. Ef gengið er nærri skoðunum manna í stærri alþjóðamálum, sem jafnan hljóta að snerta mjög tilfinningarnar, munu menn verða enn harðvítugri, og jafnvel óbilgjarnir gagnvart þeim, er slíkum kenningum halda fram.

Jeg man ekki, að jeg hafi skrifað hjá mjer annað úr ræðu hv. þm. (M. Ó.), sem snertir málið sjálft, en það, að hann þóttist ekki hafa fullnægjandi sannanir fyrir því, að þessi ósk væri komin frá sjómönnum. Jeg skal játa, að jeg hefði kosið að geta lagt betri gögn á borðið. En jeg vona, að hv. þm. alment efist ekki um, að þessi ósk sje frá hásetum komin. Jeg hefi minst á það, að fyrir nokkrum árum var

þessa ákvæðis hvað mest þörf. Jeg veit ekki, hvort sjómenn fóru þá til vinnuveitenda, en hitt er þá víst, að þá hafa þeir ekki fengið leiðrjetting þessa máls. Þá hugkvæmdist hásetum, til þess að firrast vandræði, að leita til löggjafarvaldsins. Það er mjög eðlileg leið. Og enginn hefir dirfst að halda því fram, að það sje ósanngjarnt, að hásetar njóti þeirrar hvíldar, er frv. fer fram á. Hitt hefir komið fram, að ekki væri rjett að leggja út á þessa braut. En það er ærið hjákátlegt að heyra menn halda slíku fram, þar sem menn í öðru orðinu eru að vitna til almennrar löggjafar um atvinnu manna. Það gera sumir þeir, er á móti eru frv., þegar þeir segja, að nauðsyn sje að setja lög um þetta efni á öðrum sviðum. En það gerði einn úr meiri hl., hv. 1. þm. G.-K. (B. K.). En að jeg get ekki sýnt skjallega sannanir liggur í þeirri ástæðu, sem jeg tók fram í gær, þótt hv. meiri hl. gengi fram hjá henni, að þegar samþ. þessi er gerð, eru hásetar á förum hjeðan á botnvörpuskipunum. Er þá í fljótum hasti samþ. þessi ósk, að bera málið fram á þingmálafundi og óska þess, að þingið tæki það til meðferðar. Var því ekki tími til að fá nöfn mannanna, en ekkert hefði verið auðveldara en að fá skjallega nöfn hásetanna, er þessa óskuðu. En allir, sem til þekkja, vita það undur vel, að allur þorri háseta æskir einlæglega að fá aðstoð löggjafarvaldsins í þessu efni. Og mjer dettur ekki í hug að ætla, að þeir hefðu farið fram á þetta, ef ekki væri ástæða til þess.

Þá á jeg eftir að víkja ofurlítið að ræðu hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og hæstv. forsætisráðherra (J. M.), en læt það bíða þar til í lok máls míns. En nú vil jeg fyrst víkja nokkrum orðum að ræðum manna í dag, og tek þá í þeirri röð, er þeir hafa talað.

Er þá fyrst örstutt athugasemd til hv. þm. Dala. (B. J.). Hann finnur það að þessu frv., að það sje hvorki heilt nje hálft; taki ekki nema að eins til háseta, en það mundi vera mesta þörf að setja atvinnulöggjöf yfir höfuð, er taki til alls. Jeg er honum sammála um þetta efni. En nú sem stendur er enginn tími til að semja slíka löggjöf. Það er ekki auðhlaupið að jafnvandasömu verki. En sje þessi einstaka ósk rjettmæt, sje jeg ekki, að það mæli neitt á móti henni, þótt hinar atvinnugreinarnar sjeu ekki teknar með. Það má gera, er tími vinst til. Mjer sýnist þess vegna, að frá hans sjónarmiði sje ekki hægt að hafa neitt á móti þessu máli. Hann mintist líka á, að þessi hvíldartími væri of stuttur. Er það rjett, því að ef menn ynnu 16 kl.st. dag eftir dag, myndu flestir fá sig fullsadda áður en lyki. En frv. ber ekki að skoða svo, að nota eigi starfsafl mannanna til hins ítrasta, innan þeirra takmarka, er lögin setja, heldur er það til að koma í veg fyrir, að mönnunum sje ekki jafnafskaplega ofboðið og átt hefir sjer stað. Og jeg vona, að menn beri hjer alment ekki svo lítið traust til þeirra manna, er þessari vinnu ráða, að þeir muni ekki veita hásetum, er svo stendur á, meiri hvíld en lögin beint heimta.

Þá kem jeg að ummælum háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.). (**B. K.**: Tekur því ekki!). Mjer fanst sum ummæli hans, er þau eru krufin til mergjar, styðja vel mál mitt. Mjer fanst þingmaðurinn hafa tekið eftir því, að það væri margt í atvinnuháttum okkar, sem væri stórkostlegra umbóta vert, fleira en þetta.

Jeg er sammála honum um, að svo sje. Jeg veit, að það er satt. En hví má þá ekki leiðrjetta eitthvað af þeim misfellum, sem mest ber á? (B. K.: Ekki byrja á neglunni!). Er nokkuð verra að leiðrjetta þetta en eitthvað annað, sem aflaga fer, jafnvel þótt ekki sje tekið það, sem verst er? Hann gat þess, að hann vissi ekki, hvort nokkur ástæða væri til þessa. Má vera, að honum sje ekki kunnugt um þetta. En hitt hlýtur honum að hafa borist til eyrna, að menn eru óánægðir og kvarta. Jeg veit ekki, hve heimtufrekir hv. þm. eru á sannanir. En láti þeir ekki sannfærast af öðru en af eigin reynd, eða yfirlýsingu frá vissum mönnum, þá virðist vel geta svo farið, að þeir menn fái aldrei þá sönnun, sem þeir geti tekið gilda.

Það, sem hv. þm. drap á, að menn gæti spilt heilsu sinni við ýmislegt annað en nauðsynlegt störf, við slys, óhöpp o. s. frv., þá eru það engin mótmæli í þessu máli. Skil jeg ekki, hví menn eru að hreyfa sliku. Og þar sem hann minnist á, að menn vinni margir baki brotnu heilsulausir, þó að þeir viti, að þeir með því sjeu að stytta líf sitt, þá sannar það ekki annað en það, hvílíka erfiðleika menn eigi við að stríða. Og fyrst svo er, skyldi þá ekki vera svo um hásetana, og þessi málaleitun sje sprottin af þeirri almennu hvöt manna, að vilja bjarga sjer? Þeir vinna að sínu erfiða starfi, þótt þeir viti, að þeir spilli heilsunni og stytti lífið, þó að það sje alt of mikil áreynsla, og þeir taki nærri sjer við það. Og þetta er einkanlega skiljanlegt, þar sem þessir háttv. þm. hafa hvað eftir annað tekið það fram, eins og rjett er, að íslenskir sjómenn sjeu drengir hinir bestu, áhugasamir og duglegir. Því fleiri kostum, sem þeir eru búnir, því meiri ástæða er til að halda, að þeir taki nærri sjer við störf sín, þótt líf og heilsa sje í veði.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) sagði, að þá væri byrjað á neglunni, er löggjöfin yrði fyrri að bragði að takmarka vinnu, áður en menn mistu heilsuna. Þetta skil jeg ekki. Jeg hjelt einmitt, að slík stefna löggjafans væri holl og sjálfsögð. Málsháttur inn segir, að það sje seint að byrgja brunninn þegar barnið sje dottið ofan í. Jeg hygg það hjer, að það sje seint að hefjast handa, til að fyrirbyggja óholl og óheppileg vinnubrögð, þegar heilsan er farin. Jeg sje því ekki annað en hjer sje einmitt valin besta og skynsamlegasta leiðin.

Þar sem sami háttv. þm. (B. K.) mintist á störf sín við sjómensku, vökur og annað, sem hann hefði á sig lagt, þá vil jeg á engan hátt draga þau orð hans í efa. En jeg veit alls ekki, og hann hefir ekki sannað mjer það, að hann hafi sloppið óskemdur frá því. Það getur verið. En mjer er kunnugt um, að þessi hv. þm. (B. K.) hefir alls ekki verið heilsuhraustur í seinni tíð. Er ekki hugsanlegt, að heilsubilun hans eigi rætur sínar að rekja til þessara óhollu vinnubragða á yngri árum.

Háttv. þm. (B. K.) mintist á, að þeir þyldu betur vonda aðbúð, sem vendust ýmsu misjöfnu. Það er auðvitað, að þeir þola betur vosbúð og volk, sem snöggvast, heldur en þeir, sem mjög góðu eru vanir. En jeg hjelt ekki, þótt menn gætu vanist nokkuð vondri aðbúð, að hún væri nauðsynleg þroskun og góðu heilsufari manna. Það kemur að minsta kosti í bága við heilsufræðina og þekkingu manna nú á tímum.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) drap á,

að stjórnin hefði átt að semja löggjöf um þetta efni. En fyrst bæði háttv. frsm. (M. Ó.) og háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) eru líkrar skoðunar um þetta atriði, hví hafa þeir þá ekki orðað dagskrá sína með hliðsjón af þessari skoðun? Það hefði verið meira samræmi í því en að koma frv. alveg fyrir kattarnef með þessari rökstuðningu, að ekki sje þörf að ákveða með lögum hvíldartíma á botnvörpuskipum.

Hann mintist og á, að hann vissi ekki, hvort þetta væri almenn ósk. Jeg er búinn að minnast á þetta áður, og get ekki rökstutt það frekar. Það er auðvitað hægt að nota það sem ástæðu nú, að ekki verða lögð fram skjalleg gögn. En jeg er alls ekki viss um, að betur hefði verið tekið í mál hásetanna, þótt þingmönnum hefði verið sýnd nöfn þeirra hundruðum saman.

Það, sem háttv. frsm. (M. Ó.) mintist á, var hið sama og í gær, og þarf jeg því ekki að fara út í hans ummæli. Jeg man ekki eftir neinu atriði, sem ekki væri afturgengið frá í gær, nema einu. En það var þetta, um útlit hásetanna. Jeg skil ekki, hvernig háttv. þm. (M. Ó.) ætlar að rökstyðja og rjettlæta afstöðu sína með því, að hásetarnir líti allvel út. Það er ekki mjög að undra, þar sem þetta eru flest menn á besta aldursskeiði, þetta um og yfir tvítugsaldur, þótt þeir líti sæmilega út fyrsta áratuginn, ef til vill, sem þeir stunda þessa vinnu, einkanlega þar sem þetta er úrvalið af okkar upprennandi kynslóð. Það væri dálagleg atvinnugrein, eða hitt þó heldur, sem umskapaði mennina svo, á stuttum tíma, að ekki væri sjón að sjá þá.

Hann drap enn fremur á, að ekki væri rjett að setja svona lög fyrir menn á sjónum. Jeg held að hv. þm. (M. Ó.) viti, að ítarleg löggjöf er um siglingar, og sumstaðar um þetta efni, erlendis, þó ekki sje enn hjer á landi.

Þá verð jeg að minnast nokkrum orðum á ummæli háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Hann vildi gefa í skyn, að jeg væri sammála háttv. minni hl. í málinu. Jeg veit ekki, hvernig hann hefir getað fengið það út, þótt jeg sjái og viðurkenni af nál. minni hl., að hann nálgist kröfu sjómannanna. En jeg mælti þó á móti brtt. hans.

Hæstv. forsætisráðh. gekk ofurlítið lengra í ræðu sinni en háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), þar sem hann sagði, að jeg hefði verið að þakka minni hl. fyrir undirtektir hans. Jeg skil ekki, hvaðan honum hafa borist þau orð til eyrna. Jeg skal með leyfi hæstv. forseta lesa orðrjett ummælin um þetta úr ræðu minni í gær, eins og þingskrifarinn hefir ritað þau. Jeg hefi ekki breytt einu orði:

„Um nál. háttv. minni hl. þarf jeg ekki margt að segja. Mjer þótti vænt um að sjá, að einn maður var þó í sjávarútvegsnefnd, sem litið gat þessar óskir háseta rjettu auga.

Niðurfærslan á tímanum var að mínu áliti ekki þörf, þar sem menn þessir munu ekki hika við að vinna eftir getu. Síðara atriðið er líka nokkuð mikið undanhald, og hefði jeg helst kosið, að það hefði ekki komið fram."

Svona voru orðin, sem jeg viðhafði, og ef menn ætla að draga af þessum ummælum hrós til minni hl., þá þarf ekki mikið að segja þeim í viðurkenningarskyni, til þess að þeir telji það lof um sig. Jeg tel frv. stórskemt, ef brtt. minni hl. verður samþ., þótt það kynni að vera til einhverra bóta, að frv. gengi þannig fram, heldur en það væri drepið. Annars á hæstv. forsætis-

ráðherra (J. M.) lengri þingsögu en jeg, og getur því í þessu efni skírskotað til hennar, hvernig hann hefir talað máli lítilmagnans. Er gott til þess að vita, að lítilmagninn á þar hauk í horni, sem hann er.

Frsm. minni hl. (Sveinn Ólafsson): Það var þegar fyrirsjáanlegt í upphafi, að þetta mál mundi ekki ganga af hljóðalaust hjer í deildinni. Sú er líka raun á orðin. Og þótt jeg hefði ástæðu til að mótmæla mörgu af því, sem sagt hefir verið, þá hefi jeg ekki samvisku til þess, þar sem umr. hafa staðið svo lengi, um ekki stærra mál. Menn verða vissulega að takmarka sig í umr.; annars fer næsti þingfundur í það að deila um málið. Jeg vil því að eins minnast á fáein atriði, þau sem mestu virðast skifta.

Fyrst skal jeg drepa á það helsta, sem mjer þótti athugavert í ræðu hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.). Hann sýndi mjer þann sóma, að lesa upp svo að segja alt nál. minni hl., en jafnframt þann bjarnargreiða, að snúa út úr því nær hverju atriði. Fyrst og fremst vefengdi hann, að óskir um ákveðinn hvíldartíma hefðu komið fram frá sjómönnum. Kvaðst hann ekki hafa heyrt þær óskir. En það er engin sönnun fyrir því, að óskirnar sjeu ekki almennar, eða hafi ekki komið fram, og mundi skýringin þá helst vera sú, að hann hafi *ekki viljað* heyra þær eða taka eftir þeim. En aðrir hafa heyrt þær, svo mikið er víst, og dugir ekki að rengja þá alla. Háttv. þm. (M. Ó.) tók það fram, að heilsuveilir menn ættu ekki að gefa sig til þeirrar vinnu, sem þeir ekki þyldu. En nú er mönnum ekki altaf sjálfrátt um þetta. Menn verða að leita sjer atvinnu, þótt gamlir sjeu og heilsulitlir. En sje það líka rjett, að botnvörpungaveiðar sjeu ekki annara meðfæri en hraustra, ungra manna, þá er því meiri ástæða til að tryggja heilsu þessara manna, með því að grípa fram í og vernda þessa menn, að ekki spilli þeir heilsunni. Hygg jeg, að enginn meiri hl. manna vildi láta hafa það eftir sjer, að hann væri á móti þessu frv., ef hægt er að sýna og sanna, að ungir og hraustir menn missi heilsuna við vökurnar á botnvörpungunum, *jafnvel þótt* ekki sannaðist um nema einn eða tvo menn á vertíð hverri.

Háttv. þm. (M. Ó.) neitaði því, að samskonar lög væru til í öðrum löndum. Þetta mun ekki vera rjett hjá honum, því í Englandi munu vera lög í þessu efni. Mjer hefir, því miður, ekki tekist að ná í þessi lög, en eftir þeim mun lágmark svefntíma á sólarhring vera 4 tímar, eða m. ö. o., vinnan á botnvörpungunum ensku má vera tuttugu tíma lengst samfleytt á sólarhring. (**E. A.:** Er hægt að víkja frá því með samningum?). Það er mjer ekki kunnugt um. Mjer hefir sem sagt ekki tekist að ná í lögin, og jeg þekki ekki einstök ákvæði þeirra. Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) talaði um það, að hvíldin á botnvörpungunum væri svo mikilá milli þess, sem fiskaðist, að fyrir kæmu heilir sólarhringar, sem hásetar hefðu lítið sem ekkert að gera, og gætu þeir þá hvílt sig. En slíkt nægir ekki, það sjer hver maður. Það er alveg ónóg, þótt jafnvel heils sólarhrings hvíld færi á eftir tveggja sólarhringa vöku. Ofraun verður aldrei nema að nokkru leyti bætt með langri hvíld. Mjer fellur illa að heyra það frá þeim, sem segist vera

vinur sjómanna, að þeir mundu verða óbilgjarnari og erfiðari viðureignar, ef þessari kröfu þeirra yrði fullnægt. Jeg hjelt, að háttv. þm. (M. Ó.) vildi ekki kasta glófa framan í sjómennina með þess háttar ummælum. Þeir hafa, að minni hyggju, ekki verðskuldað það. Hitt er sennilegra, að þeir kunni að meta nærgætni þá, sem þeim er sýnd með löghelgun hvíldartímans, og að mannúðleg lög skapi mannúð og rjettlætiskend hjá þeim. En hv. þm. (M. Ó.) vill telja sjómenn þau úrþvætti, að þeir mundu versna við það að fá sanngjörnum kröfum sínum fullnægt. Þetta fer algerlega í bága við ummæli hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), sem taldi sjómenn góða menn, vandaða og gegna. Jeg tel öldungis vafalaust, að þeir reyndust jafnötulir og áður, og nærgætnir um hag vinnuveitenda, en að því skapi þróttmeiri og ábyggilegri, sem aðbúð öll væri betri og heilsusamlegri. Því hefir verið haldið fram, að lágmarkshvíldin væri ónóg hjá minni hl., og enn fremur hjelt hæstv. forsætisráðherra (J. M.) því fram, að till. minni hl. yrði ekki að liði, af því að hún væri ekki fortakslaus (absolut), og leið væri til þess að stytta hvíldartímann enn meira með samningi. En jeg bjó frvgr. svona út af ásetningi. Því jeg þóttist sjá, að þótt ákvæðið væri fortakslaust, þá mundu samningar verða gerðir eigi að síður, og þá í óleyfi laganna, um undanþágu frá ákvæðinu. En að setja ákvæði um 6 stunda svefn gæti leitt til þess, að miklu færri undantekningar yrðu gerðar með samningum, og smátt og smátt yrði alment litið svo á, að það væri ekki boðlegt, á sjó fremur en landi, minni svefn en 6 stundir á sólarhring.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði, að málið væri komið hjá minni hl. í sama horf eins og þótt því hefði aldrei verið hreyft. Þetta er eins og hver önnur staðleysa. Verði brtt. minni hl. samþ., hafa sjómenn lagalegan rjett til 6 tíma svefns á sólarhring, og geta gengið eftir þeim rjetti, ef þeir vilja; nú hafa þeir ekkert slíkt að styðjast við. Jeg skrifaði niður hjá mjer einhver fleiri ummæli hv. þm. (G. Sv.), en sumpart er þeim þegar svarað, og sumpart skifta þau ekki verulegu máli, og skal jeg því ekki tefja tímann lengur.

Pjetur Jónsson: Þó að jeg sje eindregið með meiri hl. í þessu máli, hefir mjer dottið í hug að koma með ofurlítið öðruvísi orðaða dagskrártill., sem jeg vil leyfa mjer að lesa upp:

> **„Með því að deildin telur eigi að svo komnu nauðsyn til, að löggjafarvaldið hlutist til um það samband á milli vinnuveitenda og vinnuþiggjenda, sem frv. fjallar um, tekur hún fyrir næsta mál á dagskrá.“**

Jeg þarf ekki að lýsa minni skoðun; hún er mjög sú sama og lýst er í nál. meiri hl. Viðvíkjandi öllu skrafinu um heilsuspilli af því, að menn verða oft að leggja hart að sjer við vinnu hjer á landi, eins og allir vita, skal jeg lýsa því yfir, að það skraf tel jeg fremur til ills en góðs.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er undarlegur misskilningur, sem gert hefir vart við sig hjer í hv. deild, að blanda saman kröfunum um 8 tíma vinnu og þessu máli, um 8 tíma hvíld. Krafan um 8 tíma vinnu miðar að alt öðru, þ. e. að því, að tryggja það, að

þeir, sem hafa framfæri af vinnu sinni, þurfi ekki að nota svo mikinn tíma til vinnunnar, að þeir, fyrir utan sjálfan hinn nauðsynlega hvíldar- og svefntíma, hafi tíma afgangs til þess að afla sjer fræðslu og hæfilegrar skemtunar. Auðvitað á þá og krafa sú einkum við vinnu, sem er stöðug alt árið, eða getur verið, svo sem verksmiðjuvinnu o. s. frv., en ekki alment við sjávarútveg eða landvinnu. En þetta, sem hjer er farið fram á, er að eins til að tryggja heilsu manna. Sjálfsagt ættu læknar að vera færustu mennirnir til að dæma um skaðsemi þess, að hafa miklar vökur, og hefi jeg leitað álits þriggja helstu lækna okkar um þetta efni, og voru þeir mjer samdóma um það, sem jeg hefi látið í ljós um skaðsemi of mikillar vöku. — Annars er umhyggjan fyrir því, að vernda verkamenn, stöðugt að aukast í heiminum, sjerstaklega þegar talað er um þá, sem stunda verksmiðjuiðnað. Víða er það orðið að lögum, að vinnan skuli vera 8 tímar á sólarhring. Og það skyldi ekki standa á mjer, ef nokkrar líkur væru til, að slíkt ákvæði gengi fram hjer í þinginu. En því er vitanlega ekki að heilsa nú.

Jeg býst við, að það sje rjett, sem sumir hafa bent á, að hjer sje farið of skamt, að taka að eins til greina hvíldartíma fyrir menn, sem vinna á botnvörpungum. En meiri hl. er ekki á móti málinu þess vegna, því það hefir komið ótvírætt í ljós, að hann vilji ekki vera með því, þótt það væri flutt á breiðari grundvelli.

Krafa þessi á hvorki neitt skylt við bolsjevisma nje er sjerstaklega riðinn við jafnaðarmenn. Jeg veit, að margir, sem alls ekki telja sig jafnaðarmenn, mundu vera með kröfunni. Ýmsir hafa viljað gera lítið úr kröfunni af því, að hún sje flutt af svo fáum, og telja reynsluna oft hafa sýnt það, að samþyktir á þingmálafundum hafi ekki svo mikla þýðingu. En krafan er, held jeg, miklu almennari en hv. þm. halda.

Mjer er ekki kunnugt um, hvort breyting hefir orðið á þessu síðan jeg var bæjarfógeti. Ef svo er, og sú breyting hefir verið til batnaðar, þá rekast þessi lög ekki á, og jeg fæ ekki skilið mótstöðuna gegn þeim. Hafi þetta ekki breyst, þá er full ástæða til þessara laga. Mjer var vel kunnugt um, að þá var meðal háseta allmikil óánægja út af vökum á botnvörpungum.

Háttv. samþm. minn (J. B.) sagði, að lítið bæri á milli okkar. Mjer þykir vænt um það, og sje þá ekki ástæðu til sundurþykkis. Það væri í alla staði óviðkunnanlegt, ef þeir, sem eru meðmæltir þessu frv., færu að skammast sín á milli. Þeir eru ekki svo margir, að þeir hafi ráð á því. Jeg meinti ekkert ilt í garð hv. samþm. míns (J. B.) í fyrri ræðu minni. Jeg hafði að eins skilið hann svo, að hann ætlaðist til, að hásetar mættu semja. En í stað þess að neita þeim skilningi mínum eða leiðrjetta hann, þá ræðst hann á mig með ónotum.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. en jeg hefi gert. Mjer skilst það, að það þýði ekki mikið; forlög þess sjeu þegar ákveðin. En þótt frv. eigi fyrir sjer að falla nú, þá vona jeg, að það verði síðar tekið upp aftur og leitt til sigurs.

Jörundur Brynjólfsson: Það er að eins örstutt athugasemd.

Jeg skil ekki, hvaða hrós getur í því legið, að jeg lít rjettu auga afstöðu

manna til þessa frv., þótt þeir sjeu mjer ekki fyllilega sammála. Það er löngum viðkvæðið, að ef menn eru ekki þverir og þráir, ef menn líta með sanngirni á það, sem fram kemur, þá sjeu menn að hopa af hólmi. Jeg kann ekki við, að mjer sje brugðið um slíkt í þessu máli.

Út af því, hvernig skilja beri frv., þá þarf ekki að fara í grafgötur um það; 1. gr. tekur af öll tvímæli. En vitanlega er ekki hægt að setja í lögin skilyrði um, hvernig hásetar eigi að fara að framfylgja þeim sjálfir. Þeim er að eins veitt stoð og stytta laganna, og þá eru þeir um það, hvort þeir færa sjer hana í nyt eða ekki.

Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) sagði, að jeg hefði ráðist á sig með skömmum. Það er alls ekki rjett. Jeg sagði ekki eitt einasta hnjóðsyrði til hæstv. ráðherra (J. M.). — Jeg sagði að eins, að hann hefði lengri þingsögu að baki sjer en jeg og gæti vitnað til hennar. En þar sem hann skildi mig svo, að jeg væri ekki eindregið með málinu, eins og jeg flutti það, þá er það alls ekki rjett, og jeg gat ekki tekið þeim ummælum hans með þökkum.

Atkvgr. frestað.

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 25. ágúst, var fram haldið 2. umr. (atkvgr.) um frv.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., þriðjudaginn 26. ágúst, var enn fram haldið 2. umr. (atkvgr.) um frv. (A. 130, n. 368 og 373).

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þgskj. 368, frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar, tekin aftur.

Rökstudda dagskráin frá þm. S.-Þ. (P. J.) feld með 12 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. P., P. J., S. St. Þór. J., B. St., G. Sv., M. Ó., P. O., St. St., B. K., E. A., M. G.

nei: P. Þ., Sv. Ó., Þorst. J., E. Árna., J. J., J. B., S. S., Þorl. J., B. J., H. K., J. M., Ó. B.

Tveir þm. (B. Sv. og E. J.) fjarstaddir.

Brtt. 373, a. feld með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. Árna., G. Sv., J. J., E. J., H. K., P. Þ., S. S., Þorl. J., Sv. Ó., Þorst. J., Ó. B.

nei: J. M., M. G., M. Ó., P. O., St. St., B. J., B. St., J. B., M. P., P. J., S. St., Þór. J., B. K., E. A.

Einn þm. (B. Sv.) fjarstaddur.

1. gr. frv. feld með 17 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., H. K., J. M., J. B., P. Þ., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J.

nei: B. K., B. St., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., J. J., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. O., S. S., S. St., St. St., Þór. J., Ó. B.

Einn þm. (B. Sv.) fjarstaddur.

Frv. því

fallið.

7. Læknishjerað í Ólafsfirði.

Á 6. fundi í Nd., laugardaginn 12. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sjerstakt læknishjerað í Ólafsfirði í Eyjafjarðarsýslu (A. 57).

Á 7. fundi í Nd., mánudaginn 14. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Stefán Stefánsson): Jeg býst eigi við, að jeg þurfi mörg orð til skýringar þessu frv. Ástæðurnar eru svo greinilega teknar fram í fylgiskjalinu, sem prentað er með frv. Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hefir í framsögu sinni um samskonar frv., er hann flytur fyrir Hólshrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu, að mestu leyti tekið af mjer ómakið. Það stendur sem sje svo á, að staðhættir í Ólafsfirði eru mjög líkir og þar vestra, í því fyrirhugaða læknisumdæmi hv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Munurinn að eins sá, að fólksfjöldinn er þar nokkru meiri. Í Ólafsfirði hagar svo til, að hann er umgirtur háum fjallgarði, sem er illfær á vetrum, sakir fannkyngi og snjóflóðahættu. Og sem bendingu um það, hvernig sú leið muni vera að sumrinu, get jeg skýrt frá því, að þegar jeg var þar á suðurleið 17. júní, þá var umbrotafæri fyrir hesta mína, á eina tiltækilega heiðarveginum, sem til er milli Ólafsfjarðar og Svarfaðardals, þar sem læknirinn er búsettur. En fari menn sjóleiðina eftir lækninum, þá er hún bæði torsótt og hættuleg, þar sem fara verður í haf út, norður fyrir Ólafsfjarðarmúla. Þess utan hagar svo til á Ólafsfirði, að alla vjelbáta verður að setja á land að haustinu, og það jafnvel í byrjun októbermánaðar, því að úr því sá tími er kominn, má búast við því brimi, að alla vjelbáta, er liggja á Ólafsfirði, annaðhvort reki brotna á land, eða þeir sökkvi að öðrum kosti. Undanfarandi haust hefir það nokkrum sinnum komið fyrir, að Ólafsfirðingar hafa orðið fyrir mjög tilfinnanlegu bátatapi á þennan hátt.

Af þessu sjest það allljóst, hver afstaða Ólafsfirðinga er gagnvart lækni og læknisvitjun, að þeim er margoft — hvað sem við liggur — allsendis ómögulegt að vitja læknis. Nú eru í Ólafsfirði um 600 manns, og þar af allur fjöldinn í Ólafsfjarðarhorni, og íbúðirnar mjög misjafnar, eins og víðast mun vera í sjóþorpum. Þar af leiðir, eins og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) tók fram, að venjul. er mikið kvillasamara í þjettbygðum sjóþorpum en alment gerist í sveitum. Enda er það svo, að á heilsufari manna er þar alloft mjög mikill misbrestur. T. d. minnist jeg þess, að þegar jeg var þar staddur fyrir tæpum þrem árum síðan, þá urðu þeir að vitja læknis næstum að segja dag eftir dag margoft. En að sækja lækni úr Óafsfirði inn til Svarfaðardals eða Dalvíkur, er álíka dýrt og það er fyrir Bolvíkinga að sækja lækni til Ísafjarðar. Í fylgiskjalinu, sem þeir senda Alþingi, er það tekið fram, að læknisvitjun kosti jafnaðarlega alt upp undir 100 kr., og mun það ekki of reiknað fyrir bát, mannhjálp og olíu, því auðvitað þarf þráfaldlega að fara tvær ferðir, bæði að sækja lækninn og fara með hann heim til sín aftur.

Það er því ekkert undarlegt, þótt Ólafsfirðingar í þessu fylgiskjali segi, að þessir erfiðleikar á læknishjálp sje þeim þungbærasta áhyggjuefnið. Mundi það og ekki vera þungbærasta áhyggjuefnið fyrir hverjum ykkar, hv.

samþingismenn, ef einhver nákominn lægi fyrir dauðanum, og allar bjargir væru bannaðar um það að ná til læknis? Jeg heyrði það líka á mörgum bestu efnamönnum sveitarinnar, að ef ekki yrði úr þessu bætt af löggjafarvaldinu, svo að læknir fengist þar búsettur, væru þeir neyddir til að fara burtu úr sveitinni. Veit jeg, að þeim er þetta full alvara. (**E. A.**: Er það ekki óbyggilegt hjerað hvort sem er?) Nei, því fer mjög fjarri. Ólafsfjörður er ein af fegurstu og grösugustu sveitum. Og hvað snertir sjávarútveginn, þá eru fiskiveiðar reknar þar af miklum dugnaði. Fiskimið góð, og hægara á þau að sækja frá Ólafsfirði en úr öðrum verstöðum, þótt utarlega sjeu á Eyjafirði, þegar brim ekki hamlar.

Í vetur sem leið var mál þetta rætt á fjölmennum sveitarfundi, og kom þar fram almenn og eindregin ósk um, að þegar á þessu þingi yrði þar skipað með lögum sjerstakt læknishjerað, og þrír menn voru þá kosnir til að vinna að undirbúningi málsins, bæði með því að skrifa ávarp til Alþingis, og svo að gangast fyrir undirskriftum alþingskjósenda. Eru þessi skjöl fram lögð á lestrarsalnum og þar undirskrifuð nöfn 149 kjósenda.

Þessir þrír nefndarmenn óskuðu eftir því við mig í vetur sem leið, að jeg kæmi á fund til þeirra, til þess að ræða um málið, og það verð jeg að segja, að jeg hefi enn ekki orðið var við eindregnari, þróttmeiri og ákveðnari vilja en þann, sem þeir höfðu á framgangi þessa máls. Jeg fór fram á það, hvort þeir ekki mundu gera sig ánægða með styrk frá landssjóði til læknisvitjunar, en slíkt vildu þeir ekki heyra nefnt. Þeir bentu á, sem og rjett var, að aðalatriðið í þessu máli væri ekki kostnaðurinn við að sækja lækni eða leita hans, þó hann væri að vísu mikill, heldur hitt, ómögulegleikinn á því að ná í hann, hvað sem við lægi. Þá hreyfði jeg því, hvort ekki mundi erfitt að sjá lækninum fyrir bústað, en þeir töldu engin vandkvæði á því, eða í það minsta ekki þá erfiðleika, sem mættu verða eða gætu orðið þessu mikla áhugamáli þeirra til hindrunar.

Í stuttu máli, hvaða tormerki er jeg benti á, eða aðrar leiðir í þessu falli, þá virtust þeir ekki annað vilja heyra en þetta eina, að fá Ólafsfjörð gerðan að sjerstöku læknishjeraði.

Mál þetta var einnig fyrir á sýslufundi Eyfirðinga, og var þar nokkuð rætt og athugað. Og gaf fundurinn því sín bestu og ákveðnustu meðmæli. Jeg hefi hjer sýslufundargerðina við hendina, og er sjálfsagt að leggja hana fram í lestrarsalnum, ef óskað er.

Það er ekki þörf á að fara fleiri orðum um þetta að sinni. Jeg álít það að eins rjett og skylt, að þingið láti fullkomna sanngirni og jafnrjetti ráða í málinu. Að vísu á slíkt stöðugt að ráða gerðum þingsins, en þó engu síður í þessu máli en öðrum. Engin aðstoð til almennings af hálfu hins opinbera getur álitist brýnni en einmitt læknishjálpin, og þar af leiðandi krafan frá einstaklingunum til þjóðfjelagsins um, að enginn sje hafður, hvað þetta snertir, að olnbogabarni, eiginlega rjettmætari en annað það, sem um er beðið.

Að endingu vil jeg leggja til, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar, að umræðunni lokinni.

Magnús Pjetursson: Jeg ætla ekki að fara að lengja umr., og vil síst af öllu

þreyta háttv. 2. þm. Rang. (E. J.). Jeg vildi að eins skjóta því til allsherjarnefndar til athugunar, að ef þessi mál eiga að ná fram að ganga, eitt eða fleiri, eða ef nefndinni dytti í hug að mæla fram með einhverju þeirra, þá hefir það enga þýðingu fyr en búið er að ákveða um launaskipunina. Ef það mál fer illa, er alveg tilgangslaust að láta slík mál ná fram að ganga, því þá er það víst, að engin von er til þess, að læknar fáist í ný hjeruð, en þvert á móti mikil vissa fyrir, að fleiri en færri af þeim, sem nú hafa lækni, verði óskipuð.

Annars má jeg fyrir hönd stjettarbræðra minna gleðjast yfir því, að þessi frv. eru fram komin, einmitt nú á þessu þingi, því þau hljóta að bera vott um það, að flytjendur þeirra, að minsta kosti, ætli sjer að launa læknana þannig, að þeim verði vel líft, í hvaða krók eða afkima lands sem þeir kunna að verða settir.

Að endingu vil jeg benda hv. nefnd á að athuga í sambandi við þessi frv. staðhætti og læknaþörf um land alt, því jeg er sannfærður um, að þá myndi það koma í ljós, að bæta þyrfti við að minsta kosti 10—20 nýjum hjeruðum, ef sum þessara frumvarpa teljast eiga rjett á sjer.

Einar Jónsson: Jeg er sammála hv. þm. Stranda. (M. P.) um, að þetta frv. eigi að bíða eftir launafrv. Jeg minnist þess, að við áttum í deilu í fyrra um laun lækna. Jeg lagðist þá á móti hækkun taxtans, og mjer er enn illa við hana. Jeg get því ekki annað en glaðst yfir því, að nú virðist sú stefna uppi, að hækka hann ekki. Fyrst er það um taxtann að segja, að hann er ranglátur, og meinar mörgum fátæklingum að leita sjer lækninga, eða neyðir hann til að kaupa heilsuna um efni fram. Taxtinn gerir líka læknishjeruðin misjöfn að gæðum, og laun lækna stopul. Auk þess mundi hækkun hans verða ranglát með tímanum. Hún yrði bygð á dýrtíðinni, en enginn er kominn til að segja, hve lengi hún varir, og því rangt að binda sig við hana.

Annars finst mjer sjálfsagt, að þingið sýni fulla sanngirni í því máli. Það er vandi, svo rjettlátt sje, að taka eitt hjerað fram yfir annað, eða skilja eitthvað út undan. Enginn er kominn til að segja, svo óhlutdrægt sem þyrfti, eða af nægum kunnugleika, á öllum stöðum, sem hjer um ræðir, hvar þörfin er mest; alstaðar er hún, en það er vont að gera upp á milli, hvar hún er brýnust. Þó að háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hafi staðið fast í stigreipinu og mælt rösklega fram með sínu hjeraði, þá tel jeg alveg ósagt, hvort heldur ber að bæta úr þar en annarsstaðar, ef ekki verður hægt að fullnægja öllum þörfum.

Jeg skal að endingu geta þess, að jeg mun greiða atkv. á móti því, að vísa þessu máli til allsherjarnefndar. Jeg er sjálfur í nefndinni og vildi helst við það losna, enda hefir nefndin ærið að starfa fyrir, þó ekki bætist á. Auk þess mætti málið vel bíða, þegar þess er gætt, að það er náskylt öðru máli, sem afgreiða verður fyrst.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum greiddum atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2011) með öllum gr. atkv. gegn 1.

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 25. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 57, n. 464).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. ágúst, kl. 6 síðdegis, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 57, n. 464).

Frsm. (Einar Jónsson): Þetta mál er ekki mikið nje margbrotið og því óþarfi að halda langa ræðu um það. Allsherjarnefnd barst frv. um stofnun nýs læknishjeraðs í Ólafsfirði, en sá sjer ekki fært að mæla með því, að svo yrði gert. Henni hafa borist málaleitanir um stofnun fleiri nýrra læknishjeraða, en þetta er eina hjeraðið, sem hún hefir öll orðið sammála um að ráða frá að læknishjerað væri stofnað í. Jeg býst við, að hv. flm. frv. (St. St.) muni þykja það leitt, að allsherjarnefnd hefir ekki getað mælt með því, að frv. hans yrði samþ., og hún kannast við, að erfiðleikar muni vera á að ná í lækni í hjeraði þessu, en svo er víðar hjer á landi, og þó ekki alstaðar bætt úr. En margir hv. þingdm. munu kunnugir, hvernig þarna hagar til, og skal jeg því ekki fara langt út í þá hlið málsins. En þess skal jeg geta, að þótt nefndin sæi sjer ekki fært að mæla með því, að frv. yrði samþ., þá leggur hún hins vegar ekki mikla áherslu á, hvernig málið fer í þinginu. Mun að vísu greiða atkv. á móti því, samkvæmt afstöðu þeirri, er hún hefir tekið, en leggur það að öðru leyti undir úrskurð hv. deildar, án allrar íhlutunar í kappræðum frá minni hálfu sem framsm.

Stefán Stefánsson: Þá hafa nú hv. þingdm. heyrt og sjeð, hvernig hv. allsherjarnefnd lítur á afstöðu Ólafsfirðinga og beiðni þeirra um sjerstakan lækni. Þetta er fyrsta og má ske eina beiðnin um stofnun nýs læknishjeraðs, sem á er ráðist og háttv. nefnd leggur til að neitað sje; og höfuðástæðan fyrir þessu er sú, að í umdæmi þessu sjeu ekki nema 600 manns. Við 1. umr. lýsti jeg afstöðu Ólafsfirðinga og erfiðleikunum við að ná í lækni, eins og nú hagar til. Líklega hefir mjer ekki tekist að gera þetta nógu ljóst fyrir hv. þingdm., því að ef svo hefði verið, þá skil jeg ekki í öðru en að hv. nefnd hefði brugðist öðruvísi við máli þessu en raun er á orðin; því að sje það á annað borð viðurkent, að dögum og jafnvel vikum saman sje ómögulegt að ná í lækni, þá vil jeg ekki efa, að hv. þingdm. finnist óhjákvæmilegt að bæta úr þessu, og það þótt hjer eigi ekki fleiri en 600 manns hlut að máli.

En í sambandi við fólkstöluna í Ólafsfirði vil jeg geta þess, að enginn vafi er á, að íbúar Stýflu, og jafnvel úr miklum hluta Austur-Fljóta, mundu að jafnaði leita læknis í Ólafsfirði, væri hann þar búsettur. Það er ekki nema klukkutímaferð milli Ólafsfjarðar og Stýflu, og vegur góður yfir Lágheiði, enda eru viðskifti mikil og samgöngur tíðar milli þessara sveita. Þegar þetta er tekið til greina, sem sjálfsagt er, þá bækkar fólkstalan að góðum mun, sem vitja mundi læknisins í Ólafsfirði. Þetta hlýtur að álítast sjálfsögð afleiðing af því, hve miklu hægra yrði að vitja læknis í Ólafsfirði en í Hofsós. Annars virðist mjer, að eigi megi fremur fara eftir fólkstölu en hjeraðsafstöðu, nema síður sje, þegar um myndun læknishjeraða er að ræða.

Þá hefir því verið haldið fram, að

um fámenn hjeruð sæki læknar ógjarna, og því sje stofnun slíkra læknishjeraða tilgangslaus. En til þess er fyrst að svara, að þá kemur ekki til þess að launa lækninum, ef enginn fæst, og hins vegar ætlar launafrv. það, sem nú er á ferðinni, læknum í fámennum hjeruðum hærri laun en í fjölmennum, svo að líkur verða meiri nú en áður, að læknar fáist í þau.

Þá er það mjög verulegt atriði í þessu máli, að sennilega $^3/_5$—$^4/_5$ af íbúum hins fyrirhugaða læknishjeraðs eru í kauptúninu, þar sem læknirinn mundi að sjálfsögðu verða búsettur. En það er staðreynd, að læknir getur búist við margfaldari „praxis" í þjettbýli hjá sama fólksfjölda dreifðum um víðlent hjerað. Sem dæmi upp á þetta get jeg skýrt frá því, að læknir einn á Norðurlandi hefir skýrt mjer frá því, að fullan helming af innanhjeraðs-„praxis" sinni hafi hann á heimilinu, þar sem hann leigir; en þar er venjulega um 40—50 manns, því að þar er rekinn stórbúskapur til lands og sjávar; eru þó í læknishjeraðinu um 1000 manns, en það er víðlent. Læknir þessi er ungur og ötull og í miklu áliti, svo að hans er mikið leitað úr nálægum hjeruðum. Jeg hygg, að háttv. nefnd hafi ekki gert sjer þetta nægilega ljóst, nje heldur hitt, hve mikill hluti hjeraðsbúa eru saman kominn eða búsettur í kauptúninu Ólafsfjarðarhorni, eða sama sem á einu heimili.

Ef litið er á fólksfjölda 1910 í læknishjeruðum víðs vegar um landið, þá sjest, að í þrem þeirra eru íbúar færri en í Ólafsfirði, hvað þá ef tekið er tillit til þeirrar aðsóknar úr Stýflu og Austur-Fljótum, sem má telja alveg sjálfsagða, og er þó sumt af þessu sveitahjeruð. Þar hefir ekki verið hikað við að stofna læknishjerað, þótt „praxis" væri fyrirsjáanlega miklu minni en hjer má telja vísa. Þetta er fyrsta beiðnin um læknishjerað, sem á að fella nú á þingi. Mjer þykir þetta undarleg framkoma. Það er líklega af því, að hv. nefnd hefir blöskrað, hvað margar beiðnir um stofnun nýrra læknishjeraða hafa borist þinginu að þessu sinni. Ef Ólafsfirðingar hefðu einir beðið um lækni, tel jeg lítinn vafa á, að þetta hjerað hefði hlotið mikinn meiri hl. atkv.; svo margt mælir með því.

Þótt eigi virðist blása byrlega fyrir málinu, eftir undirtektum hv. nefndar, þá er jeg þó enn eigi vonlaus um framgang þess; bæði tók hv. framsm. (E. J.) mjög vægt á því, og svo ber jeg það traust til annara hv. þingdm., að þeir muni ekki fallast á niðurstöðu hv. nefndar, að þeir leggist ekki á móti jafneðlilegri bón Ólafsfirðinga, sem þessi er, og brýnni nauðsyn þeirra. Jeg hefi minst á málið við landlækni, og kvaðst hann ekki mundu leggjast á móti því, ef kjör lækna yrðu bætt. Eftir því, sem frv. um laun embættismanna fór við atkvgr. hjer í deildinni, tel jeg, að landlæknir muni ekki lengur hafa nokkuð við málið að athuga. Mjer er það því torskilið, ef háttv. deild ætlar eigi að síður að leggja stein í götu fyrir málið, og trúi því ekki að óreyndu.

Jeg sje þá ekki, að það hafi nokkra þýðingu að fara að lýsa staðháttum frekara en jeg gerði við 1. umr., en vænti þess hins vegar, að hv. deild hafi athugað fylgiskjalið með frv., sem er undirritað af 149 alþingiskjósendum í Ólafsfirði, og þeir sjái, við hverja kosti Ólafsfirðingar verða að búa, að því er snertir þeirra heilbrigðismál. Má vera,

að þeir fái við það enn gleggri mynd af ástandinu og þörfinni á lækni en mjer hefir tekist að gefa.

Frsm. (Einar Jónsson): Jeg lofaði að leggja ekki út í kappræður um mál þetta, og það skal jeg efna. Háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) byrjaði á því, að þetta væri fyrsta beiðnin um lækni, sem ráðið væri til að fella. Þetta er ekki fullkomlega rjett, því að ýmsir meðnefndarmenn mínir ráðast á fleiri slíkar beiðnir, sem fyrir þinginu liggja nú. Hitt er rjett, að nefndin öll hefir lagst á móti þessu frv. að eins. — Einn háttv. nefndarmaður hefir lagst á móti þeim öllum, hinir fjórir orðið samferða um eitt (Hólshjerað), og skiftar skoðanir frekar um Bakkahjerað og Árnesshjerað. Það, sem fyrir mjer vakti, var einkum það, að óviðkunnanlegt væri og gagnslaust að vera að stofna embætti, þar sem engir væru til að skipa í þau, að minsta kostir engir, sem þau vildu þiggja; þannig hefir verið um ýms útkjálkalæknishjeruð, sem áður hafa verið stofnuð, að þau eru læknislaus enn í dag, og eins er jeg hræddur um að fara mundi um Ólafsfjörð, að þangað fengist enginn læknir að sinni, þótt þar yrði stofnað læknishjerað. Það er að vísu rjett hjá hv. þm. (St. St.), að þetta getur breyst til batnaðar, ef laun læknanna verða bætt, en þó því að eins, að mennirnir sjeu til í embættin, en á því mun misbrestur nú. Það liggur og í augum uppi, að útgjöld verða því meiri, því meir sem embættum fjölgar, og laun hækkuð jafnframt. Það ætti því að fara varlega í að hrófa upp embættum ótakmarkað. Það er bæði vinsælla og heppilegra að gera það smátt og smátt, eftir því sem þjóðinni vex fiskur um hrygg. Hins vegar mun það rjett, að þessir hjeraðsbúar hafi eins mikla þörf á lækni eins og ýmsir aðrir, sem um lækni biðja. Hv. þm. (St. St.) gaf það í skyn, að fleiri en 600 manns mundu leita læknisins í Ólafsfirði, með því að fólk úr nærsveitum ætti hægra með að leita til hans en síns núverandi læknis. Má vel vera, að svo sje, en það yrði þá á kostnað annars læknis, og gæti svo farið, að hann sæi sjer ekki fært að þjóna því embætti, er hann nú situr í, en leitaði burtu, eða segði af sjer, og mundu stafa vandræði af læknisleysi í því hjeraði, líkt og í Ólafsfirði nú; og hverju er þá bættara?

Annars tók hv. þm. (St. St.) rólega undirtektum nefndarinnar, eins og hans var von og vísa; en nefndinni þótti rjettara að láta hv. deild skera úr málinu en svæfa það, svo flutnm. og öðrum, er kynnu að vera því hlyntir, gæfist kostur á að greiða því atkv.

Pjetur Jónsson: Það munu liggja fyrir þinginu 6 eða 7 beiðnir um stofnun nýrra læknishjerað. Jeg get ekki betur fundið en að þetta læknafjölgunarmál ætli að fara að verða nokkuð áríðamikið, ekki síst nú, eftir þá atkvgr., sem nýfarin er fram hjer í deildinni um launakjör lækna. Jeg gæti trúað því, að menn hugsi sig tvisvar um, áður en þeir samþ. allar þessar læknafjölganir. Þess er að gæta, að auk þess, sem farið er fram á að fjölga mannalæknum, er gert ráð fyrir að stofna þrjú ný dýralæknaembætti. Jeg ætla annars ekki að fara lengra út í kostnaðarhlið málsins, og það var ekki aðallega hennar vegna, að jeg tók til máls. Það var sjerstaklega annað atriði, sem jeg ætlaði að vekja

athygli á. Þegar verið er að fjölga læknum, má ekki líta á eitt einstakt hjerað, og þörfina sem það kann að hafa fyrir lækni, eins og læknishjeruðum er nú skipað, heldur þarf að líta á landið í heild sinni. Það hefir verið allmikið vandaverk að skipa læknaumdæmunum haganlega, þegar læknamálið hefir legið fyrir í heild sinni og læknum verið fjölgað. En síðan hefir verið bætt við allmörgum læknum, og við það hefir hin upphaflega skipun læknaumdæmanna ruglast, og ruglast æ því meir, því meir sem læknum er fjölgað á þann hátt, að smeygja inn í einum og einum í senn. Það veitti því ekki af, eins og nú er komið, að taka til endurskoðunar skipun læknaumdæma í öllu landinu. Þetta hefir allsherjarnefnd ekki gert, og varla von, að hún treysti sjer til þess að gera það á þeim takmarkaða tíma, sem hún hefir yfir að ráða til að sinna því máli. Jeg held, að það væri heppilegast að vísa málinu nú til stjórnarinnar og fela henni að hafa undirbúið það undir næsta þing, og að það sje rjettara en að vera smátt og smátt að stofna eitt og eitt nýtt læknishjerað, af hálfgerðu handahófi. Þó mun jeg greiða þessu frv. atkv. til 3. umr., til þess að sjá hvernig fer um hin samkynja frv. í deildinni, því að jeg sje ekki ástæðu til að gera þessu frv. það lægra undir höfði en hinum.

Stefán Stefánsson: Háttv. framsm. (E. J.) áleit, að enginn læknir mundi fást í þetta hjerað, þótt stofnað yrði, fremur en önnur útkjálkahjeruð. Ef svo fer, þá nær það ekki lengra, og veldur engum útgjöldum fyrir ríkissjóðinn, en eins og jeg gat um í fyrri ræðu minni, má búast við, að læknum fjölgi brátt, og að auðveldara verði hjer eftir að fá lækna í slík hjeruð, ef launakjör þeirra batna, eins og nú er útlit fyrir, og þótt frv. þetta verði að lögum, hefir það þá fyrst kostnað í för með sjer, þegar nýr læknir fæst í hjeraðið, því að þangað til heldur læknirinn, sem nú hefir það, áfram að þjóna því á sama hátt og nú er. Viðvíkjandi því, að Ólafsfjarðarlæknirinn mundi draga frá öðrum, og ef til vill gera ólífvænlegt fyrir lækni í Hofsóshjeraði, þá sýnist þetta í fljótu bragði hafa við nokkur rök að styðjast. En þess er að gæta, að Stýflubúar og Austur-Fljótamenn leita að líkindum tiltölulega mjög sjaldan læknis í Hofsós, nema í brýnustu nauðsyn, vegna þess að svo langt og erfitt er að ná í lækni þangað. Það má jafnvel undarlegt heita, að Stýfla og Austur-Fljót skuli ekki þegar frá upphafi hafa verið látin heyra til Siglufjarðarumdæmis fremur en Hofsóss, því að skemra er fyrir þá að ná í lækni á Siglufirði en í Hofsós. Öll afstaða bendir á, að þeir mundu nota lækni mikið, ef hann sæti í Ólafsfirði, væri hann hinum jafnsnjall, og þótt hann væri það ekki.

Það er eðlilegt, að þeir, sem ekki hafa komið á þessar stöðvar, geti ekki til fullnustu gert sjer grein fyrir málinu, nje erfiðleikum þeim, sem Ólafsfirðingar eiga við að búa með læknissóknir; en hart er það, ef málið á að stranda að eins á ókunnugleika þingmanna.

ATKVGR.

Frvgr. **feld** með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorst. J., B. J., E. Árna., G. Sv.,

H. K., J. J., M. P., P. J., P. Þ., S. St., St. St.
nei: Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., B. Sv., B. K., E. A., E. J., J. M., J. B., M. G., M. Ó., P. O., S. S., Ó. B.

Einn þm. (B. St.) fjarstaddur.

8. Skipun læknishjeraða [Árnessýsla].

Á 7. fundi í Nd., mánudaginn 14. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl. (A. 65).

Á 8 fundi í Nd., miðvikudaginn 16. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Arnórsson): Jeg skal ekki tefja tímann með langri ræðu um þetta mál. Í greinargerð frv. má sjá, hvernig á stendur, og rök þau öll, sem til málsins liggja.

Að eins vil jeg leggja það til, að því verði vísað til allsherjarnefndar, eins og öðrum samskonar málum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv., og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2011) með 13 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., miðvikudaginn 10. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 65, n. 449 og 528).

Frsm. meiri hl. (Pjetur Ottesen): Það er í nefndarálitinu tekið fram það, sem þarf í þessu máli. Get jeg því verið stuttorður. Eins og kunnugt er, þá er Árnessýslu skift í 2 læknishjeruð. Og eftir því, sem um er að gera, eru heldur greiðar samgöngur um sýsluna, svo jeg held, að ekki sje neinum sjerlegum anmörkum bundið að ná í lækni, og aðstaðan þarna því mun betri en víða annarsstaðar. Auk þess er annað. Það hefir verið mikið talað um Ólaf Ísleifsson í Þjórsártúni hjer í deildinni, nú við 2. umr. fjárlaganna, sem sjerstaklega góðan lækni. Man jeg, að hv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði, að hann gegndi mjög mikið læknisstörfum í Árnessýslu. Má því gera ráð fyrir, að hann bæti talsvert úr þeim læknisskorti, sem kann að vera þar. (S. S.: Hann er ekki skyldur til þess). Það er rjett, að hann er ekki skyldur til þess. En háttv. þm. (S. S.) sagði, að hann gerði það og að hans væri oft vitjað. Og auk þess hefir hann nú fengið viðurkenningu hjá þinginu, og ætti hann því síður að skorast undan því. — Af framangreindum ástæðum áleit nefndin ekki þörf á að stofna þarna að svo stöddu sjerstakt læknishjerað.

Frsm. minni hl. (Einar Arnórsson): Jeg álít ekki þörf á að fara mikið út í málið, og skal jeg því ekki vera margorður. Háttv. meiri hl. allsherjarnefndar hefir verið svo náðugur, að vilja drepa þetta frv. Í þessum meiri hl. eru allsendis ókunnugir menn um sýsluna, nema má ske neðri part hennar. Einn þeirra er hraunfastur norður í Skagafirði, annar er úr Borgarfirðinum, og sá þriðji austan úr Hornafirði. Þeir hafa má ske, einhverjir þeirra eða allir, flakkað um hluta sýslunnar á góðhestum um sumardag, eða þá runnið

eftir Flóaveginum í bifreið. En í uppsýslunni eru þeir alveg ókunnugir, og dæma því eins og blindir menn um lit. Enda var háttv. frsm. meiri hl. (P. O.) æði veill í röksemdaleiðslu sinni. Og var auðheyrt, að hann hafði lítið að færa til. Hann játaði það, að þörf væri á þessu í rauninni, en var svo með ýmsar vifilengjur, af því að hann skorti öll aðalrök fyrir málstað sínum. Hann var að tala um greiðar samgöngur. Og er það rjett, að því er til kauptúnanna kemur, Eyrarbakka og Stokkseyri, og auk þess á parti í sýslunni, þar sem er Flóavegurinn. Af því að jeg býst ekki við, að þessir hv. nefndarmenn sjeu svo vel að sjer í landafræði, þá ætla jeg að leyfa mjer að fræða þá um, að sýslan nær yfir meira en Flóann. Þar eru fleiri hreppar, svo sem Ölfus, Selvogur, Grímsnes, Biskupstungur, Hreppar, Skeiðin, Grafningur, Þingvallasveit o. fl. Allar þessar sveitir eru mjög erfiðar yfirferðar. Og að vetrarlagi er mjög þungt um samgöngur um upphluta sýslunnar. Þar er hin mesta snjókista, mýrar, fen og foræði. Nú vilja háttv. meiri hl. menn má ske segja, að mýrarnar sjeu undir ís á vetrum. En jeg get frætt þá um það, að það er ekki altaf. Svo eru tveir læknar, sem eiga að þjóna þessu víðlenda hjeraði, og eru þeir báðir við aldur. Þeim er ætlað að þjóna öllu þessu víðlendi, sem hefir kringum 6000 íbúa. Í Bakkahjeraði, sem nú er nýsamþ. hjer í deildinni, eru ekki full 600 manns. Svo þó að Árnessýslu væri skift í þrjú hjeruð, þá kæmi miklu fleira fólk á hvert þeirra en í þessu nýja læknishjeraði. Háttv. framsm. (P. O.) lagði mikla áherslu á, að Ólafur Ísleifsson, smáskamtalæknir, er við Þjórsá. Sá maður er auðvitað alls góðs maklegur, en hann er ekki lærður læknir. En það, að hann er mikið sóttur, er besta sönnun þess, hve mikil þörfin er að fá lærðan lækni í bygðina. Líka er þessi maður, hversu góður sem hann annars er, ekki skyldur að veita læknishjálp, þó að hans sje leitað. Svo er og annað, að hann hefir ekki lögheimild til að hjálpa konum í barnsnauð, og er það þó oft einna mest aðkallandi. Svo er og þess að gæta, að Rangárvallasýsla er mjög víðlend, og ef læknirinn í Árnessýslu væri látinn sitja á heppilegum stað, líklega á Skeiðunum, þá er vitanlegt, að útsveitir Rangárvallasýslu mundu njóta góðs af því og leita hans. — Enda hefir hv. 2. þm. Rang. (E. J.), sem er eini maðurinn í nefndinni, sem er kunnugur þarna, auk mín, lagt til, að þetta frv. yrði samþ. Þar er því þó ekki til að dreifa, að hann geri það vegna sinna kjósenda, því engin áskorun hefir komið þaðan í þessa átt. En aftur hafa verið samþ. áskoranir á þingmálafundum í Árnessýslu þessa efnis. Jeg býst eigi við, að það beri neinn árangur, þótt jeg segi fleira. Læt jeg mjer því nægja að vísa til greinargerðar fyrir frv.

Frsm. meiri hl. (Pjetur Ottesen): Jeg skal ekki fara langt út í þetta mál. En jeg hafði ekki búist við, að hv. 2. þm. Árn. (E. A.) sækti þetta mál af svona miklu kappi. Hann brigslaði okkur meiri hl. nefndarinnar um vanþekkingu í landafræði í Árnessýslu. Honum hefði nú verið innan handar að færa okkur heim sannleikann í því efni í nefndinn, en að því er virðist, þá hafði hann ekki svo mikinn áhuga fyrir þessu máli, að honum hafi þótt taka því. En jeg vil skjóta því til hv. þm. (E. A.), að þegar hann segir þetta

um okkur, þá dæmir hann sjálfan sig engu síður, því að hann hefir lagt til, að felt væri frv. um stofnun læknishjeraðs, þar sem hann hefir aldrei stigið fæti sínum. Við háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) höfum ferðast talsvert um Árnessýslu; þó að hann kalli það flakk, þá kippum við okkur ekki upp við það. Má ske hafa þessir kjósendur hans í Flóanum kvartað yfir því við hv. þm. (E. A.). — Eins og vænta mátti, gat hv. þm. (E. A.) ekki fært ástæður fyrir því, að þörf væri á að fjölga læknishjeruðum þarna sjerstaklega, einkum með tilliti til þess, að hv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir sjálfur lagt á móti, að stofnuð yrðu ný læknishjeruð annarsstaðar, þar sem miklu meiri þörf var þó á því. Að það sje nokkur sjerstakur mælikvarði á læknaþörfina, að Ólafs Ísleifssonar sje mikið vitjað, þarf alls ekki að vera, heldur getur það eins vel stafað af því, að hann taki hinum læknunum fram. Í vandræðum sínum grípur svo hv. þm. (E. A.) til þess, sem honum er æði tamt, að koma fram með spaugilegar hártoganir og útúrsnúninga.

Sigurður Sigurðsson: Jeg skal kannast við, að jeg gerði mjer ekki miklar vonir um, að frv. um fjölgun hjeraðslækna yrðu samþ. hjer á þingi. — Satt að segja bjóst jeg við, að þau yrðu öll felld. En nú er reynslan að verða alt önnur. Nú er þegar búið að samþ. nýtt læknishjerað í Bolungarvík, og annað í Norður-Múlasýslu, Bakkahjerað. Jeg verð því að segja, að mjer virðist vera ósamræmi í því og ósanngjarnt, ef nú á að fella þetta frv. Jeg get ekki betur sjeð en að jafnmiklar ástæður sjeu til að stofna þetta læknishjerað í Árnessýslu eins og Bakkahjerað. — Í viðbót við þau rök, sem hv. samþm. minn (E. A.) færði í málinu, skal jeg geta þess, að læknirinn í upphjeraðinu situr í Skálholti og er læknir fyrir alla uppsýsluna, Þingvallasveit, Grímsnes, Laugardal, Biskupstungur, Hrunamannahrepp, Gnúpverjahrepp og Skeiðahrepp. Milli Biskupstungna og Skeiðahrepps er Hvítá. Yfir hana er að vísu brú fyrir ofan Skipholt. En þegar menn af Skeiðum eða úr Hreppunum þurfa að leita læknis, þá er áin mjög oft, að vetrinum, alófær nema á brú. Þurfa þeir því að krækja óraveg, alla leið upp fyrir Skipholt. Allir sjá, hversu erfitt þetta er. Þetta, með öðru, eru nægilega knýjandi ástæður til þess, að stofnað verði nýtt læknishjerað austanvert við Hvítá, eða milli hennar og Þjórsár, fyrir Hreppana og Skeiðin. Það eru blómlegri sveitir og fjölmennari miklu en mörg önnur læknishjeruð, svo að öll sanngirni mælir með því, að þær verði sjerstakt læknishjerað. Hitt er satt, að jeg hefði ekki gert þetta að neinu kappsmáli, ef samræmis og sanngirni hefði verið gætt hjer í hv. deild, með því að láta eitt yfir öll þessi frv. ganga, sem svo líkt er ástatt um. En þegar á að fara að hafa Árnessýslu alveg út undan í þessu læknamáli, þá er ekki nema eðlilegt, að jeg verði hörundssár. Samþ. voru hjer í deildinni fyrir skemstu styrkir til læknisvitjana til allra mögulegra hreppa, nema Þingvallahrepps í Árnessýslu. Og nú lítur út fyrir, að samþ. eigi öll þau læknahjeruð, sem um er beðið að þessu sinni, nema í Árnessýslu. Þetta hlýtur annaðhvort að vera sprottið af stakasta ókunnugleika á staðháttum, eða óvild. Að vísu var Ólafsfjarðarhjeraðið felt. En það er ekki víst, hvað hefði orðið ofan á með

það, hefði það fengið að bíða þessarar stundar.

Ólafur læknir Ísleifsson að Þjórsártúni sinnir að vísu oft læknisstörfum í þessum sveitum þar eystra, þegar hans er leitað. En hann hefir enga skyldu til að gegna, þó að hans sje leitað. — Við vildum, sumir hjer í deildinni, að þessum manni væri veittur í fjárlögum árlegur styrkur til að stunda lækningar. En svo komst jeg að raun um, að slík till. hafði lítinn byr, og hv. fjárveitinganefnd var henni mótfallin. Tók jeg hana þá aftur. En hefði sú till. verið samþ., var hjer alt öðru máli að gegna.

En þótt það kunni nú að verða ofan á, að þessum manni verði, fyrir unnið starf, veitt ofurlítil viðurkenning, í eitt skifti fyrir öll, þá er það ekki annað en lítill þakklætisvottur fyrir það, sem hann hefir þegar gart, og leggur honum vitanlega engar skyldur á herðar. Þar að auki er þess að geta, sem hv. samþm. minn tók rjettilega fram, að hann hefir að eins takmarkað lækningaleyfi.

Frsm. minni hl. (Einar Arnórsson): Jeg þarf ekki að svara hv. frsm. meiri hl. (P. O.) mörgum orðum. Hann gerði enga tilraun til að hrekja það, sem jeg hefi sagt. En í stað þess sló hann út í aðra sálma, eins og þeim er títt, sem eru í röksemdaþroti. Hann fór að tala um, að jeg hefði lagst á móti hinum læknishjeruðunum, sem hjer voru nýverið til umr. Jeg verð að segja, að jeg bjóst við því, að þessi hjeruð myndu yfirleitt ekki nú ná samþ. deildarinnar. Jeg veit ekki betur en að við hv. þm. Borgf. (P. O.) værum sammála um Bolungarvíkurhjeraðið. — Við vildum báðir veita því ríflegan styrk til læknissóknar. (P. O.: Við vorum eiginlega sammála um þau öll). En um Ólafsfjarðarhjerað og Bakkahjerað lít jeg svo á, að til lítils sje að stofna þau, því að örvænt megi heita um, að nokkur læknir fáist í þau fyrst um sinn. Þau eru fábygð og „praxis“ því lítil, afskekt hjeruð á útkjálkum landsins. En þessu máli er alt öðruvísi farið. Hjer er ekki um neina útkjálka að ræða, hjeruð, er enginn maður vill fara í. Hjer að ræða um hjerað í einni af blómlegustu sveitum landsins.

Hv. þm. Borgf., frsm. meiri hl., (P. O.), mælti eins út í bláinn, er hann kvað mig hafa snúið út úr því, er hann hefði sagt. Jeg veit ekki til, að jeg hafi snúið út úr orðum hans. Þess þurfti ekki. Það lá svo vel við að svara orðum hans beint, eins og þau fjellu. Hitt má vel vera, að hann hafi reiðst mjer, er jeg dró dálítið í efa kunnugleika hans og þeirra fjelaga þriggja í meiri hl., og að jeg fór gamanyrðum nokkrum um ferðalag þeirra fyrir austan. (P. O.: Fræðslan kom nokkuð seint!). Slæmt, að jeg vissi ekki fyr um fáfræði þeirra. Það hefði þá má ske mátt benda þessum ágætu fræðimönnum á, að til er landabrjef herforingjaráðsins danska af þessu svæði, og gætu þeir skoðað það hjer á skrifstofunni.

Bjarni Jónsson: Jeg vil gera grein fyrir atkv. mínu; þarf þess mjög af vissum ástæðum. Skal jeg geta þess fyrst, að jeg hefi altaf fylgt því, að læknar sjeu sem flestir. Tel jeg meira vert mannslíf hvert, sem bjargað er, en peninga þá, sem læknirinn kostar. Veit jeg ekki til, að jeg hafi verið á móti neinni till. um stofnun nýrra læknishjeraða.

Jeg tel það einmitt vel ráðið, að nýj-

um lækni sje bætt við í Árnessýslu, svo mannmargt hjerað og stórt. Þótt jeg hafi lítið flakkað þar, þekki jeg þó þar til lítils háttar. Sje jeg ekki, hvernig þessir tveir læknar geta sótt yfir alt það svæði og þær ár, sem þar eru til farartálma. Hvernig skal að fara, ef leitað er læknis utan úr Selvogi til Eyrarbakka eða Skálholts, en svo er læknirinn ekki heima, heldur úti á hinum kjálka hjeraðsins? Væri þá ólíkt betra, að sýslunni væri skift í 3 hjeruð. Væri þá Hrepparnir og Skeiðin í einu, Biskupstungur, Grímsnes, Grafningur og Þingvallasveit í öðru, og neðri hluti sýslunnar og kauptúnin í hinu þriðja. Þetta myndi jeg telja vel ráðið.

Menn hafa talað um, að ólærður læknir einn sitji við Þjórsárbrú, Rangárvallasýslumegin. — Mun hans vera full þörf í Ranárvallasýslu, sem er erfið yfirsóknar, ef rjett er, að hann sje þess megnugur að vera manndýralæknir.

Jeg vildi lýsa þessu yfir nú, því að ekki er gott að vita, nema jeg bjóði mig fram í Árnessýslu við næstu kosningar. Er þá gott að hafa haft hjer dálitinn þingmálafund fyrst. Enda væri og þessi ráðstöfun hin mesta lífsnauðsyn, ef eitthvert stórmenni veiktist hættulega í þeim sveitum, er nú eiga lengst til læknis, eins og t. d. Gvendur Faust. En í alvöru talað legg jeg hið besta með stofnun læknishjeraðs þessa og greiði frv. atkv.

Frsm. meiri hl. (Pjetur Ottesen): Að eins athugasemd. Satt að segja ætlaði jeg ekki að fara út í það, sem gerst hefir í nefndinni í þessu máli, en af því að háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) legst svo harðlega móti öllu nú, vil jeg geta þess, að við háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) vorum í upphafi sammála um að leggja á móti öllum þessum læknafrv. En þar sem ekki gat orðið samkomulag um það, að nefndin öll fjellist á þessa uppástungu okkar, skildust leiðir, og sem reyndar eðlilegt var gat háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) þá ekki lagst móti sínu eigin frumvarpi. En hann gerði meira. Hann tók það eitt út úr, en var á móti öllum hinum, þótt ýmsar ástæður mæltu meira með því, að settur væri læknir í þau, sum að minsta kosti.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að segja fleira um þetta mál. En þar sem hv. 2. þm. Árn. (E. A.) sagði, að Árnesingar væru brjóstgóðir við umrenninga, skal jeg á engan hátt mótmæla því. Og það því síður, sem hann dæmir þar um af eigin reynd.

Frsm. minni hl. (Einar Arnórsson): Jeg skal taka það fram aftur, að hefði svo farið, að nefndin hefði öll orðið sammála um að geyma öll þessi læknafrv., þá getur vel verið, að jeg hefði ekki sjeð mjer fært að halda þessu frv. til streitu. En úr því að meiri hl. nefndarinnar tekur þann upp, að mæla með frv., sem að mínu áliti eiga minni rjett á sjer en þetta, er auðvitað ekki því að heilsa. Þá hlýt jeg að halda mínu frv. fast fram.

Það var rjett hjá hv. frsm. meiri hl. (P. O.), að jeg dæmi um umrenningana af eigin reynd, því að jeg hefi sjálfur sjeð samsýslunga mína taka vel á móti ýmsum umrenningum. Veit jeg, að hv. þm. Borgf. (P. O.) hefir reynt það sama á ferðalagi sínu um sýsluna.

ATKVGR.

1. og 2. gr. **feldar** með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. J., J. B., S. S., St. St., B. J., E. A., E. J., G. Sv., H. K.

nei: J. M., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. K., B. St., E. Árna., Ó. B.

Tveir þm. (B. Sv. og S. St.) fjarstaddir.

Bifreiðaskattur.

Á 11. fundi í Nd., laugardaginn 19. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um bifreiðaskatt (A. 117).

Á 12. fundi í Nd., mánudaginn 21. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Fjárhagsnefndin hefir öll orðið sammála um að flytja frv. þetta, að því undanskildu, að einn hv. nefndarmaður er á móti skatti af vöruflutningabifreiðum.

Það verður auðvitað álitamál um skatt þennan, hversu hár hann á að vera. Í því tilliti getur vel verið, að finna megi aðra leið heppilegri. En nefndin áleit þetta hæfilegt. Önnur atriði málsins, svo sem um innheimtu skattsins, hefir nefndin borið undir lögreglustjóra, og taldi hann þeim heppilega fyrir komið.

Nefndin gengur út frá því, að ef bifreiðarnar borga sig ekki með skatti þessum, þá verði hækkaður taxtinn, og er það aftur á valdi stjórnarinnar, og mun hún fær um að ráða fram úr þeim atriðum. Það er alkunnugt, að bifreiðar spilla mjög vegum, og er það því ekki nema sanngjarnt, að þær bæti að nokkru fyrir. Okkar vegir eru heldur ekki sniðnir fyrir slík farartæki, og þar mun brátt koma, að laga verði þá svo, að færir verði fyrir þau. Það studdi líka nefndina, að henni fanst bifreiðum fjölga hjer fullört, og verður sú fjölgun að nokkru leyti að teljast hreinasti „Luxus". — Sýnist þetta því vera vel til fallið sem skattstofn.

Nú er svo komið með bifreiðar hjer í bænum og víðar, að bæjarstjórn og landsstjórn hafa orðið að taka í taumana, vegna þess, hve ört þeim hefir fjölgað.

Hjer í bæ hafa götur alls ekki nægja breidd fyrir slík farartæki og eru á engan hátt svo úr garði gerðar, að heppilegar geti talist fyrir þau.

Það hefði því getað komið til mála, að bærinn hefði fengið eitthvað af skattinum, en hann hefir ekki komið fram með neina slíka málaleitun, og er því ekki gert ráð fyrir því í frv.

Björn Kristjánsson: Mjer þykir það óviðkunnanlegt, þar sem um svo mikið nýmæli er að ræða sem þetta, að enginn skuli taka til orða, nema háttv. frsm. (M. G.).

Því verður ekki neitað, að mál þetta er algert nýmæli. Að minsta kosti man jeg ekki eftir því, síðan jeg kom á þing. að komið hafi til tals fyr að leggja skatt á umferð. Jeg minnist þess, að þegar Ölfusárbrúin var bygð, var mikið um það rætt að leggja skatt á hana eða umferð um hana. Ástæðan fyrir

því mun hafa verið sú, að þá lögðust niður ferjugjöldin, en það hefir þótt eðlilegt, að slík gjöld hjeldust, þótt þau þægindi fylgdu brúnni, að hægt var að fara viðstöðulaust ferða sinna. Jeg man ekki, hvort það gjald komst á, en hafi svo verið, hefir það ekki staðið lengi. (E. J.: Það komst aldrei á). Það mun rjett vera, en jeg man, að mikið var um það mál rætt.

Annars er ekki gott að átta sig á því, hverskonar tollur þetta á að vera, hvort heldur atvinnutollur eða tollur af óþarfa, eða hvað. Atvinnutollur getur það þó ekki talist, þar sem það legst eins á þá menn, sem hafa farartæki þessi að eins fyrir sjálfan sig, eins og í stað reiðhests, og þeir aðrir sem gjaldið greiða, taka það ekki úr sínum eigin vasa, heldur kemur það niður á þeim, sem þeir flytja. Þetta gjald hlýtur því að hvíla á fólki sem umferðagjald. En slíkt hefir ekki þekst hjer áður. En það verður að teljast óeðlilegt að leggja það að eins á þann litla flokk manna, sem í bifreiðum ferðast, en undanskilja allan fjöldann, sem ferðast bæði ríðandi, akandi og á skipum. Auk þess ber þess að gæta, að bifreiðar eru oft notaðar í neyð, bæði til að flytja sjúklinga, leita læknis, og einnig í þarfir lögreglunnar. — Tökum til dæmis, ef bráðliggur á að sækja lækni til sængurkonu, er það þá ekki dálitið einkennilegt, að læknirinn skuli þurfa að greiða sjerstakan skatt fyrir það að ferðast í bifreið og vera miklu fljótari í ferðum, og ef til vill bjarga mannslífum fyrir þá sök? En vera skattfrjáls, ef hann notar reiðhestinn sinn og er miklu lengur á leiðinni. Það er fljótsjeð, að hjer er um slíkt nýmæli að ræða, að ekki má láta undir höfuð leggjast að athuga það vandlega. Og ef það yrði ofan á, að slíkur umferðaskattur kæmist á, hví þá ekki að leggja hann á alla, sem eitthvað ferðast, hvort heldur er akandi, ríðandi eða á skipsfjöl?

Háttv. frsm. (M. G.) skýrði frá því, hvernig stæði á þessu frv. Væri orsökin aðallega sú, hversu mjög bifreiðar skemdu vegina. Jeg átti nýlega tal við merkan og greindan bónda, sem býr fyrir austan fjall; hann skýrði mjer frá því, að þær skemdu lítið meira vegina heldur en almennar kerrur. Er þetta líka skiljanlegt. Hjól kerranna eru mjórri og skerast því dýpra niður í veginn heldur en hjól bifreiðanna, sem eru breiðari. Þegar maður er á ferð með marga vagna og hefir þá hvern aftan í öðrum, þá renna hjólin öll í sama farinu og mynda djúp vagnför í þá. Hjól bifreiða og bifhjóla eru aftur miklu betur löguð til að bæta vegina heldur en til af rífa þá upp. Það er aftur á móti rjett, að þegar þurkar eru, rýkur meira upp úr veginum undan bifreiðum en kerrum, en það ryk fýkur fljótlega burtu, ef nokkuð kular. Þá ber og þess að gæta, að áður en bifreiðarnar komu voru vegirnir austur yfir fjall altaf í ólagi. Þeir voru í upphafi svo illa gerðir, að þeir þoldu ekki kerrurnar. Jeg veit, að menn, sem fóru austur, muna eftir því að hafa sjeð vagna, sem farið höfðu niður í holur á veginum, liggja mölbrotna fyrir utan veginn. Þessi ástæða hv. frsm. (M. G.) virðist mjer því vera harla veigalítil.

Önnur ástæða hv. frsm. (M. G.) var sú, að bifreiðum hefði fjölgað um of og of ört hjer á landi. Þetta er að vísu rjett hjá hv. frsm. (M. G.), en þessi aðferð, sem bent er á í frv. þessu, er ekki nægileg til þess að ráða bót á þessu. Þetta gjald lendir sem sje ekki

á bifreiðastjórunum, heldur á þeim, er bifreiðarnar nota. Ráðið við of skjótri fjölgun hefði miklu fremur verið að leggja gífurlegt innflutningsgjald á bifreiðarnar.

Jeg held rjettast að vísa málinu til nefndar, enda þótt það sje komið úr nefnd, og jeg leyfi mjer að gera það að till. minni, að málinu verði vísað til samgöngumálanefndar, og vona, að fjárhagsnefnd hafi ekkert á móti því. Slíkt mál sem þetta ætti að sjálfsögðu að athugast af þeirri nefnd.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg tók það fram síðast, að þessi skattur væri að nokkru leyti atvinnuskattur, og að nokkru leyti „luxus"-skattur. Átti jeg þar við eins og tveggja manna bifreiðarnar, sem nú er farið að nota hjer. Jeg hefi ekkert á móti því, að þetta frv. sje vel athugað, og því hefi jeg persónulega ekkert á móti því, að málið fari til samgöngumálanefndar, en jeg get ekkert sagt um skoðanir annara nefndarmanna á þessu. Hvað það snertir, að þetta er nýmæli, þá sje jeg ekki, að það, út af fyrir sig, geti verið ástæða gegn þessu frv., því að það getur haft við alveg næg rök að styðjast fyrir því. Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) nefndi í sambandi við þetta frv. skattinn, sem einu sinni var í ráði að lagður yrði á þá, er færu um Ölfusárbrú. Jeg skal í þessu sambandi láta þess getið, að mjer er kunnugt um, að ýmsir Árnesingar eru því hlyntir, að lagður sje brúarskattur einmitt á þessa brú, án þess að jeg ætli þó að mæla með því, heldur læt jeg þessa getið til þess að sýna, að hjer er um enga fjarstæðu að ræða. Það er aldrei nema rjettlátt, að bifreiðarnar leggi eitthvað af mörkum til veganna, og jeg veit ekki betur en að þær fari altaf í sama farið, eins og vagnarnir. Þá held jeg þá ekki of góða til að borga þetta, sem nota bifreiðarnar, allra síst það fólk, sem mest notar bifreiðarnar hjer í bænum. Það eru helst strákar og stelpur, er aldrei sjást annars og enginn þekkir nein deili á; ekur þessi lýður um bæinn, er nátta tekur, með allskonar ærslum. Jeg hafði nokkur kynni af þessu, er jeg var settur bæjarfógeti. Var tekinn drengur, er komist hafði ólöglega yfir 800 kr. Er farið var að rannsaka, hvað hann hafði gert af fje þessu, kom það í ljós, að hann hafði eytt því að mestu í bifreiðaakstur. Það kveður jafnvel svo mikið að óhófinu í notkun bifreiða, að sumu fólki finst sjálfsagt að aka heim til sín af kvikmyndahúsunum.

Það getur verið heppilegt að leggja hátt innflutningsgjald á bifreiðar, en jeg held, að það kæmi engu síður niður á notendum bifreiða, því að bifreiðastjórarnir mundu leggja á aksturinn það sem innflutningsgjaldinu svaraði. Auk þess yrði þetta gjald ekki annað en verndartollur fyrir þær bifreiðar, sem komnar eru. Á það get jeg fallist, að rjett muni vera að taka fleiri bifreiðar undan en hjer er gert. Jeg átti nýlega tal við mann, er á bifreið, sem hann notar næstum eingöngu í embættiserindum; hann var mjög gramur yfir þessum skatti, og finst mjer ekkert á móti að gera undantekningar með þess háttar bifreiðar. Getur nefndin sem fær þetta mál í hendur, athugað það.

Björn Kristjánsson: Viðvíkjandi orðum hv. frsm. (M. G.) um, að þetta sje að nokkru leyti atvinnuskattur og að nokkru leyti „luxus"-skattur, vil jeg láta þess getið, að atvinnuskattur get-

ur þetta ekki verið, því að hann hittir ekki bifreiðaeigendur, heldur þá, sem bifreiðarnar nota.

Þá tel jeg það vafasamt, hvort þetta geti heitið „luxus"-skattur. Það er mjög vafasamt, hvort hægt er að kalla það „luxus", þótt menn, sem vinna alla vikuna, taki bifreið á helgum, til þess að komast út úr bænum. Jeg vil miklu heldur kalla það nauðsynlega hreyfingu til heilsubótar. Áður áttu menn hjer í bænum hesta, er þeir notuðu með þetta fyrir augum; nú hafa menn fargað þeim síðan bifreiðarnar komu. Allir vita, að nú má heita ókleift að kaupa sjer hesta og að fá hagbeit fyrir þá á sumrum. Það var alveg rjett athugað hjá hv. frsm. (M. G.), að það væru mikið stelpur og strákar, sem notuðu bifreiðarnar; en úr þessu verður ekki bætt með þessu frv., því þetta hátterni má segja að orðinn sje aldarháttur hjer í Reykjavík. Jeg held enn fast við þá skoðun mína, að innflutningstollurinn sje eina ráðið til að fyrirbyggja ofvöxt bifreiða.

Sigurður Stefánsson: Þótt mjer litist jafnan vel á tölur, sem auka tekjur ríkissjóðs, þá verð jeg þó að játa, að jeg er ekki hrifinn af þessu frv., og næsta sammála hv. 1. þm. G.-K. (B. K.).

Jeg vil skjóta þeirri athugasemd til nefndarinnar, sem fær þetta mál í hendur, að jeg hefi það eftir vegamálastjóra, að við vegagerð ríkissjóðs verði farið að nota bifreiðar, og hefir vegamálastjórinn sagt mjer, að á þann hátt mundu sparast tugir þúsunda. Það liggur því í augum uppi, að þessar bifreiðar eru nauðsynjaverkfæri. (S. S.: Þetta verða flutningabifreiðar). Jeg tala um frv. eins og það er, og þar er engin undanþága gerð með þá tegund.

Ef fara á nú að leggja skatt á þessi farartæki, leiðir það mann til þeirrar spurningar, hvort ekki muni rjett að leggja slíkan skatt á önnur farartæki, kerrur, vagna og hesta o. s. frv. Það er ekki nema eðlilegt, að bifreiðar sjeu mest notaðar í bæjunum, þar sem fjölmennið er og vegirnir bestir. Það er sennilegt, að síðar muni bifreiðarnar breiðast út um landið og verða alment flutninga- og farartæki. Vagnarnir voru t. d. fyrst notaðir svo að segja eingöngu í bæjunum, en nú eru þeir höfuðflutningatæki landsmanna, þar sem vegagerð er lengst komin, og það er öllum augljóst, hvílík búbót þeir hafa verið íslenskum landbúnaði, og mjer er nær að halda, að mörgum hverjum bóndamanni mundi þykja á sjer órjettur ger, ef farið væri að leggja skatt á þessi bráðnauðsynlegu flutningatæki. Það mundi eins verða með bifreiðarnar, því þær munu innan skamms verða notaðar til flutninga af bændum, og mætti það heita góð framför, því bæði bera þær miklu meira og eru margfalt fljótari í ferðum heldur en vagnarnir, og mundu því bæði spara tíma og peninga.

Þessa ræðu mína má ekki skilja svo, að jeg sje ráðinn í að vera á móti þessu frv., heldur er hún haldin til þess að hvetja nefndina að fara varlega hjer og athuga alt vel. En það verð jeg að segja, að ef jeg væri bóndi austur í Grímsnesi og hefði keypt mjer flutningabifreið, þá þætti mjer hart, ef þungur skattur væri á hana lagður.

Forsætisráðherra (J. M.): Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) er ekki við-

staddur, og mjer er ekki kunnugt um, hvernig hann muni taka þessu frv., en mjer þykir vænt um, að hv. fjárhagsnefnd skuli hafa komið með það, því að jeg tel það fullkomlega rjettmætt að leggja skatt á þessa farkosti. Hvort skattur frv. er ekki of hár, um það skal jeg ekki dæma; má vera, að hann sje of hár. Jeg veit ekki, hvort háttv. fjárhagsnefnd hefir athugað, hversu miklar tekjur eru af einni bifreið yfir árið, en það þyrfti að athuga, og ákveða svo skattinn eftir því.

Jeg álít fyrir mitt leyti, að bifreiðar hjer sjeu alt of margar orðnar, og væri því rjett að taka til athugunar till. hv. 1. þm. G.-K. (B. K.), að leggja hátt innflutningsgjald á bifreiðar, en að það var ekki gert löngu áður kemur af því, að jeg held, að engum hafi dottið í hug, að þær mundu á skömmum tíma verða svona margar.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Það gleður mig, að hæstv. forsætisráðherra (J. M.) skuli leggja þessu frv. lið, úr því að það hefir sætt mótmælum hjer í hv. deild.

Jeg vil benda hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) á það, að ef vegagerð landssjóðs fer að nota bifreiðar við vegalagningu, þá gerir skatturinn henni ekkert, því hann rennur þá bara úr einum vasa ríkissjóðs í hinn. En finnist mönnum þetta óþarfa krókaleið, þá má hæglega taka þær bifreiðar undan. Jeg álít, að þetta mál sje aðallega fjármál, sem heima eigi í fjárhagsnefnd, en jeg hefi þó ekki persónulega á móti því, að því verði vísað til samgöngumálanefndar.

Jeg gat ekki sannfærst af orðum hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) um, að skattur þessi sje eigi á rökum bygður. Það er alls eigi nýtt að skattleggja farartæki, sbr. t. d. lausafjárskatt af hestum og skipum. Hjer er því um enga nýja stefnu í skattamálum að ræða, eins og haldið hefir verið fram.

Bjarni Jónsson: Að vísa máli úr nefnd til nefndar finst mjer vera nokkuð sama og menn gerðu áður, er þeir átu smjör við flotinu. Hitt er auðvelt, að koma enn fram með brtt. um að leggja samskonar skatt á önnur farartæki, svo sem vagna, hesta og postulahesta. Jeg vil því, að málið gangi áfram, einkum þar eð hæstv. forsætisráðherra (J. M.) telur þetta svo dæmalaust nauðsynlegt. En það má ekki taka eina flutningategundina undan, og svo má ekki heldur gleyma að tolla flugvjelina, sem nú er í vændum að komi.

Benedikt Sveinsson: Mjer finst það ekki eins mikil fjarstæða og hv. þm. Dala. (B. J.), þótt málið fari nú til samgöngumálan. Hjer er um merkilegt atriði í samgöngumálum landsins að ræða, og ekki nema rjett, að það verði vel athugað, einmitt af samgöngumálanefnd, hvort rjett sje að skattleggja sum farartæki, þegar landssjóður leggur stórfje til annara. Fjárhagsnefnd lítur að eins á það eitt, að með þessum hætti fáist fje í landssjóð.

Alþingi hefir áður þótt svo miklu skifta, hvort bifreiðar reyndust nothæfar á Íslandi, að það hefir veitt fje til þess að kaupa hingað bifreið, meðan þær voru hjer óþektar. Síðan hefir reynslan sannað, að þær eru ágætur „fararskjóti". Skattur þessi fer því algerlega í bága við þá stefnu, sem hefir ríkt í þinginu gagnvart þessu samgöngutæki og yfir höfuð í samgöngumálum. Menn tala að vísu um, að sumar bifreiðar sjeu óþarfar og sje rjett

að skattleggja þær — en er ekki eins um suma reiðhesta, sem kaupstaðarbúar eiga, að þeir sjeu óþarfir? Á þá líka að greiða skatt af þeim? (**E. A.**: Eins og af óþörfum hundum). Það kemur mjer kynlega fyrir sjónir, að þingið, sem veitir fje til annara samgöngutækja, t. d. flóabáta og vjelbáta, skuli vilja skattskylda bifreiðar. Menn fara margar óþarfaferðir með bátum og skipum, ekki síður en bifreiðum. — Eða hvaða vit er t. d. í að skattleggja bifreiðar, sem ganga til Keflavíkur, en greiða styrk til vjelbáta fyrir að annast ferðir sömu leið. Það er eins og sumir ætli, að bifreiðar sjeu einhverskonar skaðræðsgripir, en gæta þess ekki, að þær eru menningartæki, fólki til mikilla þæginda. Forsætisráðherra (J. M.) virðist leggja megináherslu á það, að bifreiðarnar sjeu orðnar alt of margar. En stjórnin hefir nú reynt að stemma stigu fyrir þeirri fjölgun með hinum þarflega flutningstaxta sínum. Sú ráðstöfun var nauðsynleg til þess að fyrirgirða, að okrað væri á bifreiðunum og þær fluttar inn meir en góðu hófi gengdi.

Enn fremur vil jeg benda á, að það getur verið erfiðleikum bundið að heimta inn gjald þetta, því að bifreiðar ganga fljótt af sjer og liggja einatt tímum saman í lamasessi. Og virðist það vera harla hart aðgöngu að heimta skatt af bifreiðum, sem ganga að eins einn eða tvo mánuði ársins, eins og þær gengju alt árið. Hjer er á margt að líta, og vona jeg, að hv. þingdeild verði því ekki mótfallin, að málinu sje vísað til samgöngumálanefndar.

Hákon Kristófersson: Jeg á ekki frumkvæði að frv. þessu, þótt það sje komið frá nefnd, sem jeg á sæti í. En mjer kemur það kynlega fyrir, að nokkur skuli geta verið móti öðru eins frv. og þessu. Það er gagnstætt afstöðu manna til annara tekjuaukafrv., því að þeim hefir öllum verið tekið tveim höndum hjer í hv. deild, og það eins, þótt mjög hafi leikið á tveim tungum, hve rjettlát þau væru. Einkanleka virðist mjer fjarri öllum sanni að vilja vísa málinu til samgöngumálanefndar. Sú uppástunga virðist algerlega óþörf, nema ef hún á að skiljast sem vantraust gagnvart fjárhagsnefnd. En jeg gæti hugsað mjer, að fjárhagsnefnd vildi taka málið aftur til íhugunar, og þá að sjálfsögðu taka allar þær bendingar, er fram hafa komið við umr. málsins, til greina.

Háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) bar bifreiðarnar saman við flóabátana. Jeg hefði síst búist við, að honum, jafnvíðsýnum og vitrum manni, gæti komið til hugar að jafna slíkum farartækjum saman. Þess ber að gæta, að styrkur til flóabáta er veittur vegna þess, að gert er ráð fyrir, að þeir fari ferðir, sem svari ekki kostnaði. En veit nokkur til þess, að bifreiðar fari nokkurn tíma ferðir án þess að taka fult endurgjald? Um hin svo kölluðu bifhjól, sem sumir kalla biftíkur, er það að segja, að vart mun nein samgöngubót að þeim, og jeg veit þá ekki, hvað á skilið að vera skattað, ef ekki slík óþarfaáhöld, sem að eins ríkir menn geta leyft sjer að eiga.

Jeg geri ráð fyrir, að vel geti komið til mála, að nefndin vildi íhuga, hvort ekki mætti lækka skattinn, því satt að segja hefi jeg talið hann, og tel, óhæfilega háan. Jeg get ekki fallist á, að skattur á bifreiðum sje að nokkru leyti órjettlátur. Hitt getur verið dálítið vafamál,

hversu skatturinn á að vera hár, og vel get jeg á það fallist, að með skatti þessum, sem hjer er ákveðinn, sje alt of langt gengið. Jeg ber ekki brigður á, að bifreiðar skemmi vegi meira en vagnar. Þeir skemma ekki vegina að verulegum mun, nema þar sem blautt er undir.

Jeg vil enda mál mitt á því, að lýsa yfir því, að jeg er algerlega mótfallinn þeirri uppástungu, að málinu sje vísað til samgöngumálanefndar.

Bjarni Jónsson: Jeg vildi lýsa yfir því, að jeg hefi enga trú á uppeldismætti tollanna. Og jeg hefi enga trú á, að bifreiðaskattur fái hindrað fjölgun bifreiða. Enda get jeg ekki sagt um, hvort ástæða sje til að fjölga bifreiðum eða fækka. Það eitt er víst, að það er nálega ókleift að ná í slíkan vagn, þegar á þarf að halda, enda er það síst að furða, því að bifreiðar hafa hjer tvöfalt hlutverk að vinna. Þær eru notaðar sem innanbæjar flutningstæki og sem eimlestir utanbæjar, bæði til skemtunar og nauðsynja. Þess vegna þarf hlutfallslega fleiri bifreiðar hjer en erlendis, þar sem menn nota einnig sporvagna og eimlestir.

Það er rjett, sem hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) tók fram, að það er rangt að leggja skattinn á flutningatækin; miklu nær að taka hann af farseðlunum. En jeg hefi samt enga trú á, að skatturinn verði neitt uppeldismeðal, nema ef hann skyldi valda því, að fólk rápaði meira. Unga fólkið, sem þyrfti inn að Elliðaám áður en það háttaði, legðist þá ef til vill heldur fyrir heima. — Jeg geri líka ráð fyrir, að leggja mætti skatt á hesta og brennimerkja þá á hófunum, og jafnvel hrúta, ef menn kynnu að nota þá til flutninga, og mætti brennimerkja þá bæði á hornum og klaufum. (**E. A.:** En að brennimerkja menn?). Það væri verra.

Jeg hefi ekkert á móti, að hv. samgöngumálanefnd athugi málið til næstu umr. En jeg vil árjetta það, að jeg tel óþarft að eta smjörið við flotinu og vísa málinu frá fjárhagsnefnd til annarar nefndar.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg hefi ekki getað tekið þátt í umr. hjer í dag, því að jeg hefi verið önnum kafinn í Ed. Jeg skal ekki lengja umr. um þetta mál, en kann betur við að lýsa yfir því í fám orðum, að jeg tel rjett að leggja skatt á bifreiðar, en að eins lágan skatt. Jeg vildi áskilja mjer rjett til að koma með brtt. við 2. umr. málsins. —

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til samgöngumálanefndar feld með 14 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. B., S. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. K., G. Sv.

nei: J. M., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Þór. J., B. J., B. St., E. A., E. Árna., E. J., H. K., J. J., Ó. B.

M. G. greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (M. P., M. Ó. og P. J.) fjarstaddir.

Á 14. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 117, 131, 132).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Hjer liggja fyrir tvær brtt. við frv., önnur frá nefndinni, en hin frá einum nefndarmanna.

Brtt. nefndarinnar er þess efnis, að ráðherra geti undanþegið skatti þessum bifreiðar, sem eingöngu eru notaðar í opinberar þarfir. Jeg vil mæla með þessari brtt.

Hin brtt. er frá hv. 1. þm. Árn. (S. S.), og er nefndin honum þar ekki sammála. En annars munu allir nefndarmenn vera frjálsir um atkvgr. Jeg býst við, að hv. þm. (S. S.) mæli með þessari brtt., en jeg vil lýsa yfir því af minni hálfu, að jeg greiði henni ekki atkv., og það af þeirri ástæðu, að mjer finst skatturinn vera svo lágr og takmörkin svo óljós milli mannflutninga- og vöruflutningabifreiða, því að sama bifreiðin flytur í dag menn, en á morgun vörur.

Sigurður Sigurðsson: Jeg vil gera stutta grein fyrir breytingartillögu þeirri, sem jeg hefi leyft mjer að bera fram. Hún fer í þá átt, að vöruflutningabifreiðar sjeu undanþegnar skati.

Þess er í fyrsta lagi að gæta, að vöruflutningabifreiðar eru enn þá fáar, eins og háttv. frsm. (M. G.) tók fram. Í öðru lagi má það ekki gleymast, að flestar eða allar þær bifreiðar, sem hafðar eru til vöruflutninga, miða að því, að gera vöruna og flutninginn ódýrari. Þetta gildir jafnt um bifreiðar, sem flytja vörur austur um sveitir, sem bifreiðar, er hafðar eru til vöruflutninga innan kaupstaða.

Það, sem kom mjer sjerstaklega til að bera fram þessa brtt., var, að nú á seinni tímum, sjerstaklega í vor, hafa bændur í austursveitum komið sjer saman um kaup á bifreið til vöruflutninga. Þessi ráðstöfun miðar að því að spara hestafl og vinnukraft, sem hvorttveggja er víða af skornum skamti þar um slóðir. Og jeg verð að telja þessa viðleitni mjög mikils verða tilraun til þess að spara sjer flutnings- og ferðakostnað. Nú er svo komið, að flestir eru einyrkjar, hafa varla tök á að fara langferðir, og hestaflið er orðið dýrt, og svo ilt að dvelja hjer með hesta, að til vandræða horfir. Allur þorri ferðamanna austan yfir fjall verður því að bæta á sig að flytja með sjer hey. Bifreiðakaupin eru þess vegna tilraun til að draga úr þessum kostnaði. Annars vil jeg minna háttv. þingdeild á það, að aukin notkun bifreiða er besta sönnun þess, hversu samgöngutæki þau, sem vjer höfum átt við að búa, eru ófullkomin, og hversu mikla nauðsyn ber til, að bætt sje úr þessu meini, með járnbrautarlagningu austur í sveitir.

Af þessum ástæðum, og fleirum, sem jeg hirði ekki að nefna, vil jeg mæla eindregið með því, að brtt. mín á þgskj. 131 verði samþ.

Jeg skal geta þess að lokum, að þessar fáu vöruflutningabifreiðar, sem enn þá eru, mundu ekki skerða skattinn að neinum mun. Og þó að þær flyttu mann einstöku sinnum, mundi það aldrei nema miklu. Enda yrði það fátækari hluti fólksins, sem tæki sjer far með flutningabifreiðum, því vitanlega eru þær mun óþægilegri til mannflutninga, en hinar. En ef reyndin verður sú, að þessi undanþága verði misbrúkuð, ætti að vera auðvelt að setja undir þennan leka, með því að fela stjórninni að ákveða, hvernig skyldi útbúa þær bifreiðar, sem væru undanþegnar skatti.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg bjóst við

brtt. við frv. þetta, eftir umr. að dæma á dögunum. Jeg bjóst við, að þeir, er töldu gjald þetta alt of hátt, mundu gera tilraun til að lækka gjaldataxtann. En þetta hefir brugðist, og kemur mjer það allkynlega fyrir sjónir, því að mörgum þótti taxtinn of hár, er málið var hjer til 1. umr. Jeg er líka þeirrar skoðunar, að hann hafi verið og sje alt of hár. Jeg lít svo á málið, að ef auðið væri að flokka bifreiðarnar, væri rjett, að þeir bifreiðaeigendur væru látnir greiða einhvern skatt, sem hafa bifreiðar beinlínis til skemtunar. En þær bifreiðar væru aftur á móti undanþegnar skatti, sem hafðar væru til nauðsynlegra fólks- og vöruflutninga.

Ferðir á hestum verða dýrari með ári hverju, eins og bent hefir verið á, og bifreiðar eru vafalaust bestu samgöngutækin, sem vjer eigum enn kost á; því tel jeg ekki rjett, að lagður sje skattur á þessi þörfu flutningstæki, að minsta kosti eins hár og frv. fer fram á. Það er heldur alls ekki sanngjarnt að leggja 250 kr. skatt á bifreið, jafnvel þó menn hafi hana að eins sjer til til skemtunar. Hestahaldið hverfur smám saman og er þegar að minka mjög mikið í kaupstöðunum. Þar af leiðir, að bifreiðum og bifhjólum hlýtur að fjölga með tímanum, í stað hestanna.

Sumir hafa fundið bifreiðunum það til foráttu, að þær skemdu mjög vegi. Þetta er og rjett, að nokkru leyti. Því er, ef til vill, sanngjarnt, að bifreiðaeigendur legðu eitthvað af mörkum fram til viðhalds vegum. Reyndar er slíkur skattur ekki lagður á önnur flutningatæki, sem vinna þó vegunum allmikið tjón, og það er ekki svo að skilja, að jeg æski þess.

Það nær, að mínum dómi, ekki nokkurri átt, að lagður sje skattur á bifreiðar, sem hafðar eru til vöruflutninga. Þær eru einkum notaðar af hjeruðum, sem eru langt frá sjó og eiga því erfitt um aðflutninga. En slík hjeruð hafa nóg á sinni könnu. Þeim eru aðflutningar svo dýrir, að jeg teldi algerlega ranglátt að leggja skatt á þetta eina flutningatæki, sem þeim gæti komið helst að notum. Annars sýnir það ljósast, hversu aðflutningar eru orðnir sveitamönnum erfiðir og dýrir, að þeir skuli ráðast í að kaupa sjer bifreiðar til vöruflutninga, jafndýrar og þær eru þó til þess. Jeg veit þess dæmi, að menn hafa greitt 8—10 aura fyrir pund hvert, sem þeir hafa flutt í bifreið austur um fjall.

Jeg veit til þess, að menn, sem hafa haft slíka flutninga með höndum, hafa stundum haft á orði að sækja um styrk til þingsins, til að draga nokkuð úr kostnaðinum. Það er því ærið kynlegt, að nokkrum skuli koma til hugar að leggja skatt á þessi farartæki. Þess skulu menn líka gæta, að eftir fá ár munu bifreiðar verða alment notaðar, ef ekki er á óeðlilegan hátt dregið úr notkun þeirra.

Jeg mun þess vegna bera fram brtt. við frv. við 3. umr., sem fer í þá átt, að lækka þetta flutningsgjald. Og að sjálfsögðu fellst jeg á till. háttv. 1. þm. Árn. (S. S.). Jeg virði vilja fjárhagsnefndar til að afla landinu sem mestra En þessar tilraunir hafa, því miður, stundum þann ókost, að þær koma ekki þar niður, sem skyldi, og hættir við að skapa þann veg misrjetti. Svo er um þetta frv. Flutningsgjaldið, sem það fer fram á, mundi einkum koma niður á þeim, sem búa uppi í sveitunum og eiga allra manna erfiðasta aðdrætti; þá á að skattskylda með þessu frv., en á sama tíma greiðir ríkið styrk til þess

að halda uppi samgöngum fyrir þá, sem búa við sjó og eiga manna ódýrasta og auðveldasta flutninga.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg get tekið undir með háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.), að jeg bjóst við brtt. við frv. þetta. En til þess er nægur tími enn. En jeg vil skjóta þeirri athugasemd til hv. þm. að fara höglega í brtt. sínum, svo að till. fjárhagsnefndar verði ekki að engu. Frv. er fram komið í því skyni að auka tekjur landssjóðs, og slíkur skattur er alls ekki einstakur í sinni röð. Slíkur skattur er á sumum öðrum samgöngutækjum; t. d. er dálítill skattur á skipum, og nefndinni hefir komið til hugar að flytja frv. um lestagjald af þeim. Og vel gæti komið til mála að leggja skatt á farseðla. Á hestum hvílir og dálítill skattur. Skattur á bifreiðum er því ekkert einstakt nýmæli.

Pjetur Jónsson: Jeg hefi ekki haft tíma til að íhuga þetta mál nægilega vel. En jeg leit svo á, að ekkert þýddi að koma með brtt. við frv. Mjer finst frv. vera svo langt frá allri sanngirni, að ef farið væri að gera breytingar á því, sem gerðu það sanngjarnt, yrði það til þess að breyta tilgangi þess.

Sá skattur á bifreiðar, sem jeg gæti talið sanngjarnan, getur ekki haft neina verulega þýðingu til að bæta úr núverandi fjárvandræðum landssjóðs. Hæfilegan skatt á bifreiðar mætti skoða sem þóknun fyrir slit á vegum, er þær orsaka, og tillag þeirra til vegabóta. En jeg tel það ekki takandi í mál, að hinir tiltölulega fáu bifreiðaeigendur sjeu látnir taka á sig sjerstaka byrði, sem verulegu muni, til þess að ljetta af núverandi fjárhagsvandræðum. Sá skattur gæti orðið til þess. að menn tækju að selja bifreiðar sínar úr landi. Nú sem stendur mun vera auðvelt að selja háu verði bifreiðar til Danmerkur. Hvernig sem jeg lít á málið, verð jeg að leggja fastlega móti frv. í þeirri mynd, sem það er nú í. Það gæti komið til mála, að 10—20 kr. skattur sje lagður á bifreiðar, eða ríflega það, en þessi skattur frv. nær engri átt.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg leyfi mjer að benda háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) á, að engin líkindi eru til, að bifreiðaeigendur borgi bifreiðaskattinn úr eigin vasa, heldur mun hann leggjast á bifreiðanotendurna. Það mætti rannsaka, hvort bifreiðaakstur mundi borga sig með þeim taxta, sem nú er, eftir að skatturinn væri lagður á þær, og ef svo sýndist eigi vera, þá lægi beint við að hækka flutningsgjaldið. En varla mun þurfa að óttast, að bifreiðar yrðu seldar úr landi, þótt skattur yrði lagður á þær. Tíu króna skattur á bifreið á ári nemur svo litlu, að betra er að láta málið falla niður með öllu en að hafa skattinn eigi hærri en það.

Sigurður Sigurðsson: Út af þessum ræðum um bifreiðaskattinn skal jeg geta þess, að jeg hefi átt tal við ekki svo fáa bifreiðaeigendur og bifreiðastjóra, og þeim til lofs get jeg borið það, að þeir eru ekki óánægðir með skattinn. Þeir segjast skilja, að hann sje lagður á í því skyni að fá fje í landssjóð, til þess að bæta vegina. Og þeir kunna vel að meta, hvers virði það er fyrir þá að hafa góða vegi til að aka á. Annars vegar má gera ráð fyrir, að skatturinn muni að einhverju

hindra offjölgun bifreiða, og ekki hafa þeir heldur á móti því. Jeg þykist sjá, hverjir munu amast mest við skatti þessum; það eru þeir, sem ekki nenna að fara spönn frá rassi nema í bifreið; því að vitanlega lendir að lokum á þeim að borga skattinn.

Hv. frsm. (M. G.) sagði, að vegir hjer á Suðurlandi væru góðir, og því notuðu menn flutningabifreiðar til vöruflutninga. Þetta er ekki rjett. Menn hafa gripið til flutningabifreiðanna út úr hálfgerðum vandræðum. Annars vegar er svo komið, að það má heita frágangssök að koma með hesta hingað til bæjarins, sökum þrengsla og hagaskorts, og hins vegar eru vegirnir víða svo meinslæmir, suma hluta ársins, að ófærir mega teljast, jafnvel fyrir hestvagna.

En það er ekki eingöngu hjer sunnanlands, að mönnum hafi komið til hugar að nota bifreiðar til vöruflutninga. Þingeyingar hafa gert tilraun með það, og til tals hefir komið að flytja vörur úr Borgarnesi upp í sveitirnar í flutningabifreið, og svo mun víðar vera.

Vegirnir hjer fyrir austan eru, eins og jeg sagði, oft litt færir. Er það ekki síst að kenna víxlspori því, sem stigið var í vegalöggjöfinni 1907, þegar viðhaldi veganna var varpað upp á sýslufjelögin. Með því var þyngri byrði lögð á hjeruðin en þau voru fær um að bera. Afleiðingin af þessu er sú, að nú verður að fara fram á stóra fúlgu úr landssjóði til að laga vegi þessa, sem eru í þann veginn að verða alófærir.

ATKVGR.

Brtt. 131. samþ. með 16 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. J., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., B. Sv., E. Árna., E. J., H. K., J. B., M. P., M. Ó., Ó. B.

nei: Þór. J., J. J., M. G.

Sjö þm. (B. J., B. K., B. St., E. A., G. Sv., J. M. og Þorst. J.) fjarstaddir

Brtt. 132. samþ. með 16 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. M., J. B., M. G., M. P., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl J., Þór. J., E. Árna, H. K., J.J., Ó. B.

nei: M. Ó., P. J., B. Sv., E. J.

Sex þm. (B. J., B. K., B. St., E. A., G. Sv. og Þorst. J.) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

2. og 3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., mánudaginn 28. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 147, 160, 170).

Björn Kristjánsson: Jeg hafði búist við því, að hv. framsm. (M. G.) mundi tala fyrst, og var því ekki við búinn. En jeg vil taka það fram, að jeg er algerlega mótfallinn skattinum, jafnvel þótt jeg komi með brtt. við frv. þetta. Jeg tel það alveg órjett að leggja umferðaskatt á vissan part af þjóðinni, sem ekki nær til allra. Það væri því nær að leggja skatt á alla umferð á lands-

sjóðsvegum. En það, sem einkum veldur því, að jeg er á móti frv. þessu, er, að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) hefir skýrt frá fjárhagnum, og að tekið hafi verið nægt lán upp á reikningshallann. Geri jeg ráð fyrir, að stjórnin hafi gert ráð fyrir nægum tekjum í skattafrv. þeim, sem hún hefir lagt fram.

Þetta frv. kemur því eins ok skrattinn úr sauðarleggnum, og hefir ekki verið borið undir stjórnina, eftir því sem frsm. (M. G.) hefir skýrt frá. — Skatturinn er bæði óþarfur og ósanngjarn. Þetta veldur því, að jeg kem með brtt. um, að þeir sleppi við hálfan skattinn, sem fara fastar ferðir með farþega, að minsta kosti tvisvar í viku. Jeg held, að þetta myndi bæta úr flutningaástandinu, koma betra skipulagi á bifreiðaferðirnar. Það er alkunnugt hjer, að þegar menn ætla í ferð, er varla hægt að fá bifreið hjer fyrir óreglu, þrátt fyrir bifreiðafjöldann. Væri það mjög mikilsverð framför, ef fastar ferðaáætlanir kæmust á, svo að menn gætu gengið að ferðunum vísum á vissum tímum, eins og á járnbrautum erlendis. Væri þá ekki nema eðlilegt, að eigendur þessara bifreiða fái linun á skattinum. Jeg vildi auðvitað helst, að þessar bifreiðar væru skattfrjálsar, því að þær eru langmest hagræði fyrir almenning. Jeg býst því við, að þetta gæti stutt að því, að fleiri bifreiðar hefðu fasta áætlun. Væri það bót.

En þar sem tollur er ekki lagður á umferð yfir höfuð, þykir mjer eðlilegt, að þessum tolli sje varið til að halda við vegum þeim, er bifreiðarnar fara um. Hefi jeg því lagt til, að skatturinn gangi eingöngu til viðhalds þeim. En þrátt fyrir það, þótt þessar till. verði samþ., greiði jeg frv. þó ekki atkv., því að jeg tel það órjettlátt.

Þó er það ekki einsdæmi, að lagður sje skattur á bifreiðar. Eftir því, sem kunnugir menn hafa sagt mjer, eru slíkir skattar til á Norðurlöndum, og samræmir í ríkjunum þremur. Sá skattur kvað vera 25 kr. En það er alt annað, því að þar, sem vegir eru betri en hjer og slitna minna, geta bifreiðarnar gengið alt árið, en hjer að eins 3—4 mánuði. Skatturinn ætti því að vera miklu lægri hjer en þar.

Svo vil jeg enn benda á, að ef bifreiðarnar fara fastar ferðir, þá eru þær bestu og þægilegustu flutningatækin, sem við eigum ráð á nú, og jeg hygg, að svo muni verða framvegis, fyrst um sinn. Það eru samgöngutæki, sem vjer fyllilega ráðum við og uppfylla flutningaþörf vora, bæði fyrir vörur og fólk.

Það er skrítið, þegar borið er saman, að menn vilja leggja skatt á þessi flutningatæki, sem landssjóður hefir ekkert lagt til styrktar, en engum dettur í hug, að leggja skatt á umferðina með skipi, sem landssjóður hefir orðið fyrir um 240 þús. kr. halla af á árinu 1918.

Jeg tel hið mesta ósamræmi í þessu, og ætti frv. hreint og beint að falla. Jeg vona þá líka, að þótt það kunni að komast gegnum hv. Nd., muni það alls ekki ganga í gegnum þingið.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg á hjer brtt. á þgskj. 170, sem fer fram á lækkun á þessu bifreiðagjaldi. Jeg hefði reyndar kosið að lækka skattinn mikið meira, eða helst fella hann, ef ekki hefði verið gefið í skyn við 1. umr., að till. um mikla lækkun á skattinum yrði feld.

Jeg er alveg á móti þessu gjaldi, með því sniði sem á er, og þó að mín brtt. verði samþ., get jeg sagt sama og hv. 1. þm. G.-K. (B. K.), að jeg greiði ekki frv. atkv. fyrir það.

Eins og jeg tók fram við 1. umr., vil jeg ekki neita því, að skaplegt gjald mætti leggja á stöku bifreiðar, þó ekki svona hátt. Eru það þær bifreiðar, sem telja má „luxus“ og ekki eru notaðar til nauðsynlegra ferða, svo sem til vöruflutninga og nauðsynlegra fólksflutninga. Slíkar bifreiðar eru nauðsynleg farartæki. Það er líka sannfæring mín, að þær muni verða með tímanum almenn flutningatæki, og beri ekki að skatta þær fremur en önnur nauðsynleg flutningatæki, hvort heldur á sjó eða landi.

Jeg skal að eins geta þess, sem minnar skoðunar á fyrri brtt. háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), að jeg efast um, þótt hún yrði samþ., og frv. þannig afgreitt, að af því yrði nokkur bót. Jeg er hálfhræddur um, að það mundi skapa enn meira misrjetti. En síðari liður till. þykir mjer sanngjarn, að skattinum sje varið til viðhalds á vegum. Það má ekki minna vera.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg býst við, að fjárhagsnefnd geti ekki felt sig við brtt. þær, sem fram eru komnar við frv. þetta, og það því síður, sem flm. þeirra (B. K. og J. B.) hafa tjáð sig á móti frv. og gera þetta að eins sem tilraun til lækkunar, fari svo, að það verði samþ. Það hefði verið lítill vegur að hugnast þeim með því að samþ. till., ef þeir hefðu lofað að styðja þá frv. Skal jeg nú athuga þessar brtt. nokkru nánar.

Um brtt. hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) er það að segja, að þær eru ótækar, sjerstaklega sú fyrri. Um þá síðari skal að eins það sagt, að í sjálfu sjer kann að vera óþarfi að vera á móti henni, en jeg sje heldur ekki, að það skifti neinu máli, hvort fje þessu er eingöngu varið til vega, sem bifreiðar fara um, eða ekki. Það vita allir, að margfalt meiru fje er varið til slíkra vega árlega en hinum árlega bifreiðaskatti mundi nema, þegar t. d. spottinn, sem búinn er af Hafnarfjarðarveginum nýja, hefir kostað landið 130,000 krónur. Sjá menn hversu lítlu skiftir að halda sjerstakan reikning yfir skattinn, sem aldrei yrði nema smá upphæð í samanburði við útgjöldin til vaganna. Jeg sje heldur enga ástæðu til að láta bifreiðar, sem halda uppi föstum ferðum, borga að eins hálfan skatt. Tilfellið er, að skatturinn er ekki hár, og að bifreiðarnar hafa meiri tekjur en menn halda. Við skulum taka 4 manna bifreið, sem hefir atvinnu, segjum annanhvern dag ársins. Fyrir manninn fást 20 kr., eða 80 kr. fyrir öll sætin, og verða þá tekjurnar á 15. þús. kr. á ári. Þegar um svona mikla umsetningu er að ræða, sjá menn, að ekki þarf að hækka taxtann mikið til þess að fá upp skattinn. Sú hækkun yrði svo lítil, að ekki munaði nema örlitlu.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) sagði, að frv. væri órjettlátt, af því að það kæmi niður á almenningi, sem þyrfti að nota bifreiðarnar. En þetta er ekki skattur á umferðinni, heldur umferðartæki, og svarar að því leyti til skatts af hestum og skipum, þó að hann sje tiltölulega hærri. En svo er líka ekki fyrir að synja, að skatturinn hækki bráðlega af hestum og skipum.

Það var rjett hjá hv. þm. (B. K.), að nefndin bar málið ekki undir stjórn-

ina, áður en hún kom fram með frv., en forsætisráðherra (J. M.) tók málinu vel, er það var hjer til 1. umr., og jeg hefi heldur ekki heyrt nein mótmæli frá fjármálaráðherra (S. E.). Enn fremur hefi jeg ekki heyrt neina óánægju frá bifreiðaeigendum út af frv. (**B. K.:** Það er ekki von). Vegna hvers? (**B. K.:** Þeir hækka bara taxtann). Þeir eiga það nú undir stjórninni.

Þá gaf hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) þær upplýsingar sjálfur, að það væri ekkert einsdæmi, að bifreiðar væru tollaðar hjer, heldur væri svo um öll Norðurlönd; að eins væri skatturinn þar lægri. Ef svo er, þá er líka hitt eins víst, að bifreiðataxtar eru hjer afskaplega háir, hærri en annarsstaðar. Jeg man, að í vetur, þegar inflúensan gekk, voru taxtarnir færðir niður að mun, þegar læknarnir voru fluttir til og frá. Bifreiðastjórar gerðu sig ánægða með það og höfðu svo mikið í aðra hönd, að vel bar sig aksturinn. Af því dreg jeg það, að þeir hljóti, með núgildandi taxta, að hafa mikinn ágóða.

Annars er svo fjarri því, að það sje nokkurt einsdæmi, þótt lagður sje skattur á nauðsynjatæki, og skattur á „luxus“ og skemtanir er algengur. Í Danmörku er þannig skattur á hverjum einasta aðgöngumiða að opinberum skemtunum, og það á aðgöngumiðunum við sjálft konunglega leikhúsið, sem nýtur þó ríflegs styrks af ríkisfje. — Vona jeg svo, að frv. verði samþ. óbreytt. Mun nefndin greiða atkv. á móti brtt., en takist svo illa til, að þær verði samþ., þá mun hún þó greiða atkv. með frv. með á orðnum breytingum.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það hefir oftast staðið svo á, þegar þetta frv. hefir verið hjer til umr. í hv. deild, að jeg hefi orðið að taka þátt í umr. í hv. Ed. um ýms fjármál. Þó tók jeg það fram hjer við 1. umr., að jeg sæi ekki ástæðu til að vera á móti skattinum, en jafnframt, að mjer þætti hann of hár. Ef jeg greiddi atkv. nú í málinu, mundi jeg greiða atkv. með brtt. á þgskj. 170. Ástæðan til þess er sú, að enda þótt bifreiðar hafi borgað sig vel og jafnvel orðið stórgróði á sumum, þá er þess að gæta, að hjer er um nauðsynleg flutningatæki að ræða, sem geta gert stórt gagn. Auðvitað á jeg erfitt með að spyrna á móti nýjum sköttum í landssjóðinn, því honum mun síst af veita, en þó þykir mjer sem sagt skatturinn of hár.

Björn Kristjánsson: Ef það er satt, að bifreiðaeigendur hafi grætt afarmikið á bifreiðum sínum, þá er það jafnframt augljóst, að hæstvirt stjórn hefir sett taxtann of háan. En það er skylda stjórnarinnar að setja hæfilegan taxta. Jeg vil enn halda því fram, að skatturinn sje lagður á umferðina, en ekki á bifreiðastjórana, og verður stjórnin auðvitað að taka tillit til þess framvegis, hvaða skattur hvílir á bifreiðum, þegar hún gefur út taxta fyrir þær. Annars verð jeg að álíta, að við þurfum ekki að óttast neinn tekjuhalla á næstunni, með þeim tekjuaukafrv., sem þegar eru fram komin og verða samþ., að því er jeg býst við. Jeg held miklu fremur, að tekjurnar fari fram úr áætlun, ef t. d. síldin veiðist eins mikið og útlit er fyrir, með því ágæta verði, sem á henni verður.

Hv. frsm. (M. G.) sagði, að bifreiða-

eigendur væru yfirleitt ekki óánægðir með skattinn. Jeg get vel skilið það. Hvers vegna ættu þeir að vera óánægðir, þegar þeir vita, að þeir geta velt skattinum yfir á þá, sem ferðast með bifreiðunum? En hvað segir hv. frsm. (M. G.) um þá menn, sem ekki flytja fólk fyrir borgun, heldur sjálfa sig og sitt fólk? Verður hann væntanlega að játa, að þeim falli ekki skatturinn vel í geð.

Bjarni Jónsson: Jeg hefi enn ekki sjeð nokkra sanngirnisástæðu fram komna fyrir því, að leggja skatt á bifreiðar, en ekki á önnur flutningstæki. Ef á að fara að skatta þær, er sjálfsagt að skatta um leið önnur þau tæki, sem notuð eru til flutninga, sleða, kerrur, móhrip og margt fleira. Eða er hjer verið að reyna að ná sjer niðri á Reykvíkingum fyrir það, að þeir vilja komast út úr bæjarmollunni, sjer til andlegrar og líkamlegrar hressingar? Ef svo er, má benda á það, að hentara væri að ná sjer annarsstaðar niðri á Reykvíkingum, því að óhægt er að komast á grænt gras bifreiðalaust, enda fullkomlega þarflegt að geta farið út úr bænum stöku sinnum, sjer til hressingar. Jeg mun því með ánægju greiða atkv. á móti frv.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) finst ekki ástæða til aukinna skatta fram yfir það, sem tekjuaukafrv. stjórnarinnar gera ráð fyrir, og heldur, að tekjurnar muni fara langt fram úr áætlun. Jeg held, að hann sje nokkuð bjartsýnn þar. Jeg held, þvert á móti, að full ástæða sje til að samþ. tekjuauka einmitt með tilliti til þessa árs, því þótt svo fari, að tekjurnar færu fram úr áætlun, þá er hitt ekki síður víst, að gjöldin fara langt fram úr áætlun líka.

Það er alls ekki rjett hjá háttv. þm. Dala. (B. J.), að þetta sjeu einu sköttuðu flutningatækin; það eru líka tekinn skattur af hestum og skipum, eins og jeg áður hefi margsinnis bent á.

ATKVGR.

Brtt. 160, 1. feld með 18 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorst. J., B. Sv., B. K., B. St., G. Sv.

nei: P. J., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., B. J., E. A., E. Árna., H. K., J. J., J. M., J. B., M. G., Ó. B.

Þrír þm. (E. J., M. P. og M. Ó.) fjarstaddir.

Brtt. 160, 2. feld með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. J., B. Sv., B. K., B. St., G. Sv., J. B., P. J., P. O., S. St., Ó. B.

nei: Þorst. J., Þór. J., B. J., E. A.. E. Árna., H. K., J. J., J. M., M. G., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó.

Þrír þm. (E. J., M. P. og M. Ó.) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. S., St. St., Sv. Ó., Þór. J., B. St., E. Árna., H. K., J. J., J. M., M. G., P. O., P. Þ.. Ó. B.

nei: S. St., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. J., B. K., E. A., G. Sv., J. B., P. J.

Þrír þm. (E. J., M. P. og M. Ó.) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 17. fundi í Ed., þriðjudaginn 29. júlí, var útbýtt

Frv. til laga um bifreiðaskatt,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 189).

Á 19. fundi í Ed., fimtudaginn 31. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Frv þetta er flutt af fjárhagsnefnd hv. Nd. Leyfi jeg mjer að leggja til, að því verði vísað til fjárhagsnefndar hjer.

Eggert Pálsson: Þetta frv. fer fram á tekjuauka fyrir landssjóðinn, og býst jeg við, að enginn neiti því, að hann hefir fulla þörf fyrir allar þær tekjur, sem hann getur fengið, en samt sem áður finst mjer, að mönnum geti ekki staðið á sama um, hvernig teknanna er aflað. Mjer virðist, að einhver rjettsýni og sanngirni verði að liggja til grundvallar fyrir þeim byrðum, sem lagðar eru á menn. En jeg verð að játa, að jeg hefi ekki rekið mig á öllu óviðfeldnara skattafrv. en það, sem hjer liggur nú fyrir. Hjer er bygt á algerlega nýrri meginreglu, er stingur í stúf við allar eldri reglur. Hingað til hefir það verið talin bein skylda að reyna eftir megni að styðja og styrkja samgöngur á sjó og landi. Jeg býst við, að við sjeum allir sammála um, hversu nauðsynlegt sje að styrkja samgöngur á sjó, enda hefir miklu fje verið varið til ferða með ströndum landsins, bæði til gufuskipa og mótorskipa, og jeg býst við, að samskonar styrkur, og ekki óríflegri, verði í fjárlögum þeim, sem nú verða samin af þinginu. Á landi hefir eigi verið farið lengra en að verja fje til vega- og brúagerða. Þó hefir einu sinni brugðið út af því, og var þá einmitt veittur styrkur til bifreiðaferða, og styrkveitingin meira að segja ekki veitt einu sinni, heldur tveim sinnum. En nú þegar bifreiðaferðir eru komnar á, ætla menn að snúa við blaðinu og skattleggja þessi samgöngutæki, og það ekki neitt sjerlega óverulega. Þetta mætti náttúrlega til sanns vegar færa, ef hjer væru til betri flutningatæki, t. d. járnbrautir, og einkum ef þær væru ríkiseign, því þá væru bifreiðarnar orðnar keppinautar ríkisins, sem eðlilegt mætti telja að ríkið vildi losna við. En því er ekki að heilsa. Sem stendur höfum við engin betri flutningstæki en einmitt bifreiðarnar; ef þær væru úr sögunni, yrðum við aftur að fara að notast við hestana sem flutningstæki, en öllum er kunnugt, að þeir eru bæði seinvirkir og nú orðnir dýrir, bæði í innkaupi og viðhaldi. Og þar sem þörfin er ríkust, hjer í nágrenni Reykjavíkur, er lítt mögulegt að notast við hesta til samgangna.

Það er svo komið hjer í Reykjavík, að ekki er hægt að fá haga nje heytuggu handa hestum, og menn neyðast til þess, jafnvel um hásumarið, að flytja hey með sjer, ef þeir koma með hesta hingað.

Menn munu nú þykjast hafa bætt að nokkru úr rangsleitni þessa frv. með því, að undanþiggja flutningabifreiðar skattinum. Það virðist mjer mótsögn hjá formælendum þessa frv. Fyrir þeim mun hafa vakað, að bifreiðar spiltu vegunum, og af því sje skattur á þeim rjettmætur. Þetta hygg jeg órökstutt, og mun sanni nær, að bifreiðar spilli vegum

mjög lítið. Þegar flutningsþörfin er mest, á vorin áður en klaka leysir úr jörð, og á haustin, þegar rigna tekur, er ekki unt að nota bifreiðar. Þá verða menn að flytja á hestvögnum, og þá spillast vegirnir skiljanlega mest. En væri það rjett, að bifreiðar spiltu vegum að mun, þá er það mótsögn, eins og jeg tók fram, að undanþiggja flutningabifreiðar skattinum. Það er auðsætt, að þær myndu þá spilla vegunum langmest. Bæði eru bifreiðarnar þyngri og svo flytja þær meiri þunga.

Jeg hygg, að formælendur þessa frv. hafi ímyndað sjer, að bifreiðaeigendur myndu bera þennan skatt og aðrir ekki. En svo er því ekki varið. Skattinn myndu bera ferðamenn, er nota þurfa bifreiðar, og með því væri þeim gert erfiðara fyrir, sem hafa brýnustu þörfina fyrir það, að greitt væri fyrir þeim.

Þessi skattur gæti má ske talist rjettmætur, ef honum væri varið til endurbóta vegum, umfram það, sem til þeirra er nú lagt. Þá væru vegirnir gerðir bifreiðunum greiðfærari, og myndi skatturinn þá vinnast upp. En á frv. sjest eigi annað en að þetta eigi að vera ný tekjugrein fyrir ríkissjóð, og það kemur hvergi fram, að skattinum eigi að verja til vegabóta. Og þó að menn slái þessu fram við umræðurnar, til þess að vinna frv. fylgi, virðist hugsunin vera sú, að ef það yrði samþ., mætti spara að minsta kost það fje, er áður hefir verið veitt í þessu skyni.

Jeg hygg því ekki rjett að leggja þennan skatt á, enda stingur hann mjög í stúf við þá stefnu, er þingið hefir annars tekið í samgöngumálunum, eins og jeg hefi þegar sýnt fram á.

Verði frv. vísað til nefndar, er auðsætt, að það á að fara til fjárhagsnefndar. En jeg álít það varla gerlegt að skapa frv. aldur og tefja sig á því að vísa því til nefndar.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg þarf ekki að vera langorður, því að jeg er alveg sammála háttv. 1. þm. Rang. (E. P.). Mjer dettur í hug, að lengi getur vont versnað, þegar um tollstofna er að ræða, en hjer keyrir þó fram úr hófi. Ranglátari og heimskulegri tollstofn en þennan er varla unt að hugsa sjer. Um leið og þingið styður samgöngur á sjó og landi er þessum skatti dembt á þá, sem ryðja nýja braut í samgöngumálunum, sem nokkurskonar hegningu. Þetta er mjer óskiljanlegt.

Fyrir nokkrum árum var maður styrktur til bifreiðarakstrar, en nú er verið að leggja tilfinnanlegan skatt á þessa atvinnugrein. Hvernig munu menn skoða þetta í framtíðinni, þegar um líka nýbreytni er að ræða, er þingið læst vilja styrkja, en menn vita af reynslunni, að á þá verður lagður skattur undir eins og fyrirtæki þeirra fara að bera sig? Menn eru að hugsa um að nota sjer flugvjelar og mun von á flugvjel til reynslu nú í sumar. Flugvjelastjórarnir hafa hjer dæmin fyrir sjer, hvort mikið sje leggjandi í þetta fyrirtæki, því að áliti þingið, að það græði, finst því sjálfsagt að skatta þá. Við því er nú búið, að lagður verði skattur á alla nýbreytni.

Þessi skattur myndi koma þyngst niður á „privat"-mönnum. Það á að leggja 150 kr. skatt á bifreið fyrir 1 mann. Hvers vegna er þá verið að hlífa okkur, sem eigum vagnskrifli?

Það hefir verið fært fram, til þess að rjettlæta þennan skatt, að bifreiðar spilli svo mjög vegum. Þetta er, að minni skoðun, hreinasti sleggjudómur,

sem hvorki er bygður á þekkingu nje viti. Sannleikurinn er sá, að bifreiðarnar spilla vegunum miklu minna en hestvagnar. Til þess að sjá það þarf enga sjerþekkingu, heldur er nóg að hafa augun opin. Heilbrigð skynsemi ætti að geta sagt mönnum það, að hjól með togleðurshringum slíta veginum miklu minna en járnvarin hjól. Auk þess er það altítt, að sami maðurinn sje með 2—3 eða jafnvel 4 hestvagna, og eru allir vagnarnir þá í halarófu, og hjólin á öllum vögnunum ganga í eitt og sama farið, sem hefir nærri því að eins hnífsbakka þykt. Jeg hefi litið eftir bifreiðum og tekið eftir því, hve mjög þær skemma vegina í samanburði við hestvagna. Jeg hefi átt kost á því að ganga um Laufásveginn 2—3 á dag. Í vor var gert við hann, og var hann harður og sljettur í mailok. Síðan rigningar byrjuðu er kaflinn frá Baldursgötu að Kennaraskólanum algerlega ófær. Hann er svo ófær, að í morgun treysti jeg mjer ekki til að ganga hann, heldur gekk jeg á grashnausunum fyrir utan veginn. En fyrir sunnan þennan kafla og eins fyrir neðan hann er vegurinn sljettur, og sjest hvergi hjólfar. Hvers vegna er þessi kafli einn ófær? Af þeirri einföldu ástæðu, að verið er að flytja möl á hestvögnum frá Kennaraskólanum upp Baldursgötu. Um veginn er mikil bifreiðaumferð, og hafa þær farið um hann allan jafnt. En á þeim kafla, sem þær hafa einar farið, er vegurinn alveg óskemdur.

Ef menn fallast á till. hæstv. fjármálaráðh. (S. E.), um að vísa málinu til nefndar, er auðvitað, að það á að fara til fjárhagsnefndar, þar sem frv. er flutt af þeirri nefnd í Nd. Væri það kurteisi við háttv. Nd. að vísa frv. til nefndar, en best væri að stytta því aldur, svo að það tefji ekki fyrir þessari háttv. deild.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg tók það fram í háttv. Nd., að þessi skattur sje alt of hár, og er jeg enn á þeirri skoðun. Hins vegar sje jeg ekkert því til fyrirstöðu, að lítill skattur sje lagður á bifreiðar. Það er ekkert principbrot á skattalöggjöfinni, þó að lagt sje á þetta samgöngutæki, því á skipum er einnig skattur, svo sem vitagjald og lestagjald, og auk þess eru þau talin til tíundar.

Jeg játa það, að þessi samgöngutæki eru mjög nauðsynleg, og við því verður ekki gert, þó að þau sjeu misbrúkuð og notuð í margar óþarflegar ferðir. En þar sem víst er, að á þeim hefir græðst mikið fje, þá sje jeg ekkert því til fyrirstöðu, að leggja á þau lágan skatt.

Jeg skal annars ekki deila um þetta, því að jeg þykist sjá, hver forlög muni ætluð frv. En jeg vildi þó mælast til þess, að frv. verði látið ganga til 2. umr., svo að háttv. fjárhagsnefnd fái tækifæri til að athuga það.

Magnús Torfason: Jeg get ekki sjeð neina ástæðu til að leggja skatt á þetta samgöngutæki og fellst alveg á röksemdir hv. 1. þm. Rang. (E. P.) og hv. 4. landsk. þm. (G. G.). Ef menn vilja leggja skatt á bifreiðar, ætti að hækka vörutollinn á þeim, það væri miklu betri leið.

Meiri hl. fjárhagsnefndar hefir athugað þetta frv. Hann óskar því alls ekki, að því verði vísað til nefndarinnar.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg hefi aldrei litið þetta frv. hýru auga og

það af viðlíka ástæðum og þeim, sem færðar hafa verið fram af öðrum hv. þingdm. hjer í dag. En mjer hefir heyrst það á mönnum, að þeim þyki óþarfi að vísa frv. til nefndar. Það þykir mjer nokkuð harkaleg meðferð á frv. að athuga það ekki í nefnd, þar sem það er komið frá hv. Nd. og flutt af nefnd þar. Mætti ætlast til þess, að Nd. sýndi þessari deild þá virðingu, að drepa ekki nefndarlaust frv., er hjeðan væru komin, og ættum vjer þá að gera systurdeild vorri sömu skil.

Magnús Torfason: Gagnvart því, sem hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) sagði, vil jeg geta þess, að hjer hafa mál gengið nefndarlaust í gegnum deildina, er komið hafa frá hv. Nd. Fjárhagsnefnd, eða meiri hl. hennar, hefir athugað málið það vel, að hann þykist ekki þurfa lengri tíma til að átta sig á því. Jeg sje því alls ekki, að harkalega sje farið með frv., þó að því sje ekki vísað til nefndar; það getur enda vel farið svo, að það fái að ganga í gegnum deildina.

Kristinn Daníelsson: Jeg hafði ætlað að taka undir með hv. 4. landsk. þm. (G. G.), að rjett væri að sýna hv. Nd. þá kurteisi, að vísa málinu til nefndar. En eftir að hafa heyrt ummæli hv. þm. Ísaf. (M. T.), að fjárhafsnefnd hafi þegar athugað málið, sje jeg ekki betur en að frv. hafi verið sýnd sú kurteisi, sem skyldugt er, og þess vegna megi ganga til atkv. um það nú þegar.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Út af ummælum hv. þm. Ísaf. (M. T.) vil jeg geta þess, að nú hafði hann svo hátt, að jeg heyrði til hans, en áður ekki.

Guðmundur Ólafsson: Gagnvart ummælum háttv. þm. Ísaf. (M. T.), að meiri hl. fjárhagsnefndar væri frv. mótfallinn, vil jeg geta þess, að mjer er algerlega ókunnugt um þetta, og hefi jeg því sjálfsagt verið settur í minni hl. Jeg kann ekki við, að frv. sje ekki vísað til nefndar, því að fjárhagsnefnd hefir í raun og veru aldrei fjallað um það. Mjer þykir málið ekki svo fráleitt, að ekki sje vert að athuga það í nefnd, þó að skatturinn sje ef til vill fullhár.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. E., S. J., S. F., G. Ó., H. Sn., Jóh. Jóh., M. K.

nei: M. T., E. P., G. G., H. St., K. D., G. B.

Einn þm. (K. E.) fjarstaddur.

Frv. vísað til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1999) með 9 : 2 atkv.

Á 49. fundi í Ed., föstudaginn 5. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 189, n. 659).

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Ólafsson): Jeg sje ekki ástæðu til að bæta mörgum orðum við nefndarálitið. Það var nokkuð rætt um þetta mál við 1. umr., og frv. hefir verið lengi hjá fjárhagsnefndinni, svo það ætti að vera sæmilega athugað. Það hefir verið nokkur andstaða á móti frv., og jeg var neyddur til að tala um málið við 1. umr., og hjelt því þá fram, að hjer

væri að vísu um skattstofn að ræða, en að skatturinn mundi vera of hátt settur, og nú hefir meiri hl. fjárhagsnefndarinnar komist að sömu niðurstöðu, en minni hl., hv. formaður nefndarinnar (M. T.), gat því miður ekki orðið okkur samferða, fremur en oft áður, og er aðalástæða hans tekin fram í nál. Jeg vil ekki mótmæla því, að það sje rjett, er hann heldur fram, að vegirnir sjeu ekki góðir, en á það ber að líta, að þeir batna altaf með ári hverju, og eftir því sem tekjur ríkissjóðs verða meiri, eftir því er hægara að láta vinna meira að vegagerð.

Jeg vil því mæla með, að frv. verði samþ. með brtt. nefndarinnar.

Frsm. minni hl. (Magnús Torfason): Eins og sjest á viðbót þeirri, er jeg hefi ritað við nál., þá er jeg í sjálfu sjer ekki á móti því, að einhver skattur væri lagður á bifreiðar, en jeg tel rjett, að það væri innflutningsgjald, eins og hjá Norðmönnum, og hefði því átt að bera það fram sem breytingu á vörutollinum, en jeg get ekki fallist á, að rjett sje að leggja árgjald á bifreiðarnar. Annars tel jeg, að breyta þurfi vörutollslögunum; það hafa reynst á þeim ýmsir gallar, og þeir munu nú vera flestir komnir í ljós með hinum mörgu úrskurðum stjórnarráðsins um hann.

Til frekari viðbótar skal jeg geta þess, að jeg veit, að sumir góðbændur til sveita vilja fá sjer bifreiðar, en það tefur fyrir því, að vegirnir eru svo slæmir, og meðan svo er, er ekki rjett að leggja hátt árgjald á þessi farartæki, einkum þar sem járnbrautir eru hjer engar og flugið er ekki komið að „praktisku“ gagni enn.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg þarf ekki að vera fjölorður um frv., en af því að það er komin fram brtt., er lækkar gjaldið, og hugsanlegt er, að hún hafi einhver áhrif á málið, þá vil jeg segja nokkur orð, þótt jeg sje raunar ekki svo smátækur, að jeg samþykki það, sem jeg tel ósanngirni, þótt hver liður lækki um 50 krónur.

Jeg lít svo á, sem þessi skattur sje þungur og komi órjettlátlega niður. Jeg vænti þess, að það komi fastar reglur á ferðir bifreiðanna, þannig að vissar bifreiðar fari fastar ferðir með fastákveðnu fargjaldi, og þá ætti skattur af þeim að vera lægri en hinum. Það kann að vera, að taxti þeirra sje nú nokkuð hár, en stjórnarráðið setti þeim taxta í sumar, og ef því er nokkur alvara um það, þá er hægðarleikur fyrir það að sjá um, að honum sje hlýtt.

Þá finst mjer það ósanngjarnt, að einstakir menn, er hafa bifreiðar til eigin notkunar og selja þær aldrei á leigu, eigi að greiða 100—200 kr. ársskatt fyrir það; mjer finst það vera ranglátur skattur. Og um skatt á bifreiðum, sem selja farmiða, er það ljóst, að skatturinn kemur einvörðungu niður á þeim, er nota þær, og er harla einkennilegt, ef þeir eiga fremur að greiða slíkt vegagjald en aðrir, er ferðast um vegina.

Það var ekki margt nje merkilegt, er hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.), framsm. að nafnbót, tók fram með frv.; eiginlega ekkert, nema hann hafði veitt því athygli, að ef frv. yrði samþ., þá yrðu tekjur ríkissjóðs meiri. En þótt þessi niðurstaða hans beri vott um mikla og djúpsetta skarpskygni, þá ber að líta á það, að skatturinn allur yrði eins og dropi í hafinu, og því munaði lítið um þetta örlitla brot, er kynni að lenda hjá vegunum.

Eggert Pálsson: Ef bifreiðar væru óþarfar hjer á landi, þá væri sjálfsagt að skatta þær, en jeg lít svo á, að svo sje ekki, og jeg held, að enginn fari fram á að skatta sjerstaklega sem flutningstæki t. d. flutningsbát, ferju eða hest. — Það er að vísu skattað sem eign lágum skatti, eins og ýmislegt annað lausafje. En sjerstakan skatt hefir engum til hugar komið að leggja á þessa farkosti. Jeg sje því enga ástæðu til þess að skatta þetta flutningstæki sjerstaklega, frekar en annað, nema ef litið væri svo á, sem það væri með öllu óþarft. En það væri mjög rangt að líta svo á, eftir því sem högum er hjer varið.

Í mörgum tilfellum eru bifreiðar mjög hentug flutningstæki, og með hverju ári verður verra og verra að nota hesta til vöru- eða mannflutninga, og stundum illkleift. Það má heita, að það sje ógerningur orðið að koma með hesta til Reykjavíkur, því það er ómögulegt að koma þeim hjer fyrir til hagagöngu eða heygjafar. Það verður að senda með þá í aðrar sveitir í því skyni, á meðan við er staðið, hvort sem það er lengur eða skemur. Og af því, hversu bifreiðarnar eru hentugar, hentugri en áður notuð farartæki, hefir það verið, að vöxtur þeirra og viðgangur hefir orðið svo ör. Þegar um svo þörf flutningstæki er að ræða, er ekki rjett að skattskylda þau með ársskatti, og síst svo háum, sem hjer er farið fram á.

Því hefir verið haldið fram, að bifreiðaeigendur þyldu vel að greiða skattinn. Það er nú svo. Það er eins og menn gæti ekki að því, að skatturinn lendir ekki á þeim, heldur einvörðungu á þeim, sem ferðast með bifreiðunum. Afleiðing þessarar skattálögu yrði vitanlega engin önnur en sú, að taxtinn yrði hækkaður, og bifreiðaeigendur biðu því engan skaða. En mjer finst það óþarfi að gera sjer leik að því að hækka taxtann frá því, sem nú er.

Eins og nú er, verður t. d. sá, er þarf að skreppa austur í Rangárvallasýslu, að greiða í fargjald 50—100 kr., ef hann er svo heppinn, að hann getur náð í samferðamenn, en ef það tekst ekki, verður hann að greiða 250 kr. Mjer sýnist fargjaldið vera nógu hátt, og það væri miklu sæmra fyrir Alþingi að stuðla að því, að fastar bifreiðaferðir kæmust á dag hvern austur í sýslur, þar sem menn gætu fengið farmiða með hæfilegu verði, heldur en að fara að hækka gjaldið fyrir þá, sem þessa leið þurfa að fara, frá því, sem nú er. Sú stefna væri óneitanlega samboðnari þinginu, og í raun rjettri ekki nema sjálfsögð í samanburði við tilkostnað landssjóðs við strandferðirnar, því ekki njóta Árnesingar eða Rangvellingar strandferðanna; það vita allir.

Eins og frv. er, eru ýmsir agnúar á því, er mundu gera það sem lög lítt framkvæmanlegt. Hverjir eiga t. d. að dæma um það, hvort bifreið sje ónýt eða ekki? Á dómur eigandans um það að nægja? Eða ef bifreiðin er ónýt í svip, en verður síðar gert við hana, hvernig á þá að meta málið? Er hún skattfrjáls, ef hún var ónýt þegar skatttakan fór fram, enda þótt hún komi rjett á eftir til fullrar notkunar? Um slíkt eru engin ákvæði. Af þessu mundi frv. verða erfitt til framkvæmda, og hætt við allskonar vafningum og vífilengjum við innheimtuna.

Þegar frv. var til fyrstu umræðu, ljet jeg það í ljós, að jeg gæti ekki felt mig við það, en yrði á móti því. Síðan hefir skatturinn að vísu verið lækkað-

ur um 50 kr. fyrir manninn, úr 150 kr. í 100 kr., en það gerir ekki þann mun, að jeg geti fylgt frv., því jeg tel það bygt á ramskökkum grundvelli. Það væri öðru máli að gegna, ef skatturinn væri að eins greiddur í eitt skifti fyrir öll af hverri bifreið, sem inn væri flutt, eins og hv. þm. Ísaf. (M. T.) tók fram, og sagði að ætti sjer stað í Noregi. Við það gæti jeg miklu fremur felt mig heldur en slíkan árlegan skatt, sem hjer er um að ræða.

Halldór Steinsson: Jeg var fyrst á móti þessu frv., vegna þess að jeg taldi skattinn of háan, en eftir upplýsingum þeim, sem nefndin hefir fengið, þá mun bifreið, sem er í gangi alt árið, fá inn um 20 þús. kr., og þótt slit og eyðsla sje töluvert, þá er það aldrei svo mikið, að ekki verði talsverður afgangur, svo að sá, er rekur það sem atvinnu, hafi allgóðan hagnað af rekstrinum. Yfirleitt hefir það verið svo, að allur þorri bifreiðanna hefir gefið góðar tekjur.

Hjer er ekki um neitt nýmæli að ræða, þótt það sje nýtt hjer á Íslandi, því um öll Norðurlönd hefir verið lagður skattur á bifreiðar. **(E. P.:** Ársskattur?). Það kemur í sama stað niður, hvort það er ársskattur eða ekki, og ef næsta þingi líst, þá getur það altaf breytt þessu.

Mjer líst svo, sem ástæða hv. þm. Ísaf. (M. T.) um það, hversu vegirnir sjeu illa hirtir, sje miklu frekar með frv., því ef frv. verður samþ., verður Alþingi miklu fremur fært um að leggja fram fje til vegagerðar, og aldrei hefir verið lagt fram meira fje í því skyni en er nú í fjárlögunum. Og þegar bifreiðarnar skemma vegina, þá er ekki nema rjett og sanngjarnt, að þær greiði skatt til vegagerða. Skatturinn er heldur ekki ægilegur, hann er ekki meiri en það, að þær geta unnið hann upp á 2—3 þingvallaferðum, og skil jeg því ekki andróður þann, sem er á móti honum, jafnlitlum og hann hlýtur að vera fyrir hvern einstakan bifreiðareiganda, saman borið við tekjur af bifreiðunum.

Frsm. minni hl. (Magnús Torfason): Út af því, sem hv. þm. Snæf. (H. St.) sagði, verð jeg að minna á það, úr því hann gerði það sjálfur, að hann var á móti frv., þegar það var til 1. umr., og greiddi atkv. á móti því, að því yrði vísað til 2. umr. Nú hefir hann snúist, og eru þó ástæður þær, er hann bar fram fyrir því, ekki nýjar og ekki þess eðlis, að menn hafi ekki haft þær í huga við 1. umr.

Hvað álögunum líður, þá hefir hv. 1. þm. Rang. (E. P.) bent á, að með öðrum þjóðum muni vera innflutningsgjald á bifreiðum, en ekki ársskattur, og hitt atriðið, að þörf sje á þessum skatti vegna þess, hversu mikið sje lagt til vega, er nokkuð valt, þegar tekið er tillit til þess, að bifreiðar eru að eins notaðar umhverfis Reykjavík.

Í fjárlögunum eru ætlaðar 50 þús. kr. á ári í næstu 4 ár til endurbyggingar á veginum milli Ingólfsfjalls og Þjórsár, gegn ⅓ endurgjalds frá Árnessýslu, en öll sýslunefnd Árnessýslu hefir neitað að taka á móti þessari fjárveitingu. — Sje jeg ekki ástæðu til að leggja þennan bifreiðaskatt á strax, þegar vegirnir eru ekki betri en það, að 4 ár skuli þurfa til að bæta slíkt Ódáðahraun, sem þessi vegur er.

Vegirnir eru ekki betri en það, að glöggustu bændafrömuðir austur í sýslum hafa sagt mjer, að það borgaði sig ekki að eiga bifreiðar til aðflutninga, meðan vegirnir væru í slíku ástandi, sem þeir nú eru í.

1. gr. frv. er ekki vel orðuð. — Virðist mjer, sem undir hana muni falla flutningabifreiðar, þar sem þær eru að sjálfsögðu ekki síður hjer en í öðrum löndum notaðar meðfram til mannflutninga.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er að eins örstutt athugasemd. Hv. 4. landsk. þm. (G. G.) talaði um, að æskilegt væri, að stjórnarráðið hefði betra eftirlit með, að bifreiðataxtanum væri fylgt.

Mjer fyrir mitt leyti fyndist eðlilegra, að farþegar gættu þess sjálfir og borguðu ekki hærra fargjald en þar er sett. (**E. P.:** Það yrði til þess, að þeir fengju sig ekki flutta).

Þá mintist háttv. þm. á það, að heppilegt mundi vera að leggja lægri skatt á þær bifreiðar, sem færu fastar áætlunarferðir, og get jeg verið honum sammála um það atriði.

Jeg mun greiða atkv. með brtt. nefndarinnar, en hefði ekki fundið að því, þótt skatturinn hefði verið lægri.

Menn hafa minst hjer á Flóaveginn. Hann er bending þess, að fjárveitingavaldið vill leggja mikið í sölurnar til þess að greiða fyrir samgöngum. Eftir gildandi lögum hefði sýslufjelagið átt að endurbæta veginn, en með fjárlögunum eru Árnessýslu veittar 200 þús. kr. til endurbóta honum fram yfir það, sem lög skamta.

Það er óneitanlegt, að bifreiðar eru nauðsynleg farartæki, en jeg vil benda háttv. deild á, að á þessum tímum er lagður skattur á margt, sem er nauðsynlegt. Má og í þessu sambandi minna á, að skip eru talin fram til tíundar.

Finn jeg svo ekki ástæðu til að segja meira að þessu sinni.

Halldór Steinsson: Jeg ætla að eins að upplýsa það, að síðan jeg tók til máls áðan hefi jeg fengið upplýsingar um það, að í Danmörku og Svíþjóð er fastur árlegur skattur á bifreiðum, en í Noregi er á þeim hátt innflutningsgjald.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Ólafsson): Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) sagði, að bifreiðar væru ekki óþarfar, og virtist mjer, sem þær ættu þess vegna að vera skattfrjálsar, að hans áliti. En jeg vil minna háttv. þm. (E. P.) á það, að það er svo fjarska margt, sem háttv. Alþingi hefir sjeð nauðsyn á að skatta, þó engum blandist hugur um, að sje til hins mesta þarfa. Má í þessu sambandi benda á t. d., að flutningsbátar eru tíundaðir o. m. fl.

Þá sagði háttv. þm. (E. P.), að ómögulegt væri að nota hesta til flutnings. — Þetta get jeg ekki fallist á. Jeg get ekki betur sjeð en að eins sje hægt að nota hesta til flutnings í Rangárvallasýslu sem í öðrum sýslum landsins. — Bílar tóku ekki að flytjast hingað til lands fyr en fyrir 6—8 árum. Hvernig fluttu Rangæingar nauðsynjar sínar fyrir þann tíma?

Þá sagði háttv. þm. (E. P.), að ómögulegt væri að koma með hesta til Reykjavíkur. Jeg hygg, að líkt sje að koma með hesta til Reykjavíkur og margra annara kaupstaða, þar sem lítið er um haga. Menn verða þá annaðhvort að hafa meðferðis hey til að gefa þeim,

eða koma þeim fyrir á nálægustu bæjum.

Háttv. þm. (E. P.) var að reikna út, hversu dýrt farartæki bifreiðar væru, þannig, að það kostaði hundruð króna að komast frá Rangárvallasýslu til Reykjavíkur. Ef bifreiðarnar eru svona dýr farartæki, sje jeg ekki, að neitt muni um þennan skatt, og væri nær lagi að hætta ferðum á slíkum farartækjum, ef lýsing þm. á ending þeirra og rekstrarkostnaði væri nokkuð nærri lagi, en um það munu flestir stórlega efast. Hv. þm. Snæf. (H. St.) benti á, að ekki myndi þurfa meira en dags akstur til að greiða skattinn, og hefir því ekki verið mótmælt.

Ummæli háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) um það, að ekki sjeu lagðir árlegir skattar á bifreiðar utanlands, hafa verið hrakin af háttv. þm. Snæf. (H. St.), svo að jeg get slept að tala frekar um það.

Kristinn Daníelsson: Eins og málið liggur fyrir, þykist jeg þurfa að gera grein fyrir atkv. mínu.

Háttv. frsm meiri hl. (G. Ó.) gat þess, að frv. hefði lengið lengi í nefndinni, og eftir mínu áliti hefir það annaðhvort legið of lengi eða of stutt. Gat jeg búist við, að málið kæmi alls ekki aftur frá nefndinni eftir útreið þá, sem það fjekk við 1. umr., því þar kom augljóslega fram, að frv var vísað til 2. umr. einungis af kurteisi við systurdeildina, sem þá var kölluð. Get jeg ekki hugsað mjer, að afstaða háttv. deildar sje önnur nú en þá.

Hefir nú verið sýnt fram á kosti og lesti frv., og finst mjer umr. hafa styrkt þá skoðun mína, að illa sje til fallið að byrja að skattleggja þessi flutningatæki, því engum getur dulist, að þau hafa valdið miklum framförum í samgöngum. Og þó að skattur sje lagður á bifreiðar í öðrum löndum, sannar það á engan hátt, að rjett sje að skattleggja þær hjer. Þar eru samgöngur í miklu betra lagi og miklu minni þörf á bifreiðum.

Jeg get ekki skilið háttv. þm. Snæf. (H. St.), þar sem hann áleit það ekki ástæðu til skattfrelsis bifreiða, hversu vegirnir eru hjer slæmir. Jeg get þó ekki betur sjeð en að bifreiðaskattur eigi að vera nokkurskonar greiðsla fyrir að nota vegina. Það hefir verið sýnt fram á það, að bílar eyðileggi vegi jafnvel minna en önnur flutningstæki, svo sem kerrur, og hefir því ekki verið hnekt, enda hefi jeg og gert mjer far um að athuga þetta, og sjeð, að það hefir við góð rök að styðjast.

Jeg mun að vísu greiða atkv. með brtt., sem fer þó í áttina til að gera minna úr þessu principbroti, en að sjálfsögðu hefir þessi 50 kr. lækkun ekki breytt skoðun minni á frv., og mun jeg því greiða atkv. móti því.

Eggert Pálsson: Háttv. þm. Snæf. (H. St.) kom með þau skilaboð úr Nd., að slíkur skattur sem þessi sje einnig á bifreiðum í Danmörku, og brestur mig auðvitað kunnáttu til að geta hrakið það. En hins er gætandi, þótt svo kunni að vera, að þar horfir öðru vísi við en hjer. Þar er hægt að fara hvert á land sem vill með járnbrautum, en því er ekki til að dreifa hjer, og falli bifreiðarnar úr sögunni vegna ofsókna löggjafans, tekur ekki annað við en hesthryggirnir, nema þá að flugvjelarnar verði frambúðarflutningstæki hjer á landi, en eftir því „principi", sem Alþingi virðist fylgja í þessu máli, mun varla langt að bíða þess, að þær verði

einnig skattaðar, ef farið yrði að nota þær í þarflegar ferðir.

Hitt væri ef til vill talsmál, eins og jeg gat um áðan, að leggja lágan skatt á bifreiðar í eitt skifti fyrir öll, ef vissa væri fyrir því, að hver bifreið entist vel og gæti farið ferðir daglega, eða að minsta kosti vikulega, án þess að bila. En, eins og kunnugt er, bila þessi farartæki afaroft. Smábilanir, svo sem að slanga springi, eru mjög algengar, og kostar þó hver slanga 40—50 kr. — Mótorarnir bila æði oft, og jafnvel bifreiðarnar sjálfar.

Sem dæmi má taka það, að Þingvallasveitarmenn keyptu sjer bifreið í vor, komu henni upp að Geithálsi; þar bilaði hún og hefir legið þar síðan.

Auk þessa legst allmikill daglegur kostnaður á bifreiðaferðir. Sannorður maður sagði mjer, að bifreið eyddi á leiðinni frá Reykjavík til Garðsauka 60—70 pottum af bensíni, og kostar bensínpotturinn nú 1 kr. Þar við bætast laun bifreiðarstjóra, sem vitanlega er dýr maður nú á tímum. Enn fremur eru vextir af höfuðstól þeim, sem bifreiðin er keypt fyrir, og loks verður að gera einhverja upphæð fyrir sliti, þótt ekki sje tekið tillit til slíks stórtaps, sem orðið getur, ef bifreiðin eyðilegst gersamlega. Jeg held því, að menn geri yfirleitt ráð fyrir, að bifreiðarnar beri sig betur en þær gera.

Hv. frsm. (G. Ó.) var að finna að því, að jeg miðaði ferðakostnað eða ferðaerfiðleika á hestbökum við Rangárvallasýslu og Reykjavík. Því er að svara á þá leið, að jeg álít hverjum hentast að miða við það, sem hann er kunnugastur, og af þeirri ástæðu miðaði jeg við þá staði, en ekki Hornstrandir eða Langanes.

Þá vildi hv. frsm. (G. Ó.) mótmæla, að erfitt væri að koma með hesta til Reykjavíkur, og áleit það ekki erfiðara en að koma með hesta til annara kaupstaða. Í þessu tilfelli verð jeg að líta svo á, að hv. frsm. (G. Ó.) hafi mælt af þekkingarleysi. Það er ekki svo lítill munur á, hversu langt „næstu bæir“ eru frá kaupstöðunum, sem koma þarf hestunum fyrir til beitar á, meðan við er staðið. Næstu bæir við Blönduós eða Hvammstanga eru sennilega ekki langt í burtu, en næstu bæir við Reykjavík eru í Mosfellssveit, og er talsverð vegalengd að koma hestum þangað til geymslu, enda munu bændur þar yfirleitt tregir til að taka við þeim. Geta menn sjeð í hendi sjer, að talsverð töf sje að því fyrir ferðamann, sem ætlar að standa hjer við 2—3 daga, að þurfa að flytja og sækja hesta sína upp í Mosfellssveit.

En hv. frsm. (G. Ó.) gekk algerlega fram hjá því atriði, er jeg mintist á, hver annmarki er á því, að innheimta þennan skatt eftir 2. gr. Því eftir henni á skatturinn að falla niður, sje bifreiðin „ónýt“. — Hver á að dæma um, hvort bifreiðin sje ónýt? Á eigandi bifreiðarinnar að gera það, eða innheimtumaður skattsins? Ef til vill á að skipa sjerstaka dómnefnd til þess, og vantar þá ákvæði um hana í frv. (M. T.: Nýtt embætti).

Þá var það rjett, sem hv. þm. Ísaf. (M. T.) tók fram, að eftir því, sem 1. gr. frv. er orðuð, falla vöruflutningabifreiðar sennilega undir hana, því þær eru jafnframt mannflutningabifreiðar, og mun það þó ekki hafa verið tilætlunin.

Frv. hefir ekki breyst svo til bóta við till. háttv. fjárhagsnefndar, að jeg geti fylgt því; þó mun jeg til vara greiða atkv. með brtt. hennar, af því

að frv. er þó hóti nær lagi með þeirri breytingu en án hennar.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Ólafsson): Það eru að eins nokkur atriði, sem jeg gleymdi að svara, er jeg tók til máls í seinna sinn í þessu máli.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) hafði það eftir bændahöfðingjum austur í sýslum, að þeir sæju sjer ekki fært að ráðast í að kaupa bifreiðar til aðdrátta, og skal jeg ekki rengja þann frjettaburð hans.

Þá mintist bæði hann og hv. 1. þm. Rang. (E. P.) á það, að 1. gr. frv. væri svo orðuð, að vöruflutningabifreiðar myndu falla undir hana, þar sem þær væru jafnframt mannflutningabifreiðar. Þetta hygg jeg að sje ekki rjett. — Mannflutningabifreiðar eru þær bifreiðar einar, sem eingöngu eða aðallega eru notaðar til mannflutninga. Vöruflutningabifreiðar verða ekki frekar taldar mannflutningabifreiðar, þótt sæti það, er ætlað er bifreiðarstjóra, sje svo stórt, að annar maður geti setið við hlið hans, en uppskipunarbátar geta talist mannflutningabátar, þótt maður geti setið við hlið ráðrarmannanna á þóftunum.

Ræða hv. 1. þm. Rang. (E. P.) gekk aðallega í þá átt að lýsa, hve afskaplega kostnaðarsamt flutningstæki bifreiðarnar væru, og þótt hann hefði ekki nefnt nema helming af þeim tölum, er hann nefndi, virðist mjer, sem flutningstæki þessi ættu helst ekki að sjást og best væri að útrýma þeim tafarlaust sökum þess, hve dýr flutningur er með þeim.

Hv. 2. þm. G.-K. (K. D.) mintist á, að nefndin hefði haft mál þetta til meðferðar annaðhvort of stutt eða of lengi. Kvað hann jafnvel afstöðu deildarinnar hafa verið þannig við 1. umr., að sýnilegt hefði verið, að því hefði verið vísað til nefndarinnar í þeim tilgangi einum, að það væri svæft þar.

Jeg álít, að þetta sje ekki rjett. — Af þeim, sem tóku til máls við 1. umr., voru að eins tveir eða þrir menn mótfallnir frv., og þótt þessi hv. deild sje ekki mannfleiri en hún er, eru 2 eða 3 menn þó ekki meiri hl. hennar. — Nefndin taldi það skyldu sína að athuga jafnt þetta mál sem önnur, sem til hennar er vísað, og koma fram með það álit um þau, sem hún telur heppilegast.

Þá mintist sami hv. þm. (K. D.) á „ofsóknir" í sambandi við þetta frv. Ef skattur sá, sem fjárhagsnefnd hefir lagt til að lagður verði á bifreiðar, er hæfilegur — og það er hann að áliti hennar — er ekki fremur ástæða til að nefna þennan skatt „ofsókn" en allar aðrar skattaálögur. Annars hefði þessi hv. þm. (K. D.) ekki átt að minnast á, að mál þetta vekti hneyksli í deildinni, því að lakari dæmi mun mega benda á í því efni, ef hv. þm. óskar þess.

Það hefir verið fundið að 2. gr. frv., að hún sje óskýr, og hefi jeg ekki haft tíma til að athuga, meðan á umr. hefir staðið, hvort það hefir við rök að styðjast, og sama er að segja um hinn hv. samnefndarmann minn, sem er sömu skoðunar og jeg um frv. þetta. — Vil jeg því, fyrir hönd meiri hl. fjárhagsnefndar, mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá að þessu sinni.

Umr. frestað.

Á 53. fundi í Ed., miðvikudaginn 10. sept., var fram haldið 2. umr. um frv. (189, n. 659).

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Ólafsson): Þetta frv. var tekið hjer síðast út af dagskrá, eftir tilmælum fjárhagsnefndar, og var það gert vegna þess, að orðalag 2. gr. þótti óskýrt.

Meiri hl. hefir síðan athugað orðalag greinarinnar og finst, að það þurfi ekki að valda neinum misskilningi, og það lítur út fyrir, að hv. þm. sjeu oss samdóma um það, því þeir hafa ekki borið fram neina brtt. Jeg vænti því, að frv. verði samþ.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg hefi ekki miklu við að bæta það, er jeg tók fram við fyrri hluta þessarar umr.

Það var slegið hjer fram staðhæfingum um tekjur bifreiðanna, og það gerði það að verkum, að hv. þm. Snæf. (H. St.) snerist í málinu, og þykir mjer það merkilegt, að hann skyldi snúast við slíkar Gróusögur. Jeg hefi síðan aflað sjer upplýsinga um þetta atriði og veit, að þær eru ábyggilegar.

Jeg geri ráð fyrir, að þessar 20,000 kr. árstekjur, sem þá var talað um, sjeu brúttótekjur, en það nær ekki nokkurri átt að miða við þær. Það er alveg sama, hvort brúttótekjur eru 100 þús. eða 20 þús. Það er mest um vert, hver útgjöldin eru, og ef útgjöldin eru yfir 100 þús., þá nægja 100 þús. brúttótekjur ekki fyrir útgjöldum. Það mun víst, að 20 þús. kr. tekjur hefir enginn haft; ef til vill hefir einn maður komist nærri því, en þegar litið er á, að hann þarf laun, og þau má ekki ætla minni en 4 þús. kr. á ári, þá kemur þar strax frádráttur, og svo eru skemdir altaf miklar, auk þess sem sumar bifreiðar verða alónýtar eftir fá ár. Vegirnir eru slæmir, og þær skemmast mjög á þeim og þurfa mikla og nákvæma hirðingu.

Einn maður hjer mun eiga fimm bifreiðar, og stýrir hann sjálfur einni þeirra, og hann telur, að um veturinn sje ekki hægt að láta þær ganga, svo hagnaður sje að. Af þessum fimm bifreiðum mun hann hafa haft eina í gangi síðasta vetur, og gerir hann það ekki fyrir hagnaðar sakir, heldur vegna viðskiftamanna sinna; þykir hart að neita þeim alfarið þá um bifreiðar, og græðir það á þeim að sumrinu. Og það er víst, að þeir, sem hafa verið óheppnir, hafa beðið skaða á þeim.

Jeg kom nýlega til Magnúsar Blöndahls stórkaupmanns; hann á flutningabifreið og „privat"-bifreið. Hann hefir haft bifreiðarstjóra, er hefir keypt sjer bifreið og sagt upp starfi sínu; varð hann því að fá sjer annan í hans stað, en sá var svo hygginn að krefjast þess, að bifreiðin væri öll tekin í sundur, og þegar það var gert, kom í ljós, að hún var stórkostlega eyðilögð, af því að hún hafði eigi verið smurð nógu oft og vel. Koparstykki, er kostar um 300 kr., var etið í sundur, og Blöndahl sagði mjer, að bein útgjöld við aðgerðina mundu verða um 1000 kr. Bifreið þessi var nýleg og átti að fara að sækja hey austur í Arnarbælisforir; nú liggur heyið þar og verður að bíða viðgerðarinnar eða annara farartækja. Allir sjá skaðann af því, að láta það rigna þar niður.

Það mun satt vera, að bifreiðarnar fái eins slæm áföll og mótorbátarnir, og skelli þá, er þeir fá, þekkja allir, — auk óbeina skaðans.

Jeg hefi og átt tal um þetta við mann, sem áður var bifreiðarstjóri, en selur nú alt, er að þeim lýtur, og hann tjáði mjer, að meira en helmingur allra bifreiðaeigenda mundi ekkert græða á þeim. Þetta veit hann vel, því að hann

útvegar þeim oft stykki þau, er bila. Þessar upplýsingar tel jeg sannar og rjettar, og miklu betra fyrir hv. þm. að byggja á þeim en sögusögnum þeim, er hv. þm. Snæf. (H. St.) var að flytja hjer.

Jeg vona, að þeir hv. þm., sem hafa verið á móti frv., eða hafa gefið það í skyn, verði það áfram, því frv. er síst aðgengilegra en það var áður.

Halldór Steinsson: Það er misskilningur, að um nokkurn snúning hafi verið að ræða hjá mjer. Jeg tók það fram í byrjun, að jeg væri í vafa um, hvort skattur þessi væri hæfilega hátt settur, en eftir upplýsingum þeim, er jeg fjekk, get jeg fallist á skattinn, þegar hann er lækkaður, eins og brtt. gerir.

Jeg gat þess, að eftir þessum upplýsingum hefðu bifreiðaeigendur um 20 þús. kr. brúttó-árstekjur, eða nettó 12—14 þús. kr. á ári, og þegar á það er litið, er þessi skattur alls ekki ósanngjarn.

Hv. 4. landsk. þm. (G. G.) vildi tala um Gróusögur í þessu sambandi, en ræða hans, sem var óþarflega löng, var miklu fremur krydduð slíkum sögum.

Besta sönnunin fyrir því, að ekki er tap á bifreiðunum, er það, hversu mikið flyst hingað af þeim. Það þarf í rauninni ekki frekar vitnanna við um það.

Frsm. minni hl. (Magnús Torfason): Það mun vera sannast, að menn kunna ekki enn að nota þessar vjelar eða fara með þær, fremur en mótorvjelarnar fyrst er þær komu. Það mun því vera rjettast fyrir löggjafarvaldið að hrapa ekki að því að skattleggja þær, fyr en menn kunna að fara með þær.

Guðjón Guðlaugsson: Sögusögn hv. þm. Snæf. (H. St.) um 20 þús. kr. brúttótekjurnar mun væntanlega eiga við þann mann, er hefir fimm bifreiðar í förum, og er það ekki mikið, þótt hann hafi að meðaltali rúmar 3000 kr. af hverri bifreið, svo það ber þá að sama brunni með upplýsingar þessa hv. þm. (H. St.) og það, sem jeg sagði; ágóðinn er ekki mikill.

Annars ætti helst að fara um þetta eftir því, hvern tekjuskatt mennirnir hafa gefið upp eða skattanefnd áætlað á þá; hún mun fremur áætla of vel en of lágt. Það væri þó einhver sæmilegur grundvöllur að byggja á, en jeg er sannfærður um, að það mundi styðja mitt mál.

ATKVGR.

Brtt. 659. samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, **feld** með 8 : 6 atkv.

---

10. Vatnsorkusjerleyfi.

Á 63. fundi í Nd., laugardaginn 13. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um vatnsorkusjerleyfi (A. 793).

Á 64. fundi í Nd., mánudaginn 15. sept., var frv. tekið til 1. umr. (A. 793, n. 792).

Frsm. meiri hl. (Gísli Sveinsson): Forsaga þessa máls er svo kunn, að jeg þarf ekki að fara um hana mörgum orðum. Tilefnið til þess, að nefndin var skipuð, var í fyrsta lagi starf

milliþinganefndar í fossamálinu, og af því verki kom nokkur hluti fyrir Alþingi. Þau mál voru ekki fram borin af stjórninni, heldur einstökum mönnum. Stjórnin hefir ekki sjáanlega tekið afstöðu til þessara mála Málin voru lögð fyrir þessa deild að eins, og var jafnframt sjálfsagt, að hún skipaði nefnd til þess að undirbúa þau. Ed. hefir líka orðið samferða um að taka þátt í undirbúningi málsins, og eins og nál. greinir frá, varð það fljótt að ráði, að nefndir beggja deilda ynnu saman. Nefndirnar urðu sammála í flestum höfuðatriðum, eins og nál. ber með sjer, en skiftust hins vegar í nokkrum einstökum atriðum.

Verk milliþinganefndar var allmikið að vöxtum, og það var þegar af þeirri ástæðu mikið starf að athuga þessi mál. Nefndinni var því ljóst, að engin tök voru á að afgreiða málin öll í lagaformi, eins og þau komu frá milliþinganefndinni. Var spurning um, hvað tiltækilegt og nauðsynlegt væri að bera fram til samþ. Eins og sjá má á nál., varð það samkomulag nefndanna, að ekki mundi hlýða að afgreiða neitt af málunum í frv.formi, nema sjerleyfislagafrv, eða frv. til laga um vatnsorkusjerleyfi.

En jafnframt þótti nefndinni, eða meiri hl. hennar, sýnt, að það þyrfti að vera grein fyrir því, sem valdið hefði ágreiningi í milliþinganefndinni, og búast má við, að landsmenn vilji fá eitthvað að vita um. Þessi ágreiningur var, eins og kunnugt er, um eignarrjettinn. Frá mínu sjónarmiði er þetta fremur formlegt, fræðilegt atriði, heldur en „reelt“ eða efnislegt. Að vísu er það allmikið efnsatriði, þegar út í málin kemur. En af því að milliþinganefndin skiftist um þetta atriði, þótti nefndinni sjálfsagt, að einhver úrlausn kæmi frá þinginu. Meiri hl. nefndarinnar hallaðist að þeirri aðferð, sem hann áleit rjettasta, að löggjafarvaldið gerði ekki upp á milli nefndarhluta milliþinganefndar, þar sem hjer væri um fræðilegt og rjettarfarslegt atriði að ræða. Slíkt ætti að sæta meðferð dómsvaldsins, eins og öll önnur þess háttar deilumál.

Minni hl. hafði einmitt klofnað frá meiri hl. um þetta atriði. Og þó að menn hafi látið í veðri vaka, að fleiri einstök atriði hafi á milli borið, þá ber þó svo á að líta, að nefndin hafi ekki skifst um annað en þetta atriði, sem er líka mikils vert. Þessi skifting kemur fram í áliti minni hlutans.

Það, sem um er að ræða í þessu máli, er, eins og jeg drap á, hvort þingið eigi að leggja dóm á þetta eða ekki. Eða með öðrum orðum, hvort dómsvaldið eða þingið eigi að skera úr eignarrjettarþrætunni.

Auðvitað gæti þriðja aðferðin komið til greina, að engin gangskör skyldi gerð að því að útkljá málið, og jeg skal geta þess, að einn nefndarmanna, hv. 1. landsk. þm. (S. F.), lýsti yfir því, að hann væri ekki fylgjandi till. meiri hl., því að hann sæi ekki ástæðu til þess að útkljá málið að svo stöddu; þetta mætti vera laust og bundið fyrst um sinn, þangað til að það rækist á. Á þessa skoðun gat meiri hl. ekki fallist. Þetta er orðið þrætumál, og meiri hl. leit svo á, að nauðsyn bæri til að fá skorið úr því sem allra fyrst, að því er allan landslýð snerti.

Þegar um það er að ræða, hverjar niðurstöður geti orðið af þessu, er um tvent að velja. Fyrst og fremst, að ríkið eigi vatnsorkuna, eins og meiri hl. milliþinganefndar heldur fram, eða í

öðru lagi, að orkan sje einstaklingseign, eins og minni hl. nefndarinnar hefir haldið fram.

Þetta tvent getur komið til greina, og það verður að álíta, að niðurstaðan fjelli á annanhvorn veginn. En nefndin hefir ekki tekið afstöðu til þessa atriðis; ekki talið það vera sitt hlutverk að útkljá það. Til þess telur hún sig ekki vera færa; skortir til þess rannsókn á málavöxtum.

Í annan stað var meiri hl. þeirrar skoðunar, að málið verði ekki útkljáð svo af hálfu löggjafarvaldsins, að menn geti sætt sig við. Eins og kunnugt er, er að eins til einn aðili, sem menn verða að sætta sig við, og það er dómsvaldið. Úrskurði æðsta dómstólsins verða menn að hlíta. En alþingismenn mundu hvorki hafa hug eða löngun til að gera það að reglu, að Alþingi skæri úr slíkum málum, auk þess sem þeir hafa engin tök á að rannsaka atriði slík sem þessi. Það gæti leitt til ills eins, ef farið væri inn á þessa braut, og gæti gert mikinn skaða, því að þetta er hagsmuna-„pólitík“, sem gæti haft þau áhrif, sem við viljum útiloka. En þótt svo sje, að niðurstöðurnar verði aðallega tvær, eða annaðhvort af tvennu, að ríkið eigi vatnið eða einstaklingarnir, þá var um það rætt í nefndinni, að 3. möguleikinn kæmi til mála, sem sje sá, að bæði ríkið og einstaklingarnir ættu vatnsorkuna. — Vatnsorka er ekki annað en það afl, sem myndast af sjerstökum ástæðum, sem eru fyrir hendi þar sem er sjerstakt landslag og vatn, sem hvorttveggja orsakar fallvatn. — Vatnsorka í vatni út af fyrir sig á sjer ekki stað. Það er þetta tvent, sem gefur skilyrði fyrir orkunni, vatnið og landslagið.

Nú er málið svo vaxið fyrir þeim, sem um það deila, að þó vafi kunni að leika á um vatnið, þá er ekki vefengt, að landið tilheyri þó einstaklingum. Það var því ljóst fyrir nefndinni, að þannig skoðað kæmu báðir aðiljar til greina, hið almenna, sem á vatnið, og einstaklingarnir, sem eiga landið. Ef mætti orða þetta svo, að þessi þriðja niðurstaða kæmi til mála, þá er ekki sjeð, að málið hljóti endilega að falla á aðra hvora hina hliðina. Þessa er að eins getið hjer sem athugasemdar frá hálfu meiri hl. nefndarinnar. En eins og jeg gat um, vildi hún ekki fella neinn úrskurð um þetta. — Samkvæmt þessari stefnu nefndarinnar hefir nú verið útbýtt frv., og auk þess eru 2 þingsályktunartill., sem síðar koma. Önnur till. fjallar um að framfylgja því, sem öll nefndin var sammála um, rjett ríkisins á vatnsorku í almenningum og afrjettum. Hin till. fer fram á, að dómsvaldi verði falið að úrskurða það vafaatriði, sem meiri og minni hl. milliþinganefndar deilir á um.

Frv. það, sem hjer er á dagskrá, er borið fram af hv. samvinnunefnd, öllum nema einum hv. nefndarmanna, sem kaus að bera það ekki fram með nefndinni, enda þótt mjer sje ekki kunnugt um, að hverju leyti hann er ósammála frv. Jeg geri hins vegar ráð fyrir, að hv. þm. hljóti að vera samþykkur þessu frv. í öllum meginatriðunum, því það er að mestu tekið úr frv., sem hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sjálfur hefir komið fram með. En auk þess, að hann ljeði ekki frv. fylgi sitt, hafa tveir aðrir háttv. nefndarmenn komið fram með brtt. um eitt mikilvægt atriði.

Frv. þetta er, eins og greint er frá í

nál., einskonar uppsuða úr ákvæðum, sem lögð voru fyrir þingið, og komu frá hv. milliþinganefnd, og enn fremur nokkrum öðrum atriðum, sem nefndin hafði hliðsjón af. Frv. heldur sjer, að því er kemur til niðurskiftingar efnisins, að þeirri niðurstöðu, sem frv. hv. meiri hl. milliþinganefndar ber með sjer. Fyrirsögnin er sú sama, og kaflaskifting er líka með sama hætti. Þetta er gleggra yfirlits og greinilegra, að skifta frv. í kafla, heldur en að hver greinin reki aðra.

Efni frv. er sumpart frá hv. meiri hl. milliþinganefndar og sumpart frá hv. minni hl., og nokkuð annarsstaðar að. Ákvæði frv. fjalla um það, hverjir skuli fá notkunarrjett á vatnsaflinu í landinu og með hverjum hætti. Þar er gerð skifting á því vatnsafli, sem sjerleyfi þarf til að virkja, og því, sem ekki þarf sjerleyfi til. — Eins og hv. deildarmenn muna, hafði háttv. milliþinganefnd líka ætlað undir vafalaus umráð hlutaðeigandi landeiganda svo og svo mikið af vatnsorku, sem hann má virkja, án þess að sækja um leyfi til stjórnarinnar. Hjer er um allmikið vatnsafl að ræða; meiri hl. hafði áætlað 200 hestöfl, en minni hl. 500 hestöfl, sem landeigandi mætti notfæra. Þetta fanst samvinnunefnd helst til skamt farið, og leggur hún því til, að þessi frjálsi umráðarjettur nái til alt að 1000 hestafla. Það er að vísu mikið afl. En frá því sjónarmiði, að nokkur hætta gæti af þessu stafað, þá gat nefndin ekki sjeð, að það væri. — Um alt það vatnsafl, sem er þar fyrir ofan, gildir hið sama, að til að notfæra það þarf sjerleyfi, og á það að veitast af landsstjórninni. En sje um mikla orku að ræða, þá á þingið að koma til skjalanna. Fyrstu 1000 hestöfl eru undir yfirráðum hlutaðeigandi einstaklinga, en til að virkja þar yfir, alt að 10,000 hestöflum, þarf sjerleyfi, sem landsstjórnin veitir. — Fari orkan fram úr 10,000, alt að 50,000, hestöflum, verður að fá samþykki Alþingis til að virkja. Ef um enn meiri orku er að ræða en hjer greinir, þá þarf Alþingi að samþ. það tvisvar, og skulu fara fram kosningar milli þinga. — Þeir, sem um þetta fjalla, eru því stjórnin og Alþingi, og auk þess á stjórnin, samkvæmt till. nefndarinnar, að hafa vatnastjóra sjer að ráðunaut. — Þær undantekningar eru gerðar, að stjórninni er heimilt að samþ., að fallvötn sjeu virkjuð, ef hjeraðsstjórn gerir það, eða einstakir menn, í raforkuþarfir almennings, til ljósa, hitunar o. fl. — Þó eru sjerstök ákvæði, sem segja um, hvernig fara skuli, ef ríkið sjálft vill virkja. Þá er og því slegið föstu, að til þess að fá sjerleyfi þarf umsækjandi að hafa heimild til fallvatnsins. En það er látið ósagt, hvaðan þessi heimild skuli komin. Ef ríkið ætti eignarrjettinn, þá ætti það að sjálfsögðu að veita heimildina, annars einstaklingar, ef þeir ættu. Með öðrum orðum, þeir, sem um leyfi sækja, verða að hafa fengið notarrjett hjá eigendum.

Þá er loks gerður nokkur greinarmunur á útlendum og innlendum mönnum. Þó skal þess getið, að þessi munur er mest formlegs eðlis, því aðalreglurnar gilda jafnt um hvorttveggja, ef vilja fá sjerleyfi.

Jeg býst ekki við, að farið verði neitt út í einstök atriði málsins nú við 1. umræðu. Ef ætti að ræða málið meira af hálfu nefndarinnar, yrði ekki hjá því komist að fara inn á einstakar

greinar. Það sje jeg mjer ekki fært að gera. Að eins hefi jeg getið þess, sem nefndin öll gat fallist á, hver með sínum hætti. Því þetta er í rauninni ekki annað en skýrsla um það, sem nefndin vann í málinu. Svo er og þess að geta, að nefndin ætlar sjer að taka frv. til athugunar undir gangi þess hjer í hv. deild. Og væri þá helst, ef hún vildi koma fram með brtt. til 2. umr., annaðhvort öll saman, eða einstakir nefndarmenn.

Sigurður Sigurðsson: Jeg skal vera stuttorður. Enda virðist svo, sem þetta mál, vatnsorkumálið, hafi heldur lítinn áhuga hjá hv. þm.

Jeg ætla mjer ekki að fara út í einstakar greinar frv. En jeg vil segja það, að rauði þráðurinn í frv. er sá, að mjer virðist, að gera sem torveldast einstökum mönnum og fjelögum að útvega sjerleyfi til vatnsorkunytja. Þetta sá jeg strax, enda þótt jeg samþ., að frv. skyldi borið fram hjer í hv. deild. Það er vitanlegt, að nauðsyn ber til að tryggja sem best rjett ríkisins og þjóðarinnar gagnvart leyfishöfum. En þetta getur farið svo langt, að engum detti í hug að leita sjerleyfis til hagnýtingar á vatnsorku. Og ákvæði þessa frv. eru mjög á takmörkum í þessu efni. Í mínum augum er ekki nema um tvent að gera. Annaðhvort er að gera sjerleyfislög svo úr garði, að vænta megi, að einhverjum detti í hug að nota sjerleyfisheimildirnar, eða þá hitt, að banna alla notkun vatnsorku til stóriðju hjer á landi. Og þess er ekki að dyljast, að það lítur út fyrir, að sumir hv. þm. mundu helst kjósa það. — Nú er það mín skoðun, að ekki beri að setja þvert bann við því, að notkun vatnsorku til stóriðju geti átt sjer stað. En jeg vil, eins og margir aðrir, fara mjög hóflega í öllum greinum og ekki veita nema takmarkað leyfi. Að mínu áliti kemur ekki til mála að veita sjerleyfi nema til að virkja að eins eina orkustöð í senn. En af því að jeg er þeirrar skoðunar, að ekki sje rjett að útiloka alla frá möguleikum til að fá sjerleyfi, þá mun jeg, eins og jeg boðaði, koma fram með nokkrar brtt. við þetta frv., sem miða í þá átt, að liðka til um leyfi til vatnsorkunytja. Jeg skal engu spá um það, hvort þær fái byr hjer í hv. deild. En hins vegar ættu þær að geta orðið til þess, að menn athugi nánar málið, og hversu langt eigi að ganga, að því er snertir sjerleyfi. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara nánar út í málið við þessa 1. umr.

Frsm. minni hl. (Sveinn Ólafsson): Jeg gat ekki orðið samferða nefndinni um að flytja þetta frv. á þgskj. 793. Til þess liggja ýmsar orsakir, en þó er einkum tvent, sem veldur. Fyrst er það, að jeg er þeirrar skoðunar, eins og hv. 1. þm. Árn. (S. S.) tók fram fyrir sitt leyti, að það sje mikil tvísýna, að slík lög um sjerleyfi, sem hjer á að setja, verði notuð. Jeg tel mikla tvísýnu á því, að nokkur vilji ganga að þeim sjerleyfisskilyrðum, sem sett eru með frv. Þó eru það ekki gjaldakvaðirnar sjálfar, þó harðar sjeu, sem mjer virðist að muni aftra, heldur er það hin stranga og nákvæma, jafnvel smásmuglega, eftirlit, sem sjerleyfishafinn yrði háður. Hitt, sem veldur því, að jeg gat ekki fylgst með nefndinni, er það, að frv. er litlaust. Það er litlaust að því leyti, að ekki verður vitað af því, hverjir geti fengið sjerleyfi, og heldur ekki, hver á að fá að hagnýta vatnsorkuna án sjerleyfis, þegar um smávirkjun ræðir. —

Það er að vísu talað um, að leyfisumsækjandi verði að hafa fengið heimildir á vatninu, en það sjest ekki, hverskonar heimildir, og er þetta óbrúklegur tvískinnungur í orðbúningi frv.

Reyndar hefir hv. frsm. (G. Sv.) lýst því yfir, að þessar heimildir verði að skoða eins og eignarrjett eða leigurjett; en því þá ekki að nota þau orð, sem ákveðna og nauðsynlega skýringu gefa?

Í sjerleyfislagafrv. á þgskj. 123 eru landeiganda áskilin tiltekin orkunot án sjerleyfis, og líkt — þótt loðnara sje — var ákvæði meiri hl. fossanefndar; en hjer er landeigandi ekki nefndur, fremur en honum kæmi ekki við virkjun á landi hans.

Um fyrra atriðið, að enginn muni sjá sjer fært að sækja um leyfi eftir lögunum, vegna kvaða þeirra, er þau liggja á, get jeg að vísu sagt það, að mjer væri slíkt ekki óskapfelt. Jeg hefi enga tröllatrú á stóriðju hjer á landi og vil ekki opna fyrir henni allar gáttir. Mætti jeg ráða, mundi jeg vilja halda henni utan vjebanda þessa lands nokkra áratugi enn. Jeg hygg, að sú iðja gæti skapast hjer jafnhliða þeim atvinnugreinum, er vjer stundum, sem holl er og samrýmanleg þjóðarhögum vorum.

En úr því að áhugi fólksins fyrir vatnaiðju er svo mikill, að hana á að leyfa, þá er einsætt, að setja verður þau sjerleyfislög, sem viðlit er að nota; ella er lagasetningin hjegómi. Sjerleyfisskilyrðin verða að vera ítarleg um það, sem verulegt er, en ekki, eins og hjer, aðallega um form. Skorður þarf að reisa við of stórum og mörgum virkjunum, og yfirleitt að hafa hliðið þröngt að þessum fyrirtækjum, sem leyfð eru útlendingum.

Þetta gæti nægt sem greinargerð frá minni hálfu fyrir þessu frv., af því að ekki má fara út í einstakar greinar. Jeg hefi margt að athuga við einstaka liði þess.

Það mætti má ske segja, að jeg hefði átt að fylgja nefndinni að málum, en koma heldur fram með brtt. við það, sem jeg teldi athugavert. En þar er því til að svara, að frv.byggingin öll er svo fjarlæg því, sem jeg tel eiga að vera, að því þyrfti að umsteypa öllu til þess að jeg gæti við unað, og nú er enginn tími eða tækifæri til slíkra gerbreytinga á þeim fáu dögum, sem eftir eru til þinglausna.

Það var ýmislegt af því, sem háttv. frsm. (G. Sv.) sagði, sem jeg finn ástæðu til að svara, en ætla ekki að þessu sinni að eiga mikið við.

Hv. frsm. (G. Sv.) fór vel með efnið, synti kænlega milli skers og báru, og verð jeg því að segja, að það er ekki vandalaust. (B. J.: Hver er sú bára og það sker?). Hann kom að þessum ágreiningi í milliþinganefndinni, sem olli því, að hún klofnaði, og líklega verður til þess, að ekkert gengur fram á þessu þingi af fossamálunum, sem þó var ætlast til að yrði, af þinginu 1917. Því að þótt margir líti svo á, og hafi enda sagt það fullum fetum, að ágreiningurinn hafi verið lítilfjörlegt atriði, formsatriði, sem nefndin klofnaði á, algerlega formfræðilegt eða „teoretiskt“ atriði, og enga „praktiska“ þýðingu haft, þá er það nú vonandi orðið þorra þingdeildarmanna ljóst, að ekkert verður að liði gert í þessu máli fyr en ákvörðun er tekin um eignarrjettarspurninguna. Einmitt þessi fáránlega kenning um, að ríkið ætti vatnið á löndum einstakra manna, hefir aftrað allri lagasetningu um þessi

efni; ella væri nú alt í höfn komið, eða þá vel á veg.

Um þetta deiluatriði vill háttv. frsm. leita til dómstólanna og telur það líklegustu og eðlilegustu úrlausnina. Jeg verð að segja, að ef hjer væri deilt um rjett tveggja einstaklinga, yrði auðvitað þangað leitað. Jeg neita heldur ekki, að það geti átt við, er í hlut á einstaklingur annars vegar, en þjóðfjelagið hins vegar. En þegar svo stendur á, sem hjer, að annars vegar standa allir jarðeigendur landsins, en hins vegar ríkið, þá þarf eigi dómstóla að spyrja. Allir vita, hvernig þessu hefir verið háttað að fornu og nýju. Allir vita, að vatnið er hluti fasteignarinnar, að þær hafa gengið mann frá manni með gögnum og gæðum,og að hver á allan beinan og óbeinan rjett til afnota og umráða þess vatns, sem á landi hans er, nema löglega sje frá komið.

Segja má að vísu, að þetta snerti fremur till. þá, sem nefndin ber fram um Sogið, en hv. frsm. (G. Sv.) gerði sjer alltíðrætt um þetta efni í sambandi við sjerleyfislagafrv. þetta og dómstólaúrskurðinn, sem jeg tel bábylju eina, þar eð engin rjettaróvissa er til um eignarumráð vatnsins á einstakra manna löndum, nema hjá fjölvitringum meiri hl. fossanefndar og nokkrum eftirhermum þeirra.

Eignarrjettarspurningin er í sjálfu sjer mjög einföld og óbrotin, en úr því glundroði hefir verið gerður í málinu, með vefenging rjettarins, þá verður ekkert „effektivt“ gert að lagasetningu um notkun vatns fyr en þingið hefir fengið einurð til að hrista af sjer álög þessarar nýju kenningar um ríkiseign á vatni.

Það er rjett, að öll nefndin komst að þeirri niðurstöðu fyrst og fremst, að ekki væri tími til að koma vatnalögunum fram í þetta skifti, og enn fremur, að þótt það væri ekki hægt, væri þó nauðsyn að koma fram sjerleyfislögum nú. Jeg lít líka svo á, að sjerleyfislög þurfi að setja, vegna þess, að ýmsir þeir, er komist hafa yfir vatnsrjettindi hjer á landi, eru nú farnir að hreyfa sig til að nota vötnin. Og engin lög eru nú til í landinu, er segi fyrir um íhlutunarrjett ríkisins með athöfnum þessara manna. Tilgangur sjerleyfislaganna á, að minni skoðun, að vera sá, að kveða á um það, hvernig ríkið beitir drottinvaldi sínu gagnvart eigendum og notendum fallvatna í landinu, sjerstaklega þegar þeir ætla að virkja þeim stórvirkjum, sem leitt geta til verulegra breytinga á atvinnuháttum og því haft alvarlegar afleiðingar fyrir þjóðfjelagið.

Jeg held því, eins og meiri hl. háttv. nefndar, að nauðsynlegt og heppilegt sje, að sjerleyfislög komist á, en þau verða þá að vera svo úr garði gerð, að viðlit sje að nota vötnin, en jafnframt að veita örugga vörn gegn of miklu innstreymi af útlendu fje og fólki.

Frsm. meiri hl. (Gísli Sveinsson): Orð þeirra hv. þm., sem talað hafa, og að nokkru leyti skipa minni hl. samvinnunefndarinnar, hafa ekki gefið mjer tilefni til að tala langt mál. En út af orðum hv. 1. þm. Árn. (S. S.), þar sem hann talaði um, að frá sínu sjónarmiði væri með þessu frv. of langt gengið, og þau ákvæði sett, sem gera myndu mönnum ef til vill ómögulegt að virkja vötn, eða fá sjer leyfi til virkjunar í stóriðjutilgangi, skal jeg geta þess, að meiri hl. lítur ekki svona á frv. í heild. Hitt getur verið álitamál, hvernig einstakar greinar eigi að vera,

og hve mikið tillit þar eigi að taka á báða bóga. En það er full meining meiri hl., að sjerleyfislög þau, er hjer verða samþ., skuli svo úr garði gerð og þannig samþ., að full meining sje í þeim, svo að hægt sje að veita sjerleyfi. En að eins hefir hún viljað setja ákvæði til fullrar tryggingar og allrar gátar á veitingu sjerleyfa og framkvæmd virkjunar.

En til skýringar því, að nefndin er sannfærð um, að þessi sjerleyfislöggjöf geti ekki hamlað virkjun vatna, ef full alvara er með, vil jeg benda á, að nefndin leyfði stjórn fossafjelagsins „Titan" umræður og athugasemdir um málið á fundum sínum tveimur, bæði fyrst í Nd.-nefndinni og síðan í samvinnunefndinni. Og að lokum var henni veittur kostur á að koma með athugasemdir um sjerleyfislagafrv., er fyrir lágu, frá sínu sjónarmiði. Til þeirra athugasemda tók undirnefndin, sem samdi frv. það, er nú liggur fyrir, fult tillit, og ætti það að bera þess vott að nokkru leyti, að hjer sje ekki of langt farið. Jeg segi „fult tillit", en það er auðvitað með þeirri skýringu og í þeim skilningi, að inn á allar athugasemdir „Titan"-stjórnarinnar var alls ekki gengið, en svo mikið, sem framast mátti gerlegt teljast.

Það er einmitt þetta, sem snertir líka þau ummæli hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), er hann taldi, að það væri frá sínu sjónarmiði það smámunalega eftirlit með iðjurekstri, sem frv. gerði ráð fyrir, og að stjórnarráðið skyldi hafa vald á rekstrinum og sjerleyfum til virkjunar, en ekki strangleiki ákvæðanna, sem gerði það að verkum, að ekki yrði virkjað.

Stjórn fossafjelagsins „Titan" hafði að eins það eitt við þetta eftirlit að athuga, að meiri hl. milliþinganefndarinnar gerði ráð fyrir, að það væri ekki í höndum landsstjórnarinnar, er væri ábyrg allra ráðstafana, heldur í höndum svo nefndrar vatnastjórnar, sem hún, stjórn „Titan", áleit að myndi verða ábyrgðarlaus og óþarfur milliliður. Þetta tók samvinnunefndin þegar til greina og burtskóf úr frv. sínu það, sem gerði ráð fyrir þessari vatnastjórn í landinu, og samþ. að fela landsstjórninni eftirlitið. Það var þetta, sem „Titan" benti á. En til ráðuneytis stjórninni setti hún eigi að síður mann, sem hún hefir í frv. sínu nefnt vatnastjóra. Má bera hann saman við vegamálastjóra, fræðslumálastjóra eða aðra ráðunauta stjórnarinnar í einstökum greinum. — Þarf ekki síður ráðunaut í þessum málum, því að þau eru sjerlega fjarskyld þeim greinum, er landsstjórnin hefir með höndum daglega. Þarf því vafalaust sjerþekkingu til að skipa þessum málum svo, að vel sje. Hygg jeg því, að frá sjónarmiði háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sje, hvað eftirlitið snertir, burtu rýmt ástæðunni til að vera á móti brtt. nefndarinnar við frv. Hitt er mikið rjett, að eitthvað er að athuga við einstök atriði, og eðlilegt, að hann vilji koma með brtt. (**B. St.**: Það vildu fleiri). Það vildu fleiri. Er engin þörf að tönnlast á því hjer, sem skýrt er frá í nál. (**Sv. Ó.**: Það er gert ráð fyrir því í frv., að stjórnin megi ekki veita sjerleyfi, nema vatnastjóri mæli með því). Já, nefndin vill ekki, að stjórnin veiti sjerleyfi, nema þessi ráðunautur hennar mæli með. En hitt er ekki útilokað, að neitað sje um sjerleyfi, þótt vatnastjóri mæli með. Hann hefir sjerfræðilegu

þekkinguna, og það hefir verið talið sjálfsagt og nauðsynlegt, að landsstjórn og þing sjeu ekki að ráðskast með það, sem þau hafa ekki vit á. Ef stjórnarvöldin eiga að veita sjerleyfi, verður sjerfræðingurinn að mæla með, en Alþingi getur auðvitað neitað, ef aðrar ástæður koma en sjerfræðilegar, eins og t. d. pólitískar. Þessi ráðunautur hefir að því leyti ekki meira vald en aðrir ráðunautar.

En það, sem gerði aðallega að verkum, að nefndinni þótti ekki tiltök að afnema eftirlitið, er sjerstakl. meiri hl. milliþinganefndarinnar hafði gert ráð fyrir, var, að í meiri hl. milliþinganefndar átti sæti verkfræðingur, sem verður að teljast hafa eitthvert sjerfræðilegt vit á þessu máli. Hygg jeg, að eftirlitsákvæðið sje frá honum runnið, og verði því að teljast nauðsynlegt. Við nefndarmenn álítum okkur ekki þá sjerfræðinga í verkfræðilegu eða rjettarlegu tilliti, að við vildum taka á oss að nema burtu sumt það úr till. milliþinganefndar, sem þar var talið sjálfsagt.

Að sjálfsögðu er það að sumu leyti álitamál, hve ríkt þetta eftirlit á að vera. En við þetta eftirlit fann stjórn fossafjelagsins „Titan“, sem fjekk að gera ítarlegar athugasemdir, og alveg einhliða, ekkert athugavert. En henni þótti algerlega óviðeigandi, að óábyrg vatnastjórn skyldi hafa það með höndum.

Annað aðalatriði, sem veldur því, að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) kveðst ekki geta fallist á frv., er, að það er alveg litlaust. Það er alveg satt, að það er með vilja haft litlaust í því efni, er ágreiningurinn var um í milliþinganefndinni. Það var auðvitað samkvæmt stefnu þeirri, er nefndin tók, að hún vildi ekki sjálf gera, og vildi ekki að Alþingi gerði, úrskurð um þrætuefnið. Þess vegna er í þessu frv. engin bending um það gefin, hver vatnið eigi, heldur um heimildir manna á vatninu. Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) gat þess, að ákvæðin væru óákveðin um þessar heimildir. Með þeim er ótvírætt átt við eignar-, umráða- eða leigurjettindi. Þar með er alls ekki sagt, hver eigi frá innsta grunni, heldur er innlendum mönnum veitt heimild til að virkja 1000 eðlishestorkur án sjerleyfis, veittur ótakmarkaður rjettur yfir þeim. Eru það þeir, er heimildir hafa til fallvatna, annaðhvort eiga, eða hafa fengið umráðarjett frá rjettum aðilja. Nefndin gerir ráð fyrir, að einhver eigi, en vill ekki segja, hver það sje. Nefndin vill að eins ekki gera upp, hverjum beri eignarrjetturinn, heldur slá því föstu, hverjir skuli hafa þetta ótakmarkaða leyfi til að nota 1000 hestorkur, og að þeir, sem vilja fá frekara leyfi, skuli sýna skilríkin. Ef þeir eiga, þá eru þar uppfylt skilyrðin. Og ef þeir eru leigjendur, geta þeir líka fengið leyfi o. s. frv. Hygg jeg því, að þetta reynist ekki um of óákveðið í framkvæmd.

Í þriðja lagi taldi hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), sem rjett var, að skammur tími væri liðinn síðan undirnefndin skilaði af sjer plöggum. Til þess liggja þau rök, að verkið var mikið og tafsamt, og mikið annað að starfa í þinginu hjá flestum nefndarmanna. Annað er það, að till. undirnefndarinnar voru lengi í prentsmiðjunni, áður en þær væru útbúnar í hendur samvinnunefndar. Það er því talsvert langur tími frá því, að undirnefnd lauk störfum sínum, og til þess, er málið kemur á dagskrá í deildinni.

Að svo vöxnu máli sje jeg ekki, fremur en aðrir háttv. deildarmenn, ástæðu til að orðlengja.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., fimtudaginn 18. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 793, n. 792 og 821, 843, 861).

Frsm. meiri hl. (Gísli Sveinsson): Við 1. umr. fór jeg nokkrum orðum um höfuðstefnu þessa máls. Jeg gat þess þá, að frv. þetta er að vissu leyti upp risið úr frv. þeim, sem lögð voru fyrir þetta þing í öndverðu af bæði meiri og minni hl. milliþinganefndar í fossamálinu. En að nokkru leyti er hjer tekið tillit til þess annars, sem komið hefir fram í málinu.

Um einstök atriði frv. er þess fyrst að geta, að 2. gr. þess er orðin til með tilliti til þess, sem nefndinni kom saman um að vera ætti, sem sje það, að hún innihjeldi alls ekki neinn úrskurð þingsins um það, hvernig það liti á þrætu þá, sem upp kom í fossanefndinni og varð til þess að kljúfa hana. Og það er því síður ástæða til að kveða upp þann úrskurð hjer, þar sem hjer er ekki um að ræða neina almenna vatnalöggjöf, heldur að eins sjerstakan lagabálk um notkun vatnsorku og sjerleyfi til hennar, og skilyrðin til að fá það og hafa.

Höfuðgrein frv. er 2. gr., og er hún svo úr garði gerð, að í henni er ákvæði það, að sjereyfi þurfi til þess að virkja öll fallvötn landsins, sem hafa fram yfir 1000 hestorkur. Þar með er það sagt, að fossar eða vötn, sem ekki ná því að hafa 1000 hestorkur, sjeu frjálsar til virkjunar, og sömuleiðis eru í stærri fallvötnum 1000 hestorkur frjálsar til afnota.

Hvernig svo sem kann að verða litið á eignarrjettinn, vill nefndin, að þetta verði gefið frjálst. En auðvitað er það gert að skilyrði fyrir þessari notkun, sem annari, að þeir menn, sem hana hafa með höndum, hafi heimild til þess. Sú, sem sjerleyfi fær, verður einnig að hafa heimild til þeirra fallvatna, sem hann ætlar að virkja. En þessar heimildir geta ekki verið aðrar en þær, að hann hafi eignarrjett, eða leigurjett, eða þá notkunarrjett frá þeim, sem aðalrjettinn hefir til þeirra vatna, sem hann ætlar að virkja. Þeir, sem telja sig hafa eignarrjettinn, hafa þessa heimild óskoraða. En á þessari takmörkun, sem sett er í 2. gr. á frjálsri virkjun, er þar gerð sú undantekning, að landsstjórnin getur veitt samþykki til, að hjeraðsstjórnir og aðrir virki fallvötn án sjerleyfis, þótt um meiri orkunot sje að ræða en 1000 hestorkur, ef það er að eins til að fullnægja raforkuþörf almennings.

Þar með er fyrst og fremst átt við það, sem með þarf til ljósa, hitunar og eldunar. En auk þess gæti auðvitað ýmislegt fleira talist til þarfa almennings. En með þessu er alls ekki átt við stóriðju eða neitt því um líkt. Loks er ákvæði um það, að ef ríkið ætlar að virkja fallvötn, þarf sjerstök ákvæði Alþingis um það. Þar með lýkur 2. gr., sem er um leið 2. kafli frv.

Þá kemur 3. kafli, og er hann miklu lengstur. Hefir hann inni að halda skilyrðin, sem sett skulu fyrir því, að hægt sje að fá sjerleyfi, auk ýmissa annara atriða. Þau skilyrði eru að mestu leyti samhljóða því, sem kom

frá bæði meiri og minni hl. milliþinganefndar. Fyrst er 3 gr., um veitingu sjerleyfis til handa innlendum mönnum. En í 1. gr. frv. er það skýrgreint, hverjir teljast innlendir menn eða útlendir í frv. þessu. En þótt skilið sje svo milli innlendra manna og útlendra, þá gilda að mestu leyti sömu reglur um hvorttveggja; en það þótti greinilegra að hafa þá aðskilda, eins og gert er hjá meiri hl. fossanefndarinnar, enda er hjer að mestu fylgt niðurskipun þeirri, sem þar er, og kemur það af því, að í meiri hl. var verkfræðingur, sem auðvitað hafði mesta sjerþekking á hinni „tæknisku“ hlið málsins. Þótti samvinnunefndinni rjett að taka það tillit til till. hans, að láta niðurskipun þessa haldast. Sama er að segja um ýmislegt, sem til þarf til þess að fá sjerleyfi, og upp er talið hjer síðar, að samvinnunefndinni þótti rjett að raska sem minstu frá því, sem er í frv. meiri hl., þegar um er að ræða „tæknisku“ hlið málsins.

Það má nú vera, að sumum þyki óþarflega nákvæmlega upp talið sumt í frv., og að eins hefði mátt hafa það í reglugerð, ef sett yrði nokkur. En þótt svo væri, að tína mætti eitthvað úr frv., þá yrði það tæplega svo margt, að því tæki að setja um það sjerstaka reglugerð. Það getur heldur ekki talist neinn skaði skeður, þótt lögin sjeu nákvæmari en sumum finst þörf við fyrsta álit, áður en nokkuð hefir til þeirra kasta komið. Hjer er, hvort sem er, verið að leggja inn á nýjar brautir og ef til vill hættulegar, og allir eru sammála um það, að varlega verði að fara og öllu nákvæmlega niður að skipa. Það er því ekki nema rjett, að aðallögin innihaldi allar reglur, sem settar verða.

Í 4. gr. eru talin upp skilyrðin, sem fyrir því eru sett, að hægt sje að öðlast sjerleyfi, og í lok greinarinnar er það ákvæði, að sá, er veita á sjerleyfið, verði að sanna heimild sína til vatnsorku þeirrar, sem hann vill hagnýta.

Þá er 5. gr., og er hún nýtt ákvæði frá því, sem lagt er til af milliþinganefndinni. Þar er svo ákveðið, að skipa skuli vatnastjóra, er sje ráðunautur landsstjórnar í öllum vatna- og raforkumálum, samkvæmt þeim reglum, sem um starf hans verða síðar settar. Þótti nefndinni full nauðsyn á, að landsstjórn eða Alþingi hefði sjer við hlið mann með sjerþekkingu á þessum málum, mann, sem hefði þar að auki meira en tillögurjett. — Greinin ákveður því það, að svo og svo mikið tillit skuli taka til till. þessa manns. Það er sem sje ekki hægt að gera ráð fyrir því, að stjórnin hafi sjerþekkingu í þessum málum, fremur en öðrum, sem hún hefir ráðunauta í, er gera till. um málin, hver á sínu sviði, og búa þau í hendur stjórnar og þings. Og nú má það vera öllum vitanlegt, að þetta svið, sem hjer er farið inn á, er svo vandasamt, að full þörf er á að hafa sjerstakan mann til að gera till. um þessi mál og leiðbeina stjórninni. En eins og sjá má af bráðabirgðaákvæði frv., þá ætlast nefndin ekki til, að sjerstakur embættismaður verði skipaður í þessa stöðu að svo stöddu, heldur verði starf þetta falið öðrum embættismanni, sem er vegamálastjórinn, sem gera má ráð fyrir að sje málinu kunnugur; að minsta kosti er það vitanlegt um þann mann, sem nú þjónar því embætti. En þetta telur nefndin svo mikilvægt starf, að hún leggur til, að í það verði skipað af konungi.

Þá er þess getið í 6. gr., að sjerleyfið má ekki veita öðrum, ef hjeraðs-

stjórn þess hjeraðs, sem fallvatnið er í, getur tekið að sjer virkjun þess, og ætlar að gera það í almenningsþarfir.

Skal landsstjórnin senda fyrirspurn til hjeraðsstjórnar, sem hlut á að máli, um það, og ef það er almenn ósk, að fallvatnið verði tekið til virkjunar í almenningsþarfir, þá gengur hjeraðið fyrir.

Þá er 8. gr. frv., og er hún í samræmi við ákvæði minni hl. milliþinganefndarinnar að því leyti, að landsstjórnin er ekki alls kostar einráð um sjerleyfisveitingar, þegar um mikið er að ræða. Það ákvæði var hjá minni hl., eins og hjer er sett í frv., að leita skuli samþ. Alþingis, ef um mikil orkunot er að ræða. Þau ákvæði hafði meiri hl. milliþinganefndarinnar líka, ef útlendingar ættu hlut að máli. En nefndin hjer sá ekki ástæðu til að gera hjer upp á milli. Hjer er því að eins miðað við hestorkufjölda.

Ákvæðið er þannig, að ef um meiri orkuvinslu en 10 þús. hestorkur er að ræða, skal leita til þess samþykkis Alþingis, en fari orkuvinslan fram úr 50 þús. hestorkum, verður Alþingi að samþykkja leyfið tvisvar, þó þannig, að ekki þurfi að rjúfa þing, heldur skal bíða fram yfir næstu reglulegar kosningar.

Þá skal að því víkja, sem fyr var frá horfið. Þær greinar, sem næst koma, eru 9. og 10. gr.

Þær eru sama eðlis og sumar, sem á undan eru komnar, að því leyti, að þær tiltaka einstök atriði, sem greina skal í sjerleyfinu, eða setja skal sem skilyrði fyrir því.

Um 11. gr. skal jeg geta þess, að nefndinni þótti rjett, að greiða skuli sjerleyfishafa hæfilega borgun fyrir afnot á samgöngutækjum, er hann ljeti gera. Milliþinganefndin hefir ekki sett neitt ákvæði um þetta, og er það því nýtt hjer í frv., en undantekning er gerð um vegi og brýr. En hjer getur orðið um annað að ræða, t. d. járnbrautir, og þykir þá ekki rjett, að almenningur noti þær án endurgjalds. En gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá, sem stjórnarráðið samþ.

Sömuleiðis þótti rjett að ákveða, eins og minni hl. gerir, að nauðsynlegar ráðstafanir skuli gerðar til að tryggja sveitarfjelögin gegn því, að verkalýður sjerleyfishafa falli þeim til þyngsla.

Þá er 12. gr., sem er eitt af höfuðatriðum frv. Hún fjallar um það, hve langur sjerleyfistíminn skuli vera. Hefir nefndin þar haldið sjer við þau ákvæði, sem meiri hl. hefir sett, að sjerleyfistíminn megi ekki fara fram úr 55 árum. En þetta er atriði, sem menn greinir mjög á um, enda er það eitt af mikilvægustu atriðum málsins. En alstaðar og altaf er það talið sjálfsagt að fara sem varlegast í því efni, hve langan tíma skuli veita sjerleyfið.

Minni hluti milliþinganefndarinnar ákvað þennan tíma nokkru lengri, og þótti meiri hl. samvinnunefndar þar of langt gengið.

Frá þeim ákvæðum, sem meiri hluti milliþinganefndar hefir sett um árgjaldið, hefir samvinnunefndin gert talsverða tilslökun. Árgjöld þessi voru tiltekin svo og svo mikil í frv. meiri hl., en ekkert ákveðið um það, hvert þau skyldu renna. Samvinnunefndin taldi rjett að ákveða, að þau skyldu öll renna í ríkissjóð. En þar er minni hluti milliþinganefndarinnar á annari skoðun. Hann vill, að hlutaðeigandi hjeruð fái nokkurn hluta þeirra. En meiri hluti samvinnunefndar hyggur það muni gera hjeruðin of bundin, of „interesser-

uð“ fyrir því, að virkjun komist á. Þar með er ekki átt við þá orkunýtingu, sem nauðsynleg er til almenningsþarfa, heldur hitt, að því meiri sem virkjunin væri, því meiri fjárvon gæti hjeraðið haft af henni. Meiri hluti nefndarinnar vill því alls ekki espa eða gefa undir fót þeirri fýsn hjeraðanna, að virkjun verði komið á í stórum stíl. Hann vill því ekki veita hjeruðunum neina von um gjald með sjerleyfislögum þessum. En gjald það, sem hjer er ákveðið, er miðað við hagnýta hestorkutölu. Vill nefndin, að því gjaldi, sem ákveðið er í fyrstu, megi ekki breyta í 25 fyrstu árin, og má það ekki fara fram úr ákveðnum hluta af hverri hagnýtri hestorku. Nefndin vill ekki heldur, að talið sje frá þeim tíma, sem sjerleyfið er fengið, heldur frá því, að virkjunin er fullgerð. Samkvæmt því, sem síðar kemur í frv., er sjerleyfishafa veittur 7 ára frestur frá því hann fær sjerleyfið, til þess að fullgera virkjunina. Auk þess getur hann jafnvel fengið til þess lengri tíma, ef nauðsyn ber til.

Svo er lagt til, eins og 14. gr. sýnir, að svo fari um árgjöldin til hins opinbera, að þeim fylgi lögtaksrjettur. Enn fremur vill nefndin ákveða, að til tryggingar þessu gjaldi standi eignir sjerleyfishafa að veði. Einnig þykir nefndinni rjett, að brot sjeu ekki ákveðin einhliða af landsstjórninni, heldur komi það undir dómstólana.

Næstu gr. frv. skýra sig að mestu leyti sjálfar við lestur, og eru varúðar- og tryggingarreglur.

Um 17. gr. skal jeg geta þess, að nefndin vildi ekki fallast á það, sem frv. milliþinganefndar gerði ráð fyrir, að það geti varðað sjerleyfisslitum, án dóms og rannsóknar, þótt áætlanir sjerleyfishafa reynist ekki fullnægjandi. Nefndin leggur þá til, að málinu sje vísað til sjerleyfisdóms. Þessi sjerleyfisdómur er ákveðinn með 31. gr. og skal settur til þess, að hægt sje að dæma mál, sem út af sjerleyfum kunna að rísa, fljótt og vel. Dóminn skipa fimm menn, og á hæstirjettur að tilnefna þá, og formaður dómsins á að vera einn dómarinn úr hæstarjetti. Svo er í þessum kafla sjerstaklega ein gr., sem verður að minnast á. Það er 27. gr.

Hún er um það, hvernig sjerleyfishafi geti komið hlutabrjefum sínum í verð. Þau verða að bera nafn eiganda, og geta þau ekki orðið eign annara eða verið veðsett öðrum en ríkinu eða þeim, sem sjerleyfi má veita samkv. 3. gr. og 38. gr., svo og Landsbanka Íslands. Þó getur landsstjórnin veitt leyfi til að veðsetja þau öðrum bönkum eða fjelögum á Íslandi. Meiri hl. milliþinganefndar vildi, að þessi rjettindi hefðu þeir einir, sem sjerleyfi hefðu samkv. 3. gr., en hún fjallar um þá, sem innlendir eru og sjerleyfi má veita. En samvinnunefndin vill gera öllum jafnt undir höfði, og láta 27. gr. gilda jafnt um þá, sem talað er um í 3. gr. og 38. gr. Þau höft, sem greinin felur í sjer, eru alveg samhljóða þeim höftum, sem sett eru í norsku sjerleyfislögunum.

Í þessum kafla eru undirskiftingar á ýmsan hátt, eins og sjá má af frv., t. d. hvernig fara eigi að, ef sjerleyfisskilyrðunum á að fá breytt, um framsal, um sjerleyfisdóm, um sjerleyfisbrot og sjerleyfisriftingu. Í 30. gr., sem fjallar um framsal, er í síðasta liðnum tekið fram, að ef fallvatn, orkuver eða orkuveita fellur til ríkisins samkv. 36. gr., eða eru leyst inn af ríkinu, afmáist öll veðbönd, er á fyrirtækinu hvíla. Það þótti tryggilegra, að

landið gæti ekki tekið að sjer að greiða áfram það, sem á fyrirtækinu kynni að hvíla.

Í þættinum um sjerleyfisslit er sjerstaklega fram tekið, að ef ekki næst samkomulag, skuli stjórnin mega leysa inn orkuverið, ef Alþingi samþ. Nefndinni þótti sjálfsagt að binda það við samþ. Alþingis, en milliþinganefndin hafði ekki gert ráð fyrir því.

Um þessi sjerleyfisslit greinir að öðru leyti eins og segir í 35. gr., og er tiltekið þar, að sjerleyfishafi verði að láta af hendi endurgjaldslaust þau rjettindi, er sjerleyfið heimilaði honum, en fyrir öll önnur rjettindi hans skuli koma bætur.

Í niðurlagi 36. gr., sem öll hljóðar um það, að orkuver og orkuveita geti fallið undir ríkið, er það tekið fram, að afhendingar þurfi ekki að krefjast til ríkisins, þegar innlent hjerað á orkuverið, eða þegar það er eign innlendra manna, og orkunotin fara ekki fram úr 2500 hestorkum. Þá má framlengja leyfið, þegar svo er.

Í sömu grein er ákveðið, að ríkið fái fallvatnið, orkuver og orkuveitu í sínar hendur að sjerleyfistímanum liðnum, og skal alt falla endurgjaldslaust undir það. En þó er ákveðið, að virki, sem landið hugsar sjer að nota til veitu, skuli bæta eftir mati, ef samkomulag næst ekki. Landið greiðir m. ö. o. að eins bætur fyrir það, sem það þarf á að halda. Minni hl. milliþinganefndar hafði farið hjer strangari leið og vildi, að alt fjelli endurgjaldslaust til ríkisins. En þetta fanst samvinnunefnd of hart. En svo má líka geta þess, að þetta stendur að nokkru leyti í sambandi við sjerleyfislengdina. Minni hl. vildi hafa hana 65 ár, en samvinnunefnd hefir haldið sjer við 55 ár, og í sambandi við þennan tiltölulega stutta tíma þótti nefndinni hart að láta alla virkjun falla endurgjaldslaust í hendur landsstjórnarinnar.

37. gr. fjallar um, hvernig að skuli fara um umsókn á nýju sjerleyfi, og hvernig landsstjórn skuli snúast við þeim umsóknum.

Jeg hefi hjer ekki farið nándar nærri inn á öll atriði þessa kafla, enda yrði það alt of langt mál. Sum ákvæðin eru sjálfsögð öryggisákvæði og þurfa ekki mikillar skýringar við. Er þá svo langt komið máli mínu, að jeg er kominn að 4. kafla frv.

Sá kafli fjallar um sjerleyfi til handa útlendum mönnum. Hann er mjög stuttur, og er í 38. gr. vísað til þeirra fyrirmæla, sem í 3. kafla getur. Þau sjerstöku skilyrði eru sett hjer, að útlendir menn verði að vera hjer búsettir, eigi þeir að geta öðlast sjerleyfi, og auk þess er landsstjórninni heimilt að setja fleiri skilyrði, sem almenningsheill krefur. Og að sjálfsögðu er Alþingi það þá líka heimilt. Í 2. lið 38. gr. er fram tekið, að sama gildi um hlutafjelög og önnur fjelög og stofnanir, sem ekki heyra undir 3. gr.

Jeg hefi áður getið um, að þessi ákvæði í lok frv., sem sett eru um stundarsakir, eru viðauki frá nefndinni og settur til þess, að ekki yrði farið, áður en í nokkuð er ráðist, að skipa sjerstakan mann fyrir vatnastjóra. Ákvæðið um stundarsakir leggur nefnilega til, að fyrst um sinn, þangað til önnur ráðstöfun verði gerð, gegni „vegamálastjóri landsins störfum þeim, sem í lögum þessum eru falin vatnastjóra“. Að sjálfsögðu verður þetta að fást með samkomulagi við vegamálastjóra, og verður hann að fá sjerstaka greiðslu fyrir þessi störf, sem kynnu að verða.

Nefndin sá því ekki heldur neina ástæðu til að gera ráð fyrir, að þetta samkomulag yrði ekki fengið.

Þá skal jeg minnast nokkrum orðum á brtt. þær, sem fram hafa komið við frv. Brtt. á þgskj. 843 eru frá hv. 1. þm. Árn. (S. S.). Sú fyrsta er um, að í stað meðmæla vatnastjóra þurfi að eins álit hans. Meiri hl. nefndarinnar fanst þetta ekki fullnægjandi. Hann vill, að það sje beint ákveðið í lögunum, að sjerleyfi megi ekki veita, nema ráðunautur landsins mæli með því, en þar fyrir er ekki sagt, að landsstjórn skuli veita leyfið, þótt meðmæli vatnastjóra fylgi. Því þó að landsstjórn mundi oftast fara eftir þeim, þá býst jeg við, ef Alþingi t. d. tæki málið í sínar hendur, að þá mundi það vilja hafa einræði. Annars voru víst nálega jafnmörg atkv. með og móti till., og meðal þeirra, sem á móti voru, var hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Sömuleiðis er meiri hl. samvinnunefndar á móti þeirri brtt., að ekki þurfi kosningar að fara fram á milli þess, að Alþingi veiti sjerleyfi til orkuvinslu, sem nemi meiru en 50000 hestorkum. Meiri hl. álítur mjög misráðið, ef þessi breyting verður gerð á frv., og þar á meðal er hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.).

Meiri hl. nefndarinnar er enn fremur á móti lengingu sjerleyfistímans úr 55 í 65 ár. Sama er að segja um 9. brtt., við 27. gr., um það, hvernig fara eigi um hlutabrjefin. Meiri hl. nefndarinnar er eindregið á móti þeirri breytingu.

Ýmsar aðrar brtt. eru á þessu þgskj., sem nefndin hefir ekki tekið sjerstaka afstöðu til. Brtt. á þgskj. 861 álítur nefndin yfirleitt ekki til bóta, enda eru þær fæstar stórvægilegar.

Frá hálfu nefndarinnar hefi jeg svo ekki meira að segja, en vil að eins bæta því við um frv. yfirleitt, að þótt það setji mörg höft á menn, sem virkja vilja hjer á landi, þá eru þau ekki meiri en mörg önnur, sem sett eru á ýms fyrirtæki önnur og framkvæmdir.

Nefndin leitaðist við að vinna sem mest í samráði við þá menn, sem hjer eiga hagsmuna að gæta, og taka tillit til þess, sem þeir lögðu til, eftir því sem hún sá sjer fært, ríkinu og þjóðinni að skaðlausu. Hún tók til greina till. frá fossafjelaginu „Titan“ og hafði til hliðsjónar, þó að hún sæi sjer ekki fært að fara eftir þeim í öllum greinum. Það eru að vísu nokkur ákvæði, sem fjelagið gat þó ekki sætt sig við, en þó aðallega tvö. Það var sem sje, að sjerleyfistímabilið væri of stutt, og að lögð væru höft á sölu hlutabrjefa. En sökum þess, að nefndinni þótti sjerleyfistímabilið nógu langt, og hitt ákvæðið er í samræmi við samskonar ákvæði í norsku fossalöggjöfinni, vildi nefndin ekki hafa það öðruvísi.

Sigurður Sigurðsson: Jeg boðaði brtt. við frv. samvinnunefndar á þgskj. 793, við 1. umr. þessa máls. Þessar brtt. eru nú komnar, og eru þær á þgskj. 843. Jeg vil nú leyfa mjer að fara nokkrum orðum um helstu breytingarnar, en skal þó reyna að takmarka mig.

Fyrsta brtt., við 5. gr., er um þennan fyrirhugaða vatnastjóra. Við ákvæðin um hann eru samtals 7 af brtt., og þegar jeg tala um þessa brtt., tala jeg í raun og veru um þær allar.

Það er fyrst um þennan vatnastjóra að segja, að jeg tel hann ekki vera nauðsynlegan. Samt hefi jeg ekki viljað strika hann út úr frv. Um leið og jeg tel hann óþarfan, þá þykir mjer að sjálfsögðu honum vera gefið alt

of mikið vald. Hann verður í raun og veru einvaldur. Að vísu sagði háttv. frsm. (G. Sv.), að stjórnin væri ekki skyldug til að fara eftir hans meðmælum. En jeg þykist vita, að stjórnin muni í flestum kringumstæðum ekki neita leyfisbeiðni, sem hann mælir eindregið með. En nú gæti hugsast, að hann legðist á móti, að leyfi væri veitt. Ætli stjórnin skirrist þá ekki við að veita leyfið? Ef vatnastjórinn væri á móti allri stóriðju, sem rekin væri með vatnsafli, mundi hann leggjast á móti, að öll slík leyfi væru veitt. Hann mundi þess vegna geta komið í veg fyrir, að nokkur vatnsvirkjun væri rekin hjer á landi.

Jeg hefi viljað draga úr valdi þessa manns. Jeg vil, að hann sje að eins ráðunautur, sem stjórnin leitar álits hjá. Þetta er í stuttu máli þær breytingar, sem jeg hefi viljað gera á valdi vatnastjórans.

Þá er næsta höfuðbreyting við 8. gr. Hún fer í þá átt, að fella síðustu setninguna aftan af greininni. Í síðari málsgrein þessarar greinar er svo ákveðið, að ef sjerleyfi sje veitt á orku, sem fer upp að 50000 eðlishestorkum, skuli það ekki veitt, nema Alþingi samþ. það tvisvar, fyrir og eftir nýjar kosningar, án þess þó, að þing sje rofið. Þetta ákvæði vil jeg fella burtu. Jeg tel nóg, að þingið samþ. þetta tvisvar, án þess að fram fari nýjar kosningar. Hitt gæti valdið óþægilegum töfum fyrir umsækjanda. Ef hann sækti um leyfið á 1. þingi eftir nýjar kosningar, yrði hann að bíða 4 ár, eða lengur, ef ekki yrði þingrof á þeim tíma. Auk þess tel jeg ekki viðfeldið að setja slíka umsókn í samband við kosningar, því að þær mundu þá snúast um þetta atriði. En það tel jeg ekki vera heppilegt. Enda á það að vera nægileg trygging, að leyfið sje samþ. tvisvar af Alþingi. Tel jeg ástæðulaust að fara lengra í því efni. Ef þm. eru leiðitamir í þessum málum, eins og þeim er stundum brugðið um, þá má gera ráð fyrir, að það eigi sjer ekki síður stað, ef sterk „agitation“ væri hafin um sjerleyfi til notkunar vatnsorku.

Þá er sú breyting við 12. gr., að sjerleyfistíminn lengist úr 55 árum upp í 65 ár. Þetta er sama tímabilið og ákveðið var í frv. minni hl. milliþinganefndar í fossamálinu. Í till., sem stjórn „Titans“ sendi samvinnunefnd, var óskað, að tímatakmarkið væri 75 ár. — 65 ár eru því meðalvegur. Í þessu sambandi skal jeg geta þess, að í frv., sem flutt var í Ed. 1917, um leyfi handa fossafjelaginu „Ísland“ til þess að nota Sogsfossana, var tímatakmarkið 99 ár. Jeg held því, að með 65 árum sje mjög hóflega í sakirnar farið. Jeg geri líka ráð fyrir, að flestum, sem um slíka starfsemi hugsa, mundi þykja hún lítt aðgengileg, ef sjerleyfistíminn væri styttri.

Um smábreytinguna við 13. gr. skal jeg ekki fjölyrða, enda legg jeg ekki mikið kapp á hana.

Þá er næsta höfuðbrtt. við 27. gr. Í 1. málsgr. þessarar greinar er getið um það, hverjum heimilt sje að veðsetja hlutabrjef og önnur skírteini fjelags, sem fengið hefir eða á að fá sjerleyfi til vatnsvirkjunar, og er svo fyrirmælt, að þau megi ekki veðsetja öðrum en ríkinu eða Landsbanka Íslands. En landsstjórninni er þó heimilað að veita leyfi til að veðsetja þau öðrum bönkum eða fjelögum á Íslandi. Brtt. mín fer í þá átt, að stjórninni sje heimilt að veita leyfi til að veðsetja brjefin öðrum, án tillits til þess, hvort þeir

eru Íslendingar eða útlendingar. Höfuðatriðið er eftir sem áður það, að hlutabrjefin skuli veðsett ríkinu eða Landsbanka Íslands. Hitt er að eins undanþága, ef ríkar ástæður mæla með. Hv. frsm. (G. Sv.) gat þess, að samskonar ákvæði væri líkt í vatnalögunum norsku. Þetta má vel vera. En jeg vil benda á það, að þar er óliku saman að jafna. Þó að Norðmenn sjeu ekki stór þjóð, þá er þar þó meiri markaður fyrir hlutabrjef í miljónafyrirtæki heldur en hjer á landi. Jeg hygg, að þetta ákvæði geti orðið þess valdandi, að engum dytti í hug að sækja um sjerleyfi til vatnsvirkjunar. Sumir munu nú reyndar álíta, að það væri ekki illa farið. En þeir, sem trúa á nytsemi vatnsorkunnar, óska ekki, að til slíks verði stofnað.

Um 12. liðinn í brtt. mínum getur enginn verulegur skoðanamunur orðið. Hann miðar að eins að því, að gera ákvæðið skýrara, sem sje, að fyrir „hverja hestorku“ komi: „hverja hagnýta hestorku“ o. s. frv.

Brtt. við 35. gr. eru að sumu leyti orðabreytingar, og að öðru leyti smáefnisbreytingar, sem engu máli skifta.

Hið sama má segja um brtt. við 37. gr. Hún gerir ráð fyrir, að síðasta málsgrein þessarar greinar falli burt.

Þá er síðasta brtt., við 39. gr. Þessi gr. gerir ráð fyrir, að fossalögin frá 22. nóv. 1907 sjeu numin úr gildi með ákvæðum þessara laga, og svo önnur ákvæði, sem brjóta kynnu í bága við lög þessi. Þetta tel jeg fráleitt. Jeg ætlast til, að 2. kafli laganna frá 22. nóv. 1907 fái að standa óhaggaður eftir sem áður. Hann ræðir um eignarrjett á vatnsorku og bætur fyrir vatnstöku.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar. En jeg skal taka það fram, að frv. er að mörgu leyti ítarlegt og hefir inni að halda mörg öryggisákvæði gagnvart þeim, er leyfi kunna að fá til vatnsorkunytja, og er ekkert frekara um það að segja. En hins vegar eru ýmsar takmarkanir í frv., sem munu gera fremur ófýsilegt að stofna hjer til stóriðju, ef frv. verður samþ. óbreytt. Ef það er ætlunin að búa til sjerleyfislög, sem ekki eiga að útiloka menn eða fjelög frá fossiðju, verða þau að vera svo úr garði gerð, að einhverjir sjái sjer fært að sækja um sjerleyfi til slíkra hluta.

Loks skal jeg taka það fram, að jeg geri ekki ráð fyrir, að þetta frv., nje neitt annað samskonar frv., nái þeim búningi á þessu þingi, sem viðunanlegur sje. Tel jeg því óráðlegt að samþ. nokkurt slíkt frv. að þessu sinni. Það er skamt að bíða næsta þings, og þá ætti að vera hægt að ganga svo frá lögum um þetta efni, að við mætti una. — En það mundi verða þorra manna mikil vonbrigði, ef lög um þetta efni yrðu svo úr garði gerð að lokum, að þau útilokuðu menn frá að sækja um sjerleyfi til fossiðju. — Þá væri ver farið en heima setið.

Frsm. minni hl. (Sveinn Ólafsson): Jeg tók það fram við 1. umr. þessa máls, að jeg gæti eigi fylgt frv., eins og það kom frá samvinnunefnd. Og jeg get bætt því við, að jeg get ekki fylgt frv., þó að þær brtt. við það verði samþ., sem nú eru fram komnar, því að þær fela ekki í sjer þær umbætur, sem jeg tel vera nauðsynlegar.

Jeg tók það fram við 1. umr., að aðalástæða mín gegn frv. væri sú, að það hefði svo þröng sjerleyfisskilyrðin, að lögin yrðu ekki notuð. Í öðru lagi kvaðst jeg ekki geta fylgt frv. af því,

að það skæri ekki úr því, hverjir gætu fengið sjerleyfið, eða með öðrum orðum, að ekki væri skorið úr eignarrjettardeilunni. Því meðan ekki er skorið úr því, til hvers umsækjandi á að snúa sjer, er ekki hægt að segja, hvort hann fengi sjerleyfið. Nú er komið skýrt svar frá háttv. frsm. (G. Sv.) á óákveðnum orðum frv., þar sem hann sagði, að heimild á vatni ætti að tákna eignarrjett eða leigurjett eða einhvern þriðja rjett, sem jeg get ekki skilið hver er. En ef til vill mætti segja um heimild, að hún sje sama sem eignarrjettur eða leigurjettur. En hví má það ekki í lögunum standa? — Mjer finst öruggara, að það standi þar, en að tyrfa efni laganna í myrkum orðbúningi. Einhverjir kynnu nú að spyrja, hví jeg hefði ekki sett þetta í mitt sjerleyfislagafrv. Það var eiginlega vegna þess, að jeg gerði ráð fyrir, að vatnalögin, sem skæru úr þessu, gengju fyrst fram. Jeg tók það einnig fram við 1. umr., að í frv. væru ýms smærri atriði, sem gerðu mjer ófært að fylgja því. Jeg sje enga ástæðu til að telja öll þessi atriði fram að nýju. Jeg skal að eins drepa á nokkur.

Yfirleitt þykir mjer frv. vera of flókið og of tyrfnar og torskildar þær reglur, sem þar eru settar. Margt af þeim ætti heima í reglugerðum og sumt í vatnalögum. Sumt eru tvítekningar, eins og t. d. um sjerleyfisbrjefin, þar sem sama efnið er tvisvar sagt, fyrst í 10. gr. og síðan í 15. gr. Yfir höfuð er frv. svo torvelt til lestrar og eftirbreytni, framsetningin svo flókin og greinaskiftingin svo margbrotin, að erfitt er að átta sig á efninu. Þar að auki vantar greinargerð fyrir frv., en hún fylgdi þó frv. milliþingan., bæði meiri og minni hl. hlutans.

Einna lakasta ákvæðið í frv. er ákvæðið í 5. gr., um skipun vatnastjóra og það vald, sem honum er fengið í hendur. Jeg tel ekki að eins óviðurkvæmilegt að fá ábyrgðarlausum manni alt það vald í hendur, heldur óþarft að stofna slíkt embætti áður en nokkuð er farið að aðhafast. Það hefði vel mátt hlíta því bráðabirgðaákvæði, að vegamálastjóri eða einhver annar verkfróður maður hefði þetta starf á hendi fyrst um sinn.

Jeg hefi tekið það stuttlega fram áður, og auk þess mintist háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) á það, að það vald, sem vatnastjóranum er gefið, að geta komið í veg fyrir sjerhvert leyfi ef hann vill, það er gjörsamlega óbrúklegt.

Hvað snertir sjerleyfisskilyrðin, þá eru þau mikið til hin sömu og eru í mínu frv., á þgskj. 123. Að eins er hámark sjerleyfisgjaldsins lítið hærra en hjá mjer. En svo greinir þau á í öðru atriði, sem sje í því, að alt gjaldið skuli greitt í ríkissjóð, en ekkert til hjeraðssjóða. Það álít jeg að ekki megi vera svo, því þau hjeruð, sem stóriðja er rekin í, geta orðið fyrir allskonar skakkaföllum af hennar völdum. Og ekki er það minst um vert, að hætt er við, að vinnulýðurinn sópist burtu frá bændum í þeim hjeruðum, þar sem stóriðjan er rekin, og til hennar.

Þá er tímatakmörkunin í 12. gr., í sambandi við síðari ákvæði, sem fer mjög í aðra átt en jeg hafði hugsað mjer, og jeg verð því að telja óheppilega. Að miða tímann við 55 ára tímabil hygg jeg að sje of þröngt, með það fyrir augum að styðja stóriðnað. Ef aftur á móti á að útiloka stóriðju, þá gæti jeg felt mig við að færa tímatakmarkið niður í t. d. 50 ár eða 40.

Það skiftir einna mestu í þessu sam-

bandi, hvort gert er ráð fyrir endurhvarfi vatns og mannvirkja til ríkisins að loknum sjerleyfistíma. Hv. undirnefnd virðist ekki hafa gert sjer þetta atriði ljóst og því brenglað saman innlausnarrjetti ríkisins og endurhvarfsrjetti, og eru ákvæðin um þessa samblöndun bæði óskýr og mjög viðsjál. Endurhvarfsrjettinn má skoða eins og árgjald, sem lagt er á fyrirtækið, en eigi greitt fyr en við lok sjerleyfistímans, og verður árgjaldið vitanlega því lægra, sem tíminn er lengri. Eftir reikningi sjerfróðra manna um þetta samsvarar endurhvarf eftir 55 ár tæpum 5%, en eftir 65 ár liðugum 4% í árgjald allan tímann.

Nú er gert ráð fyrir því í 36. gr., að nokkur hluti falli til ríkis að loknum leyfistíma, en það er að eins vatnið, lóðirnar og rjetturinn til að nota vatnið. Aftur á ríkið að gjalda fyrir mannvirkin eftir mati, og eru þetta miklu betri kjör fyrir sjerleyfishafa en jeg hefi lagt til eða þekki annarsstaðar, en að sama skapi vond fyrir ríkið, nema ef svo á að skilja þau óljósu ákvæði greinarinnar, um að ríkið kaupi það, sem það hefir þörf fyrir eða ákvarðar að nota, að það geti smeygt sjer undan kaupum og látið sjerleyfishafa rífa virkin burtu eða selja þau fyrir smáræði, af því að það hafi þeirra ekki þörf. En slíkt væri ríkinu eigi vansalaust, að gefa sjerleyfishafa vonir, sem gætu að engu orðið fyrir tilstilli þess. Mjer virðast því þessi ákvæði 36. gr. , einkum í sambandi við 17. gr., mjög varhugaverð og vandasöm fyrir ríkið og jafnvel blekkileg. Ákvæðin um þetta efni verða að vera skýr og ótvíræð, því að þar um veltur á miklu. Ákvæðið, eins og jeg hefi lagt til að hafa það, eftir 17. lið 4. gr. í frv. á þgskj. 123, er hreint og fortakslaust og veldur eigi vafa. Gangi sjerleyfishafi að því, þá er síðari ágreiningi um afhendingu bægt frá.

36. gr. tekur fram, að þau virki, sem landsstjórnin telur nýtileg og ætlar að nota, skuli bætt sjerleyfishafa við sjerleyfisslit.

Í orðskýringum við frv. stendur, að virki þýði: Öll þau mannvirki og tæki, sem gerð eru, notuð eða höfð til taks, og tekur yfir orkuver, orkuvötn og iðjuver.

Þótt þessi orðskýring sje harðla tyrfin, þá virðist af henni mega ráða, í sambandi við 36. gr.,að alt þetta eigi ríkið að kaupa af sjerleyfishafa við sjerleyfisslit, eða — ef til að mynda slunginn vatnastjóri, einvaldur og ábyrgðarlaus leggur til — að reyna að „prakka“ sig frá kaupunum með því að segja, að ríkið hafi eigi virkjanna þörf.

Þá kem jeg að sjerleyfisdómnum. — Mjer þykir fullmikil viðhöfnin á þessari stofnun, og þekki jeg hjer ekkert sambærilegra en landsdóm. Virðist þó ekki meira um vert vangæslu sjerleyfisskilyrða en svo, að dómstólar landsins ættu að nægja, og er þetta sjerleyfisdómsbákn alveg óþarft tildur, eins þótt tekið sje eftir meiri hl. milliþinganefndar, eins og frsm. (G. Sv.) sagði.

Jeg skal þessu næst leyfa mjer að víkja að þeim brtt., sem fram eru komnar við frv., einkanlega þó brtt. háttv. 1. þm. Árn. (S. S.). Hann ljet þess getið í ræðulok, að hann áliti, að engin lög ættu að koma fram um þetta efni á þessu þingi, og það þótti mjer, sannast að segja, æði hörð orð úr þeim garði, því hann hefir lagt allmikla áherslu á, að sjerleyfislög væru sett sem nothæf

mættu teljast. — Um brtt. 843 skal jeg taka það fram, að jeg greiði þeim atkv. mitt öllum saman. Ekki þó af þeirri ástæðu, að jeg með þeim breytingum telji frv. frambærilegt, eða það fullnægi mjer; heldur er það af því, að þessar breytingar miða þó heldur til lagfæringar frá því sem er. Og ef svo slysalega skyldi takast til, að frv. yrði samþ., þá er það skárra en ekki, að breytingarinnar komist að.

Jeg skal taka það fram um síðustu brtt hv. 1. þm. Árn. (S. S.) á 843, við 39. gr., að jeg tel hana alveg sjálfsagða. Mjer kom það æði undarlega fyrir sjónir, að meiri hl. undirnefndar samvinnunefndar skyldi leggja til að fella úr gildi öll lögin nr. 55, 22. nóv. 1907, þar sem þó ekki eru tekin upp í þetta frv. nema fá af ákvæðum þeirra laga.

Um aðrar brtt., sem komnar eru fram frá hv. 2. þm. S.-M. (B. St.), hefi jeg ekkert að segja. Þó vil jeg geta þess, að 3. liður við 8. gr. byggist að mínu viti á mjög eðlilegri hugsun. Jeg get vel sett mig inn í, hvernig það er til orðið, og tel það engan veginn óaðgengilegt skilyrði. Hins vegar tel jeg breytinguna ekki nauðsynlega, því að þessu verður hvort sem er náð með frv., eins og það er. Því það er þegar gert ráð fyrir, að tvö þing skuli samþykkja, þegar búið er að veita leyfi sem nokkru nemur. Þá fer að verka þessi heimild tveggja þinga, með kosningum á milli.

Jeg vil svo ekki tefja tímann lengur, með því að taka upp alt það, sem jeg hefi að athuga við frv. Jeg vona, að hv. þm. sjái við rólegan lestur á því, að „ekki er alt gull, sem glóir“ í greinunum mörgu og margliðuðu.

Björn R. Stefánsson: Þó að frv. þetta sje borið fram af samvinnunefnd Nd., þá má segja, að það sje samið eingöngu af undirnefnd samvinnunefndarinnar. Við fengum að vísu handritið tveim dögum áður en frv. var borið fram. En þá stóð þannig á fyrir mjer, að jeg hafði ekki tíma til, vegna annara anna, að kynna mjer málið, eins og jeg hefði óskað. Enda get jeg látið það í ljós, að jeg er enn ekki viðbúinn að taka afstöðu til málsins yfirleitt. Þó skal jeg taka fram um 2. lið þingsályktunartill. á þgskj. 795, að jeg þurfti ekki að lesa hana nema einu sinni til þess að sjá, að jeg gat ekki fylgt honum. Líka vil jeg taka fram, að jeg er óráðinn um 3. lið þeirrar till., þótt jeg væri því fylgjandi, að bæði till. og frv. væri strax lagt fyrir hv. deild, til þess að aðrir þm. en nefndarmenn gætu farið að taka það alt til yfirvegunar. Tíminn var orðinn svo naumur, að ekki mundi af honum veita, með svo flókið mál. Jeg tel rjett að geta þess, að jeg er þeirrar skoðunar, að jeg álít ekki rjett að setja svo ströng sjerleyfisskilyrði, að engum detti í hug að nota lögin. — Mjer er nú þannig farið, að jeg er ekki eins hræddur og margir aðrir við það, að tunga og þjóðerni muni glatast, og að sjálfstæði þjóðarinnar sje hætta búin, þó að nokkur hundruð útlendingar flytji inn í landið. Annars skal jeg ekki fara langt út í þá sálma, nema tilefni gefist til þess.

Brtt. mínar eru á þgskj. 861. Í þeim felast leiðrjettingar á þeim verulegustu agnúum, sem jeg rak mig á í frv., eftir fljótlega yfirferð. Að vísu mun fleira vera athugavert við frv., en mjer gafst sem sagt ekki tími til að bera það saman lið fyrir lið alstaðar.

Fyrsta brtt. er ekki annað en orða-

breyting. Mjer sýnist, að í 6. lið 4. gr. frv. sje í rauninni svo margt heimtað, að það sje ástæðulaust að krefjast þess, að skýrslan sje endilega svo stutt. Að öðru leyti er þetta svo lítilvægt atriði, að það getur hvorugum verið kappsmál.

Þá er brtt. við 8. gr. Það er vitanlega talsverð efnisbreyting. En jeg skoða hana frekar til bóta en hitt. Jeg skil ákvæði 8. gr. á þann veg, að þingið geti veitt 10 sjerleyfi, eða svo mörg sem vera vill, fyrir að virkja alt að 50000 hestorkur, bara að hvert eitt sjerleyfi út af fyrir sig sje ekki stærra en þetta. En þá finst mjer ekki vera gætt þeirrar varúðar, sem felast á í síðari hluta greinarinnar, með því að bera undir þjóðina, hvort leyfi skuli veitt, sem fer fram úr 50000 hestorkum. Þegar búið er að veita sjerleyfi til orkuvinslu, sem samtals nema 120 þús. hestorkum, þá fyrst finst mjer ástæða til að setja viðeigandi hemil á. Jeg álít, að þá sje rjett að bíða nokkur ár, áður en lengra er farið. Í minni till. tel jeg felast miklu meiri gætni en í frv., sem leyfir ótakmarkaðar sjerleyfisveitingar, bara að ekki fari fram úr 50000 hestorkum.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) talaði hlýlega um brtt. mínar, en sagði þó, að hann teldi þeirra ekki við þurfa. En svo framarlega, sem sá skilningur minn er rjettur, að sama þingið geti veitt mörg sjerleyfi, sem að eins fara ekki fram úr 50 þús. hestorkum hvert, þá lít jeg svo á, að till. mín sje til bóta og feli í sjer mikla og sjálfsagða varúð umfram frv. sjálft.

Þá er 4. brtt., á þgskj. 861, við 12. lið 10. gr. Þar eru feld aftan af ákvæði þess liðs, að sjerleyfishafi skuli borga allan kostnað af eftirliti umboðsmanns stjórnarinnar. Jeg býst við, að þegar vatnastjóri verður skipaður, þá hafi hann þetta eftirlit með höndum. Hann verður skipaður af stjórninni, og jeg geri ráð fyrir, að meginkostnaðurinn af þessu eftirliti verði falinn í vinnu hans, sem þá borgast með launum hans. Nema ef um einhverja sjerstaka rannsókn er að ræða, sem hann þarf að framkvæma með meiri mannafla, en jeg tel samt eðlilegra, að ríkið borgi þetta, sem unnið verður í þess þágu að þessu eftirliti. Ef menn ekki vilja láta ríkið hafa þennan eða neinn annan kostnað af iðjunni, þá er ekkert annað en hafa sjerleyfisgjaldið þeim mun hærra fyrir það, að þessari kvöð er ljett af sjerleyfishafa.

Þá er 5. brtt., við 13. gr. Það er líka efnisbreyting. Þar fer jeg fram á, að svo verði ákveðið, að í staðinn fyrir sjerleyfisgjald það, sem um ræðir í 1.—6. lið, þá megi áskilja, að sjerleyfishafi skuli byggja járnbrautir á sinn kostnað, sem, eftir því sem síðar verður ákveðið, í sjerleyfinu, skuli falla til ríkisins til eignar og umráða. Jeg skal játa, að ekki er nægilega skýrt tekið fram um afhendingu þessara járnbrauta, svo og það, að þær sjeu nægilega tryggilega bygðar. Það álít jeg að verði að ákveðast nánar síðar með sjerstökum samningum, þegar þar að kemur. Það ætti að vera hægðarleikur að ganga svo frá því í sjerstakri reglugerð, að í lagi væri. — Ef jeg man rjett, þá mun vera alt að fjórðungur aldar síðan fyrst var farið að tala um járnbrautarlagningu hjer á Suðurlandi. Og held jeg, að aldrei hafi verið á móti því mælt, að slík braut mundi leiða af sjer ómetanlegan hagnað fyrir landið og þjóðina. En hitt hefir aftur staðið fyrir, að þetta væri svo dýrt,

að landi með jafnlitlar tekjur væri ofvaxið að ráðast í það. Síðan þessi vatnsorkuvinsla og stóriðjuhugmynd kom á dagskrá hefi jeg fyrir mitt leyti altaf sett hana í samband við járnbrautir. Með þessu sýnist mjer, að landið ætti að geta fengið meðöl til að fá þessi bráðnauðsynlegu samgöngutæki, án þess að reisa sjer hurðarás um öxl. Það er ekki áskilið, að sjerleyfisgjaldið skuli alt vera þarna í fólgið, en jeg verð að telja mikilsvert, að inn í frv. kæmist, að um það megi semja. Það er alls ekki sagt, að alt sjerleyfisgjaldið eigi að greiðast með járnbrautarlagningu. Það verður að fara eftir því, hve stór sjerleyfi verða veitt og til hvað langs tíma. Kemur það til álita, þegar meta á byggingar þeirra á móti sjerleyfisgjaldinu, er áskilið verður. Hvort sjerleyfisgjaldið er metið hæfilega að hámarki og lágmarki, er jeg ekki fær að dæma um. En það er svo sett, að við nánari rannsókn mun það sýna sig, að takmörkin sjeu hæfileg einhversstaðar þar á milli. En því lengri sem tíminn er, því hærra verður gjaldið. Út frá því er gengið sem sjálfsögðu. Jeg vil heldur ekki skera úr því, hvort ástæða er til að samþ. brtt. hv. 1. þm. Árn. (S. S.) um að lengja tímann. En þó hefi jeg hugsað mjer að greiða þeirri brtt. atkv. til. 3. umr., en með þeim fyrirvara, að við 3. umr. verði tekið upp það ákvæði úr frv. minni hl., að virkin öll skuli falla til landsins endurgjaldslaust að þeim tíma liðnum. Mjer finst liggja í hlutarins eðli, að mest sje við það unnið fyrir sjerleyfishafa að hafa tímann sem lengstan, og verði því að miða kvaðirnar á hendur leyfishafa við það. Munar þá mikið um hver 5 eða 10 ár, sem við er bætt.

6. brtt., við 21. gr., er aftur í samræmi við það, sem jeg mælti áður, um eftirlit landsstjórnarinnar, að jeg vil fella burtu, að það sje borgað af sjerleyfshafa.

Þá er 7. brtt., við 23. gr. Geri jeg þá brtt. ekki að neinu kappsmáli, en virðist þó fara fult eins vel á því, að setja saman 23. og 24. gr. Eru þær í brtt. settar saman og töluvert styttar, feldur burtu upptíningur og endurtekningar, sem virðist óþarfi. Þessum endurtekningum hefi jeg tekið eftir viðar, eins og t. d. í 1. lið 31. gr. og 27. gr., sem mjer finst hvorttveggja hljóða um það sama. Heyrði jeg, að hv. samþm. minn (Sv. Ó.) hefir einnig veitt þessu eftirtekt.

Þá á jeg ekki eftir nema 9. brtt., ákvæðið um stundarsakir. Mjer virðist satt að segja ýmislegt heldur benda til þess, að annaðhvort muni þetta frv. ekki ná fram að ganga, eða skilyrðin verði sett svo ströng, að lítil von sje til, að orkuvinsla verði hafin hjer á landi fyrst um sinn. Þess vegna vil jeg breyta ákvæðinu fyrst um sinn til tryggingar því, að ekki verði farið að skipa þennan hálaunaða embættismann, ef ekkert yrði við hann að gera. Enda veit jeg ekki, hvort nokkur völ er á færum manni hjer, öðrum en vegamálastjóranum. Þess vegna vil jeg ekki, að embættið sje stofnað fyr en eitthvað er við hann að gera.

Áður en jeg sest niður skal jeg leyfa mjer að gera fyrirspurn til hv. frsm. (G. Sv.) út af vatnastjóranum. Jeg skil ekki til fulls, hvað honum er ætlað, og hve nær til hans kasta kemur. En mjer skilst þó, að aðallega komi til hans kasta, er um sjerleyfi er að ræða til að virkja 1000 til 10000 hestorkur, sem landsstjórn getur veitt án þess að Alþingi sje til kvatt. En sje

sá skilningur rjettur, að hans völd nái aðallega til þessara smærri virkjana, þá er því síður ástæða til að álíta, að vegamálastjóri, eða annar álíka verkfróður maður, geti ekki haft þetta verk á hendi, og þá um leið því brýnni ástæða til að setja skorður við því, að farið verði að stofna þetta hálaunaða embætti fyr en einhver þörf er á því.

Bjarni Jónsson: Bjargvættur landsins hefir nú sagt, að hún gæti ekki fallist á þetta frv. Sagði hún afdráttarlaust, að það væri vegna þess, að ekki væri skorið úr deiluatriðinu um eignarrjettinn á þann hátt, sem 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), sem „Tíminn" nefnir „bjargvætt landsins", vill skera úr því, eða á þann hátt, að einstaklingurinn eigi vatnið. Hann vil gefa þeim vatnið. Nú er vitað, að mörg og rík rök hafa verið færð fyrir því, að þeir eigi það ekki, og það af mönnum, sem eigi síður eru færir um að skilja lagafyrirmæli forn og ný.

Þá er það einkennileg sparnaðarstefna frá meiri hluta sjónarmiði, að vilja eigi fallast á sjerleyfislagafrv., af því að það kastar ekki frá ríkinu eign þess, afllindum, sem hækka munu stórum að verðgildi á næstu árum. Það verður ekkert smáræði, sem sparnaðarmennirnir kasta burtu frá ríkinu, án þess nokkur knýi á. Samt ætla þeir sjer að lifa á því, að lækka laun embættismanna og ná nokkur hundruð krónum frá fáeinum fátækum gáfumönnum, listamönnum eða öðrum, sem þeim mætti vera lítill styrkur að. Og það eru þó ekki eins margir tugir og það eru miljónir, sem þeir vilja nú kasta burtu af eignum ríkisins, að óreyndu máli.

Þá skilja menn, hvers vegna þeir vilja ekki, að mál þetta komi fyrir dómstólana. Það er af því að þeir trúa því ekki, að þeir vinni málið fyrir dómstólunum. Hjer er þá fullkomlega lýst sparnaðarstefnu hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), og jafnframt gefið í skyn, hverja bjargvætti landið á þar sem hann er.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) talaði líkt og aðrir um vatnastjórann. Hans ástæða var einkum sú, að það dugi ekki að setja slíkan embættismann, meðan ríkið hafist ekki neitt að í fossamálinu. Er mjög undarlegt, að þessi háttv. þm. mælir svo, þar sem hann er að því leyti sömu skoðunar og jeg og meiri hluti milliþinganefndar, að það beri að fara varlega mjög í það, að láta stóriðju komast að í landinu. Þá stendur það nú mjög illa heima, að hann vill byrja áður en sá maður er settur, sem mest skyn hlýtur að bera á slíka hluti. Mest er komið undir byrjuninni. Þekkinguna þarf til frá upphafi, til að spara glappaskotin. Þessi röksemdafærsla háttv. þm. rekur sig þá á aðrar röksemdafærslur hans, eins og oftar.

Eitt rekur sig á annars horn,
eins og graðpening hendir vorn.

Á hverju hvílir þetta? Það hvílir á því, að háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) getur ekki hugsað sjer nokkur fyrirtæki nema framkvæmd af útlendingum. Sumir vilja ólmir fá stóriðnað inn í landið. En þeir vilja ekki hafa þekkinguna með. Það er af því, að þeir halda, að stóriðja komi ekki, ef maður, sem hefir þekkingu og vit á þessum málum, stendur við hlið stjórnarinnar. En þeir hafa meiri von um æti, ef enginn maður með viti kemst að. Þess vegna er

undarlegt að sjá háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) í flokki með þessum afsalsmönnum, þessum opingáttarmönnum. Það er líka undarlegt af honum að hafa ekki athugað, að þar sem ríkið sjálft tekur slík vinnutæki í sínar hendur, er það gróðafyrirtæki fyrir ríkið. Hann veit hversu þetta er með Svíum. Hann þekkir vald það, sem „kungliga vattenbestyrelsen" í Svíþjóð hefir. Þetta þekkir hann vel, og gat þar af dregið þá ályktun, að eigi verði komist af með minna hjer en einn kunnáttumann.

Það er þetta, sem er skilningsleysi á því, að virkjunarfyrirtækin eru gróðafyrirtæki, og fer þaðan saman við alþjóðarhag. Ef ríkið stendur fyrir, metur það ekki sitt afl dýrara fyrir almenning en nauðsyn krefur. En sje það erlent gróðafjelag, selur það kraftinn svo dýrt, sem það sjer sjer fært. Alþýðan verður þá að borga það gaman, sem þessar ágætu bjargvættir(!) hafa af stóriðjurekstri útlendinga hjer á landi.

Það er nú eigi annað en þetta, sem jeg þurfti að tala við hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.).

Við hv. 2. þm. S.-M. (B. St.) þarf jeg ekki að þrátta mikið. Sumar af hans brtt. eru meinlausar, en sumar aftur fráleitar. Skal jeg að eins drepa á eina. En fyrst vil jeg nefna þennan almenna inngang ræðu hans, að hann vildi ekki setja alt of ströng skilyrði, svo að hann gæti verið viss um, að einhver útlendingur vildi þiggja vötnin okkar til að vinna með. Hann gáir ekki að því, að hve ströng skilyrði, sem sett eru, kemur það ekki niður á ríkinu, hvort sem það sjálft á vatnið, eða tekur það gegn endurgjaldi. Þar þarf engin skilyrði að setja. Þar ræður Alþingi öllu um. En að setja hinum, útlendingunum, ströng skilyrði, er þessu landi lífsnauðsyn.

Hv. sami þm. (B. St.) er hvergi hræddur, þótt inn í landið komi nokkrar miljónir króna, og nokkur hundruð útlendra verkamanna. Hann heldur, að ekki þurfi nema nokkur hundruð verkamanna. Hann má trúa, að til þess þarf fleiri þúsund manna en hann hyggur hundruð. Þeir eru víst ekki hræddir, Sunn-Mýlingar, þótt blandist tungan og þjóðernið, en jeg held þó, að þar sje hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) ekki á sama máli. Enda er hann með það annað veifið, að hann vilji sjá borgið tungu og þjóðerni, þótt eigi sje hann samkvæmur sjálfum sjer í till. sínum.

En þá var till. hv. 2. þm. S.-M. (B. St.), sem jeg vildi nefna. Það var um þessa járnbraut. Það er dálítið einkennilegt að áskilja hjer, að sjerleyfishafi leggi járnbraut, er verði eign ríkisins. Það er ekkert smáræðisgjald, og virðast ekki hlaupvíðar dyr, þar sem leyfishafi á að byggja járnbraut til að gefa landinu. Það yrði mikið gjald, ef í það ætti að fara. En sá fiskur, sem þar er falinn undir steini, er þessi, að ef setja á með veitingu sjerleyfisins slík skilyrði, þá yrði að veita manninum að öðru leyti svo góð kjör, að hann gæti grætt á því að leggja járnbraut og gefa landinu. Hver græðir? Myndi ekki landið kaupa járnbrautina dýrara en ef það bygði hana sjálft? Hygg jeg, að þetta yrði enginn búhnykkur, nema það sje klaufi, sem samið væri við, klaufi, er ljeti ganga á rjett sinn. En það er alls eigi fyrir fram víst, að þeir útlendir menn, er semja skyldu við stjórnina hjer, sem enga vatnastjórn hefði sjer við hönd, yrðu heimskari en stjórnin hjer. Það er alls ekki vert, að löggjöfin byggi á því, að stjórnin hjer

verði altaf svo kring í samningum, að hún sneri á hvern þann, er hún leitaði samninga við.

Hygg jeg því, að óhætt sje að leggja þessa till. fyrir óðal, því hún mun aldrei verða til hagnaðar, heldur þvert á móti.

Svo ætla jeg að eins að koma að nokkrum atriðum, sem hv. 1. þm. Árn. (S. S.) bar fram. Hann var sammála hinum háttv. þm., sem vilja, að vatnastjóri sje helst ekki, síst með því valdi, að hann geti varnað stjórninni að veita sjerleyfi, er svo stendur á. Jeg vil nú ekki gera þessum hv. þm. (S. S.) þær getsakir, að hann vilji ekki, að þekkingin komist hjer að, og hefði þó mátt skilja ræðu hans svo. En hann vill, að þekkingin sje valdalaus og gagnslaus gagnvart stjórninni, ef svo skyldi til takast, að sú stjórn væri í landi, er vildi veita sjerleyfi landinu í óhag, eða vissi eigi betur en svo. Hann vill þá, að þekkingin standi og gjammi eins og hundur framan í lambá, er stendur kyr og stappar klaufum í þrjósku. Þá væri þó betra, að þekkingin hefði vald og gæti stöðvað illvirki, ef til væri stofnað. Jeg vil ekki spá um neina sjerstaka stjórn, en slík getur komið. Ef stjórnin gerir samninga fyrir ríkið, verður það eigi aftur kallað, og veiti stjórnin sjerleyfi, verður ríkið að standa við það, geri stjórnin alt þetta samkvæmt lögum. En geti þessi maður sagt nei, er það vörn. Og sje hann of samviskusamur og neiti því, er þingið vildi veita, þá er það frestur í málinu. Þá bíður það næsta þings, og þá getur hv. 1. þm. Árn. (S. S.) aftur tekið til og barist fyrir málinu.

Og hverjum er þetta til góðs? Cui bono? Ríkinu? Nei! Ríkið getur vel beðið. Það þolir hálfs árs frest. En þetta er þeim til góðs, sem sækir um leyfið. Hv. 1. þm. Árn. (S. S.), og fleiri aðrir, hafa í huga erlent fjelag, er sæki um leyfið til þess að græða á afllindum landsins Þetta er erlendu fjelagi í hag.

Svo segir hv. þm. (S. S.), að hann sje hræddur um, að einhvern tíma komi sá vatnastjóri, er stöðva vilji stóriðjuna og ekki hleypa henni inn í landið. Það má vel vera, að það væri þessu landi mikil gæfa að fá stóriðju inn í landið. En þó hafa þeir, sem öðrum meir hafa rannsakað þetta mál og hugsað, haldið því fram, að hún muni ekki verða til mikils góðs. Og þó að jeg vilji ekki nefna sjálfan mig, eða bera mig saman við þann vísa Sírak, er jeg nú á orðastað við, gæti jeg þó nefnt Jón Þorláksson, Guðm. Björnson og hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Hafa þessir allir komist að þeirri niðurstöðu, að stórðja eigi ekki að komast að. Og ef hv. 1. þm. Árn. (S. S.) þykja þessir vera smápostular, sem geti eigi hafa komist að jafnrjettri niðurstöðu og þeirri, er h a n n hefir komist að, þá mætti nefna verkfræðing þann hinn norska, er ritað hefir mjer brjef það, sem jeg hefi látið prenta og þingm. hafa átt kost á að lesa. Hann heldur því beint fram, að stóriðjan í Noregi hafi verið svo afdrifarík, að þjóðin komst þar í kröggur, verðmæti alt skektist, svo að hjelt við þjóðarvoða. Og auk þess sagði hann í viðtali við mig, undir votta, sem illu heilli eru hjer eigi viðstaddir, að ef Íslendingar leyfðu að setja upp eitt stórfyrirtæki, hvað þá tvö eða fleiri, þá yrði eigi að ræða um íslenska þjóð eftir 20 ár. Þetta er blessunin af stóriðjunni, að menn fá hjer færi á að glata sinni tungu og þjóðareinkennum, og það af rökum rjettum og eðlilegum orsökum, eins og menn nú þegar leggja

niður nöfn sín rjett og taka upp skripanöfn, af bláberum uppskafningshætti og heimsku. En um þetta, sem hjer er á ferðum, má segja orð Hórazar:

„Quidquid delirant reges plectuntur Achivi".

Afleiðingar glapræðis þessa kæmu víst ekki niður á sjálfum hv. 1. þm. Árn. (S. S.). En þær kæmu einkum niður á kjósendum háttv. þm. (S. S.), því að einkum munu rísa upp iðjuver í Árnessýslu. Þá verður hver vinnustrákur og stelpa gerþurkuð út af heimilum sínum. Þau dragast öll að stóriðjuverunum. Og stórbændur þar, sumir synir hinna trygglyndu kjósenda hv. þm. (S. S.), myndu komast það hæst, að slá tún og reka kýr hjá stóriðjueigendunum, á einstökum jarðaskikum, sem þá verða enn í rækt. Þegar landbúnaðurinn er dauður, verða þeir kúasmalar iðjuhöldanna, þessir kjósendur hv. þm. (S. S.), sem sent hafa hann til þess að gæta hagsmuna þeirra gegn stóriðjunni og annari hættu, er yfir vofir. Hv. þm. (S. S.) má vita, að svona fer fyrir Árnesingum, ef hans hugsun kemst í framkvæmd. Og þótt ýmsir, sem eiga orkurík stórvötn, þakki honum nú. munu þeir fleiri, sem kunna honum enga aufúsu gerða hans í þessu máli. En það eru þeir, sem ekki eiga tilkall til vatnsafls, en kynnu að vilja krefjast þess, að þeim væri líka ætlaður einhver rjettur til þess vatns, er fellur úr skýjum loftsins í Árnessýslu, en að rjettur til þess væri eigi eignaður þeim einum, sem eiga jarðir á árbakkanum. Hvað segir hv. 1. þm. Árn. (S. S.) um það? Hann ætti að hugsa sig vel um, áður en hann legði móti þessu frv., úr því að hann gerði sig sekan í að greiða atkv. á móti till. á þgskj. 725. Sami hv. þm. (S. S.) vill ekki hafa kosningar á milli; hann hefir í rauninni ekki neitt á móti því, að tvö þing samþ. að veita sjerleyfi, en hann vill ekki hafa kosningar á milli. Hverjum er það til góðs? Er það ríkinu íslenska til góðs, eða er það megninu af kjósendum hans í Árnessýslu til góðs? Við skulum segja, að nú veitti ríkið sjerleyfi, sem hættulegt væri landinu, nú þyrfti annað þing að samþ. Hverjum er það til góðs? Cui bono, ríkinu eða þeim, sem um sjerleyfið sækir, að sömu þm., sem veittu sjerleyfið, skuli nú fjalla um þetta aftur? Það er áreiðanlega þeim til góðs, sem um sjerleyfið sækir. Nei, eina bótin er, að kosningar fari fram á milli, því það er engin björg, þótt sömu þm. greiði tvisvar atkv. um það sama. Það er engin trygging fyrir því, að þeir, sem á einu þinginu hafa verið í kaupavinnu hjá erlendum fjelögum, verði það ekki einnig á næsta þingi. En ef kosningar snúast um málið, kemur vilji kjósenda í ljós; ef ekki fara fram kosningar, er hægt að skella hættulegu sjerleyfi á þjóðina í hundahljóði.

Þá vill þessi sami háttv. þm. (S. S.) lengja tímann. Hverjum er það í hag? Er það til þess að tryggja ríkið? Nei, það er auðvitað til þess, að sá, sem leyfið hefir, geti auðgast sem mest á því. Hann á að hafa sjerleyfið 10 ár framyfir það, sem samvinnunefndin vill, og auðvitað til þess að geta haft hreinan gróða í 10 ár. Svo vitnaði þessi maður (S. S.) í það, sínu máli til stuðnings, að „Titan" hefði viljað fá sjerleyfi í 75 ár. Hann er svo sem ekki hlutdrægur, „Titan", í þessu máli, það má svo sem trúa honum. Svo ætlar þessi hv. þm. (S. S.) að fara milliveg; hann vill ekki alveg verða við beiðni „Titans", heldur vill hann klípa af, eins og þetta væri fjárveiting

til skálds eða listamanns. Svo mintist hann á það, að 1917 hefði komið til tals að veita sjerleyfi til 99 ára. Það var ekki dónalegt; hefir sjálfsagt verið ríkinu í hag, ef slíkt hefði verið samþykt. Ekki hefði það verið gert til þess að tryggja fjelagið!! Vjer þurfum ekki annað en að hugsa oss afleiðingarnar. — En hugsum oss nú löggjafaraðferðina í þessu landi, hvernig hún yrði. Nú kemur nefnd, sem sett hefir verið af þinginu, og leggur hún til, að sjerleyfið verði veitt til 55 ára, en svo kemur erlent auðfjelag og segir, að það vilji fá það til 75 ára, og þá kemur einn þm. (S. S.) og vill fara milliveg milli fjelagsins og nefndarinnar. En svo kynni nú fjelagið að nefna 99 ár, eins og fossafjelagið „Ísland" hjer um árið. Ætli þessi hv. þm. (S. S.) vildi þá ekki hækka sig upp í 75 ár. —

Eitt er enn, sem jeg vil minnast á, og er það hættulegasta við till. hv. þm. (S. S.), og er það um sölu hlutabrjefanna. Eins og frá því er gengið í frv. samvinnunefndar, er það sjálfsögð trygging, til þess að þau lendi ekki í höndum erlendra ríkja eða auðmanna. Norðmenn hafa trygt þetta mjög vel, sem von er. Eða muna menn ekki, hvers vegna Bretar sögðu Búum stríð á hendur og ræntu þá frelsi? Það var ekki mismunur á rjetti Breta og Búa, heldur voru það hinar auðugu demantanámur í nánd við Prætoriu. En þótt þetta vatnsafl sje ekki eins dýrmætt og gimsteinanámur, þá er það þó svo dýrmætt, að hætt er við, að önnur ríki hefðu augastað á því.

Hjer á þinginu er nefnd, sem í löggjöf sinni reynir að reisa skorður við því og hamla því, að útlendingar líti girndaraugum til auðæfa landsins, en þá kemur þessi hv. þm. (S. S.) og leggur það til, að stjórnin megi heimila, að hlutabrjef verði seld erlendum mönnum, ef hún sjer ástæðu til þess. Hjer er alt undir stjórninni komið, og ef hún reynist illa, þá er engin björg. — Hugsum oss, að hjer sje stofnað til stóriðjufyrirtækis; nú er beðið um leyfi til að selja þetta fyrirtæki tveimur eða þremur enskum auðmönnum. Stjórnin vill veita þetta, annaðhvort af hrekkvísi eða heimsku. Hvað kemur svo úr kafinu eftir á? Það, að þessir auðmenn hafa ekki verið annað en leppar, og hafa þeir keypt fyrir ensku stjórnina, og þá getur hver sjeð, hvaða skorður verða reistar við fossaiðnaðinum, þegar þetta er hægt að gera, og hvílíkt Gósenland leppanna yrði Ísland þá, ef þetta yrði leyft. Dyrnar standa upp á víða gátt, ef till. hv. þm. (S. S.) verða samþ., og hverjum er það í hag? Er það landsmönnum í hag, eða er það til að tryggja kjósendur þm. (S. S.) í Árnessýslu? Nei, þetta er, eins og allar hinar till., í hag erlendum stórgróðafjelögum, og greylegum leppum. Það er vegið hjer að landinu með þeim hættulegustu vopnum, sem til eru, og þessi hv. þm. (S. S.) gerir með þessu tilraun til að slá úr höndum Íslands það vopnið, að hlutabrjef stóriðjumanna megi ekki ganga kaupum og sölum erlendis. Þetta er það sama, ef samþ. verður, sem að snúa hengingaról að hálsi sjer.

Þá kem jeg að 12. liðnum á brtt. þessa hv. þm. (S. S.). Er þar farið fram á, að 33. gr. frv. samvinnunefndar verði breytt. Greinin er þannig: „Brot á skilyrðum þeim, sem eitthvert sjerleyfi er bundið, varða sektum, 5 kr. á hverja hestorku, sem heimiluð er til afnota samkvæmt sjerleyfinu, eða

sjerleyfisriftingu, ef miklar sakir eru". Í stað orðanna „hverja hestorku, sem heimiluð er til afnota samkvæmt leyfinu", komi „hverja hagnýta hestorku, samkvæmt 13 gr." Þetta er ekki hættuleg till., en hún getur ekki staðist, því að ekki er hægt að tala um aðra hestorku en þá, sem talað er um í sjerleyfinu, því hvað sje í framtíðarinnar sjerleyfum, hvort þar verða nefndar eðlishestorkur, eða hagnýt hestorka, það veit enginn nú.

Þá vildi þessi hv. þm. (S. S.) halda því fram, að sjerleyfislög ættu ekki að ganga fram nú, þar eð þau voru ekki svo vel undir búin sem skyldi. Mikið á að undirbúa þetta mál. Milliþinganefnd hefir nú setið á rökstólum alllangan tíma; er mjer kunnugt um, að meðnefndarmenn mínir hafa unnið vel, hvað sem um mig má segja. Þessi nefnd hefir komið fram með rökstuddar skoðanir. Er málið kemur inn á þing, er sett enn sjernefnd í málið, og hefir hún nú komið með frv. það, sem um ræðir. Þetta mál er því miklu betur undir búið en nokkurt annað mál. Jeg held því, að þessi till. háttv. þm. (S. S.) sje ekki fram komin til þess að tryggja kjósendur hans í Árnessýslu, og hvað undirbúninginn snertir, held jeg, að af þeim sökum þurfi hv. þm. (S. S.) ekki að fyrirverða sig fyrir að greiða atkv. með frv. Annað mál væri, ef hann hjeldi því fram, að vatnalög ætti ekki að samþ. á þessu þingi, því að þá væri hann á sama máli og jeg, sem vil ekki láta samþ. þau fyr en að afstöðnum kosningum. En það er ekkert því til fyrirstöðu, að sjerleyfislög gangi fram nú þegar. Annars vil jeg geta þess viðvíkjandi vatnalögunum, að jeg ljet bera upp till. vestur í Dölum, þar sem skorað er á Alþingi að samþ. ekki vatnalög. Þetta var samþ. þar, og síðan bað jeg Magnús á Staðarfelli að bera það upp á fundi, sem hann hjelt fyrir mig. Og þar var það samþ. En nú hefir svo broslega til borið, að þetta er talið gert af óvild til mín, í „Tímanum". En ef sjerleyfislögin verða ekki samþ. nú, hverjum er það til góðs? Ekki ríkinu eða kjósendum alment, nje í Árnessýslu, heldur einstökum bröskurum erlendum og þeim innlendum, sem búa meðfram stóránum og hafa von um gróða í fossabraski. Það er vitað mál, að aldrei hefir verið hamast eins í fossabraski og síðan milliþingan. í fossamálinu tók til starfa.

Og samþ. ekki þetta þing sjerleyfislög og setji þannig skorður við frekara braski, þá mun eftir nokkurn tíma ekki eitt einasta vatn vera óselt, og mun það, sem selt er, ekki að eins verða metið á 12 miljónir króna, heldur á 100 miljónir króna. — Þessar vífilengjur um, að sjerleyfislög eigi ekki að samþykkja nú, eru því til þess eins fram bornar, að fossafjelögin geti grætt sem mest á bralli því, sem þau hafa haft hjer í frammi, með því að senda hingað leynilega sendimenn til þess að ginna þessa hluti út úr fáfróðum mönnum fyrir smámuni. Það er því til góðs þjónum þessara fjelaga, sem eiga hjer bæði heil blöð og venslamenn, og nú er að sjá, að eigi suma þm. líka. Þetta er það, sem orsakar alt hatrið og allar skammirnar, sem dynja á okkur, meiri hl. fossanefndar, í blöðum þessara þjóna erlendra auðkýfinga. Það er af því, að við erum ekki að hugsa um að græða á þjóðinni og hafa hana fyrir fjeþúfu. En þessu leigufólki vil jeg lofa því, að landsmenn skulu fá að vita, hvernig í öllu liggur. Það eru ekki þessir menn einir, sem geta sagt, að þjóðin skuli fá

að vita alt, því að það erum vjer sjerstaklega, sem getum talað úr flokki og borið um, að þjóðin þarf að vakna og sannfærast um þann svikavef, sem verið er að vefja hana í. Og þjóðin skal vakna, þótt nú sje verið að reyna að drepa rjett mál.

Frsm. minni hl. (Sveinn Ólafsson): Jeg skal nú ekki tefja tímann lengi að þessu sinni. Mjer láðist við fyrri umr. að taka ljósar fram en gert er í nál. minu, að frv., eins og það liggur fyrir, er sumpart ónákvæmt um það, sem þurfti að vera tekið fram, og sumpart svo óljóst, að ilt er að skilja og framkvæma; gallar, sem að sjálfsögðu verður að lagfæra, ef frv. á að ganga fram. Jeg álít frv. hættulegt vegna þess valds, sem lagt er í hendur ábyrgðarlauss vatnastjóra. Hann getur komið því til leiðar, að sjerleyfisgjaldið geti orðið ekkert, því það veltur á till. hans, hvort það verður fært upp eða ekki að 25 árunum fyrstu loknum, og jafnvel getur hann ráðið því, að gjaldið verði felt með öllu niður, ef þá ekki áskilið sjálfum sjer alt gjaldið. Þetta þarf að lagfæra, ef á að samþ. svona frv.

Í öðru lagi er það vöntun í frv., að það gerir ekki nokkursstaðar ráð fyrir heilbrigðisráðstöfunum vegna innflutnings eða hjá verkalýðnum eða hjeruðum umhverfis iðjuverin. Þetta var þó sjálfsögð ráðstöfun, því að ekki er það sjaldgæft, að fólk með vafasamri heilsu og siðferði sæki að þessum iðjuhverfingum. Einmitt á þessu sviði hafa Norðmenn gætt sjerstakrar varúðar. Enn fremur vantar í þetta frv. trygginguna fyrir því, að sjerleyfishafi skuli sjá verkamönnum sínum og skylduliði þeirra fyrir fræðslu, sem og að hann sjái verkalýðnum fyrir þeim bókakosti, er sje við hans hæfi, og yfirleitt hlúi svo að fólkinu andlega og líkamlega, að ekki verði það að hreinum trantaralýð. Fleira skal jeg ekki telja af þessu tæi, þótt margt mætti telja, sem athuga þarf við frv.

Jeg ætlaði að víkja dálítið að háttv. þm. Dala. (B. J.), en það er altaf svo, að þegar hann er búinn að tala, þá flýr hann úr deildinni. Hann talaði í hermdarrómi, og er það að vonum, því að ekki hefir byrlega blásið fyrir hans frægu — nei — alræmdu vatnsránskenningu. Hann er víst orðinn fremur vonlítill um sigur kenningarinnar og hræddur um, að þetta „bjargráð“ hans við ríkið ætli ekki að duga til að fá honum bjargvættarnafnið, og kemur honum þá í hug að nota það eins og skopnafn við mig. Þetta er reyndar afsakanleg afbrýðissemi. Hann hafði gert sjer svo háar hugmyndir um þann glæsilega sigur, sem vatnsránsuppfundning hans mundi vinna, og frægðina, sem hann mundi af hljóta, er ránsfengurinn frá landeigendunum væri kominn í hendur þessa alvitra vatnastjóra, að vonbrigðin hlutu að verða afskapleg, þegar þingdeildin og stjórnin marghrasað á móti. Jeg skil vel, að skapið hefir úfnað óvenjulega hjá háttv. þm., enda eru þessi umskifti eigi ólík því, að fara úr glaðasólskini inn í ramma eldhúspælu.

Atkvæðagreiðslan í fyrradag um ránstill. um Sogið bendir óneitanlega á það, að fleiri en jeg líti fremur en hitt smáum augum á kenningar hv. þm. Dala. (B. J.) og röksemdir hans, og mun hann þurfa víða við að koma, ef hann á að jafna um þá alla. En það er ekki nauðsynlegt að ræða þetta hjer, það liggur ekki fyrir. Hitt er verkefnið að þessu sinni, að komast að nýtilegri nið-

urstöðu um vatnsorkusjerleyfi, og þarf til þess annað fremur en skæting háttv. þm. (B. J.). Hann er í raun og veru oftast utan við efnið þegar að þessu kemur, með óðagoti, eins og hann hefði gleypt brunnklukku úr illa fenginni lækjarsprænu, og heitast við þá, sem ekki vilja fallast á eignarrjett ríkisins á vatni í löndum einstakra manna. Hv. þm. (B. J.) læst muni birta á prenti með viðeigandi formála nöfn okkar allra og lætur á sjer skilja, að lítill muni vegur okkar verða, er slík skýrsla birtist. Hann dregur ekki dulur á, að við munum vera talsmenn útlendra fjárprangara, líklega leigðir eða keyptir, eins og hann svo oft hefir dróttað að mjer, að jeg væri.

Reyndar býst jeg við því, að hv. þm. (B. J.) veiti erfitt að telja almenningi trú um, að við sjeum þeir landráðamenn, sem hann vill telja okkur, en jeg þykist vita, að hann sje búinn að endurtaka þessi ósannindi svo oft fyrir sjálfum sjer, að sjálfur trúi hann þeim. En undarlegur er sá fítonsandi hjá hv. þm. (B. J.), að reiðast þeim, sem brostu að niðurstöðu atkvgr. í fyrradag og röksemdum hans fyrir vatnsráninu.

Háttv. þm. (B. J.) telur skipun vatnastjóra eina trygga ráðið til að verjast útlendu hættunni af vatnsiðju. Telur hann stjórninni eigi trúandi fyrir samningu sjerleyfis, en einvöldum og ábyrgðarlausum vatnastjóranum trúir hann fyrir öllum vandanum; um samviskusemi þess manns þarf þá ekki að efast.

En af því að hv. þm. (B. J.) hefir verið svo ör á getsökum við mig, mætti jeg líklega varpa fram þeirri spurningu, hvort einvaldi og ábyrgðarlausi vatnastjórinn, sem hv. þm. berst fyrir, muni ekki geta með lagi dorgað út úr leyfisumsækjendunum dálitlar sárabætur handa þeim, sem hafa stritt svo mikið fyrir hann og af einskærri föðurlandsást(!) fórnað áliti sínu fyrir vatnsránskenninguna. Hafi nokkur maður tækifæri til að gleðja vini sína, þá ætti þessi konunglegi vatnamálaráðherra að hafa það.

Jeg býst reyndar við, að þetta vatnamál sje að mestu í strand komið að þessu sinni, og geti háttv. þm. Dala. (B. J.) því varpað af sjer áhyggjum vegna vatnastjórans að sinni. Hv. þm. (B. J.) hefir átt sinn mikla þátt og ógleymanlegan í að spjalla þetta mál frá upphafi og spilla góðum árangri með sinni fáránlegu vatnsránskenningu.

Af því að nú er orðið of skuggsýnt til að sjá, hvað jeg hefi skrifað hjá mjer af vjefregnum hv. þm. Dala. (B. J.) í síðustu ræðu hans, skal jeg láta hjer út talað.

Umr. frestað.

Á 68. fundi í Nd., föstudaginn 19. sept., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 793, n. 792 og 821, 843, 861).

Sigurður Sigurðsson: Háttv. þm. Dala. (B. J.) var í vondu skapi í gær. Hann ljet gremju sína bitna á mjer og brtt. mínum, og öðrum þeim, sem ekki geta litið eins ranghverfum augum á þetta mál og hann. Hann hjelt eina af þessum alþektu stóryrðaræðum sínum, sem eiga að verða til þess, að hefja sjálfan hann til skýjanna og gera hann að þjóðhetju og stórmenni í augum þeirra, sem ekki þekkja hann. En hann villir ekki heimildir á sjer fyrir þeim, sem þekkja hann. Og því skil jeg ekki, hvers vegna hann heldur slíka ræðu í þessari

háttv. deild, úr því á að hætta að prenta þingræður manna.

Háttv. þm. (B. J.) vildi telja mönnum trú um, að jeg hefði eingöngu átt við útlenda menn eða fjelög, þegar jeg talaði um væntanlega sjerleyfishafa, og hann bjó til þennan útúrsnúning til þess að fá tækifæri til að drótta því að mjer, að jeg ræki erindi útlendra auðfjelaga. Jeg get vel hugsað mjer það, að innlend fjelög eða einstakir menn sæki um þetta sjerleyfi. En jeg lagði áherslu á það, að lögin væru ekki gerð svo úr garði, að þau útilokuðu einstaka menn eða fjelög, er vildu sækja um slík sjerleyfi, hvort sem þau væru útlend eða innlend.

Þá kem jeg að lífakkeri hv. þm. (B. J.), vatnastjóra. Margt hefir verið um hann rætt, og þarf jeg ekki að bæta miklu við, en jeg tel hann viðsjárverðan. Hann getur orðið þröskuldur í vegi þess, að leyfi verði veitt. En það er ekki meining laganna að útiloka slíkt með öllu. Hann getur líka orðið versti fossaprangarinn, sem til hefir verið. Hann á hægra með það eftir frv. en nokkur annar.

Háttv. þm. (B. J.) spurði oft, í hvers þágu lengja ætti sjerleyfistímann úr 55 árum í 65 ár.

Ef þetta gæti stutt að því, að einhver sækti um leyfi og byrjaði virkjun, þá er lenging tímans í landsins þágu. Enginn hefir prjedikað meir um þann miljónagróða, sem af stóriðju stafaði, en háttv. þm. (B. J.). Ef gróðinn yrði svo mikill, og hver sem hann yrði, þá yrði landið hans aðnjótandi á margan hátt. Ef þessi iðnaður er svo arðvænn, sem hv. þm. Dala. (B. J.) vill láta í veðri vaka, þá er illa gert að útiloka hann. Það er ekki í þágu landsins. Fróðum mönnum kemur saman um, að 55 ár muni of stuttur tími til þess, að um leyfi verði sótt, og því er það í landsins þágu fyrst og fremst að lengja hann.

Jeg á bágt með að skilja alt framferði háttv. þm. (B. J.) í þessu máli. Ef hann hefði komið með till. í þá átt, að landið byrjaði sjálft á vatnsvirkjun, þá hefði jeg getað skilið það, og við því væri ekkert að segja. En hver sem starfrækir fossana, hvort heldur landið, innlend eða útlend fjelög eða menn, hver sem það gerir, kemst ekki hjá því að fá fje annarsstaðar frá til stofnunar og rekstrar, og þá vitanlega erlent fje.

Undanþágan, sem heimiluð er í brtt. minni við 27. gr. frv., er mjög takmörkuð, sem að eins á að beita, ef nauðsyn ber til. Það verður vitanlega að vera á valdi stjórnarinnar í hvert sinn, hvort hún vill veita þessa undanþágu eða ekki. Jeg er ekki svo svartsýnn um framtíðarstjórn þessa lands, að jeg ekki treysti stjórninni til allrar varhygðar í þessu efni. Jeg treysti jafnvel í þessu máli stjórn, sem háttv. þm. Dala. (B. J.) ætti sæti í.

Svo jeg víki aftur að leyfistímanum, þá hefir því verið haldið fram af mönnum, sem þetta mál hafa kynt sjer, að enginn muni sækja um sjerleyfi með svona takmörkuðum leyfistíma. Það borgi sig ekki nema leyfistími sje langur. Í því sambandi hafa verið nefnd 75 og upp í 99 ár. Jeg vildi fara þarna meðalveg og hafa tímann 65 ár, og sje jeg ekki, að slíkt geti valdið hneykslun. Jeg vissi það þegar í byrjun, að háttv. þm. Dala. (B. J.) mundi hneykslast, en jeg tek mjer það ekki nærri. Sá góði maður verður að fyrirgefa, þó jeg taki hann ekki til greina í þessu máli, því hann er á móti fossaiðnaði yfirleitt, af einhverjum misskildum þjóðernisrembingi. Skemtilegt væri, að þessi hv. þm. (B.J.)

kæmi til dyranna eins og hann er klæddur og bæri fram frv. um að banna alla votnsorkuiðju í þessa átt. En hitt er leiðinlegra, að berjast fyrir sjerleyfislögum, sem eru grímuklædd bannlög. Hjer ber á milli. Jeg vil ekki útiloka, en það vill háttv. þm. Hann var að reyna að festa á mjer „opingáttar"-nafn í þessu sambandi, af því jeg vil ekki loka landinu fyrir erlendu fje og áhrifum. Jeg trúi því ekki fyr en jeg tek á því, að hv. þm. (B. J.) sje sá afturhaldsskrjóður, að vilja hlaða kínverskum múr um landið og gera allar framkvæmdir ómögulegar. Jeg sje ekki hvað í húfi er, þó leyft verði að virkja eitt orkuver. En jeg vil gæta þar allrar varúðar, engu síður en aðrir, og láta leyfið til þeirrar virkjunar vera takmarkað.

En hitt er víst, að við þurfum meira ljós, meiri hita og meiri áburð, en alt þetta getum við fengið, ef fossaiðnaður rís hjer upp. Kol eru dýr, og munu verða það áfram. Mórinn er á þrotum, og steinolían er í höndum stórgróðahrings, þar sem við eigum undir högg að sækja með verð og birgðir. Áburðarskorturinn stendur í vegi fyrir, að við getum ráðist í almenn og stór jarðyrkjufyrirtæki. Hvað ætti þá að vera móti því, að vjer ljetum fossana vinna handa okkur ljós og hita, og vatnsorkuna greina sundur efni loftsins og búa svo til áburð úr köfnunarefni þess. Það má nú vera, að ef við tökum að reka fossaiðnað, og hagnýtum til þess t. d. einar 100,000 hestorkur af vatnsaflinu, þá þurfum við að fá eitthvað af útlendum verkalýð. En við það er jeg ekki jafnhræddur háttv. þm. Dala. (B. J.). Þungamiðjan hjá honum í öllum afskiftum hans af fossamálinu er ótti hans um, að við glötum tungu og þjóðerni, ef nokkuð að mun kemur hingað af útlendingum. Hv. þm. (B. J.) benti mjer á, að fossanefndin hefði athugað þetta atriði málsins vendilega og hefði komist að þeirri niðurstöðu, að hjer gæti verið mikil hætta á ferðum. Það má vera að svo sje, ef mörg þúsund manna flykkjast hjer inn á skömmum tíma. En fyrir því þarf alls ekki að gera ráð, þótt tekið yrði að virkja Sogsfossana. Til þess starfa mundi varla þurfa nema fá hundruð manna í viðbót við mannafla hjer heima. Og að líkindum yrði það einkum einhleypir menn er kæmu, og flestir mundu hverfa heim til sín aftur, þegar búið væri að koma á fót orkuverinu. Þegar síminn var lagður um landið hjer á árunum, unnu að því nokkur hundruð Norðmanna. En þegar því starfi var lokið, fóru þeir flestir heim til sín aftur. Hefi jeg ekki orðið var við neinar vondar afleiðingar af komu þessara manna, hvorki fyrir þjóðerni okkar nje tungu. Þó að fossanefndin hafi unnið mikið, þá hefir hún ekki unnið vel að sama skapi, nje heldur gengið svo frá þessu vandamáli, að vel sje við unandi. Hún hefir stofnað til þess glundroða í því, sem ekki þektist áður. Og hefi jeg það fyrir satt, að hv. þm. Dala. (B. J.) eigi sinn drjúga þátt í því.

Jeg lít nú svo á, að þjóðerni okkar sje svo sterkt og þroskamikið, að það verði því ekki að aldurtila, þótt við fáum að sjá framan í nokkur hundruð útlendinga. Jeg veit, að hv. þm. (B. J.) trúir því ekki sjálfur. Hann gerir hjer úlfalda úr mýflugu. Þegar um stóriðnað er að ræða, þá er ekki sama, hvernig hann er rekinn. Það hefir enginn talað um það hjer eða haldið því fram, að hjer ætti að fara að virkja mörg orkuver í einu, með mörgum þúsundum erlendra verkamanna. Flestir hafa

talið það heppilegast að byrja á því að koma upp að eins einu orkuveri, til þess að útvega Reykjavík, Hafnarfirði og sveitunum austanfjalls ljós og hita, áburð og afl til smáiðnaðarrekstrar. Þetta er alt og sumt. Hv. þm. (B. J.) tók það fram í gær, að ef slíkur iðnaður væri settur á fót, þá mundi hann draga fólk frá bændum. En hitt veifið gerir hv. þm. (B. J.) ráð fyrir, að útlendingar mundu streyma hópum saman inn í landið til að stunda fossaiðnaðinn. Verði hann sannspár um það, þá mega bændur vera rólegir og óhræddir við að missa fólk frá sjer í þessa atvinnu. Það bar annars ekki á þessum ótta hjá hv. þm. (B. J.), þegar hann vildi láta landið, hjer um árið, taka 20 miljóna kr. lán til að kaupa fossa og koma upp fossaiðnaði. Hv. þm. (B. J.) gerir mikið úr því, hvílík trygging væri í því, að kosningar færu fram, áður en gert væri út um sjerleyfisbeiðni til fossavirkjunar og leyfið væri veitt. En sje svo, eins og kom fram hjá hv. þm. (B. J.), að allir, og jafnvel bændur, ljetu kaupa sig fyrir fje til málafylgis, þá getur hann ekki gert mikið úr þeirri tryggingu, sem fólgin eigi að vera í nýjum kosningum, eða í þessum margbrotna undirbúningi sínum undir sjerleyfisveitinguna. Því ef hægt er að kaupa menn hópum saman til fylgis, þá má vænta, að til þess verði stofnað af þeim, er að leyfisumsókninni standa. Og þá ekki ólíklegt, að umsækjendur leyfis geti þokað kosningunum sjer í vil. Og hvað verður þá úr tryggingunni, sem þær eiga að veita landinu.

Hv. þm. (B. J.) þótti það illa farið, ef frv. þetta yrði ekki afgreitt frá þinginu í ár. En benda vil jeg honum á, að ef engin sjerleyfislög eru til, þá verða engin sjerleyfi heldur veitt, og held jeg, að honum þætti það vel farið. Hv. þm. (B. J.) hjelt, að sjerleyfislög mundu draga úr fossabraskinu. Það fer nú eftir því, hvernig lögin eru. En vera má þó, að það gerði það í svip. En sannleikurinn er sá, að þegar fór að kvisast frá fossanefndinni, að hún mundi hafa einhverjar sjerkreddur um eignarrjett á vatni, þá varð það nóg til þess að ýta undir fossabraskið. Það hefir aldrei verið meira um fossabrask en einmitt á meðan fossanefndin sat að störfum. Hv. þm. (B. J.) gat þess, að fossanefndin hefði farið fram á við stjórnina að hefta fossabraskið, en hún ekki sint því. Það tel jeg illa farið. En hvers vegna flutti hv. þm. (B. J.) ekki frv. um þetta á síðasta þingi? Honum var það innan handar, ef hann hefði viljað og hann þá talið þess þörf.

Það þýðir annars lítið að vera að rökræða þetta mál við hv. þm. (B. J.). Það er orðið honum of mikið kappsmál til þess. Það lítur svo út, að jafnskjótt sem minst er á vatnamálið þá fari skap hans úr lagi, og er það leitt mjög, að svo skuli vera. Annars býst jeg við, að geðvonska hans í gærkveldi hafi stafað að einhverju leyti af því, að hann hafi verið nýbúinn að lesa pólitískt blað eitt hjer í bænum, sem honum kvað ekki vera sjerlega vel við, og sjeð þar minst á sig. Hafi hann svo látið vonskuna yfir því bitna á mjer. — En hvað sem því líður, þá tel jeg það vel farið, að flett sje ofan af því hjá hv. þm. (B. J.), sem miður fer, alveg eins og hjá hverjum öðrum, og er undarlegt, að hann skuli kippa sjer upp við það. Jeg get varla fengið af mjer að svara hrakspám hv. þm. (B. J.) um, að stórbændur austur í Árnes-

sýslu og víðar mundu láta kaupa sig upp af jörðum sínum og gerast leiguþjónar og kúasmalar útlendinga. (**B. J.**: Ekki rjett hermt). Þetta situr því ver á hv. þm. (B. J.), sem hann þykist vilja halda uppi heiðri íslenskra bænda og íslenskrar alþjóðar, þótt sumum finnist honum þó að vísu einatt kippa í kyn til lýðskrumara. Eftir þessar getsakir ættu bændur að geta dæmt um, hve öruggan skjaldsvein þeir eiga, þar sem hv. þm. (B. J.) er.

Í gær dró hv. þm. (B. J.) engar dulur á, að þeir, sem eigi væru á hans skoðun um þetta vatnamál, vildu gera lög þessi aðgengileg fyrir þá, sem ætla sjer að sækja um sjerleyfi til að reka hjer fossaiðnað, og að þeir hinu sömu væru í vasa fossabraskara. Jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. (B. J.) hafi beint þessu til mín, ekki síður en annara, sem ekki eru jábræður hv. þm. (B. J.) í máli þessu. Háttv. þm. (B. J.) getur, ef honum þóknast, ferðast um alt landið og prjedikað fyrir lýðnum, leynt og ljóst, að jeg sje leiguþý fossabraskara, eða fossabraskari sjálfur. Það er lygi, sem enginn trúir. Og hver er svo þessi maður, sem ber slíkt upp á aðra? Það er maðurinn, sem öllum öðrum fremur hefir notað sjer þingmannsstöðuna til þess að skara eld að sinni köku. Það er maðurinn, sem hefir látið stofna allsendis óþarft embætti handa sjer til lífsframfæris. Þessi maður talar um, að aðrir láti kaupa sig. Ef það er satt, sem sagt er, að árstekjur hans nemi yfir 20000 kr., þá er hjer maður, sem ekki kliígjar við fje. — Og mikið af þessu fje þiggur hann af dönsku auðmannafjelagi, sem rekur atvinnu hjer á landi. (**B. J.**: Það er best, að hv. þm. (S. S.) skýri frá, við hvað hann á). Jeg á við Íslandsbanka. Ofan á alt þetta hefir hv. þm. (B. J.), hollvinur Dana, látið dönsku stjórnina prýða sig með dennebrogskrossi. Þetta er honum líkt, því að hann hefir aldrei verið, og verður aldrei, annað en pólitískur loddari.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal þegar taka það fram, að jeg á, að svo stöddu, bágt með að segja nokkuð ákveðið í þessu máli. Jeg hafði að vísu snemma á þingtímanum sjeð fyrri hl. álits fossanefndar og frv. þau, sem borin voru fram af hennar hálfu, og er þar sjálfsagt mikinn fróðleik að finna. En jeg hafði geymt mjer að athuga grandgæfilega málið, þangað til niðurlagið af áliti meiri hl. fossanefndarar væri komið fram. Þessi síðari hluti er nú að vísu fyrir skömmu kominn; en síðan hefir verið svo mikið að gera, að hlýða á ræður — þarfar og óþarfar — að jeg hefi ekki haft tíma til að athuga frv. vandlega, og því ekki getað til fullnustu áttað sig á einstökum atriðum frv. þessa. Má vera, að aðrir hv. þingdm. hafi síðan 12. þ. m. getað kynt sjer það svo, að þeir treysti sjer til að dæma um það og taka afstöðu til þess.

Þetta segi jeg til þess að skýra hv. deild frá því, að hún má ekki búast við, að jeg fari langt út í málið. Jeg ætla að eins að leyfa mjer að beina enni fyrirspurn til hv. frsm. (G. Sv.), út af einni frvgr., sem töluvert hefir verið talað um, og líklega að einhverju leyti verið misskilin; jeg á þar við 27. grein.

Mjer skilst, að það sje augljóst, að ef ákvæði eru um það, hverjir megi leggja fje í fyrirtæki, þá sje og eðlilegt og sjálfsagt, að það sje trygt, að það komist ekki umsvifalaust á annara hendur, þegar um innlent fje er að ræða. En

jeg vildi spyrja, ef það er hugsanlegt, að útlent fjelag fengi sjerleyfi hjer, á þá að fylgja sömu reglum um hið útlenda fje, og má ekki selja þau hlutabrjef eða eignaskirteini eða afhenda nema hjer á landi og eftir ákvæðum 27. gr.? Það sýnist nefnilega eðlilegt, að ef fjeð er útlent, þá megi það halda áfram að vera það, þó með eftirliti; enda er svo um mælt í 38. gr., þar sem um sjerleyfi til útlendra manna er að ræða, að farið skuli eftir fyrirmælum 3. kafla frv., og þar á meðal 27. gr., „að svo miklu leyti, sem við getur átt.“ Nú vildi jeg fá að vita, hvort þetta mundi geta orðið að samningamáli, þegar leyfið er veitt. Ef sá skilningur yrði lagður í þetta, má vera, að eitthvert útlent fjelag bæði um leyfi til fossavirkjunar hjer á landi. En ef það er útilokað, að útlendingar, sem kynnu að leggja fje í fossafyrirtæki hjer á landi, megi selja hlutabrjef sín á útlendum markaði, hvernig sem á stendur, þá þarf víst ekki að gera ráð fyrir, að þeir sæki um nokkurt leyfi hjer.

Mjer sýnist annars, að það muni verða örðugt að átta sig á sjerleyfislögum, nema menn sjeu áður búnir að gera upp með sjer margt annað, sem um er deilt. Mjer finst t. d., að stjórnin verði að gera upp með sjer, áður en hún tekur ákveðna afstöðu í málinu, hvaða rjett ríkið hafi yfir vatni í landinu. Jeg sje líka, að nefndin í fossamálinu hefir viljað hafa þessa aðferð, og því skil jeg ekki, hví hv. þm. Dala. (B. J.) er nú svo æstur og ákafur, að berja þetta frv. í gegn.

Þá skal jeg minnast lítið eitt á vatnastjórann, sem háttv. samvinnunefnd vill að skipaður sje, og vatnastjórn meiri hl. milliþinganefndarinnar. Það er harla mikill munur á þessu tvennu, hvort sett er þriggja manna nefnd stjórninni til aðstoðar og ráðuneytis í vatnamálum, eða að einum manni, með alræðisvaldi, sje falin öll umsjón vatnamála, og hann í raun rjettri settur yfir landsstjórnina í þeim málum. Það mun heldur varla þörf á þessum vatnastjóra, þar sem ráðuneytið á hvort sem er ekki að hafa síðasta orðið eða úrskurðarvald, þegar um öll stærri vatnsorkusjerleyfi er að ræða, heldur á það að koma undir þing, um veiting eða synjun slíkra sjerleyfa. Jeg sje ekki betur en að þessi eins manns stjórn sje ófær; en við þriggja manna stjórn vatnamálanna gæti jeg felt mig, eins og gert er ráð fyrir henni í frv. fossanefndar. Kostnaðarmunurinn yrði lítill, þar sem þar er gert ráð fyrir einum formanni með fullum launum og tveimur öðrum með mjög litlum launum. Í mínum augum er það dálítið broslegt, að þar sem samvinnunefndin gerir sjerleyfisskilyrðin svo ströng, að varla má gera ráð fyrir, að nokkur útlendingur sæki um slíkt leyfi, þá hefir hún eigi að síður tekið það upp úr frv. minni hl., að tvö þing skuli þurfa að samþ. öll meiri háttar sjerleyfi. Á þann hátt þarf leyfisbeiðandi að bíða alt að 3—4 árum eftir því að fá vissu um, hvort leyfið muni fást eða ekki, og verður það síst til að ýta undir menn til að sækja um leyfi þessi. Þetta er spaugilegt meðal annars af því, að eitt þing getur ekki bundið annað, nema stjórnarskrárþing sje. Ef endilega ætti að halda þessu, þá þyrfti að bæta ákvæði um það inn í stjórnarskrána. Þetta er að vísu aukaatriði. Aðalatriðið fyrir mjer er, að mjer sýnist ekki hægt fyrir þingið að ganga frá neinum sjerleyfislögum, nema ákveðið hafi verið áður um vatnsrjettindin, hver þau eigi

að hafa. Ef niðurstaðan verður sú, að ríkið eigi vatnsrjettindin, þá verður að orða sjerleyfislögin öðruvísi en ef þau eru eign einstaklinga.

Fyrir mjer stendur málið þannig, að þingið sje skyldugt til að gera út um rjettarspurninguna, áður en það samþ. nokkur sjerleyfislög.

En hjer þýðir ekki að vera með neina útúrdúra. Og þetta tal er með öllu þýðingarlaust. Það er ekki til annars en að eyða tímanum í óþarfahjal, og það þeim tíma, sem nota hefði mátt annars í þarfir málsins.

En því miður hefir þetta mál farið í mola, og lítur því ekki út fyrir annað en að þingið verði að skilja við það hálfkarrað, ef ekki verður úr annað verra.

Björn R. Stefánsson: Háttv. þm. Dala. (B. J.) hafði það rjett eftir mjer í gær, að jeg væri því mótfallinn, að svo ströng skilyrði yrðu sett, að engir útlendingar gætu gengið að þeim, vildu ekki þiggja þessar krásir, sem hv. þm. (B. J.) nefndi svo. En jeg veit nú satt að segja ekki, við hvað hann miðar, er hann kallar þetta krásir, ef það er alvara hans að setja skilyrðin svo þröng, að ekkert verði að gert, og öll fallvötn landsins verði framvegis ónotuð.

Þá sje jeg ekki betur en þau verði verðlaus, og þá ekki um neinar krásir að ræða í sambandi við þau.

En það veður þó uppi innan um hjá hv. þm. (B. J.), að hann vill, að landið taki vötnin í sína þjónustu. En ekki get jeg skilið, eftir þeim ummælum, sem hann hefir haft um landsstjórnina, að hann skuli bera traust til hennar til að standa fyrir virkjunum þessum.

Hvernig getur hann treyst henni til þess, þar sem hann treystir henni ekki til að gera einfalda samninga við þá, sem um sjerleyfi sækja? Það hefir líka oft komið fram hjá honum, að hann vantreystir stjórninni til ýmissa hluta annara, sem minna er í varið en þetta. Og þegar litið er til allra slíkra ummæla hans, þá er það óskiljanlegt, að hann skuli treysta henni til að standa fyrir stóriðjunni.

Jeg fyrir mitt leyti treysti henni ekki til þess, þótt jeg beri fult traust til hennar til að gera samninga um sjerleyfisveitingu.

Þá sagði hv. þm. (B. J.), að jeg hefði haldið því fram, að ekki mundi þurfa fleira en nokkur hundruð manna til þeirrar virkjunar, sem jeg gerði ráð fyrir.

Jeg verð að játa það, að jeg er ekki eins hræddur um íslenskt þjóðerni og tungu eins og ýmsir aðrir hv. þm., þótt hingað flyttust inn nokkur hundruð útlendingar, eða nokkuð töluvert af erlendu fje, enda sje jeg ekki, að við getum hjá því komist að hætta á það, því að ella er fyrirsjáanlegt, að við hljótum að dragast langt aftur úr í samkepninni við aðrar menningar- og framfaraþjóðir. Fjárhag okkar og framfaraþörf er svo komið, að við verðum annaðhvort að duga eða drepast.

Jeg man ekki eftir, að nokkur neiti því, að hjer muni ekkert verulegt gert, nema með erlendu fje. Til láns fæst ekkert stórfje, án þess að lánardrottinn vilji hafa einhvern íhlutunarrjett um meðferð þess, en í því tel jeg engu minni hættu fólgna en þótt við leyfðum útlendingum — innan ákveðinna takmarka þó — að reka hjer einhver fyrirtæki á eigin ábyrgð.

Það, sem fastast er haldið fram gegn

því að leyfa útlendingum stóriðju hjer með vatnsorku, er, að þeir muni eyðileggja þjóðerni okkar og tungu. Þetta finst mjer illa samrýmast því, sem hjer er svo oft staðhæft og jafnvel raupað af, hvað íslenska þjóðernið sje sterkt. Jeg tel þá staðhæfingu á rökum bygða, og fyndist því á það hættandi — ef um stórhagnað væri að ræða í aðra hönd — að leyfa jafnvel alt að því eins mörgum þúsundum að flytjast hjer inn eins og hjer eru margir tugir þúsunda fyrir.

Jeg þykist ekki segja þetta út í loftið, því styrkleiki ísl. þjóðernis er reyndur — þrautreyndur.

Áðan var á það bent, að hjer hefðu fyrir nokkrum árum verið allmargir Norðmenn, sem unnu að símalagningu, og hefði enginn skaði hlotist af, heldur hefðu þeir sparað vinnukraft svo, að ekki þurfti að taka hann frá öðrum atvinnuvegum til símalagningarinnar. — Þetta er auðvitað satt, en hjer var um smáræði að gera, móti því, sem hjer um ræðir. Verður því að benda á eitthvað annað, sem meira sannar.

Hjer voru hvalveiðar stundaðar um allmörg ár, bæði á Vestur- og Austurlandi. Hvalveiðastöðvarnar voru í strjálbygðum sveitum og mynduðu í þeim smáþorp, þar sem örfáir Íslendingar voru að skrölta innan um tóma Norðmenn. Jeg veit ekki, hvaða afleiðingar þetta hefir haft á Vesturlandi, en það er mjer kunnugt um fyrir austan, að þeir fáu Íslendingar, sem þar umgengust mest Norðmenn, tala engu verri íslensku en aðrir, jafnvel þó að þeir lærðu norsku að meira eða minna leyti.

Þetta hvorttveggja tel jeg samt veikar sannanir fyrir styrkleik þjóðernis okkar og tungu, móti einni, sem jeg enn skal nefna.

Til Ameríku hafa flust á æði mörgum árum Íslendingar, sem þó urðu samtals litlu fleiri hundruð en þar voru miljónir fyrir. Þeir fluttu vestur smátt og smátt og dreifðust þar innan um fjöldann. Til þess að geta bjargað sjer þar þurftu þeir strax að leggja kapp á að læra mál Ameríkumanna og að semja sig sem best að þeirra háttum. Jafnframt hafa þeir blandað blóði við þarlenda menn, en samt er hvorki tunga þeirra nje þjóðerni upprætt enn. Því verður ekki neitað, að hvorttveggja er spilt, en því verður ekki heldur neitað, að mikið sje eftir. Aðstaða þeirra er þó svo ólíku erfiðari en þótt við fengjum inn í landið 1 á móti hverjum 10, sem fyrir eru.

Mjer finst einmitt, að saga þessa fámenna flokks í Ameríku gefi góða bendingu um það, að þjóðerni okkar og tunga sje sterkari en ráða mætti af vantrausti því, sem lýsir sjer í orðum hv. þm. Dala. (B. J.).

Eitt af því, sem hv. þm. Dala. (B. J.) benti á, var það, að einn Norðurlandabúi — jeg man ekki hvort það var Norðmaður eða Svíi — hefði sagt sjer,að hann teldi víst, að ef Íslendingar leyfðu hjá sjer stóriðju, þá mundi tunga þeirra og þjóðerni glatað að 20 árum liðnum. Þetta held jeg sagt út í loftið. Sá góði maður — þótt vitur væri og velviljaður — hefir ekki þekt okkur, og því ekki haft eins mikla trú á okkur eins og við getum sjálfir haft af fenginni reynslu. Það hefði mátt minna hann á það, að við höfum betur haldið við þjóðerni okkar og tungu en aðrar Norðurlandaþjóðir, þótt stærri sjeu. Það hefir að vísu verið þakkað því, að við höfum verið svo einangraðir frá öðrum þjóðum. Óneitanlega er mikið til í því, en á þeim árum hafði

alþýða heldur enga skóla, blöð nje bækur til viðhalds tungunni og eftirliti með henni og öðrum þjóðerniseinkennum. Á þeim öldum reyndu jafnvel Íslendingar að apa erlenda hætti og útlend mál. Af þessu skifti sjer enginn, en þó fór ekki alt í hundana, og vel má á það líta, hve fljótt gekk að laga það, sem afvega var farið, þegar upp risu fræðimenn og rithöfundar, sem tóku sjer það fyrir hendur að hreinsa aftur málið, og það á þeim tímum, eða jafnframt því, sem viðskifti og viðkynning við útlendinga fór að aukast.

Nú er ólíku saman að jafna. Einangrunin er orðin minni en áður, en nú er líka fult af íslenskum blöðum og bókum á hverju einasta heimili og skólar víðs vegar um land. Fjöldi af skáldum og rithöfundum, sem jeg tel víst að telja mundu sjer ljúfa skyldu að hafa vakandi auga á þessu, enda veit jeg ekki, fyrir hvað ætti að greiða þeim árlega stórfje úr ríkissjóði, ef þeir teldu ekki þetta hlutverk sitt.

Annað verð jeg líka að minnast á, sem fram hefir komið, og jeg tel að lýsi ómaklegu vantrausti á þjóðinni. Þessum mönnum, sem búist er við, að flytjist inn í landið, er altaf lýst sem argasta ruslaralýð og ræfilmennum, en þó er talið sjálfsagt, að við mundum vera orðnir þeirra þrælar eftir nokkur ár. Þessa spásögn tel jeg ómaklega lítilsvirðing og móðgun við Íslendinga, eftir þær eldraunir, sem þeir eru búnir gegnum að ganga, bæði hjer heima og erlendis.

Þá talaði hv. þm. (B. J.) um þá brtt. mína, þar sem jeg vil leyfa að áskilja, að sjerleyfishafi, að einhverju eða öllu leyti, leggi járnbraut, sem jafnóðum verður ríkiseign, í stað þess að borga sjerleyfisgjald það, sem um er rætt í 1.—6. lið greinarinnar. Hv. þm. (B. J.) telur það svo óbilgjarnan og háan skatt, að enginn mundi að því ganga. Sá skattur þarf þó hvorki að verða hærri nje óaðgengilegri fyrir sjerleyfishafa en gjald það, sem ráðgert er í frv. sjálfu.

Eftir frv., eins og það liggur fyrir, getur Alþingi hve nær sem er veitt svo mörg sjerleyfi sem vera skal, bara að ekkert sje meira en upp á 50 þús. hestorkur. Segjum, að það veitti 10 slík sjerleyfi. Það yrðu samtals 500 þús. hestorkur. Jeg ætla nú samt ekki að reikna eftir því, heldur eftir því hámarki, sem jeg vil að sett sje, sem samkvæmt brtt. minum eru 120 þús. hestorkur. Svo skulum við taka tæpt meðaltal af þeim hámarks- og lágmarksuppástungum um sjerleyfisgjaldið, sem í frv. er nefnt. Það eru 5 kr. af hverri virkjaðri hestorku. Á 55 árum næmi þetta 33 miljónum kr.

Þegar ráðgerð var járnbrautarlagning hjer austur í Rangárvallasýslu, þá minnir mig vera áætlað, að hún mundi kosta tæpar 4 miljónir. Þessi áætlun var gerð fyrir dýrtíðina og stríðið. Við skulum því gera ráð fyrir, að hún mundi nú kosta 11 miljónir. Þá sjáum við, að fyrir sjerleyfisgjaldið mætti 3 sinnum leggja járnbraut austur um sýslur. Þess vegna gerði jeg líka ráð fyrir, í fyrri ræðu minni, að eins líklegt væri, að sjerleyfisgjaldið þyrfti ekki, nema að einhverju leyti, að greiðast með áskilinni kvöð um járnbrautarlagningu.

Það er því alls ekki óhugsandi, að að þessu yrði gengið. Jeg býst auk heldur við, að sjerleyfishafa þyki aðgengilegra að inna gjald sitt af hendi á þennan hátt, einkum þar sem honum er áskilinn rjettur, samkvæmt brtt. minni,

til að fá flutning með þessari járnbraut ríkisins með samskonar kjörum, sem hann verður skyldaður til að láta orku í tje til landsmanna og ríkisins. Jeg geri nefnilega ráð fyrir því, að hann mundi þurfa að leggja járnbraut fyrir sjálfan sig til iðjuvera sinna. Sú járnbraut mundi að vísu ekki þurfa að vera eins vönduð og dýr eins og sú, sem hann yrði að leggja fyrir ríkið, en dýr yrði hún samt, og jeg get búist við, að hann gæti alveg sparað sjer hana, ef þetta gengi fram, eins og jeg hefi stungið upp á. Jeg tel því alls ekki, að þessi brtt. mín geri frv. að neinu leyti óaðgengilegt fyrir sjerleyfishafa.

En brtt. þessari vil jeg alls ekki sleppa, heldur gera hana að kappsmáli. Jeg hefi altaf sett járnbrautarlagningar hjer í samband við fossaiðnaðinn, síðan hann komst til tals, en aldrei haft trú á því, að við hefðum ráð á því að leggja járnbrautir, nema við hefðum það upp úr fossunum, sem til þess þarf, eins og jeg nánar talaði um í fyrri ræðu minni, og vil ekki fara að endurtaka.

Jeg ætlaði mjer í fyrstu að láta bíða að taka aftur til máls, þangað til hv. frsm. (G. Sv.) hefði talað. En reyndar gerir það ekki til, því að það var að eins fyrirspurn, sem jeg gerði til hans, og get jeg eins tekið við svarinu, þó jeg sje dauður.

Frsm. meiri hl. (Gísli Sveinsson): Fyrst vildi jeg beina orðum mínum til hæstv. forsætisráðh. (J. M.). Hann talaði um þau ákvæði, sem 27. gr. inniheldur, og hafði hann ýmislegt við þau að athuga. Hann fjelst þó á, að sú gr. í frv. hefði fullan rjett á sjer, með þó þeim skilningi, sem hann vildi á hana leggja.

En þau ákvæði, sem í gr. standa, eiga að vera til þess að reisa skorður við því, hver eignast geti hlutabrjef í fjelögum þeim, sem virkja fossa hjer, og hver hafi haldsrjett á þeim, veðrjett og því um líkt.

Ákvæði þessi eru hjer að mestu samhljóða því, sem Norðmenn hafa í sínum sjerleyfislögum, að breyttu því, sem breyta skal, vegna þess, að þetta er annað land.

Og þegar af þeirri ástæðu ætti ekki að vera neitt á móti þessu ákvæði að segja hjer, þegar Norðmenn, sem reynsluna hafa, hafa talið slíkt ákvæði nauðsynlegt hjá sjer.

Því getur enginn neitað, að þegar um er að ræða lög um notkunarrjett á þessum öflum, þá er okkur skylt að setja ekki óstrangari öryggisreglur en aðrar þjóðir hafa gert hjá sjer.

Ef öðrum þjóðum finst það hættulegt að hafa slakt taumhald á fje og áhrifum útlendinga, þá megum við Íslendingar ekki vera eftirbátar í þeirri varfærni og öryggisráðstöfunum.

Jeg vil því láta hv. deild vita, að samvinnunefndin leggur áherslu á það, að þessi gr. fari úr deildinni með sem líkustum ákvæðum og í henni eru nú.

Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) hafði heldur í rauninni ekkert við þessi ákvæði að athuga; að eins var þetta fyrirspurn hjá honum um það, hvort ekki bæri að skilja ákvæðið svo gagnvart útlendingum, að þeim, sem fá leyfi til að stofna hjer fjelög í þessu skyni, sje frjálst um eignarhald á hlutabrjefunum.

En því er þar til að svara, að samkvæmt 4. kafla laganna geta útlendir

menn, sem hjer eru búsettir, öðlast þessi rjettindi, svo og fjelög, sem samkvæmt 38. gr. eiga heimilisfang á Íslandi og hafa hjer varnarþing, og sjeu ⅔ hlutar stjórnarinnar innlendir menn.

Jeg tel víst, að rjett sje að skilja þessar greinar svo, að fjelagsmenn allir hafi rjett til að halda sínum hlutabrjefum, ef fjelagið fullnægir þeim skilyrðum, sem 38. gr. setur.

Jeg vona því, að hæstv. forsætisráðh. (J. M.) sjái, að hjer eru engar hömlur á lagðar, þó um útlent fjelag sje að ræða, þar sem þeir, sem fjelagið stofna, hafa að sjálfsögðu þennan rjett, svo framarlega, sem fullnægt er þeim skilyrðum, sem gr. setur.

Jeg held því, ef frv. að öðru leyti er svo úr garði gert, að útlendum fjelögum sje aðgengilegt að fá hjer sjerleyfi til þessara hluta, þá geti þetta ekki orðið því til fyrirstöðu.

Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) hafði í öðru lagi það að athuga við frv., að hann taldi um vatnastjórann, að honum yrðu fengin alt of mikil völd.

Jeg gat þó ekki skilið hann svo, að hann væri á móti því, að stjórnin hefði í þessum málum einhvern ráðunaut, heldur að eins það, að þessum manni yrðu ekki fengin svona mikil völd. Hann vildi heldur, að samvinnunefndin hefði haldið ákvæðunum um vatnastjórn. En nefndin taldi það mundu verða alt of mikið bákn að hafa sjerstakt stjórnarráð fyrir þetta. Hitt þótti sjálfsagt, að stjórnin hefði einhvern mann sjer við hlið í þessum málum. En hjer liggur nú fyrir brtt. frá einum nefndarmanni um þetta atriði, og vill hann þó ekki afnema þennan vatnastjóra, heldur gera hann að eins að tillögumanni. En ekki get jeg fyrir mitt leyti fallist á það. En hitt get jeg ekki skilið, að hæstv. forsætisráðh. sje því mótfallinn, að stjórnin hafi sjer við hlið ráðunaut í þessum málum.

Enn taldi hæstv. forsætisráðh., að slík lög sem þessi hefðu átt að afgera eignarrjettarspurninguna þannig, að hjer komi skýrt fram, hverjir hefðu rjett til að teljast eigendur vatnsorkunnar.

En mjer er ekki ljóst, hvernig hann getur skoðað það sem skilyrði fyrir reglum um notkun vatnsorkunnar, hvort ríkið á vatnið eða einstaklingarnir.

Jeg lít svo á, að það sje nóg að ákveða, hver megi fá sjerleyfið, og að sá verði að sanna heimildir sínar fyrir vatninu, hvort heldur er eignarrjett sinn, leigurjett eða umráðarjett, til þess að nota það vatnsfall, sem um er að ræða.

Það er ekki nokkur minsta ástæða, að ákveðið sje um þá „theoretisku" deilu, sem hjer er orðin um það, hverjir ættu vatnið. Og ef svo fleiri hölluðust að þeirri lausn á málinu, að einstaklingarnir ættu, því síður er ástæða til að setja nokkur ákvæði um það í slíkt frv. sem þetta. Hitt er rjett að setja það í almenn vatnalög, en hjer er ekki um þau að ræða.

Jeg get tekið hjer með þá athugasemd hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), sem hann kom með í gær, að ekki væri í frv. úrskurður um eignarrjettinn. Þar til er því sama að svara og áður, að það átti hjer ekki heima. Jeg vil í því sambandi benda hv. minni hl. eða hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) á það, að hann hefir sjálfur í ritgerð sinni „Um sölu orkuvera og greining þeirra um landið" komist svo að orði um þetta atriði:

„Með því, sem hjer verður sagt um sölu og leigu vatna, er engin afstaða tekin til spurningarinnar um eignar-

rjett að þeim. . Hann þarf ekki að fylgja notarjettinum, enda notarjettur til vatns ýmislega takmarkaður af lögum og venjum að fornu og nýju. Og hvernig sem á slík rjettindi verður litið, þá er það augljóst, að hagsmunir einstaklings verða að víkja í ýmsum greinum fyrir almenningsþörf, þegar svo ber undir, og ríkið þarf að skipa rjettindum. Gildir þetta nú sem fyr um brýr og vegi, fleytingu og umferð á vötnum, vatnsnot til heimilisþarfa, áveitu, veiðiskap o. fl.“

Þetta er alveg rjett, og þetta viðurkennir hv. þm. (Sv. Ó.) þarna skýrum orðum. Það var líka áður en hann komst út í þessa þvælu, sem hefir gert hann og fleiri svo ruglaða í ríminu.

Hæstv. forsætisráðh. taldi broslegt að setja svo ströng skilyrði fyrir sjerleyfi, að enginn sækti um það. Jeg skal svara því svo, að samvinnunefnd bjó út frv. sitt þannig, að sjerleyfi mætti veita, en um leið setti hún ákvæði um, hvernig það ætti að veita. Og verða þá aðalákvæðin að sjálfsögðu öryggisákvæði. Nú hefi jeg bent á áður, að samvinnunefnd tók til greina till. og athugasemdir frá fjelögum ýmsum, þar á meðal frá fossafjelaginu Titan, og tók að ýmsu leyti tillit til þeirra. En þó að ekki væri farið alveg eftir till. þess fjelags, þá mátti minna gagn gera. Og ef útlent auðmannafjelag ætti að ráða löggjöfinni í þessu efni, væri enginn öfundsverður að taka þátt í henni, og mundi jeg þá leiða minn hest hjá því, enda dygði þá auglýsing frá fjelaginu.

Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) lagði á móti því ákvæði 8. gr., að Alþingi yrði að samþ. tvisvar sjerleyfi til stærri orkuvinslu, fyrir og eftir nýjar kosningar. Minni hl. fossanefndar hafði sett ákvæðið á líkan hátt, en meiri hl. hafði gert ráð fyrir að láta samþ. eins þings nægja. En samvinnunefnd tók upp ákvæðið um kosningarnar milli þinga, því ef tvö þing áttu að úrskurða, varð eitthvað að gefa tilefni til breyttrar afstöðu. En ef sömu þm. sátu á báðum þingunum, var ástæðulaust, að þeir sömu samþ. leyfið tvisvar.

Svo var það hv. 1. þm. Árn. (S. S.), sem jeg vildi svara fám orðum. En jeg skal þegar taka það fram, að jeg ætla mjer ekki að blanda mjer inn í sennur þeirra hv. þm. Dala. (B. J.) og hans, og hvorki komast eins hátt nje lágt í umræðunum eins og þeir.

Vatnastjórinn var það atriðið, sem háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hafði eðlilega ýmislegt að athuga við. Brtt. hans fara nefnilega í þá átt, að vald þessa manns sje rýrt. Það verður að skeika að sköpuðu um það, hvernig deildin snýst við þessu atriði. En eins og jeg hefi þegar bent á, vildi samvinnunefnd veita þessum manni — vatnastjóranum — allmikið vald, ef veita á sjerleyfið. Annað mál er það, að þing og stjórn þarf ekki að veita sjerleyfið, þótt vatnamálastjóri sje því meðmæltur.

Enn fremur þykir honum sjerleyfistímabilið of stutt. Þetta er eitt aðalatriðið, og þó að ýmsir þm. geti ef til vill ekki áttað sig á öllum atriðum málsins, þá finst mjer, að þeir geti það á svo tiltölulega einföldu atriði, sem þetta er, og sjeu þegar búnir að ákvarða sig í því. Til þess liggja ærin rök, að tíminn sje ekki lengri, og hafa þegar verið upp talin.

Jeg hefi enn fremur í svari mínu til hæstv. forsætisráðherra (J. M.) gefið fullnægjandi skýringu á því, hvers vegna jeg tel ófært að aðhyllast brtt. hans við 27. gr. Sú grein er eitt af þeim atriðum, sem ekki má raska í

sæmilegri sjerleyfislöggjöf. Og ef á að fara að ganga hjer jafnvel miklu lengra en aðrar stærri þjóðir, er alt komið í óefni áður en varir. Og eigi að vera hægt að „valta“ með hlutabrjef fyrirtækjanna hingað og þangað úti um víða veröld, þá eru lög um þetta yfirleitt þýðingarlaus. Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) bar kvíðboga fyrir því, að sum ákvæði frv. gerðu ekki fýsilegt að sækja um sjerleyfi. En þetta er ástæðulaus gryla. Innlendir menn mundu eins sækja, og útlendir líka. Enda má geta þess, að fossafjelagið „Titan“ hefir ekki látið annað uppi en að það mundi sækja um sjerleyfið, þótt frumvarpið yrði samþ. Ákvæði frv. eru líka miðuð við ákvæði, sem alstaðar annarsstaðar eiga sjer stað í sjerlöggjöf þjóða um þessi efni.

Loks vildi hv. þm. (S. S.) leggja til, að fossalögin frá 1907 væru ekki afnumin. Nefndin sjer ekki ástæðu til, að þau verði áfram látin vera í gildi, en það verður að vera undir þinginu komið, en rjettast virðist að nema það í lögum, sem óþarft er, úr gildi.

Háttv. minni hl., eða hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), talaði nokkuð frekar um frv., og fann því það meðal annars til foráttu, að það væri of strangt. Það má nú dálítilli furðu gegna um afstöðu hans nú í því efni. Því þau tvö atriði, sem hann finnur frv. til foráttu, eru þannig vaxin, að væri frv. hans sjálfs nú lagt fram, mundi útilokað, að hann gæti fylgt því, vildi hann vera sjálfum sjer samkvæmur. Jeg hefi áður bent á, að eignarrjettarspursmálið geti ekki staðið í vegi fyrir því, að hann sje með frv., því ekki er neitt um það hjer að ræða. Og frv. hans fer alveg í sömu átt hvað þetta snertir. Og um hitt atriðið, að ákvæði frv. sjeu of ströng, til þess að hann geti fylgt því, er það að segja, að hann hefir sjálfur búið til eins ströng ákvæði, og jafnvel sagt, að hann vildi helst stemma stigu fyrir sjerleyfisveitingum. Ef svo er, þá ætti frv. að falla honum ágætlega í geð, eftir hans skoðun á því. Hv. þm. (Sv. Ó.) er því kominn hjer út í þær ógöngur og mótsagnir við sjálfan sig, að engu tali tekur.

Það var þá og óþarfi fyrir hv. þm. (Sv. Ó.) að skera sig út úr nefndinni um sjerleyfislögin, þótt hann skildist frá í einu atriði í fossanefndinni. En það er sýnilega orðið honum að ástriðu að bora sjer út úr. Hingað til hefir það samt ekki verið talin besta leiðin til þess að komast að heppilegri niðurstöðu. Jeg freistast næstum til þess að halda, að hann hafi í þetta skifti borað sjer út úr til þess að þurfa ekki að segja, að hann hafi verið með þessum þorpurum, sem svo eru nú nefndir af blaði einu hér í bænum, sem þekt er að því, að ráðast fremur á menn en málefni. Að dómi blaðsins er meiri hluti fossanefndar nú talinn að vera ránshópur, sem ræna vilji rjettmætri eign, og þeir, sem þann hóp skipa, eru þjóðníðingar nefndir. Jeg tel alls kostar ómaklegt að fara þeim orðum um meiri hl. fossanefndar. En því um óheimilla er það um meiri hl. samvinnunefndar, sem ekki hefir tekið neina afstöðu til eignarrjettaratriðisins.

Hitt skal jeg láta mjer í ljettu rúmi liggja, þótt blaðið ræði þetta mál, eins og önnur, með því að rægja og svívirða einstaka menn. En jeg held, að þjóðin sje ekki enn sokkin svo djúpt, að slík aðferð verði vatn á blaðsins myllu, hvað sem blaðinu kann að takast að koma þjóðinni langt niður á við með tímanum.

Af smávægilegri atriðum, sem hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) fann að, var það eitt, að skifting frv. væri of mikið sundurliðuð. En jeg verð að telja það kost á hverri löggjöf, að hún sje greinileg, og vísasta ráðið til þess er að skifta henni niður í kafla og þætti.

Jeg tel það einmitt kost á þessu frv., að svo greinilega er frá því gengið. Höfuðgallinn á frv. minni hl. er sá, hversu ógreinilegt það er. Þar ægir öllu saman í graut. Annars eru sum atriði nýtileg í því frv. En það er ekkert viðlit að gera frv. að lögum, eins og það er úr garði gert. Áður þyrfti að steypa því í alt annað form.

Háttv. sami þm. (Sv. Ó.) talaði um tvítekningar í 10. og 15. gr. frv. Ef hann segir þetta af alvöru, hefir hann misskilið efnið. 10. gr. fjallar um það, hvað tilgreina skuli í sjerleyfi. En 15. gr. fjallar um verðlag á orku og vísar til þess, sem á að standa í sjerleyfisbrjefi. Hjer er því ekkert tvítekið, engu ofaukið. Hann sagði, að það væri óþarft að taka þetta svona nákvæmlega fram í lögunum; það mætti setja í reglugerð. En nefndinni þótti þetta svo mikilsvert atriði, að henni þótti sjálfsagt að setja það í lögin. Hins vegar hefir nefndin hliðrað sjer hjá að taka sumt fram, sem minna var um vert, og má taka það upp í reglugerð.

Háttv. sami þm. (Sv. Ó.) sagði í seinni ræðu sinni í gær, að það vantaði ákvæði um heilbrigðisástand verkalýðsins og ýmislegt annað, svo sem bókakost o. fl. Þó að þetta væri rjett, þá eru það ekki rök á móti frv., því að samkvæmt skoðunum hans á það ekki að innihalda alt, heldur að eins það, sem mestu varðar. En jeg skal benda á það, að 10. gr. gerir ráð fyrir, að stjórnin taki upp ákvæði, sem hún telur nauðsynleg til almenningsheilla.

Þá fann sami hv. þm. (Sv. Ó.) frv. það til foráttu, að greinargerð vantaði fyrir því. Þar til er því að svara, sem öllum ætti að vera ljóst, að nú er Alþingi búið að kynna sjer þetta mál, og þær greinargerðir, sem fylgdu frv. milliþinganefndar, gilda einnig um þetta frv. Það væri að eins til þess að eyða prentsvertu til einskis, að fara að prenta upp aftur greinargerðir og athugasemdir meiri og minni hl. Það liggur í hlutarins eðli, að þm. hjóti að þekkja þetta. Önnur ákvæði skýra sig sjálf, og sum eru tekin eftir ákvæðum laga annara þjóða, sem líka er að finna í plöggum milliþinganefndar, sem lögð hafa verið fyrir þingið.

Hann var líka mótfallinn því, að greiða ársgróðann að eins til ríkissjóðs. En nefndinni þótti ekki tiltækilegt að leggja það til, að hann rynni annað en í ríkissjóð.

Hann taldi það ekki vansalaust fyrir landsstjórnina, ef hún ljeti ekki bæta þau virki, sem fjellu til ríkisins. Þetta er misskilningur. Lögin eru einhlít í þessu efni. Þau virki, sem falla endurgjaldslaust til ríkisins, verða að hlíta ákvæðum laganna. Stjórnin er ekki skyldug að bæta þau, nema lögin mæli svo fyrir. Ef virkin eru ekki nýtileg á neinn hátt, þá á sjerleyfishafi engra bóta von, en getur tekið þau burtu, og það fer þá eftir ástandi virkjanna, að loknum sjerleyfistíma, hvort þau verða bætt eða ekki.

Þá taldi hann sjerleyfisdóminn bákn. Hann vildi, að úrskurðarvaldið væri hjá dómstólunum, og ber þessa stofnun saman við landsdóminn. En hjer er fundin miklu einfaldari, viðhafnar-

minni og skemri leið heldur en að skjóta málunum til dómstólanna. Og ef hv. þm. (Sv. Ó.) þekkir landsdóminn, ætti hann að vita, að þar er ólíku saman að jafna. Hv. þm. (Sv. Ó.) hlýtur að vita, að landsdómurinn er skipaður með miklu meiri vafningi. Með þessu fyrirkomulagi er og auðvelt að afgreiða slík mál á miklu skemri tíma heldur en ef þau ættu að fara gegnum undirrjett og hæstarjett. Þetta ákvæði er í sjálfu sjer svo einfalt, að það er óskiljanlegt, að að því skuli vera fundið frá því sjónarmiði.

Háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) spurði að því, hvort ekki ætti að fara eftir till. vatnastjóra, þegar um væri að ræða 1000 til 10000 hestorkur, eða þá hestorkutölu, sem er milli þess, sem einstaklingar mega hafa, og Alþingi hefir umsjón með. Jú, það er svo. Aðallega kemur til hans kasta á þessu bili, og það af þeirri ástæðu, að hann er embættismaður stjórnarinnar, en hún hefir vald til þess að veita sjerleyfi á þessu bili, en ef um fleiri hestorkur er að ræða, kemur til kasta Alþingis.

Forsætisráðherra (J. M.): Hv. frsm. (G. Sv.) misskildi það, sem jeg sagði um 27. gr. í sambandi við 38. gr.

Það er rjettilega tekið fram í 27. gr., og jeg er því sammála, að það verður að reyna að fyrirgirða það, að innlent fje flytjist út úr landinu. En hitt er vafamál, hvernig á að fara með það fje, sem frá upphafi er útlent. Jeg sagði, að við gætum varla staðið okkur við að þrengja svo kosti þeirra manna, sem þetta fje kynnu að eiga. Jeg sagði, að mjer skildist, að ekki gæti leikið efi á því, að um þetta atriði yrði að setja sjerstakar reglur. Jeg hefi spurt nokkra menn um þetta og komist að raun um, að nefndin hefir ekki athugað þetta sem skyldi. Þetta hefir verið tekið upp úr norsku lögunum. En þar stendur dálítið öðruvísi á, því að þetta er gert til þess að hindra það, að útlent fje flytjist inn í landið. En hjer getum við ekki án þess verið.

Þetta vildi jeg skýra, þar eð mjer fanst deila hv. frsm. (G. Sv.) um 27. gr. vera bygð á misskilningi. En ef greinin er skilin þannig, er ekki ástæða til að amast við henni. Mjer skildist, að jeg og hv. frsm. (G. Sv.) værum sammála um þetta atriði.

Hann hafði ekki heldur athugað alveg rjett till. um vatnastjóra og vatnastjórn. Honum virðist ekki vera ljós sú breyting, sem þar er á orðin. Hann var stöðugt að tala um hann sem ráðunaut. En þegar talað er um vatnamálastjórn hjá milliþinganefndinni, þá var ekki um ráðunaut að ræða, heldur sjálfstætt vald. En samvinnunefnd hefir gert þetta vald of mikið. Till. meiri hl. milliþinganefndar um vatnastjórn voru forsvaranlegar, því að þar var um þrjá menn að ræða. En jeg tel alveg frágangssök að fá einum manni alt þetta vald í hendur. (**B. J.:** Hann á að eins að hafa veto). En það er nóg til þess, að setja hann yfir landsstjórnina. Hjer hefir framsm. ruglað saman vatnastjórn og vatnastjóra, eða hreinu valdi og ráðgefandi valdi.

Annars svaraði háttv. þm. (G. Sv.) ekki athugasemd minni um, að sjerleyfislög skyldu samþ. á tveim þingum. Jeg taldi það ákvæði þýðingarlaust, nema það stæði í stjórnarskránni. — Setjum svo, að þessi lög verði samþ. af fyrra þinginu, og verður það þá afgreitt í lagaformi, samkvæmt till. nefnd-

arinnar. En svo er fyrir mælt, að öll lagafrv., sem þing samþ., skuli lögð fyrir konung fyrir næsta þing. Það er svo ríkt eftir þessu gengið, að það varðar ráðherraábyrgð, ef út af er brugðið. Jeg álít þetta ákvæði alveg þýðingarlaust, nema það sje bundið í stjórnarskránni. Það er einkennilegt, að nefndin skuli hafa tekið þetta óheppilega ákvæði upp í sitt frv., frá hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Í norsku lögunum er ákveðið, að einungis eitt þing skuli samþ. sjerleyfi, og hefði nefndin vel mátt taka þau til fyrirmyndar í þessu efni. Það er fyrirgefanlegt hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), þó að hann hafi tekið þetta upp í sitt lagafrv., þar sem hann er ekki lögfræðingur. En það er kynlegt um lögfræðingana, sem sætu áttu í nefndinni, að þeir skyldu glepjast til að taka upp annað eins ákvæði.

Menn greinir á um það, hvort nú skuli fyrirfram ákveðið, hvernig fara skuli með eignarrjettinn. Ef meiri hl. milliþinganefndar hefði fengið að ráða, þá var vandinn leystur, því að hann ætlaðist til, að vatnalög væru samþ. á undan sjerleyfislögunum. En úr því að nefndin ber ekki fram vatnalög, þá er spurning, hvort eigi að gera ákvæði um það, hvernig menn eignast rjettinn. — Mig furðar á, að nefndin skuli ekki hafa tekið þetta atriði upp úr norsku lögunum, því að þar er gert afarlítið úr eignarrjettinum. Yfirráð ríkisins eru þar svo víðtæk, að varla er um eignarrjett að ræða, nema í smáum stíl. Jeg álít, að í aðalatriðunum eigi að fara saman vatnalög og sjerleyfislög, eða að það eigi að taka það skýrt fram, hvernig menn eignist rjettinn. En það er ekki von, að hægt sje að ákveða þetta til fullnustu nú á þessu þingi. Þetta er svo seint fram komið, að það er vonlaust um, að þm. hafi unnist tími til að mynda sjer nógu ákveðna skoðun til þess að samþ. lög um þetta efni. En þingið kemur aftur saman áður en langt um líður, og ætti þá að verða hægt að athuga þetta betur, og engin hætta er á ferðum, þó að það bíði.

Bjarni Jónsson: Jeg hefði þurft að svara tveim þm., en skal þó reyna að fara fljótt yfir sögu.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), bjargvættur þessa lands, talaði til mín í gærkveldi, eftir að hafa heyrt, hversu ósamdóma hann var sjálfum sjer. En það, sem hann sagði, var undirskrift undir grein, er einu sinni stóð í „Tímanum“, áður en þm. (Sv. Ó.) gaf út álit minni hl. Jeg hafði ekki búist við, að ritstjórinn hefði skrifað þessa grein, enda fjekk jeg nú undirskriftina hjá hv. þm. (Sv. Ó.) í gær. Annars nenni jeg ekki að eltast við að svara fjarstæðum hv. þm. (Sv. Ó.) frekar.

Háttv. framsm. (G. Sv.) hefir nú svarað því, sem hæstv. forsætisráðherra (J. M.) sagði um eignarheimildina og stjórnarskrána. En þó vil jeg minna á það, að eignarheimildin er ekki nauðsynleg, því að nýlega hefir verið samþ. frv. um eignar- og afnotarjett fasteigna. Í lögunum frá 22. nóv. 1907 hafði vatnið verið tekið út úr. En nú hefir það aftur verið tekið inn og ákveðið, hvernig menn geta öðlast vatnsrjettindi. Því má setja sjerleyfislög á undan vatnalögum. Og það er nauðsynlegt, að sjerleyfislögin gangi fram á þessu þingi, þótt áliðið sje, til þess að hefta alt það brask, sem verið hefir með vatnið og skömm er að, að ekki skuli hafa verið stöðvað.

Ef ekki verður tekið í taumana, er

alt útlit fyrir, að sú verði niðurstaðan, að landsmenn verði að borga allar þær miljónir, sem lagst hafa á oss, og fossabraskararnir hafa fyrir að ginna þessar afllindir út úr alþýðunni, fyrir lítið verð. Því meiri nauðsyn ber til að stífla þetta, þar sem innlendir menn eru við það riðnir, og það embættismenn á biðlaunum. Slíka fjeglæfra, sem stofnað er til hjer í landinu, þarf að stöðva hið bráðasta.

Þá þarf jeg að minnast lítið eitt á hv. 1. þm. Árn. (S. S.). Hann sagði, að það hefði legið illa á mjer í gær, af því að jeg hefði þá verið nýbúinn að lesa blað eitt, „Tímann", og mundi mjer hafa gramist eitthvað, sem þar stóð. — Þetta er hinn mesti misskilningur hjá hv. þm. (S. S.). Það var þvert á móti. Þegar jeg hafði lesið „Tímann" og sjeð, hvað hann tók mjúkum höndum á mjer og því, sem jeg hafði sagt, þá varð jeg svo feginn og glaður, að jeg hjet því með sjálfum mjer að taka jafnmjúkum höndum á hv. þm. (S. S.). Enda rjeðst jeg ekki á hv. þm. (S. S.) einu orði, heldur talaði jeg að eins um till. hans og sýndi fram á með rökum, að hún væri öll í þágu erlendra fossafjelaga, og að hún mundi enn fremur draga fólkið og vinnukraftinn úr höndum bænda og á þann hátt spilla búskap þeirra. Hitt sagði jeg aldrei, eins og hv. 1. þm. Árn. (S. S.) gerði mjer upp orðin, að hún mundi spilla bændum sjálfum, svo að þeir ljetu kaupa sig upp frá jörðum sínum í þjónustu útlendinga. Jeg gerði þeim góðu bændum engar getsakir í þá átt. En hinu hjelt jeg fram, að svo gæti farið, að þeir yrðu að ganga frá jörðum sínum, fyrir skort á vinnukrafti, sem mundi flykkjast til fossafjelaganna. Og hygg jeg, að þeir mundu þá kunna háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) litlar þakkir fyrir að hafa borið fram þessa till. sína.

Þar sem hv. þm. (S. S.) var svo lítillátur, að koma með nákvæma lýsingu á mjer og mínum högum, þá þykir mjer mikið við haft af hans hálfu, og ætla jeg lítið að svara því. — Hann vildi telja það sönnun fyrir því, að jeg væri vondur maður, að jeg hefði miklar tekjur. En ekki gat hann samt fært nein rök fyrir því, að neitt af þeim væri illa fengið. Og um gríska kunna vil jeg gefa hv. þm. (S. S.) þær upplýsingar, að hún er eldri en jeg, og ekki hefi jeg búið hana til. Annars hlýtur mikið af þessum launum, sem hv. þm. (S. S.) talaði um, að vera geymt hjá „Tímanum". Og jeg skal með ánægju gefa honum ávísun á „Tímann", svo að hann megi sjálfur góðs af njóta að einhverju leyti.

Þá gerði hv. þm. (S. S.) nokkrar athugasemdir við ræðu mína í gær. Hann sagði, að landið hlyti að verða að einhverju aðnjótandi þeirra mörgu miljóna, sem jeg hafði talað um í sambandi við till. hans. — Jeg talaði aldrei um neinn miljónagróða, heldur sagði jeg, að þegar þörfin ykist fyrir vatnsaflið, samfara fjölgun þjóðarinnar, þá lægju miljónirnar í vatnsaflinu.

Þá ætlaði háttv. þm. (S. S.) landinu einhvern hluta af ágóðanum, líkt og hin ágætu fossalög, þar sem landið á að fá 10% í ágóða af gróðanum, eftir reikningi, sem hinir útlendu eigendur sjálfir setja upp. Svona höfðinglegur ætlaði hv. þm. (S. S.) að vera. En jeg vil láta landið fá allan gróðann. Það kann að vera, að þessi hv. þm. (S. S.) eða kjósendur hans geri sig ánægða með að fá þessi 10% af ágóðanum, en svo lítillátur er jeg nú ekki. — Þá

spurði háttv. þm. (S. S.), hvers vegna jeg hefði ekki sjálfur komið fram með frv. um það, að landið tæki að sjer að virkja fossana. Þettta stafar af gleymsku hv. þm. (S. S.), því jeg gerði það 1917. Þar bar jeg fram frv. um, að landið tæki að sjer að virkja það vatnið, sem best er til slíks fallið allra vatna, Sogið.

Jeg vildi taka Sogið, til þess að sem flestir gætu orðið aðnjótandi ljóss og hita frá afllindum þess, svo og til jarðræktar og annara þeirra iðna, sem eru í landinu. Jeg áætlaði, að af þessum 60 þúsund hestorkum, sem má fá úr Soginu, mundu 30 þús. fara í þarfir Reykjavíkur og þeirra bæja annara, sem tiltök væri að leiða aflið til. Hitt mætti hagnýta til annarskonar iðnaðar, sem væri hættulaus og skaðaði ekki bændur, heldur þvert á móti, gæfi þeim ljós og hita, vinnukraft með vjelum, t. d. plóga, til að framleiða áburð. Svo mættl enn fremur nota til saltvinslu t. d. 5 þús. hestorkur. — Af þessu sjest, að hv. 1. þm. Árn. (S. S.) gat sparað sjer þessa spurningu. Hjer liggur líka fyrir till. um að taka Sogið handa ríkinu, og býst jeg ekki við, að standi á mjer að greiða henni atkv., þegar búið er að taka tilvitnunina burtu. Jeg vænti þess, að þeim takist ekki að teyma menn á því.

En auk þessa er fleira því til sönnunar, hvað jeg vil í þessu máli. Jeg bar það sjálfur fram í milliþinganefndinni, að stjórninni væri falið að láta rannsaka Sogið og aflmagn þess og reikna það nákvæml. út. Var það auðvitað fyrir þá sök, að bæði jeg og aðrir ætluðumst til, að ríkið eitt tæki Sogið til þeirra hluta. Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) getur því ekki með sanni brugðið mjer um neitt misjafnt í þessu máli. Hann ætti frekar að skygnast inn í sinn eigin barm og sjá, hvort ekki mundi fyr stranda á honum.

Þá talaði hv. þm. (S. S.) mikið um kínverska múrinn. Gaf hann þær hugmyndir um hann, að hann væri margfalt hærri en hann hefir nokkurn tíma verið. Sá múr var reistur til varnar erlendum ræningjum, sem sóttu á landið, og þótti duga vel í þá daga. Og er það síst last um Kínverja, þó þeir hafi reist varnarvirki, svo að útlendar þjóðir gætu ekki runnið yfir landið. Nú hefi jeg aldrei viljað reisa neina múra kringum þetta land fyrir neinu því, er að gagni mætti koma, en hitt hefi jeg viljað, að við værum við þeim búnir og hefðum varnir fyrir þeim hættum, sem sækja nú inn í landið.

Þá talaði hv. þm. (S. S.) um áburðinn. Hann er nú víða fræðimaður, hv. 1. þm. Árn. (S. S.), en þó aðallega í þeirri grein. Þó skjöplaðist honum, að endilega þyrfti stóriðju, ef við ættum að fá áburð. Hann á eftir að sanna, að áburður, sem hjer er framleiddur, verði ódýrari en ef fenginn væri frá Noregi. Jeg hafði tækifæri á að fræðast af forstöðumönnum „Titan-"fjelagsins í þessu efni, er þeir voru hjer. Spurði jeg þá, hvort það mundi mikill ágóði fyrir okkar íslensku skip, þó áburður yrði framleiddur hjer, hvort mikill munur yrði á því, sem inn þyrfti að flytja, og hinu, sem út yrði flutt. Þeir sögðu mjer, að meira skipsrúm mundi þurfa undir það innflutta. Svo að eftir því verður mjög lítið dýrara að fá áburðinn frá Noregi. Auk þess er aðgætandi, að eftir er að flytja þetta austur yfir fjall, þó það sje komið hjer á land. Svona skýst, þó skýr sje þessi áburðarfræðingur, að það eru litlar líkur til, að neitt yrði ódýrara,

þó framleiddur yrði áburðurinn hjer. Svo hefir háttv. þm. (S. S.) láðst að gefa því gaum, að sú aðferð, sem notuð er í Noregi, er svo dýr, að við sjálft lá, að stærstu fyrirtækin af þessu tæi færu á höfuðið nú fyrir stríðið. Þau eiga ófriðnum það aðþakka, að þau gátu haldið gangandi framleiðslunni. Síðan hafa fundist miklu ódýrari aðferðir, og er þar fyrst að nefna „Hubstoaðferðina" þýsku. Þessi aðferð þarf margfalt minni kraft en hinar, og mætti vafalaust nota hana með því afli, sem afgangs yrði úr Soginu. Það er því óþarfii að vera að gera þingsáltill. til að ljetta undir fyrir „Titan". Jeg nefni þetta fjelag af því, að það kemur hjer mest við málið, og kveður mest að því. Það hefir skrifað þingnefndum og heldur úti blaði hjer o. fl.

Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) ber mjer það á brýn, að jeg setti glundroða í málið. Jeg býst við, að honum veitist erfitt að sýna fram á það með rökum. En aftur kemur berlega í ljós, að þm. (S.S.) sjálfur vill ekki binda enda á sundurlyndið í þessu máli. Það var hann, sem vildi ekki taka skarið af um deiluna og láta dæma í málinu. Það mátti nefnilega gera í friði, og þá þurfti ekki að deila lengur. Það vilja þessir herrar ekki. Nú þurfa þeir endilega að hafa þetta sem kosningaagn og til að úthrópa okkur fyrir kjósendum. Því var það, að ekki mátti fá úrskurð í málinu með dómi. En ekki ætla jeg kjósendur svo skyni skroppna, að þeir sjái ekki, hvar sökin liggur. Hún er að minsta kosti ekki hjá okkur, sem vildum fara sáttaleiðina.

Þá mintist hv. þm. (S. S.) á útlendu verkamennina, sem hingað kæmu, og að þeir mundu hverfa aftur heim á haustin. Ekki veit jeg hvaðan hv. þm. kemur sú viska. Jeg þekki að minsta kosti ekki þann stóriðnað, sem starfar að eins um hásumarið, en liggur svo í dvala á veturna. Það hljóta að vera draumar hv. þm. (S. S.). Slík stóriðja, sem hjer ræðir um, stafar auðvitað alt árið.

Líka drap háttv. þm. (S. S.) á frv. mitt um 20 milj. kr. lánið. Það var Sogið, sem jeg þá hafði í huga og vildi láta virkja. Það væri alveg hættulaust, eins og jeg hugsaði mjer það. Því við það, sem þar átti að gera, þurfti ekki fleira fólk en svo, að það mætti fá það alt hjeðan úr Reykjavík.

Nú hefi jeg gert mjer mikið far um að svara hv. 1. þm. Árn. (S. S.) sem rækilegast, svo að vegur hans verði sem mestur, og læt jeg hjer því staðar numið. Jeg þykist með því hafa bætt honum upp það, sem jeg særði hann í gær með ræðu minni, sem hann tók æði nærri sjer. En hversu góðan vilja, sem jeg hefi á því, þá get jeg ekki fundið fleira í ræðu hans, sem er svaravert. Hann sagði svo margt, sem fór fyrir ofan garð í málinu og ekki er hægt að taka alvarlega. Annars einkendi það ræðu hans, eins og fleiri í þessu máli, að hún var töluð með hagsmuni útlendra fjelaga fyrir augum, en ekki ríkisins.

Svo ætla jeg rjett að minnast á hv. 2. þm. S.-M. (B. St.), sem nú er farinn að keppa við bjargvætti landsins. Skal jeg síst leggja til hans í neinu, svo hans geti notið við sem best.

Hann var að tala um, að jeg vantreysti þjóðinni og þjóðerninu, að jeg skyldi hræðast, þó flyktist inn í landið nokkrir tugir þús. útlendinga. Það kann að vera, að þjóðernið sje svo miklu sterkara en jeg hugði. En menn geta þó aldrei verið synir bræðra sinna, nje heldur kvenfólkið karlkyns, eins og nú tíðkast. Má

ske hv. þm. (B. St.) finnist það benda á styrkleika þjóðernisins. Jeg er ekki að segja, að neinn skaði sje skeður, þótt hv. þm. (B. St.) hafi bætt „R“ í nafn sitt, en lítt er það þjóðlegt og mun varla vera rjett inn komið. Jeg er ekki að bregða hv. þm. (B. St.) um neitt misjafnt. En að eins held jeg, að hann beri oftraust til hins íslenska þjóðernis og styrkleika þess. Jeg veit ekki, hvort hv. þm. (B. St.) hefir athugað nægilega vel, að það „fylgir böggull skammrifi“, þegar þúsundir útlendra verkamanna flykkjast inn í landið. Þeim fylgja að sjálfsögðu ýmsir iðnaðarmenn, svo sem skóarar, skraddarar og kaupmenn, til þess að sjá þeim fyrir því, sem þeir þurfa, og lifa á þeim. Mundi þá ekki líða á löngu, áður en væri komin upp sterk útlend þjóð í landinu. Þá verða talaðar fleiri tungur hjer, og meir en holt er íslensku máli. Og þegar til lengdar lætur, mun það sýna sig, að það verða ekki þeir fáu og fjelitlu, sem sigra, heldur hinir. Af þessum innflutningi stafar því meiri hætta, ef það nú verður ruslaralýður, sem hv. 2. þm. S.-M. (B. St.) vill gera svo lítið úr. Það er erfiðara fyrir þjóðernið að standast þennan ruslaralýð, sem fátt kann og fátt getur lært, heldur en ef það væri af skárra tæinu. Við þessa ofurhuga, eins og hv. 2. þm. S.-M. (B. St.), er ekkert að segja annað en það, að vonandi fái þeir aldrei að sjá afleiðingar þessa oftrausts, sem þeir hafa á íslensku þjóðerni, og hins, hversu óhræddir þeir eru við áhrif erlends ofurmagns. Þeir ættu að hafa þetta hugfast og greiða atkvæði sitt með meiri varúð en þeir viðhafa í ræðum sínum.

Sigurður Sefánsson: Meðferð þessa máls er orðin nokkuð önnur en til var ætlast í fyrstu og venja hefir verið til um slík stórmál. Á þinginu 1917 var talið nauðsynlegt að skipa milliþinganefnd í þessu máli, svo að það í einstökum atriðum og heild sinni gæti fengið sem rækilegastan undirbúning. Þá var það samkvæmt gamalli venju talið sjálfsagt, að stjórnin myndi taka við málinu, er milliþinganefndin hefði lokið starfi sínu, og búa frv. hennar rækilega undir meðferð þingsins, og málið þannig liggja fyrir þessu þingi sem stjórnarfrv., með ítarlegum greinargerðum og athugasemdum.

En þetta fór alt á annan veg. Milliþinganefndin, eða meiri hl. hennar, lýkur ekki starfi sínu fyr en um miðjan þingtíma. Stjórnin fær engan tíma til að búa málið undir meðferð þingsins, en á öndverðu þinginu fara að hrúgast inn á þingið einstök frumvörp, flutt af einstökum þingmönnum, með tilvísun til greinargerða milliþinganefndarinnar í hinu stóra ritverki hennar, sem fyrst kom í dagsljósið nokkru eftir að þing var sett, og allur þorri þingmanna mun vart hafa lesið enn til enda. Eitt af þessum frv. er frv. það til sjerleyfislaga, sem nú liggur fyrir og rætt hefir verið fram og aftur undanfarna daga. Alt fossamálið er enn ekki nema hálfkarrað, þingmenn hafa alls ekki haft tíma til að átta sig á því, og stjórnin gefur nú þá yfirlýsingu fyrir munn forsætisráðh., að hún sje ekki undir það búin að greiða atkv. um þetta frv.; er það nýstárleg yfirlýsing frá einni stjórn, en alveg eðlileg eftir því, sem alt er í pottinn búið. Þm. geta víst vel tekið undir þessa yfirlýsingu stjórnarinnar, og umr. hjer í deildinni sýna það best sjálfar. Jeg hjelt í fyrstu, er jeg hafði lítillega lesið þessi málsskjöl, að þó mætti semja sjerleyfislög. Jeg sagði

„lítillega“, af því að jeg hefi alls ekki lesið þau svo ofan í kjölinn, að jeg treysti mjer til að greiða atkv. um málið í heild. Og því lengur, sem jeg hlusta á umr., því óforsvaranlegra taldi jeg að afgreiða þetta fossamál nú frá þinginu. En þrátt fyrir þetta hjelt jeg, að þó myndi mega afgreiða sjerleyfislögin. En er jeg hugleiði samband það, er þetta frv. hlýtur að standa í við önnur frv. milliþinganefndarinnar, þá sje jeg þar agnúa, sem valda því, að það er líka ómögulegt fyrir þingið að afgreiða þennan eina þátt í málinu. Það er eigi að eins það, að milliþinganefndin er klofin um eignarrjett vatnsins, sem þó eitt er nóg til þess, að þingið eigi ráði málinu til lykta fyr en kjósendur hafa athugað það og átt kost á að kveða upp sitt álit, heldur er og sumt í meðferð þingsins og hv. nefndar hjer, sem gerir það óforsvaranlegt. Hv. meiri hl. samvinnunefndarinnar vísar í álit og frv. meiri hl. milliþinganefndarinnar, þá stóru bók. Það gat verið mikið rjettmætt. En þessi sami hv. meiri hl. hefir breytt í verulegum atriðum þessu frv, og fyrir þeim breytingum hefir engin greinargerð legið fyrir þinginu.

Því lengur, sem jeg hlusta hjer á umr. um málið, og því meir, sem jeg hugsa um það, því sannfærðari er jeg um það, að þingið gerir ekki rjett í því að afgreiða það nú. Jeg tel það alt of fljótfærnislegt, alt of litla virðing sýnda þessu stórmáli, að afgreiða nú með lögum nokkurn þátt þess, eftir jafnlítinn og ófullkominn undirbúning.

En þótt þingið vildi, er ómögulegt að afgreiða þetta frv. nú, nema þingið sitji lengur en gert hefir verið ráð fyrir, og munu þó ýmsir líta svo á, að nú þegar sje fulllengi setið.

Og þetta er það, sem kemur mjer til að standa upp, og get jeg gefið þá yfirlýsingu, að jeg treysti mjer ekki til atkvæðagreiðslu um neinn þátt í þessu stórmáli.

Jeg álít, að þingið eigi ekki að snerta við þessu stórmáli fyr en landsstjórnin hefir athugað það, myndað sjer ákveðna skoðun og stefnu í málinu og geri frv. úr garði með greinilegum, rökstuddum ástæðum fyrir hverri grein og hverju ákvæði.

Jeg skal hjer eigi fara neitt inn á þá miklu spurningu um eignarrjett á vatni, sem valdið hefir klofningi nefndarinnar. En hitt ætla jeg stjórninni, að hún taki ákveðna afstöðu til þessa atriðis, því að fossalöggjöfin öll veltur töluvert á því, hvernig greitt verður úr þessari spurningu. Það álít jeg að stjórninni beri að gera áður en hún leggur fyrir þingið þau frv., sem nauðsynleg eru til þess, að ríkið fái heilsteypta, semfelda löggjöf um fossamálin.

Það hefir verið sagt, að hjer sje hver stundin dýrmæt, og að dráttur í málum geti kostað það, að fossabrask vaxi og ríkið missi meira af fossafli í hendur einstakra manna. Skal jeg ekkert um það segja, hvort þessi hætta sje mikil. En hins vegar ætti þinginu að vera í lófa lagið að setja undir þann leka, t. d. með þingsályktun um að skora á stjórnina að gæta alls, sem hægt er að gæta, til þess að stemma stigu fyrir fossabraski í landinu.

Þetta voru þau fáu orð, er jeg vildi sagt hafa, og þessi orð eiga að vera ástæður fyrir því, að jeg leyfi mjer að bera fram rökstudda dagskrá í fossamálunum, er svo hljóðar:

Í því trausti, að landsstjórnin taki

til rækilegrar yfirskoðunar frumvörp milliþinganefndarinnar og þingnefndanna í ár í fossamálinu, og leggi síðan fyrir Alþingi frumvörp til samfeldrar fossalöggjafar fyrir ríkið, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskránni.

Gagnvart þeirri mótbáru eða athugasemd um þessa dagskrá, að hún sje undan mínum rifjum runnin, af því að jeg vilji eyða málinu, þá skal sleginn sá varnagli, að svo er alls ekki. Jeg ætlast ekki til þess með dagskránni að skjóta málinu á frest um óákveðinn tíma, heldur að stjórnin hefjist þegar handa og undirbúi þetta stórmál eins og það á kröfu til og þörf gerist. En til vara legg jeg til, að málinu sje vísað til stjórnarinnar.

Að svo mæltu leyfi jeg mjer að afhenda hæstv. forseta dagskrána.

Forsætisráðherra (J. M.): Það var að eins út af því, sem hv. þm. Dala. (B. J.) mintist á, að stjórnin hefði ekki viljað hindra fossasöluna með bráðabirgðalögum. Annað var tæplega hægt, þegar tilmæli fossanefndar komu. En stjórnin taldi sjer það tæplega heimilt, og ef milliþinganefndinni hefði verið mikil alvara með þessa beiðni, og áhugi hennar verið mikill, þá hefði henni verið innan handar að koma þessu til vegar á fyrra þinginu 1918. En þá heyrðist ekkert frá henni um málið, svo að það getur ekki hafa verið fjarskalega áríðandi að gera þetta.

Annars tel jeg ekki, að mjög mikil nauðsyn hafi borið til þessa, því að hve nær sem er. Það má skipa svo fyrir um málið, að það hafi tiltölulega

Í sambandi við það skal jeg geta þess, að háttv. þm. Dala. (B. J.) talaði um, að það væru margar miljónir, sem ríkið tapaði við biðina, þar sem miklu dýrara væri að kaupa vatnsaflið aftur. Jeg skil þetta ekki, sjerstaklega frá hálfu háttv. fossanefndarmanns, því að fossanefndin segir, að ríkið muni í marga mannsaldra ekki þurfa að nota meira en eitt hestafl á mann, með öðrum orðum, að ríkið þarf ekki að nota meira en 90—100 þús. hestöfl. Þetta er í ritgerð fossanefndar, og það veit hv. þm. (B. J.). Þörf landsins er sem svarar afli Sogsfossanna. Hitt alt fær að liggja í marga mannsaldra, og þótt þá verði að kaupa, gerir það ekki svo mikið til, fyrst um sinn.

Nei. Ógæfan er hjer, sem oftar í þessu máli, að verið er með ýmsa útúrdúra, án þess að halda sjer við málið sjálft. Nú hafa önnur ríki ekki ætlað neitt líkt til almenningsþarfa, að svari 1 hestorku á mann, segir í áliti fossanefndar. Hjer er því ekki stór hætta á ferðum, um margra miljóna tap, hvernig sem á er litið um það, hvort ríkið á eða ekki. Aðalatriðið er, að með lögum má takmarka þessi eignarrjettindi á svo margan hátt, að það er í hendi ríkisvaldsins að fara með málið hvernig sem það vill

Jeg býst varla við, að þessu máli verði lokið nú á þessu þingi, og álít, að því eigi ekki að verða lokið, því menn an að öllu leyti. En það var auðvitað geta varla á þessum tíma hafa áttað sig fullkomlega á því. Er jeg að því leyti alveg samdóma hv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Hitt mun verða örðugra, að stjórnin taki, sem heild, fasta afstöðu í málmeiningin, er fossanefndin var skipuð, inu. Það er ekki víst, að allir ráðherrarnir eigi gott með að koma sjer sam-

að álit hennar yrði komið stjórninni í hendur svo snemma, að hún gæti lagt málið fyrir þingið. En svo varð ekki.

Jeg tel það líka mikinn galla á þessu máli, að einu frv. var ekki reynt að koma fram, sem nefndin hafði borið fram. Það er frv. um rannsókn Sogsfossanna. Það var mikið eðlilegt og rjett, að þetta væri gert, því að þá var þó eitthvað aðhafst. Eitthvert spor stigið til framkvæmda. Er jeg alveg hissa, að hv. þm. Dala. (B. J.) skyldi ekki hafa afl á því, að koma þessu frv. fram til frekari umr. og samþykkis í deildinni. Jeg skil. að hv. þm. (B. J.) hafi átt örðugt með nefndina. En þó trúi jeg ekki, að hv. nefnd sje mjög alvarlega á móti þessu máli, þar sem komið hefir fram svipuð till. í þingsályktunarformi, í þessari þríþættu till. háttv. nefndar. Frv. getur ef til vill komið fram enn, þó að tími sje nú orðinn stuttur. En jeg hefði mjög kosið, að það frv. hefði komið fram. Sú rannsókn hefði getað orðið til mikilla upplýsinga þessu þingi.

Frsm. minni hl. (Sveinn Ólafsson): Það má kalla hatramlegt, hversu meðferð þessa máls hefir altaf mistekist, frá því er farið var að vinna að því nokkuð alvarlega. Jeg segi hatramlegt fyrir þá skuld, að umr. þær, sem hjer hafa farið fram, hafa að mestu leyti farið fram hjá efninu, verið meira hnútukast og hnýflar milli einstakra manna en skýringar á efninu, sem hv. þm. annars hafa haft lítinn tíma eða tækifæri til að gefa sig að. Þetta á þó sjerstaklega við ræður hv. þm. Dala. (B. J.), því að jeg get ekki annað fundið en að þær hafi verið hreinar og beinar árásir á einstaka menn og skilmingaleikur við skugga.

Nokkuð svipað mætti segja um ræður hv. frsm. meiri hl. (G. Sv.) í dag. Áður hefir hann haldið sjer við efnið. Það eina, sem komið hefir fram við umr. í dag og lýtur að því að skýra málið, er það, sem hæstv. forsætisráðherra (J. M.) hefir sagt. Hann hefir bent á, að á þessu frv. eru mjög athugaverðir gallar, sem þyrfti sjálfsagt að laga, ef frv. ætti að verða að lögum. Hv. frsm. meiri hl. (G. Sv.) hefir nú svarað þessu, en mjer finst, að hann hafi farið þar ýmislega á snið við efnið og ekki viljað kannast við, að þessar athugasemdir hæstv. forsætisráðherra (J. M.) væru á rökum bygðar, en sjálfur virðist hv. frsm. (G. Sv.) þess fulltrúa, að hann hafi hugsað þetta mál vendilega, og þó er jeg þess fullviss, að þekking hans á því er enn mjög takmörkuð og slitrótt.

Það voru einkum 4 atriði, sem hæstv. forsætisráðherra (J. M.) tók fram. — Hann hafði sjerstaklega mikið að athuga við 27. gr., sem bannar að veðsetja eða afhenda hlutabrjef og verðbrjef vatnsiðjufjelaga til annara en landsstjórnarinnar og Landsbankans, er svo ber undir; bannar með öðrum orðum, að þau komist á útlendar hendur. Það var alveg rjettilega tekið fram af hæstv. forsætisráðherra, að þegar gert er ráð fyrir, að slík fyrirtæki sjeu stofnuð af útlendu fje, þá kemur varla til mála að hafa þau ákvæði, er útiloka, að slík verðbrjef komist í eign útlendinga, þegar þau standa fyrir útlendu fje. Er það meðal annars fyrir þá skuld, að af því mundi leiða, að brjefin væru ekki veðhæf í öðrum bönkum en íslenskum, að þá yrðu þær lánsstofnanir að standa undir öllum lánum, er slík fjelög þurfa. En jeg hygg, að þeim yrði ofvaxið að veita slíkum fyrirtækj-

um það lánstraust, er þau þyrftu. Hitt er rjett og sjálfsagt, að varnaður sje boðinn á því, að innlend hlutabrjef fari út úr landinu. Það væri rjettmæt aðferð. En hjer er sá einn af göllum frv., sem sjálfsagðrar lagfæringar þarf.

Þá er 2. atriðið, um vatnastjórann ábyrgðarlausa. Jeg hefi talað um það áður, að hann er óalandi og óferjandi, eins og frv. er, og verð jeg að segja, að þar fer álit mitt fullkomlega saman við álit hæstv. forsætisráðherra (J. M.). En háttv. frsm. meiri hl. (G. Sv.) vildi ekki á það líta, að þörf væri þar nokkurra breytinga.

Af því að vitnað var í það, af hv. frsm. (G. Sv.), að ákvæði 27. gr. væru alveg sjálfsögð, af því að þau væru eins í norskum sjerleyfislögum, skal jeg leyfa mjer að benda á, að það er að eins í síðustu norsku sjerleyfislögunum, sem þetta ákvæði stendur. Það er ekki í sjerleyfislögunum frá 1909, en að eins þeim frá 1917. Er það vegna þess, að nú vilja Norðmenn stemma stigu fyrir frekara innstreymi útlends fjár. Þeir hafa að nokkru leyti haldið landinu opnu fyrir því um langt áraskeið, og hafa á síðari tímum komið á innlendar hendur mörgum þeim iðjufyrirtækjum, sem nálægt síðustu aldamótum voru reist af útlendu fje, enda hafa þeir nú öðlast þá reynslu og þekkingu á þessum efnum, sem til þarf, og útlendingarnir færðu þeim, jafnframt og þeir brutu ísinn. Þess vegna vilja þeir nú setja frekari virkjun útlendinga stólinn fyrir dyrnar.

Þá er 3. atriðið, um eignarrjettinn. Því var haldið fram af hv. frsm. (G. Sv.), að ekki þyrfti að kveða ljósar á um hann en gert er í frv. Er það að vísu satt, að hann er búinn að gefa fyrir sitt leyti skýringu á þeim ákvæðum, sem þar eru, og koma í stað eignarrjettarákvæðanna, skýringu, sem að vísu virðist taka af vafa um skoðun hans, en ákvæði frv. eru jafnófullnægjandi fyrir því. Auðvitað skýrir hann svo heimildir til vatns, að þar hljóti að vera átt við eignarrjett eða leigurjett, og get jeg verið honum þakklátur fyrir þá skýringu, því að hún sýnir, að hann er mjer í raun og veru sammála um, að eignarrjettur einstaks manns á vatni hafi verið til, sje til og eigi að vera til.

En jeg verð að benda háttv. frsm. á það, að kenningar hans um leigurjett á vatni standast ekki eftir 36. gr. þessa frv., og mun honum þar hafa skotist, er hann hjelt því fram hjer í hv. deild í gær, að veita mætti sjerleyfi þeim, er leigurjett hefði á vatni. Nefnd grein gerir ráð fyrir kauplausri afhendingu til ríkisins á vatnsfallinu við sjerleyfisslit, og veit hver maður, að enginn getur afhent öðrum til eignar það, sem honum hefir verið ljeð, og vissulega getur þessi gloppa í frv. ekki dulist hv. frsm. (G. Sv.), sem sjálfur er lögfræðingur. Jeg verð því að álíta, að athugasemd hæstv. forsætisráðherra (J. M.) hjer um sje fullkomlega rjett og hana beri að taka til greina.

Háttv. frsm. (G. Sv.) neitar, að jeg hefði haft eignarrjettarákvæðið í sjerleyfislagafrv. mínu. Það stendur þó í 1. gr. þess frv. ljóslega fram tekið, að eigandi einn geti virkjað það, sem tilskilið er, án sjerleyfis. Í síðari gr. frv. var óþarft að taka fram um þessi eignarumráð, af því að það leiðir af ákvæðum 1. gr., að eignarumráð þarf til að geta virkjað eftir sjerleyfi. En á það má líka benda, að tilætlun mín og annara í milliþinganefndinni var, að fyrst gengju fram vatnsrjettindalög-

in, en síðar, og á grundvelli þeirra, sjerleyfislög, sem eigi þurftu að taka nánar fram um vatnsrjettinn, er hann var ákveðinn fyrirfram. Alt öðru máli gegnir nú, þegar hafa á endaskifti á aðferðinni og setja sjerleyfislög á undan vatnalögum.

Þá var það ein athugasemd hæstv. forsætisráðherra (J. M.), að hann taldi ákvæðið um tveggja þinga samþykki ekki heppilegt, eða jafnvel ekki löglegt. Virtist hann líta svo á, að ókunnugleiki minn á lögum væri orsök þess, að jeg hefði tekið það í mitt frv., en það svo þaðan slæðst í þetta frv. Jeg skal fúslega játa það, að mig brestur þá lögfræðilegu þekkingu, sem þörf er á, er dæma skal um slík atriði. En ákvæðið bar jeg undir þrjá lögfræðinga, og virtust þeir ekki sjá neitt ólöglegt í því. (B. J.: Hverjir voru þeir?). Það skiftir engu, en það skal fram tekið, að ekki spurði jeg um þetta þann lögfræðing, sem háttv. þm. Dala. (B. J.) telur mig hafa notað. (G. Sv.: Hver er sá?). En hjer liggur annar fiskur undir steini. Hv. undirnefnd, og líklega hv. framsm. (G. Sv.), hefir nefnilega tekið fram í þessu frv., að með sjerleyfi skuli af þinginu farið eins og lagafrv., og er það vitanlega rjett, eins og hæstv. forsætisráðherra (J. M.) sagði, að frv., önnur en stjórnarskrárfrv., eru eigi borin undir samþykki tveggja þinga. Það eru því vanhugsuð ákvæði þessa frv., um meðferð sjerleyfis, sem valda því, að tveggja þinga samþykki rekur sig á lögin, en jeg hafði aldrei gert ráð fyrir sjerleyfi í frv.formi.

Þetta, ásamt því, sem jeg hefi áður tekið fram, sýnir, að býsna margt er athugavert við frv., og síst til þess að mæla með því, að það verði að lögum í þeim búningi, sem það nú hefir.

Háttv. frsm. (G. Sv.) gerði, eins og vitanlegt var, lítið úr þeim aðfinningum, er jeg kom með, út af frv., við fyrri hluta þessarar umr. Jeg benti á meðal annars, að frv. yrði sennilega beint misskilið, þar sem felt er úr ákvæði meiri og minni hl. milliþinganefndar um endurhvarf til ríkisins að loknum sjerleyfistímanum á mannvirkjum og orkuveri, því að afhending sú, sem gert er ráð fyrir í 36. gr., er í raun og veru ekki annað en innlausnarrjettur fyrir ríkið. Að vísu er ákveðið svo í 36. gr., að vatnið sjálft og landspildur, sem nauðsynlegar eru fyrir orkuverið, skuli afhenda kauplaust, en það er eins og frsm. (G. Sv.) hafi ekki munað eftir því eða vitað það, að sjálfar aflstöðvarnar eru oftast verðmesti hluti orkuversins og margfaldar að verði við vatn og lóðir, að minsta kosti eftir verðlagi þeirra hjer. Alt þetta verðmesta á ríkið að kaupa eftir 36. grein, og er þetta því miklu líkara lausn en endurhvarfi. Verði hins vegar orkuverið ekki keypt, þá verður það eiganda að litlu liði, því að slík mannvirki verða eigi með góðu móti færð úr stað.

Yfirleitt verð jeg að álíta frv. þetta mjög illa fallið til þess að verða að lögum, og í það vantar mjög margt, sem ákveða þarf um, þótt hins vegar sje ítarleg ákvæði um ýms minni háttar atriði. Þannig vantar alveg, eins og jeg áður hefi bent á, ákvæði um skyldur sjerleyfishafa til að sjá verkalýð sínum fyrir bókakosti og andlegum nautnarmeðulum, sem og skólahaldi fyrir börn verkamanna. Enn fremur vantar öll ákvæði um heilbrigðisráðstafanir og skyldur sjerleyfishafa þeirra vegna, og þá ekki síst ákvæðin um kaupgjald

verkamanna og varnir gegn misbeitingu valds vinnuveitanda og hlunnindi verkalýðnum til handa, einmitt þau ákvæðin, sem Norðmenn hafa lagt einna mesta áherslu á, og vitanlega með þá hættu fyrir augum, að verkamannadeilur og verkföll, með öllum þeirra illu afleiðingum, eiga oft upptök í þessum iðjuverum, einkum þar, sem illa eru trygð rjettindi verkamanna.

Jeg skal nú víkja nokkrum orðum að háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), sem mjer til mikillar ánægju tók í strenginn, bæði djarflega og viturlega. Það er alveg rjett hjá honum, að þessu máli má ekki flaustra af. Hann tók á ljósari hátt af skarið um það en nokkur annar, hversu þýðingarmikið undirstöðuatriði eignarrjettarspurningin væri, og sýndi hann ljóslega, að það er meira en formfræðilegt atriði, eins og oft hefir heyrst hjer, sem fossanefndin klofnaði um. Hann skildi bersýnilega, það, sem jeg svo þráfaldlega hefi sýnt fram á, að ekkert „effektivt“ er hægt að gera í málinu fyr en eignarrjettarspurningin er útkljáð.

Að vísu held jeg því fram, að þetta sje útkljáð fyrir löngu, með eldri og nýrri lagasetningu, en úr því að þeim glundroða hefir verið komið á málið, sem meiri hl. fossanefndar vakti síðastliðinn vetur, þá verður að hreinsa til áður en hægt sje að leiða málið til lykta.

Allir vita, að glundroðinn er fyrst og fremst að kenna háttv. þm. Dala. (B. J.). (**B. J.**: Nei. Það er hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) að kenna). Það var hv. þm. Dala. (B. J.), sem fyrst kom fram með þá kenningu, að ríkið ætti alla vatnsorku, jafnt á löndum einstakra manna sem annarsstaðar, og að vatnið gæti eigi verið eignarumráðum undirorpið, af því að það kæmi úr skýjunum. En það er einmitt þessi nýstárlega kenning, sem öllum mistökum hefir valdið og tafið þetta mál og spjallað. Hún hefir kostað landið marga tugi þúsunda, og hún hefir tafið alla framkvæmd málsins, og nú loks komið öllu í strand. Hv. þm. Dala. (B. J.) er það blindsker, sem þessu máli hefir jafnan staðið mest hættan af. En þótt honum hafi nú tekist að koma öllu þessu í ógöngur með villukenningu sinni, þá er langt frá, að hann hafi altaf verið þeirrar skoðunar, að ríkið ætti fossana, því að áður hefir hann talið þá eign landeiganda, og yfir höfuð hefir hann verið ótrúlega hvarflandi í þessu máli og reikull. Skal jeg leyfa mjer, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp nokkur orð til sönnunar því, og standa þau í ritgerð eftir hv. þm. Dala. (B. J.) í nefndaráliti meiri hl. fossanefndar. Hann segir: „Eignarrjett á rennandi vatni, eftir fossalögunum, hafa því:

a. Þeir, sem keypt hafa þjóðjarðir eftir 1907, án þess að fossar (= fallandi, orkugæft vatn) væru undan skildir.
b. Þeir, sem síðar hafa af þeim fengið með nauðungarráðstöfun að manni lifanda, með hjónabandi, með arfi eða fyrir frjálsa afhending.“

Þarna er þá mögulegt, eftir hans skilningi, að eiga rennandi vatn, en að eins þegar það er keypt af ríkinu, eða fengið hjá þeim, sem keypti það af ríkinu. Eftir hans skilningi eru þá allar aðrar heimildir ónýtar.

Samræmi hver þessar kenningar hv. þm. (B. J.) við lög og rjettarvenjur sem vill. Jeg leiði hest minn frá því.

Það má ekki gleymast, að hv. þm. Dala. (B. J.), og fylgifiskar hans, hafa

stórspjallað alt þetta mál. Þess vegna er óhætt að skrifa á reikning háttv. þm. Dala. (B. J.) fullan þriðjung alls þess kostnaðar, sem af fossanefndinni hefir stafað, og öll mistökin að auki. (**B. J.**: Kemur þetta ekki í „Tímanum" bráðum). Þá grýlu, sem háttv. þm. Dala. (B. J.) heldur mikið á lofti og reynir að hræða oss með, að vötnin, sem seld hafi verið, verði ríkið að kaupa aftur fyrir afarverð, um hana get eg verið fáorður, því þetta eru einskærar öfgar hjá hv. þm. (B. J.). Vatnsrjettindi þau, sem ríkið á í sínum löndum, eru svo mikil, að það getur ekki hagnýtt nema lítinn hluta þeirra um langt skeið, en hins vegar má með sjerleyfislögum stöðva alt fossabrask; því að öllum gefur að skilja, að vatnsaflið verður eigi keypt, þegar ekki fæst leyfi til að hagnýta það. Og þótt enginn árangur verði annar af starfi þessa þings í vatnamálunum en að almenningur fái að vita, hvað uppi er á teningi um sjerleyfislagasetningu, þá er það nægilegt til þess að lama alt fossabrask. Það er að vísu svo ástatt, að háttv. þm. Dala. (B. J.) og jeg höfum sjaldan verið samferða í þessu máli, en þó eigum við sammerkt um sum atriði þess, og vissulega höfum við hugsað það öllu meira en flestir, ef ekki allir, aðrir, sem í þingnefndinni voru. En hvorugan okkar hefir undirnefndin tekið til ráðfærslu um frv. Þess vegna eru líka gloppurnar á því hver annari stærri, og svo er þessu dembt inn í þingið, án þess að við — eða jeg að minsta kosti — höfum fengið færi á að lesa það yfir í næði.

Jeg verð að líta á það eins og velvildarvott af hv. þm. Dala. (B. J.), að hann vill gefa mjer titilinn „bjargvættur landsins", titil, sem hann með vatnsránskenningunni hafði eflaust hugsað sjer að vinna sjer inn, en hefir nú — já, líklega því miður — litlar líkar til að hreppa. En jeg vil samt eigi þiggja titilinn af honum, en láta hann heldur um sinn eiga vonina í þessu tvennu, sigri vatnsránskenningarinnar og titlinum. Hver veit, hvað honum kann að hepnast? — En mistakist fyrir honum vatnsránið, þá ber jeg kvíðboga fyrir, að titillinn týnist, og verði á öllu haft endaskifti, svo að hv. þm. Dala. (B. J.) verði talinn „skaðvættur landsins."

Bjarni Jónsson: Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) verður að fyrirgefa mjer, þótt jeg hafi ekki tekið eftir öllu því, sem hann sagði, en þó verð jeg að minnast nokkuð á þessa miljón. Annaðhvort hefir hæstv. forsætisráðherra (J. M.) viljað rugla menn, eða þá að hann hefir tekið skakt eftir, og er hvorugt gott. Jeg talaði sem sje um það, að þeir, sem ekki vildu láta dómstólana skera úr þessu ágreiningsefni, mundu skaða landið ef til vill um margar miljónir, er hjer væri orðið fult af fólki. Þetta sagði jeg, að af völdum brasksins á fossunum mundu þeir stíga um margar miljónir, ef þeirra vilji gengi fram, sem jeg talaði um. Þetta kemur ekki því við, sem nefndin er að tala um, að áætla eitt hestafl á mann til að vinna úr. Þetta er því alveg óviðkomandi, og er mjer óskiljanlegt, hversu hæstv. forsætisráðherra (J. M.) hefir farið að blanda því saman. Það fellur því alveg niður, sem hann sagði um þetta atriði, og eins vona jeg, að mönnum skiljist, að mótstaða hans gagnvart þessu frv. sje á sandi bygð. Frv. er ekki illa undirbúið, því sanna má, að flest önnur frv. hafa verið miklu ver undirbúin Hins vegar er

lítil vörn í frv., sem þeim láðist að drepa á, um „afnot fasteigna“. Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) verður að fyrirgefa, þótt jeg hafi gleymt ýmsu af því, sem hann sagði, því myllan í Fjarðará hefir verið svo þægileg í eyrum manna, að þá hefir syfjað á meðan hún var að mala, og menn vakna ekki, nema þeir heyri eitthvert stórmenni hneggja. Raunar vaknaði jeg nú, er jeg heyrði háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) komast að þeirri niðurstöðu, að dómstólarnir mundu hnupla eignum manna.

Frsm. meiri hl. (Gísli Sveinsson): Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) talaði um 27. gr. og sinn skilning á henni, og eftir þeim orðum, er hann fór um 34. gr., þá vil jeg taka það fram, að mjer finst skýring hans eðlileg. Hafði jeg tekið líkt fram, en jeg býst við, að þeim sje ekki með þessu meinað að halda áfram að hafa útlent fje með höndum. Annað atriði var á sömu lund og áður, um vatnastjórann. Mjer er ekki ljóst, hvernig hann fer að komast að þeirri niðurstöðu, að þetta sje óforsvaranlegt. — Hann ætti að vita, að bæði í löggjöfinni og öðru er stjórnin bundin við till. þeirra forstjóra fyrir einhverri stofnun, sem tillögurjett hefir. Og það hefir komið fyrir iðulega, að fjárveiting til fyrirtækis hefir verið bundin því skilyrði, að sjerfræðingur mælti með henni. Það nær því ekki nokkurri átt hjá hæstv. forsætisráðherra (J. M.) að telja þetta ákvæði óforsvaranlegt, því það er vel forsvaranlegt, enda er þetta gert að vel yfirlögðu ráði, að hafa þennan ráðunaut með þessu valdi.

Annað atriði var það, sem hæstv. forsætisráðherra (J. M.) talaði um, og var það, að alls ekki væri forsvaranlegt að hafa kosningar á milli þess, að sjerleyfi væri veitt. Það er rjett, sem sagt hefir verið, að þetta ákvæði er tekið frá minni hl. milliþinganefndarinnar (Sv. Ó.). Og minni hlutinn hefir þá líka svarað til þessa, og segist hann hafa látið grannskoða það af þremur lögfræðingum. Annars er það líka sýnilegt, að hæstv. forsætisráðherra (J. M.) veður reyk, þar sem hann segir, að þetta sje ógerlegt, af því að ekkert standi um þetta í stjórnarskránni. Það er eigi alls kostar svo, þetta atriði, að það þurfi að bera fyrir konung, því það segir um þetta, að um það skuli fara eins og lagafrv. Nú sagði hæstv. forsætisráðherra (J. M.), að það mundi varða ráðherraábyrgð, ef ekki væri farið með þetta til konungs, en þetta er rangt, því að ekki er hægt að koma með ábyrgð á hendur stjórninni fyrir það, sem lög beinlínis fyrirskipa.

Mjer er óskiljanlegt, hvers vegna hæstv. forsætisráðherra (J. M.) er að ræða um þetta eins og eitt af höfuðatriðum, og bera það fram um leið, að það sje ekki vel athugað. Jeg held, að allir sanngjarnir menn verði að viðurkenna, að þetta atriði, sem önnur atriði, sem nefndin hefir athugað, eru rækilega krufin til mergjar. Og þetta verða menn að játa, hvort sem þeir telja niðurstöðuna heppilega eða ekki. En jeg verð hissa á þessum ummælum hæstv. forsætisráðherra (J. M.), þar sem það er alkunna, að hann hefir oft gefið yfirlýsingar lögfræðilegs efnis, sem, vægast sagt, hafa verið mjög tvísýnar. Jeg held, að óhætt sje að segja, að hæstv. forsætisráðherra (J. M.) sje betri lögfræðingur utan þings en innan, því þar blandast ýmislegt við skýringar hans, tillit til flokka o. fl. Hjer á þingi er því hæstv. forsætisráðherra (J. M.) að minsta kosti vefengjanlegur lögfræð-

ingur, en sjaldnast er hann svo ákveðinn, að hægt sje að herma upp á hann ákveðna skoðun.

Hæstv. forsætisráðherra harmaði það, að nefndin hefði ekki lagt fram frv. um rannsókn Sogsfossanna. Nefndin kom með till. í þá átt, en hæstv. forsætisráðherra (J. M.) hafði þá önnur tillit að taka, og honum láðist að biðja hv. deild að samþ. rannsóknarleyfið sjerstaklega, eða lýsa því yfir, að hann saknaði lagafrv. í þá átt. Nú er of seint að bera slíkt fram, en það er skiljanlegt, að nefndin beri ekki fram tvær till. um sama efni.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) endurtók ræðu hæstv. forsætisráðherra (J. M.) og kafla og kafla úr fyrri ræðum sínum. Það væri því að bera í bakkafullan lækinn að svara honum orði til orðs.

Hv. þm. (Sv. Ó.) talaði um, að samræmi vantaði, þar sem rætt væri um afhending samkvæmt 36. gr., eða endurhvarfið, sem hann kallaði, þar sem eigi væri ákveðið, hverra eign vatnfallið væri. — Háttv. þingm. (Sv. Ó.) hefir áður lýst yfir skilningsleysi sínu, en eitthvað virðist hann vera að þokast í áttna nú, eða svo fanst mjer á ræðu hans. Frv. ræðir ekki um eignarrjettinn, heldur að eins um það, hverjum megi veita sjerleyfi. Það segir í raun og veru það sama og frv. hv. þm. (Sv. Ó.), svo hann er að berjast við sjálfan sig. Grein sú í frv. háttv. þm. (Sv. Ó.), sem hann vitnar í, er um, að eigendum fallvatna og umráðamönnum sje heimilt að virkja alt að 500 hestorkum. Frv. segir það sama, nema það tekur ekki til eigendur, en ef svo er litið á, að einstaklingar eigi vatnsorkuna, þá eru þeir umráðamenn, nema að þeir afsali umráðarjetti sínum. Frv. talar um þá, sem heimild hafa á vatni, og býst jeg ekki við, að jeg þurfi að skýra orðið heimild, enda hefi jeg gert það áður. En háttv. þm. (Sv. Ó.) skilur ekki, að heimild fáist með öðru en eignarrjetti, og get jeg ekki að því gert, þótt hv. þm. (Sv. Ó.) sje skilningssljór, eða vilji vera það á þessu sviði. Háttv. þm. talaði um, að hjer væri ekki um endurfall, heldur innlausnarrjett að ræða. Þetta er beinlínis rangt, eins og svo margt annað hjá þessum hv. þm. (Sv. Ó.). Það stendur berum orðum, að virkin falli til ríkisins ókeypis, en ákveðið er að bæta þau, svo framarlega sem þau eru nýtileg. Það er einkennilegt, hvað háttv. þm. (Sv. Ó.) virðist illa kunna ýms ákvæði frv., því að þau eru sumpart frá meiri hl. fossanefndar og sumpart frá honum sjálfum, eða þá atriði, sem hann hlýtur að hafa kynt sjer.

Háttv. þm. (Sv. Ó.), sem virðist einkennilega fimur í þeirri list að fara í gegnum sjálfan sig, talaði nú um, að frv. væri ekki nógu nákvæmt, þó að hann hafi áður fundið því nákvæmni til foráttu. Hann vill láta ákveða verkakaup, heilbrigðisreglur, bókakost o. fl. Slíkt nær ekki nokkurri átt; það væri heimskan einber að fastsetja það með lögum nú, en frv. veitir heimild, og er það nægilegt. Þarna óð háttv. þm. (Sv. Ó.) reyk.

Þá vildi hv. þm. (Sv. Ó.), að undirnefndin hefði tekið sig, eða hv. þm. Dala. (B. J.), til ráðuneytis. Jeg get sagt það fyrir nefndarinnar hönd, að hún var fegin að losna við báða. Yfirleitt þótti mjer galli á skipun nefndarinnar, að þessir tveir menn, sem aldrei geta setið á sáttshöfði og splundra öllu, sem þeir koma nálægt, eru á móti til þess að vera á móti, skyldu vera kosn-

ir í nefndina. Höfuðverk hennar var þess vegna að koma þeim út úr starfinu, og það tókst. Starf nefndarinnar var að athuga, hvað afgreiða þyrfti nú, og varð þá fyrir það þrætumál, hvort dómstólar eða löggjafarvaldið skyldu skera úr eignaspursmálinu. Meiri hl. leit svo á, að það ætti að vera verk dómstólanna, og svo mun alment litið á af þjóðinni.

Hitt, sem gera þurfti nú, var að bera fram frv. til sjerleyfislaga. Nefndin bjóst ekki endilega við, að málið næði fram að ganga á þessu þingi, en gerði ráð fyrir, að útgert yrði um það, ef ekki á þessu þingi, þá á næsta þingi. Jeg hefi tekið það fram áður, að jeg tel það tjón, að stjórnin gat ekki kynt sjer málið fyrir þing og vinsað úr því, og komið fram frv. samkvæmt því. Jeg er að þessu leyti dagskránni sammála, og jeg hefi bent á rök til þess, að eigi var hægt að leggja þetta frv. fram fyr. Þar sem jeg er dagskránni samþykkur, er frsm. nefndar, sem ber fram þetta frv., þá ætla jeg ekki að greiða atkv. um dagskrána. Þetta frv. nær hvort sem er ekki fram að ganga nú, vegna tímaskorts, og kemur þá til kasta stjórnarinnar að leggja það eða annað í líka átt, fyrir næsta þing, sem að áliti hæstv. forsætisráðh. (J. M.) verður í vetur. En jeg get ekki skilið, að stjórnin geti vikið mikið frá þessu frv., svo vel er það undirbúið. Þessu vildi jeg skjóta til hæstv. forsætisráðh. (J. M.), því allar líkur eru á, að hann eigi áfram sæti í stjórninni; það er sennilegt, að byrinn beri hann í sömu höfn, þó hann hafi nú um tíma undið segl við hún og stefnt í aðra átt. Jeg vona, að lögfræðiþekkinguna vanti þá ekki og ekki þurfi að finna að frv. þess vegna.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg stend hjer upp til að leiðrjettta misskilning. Jeg hefi aldrei talið mig góðan lögfræðing nje gumað í því efni. Mig skortir margt til þess, en jeg er mjer ekki meðvitandi, að jeg hafi skýrt lög, hvorki hjer nje annarsstaðar öðruvísi en jeg áleit rjetttast. Jeg skal ekki um það segja, hvort mjer hafi skeikað oft eða ekki. Jeg býst ekki við, að háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hafi ætlað að bera mig þessum sökum, þó það kæmi svona fram, að lítt hugsuðu máli.

Jeg ætla ekki að fara að deila hjer um lögfræðileg efni, og þá síst við hv. þm. (G. Sv.), því honum tókst svo höndulega að gleyma því, sem deilt var um, og geta þess að engu. En það, sem jeg lagði aðaláhersluna á, var munurinn á stjórnarskrárþingi og almennu þingi, en það atriði ljet hv. þm. (G. Sv.) liggja á milli hluta.

Sigurður Stefánsson: Mjer láðist að geta þess, að jeg álít rjett, að stjórnin taki til athugunar niðurstöðu samvinnunefndar, eigi síður en milliþinganefndar. Þessu hefir nú verið bætt inn í till. Jeg álít, að við höfum ekki gefið næstu stjórn bendingu um að taka málið upp, ef það lognast út af nú. En til þess eru allar líkur vegna þess, hve málið er seint fram borið. Dagskráin er því nauðsynleg, því annars gæti stjórnin leitt hjá sjer að gera nokkuð í þessu máli.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. N.-Ísf. (S. St.) samþ. með 17 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. St., E. Árna., E. J., H. K., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. O.,

P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J.
nei: J. J., B. Sv., B. J., Ó. B.

B. K., G. Sv., J. M. og S. S. greiddu ekki atkv.

Einn þm. (E. A.) fjarstaddur.

Frv. því talið

fallið.

11. Hafnarlög fyrir Ísafjörð.

Á 4. fundi í Ed., þriðjudaginn 8. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til hafnarlaga fyrir Ísafjörð (A. 47).

Á 7. fundi í Ed., laugardaginn 12. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Torfason): Frv. þetta er gamall kunningi frá því á þinginu 1917. Hv. deild samþykti það þá einróma, svo jeg þykist ekki þurfa að fara um það mörgum orðum. Jeg vil að eins geta þess, að frv. var líka samþ. einróma í Nd., við tvær fyrri umræðurnar, eftir að sjávarútvegsnefnd hafði veitt því stuðning sinn. En við 3. umr. var það drepið, án þess að nokkur þingdm. mælti því í gegn. Jeg skal ekki vera fjölorður um þetta athæfi, en um það mundu allir hv. þingdeildarbræður mínir vera mjer sammála, að hjer hafi ekki verið farið sjerlega þinglega að. Og þá sjerstaklega vegna þess, að hjer er um lög að ræða, sem áttu að verða nauðsynleg undirstaða meðferðar á hafnarmálum í einum helsta kaupstað landsins. Slík lög sem þessi hafa ekki einungis aðrir kaupstaðir fengið afgreidd af þinginu, heldur og ýms minni kauptún.

Jeg treysti því fyllilega, að frv. fái jafngóðan byr í hv. deild og áður. Legg svo til, að því verði vísað til sjávarútvegsnefndar að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 2003) með 10 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., miðvikudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 47, n. 483).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Eins og nál. ber með sjer, er nefndin einróma samþykk því, að þetta frv. nái fram að ganga. Nefndin játar það, að hafnarfyrirtæki sjeu eitt af því fyrsta, sem þingi og stjórn beri að hlynna að sem best. Að öðru leyti nægir að vísa til álitssömu nefndar á þingi 1917, en þá var þetta sama mál fyrir henni, og hefir hún ekki síðan breytt skoðun sinni um nauðsyn þessa fyrirtækis. Sjálfur get jeg af persónulegum kunnugleika borið um það, að sjómönnum er hin mesta nauðsyn að fá þessa höfn, með því að mótorbátaflotinn getur ekki legið á pollinum að vetrarlagi, sökum þess, að hann leggur á hverjum vetri.

Jeg skal í umboði nefndarinnar geta þess, að nefndin ætlast til þess, að verkið verði framkvæmt eftir áætlun, sem stjórnin samþykkir, og er þann veg stjórninni ætlað að hafa hönd í bagga með verkinu. Í annan stað vil jeg taka fram, að þó að ætlast væri til

þess 1917, að ekki yrði ráðist í hafnargerðina fyr en dýrtíðinni ljetti af, þá er eigi hægt að binda sig nú við þessa kröfu, með því að alls óvíst er, hvað lengi dýrtíðin varir, og verður það því að vera á valdi bæjarstjórnar Ísafjarðar að meta það, hve nær fært þyki að byrja á verkinu.

Þarf jeg ekki að svo stöddu að fara fleiri orðum um frv., en skal geta þess, að samskonar frv. önnur liggja fyrir nefndinni og munu bráðlega verða afgreidd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—15. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., föstudaginn 29. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 47).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 49. fundi í Nd., föstudaginn 29. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til hafnarlaga fyrir Ísafjörð,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 567).

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 1. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Mál þetta var í sjávarútvegsnefnd í hv. Ed., og legg jeg til, að það fari í sjávarútvegsnefnd hjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 2 atkv. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 2010) með 15 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., laugardaginn 20. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 567, n. 889).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þgskj. 889, frá sjávarútvegsnefnd, samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv. því talið

fallið.

---

12. Hundaskattur.

Á 11 fundi í Nd., laugardaginn 19. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum 22. maí 1890, um hundaskatt og fleira (A. 109).

Á 12. fundi í Nd., mánudaginn 21. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. júlí, var frv. enn tekið til 1. u m r.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg get látið mjer nægja að vísa til greinargerðarinnar, sem frv. fylgir, og leyfi mjer að leggja til, að málinu verði vísað í landbúnaðarnefnd að umr. lokinni. (**M. P.:** Í fjárhagsnefnd!). (**S. S.:** Í allsherjarnefnd!).

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum gr. atkv.

Till. um að vísa því til landbúnaðarnefndar feld með 12 : 8 atkv., og till. um að vísa því til allsherjarnefndar sömul. feld með 12 : 5 atkv.

Frv. vísað til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 2005) með 12 : 3 atkv.

Á 22. fundi í Nd., fimtudaginn 31. júlí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 109, n. 198).

Frsm. (Einar Árnason): Frv. þetta fer fram á að hækka skatt á óþarfahundum upp í 100 kr. á ári.

Fjárhagsnefndin gat ekki orðið ásátt um að hækka skattinn svo mikið. Hefir hún því komið með brtt. um að hækka hann að eins upp í 50 kr. Það er þó ekki svo að skilja, að hún vilji ekki hafa háan skatt á þessum óþarfadýrum, því að hún telur þau hvorki nauðsynleg nje til þrifa.

En hún taldi rjett að taka dálítið tillit til þeirra breytinga, sem orðið hafa á verðgildi peninga síðan lögin um hundaskatt voru sett. Má nokkur rök færa fyrir því, að 50 kr. nú sje ekki miklu tilfinnanlegra gjald en 10 kr. árið 1890.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta einfalda frv., fyr en þá ef mótmæli koma fram.

Einar Arnórsson: Þetta mál er ekki þannig vaxið, að það skifti bæjarsjóði miklu, hvort gjaldið er 50 eða 100 kr. En það er ýmislegt annað í því athugavert.

Háttv. fjárhagsnefnd er mjög undarleg, og heilastarfsemi hennar lítt skiljanleg.

Hún er með því að margfalda toll á ýmsum nauðsynjavörum. Hún er með vörutolli, stimpilgjaldi, sem er almennur viðskiftatollur, og hún er með tolli á þrifnaðarvöru, svo sem hárvatni. Þá er hún líka með tolli á suðuvínanda, sem hún veit þó að alment er notaður til eldsneytis.

Þetta alt vill hún tolla hátt.

Eitt dæmi má taka enn. Hún vill tolla þá, sem ferðast á bifreið, því auðvitað lendir sá skattur ekki á bifreiðaeigendum.

Þetta alt gerir hún án þess að depla auga.

En þegar um óþarfa h u n d a er að ræða, þá má ekki fara fram úr 50 kr., af því að það á að svara til 10 kr. 1890.

Það getur vel verið, að sá samanburður sje rjettur.

En þess ber að gæta, að hjer er um „luxus"-skatt að ræða, sem miðar að því að útrýma óþarfaskepnum, sem eru til óþrifa og leiðinda og ef til vill sýkja okkar góða hundakyn.

Mig furðar stórlega á því, að hv. frsm. (E. Árna.), sem líka er flm. frv., skyldi víkja frá algerlega rjettu máli fyrir lokleysur nefndarinnar.

Tollurinn var síst of hár; hann hefði

þvert á móti átt að vera miklu hærri en frv. tekur til.

Það eru ekki aðallega íslenskir hundar, sem hjer eru til óþarfa, heldur kaupstaðarhundarnir. Og þeir eru til lítilla þrifa. Þeir ata út götur, gelta að fólki og glepsa í menn.

Og þar sem allri reglu og hirðingu er ábótavant, þá kemur það oft fyrir, að þeir gelta og spangóla fram á nætur og halda vöku bæði fyrir veikum mönnum og heilbrigðum.

En þessi kvikindi má ekki tolla of hátt, og á þeim hygst háttv. fjárhagsnefnd að „brilliera“ í sanngirni. Hún hefir þó ekki gert það fyr á þessu þingi. Jeg vil því eindregið leggja það til, að brtt. nefndarinnar verði feld, en frv. samþ. óbreytt. Og mjer þykir gaman að sjá framan í háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.), þegar hann fer að greiða atkv. á móti sínum eigin till.

Magnús Pjetursson: Það skiftir líklega í tvö horn, þegar við hv. 2 þm. Árn. (E. A.) förum að andmæla háttv. fjárhagsnefnd.

Jeg tel það alveg rangt, að frv. þetta kom fram, og tel því hv. fjárh.n. á rjettri leið, þar sem hún vill lækka skattinn. En það er hvorki í núgildandi lögum nje í frv. gerð nægileg grein fyrir því, hvað sjeu óþarfahundar. — Að vísu eru nú taldir óþarfahundar hjá öllum, sem ekki búa á einu hundraði úr jörðu eða meira. En vel mætti benda á, að menn geta átt þarfa hunda, sem ekki uppfylla þessi skilyrði. Get jeg t. d. nefnt rottuhundana, sem eru mjög þörf dýr; ekki síst yrði það hjer í Reykjavík. Varna þeir eyðileggingu á ýmsum munum manna og auka þrifnað í bæjunum, með því að eyða rottunum. Ættu þeir að verða enn fleiri hjer, og óskattaðir, nema ef menn komast að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að leggja skatt á þá, sem stuðla að auknum þrifnaði.

Það, sem mjer virðist aðallega vaka fyrir hv. flm. (E. Árna. og J. B.) þessa frv., er, að það eigi að vera nokkurskonar heilbrigðisráðstöfun. Jeg verð nú að segja það, að eigi að gera eitthvað í þá átt, beri miklu fremur að ganga að því að fækka hundunum í sveitunum heldur en í kaupstöðunum; því að það er áreiðanlega gætt meiri þrifnaðar um hunda í kaupstöðum heldur en í sveitum, sem eðlilegt er.

Þá tók hv. flm. (E. Árna.) fram, að þetta væri „luxus“-skattur, en ef svo væri, þá finst mjer, að hann ætti að ná víðar. Það er sem sje engin vissa fyrir því, að hundar í kaupstöðum sjeu meiri „luxus“-hundar heldur en hundar á sumum hverjum sveitabæjum. — Hundar geta sem sje verið til mikils gagns, þótt þeir sjeu ekki beinlínis notaðir við fjárgæslu; þeir geta verið ágætir til þess að rata, og það hefir ekki ósjaldan komið fyrir, að þeir hafi bjargað lífi manna, og hver mundi telja það ónauðsynlegt? — Nú hefir háttv. fjárhagsnefnd lækkað 100 kr. skattinn niður í 50 kr. Byggir hún það meðal annars á því, að 50 kr. nú sjeu ekki meira en 10 kr. 1890. En hvernig stendur þá á því, að hún hefir eigi verið sjálfri sjer samkvæm og hækkað 2 kr. skattinn fimmfalt? Annars getur það vel verið rjett hjá hv. fjárhagsnefnd, að peningar hafi fallið fimmfalt síðan 1890, og gleður það mig að heyra, að hv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) skuli hafa komist að þeirri niðurstöðu, því það getur verið, að jeg þurfi að minna hann á það síðar, er við tölum um verðfall peninga undir umr. um annað mál.

En ef hv. þm. vilja nú gera eitthvað til þess að fækka þessum síspangólandi hundum, sem halda vöku fyrir hv. 2. þm. Árn. (E. A.) um nætur, þá er það viðkunnanlegast að setja sveitar- og bæjarstjórnum heimildarlög til að leggja á slíka hunda eftir þörfum, og svo framarlega, sem þetta frv. fer til 3. umr., mun jeg gera brtt. í þessa átt. Mundi jeg að vísu hafa eitthvert hámark á því, hvað skatturinn mætti fara hæst, en í eðli sínu eiga sveitar- og bæjarstjórnir að ákveða, hverjir hundar skuli vera skattskyldir og hverjir ekki. Þeim stendur það mál nær, en Alþingi, enda nýtur ríkissjóður ekki skattsins.

Einar Arnórsson: Þótt háttv. þm. Stranda. (M. P.) víki aðallega orðum að mjer, þá eru það þó ekki nema örfá atriði, sem jeg þarf að svara í ræðu hans.

Það má vel vera, að sumir hundar í kaupstöðum og annarsstaðar sjeu góðir til fylgdar, en þeir munu þó vera svo hverfandi fáir, að þeirra gæti ekki að nokkrum mun. Mætti eins vel segja, að þar sem það hefði komið fyrir, að brennivínsflaska hefði bjargað lífi manna uppi á heiðum að vetrarlagi, þá væri brennivín nauðsynleg vara. Og ef einhver hundur væri sjerstaklega kunnur að því að vera góður til fylgdar, þá gæti sveitar- eða bæjarstjórn undanskilið hann skattinum.

Um heilbrigðis- og þrifnaðarráðstöfunina, sem fólgin á að vera í þessu frv., þarf ekki að deila við hann, því mjer skilst, að hann, sem læknir, ætti og geti ekki verið því mótfallinn að takmarka hundahald, enda fanst mjer háttv. þm. (M. P.) ekki vera heldur mjög fastur á, að hætta gæti ekki stafað af hundum. (**M. P.:** Jeg vil halda því fram, að meiri hætta stafaði af hundum í sveitum heldur en í kaupstöðum). Það má vel vera, en þar eru þeir nauðsynlegir til þess að verja tún og engjar og gæta fjenaðar. Og mjer er nær að halda, að bændur sjeu svo miklir ráðdeildarmenn, að þeir hafi ekki fleiri hunda en þeir nauðsynlega þurfa. Annað mál er það, að þetta er ekki stórvægilegt, og síst frá tekjuhliðinni, en mjer finst, að úr því að verið er að hreyfa við lögunum, þá beri að gera það af viti.

Gísli Sveinsson: Það er nú raunar að bera í bakkafullan lækinn að tala um þetta „merkilega“ mál, enda var ástandið hjer í hv. deild um tíma svo, að ekki heyrðist hundsins — jeg meina manns mál. Þegar jeg fór að athuga þetta frv., þá komst jeg brátt að þeirri niðurstöðu, að hv. fjárhagsnefnd hefir ekki litið á þau lög, sem gilda um þetta efni. Jeg bjóst þó við því, að nefndin mundi gera það, því að það getur altaf komið fyrir, að flm. sjáist yfir slíkt, eða þeir sjeu ekki öllum hliðum máls kunnugir, sjerstaklega ef þeir eru úr kaupstað og þekkja lítið inn í hundahald, slíkt sem hjer um ræðir, eða lögin gera ráð fyrir. En heil nefnd, sem þar að auki er skipuð góðum mönnum úr sveit, ætti að vita, að miklu fleiri hundar eru þarfir heldur en þeir, sem lögin reikna sem slíka. Í lögunum er svo ákveðið, að hundar sjeu því að eins þarfir á bæ, að bóndinn búi á einu hundraði eða meira. Nú er það alkunna, að úti um land er fjöldi hunda mjög svo gagnlegir, þótt ekki sje búið á einu hundraði eða meira. Í öllum smákaupstöðum eða kauptúnum eru

sem sje menn, sem hafa einhver jarðarnot og eiga nokkrar skepnur, hross, kindur og kýr, og þurfa engu síður að smala þeim heldur en sveitabóndinn; þurfa þeir því nauðsynlega á hundum að halda. Að láta nú þessa menn borga hvort heldur 100 eða 50 krónur í sveitasjóð af slíkum þarfahundi, það nær ekki nokkurri átt. Það, sem jeg vil því leggja til, er hið sama og háttv. þm. Stranda. (M. P.) mintist á. (**M. P.**: Hv. þm. (G. Sv.) hefir þá heyrt síðari hl. ræðu minnar). Já, því þá var hundgáin í deildinni ekki eins áköf. Hv. þm. Stranda. (M. P.) vildi láta gefa sveitar- og bæjarstjórnum heimild til þess að leggja skatt á þá hunda, sem óþarfir væru. Þetta felli jeg mig vel við, og vildi jeg því fara þess á leit við nefndina, að hún vildi nú taka málið út af dagskrá, og kæmi sjálf með breytingar í þessa átt. Allir vita, að tekjuauki landssjóðs verður enginn við þennan skatt, og ekki veit jeg heldur til, að nein beiðni hafi komið fram frá sveitarstjórnum um þetta efni. Finst mjer því rjettast að láta þær um þetta atriði að öllu leyti.

Frsm. (Einar Árnason): Þótt undarlegt megi virðast, þá vekur þetta litla frv. ekki svo litlar deilur í hv. deild; það virðist þó ekki vera svo afskaplega stórvægilegt atriði, hvort heldur eru lagðar 10 eða 50 kr. á einn óþarfahund. Eftir því, sem umr. hafa fallið, virðist ekki gott fyrir fjárhagsnefnd að gera hv. þm. til hæfis. Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) taldi nefndina hafa brotið af sjer með því að breyta 100 kr. í 50 kr. Þar eð jeg er flm. frv., þá get jeg skýrt frá því, að jeg fjelst á þessa breytingu til samkomulags í nefndinni, og ætla jeg að halda mjer við hana.

Þá talaði hv. þm. (E. A.) mikið um það, að fjárhagsnefnd væri ófyrirleitin með að tolla alla skapaða hluti, sem nauðsynlegir væru. Jeg svara þessum atyrðum hans til nefndarinnar ekki nú, vegna þess að þær stóðu í sambandi við alt annað mál, sem er þessu algerlega óviðkomandi og alls ekki á dagskrá. En jeg kann að fá tækifæri til þess síðar.

Aftur á móti kvað nokkuð við annan tón hjá hv. þm. Stranda. (M. P), því hann virtist vera mótfallinn allri hækkun á hundaskattinum. Fanst honum ósamræmi mikið í því hjá nefndinni, að hún skyldi ekki hækka að jöfnu tollinn á þörfum hundum og óþörfum. En þetta ósamræmi(!!) stafar af því einu, hversu mikinn mun nefndin gerir á þörfu og óþörfu. Hv. þm. (M. P.) gat þess, að ýmsir hundar í kaupstöðum væru mjög þarfir, og nefndi sjerstaklega rottuhunda; en jeg fæ ekki betur sjeð en að ýms ráð önnur sjeu betri til þess að eyða rottunum en að fylla alt af hundum. Annars fæ jeg ekki skilið, hvernig læknir getur haldið því fram, að rjett sje, að engar hömlur sjeu settar gegn óþörfu hundahaldi, því óhrekjandi er, að þeir eru bæði til óþrifnaðar og heilsuspillis.

Þá mintist sami hv. þm. (M. P.) á, að rjettast væri að gefa sveitar- og bæjarstjórnum heimild til þess að leggja skatt á þá hunda, er þær teldu óþarfa. Taldi hann rjettast að hafa þó eitthvert hámark á slíkum tolli. Það gæti komið til mála að athuga þetta atriði, þótt jeg hins vegar beri ekki mikið traust til bæjar- og sveitarstjórna í þessu efni.

Jeg þarf ekki miklu að svara hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Talaði hann um, að fleiri hundar væru þarfir en þeir, er

lögin gerðu ráð fyrir. Nefndi hann sjerstaklega hunda í þorpum, þar sem menn ættu fjenað. Jeg held, að þetta sje á litlum rökum bygt. En ef svo er, þá býst jeg ekki við, að lögin hafi undanfarið verið „praktiseruð“ stranglega í þeim skilningi. Eða hvernig er það í Vestur-Skaftafellssýslu?

Jeg sje ekki ástæðu til þess að taka þetta mál nú út af dagskrá, því mjer finst það svo einfalt, að þess gerist ekki þörf. Vil jeg mælast til, að málið verði samþ. með breytingum nefndarinnar.

Magnús Pjetursson: Hv. frsm. (E. Árna.) bar það fram, að fjárhagsnefnd hefði ekki breytt hundaskattsl. meira vegna þess, að hún hafi viljað gera svo glöggan mun þarfra og óþarfra hunda. Hefði hv. nefnd gert minstu tilraun í þá átt að gera mun á þörfu og óþörfu, þá hefði jeg getað haft samúð með henni, en svo er ekki, því hún hefir algerlega fylgt því, sem lögin leggja inn í þessi tvö hugtök, en eins og sýnt hefir verið, eru margir þeir hundar þarfir, sem lögin telja óþarfa. Hefði nefndin t. d. farið fram á, að skattur yrði lagður á hunda þannig, að hann væri lægstur af fyrsta hundinum, og hækkaði svo af hverjum hundi, sem umfram væri, þá hefði hún sýnt lit á, að hún vildi vera á rjettri leið, en það hefir hún ekki gert. Jeg er sem sje sannfærður um, að slík breyting mundi miða að því að fækka hundum á sveitabæjum, og þess gerist sjálfsagt þörf, því það er kunnara en frá þurfi að segja, að þeir eru of margir víða.

Þá vildi hv. frsm. (E. Árna.) halda því fram, að ekki væri í „praxis“ lagt á hunda í kaupstöðum, sem þarfir væru taldir. Mjer þykir það allskritið, að hv. nefnd skuli færa það sem ástæðu fyrir, að hún breyti ekki þessum lögum, að í „praxis“ sje þeim ekki fylgt, heldur brotin. Jeg kann allilla við, að á hv. Alþingi skuli einn hv. þm. (E. Árna.) benda mönnum á að fara í kringum lög, sem það hefir samþykt, einungis til þess að þurfa ekki að hafa fyrir að leiðrjetta þau.

ATKVGR.

Brtt. 198. samþ. með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. J., P. O., P. Þ., S. S., S. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. St., E. Árna., G. Sv., H. K., J. M., M. G., M. P., Ó. B.

nei: M. Ó., St. St., Sv. Ó., B. Sv., B. J., B. K., E. A., E. J., J. J.

Einn þm. (J. B.) fjarstaddur.

1. gr., svo breytt, samþ. með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. K., J. J., J. M., M. G., P. J., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Þorl. J., Þór. J., B. St., E. A., E. Árna., Ó. B.

nei: G. Sv., M. P., M. Ó., Sv. Ó., Þorst. J., B. Sv., B. J., B. K., E. J.

Einn þm. (J. B.) fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3 umr. með 13 : 4 atkv.

Á 24. fundi í Nd., mánudaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 228, 231, 235).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. ágúst, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 228, 231, 235, 270).

Frsm. (Einar Árnason): Það hafa komið fram nokkrar brtt. um frv., og skal jeg ekki tala langt mál um þær. En jeg vil strax taka það fram, að nefndin hefir ekki sjeð sjer fært að mæla með þeim. Um brtt. á þgskj. 270 er það að segja, að sú breyting, að láta alla þá, sem hafa einhverja lítilfjörlega grasnyt og tíunda eitt lausafjárhundrað, vera undanþegna hinum hærri hundaskatti, getur ekki verið til bóta.

Eftir þessu gæti maður, sem ætti að eins eina kú og hefði nokkurra fermetra blett, haldið hund, án þess að borga nema 2 kr. í skatt. Hundurinn væri þá þarfur að lögum. Þetta verður nefndin að telja spjöll á frv., og getur því ekki lagt með því.

Þá er brtt. á þgskj. 228. Hún fer fram á það, að bæjarstjórnum og sýslunefndum sje veitt heimild til að hækka skatt á óþarfahundum upp í alt að 50 kr. Jeg skil ekki tilætlunina með þessari brtt., nema ef hún skyldi vera sú, að gera frv. að engu. Fyrst og fremst er engin vissa fyrir því, að bæjarstjórnir og sýslunefndir mundu nota þessa heimild, og þá yrði árangurinn af þeirri viðleitni, að fækka óþarfahundum, enginn. Og þó að þær notuðu heimildina, þá er óvíst, að allar gerðu það, og að þær, sem það gerðu, gætu hækkað skattinn mismunandi. Jeg tel það óviðfeldið, að skatturinn verði mismunandi hár á hinum ýmsu stöðum, því eftir eðli sínu ætti hann að vera jafnhár hvar sem væri á landinu.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) talaði um það við 2. umr., að ákvæði núgildandi laga um hundaskatt væru úrelt og órjettlát. Hann átti þar við það ákvæði, er telur þann mann eiga þarfahund, sem býr á einu hundraði eða meira. — Hundar annara manna teljast óþarfir. Jeg get ekki sjeð, að brtt. bæti hjer nokkuð úr.

Þær brtt., sem hjer eru fram komnar, miða að því að gera frv. að engu, eða verra en engu, miða að því að gera það að hjegóma einum. Jeg vildi því mælast til, að menn feldu frv. alveg, heldur en að samþ. þær. Það væri að minsta kosti hreinlegra og skýrara.

Jeg vil ekki orðlengja meira um þetta efni. Jeg geri frv. ekki að kappsmáli: fyrir mjer er það ekki svo mikils vert. Við 2. umr. málsins gerðust margir hv. þm. mjög mælskir, og vænti jeg, að svo verði enn, og jeg vil gera þeim þann greiða að ljúka máli mínu, svo þeir geti farið að byrja.

Þorleifur Jónsson: Eftir þeim lögum, sem nú gilda um hundaskatt, þá mega þeir einir hafa svo kallaða þarfahunda — með 2 króna skatti — sem búa á einu hundraði eða meira. — Aðrir verða að sætta sig við að greiða hærri skattinn, 10 kr., jafnvel þótt nauðsyn beri til að hafa hund. Nú ætlar deildin að samþ. hækkun á þeim skatti, sem hvílir á óþörfu hundunum, upp í 50 kr. Mjer virðist því rjett að rýmka eitthvað um þessi 30 ára gömlu ákvæði, svo þeir, sem þurfa að halda hund, þurfi ekki að borga þennan háa skatt. — Við, jeg og hv. þm. Borgf. (P. O.), höfum borið fram brtt. á þgskj. 235, sem bætir frv. að þessu leyti. Brtt. er aftur við þetta, á þgskj. 270, og ætlumst við til, að hún sje samþ. Hún fer fram á, að þeir megi hafa hunda, með lægri skatt-

inum, sem hafa grasnyt og telja fram fje, sem nemur einu hundraði. Í sveitum og kauptúnum eru farin að tíðkast húsmannabýli, og þeir menn, sem á þeim búa, hafa margir fjenað og verða að gera fjallskil. Þess vegna er það illa til fallið, að löggjöfin meinar þeim að halda hund til þessara nytja. Jeg segi með vilja, að löggjöfin meini mönnum þetta, því að 50 kr. skattur er sama sem bann fyrir marga fátæka menn.

Hv. frsm. (E. Árna.) sagði, að brtt. kæmi í bága við frv., af því að hún rýmkaði það svo mjög. Það er satt, að hún rýmkar það, en hitt er ekki satt, að hún komi í bága við það. Hún heldur ekki hlífiskildi yfir óþarfahundum. Hv. frsm. (E. Árna.) sagði, að margir gætu skotið sjer undan þessu ákvæði, og það er bæði rjett og ekki rjett. Sá maður getur samt ekki talist að hafa grasnyt, sem að eins á einhvern blett til að sitja á. Eins dugir ekki, þó húsmaður eða grasbýlismaður telji fram eina kú, þó í fullri tíund sje; hún verður ekki hundrað, þegar búið er að draga frá sjöund. En meiningin hjá okkur er, að maðurinn eigi að telja fram gjaldskylt hundrað.

Í sjálfu sjer er þetta ekkert stórmál, og margir munu segja, að það sje varla þess vert, að um það sje deilt. En jeg verð að líta svo á, að úr því að frv. er komið hjer fram, þá sje sjálfsagt að reyna að gera það eins vel úr garði og unt er, og það þess heldur, þegar nefndin virðist ekki hafa athugað það eins og henni bar.

Jeg vona, að brtt. á þgskj. 270 verði samþ., vona, að menn sjái, að hún er málinu ekki til óþurftar og verður ekki til þess, að óþarfahundum verði skotið undan.

Magnús Pjetursson: Jeg skal ekki lengja umr., ætla að eins að minnast á brtt. á þgskj. 228. Jeg talaði við síðustu umræðu um þetta atriði, og því mátti búast við, að slík brtt. kæmi fram. Jeg hefi ekki miklu við það að bæta, sem jeg sagði þá; mjer þykir að eins eðlilegt og sjálfsagt, að bæjarstjórnir og sýslunefndir ákveði sjálfar, hvað þær telji óþarfahunda og hvað ekki. Mig undrar, hvað nefndin er stirð í þessu máli. Hm. frsm. (E. Árna.) sagði, að betra væri að fella frv. en að samþ. brtt. En munurinn er enginn annar en sá, að frv. fer fram á, að ákveðið verði í eitt skifti fyrir öll, hvað eigi að teljast óþarfahundar og hvaða skattur skuli á þeim hvíla, en brtt vill láta bæjarstjórnir og sýslunefndir ákveða þetta eftir því, sem ástæður yrði á hverjum stað. Frá sjónarmiði nefndarinnar ætti að vera betra að samþ. brtt. en að fella frv., því brtt. segir óþarfahundunum stríð á hendur, engu að síður en frv., þó í skynsamara formi sje. Ef frv. er aðallega fram komið vegna Reykjavíkur, þá nær brtt. alveg tilgangi þess. Jeg get þess vegna ekki sjeð annað en að það sje undarlegur þrái, sem fær nefndina til að leggja svona eindregið á móti brtt.

Jörundur Brynjólfsson: Við höfum, hv. 2. þm. Árn. (E. A.) og jeg, leyft okkur að bera fram brtt. við frv., en það er ekki búið að útbýta henni, og þess vegna mælist jeg til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá.

Frsm. (Einar Árnason): Það lítur út fyrir, að talsverðar umr. ætli að verða um þetta mál, enn einu sinni.

Út af ræðu hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.),

þá býst jeg við, að okkur greini á um, hvernig skilja beri orðið „grasnyt“. Jeg tel þá rjettara að ákveða einhverja vissa stærð, svo það geti ekki valdið misskilningi. Eins get jeg ekki verið hv. þm. (Þorl. J.) sammála um, hvað telja beri eitt hundrað.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) talaði um það hjer í deildinni, við 2. umr. þessa máls, að menn í kauptúnum, sem ættu fjenað, þyrftu á hundi að halda til smölunar. Jeg get ekki skilið þá þörf. Þar, sem jeg þekki best til, þar er kaupstaður, sem á stórt land, og kaupstaðarbúar eiga yfir 1000 fjár, en enginn þeirra á hund, og sakna hans ekki. (**G. Sv.**: Smala þeir hundlaust, eða gelta þeir sjálfir). Þeir smala fje sínu án nokkurs tilstyrks frá hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), og þurfa enga undanþágu frá lögunum. Þeir einir eiga þar hunda, sem hafa þá sjer til skemtunar.

Háttv. þm. Stranda. (M. P.) vildi halda því fram, að sama fælist í brtt. hans og frv., nema að því leyti, að brtt. færi fram á, að bæjarstjórnir og sýslunefndir ákvæðu skattinn. Það hefir þá víst verið í ógáti, að orðið heimild komst inn í brtt., því það er sitt hvað að heimila eitthvað eða fyrirskipa það.

Ef þeim er ekki gert að skyldu að skatta óþarfa hunda, þá geta þeir hæglega látið það undir höfuð leggjast. (**M. P.**: Er þeim ekki trúandi fyrir þessu vandamáli?) Það getur orðið misbrestur á, að þeir framkvæmi, þegar það er að eins heimild, sem hvetur þá.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) óskaði, að málið yrði tekið út af dagskrá, þá get jeg sagt það, að nefndin æskir ekki eftir því, og sjer heldur enga ástæðu til þess.

Forseti: Jeg ætla að bera það undir deildina, hvort málið skuli tekið út af dagskrá.

ATKVGR.

Till. um að taka málið út af dagskrá feld með 17 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. B., M. Ó., P. O., B. Sv., B. J., B. K., B. St., E. A.

nei: G. Sv., H. K., J. J., M. G., M. P., P. J., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., E. Árna., E. J., Ó. B.

Einn þm. (J. M.) fjarstaddur.

Bjarni Jónsson: Mjer hefir helst skilist, að tilgangur þessa frv. væri sá, að koma í veg fyrir heilsuspilli þann, sem af hundum getur stafað. Þá verða fyrir tvær spurningar, sem jeg vil beina til háttv. deildarmanna. Hvers vegna er ekki algerlega bannað að halda aðra hunda en þá, sem þarfir teljast? Eða hvers vegna er ekki lagt svo hátt gjald á óþarfahunda, að flestum verði ómögulegt að halda þá? Tekjurnar, sem þetta frv. fer fram á, verða svo litlar, að þær geta engu valdið um gang málsins. Tilgangurinn er greinilega það, að útrýma þessum hundum. En hins vegar er hægt að líta á það, að það er hart fyrir ríkan mann, sem vill halda hund, að mega það ekki, ef hann vill borga 1000 kr. í skatt fyrir hann. Mjer skilst, að það hefði átt að taka þetta mál út af dagskrá og leita upplýsinga um það, hvaða skaða þessir hundar valda og hvaða ráð sjeu til að fyrirbyggja hann. Þegar þær upplýsingar væru fengnar, þá væri hægt, samkvæmt þeim, að velja einhverja af þeim leiðum, að banna algerlega hundahald, nema á þörfum hundum, að setja svo háan skatt á óþarfahunda, að enginn

vildi til vinna að halda þá, eða að láta málið eiga sig.

Það var að eins þessu, sem jeg vildi skjóta til deildarinnar.

Jörundur Brynjólfsson: Fyrst synjað hefir verið um að taka málið út af dagskrá, þá neyðist jeg til að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða frá þingsköpum um það, hvort við fáum að bera fram skriflega brtt. Brtt. okkar er prentuð, og að eins óútbýtt. Nú kemur til kasta hv. deildarmanna, hvort þeir eru svo sanngjarnir og frjálslyndir, að leyfa þessi afbrigði. Brtt. fer fram á, að skattur á óþarfahundum verði hækkaður úr 50 kr. upp í 90 kr. Mjer sýnist ekki nokkurt rjettmæti í því, að halda hlífiskildi yfir þessum óþarfadýrum. Þetta land var áður alþekt meðal erlendra mentaþjóða fyrir hvað sullaveikin var afarmikil hjer, sem stafaði af vondri hirðu á hundum og óþarflega miklu hundahaldi. Menn þektu þá ekki hjer, að hætta gæti stafað af hundum, hvað heilsufar snerti. Og þó sullaveikin sje mikið í rjenun, frá því sem var, þá er hættan altaf yfirvofandi, og enn er ekki farið eins varlega með hunda og þörf er á. Sá ósiður og ósómi er nú að flytjast hingað frá útlöndum, að hundar eru haldnir algerlega að óþörfu, hafðir í híbýlum manna og dekrað við þá eins og ungbörn. Þeir flatmaga í rúmunum og eru uppi um borð og stóla. Ungbörn handfjalla þá og kjassa, og getur það á engan hátt talist hættulaust. Jeg sje ekki ástæðu til, að hið háa Alþingi fari að halda hlífiskildi yfir óþörfu hundahaldi, heldur beri því miklu frekar að vinna að útrýmingu þeirra.

Jeg ætla ekki að orðlengja þetta; mjer virðist málið svo ljóst. Jeg vil að eins mæla með brtt.; mjer virðist hún svo sjálfsögð, að jeg vonast fastlega eftir ,að hv. þm. veiti afbrigðin og samþykki till.

Sveinn Ólafsson: Ef litið er á þetta frv., þá kemur það fram, að tilgangur þess er tvöfaldur, sá, að draga úr sýkingarhættu, sem stafar af hundahaldi, og sá, að afla sveitarsjóðum meiri tekna. Hvorttveggja þetta er gott og blessað, en jeg held, að því verði ekki náð nema með gagngerðum breytingum á lögunum frá 1890. Það er auðvitað sjálfsagt að minka sýkingarhættuna með því að lækna hunda, en það liggur líka í augum uppi, að hún er því minni, sem hundarnir eru færri. Þess vegna tel jeg rjettustu leiðina að vinna að útrýmingu óþarfahunda. Það hefir verið bent á það, að land vort hafi áður verið þekt eða alræmt vegna sullaveiki, sem nú sje mjög í rjenun. Þetta mun satt vera, en mikið skortir á, að hættan á sullaveiki sje horfin, þótt hún hafi rjenað í mönnum; tómlæti um lækningu hundanna virðist ágerast og hættan aftur að færast nær síðustu árin. Því til sönnunar skal jeg benda á atvik frá Austurlandi nýskeð. Þar fórust á annað hundrað kindur af höfuðsótt næstl. ár á einu heimili, sem liggur í þjóðbraut, og er það miklu meira en þektist áður. Hjer getur tæpast öðru verið til að dreifa en sýkingu frá þeim fjölda hunda, sem þarna fer um með ferðamönnum og saurgar engi og haga. En þessi sýking getur einnig fljótlega borist í menn. Hjer er svo sem með lögunum frá 1890 umráð jarðarparts látin rjettlæta hundahald, jafnvel svo, að undir því yfirskyni, að hafa jarðarpart, geta menn haft heilan her af hundum. Í því held jeg að lögunum frá 1890

sje mest ábótavant, að engin takmörk eru sett um hundafjölda hjá þeim, sem á jörðu búa. Það hefir gefið tilefni til þess, að allsendis óþarfir hundar hafa verið taldir fram af jarðarábúendum, þótt aðrir hafi átt þá. Fyrir þessa skuld þyrfti miklu ítarlegri breytingu á nefndum lögum en hjer eru á ferð, en af því að frv. þetta miðar þó að því að takmarka óþarft hundahald og draga úr sýkingarhættunni, sem af hundunum stafar, þá vil jeg styðja að framgangi þess, þótt mjer þyki það fara of skamt.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt., frá J. B. og E. A., þgskj. 284, leyfð og samþ. með 16 : 3 atkv.

Brtt. 284 feld með 13 : 5 atkv.

— 270 samþ. án atkvgr.

— 235, svo breytt, feld með 13 : 8 atkv.

— 228 feld með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. K., B. St., E. J., G. Sv., M. P., M. Ó., P. J., S. St., Þorst. J.

nei: B. Sv., B. J., E. A., E. Árna., H. K., J. J., J. B., M. G., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., Ó. B.

Einn þm. (J. M.) fjarstaddur.

Frv. samþ. með 13 : 8 atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., fimtudaginn 7. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum 22. maí 1890, um hundaskatt o. fl., eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 294).

Á 26. fundi í Ed., laugardaginn 9. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 11. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forseti: Mál þetta er komið frá hv. Nd., var þar í fjárhagsnefnd, og legg jeg til, að það fari til sömu nefndar hjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1999) með 9 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., laugardaginn 16. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 294, n. 362).

Frsm. (Halldór Steinsson): Eins og frv. þetta kom frá Nd., var ákveðinn 50 króna skattur á öllum óþarfahundum. — En samkvæmt eldri lögum, frá 22. maí 1890, eru þeir hundar taldir óþarfir, sem eru eign þeirra manna, utan kaupstaða, er ekki hafa jarðarafnot svo 1 hndr. nemi. — En fleiri geta haft þörf fyrir hunda en þeir, sem búa á 1 hndr. — Í kaupstöðum er oft nauðsynlegt fyrir þá menn, er rækta tún, að hafa hunda til að verja þau fyrir ágangi fjenaðar og stórgripa.

Í fleiri tilfellum má benda á þarfa hunda, þó ekki hafi menn grasnyt. — Í Reykjavík munu t. d. hundar hafðir til að verja geymslupláss og pakkhús. Einnig má benda á, að á ferðalögum eru hundar oft betri en góðir fylgdarmenn, og hefi jeg sjálfur reynslu í því efni. —

Nefndin hefir þó ekki sjeð sjer fært að ganga svo langt, að undantaka alla þá hunda, sem talist geta þarfir, og hefir því lagt til, að hreppsnefndum og

bæjarstjórnum sje gefin heimild til að lækka skattinn niður í 10 kr., þegar hundsins er, að þeirra áliti, sjerstök þörf, til verndar grasrækt. — Er ekki mikil hætta á, að hreppsnefndir eða bæjarstjórnir misbeiti þessari heimild, þar sem skatturinn rennur í hrepps- eða bæjarsjóð, og auk þess munu læknar telja það skyldu sína að hafa eftirlit með því, að sem fæstir óþarfahundar væru í hjeruðum þeirra, og ef um þá væri að ræða, að eigendur þeirra þá ekki slyppu við skatt af þeim.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt með breytingum þeim á þgskj. 362, er hún stingur upp á. —

Guðjón Guðlaugsson: Mjer þykir háttv. fjárhagsnefnd hafa tekið æði mjúkum höndum á frv. þessu, ekki merkilegra en það er, Jeg hefði búist við, að hún hefði ráðið deildinni til að fella það; að minsta kosti sje jeg enga ástæðu til þess, að það verði samþykt.

Það sjest á brtt., sem hv. þm. Snæf. (H. St.) hefir skrifað, að hann hefir gert það með hálfum hug, sbr. það, sem hann sagði áðan. — Nefndi hann ýmsar tegundir hunda, sem væru til gagns. — Tók hann fram, að hundar gætu verið bestu förunautar í ferðalagi og vitnaði þar til eigin reynslu. — Sumir hundar eru lagnari að veiða rottur en bestu kettir, og fleira mætti nefna, ef á þyrfti að halda. —

Jeg skil því eigi, hvers vegna það er gert að skilyrði í brtt., að til þess, að bæjarstjórn eða hreppsnefnd hafi heimild til að færa skattinn niður í 10 kr., þurfi hundurinn að vera þarfur til verndar grasræktar.

Með þessu eru útilokaðir allir aðrir þarfahundar en þeir, sem hafðir eru í þessum eina tilgangi. — Mjer skilst, að hv. þm. Snæf. (H. St.) hafi haft í huga, að mál þetta væri helst þess vert, að það yrði felt; að öðrum kosti hefði ekki átt að taka einn hundaflokk svona út úr. —

Hvað því viðvíkur, hvað sjeu óþarfahundar, er eins og þm., sjerstaklega í hv. Nd., hafi ruglast á gömlum lögum, sem afnumin voru með lögunum frá 1890. — Þar eru óþarfahundar nefndir. — Samkv. þeim voru skipaðar nefndir í hverjum hreppi, er skyldu meta, hversu margir hundar væru nauðsynlegir á hverjum bæ, saman borið við fjáreignina. — Þessir hundar voru skattfrjálsir, en af þeim, sem umfram voru, skyldi greiða skatt. —

Nefndir þessar ræktu svo starf sitt, að þær töldu jafnmarga hunda nauðsynlega, sem menn vildu hafa á hverjum bæ, þannig, að oft voru 4—5 hundar þar, sem komast hefði mátt af með 1. —

Þegar menn fóru að skilja skaðsemi hunda í sambandi við sullaveiki, voru samin lögin frá 1890, er tóku upp það ráð, að skatta hunda í sveitum með 2 kr., hvort sem þeir eru þarfir eða ekki, en með 10 kr. hunda þeirra manna, er ekki búa á 1 hundraði. — Þetta hefir lánast hingað til, og finst mjer þessi 10 kr. skattur nægilegur. —

Fáir leika sjer að að hafa hunda, sem þeir hafa enga þörf fyrir. — Kostnaður er töluverður við að ala þá, og auk þess eru þeir oft til óþrifa, svo fáir kæra sig um að hafa þá að gamni sínu.

En að setja eins háan skatt á hunda og farið er fram á í nál., get jeg ekki felt mig við, þó hann sje ekki eins gífurlegur og gert var upphaflega í Nd. — Jeg býst við, að hreppsnefndir muni ekki nota sjer af því, í flestum tilfellum, að hafa skattinn hærri en 10 kr.,

þótt hundur kunni að þykja óþarfur. — 50 kr. skattinn mætti leggja á hunda, sem beinlínis væru til skaða á þann hátt, að leggja skepnur í einelti, en þá liggur nær að veita stjórnarvöldunum heimild til að útrýma slíkum dýrum.

Jeg tel frv. þetta einkis virði. — Nær væri að hækka allan hundaskatt lítið eitt, t. d. upp í 3 kr. — Sveitirnar hafa kostnað af hundahreinsuninni, og væri því ekki nema eðlilegt, að þær fengju hann endurgreiddan á þann hátt. —

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er að eins örstutt aths. Mjer finst ekkert mæla á móti því, að hækkaður sje skatturinn á óþarfahundum, — en tel heppilega leið þá, er hv. fjárhagsnefnd hefir bent á, að veita hreppsnefndum og bæjarstjórnum heimild til að lækka skattinn niður í 10 kr., ef þeirra er sjerstök þörf, til verndar grasrækt.

Til eru 3 tegundir hunda: 1) þarfahundar, skv. lögunum, 2) óþarfahundar, skv. lögunum, og 3) hundar, sem að vísu eru taldir óþarfahundar í lögunum, en eru þó til þarfa. —

Jeg sje ekkert á móti því, að hækkaður sje skattur á þeim hundum, er jeg hefi nefnt í 2. flokki, og tel heppilega leið þá, er fjárhagsnefnd hefir bent á, hvað viðvíkur skatti á hundum, sem jeg hefi talið í 3. flokki. — Sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða meira um mál þetta. —

Frsm. (Halldór Steinsson): Jeg get verið samþ. hv. 4. landsk. þm. (G. G.), að því leyti sem hann álítur, að hundar til sveita sjeu of margir. — Enginn vafi er á því, að sumstaðar eru hafðir 4—5 hundar á heimili, þar sem 2—3 myndu nægja. — Það var og rjett hjá hv. þm. (G. G.), að lögin frá 1890 voru gerð til að koma í veg fyrir sullaveiki. — En sullaveikishættan er ekki um garð gengin, þó hreinsun fari sæmilega fram. — Hreinsunin er ekki nógu fullkomin. — Ef vel ætti að vera, þyrfti að hreinsa tvisvar á ári. —

Hitt er jeg ekki samdóma hv. þm. um, að alla hunda eigi að skatta jafnhátt. — Hv. þm. (G. G.) áleit, að fáir hefðu hunda að gamni sínu, en þótt það sje ef til vill sjaldgæft úti um land, mun það talsvert alment í Reykjavík. — Jeg get verið samdóma hv. þm. (G. G.) um að færa út heimild hreppsnefnda og bæjarstjórna til að lækka skattinn, og komi hann fram með brtt. í þá átt til 3. umr., mun jeg greiða henni atkv. —

En sjálfsagt tel jeg að gera mun á þarfahundum og óþarfahundum. —

ATKVGR.

Brtt. 362 (ný 1. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 : 2 atkv.

Á 33. fundi í Ed., mánudaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 398, 399, 401).

Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr. um brtt. 399, er of seint var útbýtt.

Frsm. (Halldór Steinsson): Þar sem brtt. á þgskj. 399 var ekki útbýtt fyr en nú á fundinum, hefir nefndin ekki getað átt fund um hana, og er mjer því ókunnugt um, hvernig nefndarmenn muni snúast gagnvart henni, enda eru þeir alveg óbundnir með atkvæði sín, hvað þessa tillögu snertir.

Eggert Pálsson: Jeg á brtt. á þgskj. 399. Mjer virtist svo, að vert væri að athuga þetta mál nánar, úr því deildin á annað borð væri komin í hundana. Núgildandi lög um hundaskatt eru frá 1890. Þá var 2 kr. skattur talinn hæfilegur, en síðan eru liðin 29 ár. 2 kr. mega því teljast mjög lágur skattur nú, þegar tillit er tekið til þess verðfalls, sem orðið hefir á peningum. Jeg tel víst, að skattur þessi hafi verið settur í þeim tilgangi að hamla mönnum frá að hafa óþarfa hunda, og vafalaust hefir hann þá gert gagn í þá átt. En nú getur hann ekki gert sama gagn, nema því að eins, að skattupphæðin svari nokkurn veginn til peningaverðfallsins. Nú eru 2 kr. ekki meira en 50—75 aurar voru þá, þegar skatturinn var ákveðinn. Úr því nú er verið að breyta þessum lögum á annað borð, virðist því rjett að breyta skattinum svo, að hann komi að tilætluðum notum.

Það má og segja, að annar tilgangur hundaskattsins hafi verið sá, að útvega hreppssjóðum nokkrar tekjur. Nú munar hreppssjóð tiltölulega minna um þessa tekjubót, ef skatturinn er ekki hækkaður, en hann gerði það fyr á tímum. Enn fremur má segja, að talsverð ástæða sje til að hækka hundaskattinn, þar sem allmikil útgjöld hafa verið lögð á hreppa og sýslusjóði vegna hundanna. Eftirlitsmenn hafa verið settir, sem verður að gjalda nokkurt kaup, og sumstaðar hafa verið bygð sjerstök hús í þeim tilgangi að hreinsa í hundana. Og viðbúið, að þessi útgjöld, eins og önnur, vaxi fremur en minki. — Við þessa brtt. mína hefir komið brtt. frá hv. 4. landsk. þm. (G. G.) á þgskj. 401. Það má sjá, að hann er sömu skoðunar og jeg um, að hækka beri nokkuð skatt þennan, þó hann hins vegar ekki vilji fara hærra en í 3 kr. Mjer er vitanlega ekki kappsmál, hvor brtt. verður samþykt. Jeg vildi að eins benda á, að þetta atriði bæri að taka með, fyrst verið væri að breyta lögunum á annað borð.

Guðjón Guðlaugsson: Mjer er vitanlega ekki mikið kappsmál, að brtt. 401 nái fram að ganga. En mjer virtist 4 kr. skattur fullmikill á dýrum, sem eru nauðsynleg, en þó arðlaus. Hundar eru nauðsynleg verkfæri til að stjórna búfje, og er því rjett að fara vægt í sakirnar. Þess ber að gæta, að hundarnir þurfa dýrara fæði en önnur húsdýr. Þeir þurfa næstum mannamat, ef þeir eiga ekki að vera húsbændum sínum til háðungar. Og það er víst, að hundar jeta ekkert, sem ekki væri líka hægt að nota öðrum húsdýrum til fóðurs. Það er því mikill kostnaður við að hafa hunda, og enginn skynsamur maður hefir fleiri en hann þarf á að halda. Mjer finst því rjett að fara ekki hátt í skattaálögum á hunda, en mun þó greiða atkvæði með 4 kr. skatti, ef brtt. um 3 kr. fellur.

Jeg álít, að 50 krónur sje alt of hár skattur. Það ætti að vera nægileg hvöt á menn til að hafa ekki hunda að óþörfu, að láta þá gjalda 30 krónur. Jeg verð að taka fram, að jeg legg langtum meiri áherslu á þetta atriði en hið fyrra.

ATKVGR.

Brtt. 401, 1. feld með 9 : 4 atkv.
— 401, 2. feld með 7 : 4 —
— 399, 1. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 399, 2. samþ. með 12 shlj atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd., með fyrirsögninni:

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 18, 22. maí 1890, um hundaskatt og fleira.

Á 39. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 18, 22. maí 1890, um hundaskatt og fleira,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 411).

Á 48. fundi í Nd., fimtudaginn 28. ágúst, var frv. tekið til e i n n a r u m r. (A. 411, n. 511).

Frsm. (Einar Árnason): Þetta frv. er nú komið hingað aftur frá háttv. Ed., og hefir tekið þar tveim breytingum.

Önnur breytingin er sú, að inn í frv. er sett heimild handa bæjar- og sveitarstjórnum til að færa gjaldið á óþarfahundunum niður í 10 kr., ef að þeirra áliti einhver sjerstök þörf sje fyrir hundinn. Þó fjárhagsnefndin telji þetta ákvæði ekki til bóta, vill hún þó ekki gera það að ágreiningsatriði við háttv. Ed.

Öðru máli er að gegna um þá breytingu, að skattur á þarfahundum hækki upp í 4 kr. Fjárhagsnefndin telur þetta gjald koma mjög ósanngjarnlega niður og getur ekki fallist á það. Það kemur í raun og veru jafnt niður á ríkum og fátækum, sem þurfa að nota hund. Það mun hafa vakið fyrir háttv. Ed. að ná með þessu í auknar tekjur fyrir sveitarsjóðina. En það mun vera hægt að finna miklu sanngjarnari leiðir til að útvega sveitarsjóðum tekjur en þennan hundaskatt. Nefndin flytur því brtt. um að færa þennan skatt aftur niður í 2 kr. Sje jeg ekki ástæðu til að segja fleira, en legg það til, að brtt. nefndarinnar verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 511 samþ. með 15 : 1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17 : 2 atkv. og endursent Ed.

Á 43. fundi í Ed., föstudaginn 29 ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 18, 22. maí 1890, um hundaskatt og fleira,
eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 552).

Á 45. fundi í Ed., mánudaginn 1. sept., var frv. tekið til e i n n a r u m r. (A. 554, 574).

Guðjón Guðlaugsson: Við höfum leyft okkur, tveir þm., að flytja brtt. um það, að hundaskatturinn skuli ákveðinn 3 kr., í stað 2 kr. En eins og kunnugt er, fór frv. hjeðan svo, að skatturinn var ákveðinn 4 krónur. Hv. Nd. hefir ekki þóknast að samþ. þetta ákvæði og fært alt aftur í sama horfið. En við ímyndum okkur, að ef skatturinn hefði í öndverðu verið ákveðinn 3 kr. hjer í deildinni, mundi það hafa gengið í gegn í Nd. Annars finst mjer það einkennilegt, að hv. Nd. skuli hafa þóst fær um að samþ. það, að setja hærri skattinn upp í 50 kr., en vilja þó ekki hækka þann lægri. Mjer finst jafnvel kenna í þessu nokkurs smásálarskapar. Það er sem sje alveg víst,

að nú sieykst kostnaður hins opinbera við hundahald, t. d. hreinsunina, en hana þarf að rækja sem best. Virðist því eðlilegast að láta hundahaldið sjálft bera kostnaðinn, en nú er hann vanalega tekinn úr sýslusjóði, eða með öðrum orðum úr hreppssjóðum, en þá þyrftu tekjur þeirra að aukast að sama skapi, sem kostnaðurinn færist í vöxt.

Að vísu getur þetta ekki talist neitt stórmál, en þó er sjálfsagt að ganga vel frá því. En að öðru leyti virðist mjer ekki vert að samþ. frv. ef hækkunin er ekki samþ. líka. Það er sama sem engin ástæða til þess að misbjóða virðingu deildarinnar, með því að teygja sig og sveigja í hverju smáatriði eftir dutlungum Nd.

Forseti: Athygli mín hefir verið vakin á því, að ef til vill mætti ekki bera upp hjer brtt. á þgskj. 574, þar sem hún færi fram á það sama, sem áður hafði verið felt hjer. En jeg fæ ekki skilið 32. gr. þingskapanna á þá lund, og skal brtt. því borin upp og rædd.

Frsm. (Halldór Steinsson): Jeg ætlaði að eins að beiðast úrskurðar hæstv. forseta á þessu sama atriði. Jeg skal þá geta þess, fyrst jeg er staðinn upp á annað borð, að fjárhagsnefnd hefir enga afstöðu tekið til málsins, og atkv. meðlima hennar eru því óbundin.

En varhugavert virðist mjer að fara enn á ný að breyta frv., eða senda hundana í Sþ. Gæti þá farið svo, að sama hundaæðið gripi Sþ. og gengið hefir í Nd., og er þó varla á bætandi. **(S. J.:** En þar eru líka fleiri læknar). Já, sem betur fer, en mættu vera færri ráðherrar.

ATKVGR.

Brtt. 574. samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj, og afgr. til Sþ.

Á 53. fundi í Nd., þriðjudaginn 2. sept., og á 46. fundi í Ed., s. d., var útbýtt frá Sþ.

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 18, 22. maí 1890, um hundaskatt og fleira,

eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 630).

Á 2. fundi í Sþ., þriðjudaginn 23. sept., var frv. tekið til u m r. (A. 630, 657).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 657. feld með 24 : 16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Ó., H. St., H. K., J. J., J. B., M. G., M. P., P. O., P. Þ., S.S., St. St., Þorl. J., Þór. J., E. Árna., E. J., G. Sv.

nei: G. B., H. Sn., J. M., K. E., K. D., M. K., M. T., M. Ó., Ó. B., P. J., S. E., S. J., S. St., S. F., Sv. Ó., Þorst. J., B. Sv., B. J., B. K., B. St., E. P., E. A., G. G., Jóh. Jóh.

Frv. f e l t með 15 : 24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. K., B. St., E. A., G. G., G. B., G. Ó., H. St., H. Sn., J. M., K. D., M. K., M. T., M. Ó., Ó. B., P. J.,

P. Þ., S. E., S. F., S. St., S. J., Sv. Ó., Þorst. J., B. Sv., Jóh. Jóh.
nei: E. P., E. Árna., E. J.. G. Sv.. H. K., J. J., J. B., K. E., M. G., P. O., S. S., St. St., Þorl. J., Þór. J., B. J.

Einn þm. (M. P.) fjarstaddur.

13. Þingsköp Alþingis.

Á 58. fundi í Nd., mánudaginn 8. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytng á lögum nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis (A. 729).

Á 60. fundi í Nd., miðvikudaginn 10. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Leyft með öllum gr. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Einar Arnórsson): Jeg vildi mælast til þess, að málinu verði vísað til 2. umr. umræðulaust. Það eru mörg mál á dagskrá, og búast má við miklum umræðum um þetta mál, þegar farið verður að ræða það á annað borð.

Pjetur Jónsson: Jeg vil styðja að því, að ekki verði langar umræður um þetta mál. En jeg vil skjóta þeirri spurningu til háttv. flm., hvort þeir ætlist til, að hætt verði alveg að prenta umræður, nú og framvegis, eða að eins fresta prentun, á meðan hún er eins dýr og nú.

Flm. (Einar Arnórsson): Jeg býst við miklum og löngum umræðum við 2. umr. og vil geyma mjer að reifa málið þangað til. Vitanlega er það á valdi þingsins, hvað það gerir í þessu máli, og ekki er hægt að binda þingið um tíma og eilífð. Þingið getur gert þær ráðstafanir seinna, sem því þykja bestar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2 umr. með 17 : 2 atkv.

Á 62 fundi í Nd., föstudaginn 12. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 729).

Flm. Einar Arnórsson): Jeg tel óþarft að eyða mörgum orðum að þessu máli, því að það er gerð nægilega glögg grein fyrir því í greinargerðinni, sem fylgir frv.

Jeg skal fyrst geta þess, að þetta er eina frv., sem fram hefir komið á þessu þingi, að því er jeg best veit, er horfir til sparnaðar. Alt annað, eða flest að minsta kosti, fer fram á auknar fjárveitingar. Þetta er eina undantekningin.

Aðalástæðan fyrir frv. þessu er sú, að eftir reikningi skrifstofustjóra Alþingis sparast landinu 45—50 þús. kr. þetta ár og líklega hjer eftir, ef hætt verður að prenta Alþingistíðindin. — Prentkostnaðurinn hefir aukist um 416%, eftir reikningi skrifstofustjóra, síðan stríðið hófst, eða meira en fimmfaldast, með öðrum orðum. Og þegar þing er háð á hverju ári, þá sparast þessi kostnaður árlega, ef frv. verður samþ. Jeg skal ekki neita því, að það sje kostur að öðru jöfnu að hafa þingræðurnar prentaðar. En það er vafamál, hvort það svarar hins vegar kostnaði. Það er óvíst, að þingræðurnar á

Alþingi sjeu þær gullnámur, að vert sje að leggja þetta í kostnað, til þess að koma þeim á prent. Við flm. frv. álítum þær ekki vera þess verðar.

Ef um það væri að ræða, að ræðurnar væru birtar með sama efni að öllu leyti, sem þær voru haldnar, þá mætti segja, að gefin væri rjett mynd af því, sem hjer er sagt. (**Atvinnumálaráðh.**: Og orðfæri). Jeg er nú svo frjálslyndur, að jeg leyfi orðabreytingar. En því er ekki að heilsa. Það þarf ekki annað en líta á leiðrjettingarnar og bera þær saman við það, sem maður heyrði þm. segja, til þess að ganga úr skugga um, að þetta er ekki rjett mynd. Hárrjett mynd næst ekki fyr en hægt er að fá þaulæfða hraðritara til þess að skrifa ræðurnar um leið og þær eru haldnar.

Á þingi 1909 kom fram frv., sem fór í sömu átt, en náði ekki fram að ganga. Og jeg skil, að menn hafa verið á móti þessu þá, því þá voru þingtíðindin styttri en nú, kostnaður minni og málin færri. En nú verður þing haldið á hverju ári. Þingtíðindin stækka ár frá ári, því að málunum fjölgar, sem vonlegt er, þar sem fleiri mál kalla að. Auðvitað er það ekki tilgangurinn, að ræðurnar verði ekki skrifaðar, leiðrjettar og geymdar í skjalasafni þingsins. Það er á valdi hvers eins að birta ræður sínar. Fæstir munu vera svo heillum horfnir, að þeir geti ekki birt ræður sínar í blöðum. Hins vegar lesa fáir þingtíðindin. Það er ákveðið að senda þau sýslumönnum, hreppstjórum og hreppsnefndaroddvitum. Og jeg held, að þeir sjeu ekki ýkjamargir, sem lesa þau ofan í kjölinn, eða að minsta kosti er það ekki svo þar, sem jeg þekki til. Þar sem ástæðurnar til að prenta þingtíðindin eru ekki ríkar að dómi okkar flm., en sparnaðurinn á hinn bóginn töluverður, höfum við borið fram frv. þetta.

Hygg jeg, að jeg hafi tekið flest það fram, sem þörf er á, og skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar.

Magnús Pjetursson: Jeg skal byrja á því, sem háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) endaði á, að jeg skal ekki vera fjölorður, enda býst jeg við, að það sje ekki til mikils, því að það er ekki álitlegt að ráðast á þá fylkingu, sem að frv. stendur.

Jeg vil samt ekki láta frv. ganga svo til atkvæða, að jeg lýsi ekki yfir því, að jeg er því ósamþ. og ekki síst eftir að hafa heyrt ástæður hv. aðalflm. (E. A.). Hann kom ekki með neitt, er rjettlæti frv. Hann sagði að vísu, að þetta væri gert til þess að spara, og það var eina ástæðan, sem hjer gat verið um að ræða. En ef á að miða eingöngu við það, þá er ástæða til að spara fleira. Það má t. d. ákveða, að hjer skuli ekkert annað fram fara en atkvæðagreiðsla. Jeg skil ekki, hvers vegna sporið er ekki stigið alveg út og mönnum bannað að tala hjer á Alþingi. Það kom líka fram hjá háttv. flm., að b e t r a væri að prenta þingtíðindin. En það var þetta, sem hann hafði sjerstaklega á móti, að þau væru ekki rjettur spegill þess, sem hjer væri sagt. Þetta getur verið rjett. En bótin á því er ekki að hætta að prenta þingtíðindin, heldur hitt, að fá hraðritara. Hann gerði ráð fyrir, að ræðurnar væru leiðrjettar eftir sem áður og geymdar í handriti. En þær verða ekki þrátt fyrir það rjettur spegill, eftir hans kenningu. Hjer ber því alt að sama brunninum. En ef það væri meiningin hjá flm. að geyma handritin til þess að prenta þau síðar, þá er frv. ekki rjett orðað, því þá væri að eins um frest-

un að ræða vegna dýrtíðarinnar, sem nú er. En slík frestun gæti þó heldur komið til mála.

Flm. (E. A.) sagði, að þeir væru fáir, sem fengju þingtíðindin. Þetta er rjett. En þeir eru miklu fleiri, sem lesa þau. Það er algengt, að menn fái þau ljeð. Þetta veit jeg vel um, af eigin reynd, því að jeg hefi oft ljeð þau, og ef eftirspurnin er eins mikil hjá öðrum, sem fá þau, þá komast þau ekki í fárra manna hendur. Enda munu þm. vita, að á þingmálafundum er það oft rekið framan í mann hvað eftir annað, sem prentað er í þingtíðindunum. Og jeg er sannfærður um, að hv. flm. (E. A.) hefir einhvern tíma orðið fyrir þessu. Að minsta kosti heyrist ósjaldan vitnað í ræðu, sem þessi eða hinn þm. hafi haldið í einhverju máli.

Ef á að taka upp þann sið, að hætta að prenta ræðurnar, þá finst mjer rjettast að hætta að tala á Alþingi — Jeg geri ráð fyrir, að þingtíðindin sjeu hið eina, sem kjósendur geta haft til þess að hafa hendur í hári okkar fyrir, þegar við komum heim, svo framarlega sem nokkuð er sagt. Jeg tel því betra að stíga sporið fult út og hætta öllum umræðum, því að ekki er til neins að vera að halda ræður í því skyni að sannfæra deildina; menn eru oftast ákveðnir fyrirfram. En af þeirri ástæðu ætti ekki að banna mönnum að láta skoðun sína opinberlega í ljós, til þess að almenningur geti dæmt um þau rök, sem fram hafa komið. En ef á að fara að spara þinghaldið á annað borð, þá er best að ganga lengra. Mætti t. d. fækka þm., ákveða, að þingið skuli aldrei standa lengur en þetta og þetta og hætta öllu skrifarahaldi. Einnig mætti og hætta að prenta till. og hafa þgskj. skrifuð. Þannig fengju þá hv. flm. breiðari veg til sparnaðar, sem jeg vil hjermeð benda þeim á, úr því þeir eru hvort sem er komnir út á þann breiða veg í þessu efni.

Sveinn Ólafsson: Jeg þarf ekki að vera langorður, því að hv. þm. Stranda. (M. P.) hefir tekið flest það fram, sem jeg vildi sagt hafa.

Jeg er sammála honum um það, að annaðhvort sje farið of langt eða skamt með frv. þessu. Jeg sje enga ástæðu til að hætta að prenta umræður þingtíðindanna, eins og stendur, því að sparnaðurinn við það er ekki ýkjamikill, og víst væri sá sparnaður lítilfjörleg yfirbót þess, sem syndgað hefir verið á þessu þingi um eyðslu.

Háttv. flm. (E. A.) lagði aðaláherslurnar á sparnaðinn, sem væri sem næst 45 þús. kr. fyrir hvert þing. Þetta getur verið rjett. En þó er þetta tilgáta, því að nú eru líkur fyrir, að pappír falli í verði, og ef á að heyja þing á hverju ári, styttist þingtíminn og umræður þá einnig.

En svo er önnur leið í þessu máli, sem snýr að almenningi. Þingtíðindin eru eitt af þeim menningargögnum, sem fólkið má ekki missa. Þau halda þjóðinni, ef svo mætti segja, í lifandi sambandi við þingið, og þess vegna eru þau eins og spegilmynd af því, sú ábyggilegasta, sem þjóðin hefir. Að minsta kosti eru þingtíðindin mjög mikið lesin þar sem jeg þekki til, ekki skjalapartarnir, heldur umræðurnar. Reynsla mín er sú, að þau ganga sjer til húðar mann frá manni, og fá færri en vilja. Líður sjaldan á löngu, er þingtíðindin eru komin, áður þau eru dreifð orðin og að meira eða minna leyti almenningi kunnug. Þau sýna, hvað hver hefir til málanna lagt. Jeg geri ekki ráð fyrir, að

fólki hjer í Reykjavík og grendinni sjeu þau eins kunnug. En í fámenninu úti um land er fólk miklu forvitnara um þingmálin. Efnið er nýnæmislegt fyrir það. En fólk hjer um slóðir finnur fátt nýstárlegt í umræðunum, þegar þær koma út, og er það eðlilegt. Það hefir átt kost á að taka eftir öllu, sem á þinginu gerðist, jafnóðum og þingið starfaði

Eitt af rökum háttv. flm. (E. A.) með því, að prentuninni skyldi hætt, var það, að ræðurnar birtust sjaldnast í sinni sönnu og upphaflegu mynd. En þó að það sje ekki, þá býst jeg þó við, að það komi altaf fram í þeim, sem ræðumaðurinn v i l d i sagt hafa. Jeg sje þess vegna ekki, að þingtíðindin sjeu neinn s p j e s p e g i l l.

En svo er eitt, sem jeg held að hann hafi eigi tekið með í reikninginn. Það eru erfiðleikarnir fyrir þingnefndirnar — og reyndar fleiri — sem oft þurfa að leita í ræðum fyrri þinga að skýringum mála. Það dugir ekki að vísa til handrits af ræðunum á skrifstofunni, því að bæði mundi það erfitt til aflestrar, og auk þess oft þörf á mörgum eintökum samtímis. En utan þingsins mundi auk þess enginn geta notað handritið. Og loks gæti þetta eina eintak glatast með öllu fyrir slys, jafnvel þótt tvö væru, t. d. við eldsvoða, og væri þá engum fært úr að bæta.

Jeg get sparað mjer að tala langt mál, því að eins og jeg gat um, hefir háttv. þm. Stranda. (M. P.) tekið megnið af því fram, sem jeg þurfti að segja. — Jeg vil leggja það til, að hjer sje farin önnur leið en gert er ráð fyrir í frv., sem sje sú, að málinu sje vísað til stjórnarinnar, því að mjer finst, að ef hjer á að gera nokkrar verulegar breytingar, þurfi að gera málið betur úr garði en gert hefir verið, og vænti jeg, að það verði endirinn. Og þau málalok ættu flm. að geta sætt sig við, því að þau gætu orðið til þess, að þessi till. þeirra kæmi aftur fram í endurbættri mynd.

Bjarni Jónsson: Jeg vildi geta þess, að það, sem jeg hefi að segja í þessu máli, er líkt og hv. þm. Stranda. (M. P.) sagði. Jeg hefi aldrei fundið jafnmikla ósamkvæmni hjá hv. 2 þm. Árn. (E. A.) og í dag í þessu máli. Hann er mjög elskur að sögu þessa lands og öllu, er að fortíð þjóðarinnar lýtur, og mundi undir öðrum kringumstæðum hafa hugsað á annan veg og betur fyrir eftirkomendunum, sem í framtíðinni eiga að skygnast inn í fortíðina. Jeg tel vafalaust, að menn nú vildu gefa mikið fyrir að eiga prentuð þingtíðindi Alþingis hins forna, alt frá 930 og til þessa dags. Álíka fengur mundi eftirkomendum vorum þykja að hafa þingtíðindin frá þessum tíma, eins og tímanum næst á undan. Nú veit jeg, að hv. framsm. (E. A.) mun svara því, að ekki eigi að taka handritin, því þau eigi að geymast skrifuð. Í besta lagi geymast þau þá í stóru skjalasafni, ef þá eldur grandar því ekki, eins og hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) rjettilega tók fram, að fyrir gæti komið. Þar sem ekki er til nema eitt einasta eintak, má segja, að „hætt sje einu auga“, ef illa fer. Hvernig verða þá skýringar og skilningur sagnfræðinga í framtíðinni á fortíð landsins, ef þeir hafa ekki annað að styðjast við en blöðin ein og tímarit. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að blöðin eru oftast flokkablöð og segja ekki frá öðru en þeim þykir við eiga að innræta fólkinu, og oft er langt frá því að vera sannleikanum samkvæmt eða ólituð frásaga. Og þegar svo blöðin vissu það, að alþjóð ætti ekki aðgang að öðru en blöðunum um,

hverju fram færi, þá er hætt við, að þau mundu kríta enn þá liðugar. — Þetta yrðu þá aðalheimildir þeirra manna, sem þingið síðar meir styrkir til þess að semja sögu fortíðarinnar. Jeg fyrir mitt leyti vildi síst eiga eftirmæli mín undir blöðunum einum. Heldur kysi jeg, að menn hefðu aðgang að einhverju því, er jeg hefði sagt eða gert. — Þó að upplag þingtíðindanna sje má ske of lítið, þá mun það þó aldrei farast alt. Víst er um það, að nánasta framtíð hefði nægar heimildir til að dæma um trúmensku og starfsemi næstu þinga á undan. En það tel jeg ekki að hún hafi, þó skjölin liggi einhversstaðar í einu einasta handriti.

Þeir segja, hv. flutningsmenn frv., að þingtíðindin sjeu lítið lesin. Það þykir mjer undarlegt. Hjer hafa þó tveir hv. þm. borið það báðir, að þau væru mikið lesin þar sem þeir þektu til. Og mín reynsla er sú, að í mínu kjördæmi, Dalasýslu, eru margir, sem muna betur en jeg það, sem hefir gerst eða sagt verið á þingi. Gæti jeg talið upp nokkra þessara manna, ef þm. vilja.

Hitt er rjett, sem minst hefir verið á hjer, að ræðurnar eru meira og minna ófullkomnar, af því það sleifarlag er á hjer, að skrifarar eru látnir nota snarhandarskrift. Í stað þess ættum við að segja okkar góðu skrifurum, að læra hraðritun. Þá væri þessu kipt í lag, og engin hætta á, að meiningunni væri snúið við. En þá mætti ekki heldur leiðrjetta neitt, nema skakkar málmyndir eða því um líkt. Má vera, að þetta sje eina málið, sem fer fram á sparnað á þingi. En þá verður manni að spyrja, hvort þessi sparnaður borgi sig, hvort ekki sje verið að taka það, sem við megum ekki missa. — Jeg er ekki í vafa um, að ef þetta yrði borið undir þjóðaratkvæði, yrði það í algerðum minni hluta. Kjósendum væri ekki gert annað verra en að svifta þá fyrirvaralaust þessari einu heimild, sem þeir hafa til að átta sig á framkomu þingmanna fyrir þeirra hönd.

Forsætisráðherra: Jeg ætla að eins að gera grein fyrir mínu atkv. í þessu máli. Jeg vil sem sje, að það fái að ganga til 3. umr. Ekki af því, að jeg haldi, að rjett sje að hætta að prenta þingtíðindin, heldur af hinu, að jeg álít, að til mála komi að fresta prentun á þeim. Enn fremur vil jeg, að athugað verði, hvort prenta skuli ræðurnar eins og þær eru haldnar, eða hvort að eins skuli tekinn útdráttur úr þeim. Hjer á þingi er talað alt of mikið. Vaðallinn er oft meiri en svo, að taki nokkru hófi. Þingmenn þurfa oft að rísa upp hver eftir annan í tiltölulega nauðaómerkilegum málum, til að segja næstum alveg það sama. Vegna þess verða þingtíðindin lengri tiltölulega hjá okkur en öðrum þjóðum. Jeg álít því rjett að stytta ræðurnar talsvert. Og ætti auðvitað að fela það sjerstakri nefnd, sem til þess væri kosin. Kostnaður við allar þessar ræður er meiri, en hann þyrfti að vera. Hjer þurfa oft allflestir þm. að taka til máls í hverju máli, í staðinn fyrir að annarsstaðar eru það venjulega að eins framsm. nefnda, og má ske einn maður úr hverjum flokki. (**B. J.**: Er það meiningin, að eigi að hefta málfrelsi manna). Og sumstaðar annarsstaðar hefta kjósendur málfrelsi þm. með hljóðpípum og þess háttar. Jeg er ekki að segja þetta til neinna einstakra hv. þm. En svona er það. Það kann oft að vera margt gott og hnittið í því, sem menn segja, en sumt er oft algerlega óþarft. Annars er jeg

ekki svo viss um, að kjósendum mundi mislíka þetta jafnmikið og einstaka þm. halda. Það eru mest getgátur. Jeg skal svo ekki fara frekar út í málið. Jeg greiði frv. atkv. til 3. umr. Hvað jeg síðar geri læt jeg ósagt.

Flm. (Einar Arnórsson): Jeg bjóst nú við, að áður en jeg stæði upp aftur mundi helmingur deildarinnar vera búinn að taka til máls. En nú hafa að eins 3 hv. þm. talað á móti frv. Fyrstur reið á vaðið hv. þm. Stranda. (M. P.), svo kom hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) og hv. þm. Dala. (B. J.). — Mig furðaði ekki mikið á því, þó að sá fyrsti og síðasti hv. þm. legðu ekki svo mikið upp úr sparnaðinum við þetta. — Aftur furðaði mig á, að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) skyldi gera lítið úr 40—50 þús. króna sparnaði á ári. Jeg man, að það var mál á döfinni hjer fyrir skömmu, launamál embættismanna, sem þessi hv. þm. (Sv. Ó.) kom fram með brtt. við, sem hafði í för með sjer 40—50 þús. kr. sparnað. Þá horfði málið þannig við, að þetta var mikið fje í hans augum. Þessi till. hans miðaði að því, að draga ranglega af starfsmönnum ríkisins launauppbót. Þar var hv. þm. (Sv. Ó.) í essinu sínu. Annars voru ástæður þær, sem þessir hv. þm. færðu fram móti frv., flestar sameiginlegar fyrir ræður þeirra allra. Jeg get því ljett af mjer því ómaki, að svara þeim, hverjum fyrir sig, orði til orðs.

Allir geta verið sammála um, að ræðurnar eru frá hendi skrifaranna venjulega hvergi nærri rjett mynd af þeim, eins og þær eru haldnar hjer á þingi. Enda játaði hv. þm. Stranda. (M. P.) það. Við vitum allir, að við breytum ræðum okkar meira og minna, og hv. þm. Stranda. (M. P.) ekki minna en hver annar, eftir því, sem jeg hefi tekið eftir.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) skaut því fram í ræðu sinni, að ekki væri víst, að sparnaður yrði svo mikill að þessu framvegis; kostnaðurinn gæti minkað, pappír lækkað og þingtíminn styst. — Það kann vel að vera, að pappír lækki eitthvað. En það er ekkert útlit fyrir, að vinnulaun muni lækka. Um þingtímann er það að segja, að það er hugsanlegt, að hann styttist eitthvað, þegar þing kemur saman á hverju ári. Það fer eftir því, hvað fjárlögin taka langan tíma. En ef þess er gætt, að á hverju einasta af undanfarandi þingum hefir tíminn verið svo naumur, að það hefir orðið að afgreiða málin í skammarlegu flaustri, þá minka nú líkindin fyrir því, að þingtíminn styttist að mun. Þegar alt er komið í eindaga, þá greiða menn atkv., bæði í fjárlögunum og öðrum málum, án þess að þeir hafi getað kynt sjer málin nokkuð til hlítar. Ef vel ætti að vera, þyrfti þingið að standa mánuði lengur en venjulegt er að það geri. Hvaða vit er t. d. að ætlast til þess, að hv. Ed. verði búin að afgreiða fjárlögin 20. sept., þegar þau fóru frá hv. Nd. 7.—9. sept.? Hv. Nd. hefir nú haft þau til meðferðar frá þingbyrjun, eða meira en 2 mánuði. Að vísu mun hv. Ed. hafa verið búin að kynna sjer frv. eitthvað áður. En það er samt ofætlun að ætla henni að ljúka því á 10—12 dögum. Hv. þm. geta ekki kynt sjer frv. sjálft og svo brtt. bæði einstakra þm. og nefndarinnar á svo skömmum tíma. Enda er ekki hægt að neita því, að alt lendir í bögli og flaustri síðustu dagana. Bæði er það, að menn vilja þá spara fje landssjóðs, og ekki síður hitt, að þá eru menn óðfúsir að komast sem fyrst heim. Verða jafnvel

oft beinlínis að sæta ferðum, af því að samgöngur eru ekki eins heppilegar og nauðsynlegt væri. — Þegar þessu er nú þannig farið á hverju reglulegu þingi, þá er ekki líklegt, að þing verði mikið styttra, þótt það sje haldið árlega. T. d. er ekki loku skotið fyrir það, að þm. þættust geta betur gert við fjárlögin en gert hefir verið hingað til. — Menn mega ekki skilja orð mín svo, að jeg sje að bregða hv. fjárveitinganefnd Nd. um seinlæti í vinnubrögðum. Það er margt, sem þarf að athuga, og eykst á hverju ári. En það er spá mín, að þó að þingið verði árlega haldið, þá standi það ekki miklu skemur. Er það í samræmi við þá von mína, að þessari hroðvirkni og flaustri, sem oft á sjer stað, ljetti af.

Hv. þm. segja, að þessi sparnaður, sem af frv. leiðir, sje á kostnað alþjóðar. Það er nú fyrst, að jeg heyri því haldið fram, að þingtíðindin sjeu alment lesin. Þegar jeg hefi sjeð Alþingistíðindin upp til sveita, þá hafa þau oftast legið samanbögluð og rifin í einhverju stofuhorninu. Jeg hugsa, að það sje teljandi, þar sem þeim er haldið saman. Jeg held, að það sje líkt með þau og Stjórnartíðindin. Þó er það svo með Stjórnartíðindin, að sumir þurfa á þeim að halda, og gæta þeirra. En það þýðir ekki að draga dulur á það, að Alþingistíðindunum er mjög lítið haldið saman. Þótt þau sjeu í upphafi prentuð í nokkuð hundruð eintökum, þá er það orðin sjaldsjeð bók eftir stuttan tíma. Og mjer er nær að halda, að þau sjeu ekki miklu meira notuð en þótt að eins eitt handrit væri geymt á skjalasafni.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði, að þótt ræður þingmanna væru ekki prentaðar eins og þær væru talaðar á þingi, þá væri þó meiningunni ekki hallað, þannig, að það kæmi fram í ræðunni, sem þm. vildi sagt hafa. En því fer fjarri, að svo sje. Það eru fáir svo skilagóðir skrifarar, að þeir geti náð ræðunum, ekki einungis eins og þær eru talaðar, eða að þeir nái því, sem þm. vildi sagt hafa, heldur eru ræðurnar, þegar þær koma, meira og minna brenglaðar og bæklaðar, bæði að efni og meðferð. Þingmenn hafa þá um tvent að velja, annaðhvort að láta þær standa, eða stryka alt út. Þeir þm. eru teljandi, er gefa sjer tíma til að umskrifa þær eins og þeir vildu. Aðalreglan er sú, að menn láta sjer nægja að leiðrjetta helstu meiningarskekkjurnar.

Vitanlega er hægt að nota handrit af þingræðum, alveg eins og hvert annað handrit, í skjalasafni. En jeg verð að segja fyrir mig, að það hefir ekki oft komið fyrir, að jeg hafi orðið að fletta upp í umr. í Alþingistíðindunum. Það kann að vera af því, að jeg sje ekki jafnrýninn í þá hluti og aðrir. — Ef handritin eru vel skrifuð, má vafalaust nota þau eins og prentað mál. Auðvitað dugir ekki. að hafa öll handritin í einni möppu. Það verður að fylgja þeim glögg skrá með merkjum, þar sem efninu er raðað niður eftir málum. Það yrði skrifstofa Alþingis eða skjalavörður að sjá um.

Þá er hættan á því, að þetta skjalasafn brynni. Slíkt getur auðvitað hent. En það er ekkert sjerstakt fyrir þetta skjalasafn. Það getur eins komið fyrir önnur skjala- og bókasöfn; þau gætu líka brunnið. — Annars eru menn nú á dögum farnir að gera sjer far um að geyma áríðandi skjöl á þeim stað, sem þau eru tryggilega varin fyrir eldsvoða. Það hefir komið fram í ræðum hv. þm. hjer, að þeir halda, að þetta sje eins-

dæmi, að þingtíðindin sjeu ekki prentuð. En það mun ekki vera gert alstaðar annarsstaðar. Ef eitthvert er það sjerstakt mál, sem þm. vilja láta alþjóð vita um, þá er aðferðin sú, að láta ræðurnar birtast í blöðum. Jeg las nýlega ræðu, prentaða í einu blaði hjer, sem hv. þm. Dala. (B. J.) hafði haldið. Af hverju skyldu þm. láta blöðin taka ræðurnar upp, nema af því, að þeir vita, að með því móti eru þær lesnar af þúsund sinnum fleiri mönnum heldur en í Alþingistíðindunum?

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) vildi láta vísa þessu máli til stjórnarinnar. — Það finst mjer óviðkunnanlegt að vísa máli til stjórnarinnar, sem er einskonar „collegialt“ þingmál. Jeg veit ekki, hvað stjórnin ætti að undirbúa það betur. Ætti hún má ske að undirbúa geymslu ræðnanna? Jeg held, að það sje langt um rjettara, ef meiri hl. hv. deildar er á móti frv., að láta það ekki ná fram að ganga, heldur fella það hreinlega. Hitt er bara apaháttur, að vísa því til stjórnarinnar.

Hv. þm. Stranda. (M. P.) sagði, að það væri margt fleira, sem mætti spara. Þær frjettir þurfti jeg nú ekki að fá frá honum. Jeg vissi það sjálfur. En mjer fanst hann ekki geta bent á annað, er með góðu móti mætti spara. Því að mjer finst ekki gerlegt að banna mönnum að tala hjer á þingi. Þó get jeg tekið undir það með hæstv. forsætisráðherra (J. M.), að lítið væri mist, þótt haldnar væru hjer færri og styttri ræður. Það mun vera einsdæmi hjer, hve margir þingmenn tala í hverju máli. Annarsstaðar er það svo, að að hver flokkur velur framsögumann, til að hafa orð fyrir flokknum um hvert mál. (S. S.: Hjer er ekki því að heilsa). Nei. Hjer er ekki því að heilsa, en ætti þó að vera. Við erum sammála um það, háttv. samþm. minn og jeg, að þetta er ókostur. Hjer er það svo, að hver tekur það upp, sem annar hefir áður sagt. Og vjer höfum hjer eitt dæmi fyrir okkur. Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) og hv. þm. Dala. (B. J.) töluðu hjer báðir á eftir hv. þm. Stranda. (M. P.), og sögðu þeir nauðalítið annað að efni til en hann hafði áður sagt. En þetta er ekki einsdæmi. Það kveður venjulega við hjer í upphafi hverrar ræðu: „Hv. þm. N. N. er búinn að taka flest af því fram, sem jeg vildi sagt hafa, en jeg vildi þó bæta við fáeinum athugasemdum.“ — Og svo koma þessar athugasemdir. Og það er þá vanalega ekkert nýtt, heldur „kopi“ af því, sem hinn hv. þm. hefir sagt. En það er enginn einn öðrum fremur sekur um þetta. Vjer erum það allir meira og minna.

Hv. þm. Stranda. (M. P.) sagði, að margt fleira mætti spara. Satt er það. En það er engin röksemd móti þessu frv., sem miðar að sparnaði, að fleira mætti spara. Komi hv. þm. með till. um að spara eitthvað fleira! Það getur vel verið, að jeg verði því fylgjandi. En jeg tel ekki víst, að jafnhægt sje að spara neitt sem prentun á ræðunum.

Menn hafa talað hjer um, að þetta yrði ilt verk vegna sagnfræðinganna. Var það sjerstaklega hv. þm. Dala. (B. J.), sem talaði um það, að það gæti orðið ilt fyrir sagnfræðingana, ef ræðurnar væru ekki prentaðar. Þeir myndu ekki geta fengið fræðslu, eða aflað sjer skilnings á málefnum og mönnum, ef ræðurnar væru ekki prentaðar. Þar til er því að svara, að þeir fáu menn, er þau fræði stunda, munu að sjálfsögðu geta fengið aðgang að skjalasöfnum

þingsins. Og jeg skal viðurkenna, að allar þessar þingræður eru að vísu góðar að því leyti, að af þeim geta menn oft fengið „karikatur“ — skrípamynd — af manninum sjálfum og skoðunum hans, vegna þess, hve ræðan er úr garði gerð. Og ræðurnar eru líka oft vottur um það, hve maðurinn hefir haldið fram fráleitum skoðunum, eða rjettum skoðunum, eftir því, hver maðurinn er. Það er því ekki hægt að neita því, að þegar um manninn á að dæma, geta ræðurnar verið dálítil leiðbeining. En annað mál er það, hve gott er að byggja á þeim dóm um það, h v a ð hann hafi sagt og h v e r n i g hann hefir sagt það.

Ef ræður væru til frá Alþingi hinu forna, þá væri það að vísu skemtilegt. Sjálfsagt hafa verið haldnar ræður þar. Fyrir því eru góðar heimildir. Skal jeg játa með hv. þm. Dala. (B. J.), að skemtilegt gæti verið að hafa þær. En jeg vildi sjá þann mann, sem entist til að fara í gegnum þær allar, ef þeim svipaði eitthvað til þingræðna þeirra, sem haldnar hafa verið síðasta mannsaldurinn. Það fjósaverk vildi jeg ekki taka að mjer.

Þá hafa menn talað um, að þessar þingræður væru einstaklega mikilsverðar fyrir kjósendur landsins. Má vel vera, að það geti komið fyrir, að nauðsynlegt sje að geta kastað því í nasir frambjóðanda á þingmálafundi, hvað hann hafi sagt á þingfundi um þetta og þetta mál. Það getur margt verið vel til þess fallið að snupra menn með eða reka í vörðurnar. En spurningin er, hvort þetta sje svo mikils virði, út af fyrir sig, að kastandi sje út fyrir það svo mikilli fjárfúlgu á hverju ári. Ræðurnar verða flestar ekki meira virði en hver blaðagrein. Þær lifa í hæsta lagi nokkra mánuði, og svo gleymast þær, alveg eins og hver blaðagrein, rjett strax, er menn hafa gleypt þær í sig. Nema þá rjett einstöku þingræður, sem menn kæra sig um að muna. Þær gleymast ekki fyrsta árið, en svo falla þær, eins og alt hitt, í gleymsku og dá fyrir fólki.

Hv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að hann vildi ekki eiga mannorð sitt undir blöðunum. Get jeg vel skilið, að hann vilji það ekki, og eru vafalaust fleiri líkrar skoðunar og hann um það atriði. En jeg efast mjög mikið um, að þingtíðindin sjeu mikil vernd mannorði manna gegn blöðunum, af þeirri ástæðu, sem jeg nefndi áðan, að það er aldrei nema örlítið brot landsmanna, sem les þingræður. En menn hafa aðra stórum öruggari mannorðsvernd gagnvart blöðunum en þingtíðindin, sem menn annaðhvort halda ekki saman, eða þá geyma úti í horni, hlaðin ryki, eins og einhverja forngripi, sem aldrei er snert á — ef þeir þá kaupa eða lesa þau. En sú vernd er að verja sig sjálfur á annan hátt gegn árásum blaðanna. Sú vernd getur ýmist verið fólgin í því, að menn skrifa sjálfir, ef þeim þykir það vert, sóma síns vegna, eða þá að menn láta prenta þau orð sín og ummæli, sem blöðin hafa afskræmt og fært á verri veg. Það er þetta, sem menn gera. Menn eru ekki oft að vísa í þingtíðindin, er þeir eru að verja sig. Menn fara hina leiðina, að birta í blöðunum það, er lýtur að framkomu þeirra í málunum, eða skrifa sjálfir leiðrjettingu. Það er að segja þeir, er telja það ómaksins vert. Sumir eru alveg hættir að fást um það, hvað um þá stendur í blöðunum. Mjer var t. d. borinn ½ milj. kr. þjófnaður á brýn í einu blaði. Mjer datt ekki í hug að leiðrjetta það, því að jeg vissi, að það

myndi koma í ljós á sínum tíma, að það voru ályga.

Um spádóm hv. þm. Dala. (B. J.) um dóm þjóðarinnar í þessu máli skal jeg ekki segja. Jeg er jafnófróður um, hvernig það myndi fara, og hv. þm. Dala. En mjer er þó nær að halda, að mikill meiri hluti yrði með því að hætta að prenta ræðurnar, þar sem það eru ekki nema örfáir menn í hverjum hreppi, er ræðusafn þetta fá að sjá.

Svo virðist mjer, sem menn gleymi einu. En það er, að við ætlumst til, að nefndarálitin verði prentuð eftir sem áður. Nú hefir sá óvani færst mjög í vöxt á þingi, að skrifa stutt nefndarálit, en vísa svo til framsöguræðu, sem annaðhvort aldrei er haldin, eða er ómerkileg og lítt til að upplýsa málið.

Jeg hefði viljað óska, að nefndarálitin væru töluvert rækilegri en nú gerist því að í raun og veru eru það nefndarálitin ein, sem á má marka það, sem menn vilja. Nefndarálitin eru alveg ósvikin og óbjöguð. Það eru þau, sem allir nefndarmenn skrifa undir, og hver þingmaður getur fundið aðalatriði og rök í án fyrirhafnar.

En af því að allir vita, að það er nokkurn veginn óhamlað, hve segja megi mikið, er málin koma fyrir í deildinni, kæra menn sig ekki um að gera nefndarálitin svo rækilega úr garði, sem vera ætti.

Það er satt, að ef nefndarálitin yrðu rækilegri, myndi skjalaparturinn aukast við það lítið eitt, en það yrði ekki svo, að neinu næmi. (Sv. Ó.: Tvöfaldast). Jeg vildi vinna það til, að skjalaparturinn tvöfaldaðist, ef maður gæti þá losnað við að lesa ræður manna á þingi. Því að ef menn vilja beita lögum og vilja leita sjer upplýsinga um einhver atriði þeirra, þá er það hreinasta undantekning, ef menn græða nokkurn skapaðan hlut á því að lesa alt það málæði, er átt hefir sjer stað um málið á þingi. Ef það er nokkuð, sem menn geta grætt á, þá eru það helst nefndarálitin, en einkum þó athugasemdir stjórnarfrumvarpa. En ákvæðið í 19. gr. þingskapanna: „Hverju frv. skal fylgja stutt greinargerð fyrir tilgangi þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum“, er að engu gert í framkvæmdinni, því að greinargerð frv. hjer á þingi eru vanalega annaðhvort engar eða mjög ljelegar. (**M. P.**: Hana vantaði hjá fossanefnd). Þingmaðurinn ætti ekki að tala svo, því að með fáum frv. mun hafa komið ítarlegri greinargerð. En hafi hana vantað, er það að eins sönnun fyrir því, sem jeg hefi haldið fram, að menn hafi fótum troðið það ákvæði þingskapanna, að frv. skuli fylgja greinargerð.

Magnús Pjetursson: Mjer er óhætt að segja dálítið meira, því að það verður víst ekki prentað, enda býst jeg við, að háttv. aðalflm. (E. A.) hafi skákað í því skjóli, er hann flutti sína löngu ræðu. En mjer fanst fjarska lítið nýtt í henni, eða mótmæli gegn rökum okkar. Mjer heyrðist hann einkum vekja upp rök móti sjálfum sjer. En þó vil jeg svara honum nokkrum orðum, vegna þess, að hann vjek sjerstaklega orðum að mjer.

Hann sagði, að það væri ekki undarlegt, þó að jeg og hv. þm. Dala. (B. J.) væri móti þessari till., því að við værum kunnir að því, að vilja ekki spara. Það getur vel verið, að honum hafi fundist það. En þá eru fleiri okkur samsekir, því að jeg man ekki eftir því, að margar hafi verið feldar af till. þeim, sem við mæltum með fyrir hönd

fjárveitinganefndar. Og þær voru víst ekki margar, sem hv. aðalflm. (E. A.) greiddi atkv. á móti. (**E. A.**: Jú, ekki svo fáar). Jeg minnist þess ekki. En aftur man jeg það um okkur þm. Dala. (B. J.) og mig, að við vorum báðir á móti 50 þús. kr. fjárveitingu til Árnessýslu. Þar hefir okkur þá líka greint á, en í öfuga átt.

Svo var sparnaðurinn við frv. ca. 40—50 þús. kr. Jeg býst nú við, að eftir því, sem honum sagðist sjálfum frá, geti hv. deildarmenn ekki orðið sannfærðir um, að sparnaðurinn verði svo mikill. Hann talaði um, að nefndarálit væru alment of stutt, og vildi hafa þau miklu lengri og ítarlegri. En ef þessi aðferð væri tekin upp, þá yrðu nefndarálitin svo miklu lengri, að þau yrðu jafnlöng og framsöguræður nú, og heldur lengri en styttri. Og þegar nefndir klofna, myndu allar rökræður beggja. eða allra nefndarbrotanna koma fram í þessu formi. Sama er að segja um greinargerðir fyrir frv., að þær yrðu tífalt lengri en nú. Og alt þetta myndi draga mjög frá því, sem háttv. flm. (E. A.) vill spara með prentkostnaðinum.

Og svo er eitt, sem háttv. flm. (E. A.) tók ekki tillit til. En það var geymsla þingræðnanna, því að jeg býst ekki við, að þær verði geymdar á þeim pappír, sem þær nú eru á frá hendi skrifaranna, og fyrirkomulaginu þyrfti að breyta, að öðru leyti, bæði um niðurröðun umræðna í hverju einstöku máli o. fl. Það yrði sennilega að rita þær upp á kálfskinn eða pergament eða þá að minsta kosti á góðan pappír. Þetta myndi líka draga frá prentunarkostnaðinum, sem háttv. flm. (E. A.) gerir ráð fyrir að spara.

Jeg vil benda hv. 2. þm. Árn. (E. A.) á það, að hann var ekki vel sjálfum sjer samkvæmur, þegar hann talaði um ræðurnar og breytingarnar á þeim. Hann sagði, að jeg breytti ræðum mínum frá því, sem jeg hjeldi þær í deildinni. En því neita jeg algerlega, og hann neitaði því líka sjálfur, þegar hann sagði, að venjan væri sú, að menn leiðrjettu meiningarskekkjur í ræðunum. Hann hefir því þarna svarað sjer sjálfur, að jeg, eins og aðrir hv. þm., leiðrjetti að eins meiningarskekkjur.

Mjer fanst hv. 2. þm. Árn. (E. A.) gera of lítið úr því, sem hv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að þingræður gætu verið mönnum vernd gegn blöðunum. Mjer finst að vjer „langsarar" getum ekki synjað fyrir, að það muni okkur heldur hagur að hafa þingtíðindin að bakhjarli, því ekki gera blöðin minna að ályglum á oss en aðra. Við hv. flm. (E. A.) ættum því að vera sammála um, að það sje gott fyrir okkur að eiga prentað það, sem við höfum sagt, þegar við sífelt erum lagðir í einelti af samviskulausum ályglum einstöku saurblaða.

Jeg vil líka benda á það, að hætt er við, að menn missi virðingu fyrir þinginu, þegar á að fara að gera það líkast hreppsnefndarfundum, þar sem engar ræður eru skrifaðar. (**H. K.**: Það er bókað þar). Það getur verið, að ræður á hreppsnefndarfundum í Barðastrandarsýslu sjeu skrifaðar, en annars þekki jeg ekki til þess. Þeir eru þá lengra á veg komnir þar en annarsstaðar. Og þetta myndi líka áreiðanlega lækka þingið og virðingu þess meðal almennings, þegar pukra á með það, sem sagt er hjer í þinginu, og dylja það fyrir almenningi.

Það hefir komið fram till. um að vísa máli þessu til stjórnarinnar. Jeg get ekki verið hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sammála um það, þó að við sjeum annars sömu skoðunar í þessu máli. Jeg held, að rjett sje, úr því ræða hv. forsætisráðh. (J. M.) fór í þá átt, að reyna að breyta þessu fyrirkomulagi í sparnaðaráttina, að fara þá miðlunarleið, að vísa málinu til nefndar. Vil jeg stinga upp á, að því sje vísað til allsherjarnefndar. Vona jeg, að deildin fallist á það, þar sem þrír af flm. málsins eru í allsherjarnefnd og hafa þar því tögl og hagldir. Það gæti þá orðið til þess, að nefndin tæki ráð sín saman, og athugaði jafnframt þær sparnaðarbendingar, sem jeg og hæstv. forsætisráðh. (J. M) höfum gefið í þessu máli. Jeg geri þessa till. líka jafnframt vegna kurteisi gagnvart allsherjarnefnd, þar sem þrír af flm. frv. eiga sæti.

Hv. aðalflm. (E. A.) sagði, að þetta mál væri „collegialt" þingmál. En jeg vil segja, að þá fari lítið fyrir „collegialitetinu", þegar hv. flutningsmenn vilja loka munninum á samþingismönnum sínum með því að varna því, að það sje gefið út, sem þeir segja.

Í von um, að þessi till. mín um að vísa málinu til allsherjarnefndar verði samþ., og þá gefist tækifæri til að ræða þetta mál síðar, segi jeg ekki meira nú.

Gísli Sveinsson: Það er algert að bera í bakkafullan lækinn að tala meir um málið. Mjer finst líka, að báðir hafi allmikið til síns máls. En benda má á, að þeir, sem hjer eiga um að fjalla, eða mál þetta tekur til, eru ekki einungis þingmenn. Það snertir þá auðvitað mikið, að því leyti, hve aðgengilegir eru þeir staðir, sem ræður þeirra eru geymdar á. Munu þeir að sjálfsögðu jafnan geta gengið að þeim í skjalasafni þingsins, ef þeirra væri þar vel og tryggilega gætt. Líka myndu þeir, sem ræðurnar þurfa að nota í vísindalegum tilgangi, eða til lögskýringa, geta gengið að þeim í slíku skjalasafni. Á þetta hvorttveggja hefir hjer verið minst.

En hjer er enn einn aðalaðili í þessu máli, og það er allur landslýður. Það heitir þó svo, að vjer þingmenn sjeum sendir af kjósendum, sitjum á þingi sem fulltrúar þeirra. Virðist því, sem þeir hafi nokkra heimild til að fá að vita sem gerst um framkomu vora á þingi, og ekki óeðlilegt, að þeir vildu fá að vita, hvað vjer segjum hjer um málin. Virðist mjer því virðurhlutamikið, að vjer rjúkum nú til og látum hætta að prenta þingræðurnar, án þess að þeim hafi gefist kostur á að láta uppi álit sitt um það atriði á einn eða annan hátt.

Mjer virðist, sem sje í of mikið ráðist, að ætla að fara að afnema prentun á ræðum þingmanna, og það alveg undirbúningslaust, og án þess að nokkur rödd hafi heyrst um það frá kjósendum. Þó jeg að ýmsu leyti fallist á rök þeirra hv. þm., sem að frv. standa, þá vil jeg þó ekki, að Alþingi fari að hlaupa út í þetta, svona gersamlega óundirbúið, og skal jeg því leyfa mjer að bera fram rökstudda dagskrá, er jeg nú skal lesa upp með leyfi hæstv. forseta:

> **Þar sem ástæða virðist til, að kjósendur landsins fái að láta álit sitt í ljós á þingmálafundum um, hvort hætta eigi algert að prenta þingræður fulltrúa þeirra, þykir**

deildinni ekki hlýða að samþ. fyrirliggjandi frv., og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil að eins segja örfá orð, til þess að lýsa afstöðu minni til þessa máls. Það er ekki langt síðan till. kom fram um það hjer á Alþingi, að þm. yrði leyft að krefjast leynilegrar atkvgr. um mál hjer á þinginu. Jeg var á móti þessu þá, af því að jeg taldi það ekki rjett gagnvart kjósendum; þeir ættu heimting á að vita, hvernig fulltrúar þeirra greiddu atkv. á þingum. Og jeg er einnig á móti þessari till., því með henni finst mjer vera verið að gera tilraun til þess að loka þinginu fyrir kjósendum, því jeg veit ekki, eftir hverju hv. kjósendur eiga að dæma fulltrúa sína, ef ekki eftir þeim ræðum, sem þeir halda á þinginu. Og það er því meiri ástæða til þess að halda prentun þingtíðindanna áfram, þar sem blaðaútgáfa er orðin svo afardýr, að það má segja, að ekki geti aðrir en efnamenn haldið þeim úti. Nú vita menn, að blöðin eru oft ekki sem sannorðust um andstæðinga sína, svo að myndin, sem þau bregða upp af þeim fyrir kjósendunum, er alveg eftir því, hvort þeir eru í náðinni eða ekki. Það er engin miskun hjá Magnúsi. Eini vegurinn fyrir kjósendurna til þess að geta áttað sig á framkomu þm. eru Alþingistíðindin, og hví skyldum vjer þá taka þau frá þeim?

Flm. (Einar Arnórsson): Síðan jeg stóð upp síðast hefir ekki komið neitt nýtt fram, nema örlítið hjá háttv. þm. Stranda. (M. P.), og það, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði, að rjett mundi vera, að þetta mál væri rætt meðal þjóðarinnar. Kannast jeg við, að það er margt til í þessu, og ef það væri rjett, sem hv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að meiri hl. þjóðarinnar mundi vera á móti þessu, þá væri ekki rjett að fara að spara. Jeg er nú ekki trúaður á, að þetta sje rjett hjá hv. þm. (B. J.). — Þá vil jeg svara hv. þm. Stranda. (M. P.) nokkru, ekki svo, að jeg ætli að fara að munnhöggvast við hann, en það var viðvíkjandi því, sem hann sagði, að sparnaðurinn yrði enginn við þetta, því menn mundu þá að eins hafa lengri greinargerðir og nefndarálit, og það mundi verða nærri eins dýrt og þótt ræðurnar væru prentaðar. Það er ekki sannað, að greinargerðir og nefndarálit yrðu neitt lengri, þótt hætt yrði við að prenta umr. Jeg sagði, að þær gætu orðið það, og þó að við værum báðir sammála um, að þær ættu að verða það, þá stöndum við jafnt að vígi, þótt ræðurnar væru ekki prentaðar. Svo er annað atriði, sem jeg vil minnast á, en hefi ekki minst á til þessa, og það er, að af prentun þingtíðindanna leiðir miklu meiri skrifstofukostnaður heldur en þótt þær væru að eins skrifaðar. Skrifstofustjóri þarf nú að hafa mann sjer til aðstoðar við prófarkalestur, en það þarf ekki, ef ræðurnar væru að eins skrifaðar, því að skrifararnir gætu skrifað þær á góðan pappír, og mætti svo geyma þær eins og þeir gengju frá þeim. — Mjer finst engin þörf á, að vísa málinu til nefndar, því það er svo einfalt og óbrotið. Og hvort heldur ætti að vísa því til allsherjarnefndar eða fjárhagsnefndar, skal jeg ekki deila um, en þó finst mjer, að það eigi fremur heima í fjárhagsnefnd heldur en í allsherjarnefnd. Hv. þm. Stranda. (M. P.) sagði, að jeg hefði sagt, að þetta væri „kollegialt“ gagnvart þm., og er það rjett, en svo fanst honum það vera „ókollegialt“ að vilja binda svona fyr-

ir munninn á hv. þm. Það, sem jeg átti við með „kollegialt", var, að þingið fjallaði eitt um þetta mál, á sama hátt og það t. d. velur starfsmenn sína, án þess að nokkur utan þings komi þar nærri. Annars sje jeg ekki neitt „ókollegialt" við það, þótt minni hl. verði að beygja sig undir meiri hl., því það mætti þá eins vel segja, að það væri „ókollegialt" að láta meiri hl. ráða í öðrum málum.

Bjarni Jónsson: Voðalegur er þessi sessunautur minn (E. A.), og er ekki von, að við huglitlir þorum að tala. — Sparnaðurinn er, eins og háttv. þm. Stranda. (M. P.) sagði, mjög vafasamur, og hygg jeg, að hans reikningur reynist sannari en reikningur hv. 2. þm. Árn. (E. A.). Hann sagði, að það væri ekki sannað, að nefndarálit og greinargerðir yrðu lengri, þótt hætt yrði að prenta ræðurnar. Auðvitað er ekki hægt að sanna það, því það heyrir til framtíðinni. En á hinn bóginn mæla allar líkur með, að þar sem hv. þm. yrði varnað máls, þá myndu þeir skrifa, ef þeir gætu, og tækifæri gæfist, svo að litlar líkur eru til, að þingtíðindin yrðu neitt styttri, þótt ræðurnar yrðu ekki prentaðar. Hugsanlegt væri aftur á móti, að ræðurnar yrðu betur hugsaðar, en sparnaðurinn er tvísýnn. Jeg ætla ekki að reka þessi ræðuhöld lengi fram og aftur, en þó vil jeg benda hv. þm. á, að þeim fjelögunum, hæstv. forsætisráðherra (J. M.) og hv. 2. þm. Árn. (E. A.), fer líkt og þeim, sem sjá flísina í auga bróður síns, en ekki bjálkann í sínu eigin, því þeir tala fyrst og fremst alls ekki minna hjer á þingi heldur en aðrir þm., og í öðru lagi hafði hv. sessunautur minn (E. A.) alt það upp aftur, er hæstv. forsætisráðherra (J. M.) sagði. Þá undruðust þeir bardagabræður (J. M. og E. A.) það, að þm. töluðu og lýstu skoðun sinni í þessu máli, og sögðu, að það tíðkaðist hvergi á þingum annara þjóða, því þar talaði einn maður fyrir hönd hvers flokks. Jeg veit ekki betur en að hjer sje alveg því sama til að dreifa, og veit jeg, að þeir sjá það, þegar þeir athuga málið. Hjer tala jeg fyrir hönd míns flokks. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) fyrir hönd síns flokks og hv. þm. Stranda (M. P.) fyrir sinn flokk. **(E. A.:** Jeg átti ekki við þetta mál eingöngu). Það er altaf hægt að afsaka eftir á, þegar menn sjá, að þeir hafa farið með rangt mál. Það er þá ekki heldur að furða, að þegar saman hlaupa ellefu menn, þá hafi þeir einhverja skoðun og vilji gjarnan lýsa henni, en það er altaf furðulegt, að sumir háttv. þm., og það hæstv. forsætisráðh., skuli leyfa sjer að tala um málæði þm. **(Forsætisráðh.:** Jeg sagði ekki málæði, heldur vaðal). Hverjir eru þessir menn? Eru þeir svo sem kjörnir til að vera siðameistarar hjer? Ekki hefi jeg orðið var við, að þeim hafi verið veitt svo veglegt embætti. Jeg hygg, að það sje naumast þinglegt að standa upp og halda slíkar ræður.

Ef jeg ætti að fara eftir mínum hagsmunum í þessu máli, þá liggur mjer fyrir mitt leyti í ljettu rúmi, hvort ofan á verður í þessu máli, hvort ræðurnar verða prentaðar eða ekki prentaðar; jeg mundi ávalt finna leið til að koma skoðunum mínum til kjósenda, þótt þessi væri mjer meinuð. En það er vegna kjósendanna í landinu, að jeg er málinu mótsnúinn, því hætt er við því, að þegar þm. sjá, að kjósendur geta ekki fylgst lengur með því, hvað þeir aðhafast á þinginu, hvort þeir eru trú-

ir þjónar eða ekki, þá muni sú hvöt þeirra rjena, að vera trúir kjósendum.— Þá vil jeg drepa á það, þótt áður hafi verið drepið á það, að það mundi ekki þykja virðulegt þing, sem haldið væri fyrir lokuðum dyrum, en að hætta að prenta ræðurnar er sama og að loka þinginu fyrir landsmönnum, að undanteknum þeim fáu Reykvíkingum, sem rúmast geta á þessum pallholum. — Jeg mun því greiða atkv. með öllum þeim till., sem fram eru komnar, en á móti frv.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vildi að eins minna á, að þetta er ekki nýtt mál hjer á þinginu. Það kom fram 1909. Þá vildi svo skrítilega til, að jeg var á móti málinu, og er það enn, og talaði þá aðallega fyrir munn þeirra, er ekki vildu hætta prentuninni. En þá man jeg og það, að háttv. þm. Dala. (B. J.) var gallharður á að hætta prentuninni. Vil jeg minna hv. þm. (B. J.) á þetta, með því að lesa upp orð hans frá þessum tíma. (**B. J.:** Jeg man þau og kannast fúslega við þetta). Hann segir í fáum orðum og gagnorðum, eins og hans er vandi:

> „Það er undarlegt, hvað gert er mikið úr þessari till., um að hætta við prentun þingtíðindanna, þótt landsmenn hafi hvorki gagn nje gleði af þeim og enginn lesi þau."

Síðan vitnar hann í þingmálafund, er haldinn var í Dalasýslu, um þetta mál, og segir:

> „Hann skorar á Alþingi að afnema útgáfu þingtíðindanna."

Jeg vildi að eins benda á þetta, því það kveður nokkuð við annan tón nú. En auðvitað gleður það mig, að hv. þm. (B. J.) skuli nú vera kominn á sömu skoðun og jeg. Jeg vil gjarnan, að málinu verði vísað til nefndar, og verði þar athugað, hvort ekki mundi rjett vera að fresta prentuninni.

Flm. (Einar Arnórsson: Jeg vil að eins gera stutta athugasemd við það, sem hv. þm. Dala (B. J.) og fleiri hafa sagt, að þingræðurnar væru prentaðar til þess, að kjósendur gætu fylgst með í því, hversu fulltrúar þeirra kæmu fram. En þessu er ekki svona farið. Í fyrsta lagi lesa sárfáir þingtíðindin, og í öðru lagi er fjöldi mála, þar sem alls ekki er hægt að sjá, hvernig þm. hafa hagað sjer. Til þess yrðu þeir annaðhvort að hafa skrifað undir nefndarálit, talað eða greitt atkvæði með nafnakalli. Nú hafa ekki allir þm., í öllum málum, gert eitthvað af þessu þrennu, og verður því framkoma þeirra alls ekki sjeð. En ef einhverjir þm. vilja sýna afstöðu sína í einhverju máli, þá geta þeir það altaf, þótt umræður sjeu ekki prentaðar, með því að krefjast nafnakalls.

Bjarni Jónsson: Það var ekki ástæða til fyrir hæstv. forsætisráðherra (J. M.) að verða reiður, þótt jeg hafi skift um skoðun í þessu máli, því hann hefir einnig skift um skoðun síðan 1909. — Hann segir þá:

> „Fyrir sögu landsins hefir það mikla þýðingu, að umr. á Alþingi sjeu prentaðar; því verður alls ekki neitað, að við værum nú miklu ófróðari um sögu landsins síðan um 1850, ef vjer hefðum ekki Alþingistíðindin."

Og enn fremur segir hann:

> „Og að segja það, að blöðin geti flutt tíðindi af þinginu, það er ekki til neins, því að það er vitanlegt, að blöð vor eru eigi fær um, enn sem komið er, að flytja nema mjög

ófullkomnar frjettir af þingi, svo að segja með höppum og glöppum.“

Og enn fremur:

„Þjóðin á rjett á að sjá, hvað hjer gerist, enda þótt fáir lesi mikið af því. Og látum svo vera, að einungis 2—3 menn í hverjum hreppi læsu nokkuð að ráði í Alþt. Þeir eiga í rauninni heimting á því, að missa ekki það færi, sem þingtíðindin gefa til þess að fá að vita, hvað á þinginu gerist.“

Þar sem nú hæstv. forsætisráðherra (J. M.) talaði svo fyrir svo sem tíu árum, þá get jeg sjeð, að hann verður ekki með þessu máli nú. Jeg varð að vinna til að hverfa frá minni skoðun, en hann getur setið á sinni skoðun.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg verð að segja, að hv. þm. Dala. (B. J.) hefði getað sparað sjer að halda sínar ræður með því að lesa upp mínar ræður. Jeg finn, að þetta er gróflega vel sagt hjá mjer, þegar jeg heyri hv. þm. (B. J.) lesa þetta upp. (**B. J.:** Jeg vona þá, að hæstv. forsætisráðh. (J. M.) láti sannfærast).

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin, frá þm V.-Sk. (G. Sv.) feld með 17 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Sv., J. B., M. G., M. P., S. S., Sv. Ó., Þór. J., B. Sv., B. J.

nei: B. St., E. A., E. Árna., E. J., H. K., J. J., J. M., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Þorl. J., Þorst. J., B. K., Ó. B.

Till. um að vísa málinu til stjórnarinnar feld með 19 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. S., Sv. Ó., B. Sv., B. J., G. Sv., J. B., M. G.

nei: M. P., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. K., B. St., E. A., E. Árna., E. J., H. K., J. J., J. M., Ó. B.

Till. um að vísa málinu til allsherjarnefndar feld með 18 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. S., Þór. J., B. Sv., B. J., G. Sv., J. M., M. P., P. J.

nei: S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. K., B. St., E. A., E. Árna., E. J., H. K., J. J., J. B., M. G., M. Ó., P. O., P. Þ., Ó. B.

1. og 2. gr. frv. samþ. með 17 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. K., B. St., E. A., E. Árna., E. J., H. K., J. J., J. M., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. St., St., St., Þorl. J., Þorst. J., Ó. B.

nei: B. J., G. Sv., J. B., M. G., M. P., S. S., Sv. Ó., Þór. J., B. Sv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 : 6 atkv.

Á 64. fundi í Nd., mánudaginn 15. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 729, 819).

Flm. (Einar Arnórsson): Jeg vildi að eins beiðast þess, að mál þetta yrði

tekið af dagskrá, þar sem eg hefi ekki fengið tækifæri til að athuga þessa brtt., og hins vegar getur verið, að jeg komi sjálfur með brtt. til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Nd., miðvikudaginn 17. sept., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 729, 819).

Pjetur Jónsson: Jeg hefi komið hjer fram með brtt., á þgskj. 819, ásamt tveim öðrum. Mjer finst margt mæla með því að fresta útgáfu Alþingistíðindanna, vegna þess hve kostnaðurinn við prentun er nú gífurlegur. Hins vegar er jeg á sama máli og þeir, sem halda því fram, að umræðurnar í Alþingistíðindunum sjeu talsvert lesnar úti um land. Og ef til vill er það hið helsta, sem vekur pólitíska áhuga, að menn í þeim kynnast mismunandi skoðunum og till. þingmanna. Jeg hefi því ekki enn þá breytt skoðun um það, að Alþingistíðindin eigi í rauninni að prenta. En nú finst mjer svo viðurhlutamikill kostnaðurinn við prentun umræðnanna, eins og stendur, að jeg get að því leyti orðið þeim samferða, flm. þessa frv., að fresta honum í þetta sinn. Og þess vegna leggjum við til, að Alþingi sje gefin heimild til að ákveða fyrir eitt þing í senn að fresta prentun umræðnanna.

Jörundur Brynjólfsson: Þó að brtt. á þgskj. 819 sje til bóta frá því sem frv. var, get jeg samt ekki verið henni hlyntur. Jeg hygg, að mörgum verði vonbrigði að því, ef hætt yrði að prenta þingtíðindin. Þeir fáu, sem þingtíðindin lesa, láta sig að ýmsu þjóðmál skifta, svo fróðleikurinn, sem í þeim er, kemst með þeim hætti til fleiri manna. En eins og tekið hefir verið fram, þá eru þeir miklu fleiri, sem lesa þingtíðindin, en gefið hefir verið í skyn. Þó að þetta kunni að spara útgjöld úr ríkissjóði, hygg jeg, að fullmikið sje gert úr þeim sparnaði í greinargerð flm., því að jeg held, að þegar alt kemur til alls og búið er að ganga frá þingskjölunum, þá muni sá kostnaður vega hátt upp í það, sem gert er ráð fyrir að sparist. Og enn fremur ber þess að gæta, að nú eru óvenjulegir tímar, að því er kemur til kostnaðar á pappír og prentun. —

Jeg tel ekki rjett að gera þetta að óvörum þjóðinni. Því er ekki að neita, að kjósendur eiga rjett á að sjá, hvað sagt hefir verið á þingi. Og þeir, sem gert hafa mikið úr þessum prentunarkostnaði, verða að taka tillit til þess, að krónan hefir ekki meira gildi til þessa verks heldur en til margs annars. Flm. hafa haldið því fram, að krónan hafi nú ekki nema þriðjungsgildi við það, sem áður var. Það er því eðlilegt, að krónutalan við útgáfukostnaðinn aukist. Og jeg skal bæta því við, að gæti landið ráðist í að fá sjer prentsmiðju, má gera ráð fyrir, að þessi kostnaður yrði minni. Jeg hygg, að rjett sje að láta frv. bíða og sjá, hvort ekki verður hægt að komast að betri kjörum. Jeg hefi þess vegna hugsað mjer að bera fram svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

> **Í því trausti, að stjórnin athugi nú þegar kostnaðarhlið þessa máls, og komi, ef henni þykir þess þörf, með till. fyrir þingið um að fresta prentun umræðuparts þingtíðindanna að þessu sinni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.**

Þetta vil jeg að stjórnin athugi, því að hún hefir að mörgu leyti betri að-

stöðu en einstakir þm., og sjái, hver árangur kann að verða af þeirri athugun.

Flm. (Einar Arnórsson): Jeg sje ekki ástæðu til þess að endurtaka hjer neitt af því, sem sagt var við 2. umr. málsins. Eðlilega hafa menn ekki komið með nein ný rök, hvorki með nje móti, sem ekki voru tekin fram við 2. umr.

Jeg vildi að eins minnast á brtt. hv. þm. S.-Þ. (P. J.). Jeg sje ekki, að neitt sje unnið við að samþ. þessa till. Ef menn vilja hafa prentun að aðalreglu, sje jeg enga ástæðu til að fresta henni um eitt ár, því að það mundi valda því, að annaðhvort yrði þar autt skarð fyrir — og það er óviðkunnanlegt — eða prentun á umræðum tveggja þinga kæmi í böggli á eitt ár, og þeir fáu, sem lesa þingtíðindin, mundu ekki fá þau fyr en eftir dúk og disk, eftir að áhugi þeirra á því, sem í þeim stendur, væri dofnaður. Mjer virðist því rjettast að láta þetta vera eins og það hefir verið, eða samþ. frv.

Að vísu gæti þriðja leiðin verið möguleg, sem sje sú, að stytta ræðurnar. — Þetta gæti ef til vill verið vinnandi vegur. En jeg hygg, að það mundi verða mjög erfitt að finna skipulag á því verki, svo að þm. sættu sig við.

Rökstudd dagskrá hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) er að eins mildari aðferð til þess að vega að frv., því að vitanlega hefir stjórnin ekki frekari tök á að rannsaka þetta mál heldur en flm. Þeir hafa allan sinn vísdóm um þetta efni frá skrifstofustjóra Alþingis, og stjórnin getur ekki haft aðra heimild. Það má sjá á landsreikningunum, hver kostnaðurinn hefir verið, og hvað prentunin kostar þetta ár veit enginn betur en skrifstofustjóri Alþingis.

Jeg sje ekki ástæðu til, að haldnar verði fleiri ræður um þetta mál, því jeg býst ekki við, að menn komi með nokkur ný rök.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vil leyfa mjer að lýsa yfir því, að jeg get fallist á brtt. á þgskj. 819, ekki af því, að jeg sje á þeirri skoðun, að það eigi að hætta að prenta þingtíðindin heldur af hinu, að komið gæti til mála, að fresta prentuninni. Prentunin hefir, hvort sem er, ekki þýðingu fyrir næstu kosningar, því að þær verða um garð gengnar áður en þingtíðindin koma út.

En aðalástæðan til þess, að jeg mæli með till., er sú, að jeg hygg, að taka ætti upp það ráð, að prenta að eins útdrátt úr þingræðunum. Því að margar ræðurnar mætti stytta að miklum mun, og mundu þær þá verða miklu aðgengilegri fyrir almenning heldur en þær eru nú, þar sem hann verður að fara yfir alla þá óþarfamælgi, sem töluð er nú á þingi. **(E. A.:** Hvernig á að finna viðunandi skipulag?). Jeg hygg, að það sje ósköp einfalt mál. Það þarf ekki annað en að fá mann til að stytta ræðurnar, draga saman í þeim meginefnið, sem einhverju máli skiftir. Auðvitað gæti komið til mála að stytta ekki einstaka ræður, eins og t. d. „program"-ræður. En fjöldann allan má stytta, og jafnvel fella sumar burt, sem eru ekki annað en keskni eða spaugsyrði.

Jeg mun þess vegna greiða atkv. mitt með till. En ef hún verður feld, mun jeg verða á móti frv., eins og jeg hefi áður lýst yfir.

Einar Jónsson: Það er að vísu búið að ræða margt um þetta efni, en það er rjett, sem hv. 2. þm. Árn. (E. A.) tók fram, að þessar umr. hafa lítið gildi.

Því hefir verið haldið fram af þeim, sem hafa sett sig á móti frv., að þingtíðindin væru mikið lesin. Jeg hefi ekki heyrt menn nefna neinar tölur, þessari staðhæfingu til sönnunar. En jeg hefi kynt mjer dálítið þetta atriði, þar sem jeg er kunnugur í Rangárvallasýslu, og jeg veit, að þar eru þau lítið lesin. Auk þess sem þau eru send hverjum hreppstjóra og hreppsnefndaroddvita, sýslumönnum og þingm., ýmsum opinberum starfsmönnum og stofnunum. t. d. háskólakennurunum, stjórnarráðinu, póststjórninni, landsyfirdóminum, símastjórninni, Vífilsstaðahælinu o. fl., þá eru keypt um 60 eintök úti um land. Jeg játa, að þessi eintök, sem send eru gefins af ríkinu, eru lesin af fleirum en þessum sjerstöku mönnum, og þá sjerstaklega þau eintök, sem oddvitunum eru send. Þau eintök munu vera látin ganga til þeirra, sem óska að lesa þau, þangað til þau endast ekki lengur og eru orðin ólesandi. Þau munu yfirleitt ekki endast lengi. Eftir tölum þessum eru þingtíðindin lítið lesin, og þau eru yfirleitt óáreiðanleg bók, því að ræðurnar eru oft styttar, auknar eða breyttar á ýmsa vegu frá því, sem þær voru. Þegar það er nú sannanlegt, að ræðurnar tefja þingið og að þær kosta ærið fje, þá álít jeg betra að verja þessu fje til þess að styrkja fátæka og efnilega menn til þess að auka kunnáttu sína.

Jeg veit, að hver maður hlýtur að játa, sem átt hefir sæti á Alþingi, að margar ræðurnar, sem hjer eru haldnar, eru fremur haldnar fyrir þingtíðindin heldur en málin sjálf. Og það er ekki sagt, að þeir, sem halda lengstu ræðurnar, starfi mest. Og mjer finst ræðusnild vera að dofna í þinginu. Áður voru hjer miklir mælskumenn, sem fluttu stuttar og gagnorðar ræður. Jeg minnist manna, sem var viðbrugðið fyrir mælsku, eins og t. d. Benedikts Sveinssonar, sem var að vísu ekki svo stuttorður eða gagnorður, en var mælskumaður mikill. Þá má nefna Magnús Stephensen, sem var bæði gagnorður og stuttorður. Og í minni tíð get jeg nefnt Björn Jónsson, Hannes Hafstein, Jón Jónsson í Múla og Skúla Thoroddsen. Þetta voru alt betri ræðumenn en nú sitja á þingi, þó að hjer sjeu nú menn, sem mega teljast allgóðir ræðumenn. Það er sannarlega þörf á að gæta hverra 40—50 þús. kr., þegar eina ráðið til þess að fá tekjur er að tolla alt, hversu nauðsynlegt sem það er.

Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hjelt, að það yrðu vonbrigði fyrir þjóðina, ef þessi stefna væri tekin. En jeg hygg, að þetta sje ekki rjett. Margir eru orðnir mjög óánægðir yfir því, hversu þingtíðindin eru orðin þykk bók og að mörgu leyti leiðinleg.

Jeg hygg, að sú leiðin væri betri, að stytta þau. Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) taldi vandkvæði á að koma skipulagi á þetta. En jeg held, að það sje mjög einfalt mál, og mundi ekki verða óvinsælt. Til þess mætti fá svo hæfan mann, að aðalefninu væri náð úr ræðunum í stuttum útdrætti. Með því móti mætti spara þingskrifara að nokkru leyti og prentun og pappír.

Það er nú að vísu svo, að Alþingi er álitið að vera einhver merkasti fundurinn, sem haldinn er á þessu landi. En þess ber þó að gæta, að ýmsir fleiri merkilegir fundir eru haldnir, og það er ekki venja að skrifa hvert orð, sem þar er sagt, heldur að eins stuttan útdrátt úr ræðu hvers einstaks. Eins mætti vel fara að á Alþingi. Með því

móti mætti fá stutt og glögt yfirlit yfir skoðanir þm. á þeim málum, sem þeir hafa haft til meðferðar.

Af því að umr. eru orðnar langar, ætla jeg ekki að fjölyrða frekar. Jeg er fylgjandi frv., en á móti brtt. á þgskj. 819. (**B. J.**: Aldrei talaði Benedikt svona vel).

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 1. þm. Reykv. (J. B.) feld með 14 : 8 atkv.

Brtt. 419, samþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Sv., H. K., J. M., M. G., M. Ó., P. J., P. O., S. S., St. St., B. Sv., B. J., B. St., Ó. B.
nei: E. J., J. J., J. B., M. P., P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. K., E. A.

Einn þm. (E. Árna.) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. J., B. St., E. J., H. K., J. J., J. M., M. G., M. Ó., P. J., P. O., S. St., St. St., Ó. B.
nei: G. Sv., J. B., M. P., P. Þ., S. S., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J., B. K., E. A.

Einn þm. (E. Árna.) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Ed.

Á 59. fundi í Ed., fimtudaginn 18. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 875).

Á 61. fundi í Ed., laugardaginn 20. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7 : 4 atkv.

Á 63. fundi í Ed., þriðjudaginn 23. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 875).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. **feld** með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. P., H. St., H. Sn., Jóh. Jóh., K. D., S. J., G. B.
nei: S. F., G. G., G. Ó., K. E., M. K., M. T., S. E.

---

14. Vörutollur, breyting og hækkun.

Á 55. fundi í Ed., laugardaginn 13. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 30, 22 okt. 1912, um vörutoll, og um hækkun á honum (A 789).

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 15. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Leyft án atkvgr., að það mætti taka til meðferðar.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil að eins skjóta því til hv. flm. (M. T.), hvort ekki megi vísa málinu nú þegar til fjárhagsnefndar og geyma umr. um það þar til frv. um toll á kolum kemur frá hv. Nd.

Flm. (Magnús Torfason): Jeg fellst á tilmæli hæstv. fjármálaráðh. (S. E.).

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1999) með 11 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., laugardaginn 20. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 789, n. 884).

Frsm. (Magnús Torfason): Hjer er að nokkru leyti um að ræða samskonar tekjuauka og samþ. var hjer áðan í fyrsta málinu.

Um tekjurnar yfirleitt þarf jeg því ekki að fjölyrða frekar; þær eru, eins og jeg hefi áður bent á, mjög varlega áætlaðar, og það svo, að jeg tel ekki mikið, þótt þær færu 20% fram úr áætlun. Og eftir því, sem fjárlögin fara nú frá okkur, má jafnvel gera ráð fyrir tekjuafgangi, þannig, að við ættum um 2 milj. til að mæta útgjöldum, sem stafa af sjerstökum lögum. Reyndar hljóta ávalt að vera um þetta talsverðar ágiskanir. En þó er það víst, að enginn nauður rekur nú til þess að hækka mjög gjöldin. Þess vegna hefir nefndin ekki heldur tekið neina afstöðu gagnvart 3. gr., eða hversu mikið eigi að hækka hundraðstöluna, því þegar til hækkunarinnar kemur, eru fleiri vegir til, t. d. að hækka grunntöluna. En um þetta vildi nefndan gjarnan heyra álit hv. deildarmanna.

Annars skal jeg geta þess um þessar frv.breytingar í heild, að þær eru fram komnar til að bæta úr sýnilegum meingöllum og ósamræmi á núgildandi vörutollslögum. Jeg hefi látið setja með skáletri allar breytingar, til hægðarauka.

Fyrst er þá þess að geta, að jeg hefi sett blakkfernis á eftir tjöru, því það á auðvitað saman.

Þá er tollur á tunnuhlutum gerður jafn og á heilum tunnum, því ekki þótti hæfa að tolla efnið hærra en tilbúinn hlutinn. Það yrði bersýnilega til að spilla fyrir innlendum iðnaði, en íslensk tunnugerð er töluvert að vaxa.

Tunnuhlutum hefir áður verið skift í 3 flokka, og voru tunnustafir í 5. fl., en botnar og gjarðir í 6. fl. Þetta veldur ávalt ruglingi og rifrildi þegar á að innheimta gjaldið.

Næsta brtt. er um það, að setja seglgarn í 2. fl., í stað 6. fl. Eins og sjá má, er netjagarn í 2. fl., en mest af seglgarni er einmitt notað í net. Er því eðlilegast, að hvorttveggja sje í 2. fl., og það því fremur, sem færi eru þar, en seglgarn er líka notað í lóðartauma.

Sömuleiðis fer 3. brtt. fram á það, að setja striga í 2. fl., vegna þess, að tilbúin segl eru í þessum flokki, og yrði því efnið dýrara en tilbúin varan, ef ekki væri breytt. Sama er að segja um „presenningar".

Loks hefi jeg fært fernisolíuna um

set, því sjálfsagt er að hafa öll byggingarefni í lágum flokki.

Um olíurnar er það annars að segja, að þar sem steinolía og bensín eru aflgjafar, eiga þær að vera í 1. flokki, en smurningsolía hins vegar í 2. fl., því hún er ekki aflgjafi.

Í 6. gr. er „pappír" með skáletri, þó svo eigi eiginlega ekki að vera. Jeg hafði að eins flutt þetta orð á sinn stað, en það stóð áður innan um járnbúta og tilbúin áburðarefni, en viðkunnanlegra þótti að telja pappír upp með prentuðum blöðum og bókum.

Annað þarf jeg ekki að taka fram um einstakar greinar, en um málið í heild sinni get jeg vísað til þess, sem jeg sagði í upphafi.

Fjármálaráðherra (S. E.): Vitanlega verða ávalt skiftar skoðanir um það, þegar á að fara að flytja milli flokka í vörutollslögunum. 1914 var líka mjög deilt um einmitt sömu breytinguna, sem hv. þm. Ísaf. (M. T.) er nú með. Ýmsar þessara breytinga virðast frá mínu sjónarmiði ekki sjerlega athugaverðar, að öðru leyti en því, að þær geta orðið frv. að fótakefli. Annars vil jeg benda á, að breytingarnar miða heldur til lækkunar.

Ástæðan til þess, að jeg hefi mælt svo mjög með stj.frv., er sú, að jeg óttast, að ef farið verður á annað borð að flytja á milli flokka, verði það til þess, að engar breytingar gangi fram eða hækkanir. Annars eru hækkanirnar á báðum frv. þannig:

1. fl. nú	20	au., eftir frv.	30	au.
2. — —	50	— — —	75	—
3. — —	600	— — —	900	—

4. fl. fellur burtu í stj.frv., vegna sjerstakra laga um salt og kolatoll.

5. fl. nú	6	au., eftir frv.	9	au.
6. — —	200	— — —	300	—

Að því er snertir hinar almennu hugleiðingar hv. þm. Ísaf. (M. T.) um það, að tekjuþörfin sje vafasöm, þá skal jeg ekki þreyta menn á því, að sýna fram á þá þörf enn þá einu sinni. En það hefi jeg margsannað, að ef ekkert er gert til þess að draga úr hallanum, er fyrirsjáanlegur óvenjumikill tekjuhalli á næsta fjárhagstímabili.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg verð að segja það, að mjer þykir hækkun hv. þm. Ísaf. (M. T.) á vörutollinum viðkunnanlegri en meðferð nefndarfrv. á tollinum. En til þess að þessi tvö frv. rekist ekki á,, vildi jeg stinga upp á því, hvort ekki væri rjett að samþ. þetta frv. til 3. umr., en geyma síðan Nd. frv., þangað til sjest, hvaða viðtökur hitt frv. fær í hv. Nd.

Halldór Steinsson: Hv. þm. Ísaf. (M. T.) skýrði ekki rjett frá afstöðu nefndarinnar. Meiri hl. — og þar með vissi jeg ekki betur en að hv. þm. Ísaf. (M. T.) væri — vildi láta hækka gjaldið í 3. gr. En hún óttaðist mótstöðu hv. Nd. gegn flokkaskipunarbreytingunum sjerstaklega. Þess vegna vildi meiri hl. láta stj.frv. ganga fyrst fram, svo að trygging fengist fyrir því, að einhver hækkun yrði samþ., en þar fyrir var hann ekkert á móti till. hv. þm. Ísaf. (M. T.) í sjálfu sjer, hvað flokkun varanna snerti.

Frsm. (Magnús Torfason): Fyrst vil jeg svara hv. þm. Snæf. (H. St.). Hann ætlaði auðsjáanlega að ná sjer niðri á mjer. En það brást nú. Jeg sagði sem sje ekkert um afstöðu nefndarinnar sjálfrar, heldur að eins hitt, að hún

hefði viljað bíða með það, þangað til að hún heyrði álit deildarinnar, eins og stendur í nefndarálitinu.

Annars skal jeg geta þess fyrir mitt leyti, að jeg er sannfærður um það, að ef við fellum hitt frv., þá flýgur þetta í gegn í hv. Nd., því sú hv. deild hefir reynst alæta á allar skattahækkanir, og gleypir svo að segja alt þess kyns, sem að henni er rjett og eitthvað lyktar af skattaauka. Og hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) á að þessu leyti fremur heima í hv. Nd. en hjer í þessari deild.

Jeg vil að síðustu minna á, að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) hefir lýst yfir, að breytingarnar, sem gerðar eru í frv., sjeu sjálfsagðar.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það var ekki nema sjálfsagður hlutur, að jeg vekti eftirtekt á því í Nd., að heppilegast væri að láta stjórnarfrv. ganga fram, þar sem reynsla er fengin fyrir því, að breyting á flokkuninni í vörutollslögunum vekur jafnan harðvítugar deilur. Um það efni sýnist sitt hverjum. Hins vegar er mjer aðalatriðið, að skatthækkunin verði samþykt. Jeg geri ekki ráð fyrir, að háttv. þm. Ísaf. (M. T.) takist að vekja kapp milli deildanna um þessi tvö vörutollsfrv. Tvö stór skattafrv. hafa verið samþ. í Nd., hjer um bil óbreytt eins og þau voru afgr. hjeðan, og var síður en svo, að háttv. Nd. væri að etja kappi við þessa hv. deild, því ýms atriði voru háttv. deild ógeðfeld í frv. þessum, en af hræðslu við, að skatturinn minkaði við flæking milli deildanna, beygði Nd. deild sig fyrir Ed. En ef það hefir verið tilgangur hv. þm. (M. T.) að fá sig útlagðan föður að vörutollshækkuninni, þá hefði jeg innilega gjarnan getað unt honum þess heiðurs, ef það hefði ekki hleypt málinu í neina hættu. En almennur áhugi er nú fyrir því, að hraða þinginu sem mest, og ef til vill verður því lokið síðari hluta næstu viku. Er því auðsjeð, hve mikill tími vinst til þess að endurskoða vörutollslögin. Jeg vænti því, að hv. deild taki þann einn kost, sem í raun og veru er um að velja fyrir þá, sem vilja skerða tekjuhallann mikla, og það er að samþykkja frv. óbreytt, eins og það kemur frá hv. Nd.

ATKVGR.

Brtt. 884. samþ. með 9 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 8 : 3 atkv.

2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

3. gr. feld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. G., Jóh. Jóh., K. E., K. D., M. K., M. T., G. B.
nei: E. P., G. Ó., H. St., H. Sn., S. E., S. J., S. F.

4. gr. feld með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. G., G. Ó., Jóh. Jóh., K. D., M. T., G. B.
nei: E. P., H. St., H. Sn., K. E., S. E., S. J., S. F.

M. K. greiddi ekki atkv. og færði til ástæðu, er forseti mat gilda.

5. gr. samþ. með 9 : 2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 : 3 atkv.

Á 62. fundi í Ed., mánudaginn 22.

sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 925, 927).

Afbrigði leyfð og samþ. um brtt. 927, er of seint var útbýtt.

Frsm. (Magnús Torfason): Eins og hv. þm. sjá, á jeg nokkrar brtt. Ganga þær í þá átt að hækka grunntölurnar:

1. fl. úr 10 upp í 25 au. = 150%
2. — — 25 — - 60 — = 140—
3. — — 60 — - 200 —

eða rúmlega þrefaldað. Ástæðan er sú, að vefnaður og fatnaður er svo ljett í vigt, að skatturinn er lítill í samanburði við verðið. Frá verðskatta sjónarmiði sjeð er þessi skattur tiltölulega mjög lágr. 4. liður hækkar um 150%, eins og 1. liður. Út af athugasemdum við síðustu umr. get jeg ekki sjeð neitt á móti því, að hafa kol og salt í vörutollslögunum áfram, þar sem salttollurinn getur fallið áður en þessi lög ganga úr gildi.

5. liður hækkar úr 3 upp í 8, eða ca. 166 %.

Mjer finst ekki við eiga að hækka hann upp í 7½ vegna útreikningsins.

6. liður eða rusliðurinn hækkar úr 20 upp í 50, eða um 150 %.

Með öðrum orðum er hjer farið miðja vega milli till. stjórnarinnar og þess, sem áður var, og þó heldur frekar. Býst jeg við, að aukinn skattur af farþegabifreiðunum vegi upp á móti því, ef 2. liður verður samþ.

En 3 liður hækkar svo mikið, að hann gefur meira en 90%; jeg get til, að það verði 160%.

Jeg skal nú ekki hafa fleiri orð um þetta, en hygg, að ef samþ. verður, muni ekki verða ver frá fjármálunum gengið en á undanförnum þingum, t. d. 1917.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg býst við því, að hv. deild kannist við það, að jeg tók það fram, er vörutollsfrv. stjórnarinnar var hjer til umr., að stjórninni hefði ekki þótt ástæða til þess að lappa upp á vörutollslögin, enda búist við því, ef nú væri farið að breyta flokkunum, að deilan um það mundi verða svo mikil, að frv. næði ekki að ganga fram. Reynslan hefir sýnt það, að slíkar tilraunir hafa sætt mótspyrnu. Tilraunir hv. þm. Ísaf. (M. T.) um að hækka suma flokkana meira en aðra munu áreiðanlega verða til þess að sundra samkomulaginu um málið. Stuttur tími er eftir af þinginu og því engir möguleikar á því, að samkomulag náist um mismunandi hækkanir á hinum ýmsu flokkum, því skoðanir manna eru svo á reiki í því efni. Ef hv. deild fellst því ekki á frv. stjórnarinnar óbreytt, sem hefir nálega alla hv. Nd. að baki sjer, þá segir mjer svo hugur um, að ekkert vörutollsfrumv. verði samþ.

Frsm. (Magnús Torfason): Mjer er ekki allsendis ókunnug sú ástæða hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) frá 1. umr., en hann „byggir breiðum basis á."

Hjer er að eins um hækkun að ræða, og jeg er í engum vafa um, að hv. Nd. gangi inn á hana, jafnskattviljug og hún hefir reynst. Þegar þess er gætt, að 3. liður hækkar meira en hinir, þá verða menn líka að gæta þess, að kaupmenn leggja tiltölulega mest á þessar vörur. Yfirleitt leggja menn mest á glysvöru og vefnaðarvöru, og verkar því vörutollur að mestu eins og versl-

unarskattur, nema framleiðendur kaupi sjálfir frá útlöndum.

Jeg gat ekki betur skilið orð hæstv. fjármálaráðh. (S. E.), við síðustu umr., en að hann gerði þá játningu, að hann sje ekki að leita að rjettlátum skattastofnum, heldur því, sem gangi gegnum þingið. Mig furðar mjög að heyra það, og lít svo á, að sú stefna geti alls ekki verið rjett.

Frv. mitt gengur í þá átt að draga úr misrjettinu, og myndi því, ef það væri samþ., vera bending til næstu stjórnar um, hvernig hún ætti að haga sjer í slíkum málum. Deildin getur því ekki betur gert en að samþ. það.

Fjármálaráðherra (S. E.): Hv. þm. Ísaf. (M. T.) fór ekki rjett með ummæli mín. Tilraunir hans til þess að sýna fram á, að jeg vilji ekki hafa rjettlæti í skattalöggjöfinni, eru vindhögg. Hitt er aftur rjett, að jeg hefi sagt, og nálega alt þingið virðist sammála mjer um það, að ítarleg endurskoðun á skattalöggjöfinni geti ekki orðið án langs undirbúnings. En þeirri endurskoðun verður ekki lokið fyr en eftir 2 ár, og nauðsynin er því eigi síður fyrir hendi að fá fje í landssjóðinn nú, og fyrir þeirri nauðsyn verðum vjer allir að beygja okkur. Annars þykir mjer það harla undarlegt, að hv. þm. (M. T.) skuli ámæla stjórninni fyrir hækkun á vörutolli, þar sem hann í byrjun þings kom fram með frv. um samskonar hækkun á tollinum. Öll framkoma hv. þm. (M. T.) í málinu bendir mjög fast í þá átt, að frv. hans hafi átt að vera fleygur til þess að bregða fæti fyrir stjórnarfrv., og bregður þá ekki mær vana sínum.

Frsm. (Magnús Torfason): Út af ummælum hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) vil jeg leiðrjetta þann miður góðgjarna skilning, sem hann lagði í framkomu mína í þessu máli. Hún hefir sem sje, eins og auðsjeð er, alls ekki miðað að því að eyða málinu, eða tefja það, heldur að hinu, að sníða af stj.frv. þá agnúa, sem auðsýnilegir voru á því. En það hefir hæstv. fjármálaráðherra sjálfur játað, að agnúar hafi verið á því. **(Fjármálaráðh.:** Játað?). Já; hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) hefir meira að segja játað, að till. mínar væru sanngjarnar, þar sem hann sagði, að jeg hefði áður komið fram með svipaðar till. Þá sje jeg ekki að neitt sje við það, að vera þannig sjálfum sjer samkvæmur, allra helst þar sem till. mínar miða í rjetta átt og að því að hækka tekjur ríkisins, en með því er auðvitað eigi sagt, að jeg vilji, að hækkunin komi ósanngjarnlega og misjafnt niður, eins og hún gerir í stj.frv.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg þarf ekki að svara hv. þm. Ísaf. (M. T.) miklu. Breytingar þær, sem hann gerir á flokkuninni sjálfri, í frv. hans, eins og það kom fram í byrjun, skifti frá mínu sjónarmiði ekki miklu máli, en gátu orðið til þess, að ekkert samkomulag fengist um vörutollshækkun, og ekki síst miða till. hans um mismunandi skatthækkun á flokkunum í þessa átt. Það, sem jeg legg aðaláhersluna á, er það, að hækkunin nái fram að ganga, svo tekjur ríkisins aukist, eins og jeg hefi margsýnt fram á áður í þessari hv. deild, að nauðsynlegt er. Einfaldast er því að samþ. frv. stjórnarinnar, en láta fleyginn fara veg allrar veraldar.

ATKVGR.

Brtt. 927, 1. a. feld með 8 : 3 atkv.

— 927, 1. b.—f. og 2. teknar aftur.

Frv. samþ. með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: K. E., K. D., M. T., E. P., G. G., G. Ó., H. St., G. B.

nei: Jóh. Jóh., M. K., S. E., S. J., S. F., H. Sn.

Frv. afgr. til Nd.

Á 71. fundi í Nd., þriðjudaginn 23. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll, og um hækkun á honum,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 945).

Á 72. fundi í Nd., miðvikudaginn 24. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með öllum gr. atkv.

Magnús Guðmundsson: Jeg get ekki látið vera að undrast nokkuð, að þetta frv. skuli fram komið, þar sem tvö frv. eru fyrir um breytingu á sömu lögunum, og hefði Ed. átt að steypa einhverju af þeim saman, ef hún á annað borð hefir ætlað frv. að ganga fram. Þetta frv. breytir engu, nema óverulega færslu á milli flokka í vörutollslögunum, og eru það aðallega þrennskonar vörur, sem lækka dálítið við það, sem sje seglgarn, strigi og fernisolía. En jeg get ekki ímyndað mjer, að þetta muni nokkru verulegu, og er mjög óheppilegt að vera að hringla í vörutollslögunum svona á hverju þingi.

Svo á frv. þetta ekki að gilda nema til ársloka 1921. Jeg hygg, að Ed. hafi hleypt þessu frv. hingað til þess að það lognaðist út af. Ein breyting er í frv., sem er þess verð, að henni sje veitt eftirtekt, og það er að tolla farþegabifreiðar eins og vefnaðarvöru. Þar kemur fram óbeinlínis viðurkenning Ed. um rjettmæti sjerstaks tolls af bifreiðum, eins og fjárhagsnefnd þessarar deildar vildi láta leggja á þær. En Ed. hefir þótt betur við eiga að gera þær að vefnaðarvöru. Annars er nokkurt vafamál, hvað átt er við með farþegabifreiðum. Ef átt er við þær bifreiðar einar, sem taka farþega fyrir borgun, getur leikið nokkur vafi á, hverjar það sjeu, því ekki sjest það á þeim. Fjárhagsnefnd er mótfallin frv., og er það að eins til að tefja tímann að láta það ganga lengra, ef deildin er nefndinni sammála um, að frv. eigi ekki að ganga fram. Og jeg skal bæta því við, að það kemur dálítið undarlega fyrir, ef þrenn lög um breytingu á sömu lögunum verða staðfest af konungi, öll frá sama þinginu, og ef til vill sama daginn, og sitt gjald í hverju frv. Væri slikt óþarfi og óhæfa.

Jeg legg því til, að frv. verði felt nú þegar.

Björn Kristjánsson: Jeg vildi að eins skjóta því fram, að í dag er til 3. umr. í Ed. frv. um hækkun á vörutolli, og tel jeg óheppilegt að fella þetta frv. fyr en útsjeð er um það, hvernig hinu frv. reiðir af, og því hyggilegra að vísa því til nefndar.

Magnús Guðmundsson: Jeg hygg, að

það geti ekki komið til mála, að frv. verði felt í Ed., því gjaldhækkanirnar voru einmitt teknar úr þessu frv. og settar inn í frv. það, sem nú er í hv. Ed., og tel jeg því alveg hættulaust að fella þetta frv.

ATKVGR.

Frv. **felt** frá 2. umr. með 15 shlj. atkv.

II.

Feldar þingsályktunartillögur.

1. Húskaup landsstjórnarinnar.

Á 60. fundi í Nd., miðvikudaginn 10. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til að kaupa hús (A. 759).

Á 61. fundi í Nd., fimtudaginn 11. sept., var till. tekin til **meðferðar**, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 62. fundi í Nd., föstudaginn 12. sept., var till. tekin til fyrri umr. (A. 759).

Hákon Kristófersson: Jeg þarf ekki að fjölyrða um þessa till. mína. Þó greinargerðin sje stutt, tekur hún þó fram öll atriði málsins.

Till. þessi er fram komin af því, að það er vitanlegt, að ýmsar skrifstofur og stofnanir landsins hafa verið og eru að meira eða minna leyti húsviltar eða á vergangi. Það verður að leigja handa þeim stopult húsnæði hingað og þangað fyrir ærna borgun, húsnæði, sem þar að auki er ófullkomið að ýmsu leyti fyrir margar þeirra, að dómi allra kunnugra. Þess vegna hefir verið hreyfing — og það eðlileg hreyfing — í þá átt, að æskilegt væri að reyna að safna öllum þessum dreifðu stofnunum sem mest saman, því það væri ríkinu ódýrara og starfinu hentugra, ekki síst ef ríkið ætti sjálft húsnæðið og gæti komist að því með viðunanlegum kjörum.

Þess vegna er till. komin fram um þetta hús. En eins og auðsjeð er á henni, er hjer að eins um heimild að ræða, og það verður að vera undir öllum atvikum komið, hvort stjórnin síðan notar heimildina eða ekki. Það fer vitanlega eftir því, hvort hún kemst að sanngjörnu verði, og hvort hún, eða þeir, sem hún felur meðferð málsins, álíta húsið hentugt.

Mjer er kunnugt um það, að stjórnin hefir átt kost á þessu húsi um hríð, en ekki sjálf viljað binda enda á málið, án þingheimildar, fyrst þingið sat á rökstólum. Till. er því fram borin, ef ekki eftir ósk meiri hl. hæstv. stjórnar, þá í fullu samráði við hana. Þetta hús er

tvær hæðir, auk kjallara og efsta lofts, og eru sex stofur stórar á hvorri hæð. Um leigu á húsinu nú get jeg t. d. sagt það, að nýlega voru boðnar 3 þúsund kr. á ári fyrir kjallarann einan — og það fyrir mörg ár í einu. Mjer er að vísu ekki fullkunn sú upphæð, sem stjórnin verður að borga í leigu eftir hinar ýmsu skrifstofur sínar, en jeg held, að það sje ekki of frekt að telja það 12—15 þús. kr. á ári, að minsta kosti. Þar við bætist svo húsaleiga fyrir væntanlegan hæstarjett. Því vitanlega er það ekkert nema fyrirsláttur, að þessi stofnun þurfi „svo sem ekkert pláss." En jeg hefi fyrir mjer í því orð glöggra manna, að einmitt í þessu umræddu húsi muni hentugt rúm fyrir hæstarjett, að minsta kosti meðan menn ætla honum ekki alveg sjerstaka, stórveglega byggingu.

Um verðið á húsinu get jeg ekki sagt með vissu, en jeg hefi hjerna fyrir framan mig byggingarreikning, er nemur 172 þúsundum króna, og virðingargerð á 151 þús. kr. Jeg segi þetta þó ekki til þess, að slegið sje neinu föstu um verðið. Það yrði auðvitað samkomulagsatriði, og stjórnin keypti auðvitað að eins við sæmilegu verði.

Annars þarf jeg ekki að fjölyrða um málið. Það er einkar ljóst og einfalt og kemur sennilega engum á óvart, svo mikið sem rætt hefir verið um húsnæðisvandræðisvandræðin yfirleitt og óhagræði opinberra stofnana af þeim. Að minsta kosti mun till. ekki koma hæstv. stjórn á óvart, og býst jeg ekki við mótstöðu úr þeirri átt. Yfirleitt sje jeg ekki, að hverju mótstaðan ætti að beinast, eins og till. er hjer borin fram. Hjer er sem sje að eins um heimild að ræða, sem nota á því að eins, að góð kjör fáist, og býst jeg ekki við, að menn hafi ástæðu til þess að vantreysta stjórninni í þessu efni. Hún á auðvitað ekki að gera neitt í þessu máli, sem landssjóði yrði skaðlegt. Till. er þvert á móti komin fram til þess að reyna að bæta úr vandræðum stjórnarinnar og minka nokkuð útgjöld hennar, er til lengdar lætur að minsta kosti. Ef unt er að gera það með því, sem till. fer fram á, er sjálfsagt að veita stjórninni tækifæri til þess, en ef það er ekki unt, notar stjórnin sjer auðvitað ekki heimildina.

Vona jeg svo, að hv. deild leyfi málinu til annarar umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Af því þetta mál snertir nokkuð atvinnumáladeild sjórnarráðsins vil jeg segja um það nokkur orð, eins og hv. flm. (H. K.) gaf tilefni til.

Það skiftir minstu máli hjer, hvort stjórnin er sammála eða ekki. En jeg vil leggja áherslu á það, að málinu verði vísað til fjárhagsnefndar til athugunar undir aðra umr.

Að því er snertir hrakningu stjórnarskrifstofanna skal jeg geta þess, að tvent er til þess að bæta úr þeim, að gera leigusamning til langs tíma, eða byggja sjerstakt hús, eða í samráði við einhverja aðra stofnun. Nú hefi jeg fyrir satt. að einn kaupmaður hjer, sem nú er að byggja, sje fús til að leigja um nokkurn tíma. Í öðru lagi vil jeg geta þess, að landssíminn þarf að láta byggja hús, og ef hann fær bankarústirnar, mætti hafa það svo stórt, að þessar skrifstofur kæmust þar líka.

Jeg vil að eins minna á þetta til skýringar, þó jeg hafi ekki atkv. um það hjer í deildinni.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal

geta þess til skýringar þessu máli, að í vetur kom það til, að landssjóður keypti hús fyrir þær stofnanir sínar, sem væru að meira eða minna leyti á hrakningi. Voru þá nefnd til þrjú hús — en tvö af þeim munu nú ekki lengur á markaðinum; þriðja húsið er það, sem hjer er um að ræða. Mín afstaða var þá, að stjórnin hefði tæpast heimild til kaupanna án samþ. þingsins.

Þess vegna var engu svarað til um þetta þá, heldur beðið þess, að þing kæmi saman.

Jeg hygg, að það gæti verið mjög þægilegt fyrir landsstjórnina að hafa húsið, og get ekki talið neitt ísjárvert að heimila landsstjórninni að kaupa húsið fyrir hæfilegt verð. Það mætti vonandi losa sig við það, landinu að skaðlausu, ef ekki þyrfti að nota það lengur.

Þetta segi jeg til skýringar afstöðu minni í málinu, en læt að öðru leyti hv. deild um það, hvernig hún snýst við því.

Magnús Guðmundsson: Út af till. hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.), um að vísa málinu til fjárhagsnefndar, skal jeg geta þess, að það hefir þegar verið fyrir fjárhagsnefnd, og voru allir málinu mótfallnir í nefndinni, nema háttv. flm. (H. K.). Annars veit jeg ekki betur en að bæði hagstofan og mælistofan eigi von á húsnæði, svo ekki þarf að kaupa húsið þeirra vegna.

Fjárhagsnefnd skoðaði hús það, sem hjer er um að ræða, að vísu mjög lauslega, og fanst það ekki hentugt. Og þar sem trjególf eru í því öllu, efast jeg um, að þau þoli þunga peningaskápa.

Ef svo fer, að Landsbankinn byggi á gömlu bankalóðinni og landssíminn leigi þar, losnar alveg núverandi landssímahús, og verður þar pláss. Líka væri hægt að byggja við stjórnarráðshúsið og fá þar pláss fyrir skrifstofur. Teldi jeg það að mörgu leyti þægilegra að hafa skrifstofurnar á einum stað, og nægileg lóð er þarna, sem ekki þarf að kaupa.

Fjármálaráðherra (S. E.): Á þinginu 1917 mintist jeg á það við fjárhagsnefnd, að það gæti komið til mála að flytja fjármáladeildina úr stjórnarráðinu, svo að ríkisfjehirðir og fjármáladeild væru í sama húsi, en það þótti nauðsynlegt, til þess að hægt væri að koma á sem bestri reikningsfærslu. Jeg hafði þá augastað á húsi rjett hjá stjórnarráðinu, en því miður varð ekkert úr kaupum á því. Nokkru síðar vildi brunabótasjóðurinn, að keypt væri hús fyrir hann og fleiri opinberar skrifstofur, og var þá hús í boði hjer í miðbænum, en ekkert varð heldur úr þeim kaupum. Og nú standa svo sakir, að landsverslunina vantar alveg hús. Jeg get því verið sammála hæstv. forsætisráðherra (J. M.) um það, að gott væri að kaupa hús þetta, ef fengist með sæmilegu verði. En það yrðu auðvitað menn með sjerþekkingu að dæma um.

Gísli Sveinsson: Jeg man ekki til þess, að komið hafi fram í þinginu áður till. lík þessari, þann tíma, sem jeg hefi setið á þingi, og þó að lengra sje leitað. Hjer er farið fram á, að Alþingi samþ., án þess því sje kunnugt um málavöxtu, að skipa stjórninni að kaupa sjerstakt, tilnefnt hús, sem þm. ekkert þekkja, og svo bætist þar ofan á, að þessi till. er að eins flutt af einum þm. Það væri að vísu ekki svo athugavert, þótt till. sje flutt af einum manni, ef fyrir lægju upplýsingar um, að þetta væri að öllu leyti ráðlegt. En það er síður en að svo sje. Þessi eini

maður, sem flytur till., hefir átt sæti í nefnd, sem hefir athugað húsið, og athugað það eftir tilmælum stjórnarinnar, þykist jeg vita. En þar sem svo öll nefndin, nema þessi eini maður, ræður frá kaupunum, þá að minsta kosti fer málið að verða nokkuð einkennilegt.

Það hefir nú heyrst hjer í deildinni, að meiri hl. hæstv. landsstjórnar mælir með kaupunum og leggur til. með vægum orðum, að till. verði samþ. hjer. Það getur verið, að hæstv. ráðherrar þekki hjer betur til en aðrir, en þeir verða þá að minsta kosti að gefa þær upplýsingar um húsið, að það sje þannig bygt, að landinu sje samboðið að kaupa það. En um það verður maður að efast.

Jeg skal ekki á þessu stigi málsins — og jeg vænti þess fastlega, að aldrei verði neitt annað stig á málinu — fara mikið út í það, hvað ýmsir hafa sagt um þetta hús. En það vita allir, sem til þekkja og nokkurt skyn bera á húsabyggingar, að húsið er sannkölluð hrákasmíð. Því er hróflað upp meira af vilja en mætti, eins og svo mörgum öðrum húsum nú síðustu árin. Menn hafa gert þetta sumpart í eðlilegu gróðaskyni, sumpart vegna húsnæðisskortsins. Jeg hefi heyrt, að hús þetta eigi nú fjelag manna og jafnframt, að það sje nú í braskarahöndum. Það er í sjálfu sjer ekki meira en segja má, því miður, um ýms önnur hús hjer í bænum. Braskaramenskan er þegar búin að leiða til mikillar ánauðar fyrir þennan bæ og þetta land. Og við ættum svo ekki að eiga annað eftir, nú í lok þessa þings, en að fara að samþykkja það, að landið sjálft skuli nú líka taka þátt í fasteignabraskinu og húsabraski þessa bæjar!

Húsabraskið er orðið svo magnað, og framkoma sumra húsabraskaranna þannig, að fullkomlega varðaði við lög, ef fylgt væri ströngustu reglu. Og svo ætti landið að gerast einn húsabraskarinn í viðbót! Nei, þá væri rjettara að heimila stjórninni að kaupa eitthvert ótiltekið hús upp á sína ábyrgð, svo að Alþingi sje alls ekki að róta sjer inn í þau kaup. Jeg vil því fastlega ráða hv. deildarmönnum frá að samþ. till., því að það væri áreiðanlega að kóróna skömmina.

Flm. (Hákon Kristófersson): Jeg hjelt, að þessi till. mundi ekki verða til þess að leiða af sjer harðar umr. og jafnvel aðdróttanir í sumra manna garð, eins og raun er á orðin.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) furðaði sig á því, að till. skyldi vera flutt af einum manni. En mjer er spurn, er slíkt nokkurt einsdæmi? Jeg veit ekki betur en að það komi fyrir oft og mörgum sinnum á hverju þingi, að till. eða frv. sje flutt af einum manni. Hann sagði, að jeg hefði átt sæti í nefnd, sem hefði fjallað um málið. Þetta er nú bæði satt og ekki satt. Það var aldrei tekin bein afstaða til málsins í nefndinni.

Annars má um mörg mál segja, að það skifti ekki svo miklu máli, hvort persónuleg atriði standa á bak við eða ekki. En jeg verð að segja það, að mjer þykir það nokkuð hörð aðdróttun, að það muni frekar byggjast á mönnum en málefnum, að þessi till. er komin inn í þingið. Jeg vil ekki drótta því að stjórninni, að hún fari hjer út á einhverja gerræðisglapstigu. Hún hefir oft sýnt það, að hún á ekki slíkt vantraust skilið, og margt hefir henni tekist vel, þótt ýmislegt hafi þótt mega að henni finna.

Hv. þm. (G. Sv.) sagði, að byggingin væri veruleg hrákasmíð. Jeg er ef til vill ekki eins dómhæfur maður um þessa hluti og býst við, að hann segi þetta af þekkingu. Annars held jeg, að megi segja um þessi ummæli hv. þm. (G. Sv.) hið fornkveðna: „Frændur eru frændum verstir," þegar þess er gætt, hve náinn skyldleiki er með hv. þm. (G. Sv.) og manni þeim, er bygði hús þetta. En ef sanna mætti, sem jeg tel engan efa á, að frágangurinn er góður á húsinu, þá er framkoma hans, vægast sagt, ódrengileg. Hann sagði enn fremur, að húsið væri í braskarahöndum. Þetta er nú fyrst og fremst fullyrðing, sem hann rökstuddi ekki, og þótt þetta væri rjett, þá sannar það ekkert um ásigkomulag hússins. Það getur verið jafngott eins og þó að það hefði verið í höndum hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), eða mínum, og erum við hvorugir braskarar. (G. Sv.: Það er nú ekki útsjeð um það). Þessi ummæli hv. þm. (G. Sv.) hljóta að eiga við um hann sjálfan, en ekki mig; læt þeim því ósvarað.

Svo endaði hv. þm. (G. Sv.) með því, að vilja láta heimila stjórninni að kaupa eitthvert hús. En það er ekki betra fyrir hana heldur en að hafa eitthvað víst. Einnig sagði hv. þm. (G. Sv.), að hann vildi ekki leiða neinum getum að því, af hverju till. væri fram komin. Jeg veit ekki, hvað hann meinar, því það er deginum ljósara, af hverju till. er fram komin. — Annars hygg jeg, að megi segja um þessa ræðu hv. þm. (G. Sv.), að hún var, eins og fleiri úr þeirri átt, full af órökstuddum sleggjudómum og illgjörnum aðdróttunum, sem maður, er kynni sjer eitthvert hóf, ljeti ekki frá sjer fara.

Hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) fullyrti, að hvorki mælitækjastofan nje hagstofan væru í húsnæðisvandræðum. En jeg er þar ekki á sama máli, og vil leyfa mjer að lesa upp kafla úr brjefi, sem jeg fjekk í gær, máli mínu til stuðnings. Brjefið er frá Þorkeli Þorkelssyni, löggildingarskrifstofustjóra. Þar segir svo, meðal annars:

„Húsnæði löggildingarstofunnar er nú 2 stofur (gólf 29 flatarmetrar) og dálítil geymsla í kjallara, en húsnæði þetta er alveg ónægt; allar stærri vogir verður að prófa úti í porti, og er ómögulegt að una við það lengur. Jeg er nú að leita að húsnæði fyrir verkstæði, því að reynslan hefir sýnt það, að nauðsynlegt er að hafa í sambandi við löggildingarstofuna verkstæði, til þess að gera við vogir, og hefi jeg hugsað mjer að hafa þá prófun voganna á sama stað, því að það er hagfeldast. En mjög er það óþægilegt að geta ekki haft alt, sem löggildingarstofunni viðkemur, á einum og sama stað."

Jeg verð að halda því fram, að hjer sje einmitt um brýna þörf að ræða.

Sami háttv. þm. (M. G.) benti á, að það mundi verða heppilegra fyrir landssjóðinn að byggja. En þær byggingar, sem landssjóður hefir þegar komið upp, sýna, að hann kemst síst að betri kjörum en aðrir. Jeg man t. d. ekki betur en að áætlaðar væru 60 þús. kr. til byggingar, yfir einn einasta starfsmann, sem landið á nú í smíðum, en til hennar mun ganga nokkuð á 2. hundrað þús. kr. Og svona mætti margt upp telja.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal geta þess, í sambandi við ummæli hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), hvað jeg hefi átt

við með „miðað við það verð, sem hús ganga kaupum og sölum.“ Jeg átti ekki við virðingarverð á húsum, heldur sanngjarnt verð, sem hús eru seld við á hverjum tíma yfirleitt. Jeg átti ekki heldur við braskaraverð.

Magnús Guðmundsson: Mjer virðist, að hv. þm. Barð. (H. K.) beri brigður á það, sem jeg sagði um húsnæði handa hagstofunni og mælitækja- og vogaráhaldastofunni. Jeg hygg, að það sje þó rjett, að nú bjóðist húsnæði. — Hagstofustjóri sagði mjer í gær, að hægt væri að fá húsnæði í húsi, sem nú er verið að byggja. Jeg tel víst, að umsjónarmaður mælitækja- og vogaráhalda hafi ekki vitað þetta, þegar hann skrifaði brjefið, sem hv. flm. (H. K.) gat um. Og mjer er kunnugt um, að skrifstofustjóri á 2. skrifstofu stjórnarráðsins er nú að leita fyrir sjer um samninga á húsnæðinu.

ATKVGR.

Tillgr. **f e l d** með 16 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. St., E. J., H. K.

nei: M. P., P. J., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Þorl. J., Þór. J., B. Sv., E. Árna., G. Sv., J. J., J. B., M. G., Ó. B.

B. J. og J. M. greiddu ekki atkv.

Fimm þm. (M. Ó., Sv. Ó., Þorst. J., B. K. og E. A.) fjarstaddir.

2. Framkvæmd skógræktar.

Á 47. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um framkvæmd skógræktar (A. 521).

Á 49. fundi í Nd., föstudaginn 29. ágúst, var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g ræ ð a skul i.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 63. fundi í Nd., laugardaginn 13. sept., var till. tekin til e i n n a r u m r. (A. 521).

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Landbúnaðarnefndin hefir leyft sjer að flytja þessa till., um framkvæmd skógræktar, á þgskj. 521.

Ástæðan fyrir till. er óánægja sú, sem ríkir í landinu út af framkvæmd og stjórn skógræktarmálanna. Vil jeg nú leyfa mjer að gera nokkra grein fyrir þessu máli.

Helstu framkvæmdir í skógrækt, og í raun og veru þær einu, sem gerðar hafa verið undanfarin 6—8 ár, eru skógarhögg, eða grisjun, og fleyting skógviðar.

Um skógarhögg er það að segja, að gert hefir verið mikið að því sumstaðar, og það jafnvel meir en góðu hófi gegnir. Fróðir menn um þessa hluti telja, að skógarhöggi eða grisjun verði að haga eftir því, hvernig skógbotninn er, eða jarðvegurinn, sem skógurinn vex í. Þar, sem jarðvegurinn er laus í sjer eða sendinn, verður að fara mjög varlega í það að höggva skóginn. En þessa hefir, því miður, ekki ætíð verið

gætt sem skyldi. Aftur eru víða stór skóglönd, sem lítið eða ekkert hefir verið átt við að höggva þannig er það t. d. um þann hluta Efstadalsskógar í Laugardal, sem liggur inn með hlíðunum inn undir Bjarnarfell. Þar er skógurinn svo þjettur eða svo mikið vaxinn, að eigi verður komist um hann. Í Barðastrandasýslu eru víða álitleg skógarsvæði, sem eru í mestu óhirðu, meðal annars vegna þess, hvað lítið og ófullnægjandi skógurinn er höggvinn. Gæti jeg nefnt þar sem dæmi skóginn í Djúpadal og Vatnsfirði á Barðaströnd. Mest hefir skógur verið höggvinn hjer í nágrenni við Reykjavík, svo sem Vatnaskógur á Hvalfjarðarströnd. Hefir verið unnið þar að skógarhöggi 2 undanfarin sumur. Í sumar hefir verið unnið að skógarhöggi í Ánastaðaskógi vestur við Langá á Mýrum. Með miklum kostnaði hafa fjórir menn unnið þar að þessu verki, og hefir sumum þeirra að minsta kosti verið borgaðar 250 kr. á mánuði, auk ókeypis fæðis og annars kostnaðar við dvölina þar vestra.

Í stuttu máli sagt, þá er þetta skógarhögg framkvæmt mjög af handa hófi, og ekki tekið nægilega mikið tillit til hvernig til hagar á hverjum stað með jarðveg og annað. Ef mikið er höggið þar sem jarðvegurinn er sendinn eða laus í sjer, getur það stutt að uppblæstri og eyðileggingu skógarins.

Við þetta bætist svo það, að skógarhöggið undir forustu skógræktarstjórans hefir ekki svarað kostnaði. Undantekning frá því er þó árið sem leið. Og ástæðan til þess var vitanlega eldiviðarleysið í fyrra, og því var hægt að selja þennan höggna við úr Vatnaskógi fyrir hátt verð. Öðru máli var að gegna áður, og eins verður með viðinn úr Ánastaðaskógi. Hann hlýtur að verða afardýr, því bæði varð höggið kostnaðarsamt, og þá ekki síður flutningurinn. Það sýnir sig áður en lýkur.

Þá er það fleytingin. Það er langt síðan byrjað var á henni, en hún hefir gefist illa. Hugmyndin um fleytinguna er frá Noregi og Svíþjóð. En þar er ólíku saman að jafna og hjer. Þar er viðnum fleytt niður stórárnar í flekum. Þar er girt fyrir víkur og sandvik, ef nokkur eru, svo viðurinn strandi ekki þar. Viðarflekarnir fjóta ofan á vatninu. — En hjer er öðru máli að gegna. Skógviðurinn er bundinn í bagga og fleygt svo í vatnið. Baggarnir verða tíðast gegnsósa af vatni, og sandur og jökulleir sest í þá. Þyngjast þeir við það og morra í kafi, og gengur ekkert. Enda er kostnaðurinn við þessa fleytingu gífurlegur, en lítið í aðra hönd. En þrátt fyrir alla handvömm, kostnað og óþarfafyrirhöfn, er þó verið að eiga við þessa fleytingu einlægt öðru hvoru. Það er að eins fleyting skógarviðar eftir Fnjóská í Suður-Þingeyjarsýslu, sem skógræktarstjórinn virðist vera búinn að fá nóga reynslu um, að ekki svari kostnaði. Í skýrslu til stjórnarráðsins í vetur kvaðst hann munu hætta við fleyting eftir þeirri á, enda hefir fleytingin þar gefist alt annað en vel.

En það verður alfarið að breyta til í þessu efni og hætta við þetta skógarfleytingshúmbúg. Um eitt skeið var komið upp mörgum skógargirðingum. Það voru girtir hingað og þangað smáskógarblettir; það á ef til vill að einhverju leyti rót sína að rekja til ákvæða skógræktarlaganna, hvað þessir reitir eru litlir. En skóggirðingar þessar voru víða misskynsamlega settar, og ekki ætíð vandað til þeirra sem skyldi. Síðan hefir lítið og ekkert verið um það hirt. Þær eru víða nú í reiðuleysi og

vanhirðu. Hitt skal viðurkent, að þessi stefna, að girða og friða skóglendi, sem eru í eyðileggingu, væri í alla staði rjett. Og það er nauðsynlegt að friða ýms skóglendi á þennan hátt, og með því styðja að vexti og viðgangi skógarins. En það þarf að gera meira en að koma upp þessum girðingum. Það þarf að halda þeim við, svo að fjenaður geti ekki farið inn og út um þær.

Ekkert hefir heldur verið athugað um það, hvort eða hverjum framförum skógurinn hefir tekið innan þessara girðinga, eða á þessum girtu svæðum. Að minsta kosti hafa engar skýrslur birst um það efni. Þannig er flest, hvað skógræktina snertir, á sömu bókina lært. Um fjeð, sem veitt hefir verið til skógræktar, er það að segja, að mikill hluti þess hefir farið í laun og ferðakostnað.

Árið 1915 var veitt til skógræktar, að með töldum launum, 13000 kr. Þar af fóru í laun og ferðakostnað 8000 kr., eða tæpir ⅔ hlutar alls fjárins. Árið 1916 nam fjárveiting til skógræktar rúmum 15000 kr.; þar af eyðist í laun og ferðakostnað rúmar 10000 kr., eða ⅔ hlutar styrksins. Svipað er að segja um árin 1917 og 1918. Fyrir næsta fjárhagstímabil hefir skógræktarstjórinn gert áætlun um, að varið verði til skógræktar 30000 kr. hvort árið. Þar af er áætlað til skógarhöggs 11.400 kr., og til að kaupa skóglendi, Hraunteigsskóg og skóglandið á Þórsmörk, 10—12 þús. kr. — Það er nú sjálfsagt vel hugsað að kaupa þessi skóglönd. Og það eru fleiri skógarsvæði, sem landið ætti að kaupa og vernda frá frekari eyðileggingu en orðið er. Mætti þar meðal annars benda í Bæjarskóg á Öræfum, sem talinn er að vera í hættu. En hitt er annað mál, hvort ráðlegt er að fela núverandi framkvæmdarstjóra skógræktarmálanna að gera þessi kaup. Reynslan virðist benda á, að svo muni ekki vera.

Niðurstaðan er, að skógræktarmálin eru í óreiðu. Fyrir því er nauðsynlegt, að framkvæmdir þeirra mála verði rannsakaðar, og það sem fyrst. Meðan á þeirri rannsókn stendur ætti að fara varlega í það, að veita fje til skógræktarinnar, bíða heldur þess, að betra skipulag kæmist á tilraunir þær, sem verið er að gera til þess að vernda og rækta skóg hjer á landi.

Bjarni Jónsson: Jeg átti von á því, að lítið yrði úr því höggi, sem hátt var reitt. Hjer er ein skógarhrísla erlend, sem reitt hefir verið hátt til höggs við. Þó hún eigi sjer engan verjanda nje griðastað. Satt að segja finst mjer það undarlegt, að heil nefnd skuli veitast að þessum manni, með því að bera fram slíka tillögu. Það hefir ekkert það komið fram, sem sýni rjettmæti þess, að skipa rannsókn á þennan mann. Það mundi sjálfsagt mega finna að fleiru hjer, með sömu rökum og færð voru í þessu máli, t. d. Búnaðarfjelaginu. — Það var hlálegt af hv. þm. (S. S.) að fara að telja upp, hvað mikið hafði farið í ferðakostnað og laun af veitingunni til skógræktar. Það er ekki verið að tala um það, hvort þessi maður hefði nú nægilega há laun, eða hvort þau væru of lág, eins og oft vill verða.

Það getur hver maður sjeð, og mjer finst blátt áfram hlægilegt að reikna það þessum manni til sektar, þó hann hafi eytt í bæði laun handa sjer og ferðakostnað 8000 krónum.

Þetta verður að skoðast sem óþörf

málsýfing og ofsókn á hendur manni, sem ekkert hefir til saka unnið, og er því verri, sem maðurinn er erlendur og á hjer formælendur fá. Jeg þekki manninn lítið, en till. þessi ber ekki með sjer, að sekt hans sje mikil, heldur að hjer muni að ófyrirsynju reitt hátt til höggs.

Hákon Kristófersson: Jeg hefði nú má ske ástæðu til að segja, að hv. þm. Dala. (B. J.) hafi þegar sagt það, sem jeg vildi sagt hafa. En þó vil jeg nú fara nokkrum orðum um till. á þgskj. 521. Það, sem jeg vildi um hana sagt hafa, er í fám orðum það, að hún miðar ekki að því, að koma þessu skógræktarmáli í betra horf, heldur er hún grímuklædd árás á einstakan starfsmann landsins. (**E. A.:** Hún er grímulaus). Ójá, jeg er nú ekki fjarri því, en aldrei spillir það að tala gætilega og með fullri kurteisi. Jeg vildi fara um hana sem vægustum orðum, vegna þeirra mætu manna, er að henni standa. Ef till. þessi hefði hljóðað um rannsókn á embættisfærslu annara embættismanna, en ekki einungis þessa eina manns, hefði hún getað talist rjettlætingarverð. (**S. S.:** Vill hv. þm. flytja slíka till? Jeg skal vera henni fylgjandi). Jeg sje enga minstu ástæðu til þess. (**S. S.:** O—jæja! Einmitt það!).

Hv frsm. (S. S.) gat þess, að óánægjan yfir embættisfærslu skógræktarstjórans væri mjög almenn. Mjer er nú ekki kunnugt um það. En hitt er mjer kunnugt, sem fleiri vita, að hv. frsm. (S. S.) og skógræktarstjórinn hafa ekki verið á einu máli um framkvæmd þessa máls. En þótt ágreiningur sje þeirra á milli persónulega, fæ jeg ekki sjeð, að nokkur þjóðarvilji þurfi að standa á bak við ásökun eins hv. þm. (S. S.), þótt mikilsvirtur sje. (**S. St.:** Og mætur!). Já, og mætur! Manna síst skal jeg neita slíku um þann heiðursmann.

Hv. frsm. (S. S.) talaði um, að þar, sem jarðvegurinn væri laus og sendinn, þyrfti að fara varlega í skógarhöggið. Þetta er atriði, sem flestum mun vera kunnugt, og skógræktarstjóri hefir lagt mikla áherslu á.

Háttv. frsm. (S. S.) benti á, að í Barðarstrandarsýslu væru álitleg skógarsvæði, og benti í því sambandi á Vatnsdals- og Djúpadalsskóglendi, er væru í mestu vanhirðu vegna þess, hve illa skógurinn væri hirtur. Það má vel vera, að frsm. (S. S.) skýri hjer rjett frá, en það hygg jeg, að um það sje tæplega hægt að kenna núverandi skógræktarstjóra. Það mundi nær hófi, að líta mætti svo á, hvað þessi skóglendi snertir, að um mætti kenna bæði viðáttu þeirra, sjerstaklega Vatnsdalsskógar, og svo ef til vill áhugaleysi hlutaðeigenda.

Þó jeg vilji ekki ósanna orð háttv. frsm. (S. S.) um þetta atriði, mun mjer þó óhætt að fullyrða, að hann hefir aldrei farið um nefnd skóglendi, nema þegar hann hefir riðið eftir götu í gegnum þau.

Af því að þetta mál er ófyrirsynju komið inn í deildina, skal jeg geta þess, að þessi maður, skógræktarstjórinn, hefir komið vestur í Barðarstrandarsýslu og átt tal við þá menn, er umráð eiga yfir skóglendi þar. Sje jeg enga ástæðu til að dylja það, að margir fyrir vestan snerust á móti áliti og bendingum hans að ástæðulausu. Get jeg hugsað, að gamlar venjur og úreltar skoðanir hafi verið því valdandi. Mjer er kunnugt um, að ábúendur og eigendur margra skóglendisjarða líta svo á, að best sje að

allur skógur sje upp högginn, af því að hann eyði mjög ull af sauðfje.

Fyrir nokkrum árum skoðaði skógræktarstjórinn skóglendi hjá mjer og fleirum í Barðastrandarhreppi. Svæði þau, er hann skoðaði, var honum bent á af hinu ágæta yfirvaldi, er við áttum þá, Guðmundi Björnssyni. Fór jeg jeg með honum um land það, er mjer heyrði til. Benti hann mjer þá á, hvernig ætti að höggva upp skóg, svo skógvextinum yrði til bóta. Vil jeg lýsa því yfir, að bendingar hans, sem jeg hefi reynt fyrirfarandi ár, hafa sannað það, að ef skógurinn er tekinn upp með þeim aðferðum, hefir það mikla þýðingu. Hann tók það fram, að það skaðaði ekki að höggva skóginn upp, að eins að það væri gert eftir rjettum reglum; hann sje alstaðar grisjaður hæfilega, en hvergi gereytt. Hvort þessar reglur hans eru rjettar veit jeg ekki, en reynsla mín í þessu hefir bent á alt annað en það, að þessi maður hafi ekki til brunns að bera næga þekkingu á sínu starfi.

Þess er líka að gæta, að þessi útlendi maður, sem kemur hingað til okkar, ókunnugur öllum og öllu, á að berjast við gamla, úrelta venju, hvað þetta mál snertir, og hefir ekki átt þeirri hylli að fagna, sem óskandi hefði verið. Og þótt hann hafi að ýmsu leyti verið ósamþykkur hv. frsm. (S. S.), þá sje jeg manninn ekki ámælisverðan fyrir það. En þetta hefir gert aðstöðu hans verri, því sá, sem bæði á við að stríða mótstöðu margra manna og gamlar bábyljur, á jafnan verri aðstöðu að hrinda nýju máli áfram, þótt gott sje.

Enn fremur benti hv. frsm. (S. S.) á, að skógarhögg væri starf, sem illa svaraði kostnaði. Jeg veit nú ekki, hvernig líta ber á þetta atriði, en ekki hefi jeg trú á því, að það sje alment álitið, að þess sje að vænta, að framkvæmdir þessar geti beint borgað sig peningalega. Jeg hafði meira skoðað þær sem tilraun til að höggva gætilega skóginn, og bæta um leið úr eldiviðarleysinu.

Hvernig hefir kolagröfturinn á hinum ýmsu stöðum borgað sig?

Einnig benti hv. frsm. (S. S.) á, að skógræktarstjóri hefði orðið að hætta fleytingu skógviðarins niður eftir ánum. Það þekki jeg ekki, en hinu vil jeg slá föstu, að jeg ber þá tiltrú til skógræktarstjóra, að þekking hans á þessu sviði sje meiri en hv. frsm. (S. S.), án þess að jeg vilji á nokkurn hátt slá rýrð á þekkingu nýnefnds ágætismanns.

Einnig gat hv. frsm. (S. S.) þess, að mikið fje færi til ferðakostnaðar og þvílíks. Jeg hefi ekkert við það að athuga, ef þessar ferðir hafa leitt og leiða til þess, að menn úti um landið öðlist betri þekkingu og fái betri trú á skógræktarmálinu. Því væri þá ekki illa varið. Jeg fyrir mitt leyti tel ekki því fje Búnaðarfjelags Íslands illa varið, sem fer í kostnað við yfirferðir þessa hv. þm. (S. S.), sem ráðunauts Búnaðarfjelagsins, til að leiðbeina bæði mjer og öðrum í landbúnaði. Jeg ímynda mjer, að óhætt sje að álykta, að það beri margfalda ávexti.

Hv. frsm. (S. S.) sagði, að árangur hefði orðið lítill af ferðum skógræktarstjórans. Þetta eru nú röksemdir, sem æfinlega er hægt að slá fram um einn og sjerhvern einstakling, ekki síst þegar hann er ekki svo nærri, að hann fái varið sig. En jeg tel mjög miður farið, er mætir og góðir menn verða til slíks.

Hv. þm. (S. S.) sagði, að skógræktarmálið væri alt í óreiðu. Jeg skal ekki segja, hve mikið hann hefir til síns

máls í þessu, en þó hygg jeg, að þessi staðhæfing sje nokkuð mikið út í loftið. Og jeg leyfi mjer að fullyrða, að svo muni almenningur ekki líta á málið.

Jeg verð að endingu að taka undir ummæli hv. þm. Dala. (B. J.). Jeg teldi, að nú biti hv. deild höfuðið af allri skömm, ef hún samþ. hjer það, sem vitur maður nefndi áðan grímulausa árás. Jeg álít, að það megi alls ekki koma fyrir, að slík till. sje samþ., nema því að eins, að deildarmenn sjeu sannfærðir um, að hjer sje um að ræða svo röksannað mál, að sanngirni vegna eigi það að ná fram að ganga. Að öðrum kosti væri það sleggjudómur, er væri deildinni til skammar.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg hefi, því miður, ekki verið við umr. um þetta mál hjer í hv. deild, nema hvað jeg hefi heyrt nokkurn hluta af ræðu þessa háttv. þm. (H. K.), er nú settist niður. Fræddist jeg á þann hátt nokkuð um það, sem hv. aðalflm. (S. S.) hafði látið um mælt þessa till., er nú liggur fyrir. Get jeg því ekki svarað öllu því, sem hann má ske hefir sagt. Enda er þess ekki þörf. Það er nóg að halda sjer að till. sjálfri, eins og hún liggur fyrir. En auk þess hefi jeg í þessu máli ýmislegt til brunns að bera, sem er þess eðlis, að jeg þekki þennan mann, skógræktarstjórann, og starfsemi hans töluvert, og að jeg hygg betur en margir aðrir.

Skal jeg fyrst taka fram, að þetta er í fyrsta skifti að það gerist hjer á þingi, að fram kemur ákæra um aðferðir og starfsemi skógræktarstjórans, en stjórnarráðinu hefir aldrei borist neitt í þá átt. En það hefði verið eðlilegra, að slík kæra hefði fyrst komið til atvinnumálaskrifstofunnar. Og þá fyrst, ef kærandinn hefði ekki þóst fá þar greið og góð svör, þá átti hann að snúa sjer til þingsins, en ekki taka upp slíka aðferð, þar sem ætla má, að þm. sjeu þess ekki fúsir, og vilji heldur hliðra sjer hjá, að kveða upp dóm, og það áfellisdóm, í máli, sem þeir geta ekki alment haft mikla þekkingu á. Þeir þurfa til þess allmikla þekkingu á því, en hana geta þeir tæplega allir haft.

Í öðru lagi tók hv. aðalflm. (S. S.) það fram, að upphæðin, sem í fjárlagafrv. hefir verið veitt til skógræktarstjórans, hafi jafnan verið skert, altaf verið beðið um meira. En jeg held rjett, að þessi upphæð hafi einmitt verið færð niður í tveim fjárlagafrv. síðustu um helming. En annars býst jeg við, að hv. formaður fjárveitinganefndar geti upplýst það.

Jeg skal ekki neita, að jeg hefi heyrt á ýmsum stöðum kvartanir yfir framkvæmdum þessa manns, bæði viðvíkjandi skógarhögginu, og eins þeim tilraunum, er hann hefir gert til þess að fleyta skógviðinum eftir ám og vötnum. Þar hefir hann farið að eins og Norðmenn gera, og þær tilraunir hafa margar mishepnast honum, eins og þeim.

Hjer kemur til landsins maður með áhuga fyrir þessari atvinnugrein og löngun til að hressa hjer upp skógargróður. Sá áhugi hefir ekki minkað síðan jeg kyntist honum fyrst. En síðan eru allmörg ár, og öll þau ár hefir hann verið að brjóta ísinn. En á þeim tilraunatímabilum geta mörg handtökin farið til lítils, og þá vantar sjaldan aðfinslurnar, og þær miður góðgjarnlegar.

Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, þó að jeg eigi þar sjálfur hlut að máli,

að jeg hefi búið á einhverri mestu og bestu skógjörð norðanlands, þar sem skóginn þarf ekki að verja fyrir ágangi sauðfjár, þar eð hann liggur svo afskektur. Jeg hefi látið mjer mjög ant um þennan skóg og gert mjer títt um að vernda hann og bæta. Og þegar skógræktarstjóri hefir komið til mín, hefi jeg sýnt honum skóginn. Hann hefir gefið mjer ýmislegar leiðbeiningar, og ekkert af þeim hefir brotið í bág við skoðanir mínar eða það, sem jeg, eftir bestu umhugsun, hefi álitið skóginum hollast, og það, sem jeg sjálfur hefi reynt 30—40 búskaparár í meðferð skógarins. Leiðbeiningar hans hafa komið mjer að góðum notum, en þær geta ekki verið öðruvísi til mín en annara skógeigenda, þar sem hann á annað borð fann áhuga hjá mönnum fyrir því, að skógurinn þeirra blómgaðist sem best og yrði til sem mestrar prýði og nytja. Jeg veit ekki betur en að sú grisjunaraðferð, sem nú er af öllum viðurkend, eigi rót sína að rekja til hans.

Hv. þm. Barð. (H. K.) mintist eitthvað á ferðakostnaðinn. Jeg hefi ekki sjeð neitt á reikningum þessa manns, sem sje sjerlega hátt, eða geti talist aðfinsluvert.

En nú er mjer mjög torskilið, hvernig á að framkvæma þessa þingsályktun, ef hún skyldi verða samþ. hjer í deildinni, sem jeg efast mjög um. — Hvernig á að rannsaka framkvæmdir í skógræktarmálinu? Til hverra á að snúa sjer? Er það til sjerfræðinga, sem ekki eru til? Eða á að safna upplýsingum, sem þá yrðu líklega helst hjá skógarvörðum úti um land? Menn þeir, sem eiga skóga, og einstakir skógræktarmenn, gætu gefið upplýsingar og leiðbeiningar. Jeg ímynda mjer, að þá myndu koma fram mismunandi umsagnir, þar sem einhverjir fengjust til að láta umsagnir í tje. Það yrði torvelt fyrir þáverandi stjórn að kveða upp dóm um það, hvort forstaða skógræktarinnar væri óheppileg og óviðunandi eða ekki. En fari nú svo, að það yrði ofan á, að skifta þyrfti um framkvæmdarstjóra, þá þyrftu að vera sterkar líkur fyrir því, að sá væri betri, er við tæki.

Nei, jeg held ekki, að þingsál., fram borin á þennan hátt, sje eðlileg, nje heldur sje það viðunandi gagnvart einstökum manni, að hún komi frá þinginu, þótt ekki sje nema frá annari deildinni. Og jeg held, að árangurinn yrði ekki heldur sá, sem háttv. flutnm. ætlast til. Jeg sje ekki, hvernig það gæti verið mögulegt. Ef svo er, að óánægja er með manninn, er ekki önnur leið til að bæta úr því? T. d. að skógarvörðum hvers umdæmis sje fengið meira vald í hendur, og skógræktarstjóranum sett nýtt erindisbrjef, um leið og skógarvörðunum í einstökum umdæmum. Og sjálfsagt mætti hugsa sjer fleiri leiðir. En vonandi kemur það ekki til minna kasta að framkvæma till. þessa. En jeg vil segja það, og þykist geta talað um þetta mál af talsverðri þekkingu, líklega meiri en flestir aðrir hv. deildarmenn og ekki minni en hv. aðalflm. (S. S.), að jeg sje ekki ástæðu til, að svo hart sje farið í sakirnar.

Læt jeg svo hjer við sitja, og býst við, að hv. flm. úr landbúnaðarnefnd segi eitthvað fleira málinu til upplýsingar, er þeir heyra rök andmælenda gegn till.

Benedikt Sveinsson: Jeg hygg, að örðugt verði að bera á móti því, að skógræktartilraunir hjer á landi síðustu

áratugi hafi haft lítinn árangur. Svo er að minsta kosti þar, sem jeg þekki til, að árangurinn er nær enginn. Að vísu hafa sumstaðar verið gerðar girðingar, og hefir skógur eðlilega betur þrifist þar síðan en þar, sem fje getur sótt í skóginn. Friðun skóganna hefir borið sjáanlegan árangur á þeim stöðum, þar sem skilyrði eru góð fyrir skógvöxt, eins og t. d. í Fnjóskadal. En þess var farið að gæta, áður en sú hreyfing var vakin, sem leiddi af sjer skipulag það á skógræktinni, sem nú er. Menn voru áður farnir að hirða skóg sinn betur, leggja meiri rækt við hann, að minsta kosti þar, sem jeg er kunnugastur, eins og í Fnjóskadal. Þessi framför var hafin þegar á síðustu áratugum 19. aldarinnar og hjelst fram á þessa öld.

Eftir því, sem mjer er kunnugast, hefir skóginum farið fram af sjálfu sjer alt frá 1870 og fram á síðustu ár Er það líklega af þeim höfuðástæðum, að veðrátta hefir verið betri en stundum áður, betur með fje farið, og því minna beitt í skógana, og í þriðja lagi hefir skógarhögg minkað mikið síðan skotsku ljáirnir komu til landsins og kol tóku að flytjast inn. Áður var, eins og kunnugt er, gert til kola í skógunum, er menn þurftu kola til ljedengingar og smíða, og eyddust þá skógarnir fljótt. En nú í allmörg ár hafa skógarnir verið friðaðir að mestu í mörgum bygðarlögum, svo að nú er kominn álitlegur skógur þar, sem nær var eyddur fyrir 40—50 árum.

En annars hygg jeg nú, að menn þurfi ekki að vera mjög hissa á því, þótt skógræktartilraunir síðustu ára hafi ekki borið mikinn árangur. Það var vitanlegt fyrirfram, er stofnað var til skógræktarstjórnarembættisins, og af vali hans, er tekinn var útlendingur, gerókunnugur Íslandi, staðháttum hjer, veðráttu og öðrum skilyrðum. Hann hafði verið alinn upp í öðru landi, fengið þekkingu sína þar, og beitt henni í alt öðru loftslagi og við önnur skilyrði, og var þess vegna frá upphafi sá ólíklegasti, sem völ var á til þessa starfa. Þar að auki kunni maðurinn ekki eitt orð í íslenskri tungu. Hefi jeg fyrir satt, að það hafi háð honum lengi framan af, og leiðbeiningar hans við alþýðu því að litlu haldi komið. Á ferðum hans skildi hann ekki nokkurt mannsbarn, því jeg tala ekki um einstöku sýslunefndarmenn og ráðherraefni, sem verið hafa betur að sjer í dönskunni. Má því nærri geta, að hann hefir naumast verið mjög leiðbeinandi, er hann kom upp í fjallakotin og afdalina, þar sem einna helst eru skógar eftir.

Menn hafa því í raun og veru aldrei verið hrifnir af þessari ráðstöfun, sem gerð var í fyrsta farrými „Botniu“ 1906, enda mun það og vera rjett, sem hv. flm. (S. S.) segir, að árangurinn hafi enginn orðið. Þessi hv. þm. (S. S.) hefir ferðast um landið víða, og ætti því að vera kunnugt um þetta af eigin sjón, enda er þetta líka nokkuð skylt hans eigin starfi. (H. K.: Er hann alveg óhlutdrægur?). Jeg býst við, að honum mundi hafa verið kærara að bera þessum starfsbróður sínum sem besta söguna, í stað þess að þurfa að gera lítið úr árangrinum af starfi hans.

Áhugi á skógrækt hefir þá og mjög minkað síðustu áratugina. Má nefna skógræktarstöðina við Rauðavatn, sem ljóst dæmi þess. Var áður skrifað í blöð og tímarit um skógræktarstöð á þess-

um stað, og þar kom, að Reykvíkingar lögðu fram fje til hennar. Var áhuginn svo mikill, að skáldin keptust við að yrkja hvatningarljóð til lýðsins til að hefjast nú handa. Þar kom þá, að landið var girt með miklum tilkostnaði og settir niður viðarteinungar af ýmsum tegundum. Gekk alt ágætlega í fyrstu, og var stöðin rækt með alúð, þótt teinungunum gengi ekki sem best að vaxa. En síðan stöðin komst undir stjórn yfirskógræktarstjóra, þá hefir henni svo hrakað að hirðing, að þar er nú fult af geitum á beit innan girðingar, sumar eftir sumar. Þetta bendir alt á, hversu mjög áhuginn hefir minkað, enda er málið nú dautt mál að kalla og orðið hreinasta „humbug".

Hins vegar get jeg lýst yfir því, að jeg get ekki samþ. þessa till., og liggja þar til tvenn rök. Fyrst er það, að jeg býst við, að dálitið örðugt verði að koma þessari rannsókn við, eins og hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) benti á, enda þarf hennar ekki við. Í annan stað finst mjer kenna nokkurrar ofsóknar á einstakan mann, að setja slíka nefnd sem þessa til höfuðs honum. Mun það vera meira annara sök en hans sjálfs, að hann er hingað kominn, því vissulega hefir hann ekki sókst eftir því, að komast hingað norður til Íslands, til þess að leiðbeina bændum, sem hann vissi að hann skildi ekki. Jeg vil því sýna þessum manni fulla kurteisi, sem hann á skilið, og vil jeg, að landi og stjórn farist sæmilega við hann. Held jeg besta lausn þessa máls að vísa því til landsstjórnarinnar með rökstuddri dagskrá, sem einhver hv. þm. flytji.

Pjetur Jónsson: Jeg býst við, að hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) sje svo vant við kominn, að hann geti ekki hlýtt á mál mitt, en það var þó ræða hans, sem fjekk mig til að standa upp, af því að hann hálft um hálft skírskotaði til mín í henni. Það var ekki nema eðlilegt, að hann skírskotaði til mín, því honum er kunnugt um, að jeg er skógræktarmálinu allkunnur. Jeg hefi lengi setið í fjárlaganefnd, og hefir það oftast nær komið til mín að athuga þennan lið þeirra sjerstaklega, sem um skógræktina fjallar, svo jeg hefi, ef svo mætti að orði komast, nokkurn veginn alist upp með því máli. Málið er alls óþægilegt, eins og gengur og gerist um mál, sem ganga illa, og er í slíkum efnum varla hægt að komast hjá því að snerta persónur, sem mest eru við málið riðnar. Hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) sagði, að Alþingi hefði einatt sett niður þær till., sem stjórnin hefði gert til þess að hækka styrkinn til skógræktarinnar. Jeg skal ekki mikið um þetta segja, en það er víst, að stjórnin var framan af nokkuð örlátari til þessa máls en þinginu fanst ástæða til, eins og málinu var komið. En þó man jeg eftir því, að fyrir nokkrum árum var stjórnin komin að þeirri niðurstöðu, að ekki væri mikið hægt að gera í þessu máli með þeirri framkvæmdarstjórn, sem þá var og enn er. Jeg ræddi um þetta við stjórnina einslega, oftar en einu sinni, fanst ekki ástæða til að gera það svo mörgum væri kunnugt, og þá varð niðurstaðan sú, að ekki væri rjett að veita mikið fje til þessa máls, eins og stæði. Á þessum vandræðum gekk svo og gengur enn þann dag í dag. Eins og kunnugt er, ganga nærri tveir hlutar af fjárveitingunni árlega til starfslauna og ferðalaga, og er þó fjarri mjer að segja, að starfslaunin sjeu of há, nje ferðalög skógvarðanna meiri en þörf

gerist. Í fjárlagafrv. stjórnarinnar, sem lá fyrir þinginu 1917, stóðu 15000 kr. til skógræktarinnar, og fjelst fjárveitinganefnd á það óbreytt, svo að það er misminni hjá hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.), að nefndin hafi altaf lækkað till. stjórnarinnar. En við þessa fjárveitingu gerði nefndin þá í áliti sínu allskarpa athugasemd, er átti að ýta undir stjórnina að hafa gott eftirlit með þessu máli og hvetja til skynsamlegra framkvæmda í því. Get jeg ekki stilt mig um að lesa upp kafla úr nefndaráliti fjárveitinganefndar, þar sem um þetta er talað:

„Nefndin kemur eigi fram með neinar brtt. viðvíkjandi skóggræðslunni. En hún hefir eigi að síður athugað mál þetta talsvert og kynt sjer framkvæmdirnar eftir föngum, og þó einkum reikninga skógræktarstjóra fyrir síðastliðin þrjú ár. Útdrátt hefir hann gert úr reikningunum, til þess að sýna, hvernig fjenu hefir verið varið, sem til skógræktarinnar er veitt."

Útdrátt þennan má lesa í A-deild Alþt. 1917, á bls. 823, og er gagnslaust að lesa hjer upp tölurnar.

Þetta sýnir, að nefndin hefir þá, eins og oft áður, leitast við að athuga málið eftir þeim plöggum, er fyrir lágu.

En svo held jeg áfram að lesa nefndarálitið þessu viðvíkjandi:

„Yfirlitið ber með sjer, að jafnvel þótt fjárveitingunum væri vel varið eftir föngum, þá gengur meira en helmingur þeirra til launa og ferðakostnaðar lögákveðinna starfsmanna. Má efast um, að sum ferðalögin sjeu nauðsynleg; en þó er sumum nefndarmönnum kunnugt, að nauðsynlegt eftirlit og leiðbeiningar skógarvarðanna hefir eigi komist á vegna peningaskorts til eftirlitsferða. Til skóggræðslunnar sjálfrar, eða grisjunar, girðinga og umbóta, gengur minstur hluti fjárins, og fer minkandi. Virðist það mjög athugavert að hafa fjóra starfsmenn til svo lítils. Að nokkru leyti stafar þetta af naumum fjárveitingum, en þær koma aftur af því, að fjárlaganefndunum hefir einlægt virst forstaða skógræktarinnar óheppileg í fylsta lagi. Meðal annars og sjer í lagi skal bent á fjáreyðsluna við fleytingar á skógviði, sem fullreynt er að ekkert vit er í, en sívaxandi fjáreyðsla til ónýtis, eins og skýrslur og reikningar bera með sjer. Lítur nefndin svo á, að það verði að varða stöðu skógræktarstjóra, ef hann heldur áfram viðarfleytingu og öðru jafnfjarstæðu á kostnað landssjóðs. Þetta er hjer sagt landsstjórninni til nákvæmrar athugunar."

Þetta sagði fjárveitinganefnd Nd. 1917 stjórninni, eftir fleiri ára árangurslausar tilraunir til þess að fá lagfæring á skógræktina. Síðan hefir orðið sú lagfæring á, að ekki hefir verið varið eins miklu fje til ónýtis eins og áður, og hefir að því leyti haft dálitla verkun. En nú vildi nefndin enn á ný reyna að kynna sjer málið, með því að hafa tal af skrifstofustjóra þeim, er málið heyrir undir í stjórnarráðinu. Þar sem nú nefndinni virtist það fje, sem veitt var umfram laun skógræktarstjóra og fastra starfsmanna hans, hlutfallslega of lítið, ráðgaðist hún um það við stjórnina, hvort ekki ætti að bæta við fjeð. Fjekk hún það svar frá þeim manni, sem málinu var best kunnugur, að hann sæi sjer ekki fært að fara fram á, að meiru fje væri varið til þessa máls. Þykist því nefndin hafa hreinar hendur í þessu máli.

Einar Arnórsson: [illegible] að á sókn og vörn í þessu máli; hafa þrír þm. sótt, en tveir varið. Býst jeg við að taka lítinn þátt í hvorutveggja. Vil jeg þó fyrst minnast nokkuð á till. sjálfa. Þó að hún fari ekki beinlínis fram á neina fjárveitingu, þá hlýtur hún að hafa hana í för með sjer. Finst mjer því, þótt ekki sjeu bein fyrirmæli um það í þingsköpunum, að hún ætti að ganga í gegnum báðar deildirnar. — Þetta mál er þannig vaxið, að það dylst engum, að verið er að gera ráðstafanir — jeg skal ekkert um það segja, hvort þær eru rjettar eða rangar — til þess, að maður, sem verið hefir í þjónustu landsins, verði sviftur stöðu sinni. Þetta er ekki svo lítilvægt fyrir þann mann, sem tillögunni er beint að; það er ekki að eins, að hann kynni að verða sviftur stöðu sinni, heldur er allfreklega ráðist á álit hans, að jeg ekki segi mannorð. Ef því svo fer, að þessi till. verður borin undir atkv., þá ætla jeg að leyfa mjer að koma fram með brtt., er fer í þá átt, að í stað Nd. komi Alþingi.

Hjer eru nú ýmsar ákærur fram fluttar á hendur skógræktarstjóra. Virðast mjer það aðallega vera þrjú atriði, sem hann er ákærður fyrir:

1. að hann hafi gert sig sekan um að fleyta skógarviði á vötnum. Fyrir mitt leyti get jeg ekki ásakað hann fyrir það, þótt hann hafi byrjað á þessu; væri trúlegra, að honum væri legið á hálsi fyrir, ef hann hefði ekki gert þessar tilraunir. Till. segir, að þessar tilraunir hafi gengið illa og að mikið fje hafi farið til þeirra; er það þá líklega, að skógræktarstjóra sje legið á hálsi fyrir það, að hafa haldið þessum tilraunum of lengi áfram. Nú veit jeg ekki, hvort skógræktarstjóri hefir gert sig s[illegible] í þessu síðan nefndarálit það, sem [illegible] þm. S.-Þ. (P. J.) las kafla upp úr, birtist, eða, ef hann hefir gert það, hvað mikið kveði þá að þessari ávirðingu [illegible]ans, og í öðru lagi, hversu stjórnin hafi brýnt það rækilega fyrir honum að halda sig eftir vilja fjárveitinganefndar. Hafi stjórnin látið þetta afskiftalaust og ekki skipað honum að fara eftir þessu, þá fæ jeg ekki sjeð, að nokkur dómstóll fái dæmt manninn frá stöðu sinni fyrir þessar sakir. Þetta býst jeg auðvitað við að hægt sje að fá upplýst hjá atvinnumálaráðuneytinu, og er sjálfsagt að afla þeirra upplýsinga.

2. ávirðingin, sem þessum manni er gefin að sök, er sú, að hann hafi tekið upp þann sið, sem jeg held að allir telji góðan og sjálfsagðan, að girða land það, sem átti að nota til skógræktunartilrauna, en hafi svo ekki sjeð um, að þeim hafi verið haldið við sem skyldi. Það er ekki óskiljanlegt, þegar litið er til þess tíma, sem við höfum lifað á síðustu árin, þó að girðingum hafi ekki verið sem best við haldið. Fjeð, sem þessi maður átti yfir að ráða, hefir verið af skornum skamti, og hefir fjárveitingin alls ekki farið hækkandi í hlutfalli við það, sem bæði girðingarefni og vinnulaun hafa hækkað. Það er því ekki óeðlilegt, þótt minna væri hægt að gera en áður.

3. ávirðingin er, að lítið hafi á unnist um skógarhöggið. Það má vel vera, að svo sje, en ástæðan til þessa er að nokkru leyti sú sama og um girðingarnar, því hvað er svo sem hægt að láta gera nú fyrir 4—5000 kr.? Viðurkenningin fyrir verðfalli peninganna er ljós í gerðum þingsins, eða hefir það ekki sjeð sig knúð til að hækka alt framlag

til vega og annara framkvæmda, af því að hægt er að gera miklu minna fyrir krónuna nú heldur en áður?

Þó því svo megi vera, að hægt sje að finna eitthvað að við þennan mann, og það er enginn sá maður til, síst opinber starfsmaður, sem ekki er hægt að finna að við, þá er það vafalaust svo, að honum, persónulega, mun ekki alt að kenna. Það verða allir að viðurkenna, að fjeð, sem lagt hefir verið til þessa skógræktarmáls úr landssjóði, hafi verið af skornum skamti; verður því kostnaðurinn við hana aldrei mikill. Hitt munu menn og verða sammála um, að þessi maður hefir altaf sýnt óvenjumikinn áhuga á starfi sínu. Hygg jeg, að ekki sjeu honum margir útlendingar jafnfærir í íslenskri tungu, bæði í að tala hana og skrifa. Það má nú vel svara þessu með því, að þetta hafi verið skylda hans, og kannast jeg við það, en þótt það hafi verið jöfn skylda sumra annara, þá hafa þeir ekki leikið þetta eftir honum. — Maðurinn kemur hingað í ókunnugt land og er ókunnugur öllum staðháttum og hugsunarhætti þjóðarinnar. Hann á því mjög erfitt fyrst um sinn, en nú hygg jeg, að hann hafi lifað sig svo inn í hugsunarhátt þjóðarinnar og kynst svo staðháttum hjer á landi, að hann geti farið að beita sjer. Gömul regla segir, að menn viti, hverju þeir sleppi, en ekki hvað þeir hreppi. Þessi regla er sönn, og veit jeg því ekki hvort rjett er að setja þennan mann af embætti nú, þar sem hann hefir gegnt stöðunni lengi og er orðinn starfinu kunnur, því að það getur verið, að síðari villan verði verri hinni fyrri.

Það er alkunnugt, að andstaða hefir verið gegn þessum manni, og það um atriði, sem honum eru ósjálfráð. En það er ekki mikið á því að græða, þótt sleggjudómar hafi verið upp kveðnir. Það má auðvitað nefna dæmi, og þau ekki svo fá, þar sem starfsmenn landsins hafa orðið fyrir mismunandi ummælum. Sjerstaklega er sagt um þá, sem um landið ferðast til að leiðbeina mönnum, t. d. ráðunautum Búnaðarfjelags Íslands, að það sje þarfleysa ein, og það gengur svo langt, að mönnum þessum er brugðið um það, að þeir kunni ekkert til þeirra verka, sem þeir eiga að hafa forsögn á. Það sæmir síst heilli þingdeild, og henni háttv., að hnýta sig aftan í almannarómínn og hlaupa eftir Gróusögum og illmælum, sem dreift er út um hina og þessa.

Ef till. verður samþ., þá er auðvitað, að stjórnin geri sjer far um að framkvæma það, er hún mælir fyrir, og yrði það þá helst gert á þann hátt, að nefnd væri skipuð til að rannsaka allar gerðir og líklega líka skap skógræktarstjórans. Það mætti segja, að þessi nefnd yrði sett til höfuðs honum. Ef rösklega væri að unnið og alt rannsakað út í æsar, þá gæti eins mikið farið til þess og veitt er til skógræktar á einu fjárhagstímabili. Jeg býst við, að þessir menn yrðu að ferðast um landið og skoða þá staði, sem skógræktarstjóri hefir unnið að, og eins hina, sem hann hefir vanrækt að þeirra áliti.

Jeg veit ekki, hvort stjórnin á völ á mönnum, sem færir eru að takast á hendur þessa rannsókn. Jeg veit ekki, hvort hún á völ á mönnum, sem eru eins vel að sjer og maðurinn, sem þeir eiga að dæma, hvað þá heldur að þeir sjeu betur að sjer, en það þyrftu þeir helst að vera. Og ef till. verður samþ., þá verður stjórnin að gæta þess vel að velja óvilhalla menn og menn, sem

ekki hefðu hag af því, að niðurstaðan yrði á ákveðinn hátt. Það yrðu að vera ráðdeildarmenn, og þeir yrðu að hafa til að bera meiri þekkingu en sá, sem þeir eru settir til höfuðs. En eru þeir til?

Sú aðferð, sem þingleg er, og sú eina, sem rjett er að fara, er sú, að stjórninni væri falið að fara með þetta mál eins og önnur lík, þegar eitthvað er aðfinsluvert í fari embættis- og starfsmanna landsins. Þar á stjórnin að taka í taumana, og ef hún gerir það ekki, þá er að víta hana, en ekki manninn. Með þeim formála, að stjórnin taki til þeirra löglegu ráða, sem hún hefir vald til að beita, þá legg jeg til, að málinu verði vísað til heþnar.

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Jeg bjóst ekki við svona miklum umr. um þessa sjálfsögðu till. — Jeg neyðist til að fara nokkrum orðum um ýms atriði í ræðum andstæðinga minna.

Hv. þm. Dala. (B. J.) reið á vaðið og fann till. það til foráttu, að ráðist væri á einn mann, útlendan mann, danskan mann. Jeg verð að mótmæla því, að þessi till. verði skoðuð sem persónuleg árás á manninn; hjer er um málefni að ræða. En háttv. þm. (B. J.) hefir stundum ekki orðið flökurt, þótt minst væri á Danskinn; jeg veit ekki betur en að hv. þm. (B. J.) hafi sanna ánægju af að húðskamma hann. Háttv. þm. (B. J.) taldi ekki síður þörf á að rannsaka embættisrekstur annara, og nefndi hann í því sambandi starfsmenn Búnaðarfjelags Íslands. Það getur verið, og jeg er ekki að mæla á móti því. Sannleikurinn er sá, að oftlitið er að því gert að hafa vakandi auga með starfsmönnum ríkisins og heimta, að störf þeirra sjeu rannsökuð, þegar eitthvað þykir fara aflaga. Það er annars einkennileg tilhneiging þetta, hjá mörgum, að vilja stöðugt sjá í gegnum fingur með opinberum starfsmönnum, og hefir það mjög gert vart við sig gagnvart þessari till. Hjer hefir hver af öðrum reynt að draga fjöður yfir það, sem að skógræktarstjóra er fundið.

Hv. þm. Barð. (H. K.) var líka að ræla á móti þessari till., og kom mjer það kynlega fyrir, af „jafnmætum manni". Hann sagðist ekki hafa orðið var við almenna óánægju, og trúi jeg því, að hann segi það satt. En hann mun ekki kunnugur nema á Vesturlandi. Jeg gæti þó sagt honum tvær smásögur af ferðalagi skógræktarstjóra í Barðarstrandarsýslu, sem ekki benti á, að ánægjan með hann sje óblandin. En jeg hirði ekki að tilgreina slíkt hjer. Þá gat hv. þm. (H. K.) þess, að till. mundi undan mínum rifjum runnin og vildi setja það í samband við misklíð, sem verið hefir milli mín og skógræktarstjóra. Það hafa aldrei verið persónulegar deilur á milli okkar. En hitt er satt, að okkur hefir greint á um skógræktarmál. Deilan hefir staðið um mál, en ekki menn. Jeg frábið mjer alt tal um ofsóknir á hendur þessum manni. Annars hirði jeg ekki að svara hv. þm. (H. K.) fleira; það kom lítið málefninu við, sem hann sagði. En hann var góður viðtals og mjúkur á manninn að vanda, og hefi jeg ekkert undan honum að kvarta, hvað það snertir.

Hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) kom hjer hlaupandi ofan úr Ed. og hóf mál sitt með yfirlýsingu um, að hann hefði töluvert til brunns að bera í þessu máli. En ekkert bar hann þó fram, sem sannaði það, og till. andmælti hann. Hann sagði, að stjórnarráðið væri ekki óánægt út af aðgerðum

skógræktarstjóra, en þó kannaðist hann við, að töluverð óánægja væri út á við. Jeg hygg, að hún sje rjettmæt og á rökum bygð. Þá sagði hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.), að ferðareikningarnir væru ekki of háir. Það sagði jeg ekki heldur í þeim skilningi, að þeir væru ósanngjarnir, en hitt sagði jeg, að í ferðalög og laun færi of mikið fje, þegar öllu væri á botninn hvolft.

Menn hafa vikið að því, hvernig ætti að framkvæma þessa rannsókn, og hefir hv. samþm. minn (E. A.) gengið út frá nefnd. Jeg hefi ekki hugsað mjer þá aðferð. Jeg teldi rjettast, að stjórnin leitaði sjer aðstoðar sjerfróðs manns eða manna, en um nefnd verður þar varla að ræða.

Hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) sagði, að till. væri ekki viðunandi, því hún beindist gegn ákveðnum manni. Jeg hefi talað um þetta áður, en vitanlega er ekki hægt að komast fram hjá manninum, þegar um framkvæmdir hans og aðgerðir er að ræða. Jeg býst við, að hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) hafi orðið var við þetta í ráðherratíð sinni, að eigi hefir verið gengið fram hjá honum, þegar fundið hefir verið að aðgerðum stjórnarinnar. Jeg sje ekki, hvaða leið er hægt að fara án þess að koma við manninn sjálfan, og ef svo reynist, að framkvæmdirnar hafi verið á aðra leið en æskilegt þykir, þá er að skifta um mann. Það er ekki um það að ræða að kasta þessum manni út á klakann. Jeg býst við, að brjóstgóðir menn hjer í deildinni beri fram frv. um biðlaun eða eftirlaun honum til handa. Það getur oft verið tilvinnandi að setja menn á biðlaun, til að losna við þá úr embættum, eða frá sýslaninni.

Annars vil jeg í þessu sambandi vísa til þess, sem skrifað hefir verið um skógrækt nú á síðari árum. Það er ekki jeg, eða nefndin, sem hafa fundið upp þessar ásakanir. Ýmsir mætir og merkir menn hafa skrifað um þetta efni, og alstaðar hefir kveðið við sama tón. — Guðm. G. Bárðarson hefir skrifað tvær skýrar greinar um þetta efni í „Frey", og Guðm. Davíðsson hefir einnig skrifað merkar greinar um skógrækt og skógræktarstjórann. — Þessar greinar sýna betur en nokkuð annað, að ekki er alt eins og á að vera.

Háttv. samþm. minn (E. A.) talaði hóflega um málið, en mintist þó á, að hjer ætti að svifta mann stöðu. Jeg hefi tekið það fram, að það er ekki meiningin að fara illa með hann. — Skógræktarstjórinn hefir ráðgert að halda áfram fleytingunni, þrátt fyrir það, að sýnt er og sannað, að hún er vitleysa ein. Um girðingarnar er það að segja, að lítið er gert til þess að halda þeim við eða auka við þær, enda er alt girðingarefni nú dýrt. Höfuðatriðið ætti að vera það, að reyna að halda við girðingum þeim, sem þegar eru. Það hefir verið borið fram, að maðurinn hafi mikinn áhuga á sínu starfi, og hefi jeg ekki mótmælt því. En landinu hefir ekki notast þessi áhugi vegna ókunnugleika mannsins og erfiðra skapsmuna. Þá sagði hv. þm. (E. A.), að menn vissu, hverju þeir sleptu, en ekki hvað þeir hreptu, og það er rjett. Við vitum, að við sleppum manni, sem hefir sýnt, að hann er miður hæfur í þessa stöðu, og auðvitað getum við altaf fengið betri mann í staðinn. Jeg gæti nefnt fimm menn, sem jeg tel fyllilega hæfa til starfans, en ætla ekki að nafngreina þá.

Það eru fleiri en jeg og nefndin, sem telja nauðsyn að rannsaka þetta mál. Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) las upp kafla úr

nál. fjárveitinganefndar á þingi 1917, og var þar kveðið svo sterkt að orði, að ekki væri annað fyrir en svifta manninn embætti, ef hann bætti ekki framferði sitt. Undir þetta hefir háttv. þm. Dala. (B. J.) skrifað. En nú er það vitanlegt, að skógræktarstjóri hefir haldið áfram uppteknum hætti.

Einar Arnórsson: Jeg vildi beina þeirri fyrirspurn til hæstv. stjórnar, hvort skógræktarstjóri hafi haldið áfram fleytingum eftir að nál. kom út, og ef svo er, þá með hvaða árangri. Eins vildi jeg fá upplýsingar um það, hvort stjórnin hafi tilkynt skógræktarstjóra innihald nál, með skipun um að hegða sjer eftir því.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg veit, að skógræktarstjóri hefir haldið fleytingu áfram, og um árangurinn er það að segja, að skógræktarstjóri hefir lært af reynslunni, og hefir nú fleytt viði, svo að það hefir borgað sig.

Viðvíkjandi því, hvort stjórnin hafi tilkynt skógræktarstjóra niðurstöðu nefndarinnar, þá man jeg ekki eftir, að sent hafi verið brjef eða annað þess háttar. Það hefir farist fyrir. En jeg hefi talað við skógræktarstjóra um þetta, minst á það munnlega, og er ekki svo, að hann hafi lofað bót og betrun.

Annars þarf jeg ekki miklu að svara hv. frsm. (S. S.) Hann gerði lítið úr því, sem jeg hafði til brunns að bera í þessu máli, en jeg hefi ekki heldur gumað af því. Jeg býst við, að þekking mín á þessu máli standi í rjettu hlutfalli við það, sem jeg hefi látið uppi. En jeg veit ekki, hvort sama verður sagt um hv. frsm. (S. S.), en jeg vil þó ekki fara að skjóta neinum hníflum að honum.

Háttv. frsm. (S. S.) vildi láta stjórnina velja sjerfróða menn til þessarar rannsóknar, og er það auðvitað hægt, en jeg efast um, að sá árangur verði af því starfi, sem ætlast er til.

Jeg varð að ganga upp í Ed. og vera við atkvgr. þar, og heyrði því ekki alla ræðu hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), en mjer heyrðist hann tala um, að árangur væri lítill af starfi skógræktarstjóra. Þessi skógmál eru þau mál, sem mjer eru einna kærust, og hefi jeg því reynt að fylgjast með framkvæmdum í þeim. Jeg hefi athugað nokkra bletti á ára fresti, og mjer til gleði hefi jeg orðið var við, að þeir eru fegurri nú og í mikilli framför. Að vísu hefir árferði verið gott, og má eflaust þakka því mikið. (S. S.: Eingöngu árferði að þakka). Nei, ekki eingöngu. Tilfinning manna hefir vaknað, að fara vel með skóga, og eins má mikið þakka aðgerðum skógræktarstjóra. Hann sagði fyrstur manna fyrir um meðferð skóga, grisjun og fleira, og hefir á margan hátt unnið að framför skóganna. Jeg skal játa það, að mistök hafa átt sjer stað, en fyrir því má ekki telja manninn ófæran, því margt hefir honum hepnast, og margt hefir hann vel gert. Jeg hygg, að önnur ráð sjeu til að bæta vöxt og viðgang skóga en að svifta þennan mann embætti.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg ætla ekki að blanda mjer í þá deilu, sem hjer hefir staðið, og ætla ekkert að segja um það, hvort þau ákæruatriði, sem borin hafa verið fram, sjeu rjett eða röng. Þetta mál tekur ekki til mín.

Jeg hefi ekki á móti því, að þingið setji sjálft rannsóknarnefndir til að rannsaka slík mál sem þessi; en þá hefði þurft að setja þessa nefnd þegar á öndverðu þingi, en ekki í þinglok. —

Það er sjálfsagt, að sjerfróðir menn ættu að framkvæma rannsókn þá, sem hjer er talað um. En þá mun fáa að fá hjer. Það hafa verið nefndir til tveir slíkir menn, sem fundið hafa að gerðum skógfræðingsins. Ætti kann ske að taka þá, annanhvorn eða báða, til að fremja rannsóknina. Reyndar mun annar maðurinn alls ekki vera sjerfróður um skógræktarmál; um hinn má ef til vill segja, að hann sje það. Eða er það tilætlunin að fá útlendinga til rannsóknarinnar? Það ræki líklega að því, að svo yrði að vera, ef hún ætti að vera ábyggileg. Till. er vanhugsuð, eins og hún liggur fyrir.

Eftir stjórnarskránni er þinginu heimilt að setja nefndir til þess að rannsaka málefni, sem eru áríðandi fyrir almenning, og fleiri aðferðir getur það haft til að fá vitneskju um þau, og þarf ekki á það að benda. En þessa aðferð held jeg að alls ekki megi upp taka, að þingið fari að blanda sjer svona óákveðið inn í umboðsstjórn landsins. Jeg vona, að hv. deild samþ. ekki þessa till., eins og hún liggur hjer fyrir.

Forseti: Mjer hefir borist í hendur svo hljóðandi rökstudd dagskrá frá hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.):

> **Í því trausti, að landsstjórnin leitist við að koma betra skipulagi á skógræktarmál landsins en verið hefir, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.**

Bjarni Jónsson: Hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) talaði mikið um skógræktina við Rauðavatn, og að geitur væru þar innan girðingar á beit. Þetta kom málinu ekki sjerlega mikið við; eða ætlast hv. þm. (B. Sv.) til, að skógræktarstjórinn standi þar á verði og verji geitum og sauðfje að komast inn á skógræktarsvæðið. Það er vitanlegt, að hann hefir ekki fje til að láta gera við girðingarnar þar, og verður hann ekki sakaður um það; þeim skeytum verður að beina til þingsins, og þeirra, sem dyggilegast berjast fyrir því, að skera sem mest við neglur sjer fje til skógræktar. Annars mun hafa verið frá upphafi í vitleysu stofnað til skógræktar við Rauðavatn, en þá var skógfræðingurinn ekki kominn hingað til lands, svo að ekki getur það verið honum að kenna.

Hv. flm. (S. S.) talaði ýmislegt um málið. Honum þótti það undarlegt, að jeg teldi það leiðinlegt, að ráðist væri á útlendan mann, sem ekki ætti kost á að bera hönd fyrir höfuð sjer. En skjóta vil jeg því til hv. þm. (S. S.), hvort honum mundi ekki vera viðkvæmara, ef á hann væri ráðist, ef hann væri starfandi erlendis, en þótt eigin landar hans rjeðust á hann heima. Og ekki ætti honum að þykja það undarlegt, þótt einhver verði til þess að taka málstað þess, sem á formælendur fá, þegar ómaklega er á hann ráðist. Hv. þm. (S. S.) þótti það og furða, að jeg skyldi nú fara að taka málstað Dana, svo óvæginn sem jeg hefði oft verið í þeirra garð. Reyndar nefndi jeg ekki Dani á nafn í þessu sambandi; en satt er það, að jeg hefi haft fulla einurð á að andmæla Dönum, þegar þeir hafa seilst um of eftir yfirráðum hjer, en það er stjórn og stefnur, sem jeg hefi þá ráðist á, en ekki einstaklingar. Þá hefi jeg aldrei verið eins stimamjúkur við Dani eins og hv. þm. (S. S.) og flokksbræður hans. Þá talaði hv. þm. (S. S.) um, að þeir, sem ekki vildu samþ. þessa viturlegu till., væru menn, sem vildu

draga fjöður yfir alt. Hv. þm. (S. S.) hefir engan rjett til að kasta þessu fram; og vita má hann, að hvorki hefi jeg skap til að vera rógberi nje ákærandi varnarlausra manna. En líklega má finna fleira en þetta í búnaðarbótaviðleitni þeirra, sem mest fást við þær, sem vert væri að draga fram og taka til skoðunar, en um það hirði jeg ekki. Hins vegar er það fallegt, að hv. þm. (S. S.) ætlast til þess, að skógræktarstjórinn fái eftirlaun, svo sparsamur sem hann annars er á eftirlaun og annað. — Hv. þm. (S. S.) var að tala um erfiða skapsmuni manns þessa. En þá er langt leitað, ef þingið fer að ákæra menn fyrir skapgalla, og gæta skyldu þm. að vera skapgóðir sjálfir við löggjafarstörf sín. Ekki bregð jeg hv. þm. (S. S.) um, að hann sje það ekki; en stundum sækir hann mál og ver af allmiklu kappi í þinginu, og það svo, að ókunnugum mun þykja gæta ofsa nokkurs hjá honum. Enn sagði hv. þm. (S. S.), að hann gæti nefnt fimm menn, sem gætu tekið að sjer starf skógræktarstjórans. Það getur vel verið, því að jeg get nefnt til 20 menn, sem mundu treysta sjer til að vera ráðunautar búnaðarfjelagsins. Þó dettur mjer ekki í hug að bera fram þingsályktunartill. um að svifta háttv. þm. (S. S.) þeirri stöðu, og mundi vart gera það, þótt jeg heyrði einhverjar hviksögur um hann.

Þá er að minnast á það, sem sagt er í nál. fjárveitinganefndar 1917 um þetta mál. Það er satt, að jeg gerði ekki ágreining um það, sem þar stóð, þótt mjer hins vegar líkaði alls ekki, hvernig það var orðað.

Það hefir enn sem komið er veitt erfitt að koma með sannanir gegn skógræktarstjóranum. Aðalsynd hans á að vera, að hann hafi verið að fást við fleytingu á skógarviði. En nú er það komið í ljós, að síðan hið umrædda nefndarálit kom fram hefir hann látið fleyta miklu minna, og fleytingin borgað sig betur. Með þessu ætti sú dauðasynd að vera afmáð.

Þá gengur ekki betur að sanna, að árangurinn af starfi skógræktarstjóra hafi verið lítill eftir atvikum. — Ekki ómarkari maður en sjálfur atvinnumálaráðherrann (S. J.) hefir borið um það, eftir eigin sjón og reynslu, að skógræktinni hafi farið mjög fram síðustu ár; hafi að því stuðlað ýms atvik, en ekki síst þó kunnátta og áhugi skógræktarstjórans, sem meðal annars hafi kent mönnum að grisja skóg af skynsamlegu viti. Jeg hefi heyrt fleiri en hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) tala um Hallormsstaðaskóg, og ber öllum saman um, að nú sje alt önnur sjón að sjá hann en verið hafi áður en skógræktarstjórinn fór að hafa afskifti af honum, enda er það von, því að síðan hefir hann verið varinn og hirtur.

Fyrst sóknin hefir gengið jafnilla fyrir hv. nefnd, sem raun er á orðin, ætti hún að taka till. aftur, því að margt annað hefði landbúnaðarnefnd gert þarfara landbúnaðinum en að vera að burðast með till. þessa; svo margt hefir hún ógert látið af því, sem gera hefði átt.

Að endingu leyfi jeg mjer að bera fram brtt. við rökstudda dagskrá hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.):

> **Í því trausti, að stjórnin hafi nægilegt eftirlit með skógrækt landsins, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.**

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) sagði, að till. þessi hefði átt að koma fram snemma á

þingtímanum, svo að hægt hefði verið að skipa rannsóknarnefnd í þinginu í málinu. Mjer er ekki ljóst, hvað hæstv. forsætisráðherra (J. M.) meinar. Ætlast hann til, að alþingismenn hefðu verið skipaðir í nefndina, og að þeir, um þingtímann, hefðu átt að fara út um allar sveitir, til kynna sjer málavöxtu? Varla trúi jeg því. Slíkt er alger misskilningur á till., að ætlast sje til, að þannig sje að farið. Annars ætla jeg ekki að fara út í það, hvernig nefndin hugsar sjer framkvæmd till. Það hefi jeg áður gert.

Þá þarf jeg að snúa máli mínu að hv. þm. Dala. (B. J.). Hann var að tala um fleytinguna og sagði, að hún hefði gengið vel upp á síðkastið. En þess er að geta, að síðan hið upplesna guðspjall fjárveitinganefndar 1917 var undirskrifað hefir fleytingunni verið haldið áfram. Í sumar sem leið var skógarhögg í Fnjóskadal og viðnum fleytt niður Fnjóská og út í Eyjafjörð. Allmikið af þeim við munu einstakir menn hafa hirt; sumt kom hvergi fram, en að eins fáir baggar náðust af þeim, sem að fleytingunni stóðu, og voru fluttir með miklum kostnaði til Akureyrar, þar sem þeir seldust fyrir lítið verð. Varð af öllu þessu stór halli.

Það var ekki laust við, að hv. þm. (B. J.) kæmi fram með dylgjur í minn garð, og ljet skiljast, að það gæti orðið óþægilegt fyrir mig, ef starfsemi mín væri rannsökuð. Jeg skora á hv. þm. (B. J.) að bera fram skýrt og afdráttarlaust það, sem jeg á að hafa til saka unnið í ráðunautsstöðu minni, eða vera minni maður ella.

Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) mintist á þá tvo menn, sem jeg sagði að fundið hefðu að störfum skógræktarstjórans, og vildi gera fremur lítið úr þekkingu þeirra á skógræktarmálinu. Guðmundur Bárðarson er náttúrufræðingur og hefir einkum lagt stund á jarðfræði og grasafræði, og hlýtur því að vera allfróður um skógrækt og skilyrði fyrir henni. Hann hefir og áreiðanlega meiri hæfileika en skógræktarstjórinn til að gegna skógræktarstjóraembættinu. Hinn maðurinn, Guðmundur Davíðsson, er skógfræðingur og hefir lagt stund á skógrækt.

Loks skal jeg geta þess, að nefndin getur fallist á dagskrá hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) og væntir þess, að hún verði samþ., og vonar, að stjórnin leggist ekki undir höfuð að framfylgja því, sem í henni stendur.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Gagnvart því, sem hv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði um viðarfleytinguna í Fnjóská í fyrra sumar, hefi jeg orð skógræktarstjórans, er kvað hana hafa borgað sig. Jeg held því, að hv. þm. (S. S.) hafi ekki haft annað fyrir sjer en lausar sögusagnir.

Pjetur Jónsson: Jeg vil ekki fara í orðahnippingar við hv. þm. Dala. (B. J.), en eigi finst mjer till. hans til rökstuddrar dagskrár heppilega orðuð. — Aftur á móti get jeg fallist á till. hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.). Mjer þykir það undarlegt, að stjórnin kemur fram í þessu máli eins og henni sje ókunnugt um, hvernig því hagar til í raun og veru, og hefir það þó verið til umr. á hverju þingi um síðasta áratug, og hún því haft beint tilefni til að kynna sjer það, enda fengið nægar bendingar og fullákveðnar um það.

Bjarni Jónsson: Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) spratt upp eins og fögur og grann-

vaxin skógarhrísla, eftir að hann hafði hlustað á nokkurn hluta ræðu minnar og áður en jeg fengi henni lokið. En þar sem hv. þm. (S. S.) kom ekki með neinar nýjar röksemdir, get jeg látið niðurlag ræðunnar verða styttra en jeg hafði við búist. Jeg hafði hugsað mjer að slá varnagla við ýmsu, sem hv. þm. (S. S.) hefði getað sagt, en sagði ekki. Jeg get því látið hjer stað numinn, og skal lofa hv. þm. (S. S.) og hv. nefnd að njóta í friði fyrir mjer lárberja þeirra, sem hún hefir lesið sjer við meðferð þessa máls.

ATKVGR.

Brtt. þm. Dala. (B. J.) við rökstuddu dagskrána frá þm. N.-Þ. (B. Sv.) feld með 12 : 8 atkv.

Rökstudda dagskráin frá þm. N.Þ. (B. Sv.) samþ. með 13 : 2 atkv.

Till. því talin

fallin.

---

3. Skilnaður ríkis og kirkju.

Á 13. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um undirbúning skilnaðar ríkis og kirkju (A. 129).

Á 14. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. júlí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 15. fundi í Nd., fimtudaginn 24. júlí, var till. tekin til einnar umr. (A. 129).

Flm. (Gísli Sveinsson): Það er langt síðan þjóðirnar fundu það, að eðli alls átrúnaðar krefst þess, að með hann sje farið sem einkamál, að svo miklu leyti sem kleift er. Og eins og menn vita, er nú liðin meira en öld síðan, að sú stefna kom fram, er leiddi til þess, að ákvæði um trúarbragðafrelsi voru tekin upp í grundvallarlög eða stjórnarskrár allra helstu ríkja í Norðurálfunni og víðar.

Hjer hjá oss Íslendingum hafa ákvæðin í stjórnarskránni frá 1874 verið aðalmælikvarðinn í þessu efni. Þau ákvæði eru að mestu samhljóða því, sem annarsstaðar er, enda eru þau tekin upp úr skyldum stjórnarskipunarlögum.

Það eru 45., 46. og 47. gr. stjórnarskrárinnar frá 1874, sem hljóða um þessi efni.

En þótt 45. gr. standi fremst, er það þó ekki aðalgreinin, heldur er það 46. gr., og sem afleiðing af henni stendur 47. gr., en 45. gr. er nokkurskonar afturhvarf frá þeim grundvelli.

Með leyfi hæstv. forseta skal jeg lesa þessi ákvæði upp. Þau hljóða svo:

„46. gr. — Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelag til að þjóna guði með þeim hætti, sem best á við sannfæringu hvers eins."

Endir þessarar gr. er samhljóða því, sem annarsstaðar er sett sem takmörk vegna almenns velsæmis; hann hljóðar svo: „Þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu."

Þetta eru aðalákvæðin. Þá kemur 47. gr.: „Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum fyr-

ir sakir trúarbragða sinna, nje heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri fjelagsskyldu."

Þessi takmörkun í síðari hl. greinarinnar er í fullu samræmi við 46. gr., og ef þessi ákvæði giltu ein, mætti segja, að fullkomið trúarbragðafrelsi væri í landinu, þá stæði það í löggjöfinni sem aðalregla.

En það er 45. gr., sem hjer gerir höfuðtakmörkin. Það er hún, sem kemur í beina mótsögn við aðalregluna, er átti að vera. Sú grein er á þessa leið:

„Hin evangeliska lútherska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal hið opinbera að því leyti styðja hana og vernda."

Með þessu ákvæði er settur slagbrandur fyrir dyrnar að trúarbragðafrelsinu, því að það, sem veitt var með hinum ákvæðunum, var aftur tekið með þessu. Því er sem sje slegið föstu, að sú kirkja, sem hjer skuli vera ríkjandi, skuli vera hin evangeliska lútherska kirkja. Þjóðin hefir því bundið sig við eitt kirkjufjelag, eða verið bundin við það. En þetta ákvæði er reyndar komið inn í lögin af skiljanlegum og skýranlegum ástæðum. Fyrst og fremst af því, að grundvallarhugsunin, sem átti að ganga í gegn í þessu máli, var mönnum óljós, og í öðru lagi var svo ástatt hjer, eins og raunar á öllum Norðurlöndum, að langa lengi hafði lútherska kirkjan verið aðalkirkjan hjer á landi. Síðan þetta ákvæði var lögleitt hefir orðið mikil breyting á hugsunarhætti manna og þekkingu. Mönnum hefir sem sje orðið það ljóst, að það getur ekki farið saman, að leyfa fult trúarbragðafrelsi og að binda menn við einn einstakan trúarbragðaflokk. — Þess vegna hefir sú breyting, að aðskilja ríki og kirkju, náð víða um lönd tökum á hugum manna. Það er öllum mönnum kunnugt, að bæði austan hafs og vestan hefir sú stefna víða orðið ofan á, að mönnum skuli vera frjálst, hvort þeir vilja vera innan nokkurrar kirkjudeildar eða engrar, með öðrum orðum, ríkið og kirkjan hafa verið aðskilin, eða eru að verða það. Þó hefir hið opinbera gætt þess, að ekki væru kend önnur trúarbrögð en þau, sem eigi brytu bág við siðferði og landslög.

Það er öllum kunnugt, að hjer á landi hefir fyrir löngu myndast hreyfing í þessa átt, enda þótt hennar hafi ekki enn gætt í löggjöfinni. Og háværar raddir hafa heyrst um það, bæði á mannfundum og í ritum, að ekki tjóaði að láta við gamla horfið sitja, að styrkja eina kirkjudeild, og hafa verið teknar ályktanir um það. Eins og þetta er öllum ljóst, eins er og ljóst, að um heiminn fer áframhald af þessari hreyfingu, svo að verið er nú er gera gangskör að því, jafnvel hjá mjög fastheldnum þjóðum, hvort ekki muni vera rjett að skilja ríki og kirkju og koma á fullkomnu trúarbragðafrelsi undir umsjón ríkisins. Það er því engin furða, þó að menn hjer telji nú þetta mál tímabært, eins og jeg hefi talið það tímabært fyrir löngu.

Jeg skal geta þess, út af ákvæðum stjórnarskrárinnar um, að landsmenn sjeu bundnir við lúthersku kirkjuna, að það er svo að skilja, að þjóðfjelagið á að styrkja eina kirkjudeild, en sá styrkur er í framkvæmdinni aðallega fjárhagslegur, auk þess sem ríkið, hið verslega vald, verður að fjalla um öll þau mál, er kirkjuna varða að einhverju leyti. Það er því ekki nema eðlilegt, að margir, bæði utan kirkjunnar og innan, hafa fundið til þess, hversu óeðlilegt það sje, að hið verslega valdið

svo nefnda rjeði til lykta málum kirkjunnar, eða með öðrum orðum, menn hafa fundið, hversu óeðlilegt það sje, að jafnvel vantrúaðir löggjafar fjölluðu um þau mál. Af þessum ástæðum hafa einnig úr herbúðum kirkjunnar sjálfrar komið fram háværar skilnaðarkröfur, kröfur um það, að kirkjan væri ekki í neinum veraldlegum böndum, framar því, sem eðli þjóðfjelagsins krefur.

Þá er og fjárstyrkurinn mörgum þyrnir í augum. Við hann eru allir landsmenn bundnir. Því að í fyrsta lagi, þó svo sje ákveðið í stjórnarskránni, að menn utan kirkju skuli ekki skyldir að greiða vist gjald til hennar, þá losar það ekki um hömlurnar, því að annað gjald verður að greiða, sem kirkjugjaldinu samsvarar, til mentastofnunar, svo sem háskólans. Auk þessa eru allir landsmenn, hverrar trúar sem þeir eru, gjaldskyldir í landssjóð, og hann heldur uppi þessari stofnun, enda ber raun þess vitni, því allrífleg fjárupphæð er í fjárlögunum ákveðin til prestlaunasjóðs og hinnar svo nefndu andlegu stjettar.

Tvent er, sem nú á tímum gefur fulla ástæðu til þess að hreyfa þessu máli.

Er fyrst að nefna ástandið innan kirkjunnar sjálfrar. Það er sem sje öllum ljóst, að á síðustu tímum hefir ástandið innan þjóðkirkjunnar verið þannig, að jafnvel má fullyrða, að sú kirkja hafi ekki neina trúarjátningu. Eitt hugtak eða nafn, sem mikið er notað nú, ber þess ljósan vott. Það er hugtakið „hin rúmgóða þjóðkirkja“. Til þessa hugtaks hefir verið gripið út úr vandræðum, því að það verður ekki varið, að ýmsar stefnur hafa nú upp á síðkastið komið fram innan kirkjunnar, sem ekki geta samrýmst hinni evangelisk-lúthersku kirkju“, stefnur, sem forkólfar hennar vilja með engu móti vísa á bug, heldur leyfa rúm innan kirkjunnar.

Það er kunnugt, að þær tvær stefnur, sem mest orkar tvímælis um í þessu sambandi, eru hin svo nefnda „nýja guðfræði“ og „andatrúin“. Bæði jeg og aðrir höfum leyft okkur að halda því fram, að þessar tvær stefnur gætu engan veginn samrýmst því, sem menn alment hafa viljað skilja við grundvallaratriði hinnar evangelisk-lúthersku kirkju. En þessu hefir vikið svo einkennilega við, að forkólfar kirkjunnar hafa ekki snúist reiðari við nokkru en því, ef sagt hefir verið, að þetta væri stefnubreyting, sem þjóðkirkjan gæti alls ekki innibyrgt. Í stað þess að viðurkenna, að t. d. nýja guðfræðin væri ný stefna, er leiddi út úr þjóðkirkjunni, hafa forkólfarnir reynt að nota orðabúning, er kirkjan hefir notað öld eft ir öld, og hafa þeir fært í þennan búning hinar nýju hugmyndir. Þetta hefir mörgum þótt óviðeigandi. Jeg tel, að mennirnir eigi að kannast við, að þeir sjeu með nýjar kenningar, og sje því að eins tvent til, annaðhvort að mynda nýja söfnuði, utan kirkjunnar, eða þá að breytt sje að rjettum lögum grundvallaratriðum þjóðkirkjunnar, er þannig skuli vera önnur í framtíðinni. En þetta hafa þessir heiðursmenn ekki mátt heyra nefnt.

Hin kenningin er „andatrúin“. Það nafn þykir reyndar forvígismönnum hennar ekki nógu „fínt“, og nefna því stefnuna ýmist „spiritisma“ eða „spiritúalisma“, en jeg mun viðhafa hið íslenska heiti, „andatrú“. Hvað sem segja má um nýju guðfræðina, þá er með öllu fráleitt, að andatrúin geti með nokkru móti samrýmst hinni íslensku þjóðkirkju. Þetta fer ekki orðið neitt dult. Það er ekki að eins í ræðu og

riti notað til skýringar á ritningunni, heldur er líka farið út í það í sjálfum athöfnum kirkjunnar, eins og það væri hrein kenning hennar. Að sjálfsögðu hefi jeg persónulega ekkert á móti því, að þessari stefnu sje haldið fram, en því mótmæli jeg, að henni sje blandað saman við kenningar og athafnir hinnar íslensku þjóðkirkju, og að allur sá fjöldi, sem er kúgaður til að styðja fjárhagslega að viðhaldi þessarar kirkju, sje líka þar kúgaður til þess að ala þessa stefnu.

Þetta ástand gefur því alveg sjerstakt tilefni til þess að hreyfa þessu máli. Og um þetta verður að tala, því það eru engin smámenni, sem þessar kenningar flytja, heldur eru það þeir, sem eiga að uppfræða prestaefni landsins og kenna guðfræði við háskólann.

Annað höfuðatriðið, sem gerir það sjerstaklega tímabært að hreyfa þessu máli nú, er hin verslega hlið þess, sem nú er að koma berlega í ljós. Það heitir svo, að klerkastjettin sje launuð af hinum svo nefnda „prestlaunasjóði", og fást tillögin til hans með ýmsum gjöldum. En auk þessa er það alkunna, að í fjárlögunum er ákveðin ekki svo lítil fúlga til uppihalds stjettarinnar, eða árlega 35000 kr., auk ýmislegs annars. Hitt er og vitanlegt, að laun hins æðsta kirkjuvalds skifta þúsundum króna. Nú er svo til ætlast, samkvæmt allsherjar-launafrv. stjórnarinnar, að hækkað verði að mun við alla stjettina, og er það í sjálfu sjer ekki nema sjálfsagt, að prestarnir njóti sömu meðferðar og aðrir opinberir starfsmenn, meðan þeir eru, eða teljast vera, í þjónustu ríkisins. Þegar menn líta á athugasemdirnar, sem fylgja þessu stj.frv., þá sjer maður, að fúlgan til klerkastjettarinnar er langstærsti útgjaldaaukinn. Stjórnin ætlast svo á, að til allra embættismanna og opinberra starfsmanna nemi hækkunin hátt á þriðja hundrað þús. kr., að því er föstu launin snertir. Þar af ganga 117,000 kr. til klerkastjettarinnar, og slagar það hátt upp í helming alls útgjaldaaukans. Þetta sjá allir að er há tala, þó að jeg vilji ekki þar með segja, að stjórnin ætli prestunum of há laun, því að það er sjálfsagt að launa þeim sómasamlega, eins og öðrum. En þetta gefur þó fult tilefni til, að aðalmálið verði tekið upp og rannsakað, með öðrum orðum komist að niðurstöðu um, hvort prestarnir eigi að vera embættismenn ríkisins eða ekki.

Sumum kann að virðast sem svo, að þessi breyting sje allviðurhlutamikil, þar sem hjer er um gamla stofnun og fornt samband að ræða. Því það er engum vafa undirorpið, að stofnunin er gömul. En þess ber þó að gæta, að trúarbrögðin eru þó miklu eldri ,og mönnum hefir verið lengst um frjálst, hverju þeir tryðu. Og þann veg ætti það að vera. Mönnum ætti að vera það algerlega í sjálfsvald sett, hverjar trúarskoðanir þeir vildu kosta til að halda uppi. Tengslin millum ríkis og kirkju eru ung, miðað við aldur trúarbragðanna. Þess má og geta, að ýmsir bestu menn og frömuðir kirkjunnar, bæði hjer og erlendis, og jafnvel sjálfur Lúther, vildu eindregið, að kirkjan væri borgaraleg stofnun, sem stæði utan yfirráða ríkisvaldsins. Jeg skoða það ekki sem neitt aðalatriði, þótt þetta band milli ríkis og kirkju hafi átt sjer stað nú um hríð. Jeg er alls ekki hræddur við að rifta því, eins og komið er. Það er ekki holt lengur en fólk getur sætt sig við það. En nú er svo komið, að fjöldi manna er vaxinn upp úr þessum fjötrum.

Önnur mótbáran gegn aðskilnaði ríkis og kirkju hefir verið sú, að trúarbrögðunum mundi vegna ver, ef þau yrðu frjáls. Þessari skoðun mótmæli jeg algerlega. Jeg er þar á gagnstæðri skoðun og hefi mjer þar til stuðnings eigi að eins verslega, heldur og geistlega menn. Þeir eru margir þeirrar skoðunar, að það muni vera einkar heppilegt fyrir sjálf trúarbrögðin að vera frjáls og óháð. Þeir treysta því, að áhugi manna í trúarefnum verði eðlilegri og öruggari heldur en nú á sjer stað í þjóðkirkjulöndunum. Og vjer vitum, hversu mikil deyfð ríkir nú á tímum innan hinnar evangelisku lúthersku kirkju. Jafnvel af þeim rökum einum væri nægileg ástæða til að reyna hið frjálsa fyrirkomulag, sem á við mikil söguleg rök að styðjast og blessaðist að ýmsu leyti vel, á sínum tíma.

Sumir hafa haldið, að breytingin mundi verða til þess að varpa kirkjunni út á gaddinn fjárhagslega. Jeg skal ekki leggja neinn dóm á það, hvað almenningur vill mikið á sig leggja fyrir trú sína. Það má vel vera, að sumir vildu vera lausir við öll afskifti af trúmálum. En þetta er heldur ekki neitt aðalatriði; það er að eins eðlileg afleiðing breytinganna. Þeir, sem ekki vilja hafa nein afskifti af trúmálum, eiga að sjálfsögðu að vera lausir við þann kostnað, sem þau hafa í för með sjer. Það er ekkert rjettlæti í því, að kúga menn til að kosta til trúarbragðafræðslu, sem þeir vilja ekki hafa afskifti af. Hins vegar munu sumir segja, að trúarkend þjóðarinnar segi til sín meira og minna. Frá þeirra sjónarmiði virðist auðsætt, að trúarbrögðunum yrði haldið uppi af þeim, sem hefðu áhuga á þeim. Og jeg býst við, að reyndin yrði sú hjer á landi, að minsta kosti fyrst um sinn, að allur þorri manna vildi halda uppi kirkjunni. Þeir, sem stofnuði sjerstaka söfnuði, myndu auðvitað kosta uppihald þeirra. Slíkt gera menn þann dag í dag. Þeir, sem menn hafa talið að skifta mjög við að standa straum af henni.

Jeg skal minnast á eitt meginatriði, sem menn hafa talið að skifti mjög miklu máli í framkvæmdum á skilnaði ríkis og kirkju. Menn hafa spurt: Hvað á að gera við þær eignir, sem kirkjan á nú, þegar skilnaðurinn fer fram? Um þetta atriði hafa verið skiftar skoðanir, hjer og annarsstaðar. Og jeg skal ekki kveða upp neinn dóm um, hvað rjettmætt kann að þykja í þessu efni. Hjer er um fleiri en einn veg að velja, frá mínu sjónarmiði. Jeg lít svo á, að hin evangeliska lútherska kirkja eigi ekki eignir þær, sem henni eru nú lagðar til nota. Jeg tel sönnu nær, að hin katólska kirkja ætti þessar eignir, ef nokkur kirkja á þær, ríkið hafi tekið þær af henni og ljent þær hinni evangelisk-lúthersku kirkju. En þó að eignafærsla þessi sje rakin þann veg hugsunarrjett, þarf ekkert órjettmæti að felast í því, segja sumir, að eignirnar gangi að einhverjum hlut til uppihalds trúarbragða í landinu alment. Þetta er hagrænt atriði, sem verður að ráða fram úr á hagrænan hátt, um leið og skilnaðurinn fer fram, þótt enginn vafi geti nú leikið á því lengur, að það er ríkið, sem er eigandinn.

Skilnaðarmálið hefir áður komið að nokkru leyti til kasta þingsins. Eins og menn muna, var 1904 skipuð kirkjumálanefnd milli þinga. Nefnd þessi gaf út álit og tillögur, sem nú að mestu er undirstaða löggjafarinnar um kirkju og klerka í landinu. Meiri hluti komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri ráðlegt að skilja ríki og kirkju. og þar

frekari orðum um hana, þangað til hann hefir tekið til máls.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Jónsson): Þessir tímar eru byltingatímar. Það er öllum ljóst. Öldur þær, sem ófriðurinn hefir vakið, berast um heim allan. Þær öldur eru víða svo sterkar, að þær skola burt að meira eða minna leyti því fyrirkomulagi þjóðfjelaganna, sem áður hefir ríkt. Þær eru víða svo æðisgengnar, að þær eira engu, og því dynja hinar mestu hörmungar yfir þær þjóðir, þar sem þær eru sterkastar.

Gætnir menn í öllum löndum óttast bylgjuhreyfingar þessar. Við höfum lítt orðið varir við þær hjá þjóð vorri enn sem komið er. En vitanlega eru þær skamt undan landi, og ekki þarf mikið til að opna þeim víðar gáttir. Ef byrjað verður á byltingum forns skipulags, rekur hver byltingin aðra; og upphafsmönnum byltinganna getur orðið meira en nóg boðið áður en varir, og munu þá fremur kjósa, að alt hefði staðið í sama fari sem áður. Þetta býst jeg við að hinir 11 hv. þingdm. hafi ekki athugað, þegar þeir lögðu fram þá þingsályktunartill., sem hjer er til umr., og heldur ekki hinir hv. samnefndarmenn mínir, því að þá hefðu þeir ekki mælt með henni. Á rólegum tímum álít jeg minni hættu að stíga það spor, sem till.-menn vilja láta þjóðina stíga, en á óaldartímum. Á óaldartímum verða menn að vera varkárir.

Jeg varð, sannast að segja, hálfundrandi, þegar jeg sá, að till. þessi var fram komin, borin fram af nær því hálfri Nd. Fjöldi stórmála eru nú á dagskrá þingsins, og eru sum þeirra svo erfið, eða að minsta kosti eitt þeirra, að engin líkindi eru til, að þetta þing ljúki því. En þessi till., sem 11 hv. þdm. bera fram, fjallar um mál, sem í raun og veru er miklu stærra mál en nokkurt hinna annara mála er, sem þetta þing hefir til meðferðar. Þetta þótti mjer því undarlegra, þar sem engin rödd frá þjóðinni í þessa átt, mjer vitanlega, hefir borist til þingsins þessi síðustu ár. Hv. deild vildi fara virðulega með þetta mál, sem við var að búast; hún skipaði því sjerstaka nefnd í málið, og ætlaðist vitanlega til, að þessi nefnd athugaði málið og ræddi ítarlega. En hv. meðnefndarmönnum mínum hefir auðsjáanlega þótt það óþarfi. Einn nefndarmanna semur nefndarálit, les það upp fyrir nefndinni, og fjórir meðnefndarmenn mínir undirskrifa það þegar. Til þessa stórmáls hefir nefndin öll varið vart meira til funda en einni klukkustund. Hv. meiri hl. þykist víst hafa verið búinn að athuga þetta mál og gerhugsa áður. Vil jeg nú með nokkrum orðum athuga nál. hv. meiri hl.

Meiri hl. segir, að trúmál sjeu einkamál manna, en einkamál krefjist frelsis, sem ríkisvald megi ekki blanda sjer inn í, nje leggja hömlur á, nema til skaðsemdar horfi þjóðfjelaginu eða öðrum einstaklingum þess. Jeg er hv. meiri hl. sammála um þetta. En jeg sje ekki, að af þessum ástæðum þurfi að aðskilja ríki og kirkju. Mjer er það ekki kunnugt, að okkar þjóðkirkja leggi hömlur á trúarskoðanir manna. Ef svo væri, myndi jeg engu óragari skilnaðarmaður en meiri hl. — Meðan kaþólsk kirkja var ríkjandi hjer á landi var hún ekki þjóðkirkja í eiginlegum skilningi. Hún var ófrjálslynd um trúmál; miklu ófrjálsari en lútherska þjóðkirkjan, sem eðlilegt var. Lútherska kirkjan er bygð að nokkru leyti á trúfrelsi. Lúther bygði kenningar sínar á samviskufrelsi. En í kirkju, þar sem sam-

viskufrelsi er fyrsti hyrningarsteinninn, þá er skoðanafrelsi vitanlega annar hyrningarsteinninn, trúarleg framþróun þriðji hyrningarsteinninn, og þá trúfrelsi hinn fjórði.

Vitanlega hefir lúthersku kirkjunni ekki verið jafnan ljóst, á hvaða hyrningarsteinum hún væri stofnuð. Margir af prestum hennar og trúarjátningafrömuðum hafa verið þröngsýnir. Meiri hl. segir, að ekki sje um trúarbragðafrelsi að ræða þar, sem einni kirkjudeild sje haldið uppi af ríkinu. Það er þó jafnan talið fylsta frelsi, þegar menn mega tala og breyta eins og þeim sýnist. Jeg hefi lítt orðið þess var, að kirkjan hjer á landi leggi bönd á orð og athafnir manna. Hennar vegna eru menn frjálsir, frjálsir með trúarskoðanir sínar, bæði leynt og ljóst. Hið íslenska ríkisvald fyrirskipar mönnum ekki nein sjerstök trúarbrögð. En það er að sjá af nál. hv. meiri hl., að hann líti svo á, að svo sje ekki, því að hann segir svo:

„Á meðan einni kirkju (hjer hinni „evangelisku lúthersku"), eða yfirleitt nokkurri kirkjudeild, er haldið uppi af ríkinu — og þar með allir landsmenn skyldaðir til að bera hana — er ekki um trúarbragðafrelsi að ræða í rjettum skilningi."

Hv. meiri hl. kemur með alllanga skýrslu um þau lönd, þar sem aðskilin eru ríki og kirkja. En hvaða breytingu skilnaðurinn hafi haft í för með sjer í þeim löndum, minnist hann ekki á; hefir líklega ekki verið því nógu kunnugur, sem ekki var heldur von. En á þeirri fræðslu hefði okkur þó verið meiri þörf en á ríkjaupptalningunni. Okkur er ekki nóg að vita, að ríki og kirkja eru aðskilin í sumum löndum jarðarinnar; við verðum að vita reynslu þeirra, ef okkur á að koma sú þekking að nokkru gagni.

Að ríki og kirkja eru aðskilin í Ameríku styður lítið þá hugmynd, að oss sje nauðsynlegt að aðskilja ríki og kirkju. Meiri hl. tekur það rjettilega fram, að þjóðkirkja hafi aldrei verið í Bandaríkjunum. — Ameríkumenn eru sambland af öllum þjóðum jarðarinnar, sem tilheyra öllum trúarbragðaflokkum heimsins. Þar, sem svo er ástatt, getur þjóðkirkja vitanlega ekki átt sjer stað. Alt öðru máli er að gegna með okkar litlu, samfeldu þjóð, uppalda í sömu kirkju. En hvernig hefir þessi fríkirkja Ameríkumanna reynst? Já, ófagrar eru margar þær lýsingar, er við höfum fengið frá hinni ísl. lúthersku fríkirkju í Kanada. Mörgum, er þekkja okkar þjóðkirkju hjer heima og íslensku fríkirkjuna í Kanada, virðist, að ekki myndi til bóta að skifta um fyrir okkur. Sú þekking, sem hingað hefir borist um íslensku fríkirkjuna í Kanada, mun hafa fjarlægt fríkirkjuhugmyndina mörgum. Kirkjan þar hefir verið þröngsýn æsingakirkja, er rifist hefir um trúarjátningar. Henni hefir og verið brugðið um að vera verkfæri einstakra manna. Ekki er það heldur alment álitið, að Frökkum hafi nein blessun hlotnast af aðskilnaði ríkis og kirkju. Þótt byltingaflokkar í Rússlandi og Ungverjalandi hafi numið alla ríkiskirkju úr lögum, þá ætti það ekki að vera okkur nein hvöt til breytinga í þessu efni. Við munum vart viðurkenna allar þær breytingar hollar, er gerast í þeim löndum nú.

Og þótt jafnaðarmenn í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hafi mál þetta á stefnuskrá sinni, þá sje jeg ekki, að við þurfum að láta þá leiða okkur í þessum efnum. Þingið 1909 samþ. sams-

konar till. og þessa. En það sama þing stofnaði líka tvö biskupsembætti, vígslubiskupsembættin. Um síðustu aldamót og fram til 1909 varð talsverð fríkirkjuhreyfing í landinu, en síðan virðist hún hafa dofnað mjög mikið. Sýnir þetta, að þegar þjóðin fór að hugsa sig betur um, hafi henni ekki litist á hreyfinguna; og hún hefir áreiðanlega ekki kært sig um, að stjórnin fari nú að vasast í fríkirkjumálinu. Ella myndi hún hafa rætt það meira síðan 1909 og skorað á stjórnina að gera eitthvað.

Meiri hl. segir í nál. sínu, að það sjeu sjerstakar ástæður nú fyrir hendi, er knýi oss nú til að taka hreina afstöðu og ákveðna til málsins. Þær ástæður segir hann vera annars vegar ástandið í kirkjunni sjálfri, sundrung og stefnubreytingar, nýjar hreyfingar og óskyldar lútherskunni; æski menn því höftin leyst. Hin ástæðan sje fjárhagsatriðið, sem nú þurfi sjerstaklega að taka afstöðu til, að því að nú sje verið að ákveða laun embættismanna. Annaðhvort verði að bæta launakjör presta, eða skilja að ríki og kirkju. Þessar sjerstöku ástæður, sem meiri hl. telur, vil jeg nú taka til sjerstakrar athugunar.

Þá er það fyrri ástæðan. Meiri hl. virðist telja það ókost á þjóðkirkjunni, að hún þrælbindur sig ekki við hinar gömlu trúarjátningar lúthersku kirkjunnar, að nýrra hreyfinga verður vart innan hennar, og að kirkjan skuli vera að breytast í frjálslynda átt. Sú kirkja, er fastbindur sig við gamlar trúarjátningar, er ófrjálslynd; það gerir engin frjálslynd kirkja. Ef hv. meiri hl. vill, að hinir nýju fríkirkjusöfnuðir, sem myndast, ef ríki og kirkja verða aðskilin, eigi að rígbinda sig við gamlar trúarjátningar, þá gef jeg lítið fyrir trúfrelsi þeirra. Hvað trúarjátningarnar snertir, þá eru þær samþyktir kirkjuþinga og hafa jafnan verið að breytast frá því kristin kirkja var stofnuð.

Hv. meiri hl. telur, að stefnubreytingar og nýjar hreyfingar innan þjóðkirkjunnar sjeu þess valdandi m. a., að menn vilji höftin leyst. Jeg er þar á gagnstæðri skoðun. Einmitt vegna stefnubreytinganna og nýju hreyfinganna hafa menn fjarlægst sundurleysinguna. Nýju hreyfingarnar hafa gefið mönnum vonir um endurvakningu þjóðkirkjunnar. Íslensku þjóðinni er ekki þann veg háttað, að hún vilji hafa kirkju, sem er steingerfingur; hún er frjálslyndari en svo, þótt hv. meiri hl. virðist einmitt telja kyrstöðuna kost á kirkjunni. Þegar jeg var unglingur, hallaðist jeg að skilnaði ríkis og kirkju, því að mjer fanst þröngt um mig í þjóðkirkjunni, eins og hún var þá. En síðan hefir hún tekið breytingu, og frá mínu sjónarmiði er hún nú á rjettri leið, því að á rjettri leið tel jeg hana vera þegar hún tekur sífeldri framþróun, þegar hún hefir rúm fyrir nýjar skoðanir, er samþýðast skoðunum samtíðar hennar. Ef kirkjan gerir þetta ekki, en heldur sjer óbreyttri, þá getur hún ekki lengur átt samleið með mönnum; þá hætta menn að rækja hana. Líklega hefir það verið höfuðorsökin til þess, að menn fóru að vanrækja kirkjugöngur, að kirkjan var að dragast aftur úr tímanum og var ekki nægilega viðsýn. Frjálslyndir menn vilja, að kirkjan geti fært þeim „frelsisvínber seidd við sólarkyngi“, eins og skáldið kemst að orði, en ekki kræki-ber af lúsalyngi þrældómsins. Í þröngsýnni kirkju fá menn að eins kræki-ber þrældómslúsalyngsins.

Það er ekki einsdæmi með nútíðarkirkjuna, að hún breytist. Kirkjan hefir einlægt verið að breytast. Annars

væri hún ekki komin fram á þennan dag. Þótt þröngsýnir kirkjumenn hafi oft og einatt viljað útiloka kirkjuna frá nýjum skoðunum, þá hefir þeim sjaldan tekist það til lengdar; þær hafa smeygt sjer inn í hana og brotið af sjer eldri hlekki. Þarf ekki að nefna sem dæmi annað en siðabótina. Guðfræðin þarf einlægt að vera ný guðfræði, ef menn eiga að geta samþýðst henni. Trúin er einstaklegs eðlis. Hver einstaklingur hefir sínar sjerstöku trúarskoðanir, eða trúartilfinningar. Hjá flestum eru skoðanir þær að einhverju smávægilegu mismunandi. Því álít jeg, að kirkjan þurfi að vera rúmgóð, svo frjálslynd, að hún geti hýst menn, sem ekki hafa í öllum atriðum sömu trúarskoðanir; að eins að frumkjarni trúarinnar sje hinn sami.

Þar sem háttv. meiri hl. talar um sundrung þjóðkirkjunnar, þá er mjer ekki kunnugt um, að innan þjóðkirkjunnar sje neinn ófriður ríkjandi, nema ef meiri hl. telur kenningarfrelsi prestanna sundrung, og að allir prestar hafa ekki nákvæmlega sömu skoðun um sum atriði trúarinnar.

Þá er það önnur aðalástæða meiri hl. til skilnaðarins, fjársparnaðurinn. Vitanlega kostar kirkjan mikið, og mikill sparnaður væri að því að leggja hana niður. En ef menn skilja að eins að ríki og kirkju, en hafa kirkju og kosta hana eftir sem áður — og út frá því virðist meiri hl. ganga, — þá er sparnaðurinn enginn. Peningarnir fara þá frá einstaklingunum til safnaðanna og þaðan til prestanna, en með þjóðkirkjufyrirkomulaginu fara þeir frá einstaklingunum í landssjóð og þaðan til prestanna. Eigi fæ jeg sjeð, að þessi breyting sje sjerstaklega nauðsynleg nú, vegna launamálsins. Þótt þingið samþ. till., veit enginn, hverju þjóðin muni svara, og það verður nú hvort sem er að ganga frá launakjörum prestanna á þessu þingi, enda hefir engin rödd heyrst, sem hefir á móti því.

Jeg ætla fáu að spá um það, hvernig fara myndi um kirkjuna, ef hún væri fráskilin ríkinu. En hræddur er jeg um, að vegur hennar vaxi ekki við það.

„Hver söfnuður greiðir sínum presti kaup, eftir því sem um semst", segir meiri hl. í nál. sínu, þegar búið verður að skilja kirkjuna frá ríkinu. Þetta er rjett. Þetta verður samningsmál. Það má búast við, að reynt verði víða að fá þá presta, er minst kaup setja upp, og jafnvel að lítt mentaðir menn eða lítt hæfir gefi sig fram til starfsins. Sömuleiðis er það athugavert, að presturinn, sem á að vera hinn leiðandi maður, eigi alt undir söfnuðinum. Það er stór hætta á því, að það geti annaðhvort gert hann að lýðskrumara, eða handbendi þeirra manna, sem mestu ráða um peningamál safnaðarins. Jeg held, að svo geti farið, að líkt verði þá gengi prestanna sem leiguprestanna á Sturlungaöld.

Biskupsembættið sem ríkisstofnun legst niður. Frá sjónarmiði meiri hl. er það sjálfsagt, og svo verður það, ef ríki og kirkja verða aðskilin. Það er dálítill sparnaður fyrir ríkið. En hvaða þýðingu hefir það fyrir kirkjuna? Frá biskupsvaldinu hefir kirkjan fengið talsverðan ljóma. Það viðurkendi aðskilnaðarpostulinn 1909, og við höfum átt marga okkar ágætustu manna á biskupsstóli. Hafa flestir biskupar okkar síðan um siðabót, og margir áður, verið þjóðnytjamenn, og sumir í röð fremstu lærdómsmanna, er breitt hafa út þekkingu meðal þjóðarinnar, og orðstír þeirra borist til annara þjóða.

Þar, sem kirkjunni er haldið uppi af ríkisvaldinu, veitir það henni festu, og virðing hennar verður meiri en ef einstakir söfnuðir halda henni uppi.

En þrátt fyrir það, þótt jeg líti svo á, að ekki sje vert, að þingið fari að vasast í aðskilnaði, og að hann muni enga blessun hafa í för með sjer, játa jeg fyllilega, að þjóðkirkjan hefir verið og er enn alt of sofandi. En því verður ekki móti mælt, að nýjar hreyfingar hafa smeygt sjer inn í kirkjuna. Hún er við það farin að rumska, og það gefur von um, að hún geti og muni vakna til fulls, og geti orðið ein aðalmenningarstofnun þjóðarinnar, eins og hún var um margar aldir eina menningarstofnunin. Prestar hennar voru um langt skeið nær því einu leiðandi menn og menningarfrömuðir þjóðarinnar, og þótt auðvitað margir þeirra hafi verið ljelegir, þá voru þeir þó fleiri góðir. Þessa verður að minnast.

Af þessum ástæðum, að mjer virðist eigi verða móti því mælt, að nú sje aftur að rofa fyrir degi í íslensku þjóðkirkjunni, þá vil jeg bíða enn um nokkur ár, án þess að nokkuð sje gert til að æsa menn móti þjóðkirkjunni. Vil jeg láta afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, ekki síst þar sem þjóðin hefir ekki á síðustu árum látið í ljós neinar ákveðnir óskir nje vilja í þessu efni. Ef þjóðin hefði viljað, að þingið tæki málið fyrir, hefðu vafalaust heyrst háværar raddir um svona stórmál. En í svona máli verður auðvitað vilji þjóðarinnar að ráða.

Þegar þjóðin krefst, að þingið fari að undirbúa aðskilnað ríkis og kirkju, þá er málið tímabært, fyr ekki.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal ekki fara að blanda mjer í þann meiningarmun um málið sjálft, sem er í milli hv. nefndarhluta. Jeg vil að eins leyfa mjer að skýra afstöðu mína til till. Eftir till. sjálfri er hún nokkuð öðruvísi en hv. meiri hl. skýrir hana í áliti sínu. Hv. meiri hl. hefir samið allgreinilegt nefndarálit, og gefur þar stjórninni bendingar um, hvernig að skuli fara. Sömuleiðis er það mikil framför frá till. 1909, að nú er skýrt látið í ljós álit nefndarinnar um, hvernig að skuli fara, eftir að væntanlegur skilnaður ríkis og kirkju hefir fengist framkvæmdur.

Jeg held nú, satt að segja, að það sje afarerfitt hverjum manni hjer að gera sjer í hugarlund, hver áhrif það myndi hafa á alt þjóðlífið, ef kirkjunni er þannig slept lausri, og engar kröfur eru til hennar gerðar af hálfu hins opinbera. Ef dæma á eftir því, hvernig þetta hefir reynst hjá öðrum þjóðum, á liðnum tíma, þá er óhætt að segja, að sú reynsla sje ekki góð. Að minsta kosti er í mörgum ritum alvörugefinna, hugsandi manna kvartað mjög yfir því, hver áhrif skilnaður ríkis og kirkju í Frakklandi hafi haft.

Það er sem sagt afarörðugt að dæma um þetta. Og jeg held, að þessi till. geti haft miklu alvarlegri áhrif á þjóðlífið, ef hún verður samþ. og upp úr því verður skilnaður ríkis og kirkju, en menn gera sjer alment í hugarlund. Það, sem jeg vildi aðallega sagt hafa, og get þar tekið undir með hv. frsm. minni hl. (Þorst. J.), er það, að síðustu árin hefir ekki borið á neinum óskum hjá þjóðinni um að hreyfa þessu. Það var um tíma en er ekki nú. Það má auðvitað segja, að ekki sje hundrað í hættunni, þótt spurt sje, ef meiri hluti neitar. Og jeg held,

að svarið sje gefið fyrirfram, að söfnuðirnir muni ekki óska skilnaðar ríkis og kirkju, og það þegar af þeirri ástæðu, sem hv. frsm. minni hl. (Þorst. J.) drap á, að jeg ímynda mjer, að söfnuðirnir muni vera hræddir við að taka á sig allan kostnaðinn við að borga prestunum, í stað þess, að ef launafrv. verður samþ., þá kemur mest af launum prestanna beint úr ríkissjóði. En ef þessi till. verður samþ., þá mun hver stjórn, er verður við völd þá, telja sjer skylt að taka málið til meðferðar og spyrja söfnuðina.

En það er að eins eitt í nál., sem mjer er ekki fyllilega ljóst, en það er þetta, að „stjórnin tekur alt málið til meðferðar og aflar sjer þeirrar aðstoðar, er hún þarfnast." Mjer skilst, að það sje fyrst og fremst fyrsta, að spyrja söfnuðina, á þann hátt, er tiltækilegt þykir, hvort þeir óski skilnaðar. Nú skyldi svarið vera þannig, að meiri hluti safnaðarmanna sje á móti. Þá skilst mjer, að stjórnin eigi ekki að gera meira. Þá verður ekki framkvæmd þessi till., eins og hún liggur fyrir. En verði aftur á móti, eins og í nál. stendur, meiri hluti atkvæða á því, að rjett sje, að skilnaður fari fram, þá fer málið eins og hjer er sagt. Þetta vildi jeg taka fram, vegna framkvæmda till., ef til kæmi síðar meir.

Jeg verð að álíta rjettara, að till. um þetta mál komi frá báðum deildum, og verð því fylgjandi þeirri brtt., sem fram er komin frá hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að setja „Alþingi" í stað „Neðri deild Alþingis". Þetta stórmál kemur ekki síður við hv. Ed.

Ef svo skyldi fara, en það kemur nú til síðar meir, að samþyktur verði skilnaður ríkis og kirkju, og alveg látið laust og bundið, hvernig menn haga sinni prestsþjónustu, þá held jeg, að ýmsu ætti að breyta t. d. ýmsum athöfnum, sem nú eru kirkjulegar, heimta t. d. altaf borgaralegt hjónaband, en svo ráði einstaklingarnir, hvort þeir vilja líka fá sjer kirkjulega vígslu. Þá fjelli burtu skírnin, sem hefir borgaralegt gildi, og líka fermingin.

Jeg er ekki viss um, að prestar kirkjunnar yrðu svo vel að sjer í trúarbrögðunum, sem hv. meiri hl. þykir æskilegt.

Það getur líka orðið dálítill vandi að koma fyrir eignum kirkjunnar. T. d. getur það orðið mikið spursmál, ef söfnuðir haldast ekki eins og þeir eru nú, hvernig fara eigi með kirkjurnar, hvernig eigi að skifta þeim milli þeirra, er myndast úr þeim eina söfnuði, er áður hafði þær til afnota.

En, sem sagt, það sem lægi fyrir stjórninni, ef till. væri samþ., er að spyrja söfnuðina fyrst og haga sjer svo eftir því, sem svarið verður. Jeg sje ekki annað en stjórnin verði að haga sjer svo, ef till. verður samþ.

Jón Jónsson: Að eins fáein orð til að skýra afstöðu mína.

Hv. frsm. minni hl. (Þorst. J.) ljet í ljós undrun yfir því, að við flm. hefðum komið fram með till. nú, er annir þingsins væru svo miklar, að eins til að tefja fyrir öðrum málum með þannig löguðu máli. Þó játaði hann, að hjer væri stórmál á ferðinni. Virðist þetta ekki vel samræmilegt. Jeg get ekkert sjeð á móti því, að slíkt stórmál sem þetta komi inn á þing, svo að fram komi skoðanir manna um það.

Sjerstaklega vil jeg þó benda á, að þegar samþ. hafði verið samskonar till. á þingi 1909, var ekkert framkvæmt. Stjórnin gerði þá ekkert málinu til undirbúnings. Virðist þess vegna ekki

fjarri að láta nú eitthvað verða úr því, sem þá var vanrækt, að fá að vita vilja þjóðarinnar í þessu máli. Hví skyldum við ekki mega fá að vita það, einn góðan veðurdag, skýrt og ákveðið, hvort meiri hluti þjóðarinnar er með eða móti? Við flm. höfum ekki ætlast til, að neitt verði framkvæmt, nema ákveðinn meiri hluti safnaðarmanna verði með till. Till. er því svo hógvær, sem verða má.

Af því að hv. frsm. minni hl. (Þorst. J.) talaði um, að hann furðaði sig á afstöðu okkar, þá get jeg látið í ljós, að mig furðar mjög á afstöðu hans. Jeg man svo langt, að þegar mál þetta var rætt á þingmálafundum í okkar kjördæmi, þegar það var á dagskrá, þá var þessi sami hv. þm. (Þorst. J.) eldheitur skilnaðarmaður. En nú hefir hann snúið við blaðinu og talar á móti málinu af mikilli sannfæringarfestu. Þetta þykir mjer mjög einkennileg afstaða hjá þingmanninum. Mjer þykir hún svo skrítin, að mjer liggur við að trúa því, sem vitrir menn hafa stungið upp á, að hann muni hafa tekið þessa afstöðu í málinu fyrir þá skuld, að vissir, ónefndir menn hjer í bænum eru málinu andvígir, og það ef til vill ekki af sem kirkjulegustum ástæðum. Það er sem sje vitanlegt, að til er klíka ein, Tímaklíkan. Ýmsir menn í þessari klíku eru nú að „spekúlera“ í því, hvaða afstaða muni hagkvæmust í ýmsum málum nú fyrir kosningarnar. Má setja afstöðu þeirra í þessu máli í samband við það, að vitanlegt er, að margir prestar eru mikilsmegandi menn í landinu, áhrifamenn í sinni sveit, og geta ráðið eigi alllítið atkvæðum manna um kosningar. Jeg skýt þessu svona fram, af því að jeg skil þá betur afstöðu hv. frsm. minni hl. (Þorst. J.). Þessir menn, Tímaklíkumennirnir, vilja gera öll mál að pólitískum málum. Þeir stefna að því, að taka öll völd í landinu í sínar hendur, og nota öll meðul til að hafa það fram. En hve mikinn hag kirkjan eða þjóðfjelagið hefir af slíkum afskiftum, er annað mál.

Hv. frsm. minni hl. (Þorst. J.) segir í nál. sínu, að ný trúarvakning sje að fara fram í landinu, og við það hafi skilnaðarhugmyndin mist fylgi. Þetta fullyrði jeg að sje alveg órannsakað mál. Þótt þetta mál hafi legið niðri um stund og ekki komið fram á þingmálafundum, þarf það alls ekki að vera svo að skilja, að málið sje ekki eins vakandi í hugskoti manna eftir sem áður. Það gæti verið svo að skilja, að þar sem niðurstaða málsins varð þessi 1909, að ekkert varð úr og málið fjell niður, þá hafi menn hugsað sem svo: „Það þýðir ekki neitt að tala um þetta mál; það er ekki til neins nema þreyta sig.“ En komið gæti sá tími, að þjóðin tæki aftur afstöðu í þessu máli, og að þá yrði alt annað uppi á teningnum en minni hl. segir.

Mjer er ekki heldur kunnugt um þessa nýju trúarvakningu, sem hv. frsm. minni hl. (Þorst. J.) talaði um. Jeg þekki þess t. d. engin dæmi á Austurlandi, að breytingar hafi orðið á trúarlífinu á síðustu tímum. Jeg þekki ekki til þess, að kirkjur sjeu þar neitt betur sóttar, eða áhrif klerka hafi breyst til batnaðar. Þau munu heldur hafa farið minkandi en vaxandi. Jeg held því, að það sje dálítið rangt í þessu. Getur verið, að þetta sje dálítið mismunandi, eftir landsfjórðungum. En jeg hygg óhætt að segja, að þar, sem jeg þekki best til, er ekki um neina vakningu að ræða.

Satt að segja furðaði mig á því, að minni hl. skyldi tala eins digurt og hann

gerði. Hann fullyrti svo margt, sem alls ekki er hægt að fullyrða neitt um, sjerstaklega um vilja þjóðarinnar. Hann segir, að það sje vitanlegt, að mikill hluti þjóðarinnar sje andvígur skilnaði ríkis og kirkju. Við flm. till. viljum engum getum að því leiða, hvernig þetta er, en viljum láta skjóta því til þjóðarinnar, svo að atkvæði skeri úr.

Jeg skal ekki fara inn á trúarhlið þessa máls. Það hefir hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) gert í framsögu sinni, og enn fremur er það gert í nál. meiri hl. Jeg vildi að eins mótmæla þessu atriði í nál. hv. minni hl., sem ástæðulausri staðhæfingu. Og enn fremur vildi jeg benda á þetta atriði, sem jeg hygg sterka ástæðu í málinu og langsennilegustu skýringuna á afstöðu hv. frsm. minni hl. (Þorst. J.). Þetta er af pólitískum hvötum, hvort sem af því leiðir það, sem ætlast er til. Það er hin mesta ógæfa okkar á þessum tímum, að einkum sá flokkur manna í landinu, sem jeg nefndi áðan, „Tíma"-flokkurinn, gengur alt of langt í þessa átt. Það, sem skiftir mestu, er, að þetta mál og önnur sjeu flutt hjer á þingi æsingalaust og án allrar hlutdrægni. En þegar svo langt er gengið, að ýms mestvarðandi mál þjóðarinnar eru gerð að pólitískum æsingamálum, þá fer að versna hjá okkur. En þetta hygg jeg að sje að byrja hjer í þessu máli.

Þetta mál er sannarlega tímabært mál. Og ekkert er fjarstæðara en að gera kirkjumál að pólitísku flokksmáli, í hagsmunaskyni fyrir kosningar.

Þarf jeg svo ekki að fjölyrða meir. Allir vita mína afstöðu til þessa máls. Og till. þessi er svo hógvær, að hún sýnist ógnarlega meinlaus. Þar eru engin misjöfn orð í garð prestastjettarinnar, enda væri það ekki rjett. Því er sem sje alls ekki að neita, að þeir eru góðir og gegnir menn, eins og fyr á tímum. En fólki líkar ekki eins vel við þá og verið hefir. Prestarnir sjálfir eru og margir sáróánægðir með kirkjuástandið. Jeg hygg, að þeir sjeu einmitt margir, prestarnir, sem vilja gjarnan, að þessi leið sje farin.

Hv. frsm. minni hl. (Þorst. J.) talaði um, að prestarnir í fríkirkju gætu ekki orðið leiðandi menn, þar sem þeir yrðu háðir söfnuðunum. Þetta er hinn mesti misskilningur. Þarf ekki annað en að benda á Jón heitinn Bjarnason í Ameríku. Jeg veit ekki betur en að hann hafi haft miklar virðingar, notið sín vel og haft mikil áhrif á kirkjudeildina íslensku vestan hafs, líklega meiri áhrif en nokkur biskup hjá okkur í seinni tíð. Sannar þetta hið gagnstæða.

Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar. — Býst jeg við, að hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) muni taka til máls fyrir nefndarinnar hönd.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það er að eins fátt eitt, sem jeg ætla að segja, og hvorki í sambandi við pólitík nje trúfrelsi. Að eins er það eitt formsatriði, sem jeg vildi minnast á og æskja upplýsinga um hjá hv. nefnd.

Mjer skilst, að ef till. verður samþ., eigi stjórnin að spyrja sóknarnefndir um álit þeirra á málinu, en þær leiti álits safnaðarmeðlima, og fari svo svarið eftir því, hvernig þeir skipist við. — Nú þekki jeg nokkuð til þess, hvernig sóknarnefndarfundir eru sóttir. Sjaldan geta nema einn eða tveir menn af heimilinu sótt fundina. Hvernig á svo að fara að, ef ekki sækir einu sinni helmingur atkvæðisbærra manna fundina? Og nú verður má ske ekki nema lítill meiri hl. þeirra, sem safnaðarfund

sækja, sem vilja skilnað. Jeg býst við, að svarið verði, að ekki beri að taka tillit til þeirra, sem ekki sækja fundinn; þeirra atkv. sjeu dauð atkvæði. En með þessu er þjóðarviljinn ekki fenginn. Þar vantar mikið á. Mjer þætti vænt um að fá að heyra skýrt skoðun meiri hl. nefndarinnar á þessu formlega atriði.

Jeg skildi ekki frsm. minni hl. (Þorst. J.) eins og síðasti ræðumaður virtist skilja hann, að mál þetta yrði til þess að tefja störf þingsins. Hann átti víst við það eitt, að þetta væri svo umfangsmikið mál, að það væri óheppilegt að bæta því ofan á svo mörg önnur stórmál, sem fyrir þinginu liggja, vegna þess, að þjóðinni mundi ekkert áhugamál, að þingið færi að skifta sjer af þessu nú. Og jeg er þar alveg samdóma hv. frsm. minni hl. (Þorst. J.). Að öðru leyti vil jeg alveg frábiðja mjer þær aðdróttanir, að þetta sje orðið mjer, og fleirum, pólitískt flokksmál.

Sigurður Stefánsson: Jeg þóttist hafa við byrjun umr. um þetta mál lýst nokkurn veginn afstöðu minni til þingsál.till., og gleður það mig, að nál. meiri hl. bætir nokkuð úr því, hve till. var óákveðin. Meiri hl. nefndarinnar hefir sem sje tekið til athugunar þau atriði, sem jeg lagði áherslu á, enda er hjer líka um það mál að ræða, sem er siðferðisleg skylda þingsins að hrapa ekki að. Þess vegna hefi jeg líka komið með brtt., á þgskj. 541, því jeg vil ekki, að Nd. ein samþ. þingsályktunartill., heldur Ed. líka. Hvernig málið fer þá, veit jeg ekki, en jeg býst við hverju einasta atkv. með brtt. minni. Jeg geng nefnilega út frá því, að menn vilji sem best ganga frá málinu.

Jeg skal taka undir það með háttv. minni hl., að það er nokkrum erfiðleikum bundið að taka þetta stórmál fyrir nú, og eins er það rjett, að raddir hafa ekki heyrst um það frá almenningi á síðustu árum, að svo ætti að gera. Einnig er jeg alveg á sama máli og minni hl. um það, að nýjar hreyfingar hafi gert vart við sig innan kirkjunnar. En þar sem hann telur þetta sem ástæðu fyrir því, að skilnaður eigi ekki fram að fara, þá er jeg nokkuð á öðru máli, þótt jeg telji tormerki á skilnaði og vilji ekki fara hvatvíslega að ráði mínu í því efni. Jeg sje heldur ekki, að meiri hl. geri það, nema ef vafi getur á því leikið, að málið sje að öllu leyti tímabært. En þegar jeg nú lít á glundroðann í kirkjunni, þá verður ekki annað sjeð, að minsta kosti frá „theoretisku“ og jafnvel „praktisku“ sjónarmiði líka, en að málið sje fullkomlega tímabært. Það stendur í stjórnarskránni okkar, að hin evangeliska lútherska kirkja sje þjóðkirkja hjer á landi, og að ríkið skuli að því leyti styðja hana og vernda, og verður þá að ganga út frá því, að sá stuðningur sje bundinn því skilyrði, að lútherska kirkjan sje bygð á þeim grundvelli áfram, sem hún hefir verið bygð á frá öndverðu. En þessu skilyrði hefir ekki verið fullnægt nú upp á síðkastið. Þær nýju hreyfingar, sem svo mjög hefir bólað á, hafa skapað það hugtak, sem menn hafa viljað tákna með orðunum „hin rúmgóða þjóðkirkja“, og meiri hl. notar meðal annars sem ástæðu til aðskilnaðar. Jeg er þar hinum hv. meiri hl. sammála og álít, að á seinni tímum hafi hin svo kallaða nýja guðfræði gert æði mikið til að raska þeim grundvelli, er lútherska kirkjan byggist á. Jeg tel, að sú „rúmgóða þjóð-

kirkja“ sje í raun og veru alt önnur kirkja, og þar sje sú trúmálastefna uppi, sem rífur niður fjölda af grundvallaratriðum kristindómsins og evangelisku lúthersku kirkjunnar, vefengir guðdóm frelsarans, neitar raunveruleika upprisu hans, eða gerir hana að andartrúarfyrirbrigði, o. s. frv. Þegar kirkjan er komin á þann rekspöl, þá álít jeg hana ekki evangelisk-lútherska lengur.

Þessu held jeg ekki fram af því, að menn megi ekki hafa hverja trúarskoðun, sem menn vilja, heldur af hinu, að jeg vil ekki, að sömu mennirnir, sem halda fram þessum nýju kenningum, geri tilkall til, að ríkið styðji þær. Og þegar svo er komið, að jafnvel æðstu yfirmenn kirkjunnar telja sig ekki bundna við grundvallarlög hennar, játningarritin, en gera jafnframt kröfur til, að evangelisk-lútherska þjóðkirkjan, sem þeir rífa niður, ali þá á brjóstum sjer, þá er mjer nóg boðið. Þá vil jeg heldur skilnað; að minsta kosti hugsjónalega og frá þegnfjelagslegu sjónarmiði tel jeg það ósanngjarnt, að ríkið styðji þær kenningar, sem ganga í berhögg við grundvallaratriðin í kenningum evangelisk-lúthersku kirkjunnar, og að ríkisþegnarnir sjeu þannig skyldaðir til að gjalda skatt til að halda uppi þeim trúmálaskoðunum innan þjóðkirkjunnar, sem fara í algerðan bága við trúmálaskoðanir þeirra. Það er óneitanlega ekki gott ástandið í kristindómfræðslu lúthersku kirkjunnar, þegar einn presturinn segir barninu, að þessu eða hinu eigi það að trúa, en svo kemur annar, sem varar það við því; hverju á svo barnið að trúa? Einn segir við barnið, að það eigi að trúa á þríeinan guð. — Annar segir: „Nei, góða barn, þessu máttu ekki trúa.“ Einn neitar þrenningarlærdómnum, en skírir svo næstum daglega börnin í nafni heilagrar þrenningar. Og svona mætti lengi telja.

Þess vegna segi jeg það, að þótt jeg viti, að jeg sje kallaður ófrjálslyndur og þröngsýnn í trúmálum, þá er jeg svo frjálslyndur, að jeg vil alls ekki, að ríkið styðji þær trúmálaskoðanir, sem afneitar þeim grundvallaratriðum kristindómsins, sem evangelisk-lútherska þjóðkirkjan er bygð á.

Háttv. minni hl. talaði um, að nú rofaði fyrir nýjum degi í kirkjunni. Eigi hann þar við hinar nýju trúmálahreyfingar, þá tel jeg þær ekki til nýrrar eða blessunarríkrar dagrenningar, ef þjóðkirkjan verður ruslakista hjátrúar, vantrúar og vingltrúar, svo sem guðspeki, andatrúar og annara slíkra öfga og hindurvitna. Og jeg tel það rangt af ríkinu að styðja þá ruslakistu og vernda, undir því yfirvarpi, að hún sje evangelisk-lúthersk kirkja, og því sæmra að skilja. En á hinn bóginn tel jeg þó ekki rjett að flana að aðskilnaðinum, þótt hann sje hugsunarlega rjett ur undir núverandi kringumstæðum. Hjer er um mikið vandamál að ræða. Vel má og vera, að trúmálaglundroðinn hafi að þessu sinni lifað sitt fegursta í kirkjunni hjer á landi.

Jeg hefi þá trú, og byggi hana á honum, sem öllu ræður, að þessar öldur, sem nú rísa hæst, evangelisk-lúthersku kirkjunni til tortímingar, lækki innan skamms og hverfi, eins og aðrar af líku tægi, sem áður hafa riðið yfir kirkjuna. Það er meira að segja útlit fyrir, að þær sjeu heldur að lækka; að minsta kosti hefir þýska vantrúarguðfræðin hægara um sig en fyrir nokkrum árum. Jeg tek mjer ljett, þótt mjer sje brugðið um þröngsýni og ófrjálslyndi í þessu máli. Jeg vil heldur hafa það orð á mjer en að feykjast fyrir

hverjum kenningarþyti, eða dansa eftir hverri angurgapapípu, sem blásin er. En af því að jeg held, að þjóðin sje svo hljóðnæm, að hún heyri, að falskt er spilað, og hún muni þess vegna ekki til lengdar leggja hlustirnar að blástrinum, þá held jeg, að kirkjunni stafi ekki hætta af þessu, þegar til lengdar lætur. Þess vegna get jeg tekið undir með þeim, sem telja það efasamt, hvort aðskilnaðurinn verði kristindómslífi þjóðarinnar til eins mikillar blessunar og áköfustu aðskilnaðarmennirnir telja víst. Hins er og ekki að dyljast, að skilnaðarhreyfingin er hjá sumum ekki sprottin af kirkjulegum eða kristilegum hvötum. En þrátt fyrir þetta mun jeg þó greiða till. atkv. mitt.

Eins og jeg tók fram í upphafi þessarar umr., þá tel jeg lítil líkindi til, að þetta mál eigi enn mikil ítök í hug og hjarta þjóðarinnar. En þó tel jeg það engan skaða, að hún sje spurð um álit sitt. Hv. meiri hl. hefir farið gætilega í sakirnar, og er þess ekki vanþörf. — Jeg vil þó fara enn gætilegar og leggja málið líka fyrir systurdeild vora, því að það er óviðkunnanlegt annað en að þingið standi alt á bak við svo mikilsverða till. sem þessa. Jeg vona því, að brtt. mín á þgskj. 521 verði samþ., svo málið fái þá meðferð, sem því ber.

Þorleifur Jónsson: Þetta mál, sem nú liggur fyrir þinginu, er eitt af stærstu málum, sem það hefir haft til meðferðar að þessu sinni. Það er þess vegna skýlaus skylda hv. þm. að athuga málið rækilega og hugsa afleiðingarnar út í æsar. Fyrir 20—30 árum var mikið rætt og ritað um þetta mál. Áhugamenn í trúarefnum, sem voru óánægðir með þann doða og þá deyfð, sem þá ríkti í þjóðkirkjunni, töldu aðskilnað ríkis og kirkju besta ráðið til þess að blása lífi í kirkjuna. Sjerstaklega voru það hinar áhugamiklu, íslensku kennimenn á gamla vísu, og hefir þeim ógað lífi og anda í kirkjuna með þessu móti. Þetta var um 1890—1900. En síðan hefir minna verið um málið rætt, og almennar óskir hafa ekki komið fram síðari árin í sömu átt og till. fer. Það hafa verið einstaka menn, sem alið hafa á þessu. Sumir þeirra hafa verið trúmenn á gamla vísu, og hefir þeim ógað alt það los og sú sundrug, sem þeir þóttust verða varir við í þjóðkirkjunni á síðari áratugum. Við höfum nú heyrt til eins þeirra, þar sem er hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), og er því ekki að neita, að frá þeirra sjónarmiði er horfið frá gamalli stefnu. En þessi alda, sem hjer hefir gengið yfir í trúmálum, hefir gert vart við sig víðar en hjer, og jeg er þeirra skoðunar, að hún eigi eftir að hjaðna og verða að engu. — Þá eru aðrir, sem vilja aðskilnað af þeim ástæðum, að þeim er illa við kristni og kirkju og álíta rangt, að ríkið verji fje til slíks. Þeir vilja þó á engan hátt meina þeim, sem þetta er einhvers virði, að halda því við; þeir telja sig að eins ekki hafa neinar skyldur til að borga með hinum. Þetta er í sjálfu sjer góð og gild ástæða, og á henni er m. a. álit hv. meiri hl. bygt. Það er allítarlegt, og jeg skal játa, að það gerir till. aðgengilegri en leit út fyrir í fyrstu.

En eins og bent hefir verið á, verður að líta á annað en það, hvort málið sje hugsjónalega rjett. Það verður að athuga það, hvort það sje t í m a b æ r t, hvort það nú hefði meira gott en ilt í för með sjer. Jeg held, að málið hafi lítið fylgi þjóðarinnar sem stendur. Jeg býst því við, að það verði fýluför, þótt stjórninni sje skipað að smala saman

safnaðarfundum til að greiða atkv. um málið. Þessi till. verður stjórninni forsending. En þá eru nokkrir, sem ekki telja skaða að því, að undirbúningur sje gerður. En jeg verð að skoða hann sem þarfleysu. Engar raddir meðal þjóðarinnar hafa hrópað á þennan undirbúning; það mætti bíða með að fyrirskipa hann þangað til að þess yrði æskt.

Þá er að athuga, hvernig ástandið yrði eftir skilnaðinn. Þótt jeg búist engan veginn við, að hann komist á, þá verður þó að reikna með þeim möguleika. Hv. meiri hl. vill, að söfnuðurnir fái kirkjurnar og eitthvað af kirkjueignunum í heimanmund. Og meiri hl. gengur það langt, að vilja leggja þetta til lútherskra safnaða. Það verður því ekki borið honum á brýn, að hann vilji með öllu kasta kirkjunni á gaddinn. En víða hagar svo til hjer á landi, í afskektum og strjálbygðum hjeruðum, að erfitt er að halda uppi fjelagsskap, svo nokkur mynd sje á. Það er öðru máli að gegna í kaupstöðum og fjölbygðum hjeruðum; þar er hægara að halda saman og fleiri til að launa prestinn. Það má heldur ekki marka það, þó ekki hafi heyrst óánægja í Ameríku eða öðrum þjettbygðum löndum, þar sem fríkirkja er. Þar er miklu hægara að halda uppi slíkum fjelagsskap; þar er hvorki efnaskortur nje aðrar tálmanir, sem strjálbygðin hefir í för með sjer, eins og hjer á landi víða. En þó get jeg nefnt þaðan dæmi. Fyrst, meðan íslensku nýlendurnar í Vesturheimi voru í barndómi, þá var við líka erfiðleika að etja eins og hjer á landi, enda var þá prestlaust víða þar, og þeir fáu prestar, sem voru, áttu við mjög bág kjör að búa. Þetta batnaði fyrst, þegar landið fór að byggjast meira og velmegun að vaxa.

Þá er líka við því að búast, að gjöldin verði meiri hjá fríkirkjusöfnuðunum hjer á landi heldur en það, sem þarf til að launa prestinn. Jeg held, að lútherskir söfnuðir mundu ekki til lengdar gera sig ánægða með þessa trúarjátningarlausu guðfræði, sem meiri hl. ætlast til að kend verði á háskólanum. Það hlyti að fara svo, að menn sæju sjer ekki annað fært en að stofna lútherskan prestaskóla, og myndi það drjúgum auka þau framlög, sem söfnuðurnir þyrftu að leggja á sig til kirkjulegra þarfa. Ef söfnuðirnir sæju, að það væri sjer um megn að halda prestaskóla, þá gæti það orðið til þess, að þeir yrðu að sætta sig við ver mentaða presta, eða jafnvel leikprjedikara. — Jeg býst þó við, að úr þessu mundi rætast smátt og smátt; hjer mundu rísa upp menn, sem gátu blásið lífi og anda í trúarlífið og safnaðastarfsemina. En hitt er áreiðanlegt, að byrjunarörðugleikar yrðu, og þeir ekki litlir.

Þá er talað um, að það sje ljettir fyrir ríkið að losna við alt það, sem til presta og kirkju fer, og er það rjett. Það neitar því enginn, að það yrði ljettir. En þá er hins að gæta, að þegar einstaklingar taka á sig jafnmikla aukabyrði eins og hjer verður um að ræða, að halda uppi af eigin ramleik kirkju og kristindómi, þá minkar í raun og veru gjaldþol þeirra til þjóðfjelagsþarfa, sem því nemur, svo þetta ætti að koma nokkuð í sama stað niður. Það væri líka hægt að segja, að ljettir væri fyrir ríkissjóð að losna við að borga læknum, hætta að leggja og kosta vegi o. s. frv. Þetta væri alt ljettir fyrir landssjóð, en hitt er annað mál, hvort hægt væri að kasta því á einstaklingana. (E. A.: Þarna verður að bera saman nauðsyn vega og presta; prestarnir eru líka

vegurinn). Jeg sje ekki, að málið sje tímabært, hvernig sem á það er litið. Þegar raddir fara að heyrast um það með þjóðinni, að hún æski skilnaðar, þá er rjett að taka málið til yfirvegunar, en þá fyrst. Ef svo skilnaðarleiðin verður tekin, tel jeg rjett að viðhafa þá aðferð, sem hv. meiri hl. fer fram á. En áður en slíkt verður gert verður að vera vissa fyrir því, að málið hafi eitthvert fylgi. Þjóðin hefir mörg ráð til að láta í ljós óskir sínar. Henni verður engin skotaskuld úr því. Hún hefir þingmálafundina, og þó ekki sje altaf fult mark takandi á þeim, þá geta þó komið þar svo ótvíræðar óskir, að ekki sje um að villast. En slíkar óskir hafa ekki komið fram, af því að málið hefir ekkert fylgi þjóðarinnar sem stendur. Sje jeg því ekki ástæðu til að vera með tillögunni.

Sveinn Ólafsson: Jeg kann ekki við að falla frá orðinu, enda þótt flestu sje svarað í ræðu hv. frsm. meiri hl. (G. Sv.), sem jeg vildi gera athugasemdir við. Vil jeg því leyfa mjer að drepa á ýmislegt, sem mjer þykir máli skifta.

Jeg varð fyrir vonbrigðum, er jeg las nál. hv. meiri hl.. Mig furðaði mjög á niðurstöðunni hjá honum, og fjekk óbeit á till. hans, er jeg sá, að hann ætlar ríkinu að sleppa hendinni af lúthersku þjóðkirkjunni, en halda svo áfram að styðja ýmiskonar aðrar kirkjudeildir og hlutast til um málefni þeirra á ýmsan veg. Gæti svo farið, að metingur yrði milli þeirra ólíku kirkjudeilda, sem ríkið ætti við að skifta og að nokkru leyti að segja fyrir verkum, því að með því að slíta tengslin milli ríkis og þjóðkirkjunnar er kaþólskum, thesofiskum, spiritistiskum, unitariskum og mormónskum kirkjudeildum boðið til rúms, jafnhliða þeirri lútherskú, og hverskyns öðrum trúarflokkum.

Hv. meiri hl. virðist ekki kominn lengra en það í till. sínum um skilnað ríkis og kirkju, að hann ætlast til, að margar, en lausbeislaðar kirkjudeildir komi í stað þeirrar einnar, sem nú er lögboðin. Hann ætlar ríkinu að sjá öllum fyrir trúarjátningarlausum guðfræðingum og að veita þeim einskonar innsiglun prestsstarfa, staðfesta þá, en svo ætlar hann þessum prestum að hafa störf á hendi fyrir ríkið, svo sem skýrslugerð, og leiðir af því, að prestarnir verða að nokkru leyti starfsmenn ríkisins, en þó söfnuðunum miklu háðari, vegna launanna, en þjóðkirkjuprestarnir eru nú. Auk þessa ætlar meiri hl. söfnuðunum að erfa kirkjubyggingar og lausafje kirkna, jafnvel fjefúlgu að auki fyrir kirkjujarðir þær, sem ríkið á að taka, og þetta alt án tillit til þess, hvaða söfnuðir rísa upp á hverjum stað. Hjer virðist því mega gera ráð fyrir margvíslegum þjóðkirkjum, í stað þeirrar einu, og að Mormónar og Múhameðsdýrkendur geti erft rjettur lúthersku þjóðkirkjunnar og komist undir verndarvæng ríkisins.

Að vísu mun meiri hl. ætlast til, að lútherskir söfnuðir og engir aðrir erfi þjóðkirkjuna, en málið vandast, þegar söfnuður skiftir um trúarjátningu og sleppir þeirri lútherskú, sem auðveldlega getur orðið, þegar ríkið sendir út allan guðfræðingahópinn trúarjátningarlausan. Þá komast eignirnar í hendur þeim trúarflokkum, sem ekki áttu að njóta þeirra.

Ekki verður betra ástandið þar, sem söfnuðir klofna í sundur. Sje þá annar eða einn hlutinn lútherskur, erfir hann

eignina, sem áður var sameiginleg, og kemur þá fram misrjetti milli trúarflokka og þeim lútherska gert hærra undir höfði en öðrum, og hvernig sem að er farið, þá verður þessi afhending eignanna annað tveggja, til þess að viðhalda yfirskynslúthersku á söfnuðunum, eða vekja óánægju hjá þeim, sem öðrum trúmálastefnum fylgja. Yfirleitt virðist allt þetta leiða út í kirkjumálaglundroða: Trúarjátningarlausir prestar, skipaðir af ríkinu til að þjóna söfnuðum með breytilegum eða óþektum trúarbrögðum og hafandi skifti á trúarjátningum eins og fötum sínum, efir því sem við ætti, til að ná í arf gömlu þjóðkirkjunnar.

Jeg held, að þessi nýmóðins fríkirkja, svona í venslum við ríkið, yrði ljeleg eftirmynd þeirrar gömlu þjóðkirkju, og illa mundi jeg kunna því, ef jeg væri í fríkirkjusöfnuði, að ríkið væri að hlutast til um ráðning forstöðumanns eða annað, sem hann snerti.

Jeg verð að líta svo á, að ekki sje gerlegt að taka neina ákvörðun í svona vandasömu máli fyr en búið er að gerhugsa það fyrirkomulag, sem á eftir fer, en það finst mjer hv. meiri hl. ekki hafa gert.

Það á eigi við að tala um það, svo sem hjer hefir verið gert, að þjóðinni sje bannað að segja álit sitt um þetta mál, þótt till. verði eigi samþ. Hver skyldi banna henni að bera fram óskir um það? En hún hefir eigi óskað eftir þessu á síðari árum og eigi falið neinum fulltrúa sinna, svo jeg viti, að þessu sinni, að flytja neitt erindi í anda þessarar till., þótt margvísleg sjeu málefnin, sem þingmálafundaskýrslurnar koma við. Till. virðist ekki komin fram af neinni umhyggju fyrir trúarmálefnum, heldur miklu fremur bera blæ fordildar. Svona erindi á eigi að neyða að þjóðinni, eða reka á eftir henni um framkvæmd þess. Það á að koma fram af frjálsum vilja, og kemur sennilega síðar, þegar hún er undir breytinguna búin.

Að sjálfsögðu líta menn misjafnt á rjettmæti till. þessarar, en hvað sem öðru líður, tel jeg hana að óþörfu fram komna og greiði atkv. gegn henni.

Sigurður Sigurðsson: Jeg verð að gera stutta athugasemd í þessu máli. — Jeg viðurkenni, að aðskilnaður ríkis og kirkju er í sjálfu sjer stórmál; og þarf því engan að undra það, þó að mikið sje um það rætt hjer á þingi. Það er mál, sem hefir margar hliðar, og er margt, sem athuga þarf því til undirbúnings. En að svo komnu skal jeg ekki fara út í það. Það hefir að vísu margt verið sagt hjer í umræðunum, sem ástæða væri til að svara. En jeg ætla ekki að eltast við það, heldur að eins drepa á örfá atriði. Jeg geri ráð fyrir, að hv. frsm. (G. Sv.) taki það nánar til bænar.

Það er eitt atriði, sem margir hafa lagt áherslu á í umr., sem sje það, að ef aðskilnaður ríkis og kirkju yrði lögleiddur, mundi leiða af því, að hjer kæmu fram leikpredikarar í landinu, og talið það ver farið. En þótt svo kynni að fara, þá sje jeg ekki, hvað væri hættulegt við það. Jeg hefi sjálfur átt kost á að heyra leikprjedikara tala erlendis oftar en einu sinni, og jeg get ekki annað sagt en að þeir sumir hjeldu góðar ræður, sem stóðu ekki að baki mörgu því, sem jeg hefi heyrt flutt úr prjedikunarstól hjer heima. Enda er það ekki að furða, því margir leikprjedikaranna eru vel mentaðir menn og gáfaðir. Jeg skal auðvitað ekki for-

taka, að hið gagnstæða geti ekki átt sjer stað, þannig, að leikprjedikarar geri lítið gott. En hinu verður heldur ekki neitað, að sumir þeirra hafa verið með mestu þjóðnytjamönnum, eins og t. d. Niels Hauge, sem svo að segja endurvakti og umskapaði kirkjulegan áhuga í Noregi á sinni tíð. Og mætti nefna fleiri slíka.

Þá hafa sumir borið kviðboga fyrir því, en aftur aðrir hlakkað yfir, að ekki mundi vera neinn verulegur áhugi í landinu fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju. Um það skal jeg engu spá. Hins vegar játa jeg, að ekki hefir borið neitt á slíkum áhuga hjá þjóðinni í blaðagreinum síðustu 10—20 árin. En eins og jeg gat um við 1. umr. þessa máls, þá virðist mjer nú svo komið hjer á landi, að áhugi allur á kirkjumálum sje mjög af skornum skamti. Menn eru fallnir í einskonar andlegt mók eða dvala, og ekki er útlit fyrir, að þeir vakni af þeim svefni fyrst um sinn. — Það kann nú að vera, að slík till., sem hjer er á ferð, geti eitthvað rumskað við mönnum, svo að þeir vöknuðu og færu að gefa gaum að, hvert stefndi. Jeg leyfi mjer að fullyrða, að áhugi á kirkju og hennar málum sje mjög daufur hjá þjóðinni, má ske svo daufur, eins og hæstv. forsætisráðherra (J. M.) komst að orði, að menn mundu alment snúast móti skilnaðinum vegna þess, að þá þyrftu þeir sjálfir að sjá sjer fyrir prestum og annast öll mál kirkjunnar. Ef þetta er ekki andleg deyfð, þá veit jeg ekki hvað það er.

Áhugi í kirkjumálum og trúmálum er sáralítill. Því verður ekki neitað. Og hvernig á annað að vera? Sumstaðar á landinu er ástandið þannig, að ekki er messað nema 2—3 sinnum á ári. Húsvitjanir leggjast niður, og altarisgöngur eru orðnar mjög fátíðar. En alt hefir sínar orsakir, og eins er með þetta. Ræður sumra prestanna okkar eru blátt áfram sagt hreinasta andlegt gutl, hvorki til uppbyggingar þjóðlífinu eða kirkjulífinu, nje ánægju fyrir nokkurn mann að hlusta á. Meðan þessu heldur áfram „fljóta menn sofandi að feigðarósi".

Athugasemd sú, sem jeg vildi gera m. a., er við niðurlagsatriði í nál. meiri hl., um það, hvernig fjárhagnum skuli fyrir komið. Af því að jeg er aðaltill. samþykkur, eins og hún er í eðli sínu, þá er jeg hins vegar algerlega mótfallinn þessu niðurlagsatriði hjá nefndinni, um skifting kirkjueignanna.

Í 1. lið á bls. 6 í nál. er sem sje gert ráð fyrir því, að kirkjurnar skuli afhentar söfnuðunum til eignar og afnota, jafnskjótt og skilnaður kemst á. — Jeg er ósamþykkur þessu. Sumstaðar færi svo, að ekki væri fyr búið að afhenda kirkjuna heldur en hún væri rifin niður til grunna, og viðurinn síðan seldur hæstbjóðanda. Eða þá hitt, að hún fengi að standa að vísu, en væri notuð fyrir fundahús, geymslu, skemmu eða annað þvílíkt. Það kemur því ekki til nokkurra mála að afhenda kirkjurnar til fullrar eignar og umráða. — Annað mál er það, ef ríkið segði við söfnuðina: „Nú lánum við ykkur þessa kirkju gegn því, að henni sje haldið við, til afnota við guðsþjónustur." — Í öðru lagi er jeg alveg mótfallinn því, að söfnuðunum sje afhentur einhver hluti af eignum kirkjunnar. Vitanlega á ríkið eitt að hafa full umráð yfir öllum eignunum. Hitt gæti komið til mála, að aðalkirkjufjelagið (hin evangeliska lútherska kirkja), eða jafnvel fleiri kirkjufjelög, sem kynnu að verða stofnsett, nytu einhverra hlunninda

eða vaxta af eignum kirkjunnar, annaðhvort um óákveðinn tíma eða tiltekið áraskeið. En lengra er ekki hægt að fara í þessu efni. Það er fráleitt í alla staði að búta eignirnar í sundur og afhenda nokkurn hluta þeirra söfnuðunum til fullrar eignar. Auk þess er aðgætandi, að þótt aldrei nema meiri hl. þjóðarinnar aðhyltist aðskilnað ríkis og kirkju nú sem stæði, og hann kæmist til framkvæmda, þá er engan veginn gefið og sagt, að það skipulag hjeldist um aldur og æfi. Alt er breytingum undirorpið í þessum heimi. Og þeir tímar geta komið, að þjóðin æski annars skipulags á þessum málum, sem jafnvel gæti farið í þá átt, að sameina aftur ríki og kirkju. Jeg get heldur ekki sjeð neina ástæðu til, að þetta yrði að ósamkomulagsatriði. Jeg skil ekki, að ríki og kirkja þyrftu að standa í neinu stímabraki, þó að hluti af eignunum verði ekki afhentur. Að endingu vil jeg lýsa því yfir, að mjer finst það eðlilegast, að ríki og kirkja væru aðskilin. — Ef hin kristna kirkja væri það, sem hún gefur sig út fyrir að vera, og á að vera í eðli sínu, þá ætti hún að geta sagt með Kristi: „Mitt ríki er ekki af þessum heimi."

Umr. frestað.

Á 60. fundi í Nd., miðvikudaginn 10. sept., var fram haldið einni umr. um till (A. 129, n. 500 og 501, 541).

Frsm. meiri hl. (Gísli Sveinsson): Eins og menn muna, þá er nú liðið nokkuð síðan mál þetta lá fyrir síðast, og messugerðir hafa legið niðri í þessari hv. sókn, enda er það síst að furða, því að við erum enn þá að hjakka í þjóðkirkjunni.

Fyrst skal jeg þá snúa mjer að hv. minni hl. nefndarinnar, sem er hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.). Hann talaði til skýringar n. sínu, en því hafði jeg beðið eftir, og því ekki lagt út af því í framsöguræðu minni. Gat hann þess, að öldur ófriðarins, sem nú hafa geysað um nokkur ár, hefðu borið fram ýmsar byltingar, sem mörgum þættu varhugaverðar, og er það rjett. En hitt er rangt hjá hv. þm. (Þorst. J.), að þetta mál sje ein af þeim byltingum, sem ófriðurinn hefir vakið. Hann ætti að vita það, að fríkirkjuhreyfingin, eða hreyfingin um aðskilnað ríkis og kirkju, er miklu eldri, og að öllu leyti rósemisspurning, miðuð við byltingar þær, sem af ófriðnum leiða.

Honum þarf því ekki að hrjósa hugur við því, þótt menn vilji nú vita afstöðuna til þessa máls með þjóðinni.

Nú er það tilgangur þessarar till., að þjóðin skeri úr því, hvort hún vill nokkra breytingu á þessu sviði eða ekki.

Hv. frsm. minni hl. (Þorst. J.) taldi líklegast, að hvað ræki annað, ef slík bylting sem þessi væri hafin. En þetta er algerlega talað út í hött, þar sem hjer er ekki um neina byltingu að ræða í sambandi við ófriðinn.

Þá taldi hann það minni hættu að stíga þetta spor á rólegum tíma.

En það eru ekki heldur rjett ummæli, því að hjer er ekki um neitt annað spor að ræða en hefja undirbúning málsins; það er það, sem till. og meiri hl. fer fram á, og í því getur ekki nein hætta verið fólgin. Og í öðru lagi er sjálfgefið, að fullnaðarákvörðun verður engin gerð nema með samþykki meiri hlutans í landinu.

Hv. frsm. minni hl. (Þorst. J.) sagði, að sig hefði undrað það, að þessi till. skyldi koma fram. En þó kemur það

upp úr kafinu, að hann hefir verið skilnaðarmaður til skamms tíma. Það hefir annar hv. þm. upplýst. (Þorst. J.: Hann fór með ósannindi). Getur verið, úr því hv. frsm. (Þorst. J.) neitar, en mjer finst ólíklegt, að menn sjeu að segja þetta, nema það hafi við einhver rök að styðjast.

Hv. frsm. (Þorst. J.) fann ástæðu til að skýra frá störfum nefndarinnar, og sagði meðal annars, að hún hefði ekki haldið nema fáa fundi. En á þetta bar ekki að líta, heldur á hitt, hvernig nál. væri úr garði gert, og enginn getur sagt annað en það sje tiltölulega ítarlegt, saman borið við það, sem nál. eru vön að vera. Hitt var satt, að lítill tími vanst til nefndarstarfa, og þess vegna var tekið upp það ráð, að skiftast aðallega á skriflega, en ekki munnlega. Og var ekki nema sjálfsagt, að jeg, sem skrifari nefndarinnar, skrifaði nál. Og ekki kom það í nál., sem nefndarmenn voru ekki samþykkir. Í þessu sambandi má geta þess, að þótt bæði nefndarmennirnir fjórir, og vafalaust fleiri, fallist á að fylgja till., þá er alls ekki þar með gefið, að þeir sömu menn vildu styðja að því, þegar til kæmi, að aðskilnaður komist á. Þannig er það t. d. með hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.). — Hann hefir sagt, að hann væri ekki búinn að gera upp við sjálfan sig, að hve miklu leyti hann gæti orðið með aðskilnaði, en er samt eindregið með þingsályktunartill., til þess að gefa almenningi kost á að taka nú afstöðu til málsins. Það er því ástæðulaust að beitast fyrir því, að þjóðin fái ekki að láta uppi álit sitt í málinu, hverrar skoðunar sem menn annars kunna að vera. Og það, sem sjerstaklega gerir þetta nauðsynlegt, er bæði ástandið í kirkjunni og sú gagngerða breyting, sem verið er að gera á kjörum þessara embættismanna. Það er því ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að þjóðin fái einmitt nú að taka einhverja afstöðu til málsins og segja til, hvort hún vill ljetta þessari stjett af ríkissjóði eða ekki. Jeg held, að það sje hvorki sjálfsagt eða æskilegt, fyrir hönd þjóðarinnar, að hindra þetta.

Þó að ekki hafi bólað mikið á fríkirkjuhreyfingunni nú síðustu árin, þá er þetta jafnrjettmætt eins fyrir því. Enda er það alls ekki rjett, að fríkirkjuhreyfingin sje útdauð, þó að ekki hafi verið gerðar ályktanir um málið á þingmálafundum nú upp á síðkastið. Hv. þm. fór út í það, að nú væru engar hömlur lengur á trúfrelsi manna, og færði fyrir því þau rök, að meðan eða úr því leyft væri innan þjóðkirkjunnar að kenna alt, þá væri trúfrelsið ekki takmarkað. En þetta er einmitt það, sem ekki er leyfilegt. Og meðan allir eru skyldugir til að halda uppi kirkjunni, þá eru vafalaust margir landsmenn til, sem ekki fella sig við þær kenningar, sem nú eru uppi í þjóðkirkjunni.

Jeg skal ekki neita því, að eins og hv. þm. (Þorst. J.) talaði, virtist hann að vissu leyti „frjálslyndur“, en svo missir hann grundvöllinn, þegar hann vill, að böndin haldist. Frjálslyndi hans lýsir sjer í því, að hann álítur, að hvað megi kenna sem vill. Þetta er rjett, ef ekki væri þjóðkirkja. En meðan hún er, verður það um of, að leyft sje að kenna hvað sem er innan hennar takmarka. Og þar hygg jeg, að fleiri mundu verða á mínu máli en nú hafa komið fram, menn, sem krefðust þess, að kirkja og ríki yrðu aðskilin sem fyrst.

Hv. þm. (Þorst. J.) taldi ekki nóg að vita, hvar fríkirkja væri annarsstaðar á komin, heldur yrði líka að gefa upplýsingar um það, hvernig hún hefði reynst. En upplýsingar um þetta eru að nokkru leyti í nál.; hefir ekkert af því verið rengt, sem þar stendur, og er því vafalaust rjett. Ástandið þar í fríkirkjunni er að minsta kosti eins gott eða betra en trúmálaástandið, eins og það var áður en aðskilnaður komst á. Hv. þm. (Þorst. J.) tók íslensku kirkjuna í Kanada sem dæmi upp á gallaða fríkirkju. En það sannar ekki mikið um allsherjarástandið í Kanada og Bandaríkjunum, eins og hann virðist ætla. Enda eru skiftar skoðanir um það, hvort telja eigi trúmáladeilur til kosta eða ókosta. Jeg fyrir mitt leyti tel trúmáladeilur engan ókost, heldur bera þær miklu fremur vott um líf og fjör innan kirkjunnar og áhuga á andlegum málum. Hv. þm. (Þorst. J.) kvað enga blessun hafa leitt af fríkirkjunni í Frakklandi, en þetta er sagt út í bláinn, því að nú eru víst flestir ánægðir með fríkirkjuna þar. En fyrst var reyndar talsverð óánægja, því aðskilnaði var komið þar á með óvanalegri hörku. Eignirnar voru þar teknar af kirkjunni, og átti þó kaþólska kirkjan þær með nokkrum rjetti, sem aftur verður ekki sagt um lúthersku kirkjuna. —

Svo vildi hv. þm. (Þorst. J.) færa sem mótmæli gegn fríkirkjunni, að óaldarflokkarnir í Rússlandi hefðu tekið þá stefnu upp. En það er fjarri því, að þeir eigi upptökin að þessari hreyfingu þar, því að eins og kunnugt er, hafa jafnaðarmenn, ekki að eins í Rússlandi, heldur og um öll lönd, haft þetta mál á stefnuskrá sinni, svo sem og nál. greinir.

Ýmislegt var það fleira, sem hv. þm. (Þorst. J.) taldi fram, máli sínu til stuðnings, t. d. það, að ástandið í þjóðkirkjunni væri nú svo glæsilegt, að ástæðulaust væri að slíta sambandinu við ríkið. (Þorst. J.: Það sagði jeg aldrei). Hann taldi, að nú væri að vakna nýtt „andlegt“ líf í kirkjunni, sem allir eigi að hlíta, frá hans sjónarmiði. Hann sagði einnig, að íslensku þjóðkirkjunni hefði aukist frjálslyndi á síðustu tímum.

Jeg hefi þegar áður sýnt fram á, að þetta ástand, sem nú ríkir hjer, er ekki ástæða með þjóðkirkjufyrirkomulaginu, heldur á móti því.

Það er alls ekki rjett hjá hv. þm. (Þorst. J.), að kostnaðurinn við kirkjuhald yrði sá sami fyrir ríkið eftir aðskilnaðinn og nú. Þá kosta einstaklingarnir kirkjuhaldið, og verður þá eins með það og mörg önnur fyrirtæki og fjelög, sem einstaklingarnir halda uppi, að ríkinu kemur þetta ekki við lengur fjárhagslega. Og í öðru lagi þurfa þá alls ekki allir ríkisborgarar að borga til þessarar stofnunar, heldur þeir einir, sem vilja.

Jeg hafði bæði bent á það áður í framsöguræðu minni, og eins er það tekið fram í nál. meiri hl., að tilætlunin væri að reisa skorður við því, að hver sem væri gæti gerst prestur í fríkirkjunni. En frsm. minni hl. (Þorst. J.) taldi í ræðu sinni, að svo gæti farið, að allskonar leikprjedikarar gætu komið fram. Náttúrlega verður ekki hægt að banna það fremur þá en nú. En hinu ætti að vera auðvelt að koma í kring, að þeir einir gætu orðið prestar og forstöðumenn safnaða, sem ríkið viðurkendi fullfæra til þess, fyrir mentunar sakir. Og enginn fullgildur söfnuður mundi þykjast geta staðið sig við að hafa óviðurkendan mann að forstöðumanni eða presti.

Jeg hygg það mikinn misskilning, og gagnstætt reynslu manna, ef söfnuðirnir vildu af því einu halda ljelega menn, að þeir væru ódýrastir. Ætla má þvert á móti, að þeir mundu kosta kapps um að hafa þá presta, sem mest álit hafa og öflugust áhrif á trúarlífið. Þá er og rjett að geta þess, að misskilnings hefir gætt í þessu efni hjá háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.), þar sem hann gat þess, að söfnuðir á útkjálkunum mundu útilokaðir frá að halda góða menn. — Þetta getur ekki átt sjer stað, því að reynslan er sú, að þar, sem kirkja er aðskilin frá ríkinu, halda söfnuðurnir saman. Þeir hafa með sjer samband, sem stendur fyrir kirkjumálunum, launar prestunum og heldur öllu saman uppi. Þannig er það annarsstaðar og yrði hjer einnig.

Kirkjufjelögin hafa og sjerstaka skóla og sjóði, sem eigi að eins eru stofnaðir af áhuga, heldur og vegna fjárhagslegs sparnaðar. Viðvíkjandi því má taka fram, að hjer mundi og fara svo, að trúarfjelögin ef til vill kæmu upp sjerskólum, því að háskólinn yrði sameiginlegur. Það gera kirkjufjelögin annarsstaðar, til að halda uppi þeim trúarbrögðum, er þau álíta sönnust og best. En enginn einstakur söfnuður mundi bera uppi skólana, heldur allir söfnuðir þess trúarfjelags í landinu.

Þá komst hv. þm. (Þorl. J.) inn á að tala um söfnuðina í Ameríku.

Það virðist svo, sem menn telji sjer ætíð heimilt, þegar minst er á íslenska söfnuði, að vitna til þess, að menn sjeu ekki sem ánægðastir með fríkirkjufyrirkomulagið vestan hafs. — Það er annars merkilegt, hvað skoðanir manna geta skifst á. Þeir, sem stóðu á öndverðum meið við meiri hl. þar, hjeldu því fram, að prestarnir væru háðir auðkýfingum innan safnaðanna. Að hinu leyti var því og haldið fram, að alt væri á ringulreið innan safnaðanna og prestarnir væru ekkert bundnir, þeir væru of ráðríkir, drægju undir sig völd og mynduðu prestaveldi, þar sem ríkið hefði ekkert með þá að gera.

Þessar tvær mótsetningar geta ekki samrýmst, háðir prestar og einvaldir. Annaðhvort hlýtur að vera rangt, og öllu heldur hvorttveggja. Hitt getur vel verið, að prestarnir verði að sama leyti háðir eins og víða á sjer stað í þjóðkirkjunni, ef efnalitlir eru. Efnalega ósjálfstæðir menn eiga jafnan á hættu að verða öðrum háðir.

Jeg vil ekki vera að tefja tímann um of með því að fara nákvæmlega út í þessar sakir. Jeg hefi drepið á það helsta. Þó hefi jeg ekki enn minst á nál. hv. minni hl. Aðrir hafa gert það, enda var það að mestu í samræmi við ræðu hans, og hefi jeg því svarað því að nokkru.

Jeg verð að leggja áherslu á, að það er algerlega rangt, sem hv. þm. (Þorst. J.) segir í nál. sínu, að það sje vitanlegt, að mikill hluti þjóðarinnar sje aðskilnaðinum mótfallinn. Það er einmitt ekki vitanlegt. Jeg hygg, að hv. þm. (Þorst. J.) hafi ekki athugað setninguna; annars myndi hann hafa sjeð, að hún getur engan veginn staðist. Það hefði mátt segja, að líkindi væru til þess eða hins, en það er engin vissa. Það má því ganga úr skugga um, að þessi setning hv. þm. (Þorst. J.) verður ekki nál. til neins hróss. Auk þess er nál. hans fult af fullyrðingum, sem meira en lítið geta orkað tvímælis. En allar fullyrðingar um vilja þjóðarinnar eru órökstuddar, þar sem hún hefir

ekki látið uppi vilja sinn, og atkvæða hennar hefir ekki enn verið leitað í málinu.

Jeg verð að telja þingmálafundarsamþyktir hafa mjög takmarkað gildi, en skal að öðru leyti ekki fara frekar út í þá sálma.

Þá er hæstv. forsætisráðherra (J. M.), og skal jeg ekki vera margorður í svari mínu til hans. Hann taldi vafasöm þau áhrif, sem skilnaður ríkis og kirkju hefði á trúarlíf manna hjerlendis. Hann vildi benda á dæmi frá Frakklandi. En það sannar ekki neitt. Sú reynsla, sem vanst við uppþot þau, er hjer um ræðir, styður ekki mál hans, því að það voru klerkar, en ekki alþýðan, sem risu öndverðir gegn aðskilnaðinum. Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) spurði, hvort ekki ætti að fara beinustu leið og snúa sjer til safnaðanna með undirbúninginn. Nefndin vill, að stjórnin undirbúi málið, og er hún þar nokkuð sjálfráð. Ein er hlið málsins, sem stjórnin myndi, að því er ætla má, sjerstaklega fást við, og það er fjármálahliðin. Það þarf að gera upp tekjur þær, sem kirkjan nú hefir, og allan kostnað við hana og gjöld, og einnig að gera skrá um allar hinar svo köllúðu kirkjueignir. Slíkar skýrslur eru nú ekki aðgengilegar. Þetta þarf alt nokkurn undirbúning, og hverri stjórn er skylt að vanda til hans hið besta, og alt þetta ætti að vera almenningi kunnugt áður en álits safnaðanna er leitað. Jeg ætlast ekki til, að stjórnin fari að vasast í trúmálahlið málsins, því að það atriði kemur henni ekki við; hún hefir þar og væntanlega sínar skoðanir, eins og aðrir.

Þá vil jeg geta þess, að það er tilætlun nefndarinnar, að fallist söfnuðurnir ekki á framkvæmdir í málinu, þá fari það ekki lengra. Þetta kemur skýrt fram í nál.

Aðrir hv. þm. mintust einnig á það, að málið hefði ekki komið fram á þingmálafundum. Það sannar ekkert. Málið er eins rjettmætt fyrir því, og þinginu er jafnskylt að koma fram með það, þó að þjóðin hafi ekki krafist þess, ef það þykir rjettmætt.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) talaði nokkuð í þessu máli. Virtist mjer það meira í gamni en alvöru, og vil jeg ekki vera að eyða tímann á að svara því.

Hjer er að eins um að ræða ályktun um undirbúning, til þess að gefa þjóðinni kost á að taka afstöðu í málinu. Jeg hefði álitið nóg, að Nd. ein hefði afgreitt slíka ályktun, því að hjer er ekki um úrslit að ræða, heldur að eins að stjórnin geri gangskör að því, að undirbúa málið, með þeim hætti, sem um hefir verið rætt. En nú hefir komið fram brtt. frá hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) um, að málið komi fyrir alt þingið. Jeg sje enga þörf á því, eins og jeg hefi tekið fram, og jeg skal ekki segja um, hvort hv. þm. (S. St.) meinar gott eða ilt með þessari brtt. sinni. Það mun sýna sig síðar, hvað gott leiðir af því. Og víst er um það að hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) ber fulla ábyrgð á afdrifum málsins í Ed., ef illa fer þar, og hætt við, að honum verði þá núið því um nasir Annars ætla jeg að láta það hlutlaust. Jeg tel ekki ástæðu til að stefna málinu til hv. Ed., en hv. þm. ráða sínum atkv.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Jónsson): Jeg ætla ekki að segja mörg orð. Jeg finn ekki, að ástæður mínar í þessu máli hafi verið hraktar. Hv. frsm. meiri hl. (G. Sv.) gat þess, að jeg hefði haldið því fram, að skilnaðarhreyfingin staf-

aði af völdum ófriðarins. En það, sem jeg tók fram, var það, að hætta væri á, að þegar farið væri að hreyfa við föstu skipulagi, svo sem með því að skilja kirkjuna frá ríkinu, þá væri hætta á, að öldur þær, sem ófriðurinn hefði vakið, skyllu inn um það skarð, sem þar yrði á hinu eldra þjóðfjelagsskipulagi, og brytu niður meira og minna það þjóðfjelagsskipulag, sem við höfum nú við að búa. — Þá kom hann að því atriði, að jeg hefði áður verið með aðskilnaði ríkis og kirkju, og meðal annars hefði jeg mælt með því á þingmálafundum, eftir að jeg varð þingmaður.

Jeg minnist ekki, að þetta mál hafi komið til umr. á þingmálafundum síðan jeg varð þingmaður.

Hann sagði og, að jeg hefði talið það óþarfa að bera mál þetta undir þjóðina; það er rjett, en því að eins tel jeg það óþarfa, að jeg er viss um, að þjóðin er algerlega á móti því. En jeg tel það enga hættu, að eins óþarfaumstang. Væri þjóðin því mjög fylgjandi, er ólíklegt annað en að raddir í þá átt hefðu heyrst á síðustu árum. Víst er það mjög ólíklegt, ef þjóðinni væri þetta mikið áhugamál, að ekki hefðu einhversstaðar komið fram áskoranir til þingmannanna um að greiða fyrir því. Því oftast er það svo, að kjósendur skora á þm. sína að fylgja þeim málum, sem þeim (kjósendunum) eru mest alvörumál, jafnvel þó að þm. sjeu áhugasamir. Ef sterkar raddir hefðu heyrst í þessu máli hjá þjóðinni, væri öðru máli að gegna. Hv. þm. (G. Sv.) spáir því, að hreyfing þessa máls hjer á þingi verði til þess, að raddir fari að heyrast. Jeg skal ekki deila um það. Jeg tel það ekkert ólíklegt, að almenningur láti sig málið meira skifta hjer eftir, og skal jeg að eins geta þess, að þær einu raddir, er jeg hefi heyrt um málið, síðan að það var borið fram hjer í hv. deild, eru í þá átt, að aðskilnaður ríkis og kirkju myndi hvorki heppilegur nje tímabær. Þá sagði hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) eitthvað á þá leið, að jeg hefði haldið því fram, að kirkjan mætti kenna alt innan sinna vebanda. En jeg hefi aldrei haldið fram, að kenna mætti það, sem brýtur í bága við kristindóminn og andlegt velsæmi, enda hefi jeg ekki orðið var við, að nútíðarklerkar kendu það, sem bryti í bága við anda kristindómsins, nema ef vera skyldu ófrjálslyndustu prestar um trúmál, því að Kristur var frjálslyndur, og svo á auðvitað sú kirkja að vera, sem kend er við hann.

Þá tók hv. þm. (G. Sv.) fram, að jeg hefði vitnað í íslensku kirkjuna í Kanada, og talið líklegt, að fríkirkjur þær, er hjer yrðu stofnaðar, yrðu líkastar þeim, er landar vorir vestan hafs hefðu komið á fót. Þetta er rjett. Virðist mjer hann halda fram, að það væri vottur um vaxandi trúmálaáhuga, þegar ríki og kirkja skildu. Þar er jeg á öðru máli. Um það, hvort hreyfing þessi hefir orðið til góðs eða ills í Frakklandi, skal jeg ekki þræta; jeg verð að játa, að þar til brestur mig þekkingu. En nýlega sagði mjer fróður maður um þessi efni, að vöknuð væri hreyfing í þá átt í því landi, að sameina aftur kirkju og ríki.

Jeg hefi aldrei sagt, að ástandið væri glæsilegt, eins og það er nú í kirkju okkar, en jeg taldi von með, að þjóðkirkjan væri að endurnýjast.

Athugasemdir þær, er hv. þm. (G. Sv.) gerði við nál. mitt, voru þær, að það væri fult af fullyrðingum. Þarf jeg ekki að svara; slíkur sleggjudómur, er engar röksemdir fylgja, er ekki mjög

hættulegur. En viðvíkjandi því, að þjóðin væri móti skilnaðinum, þá hefi jeg nú talað um það. Viðvíkjandi því, að teflt væri á tvær hættur með því að vísa málinu til Ed., þá verð jeg að telja hann hafa heldur litla trú á áhugasemi þm. og þjóðarinnar, ef hann þorir ekki að hætta á, að Ed. fjalli um málið.

Hv. samþingismaður minn (J. J.) hjelt ræðu, sem snerti þetta mál ekki að neinu leyti. Hann hafði sín venjulegu tök á þessu máli, sem öðrum. Ræða hans var tóm vonska. Það virtist, sem hann vildi ausa yfir mig einhverju, sem hann hafði í fórum sínum, og hann er áreiðanlega auðugur af. Hann hjelt því fram, að jeg hefði snúist í þessu máli síðan jeg kom á þing. Þetta eru ósannindi. Hv. framsögumaður meiri hl. (G. Sv.) sýndi mjer þá kurteisi, að bjóða mjer að vera meðflutningsmaður að till., en því neitaði jeg. — Mig undrar mjög, hví hv. þm. (J. J.) er að fárast yfir, að jeg hafi skift um skoðun. Mig undrar, að hann skuli telja slíkt athugavert; svo oft hefir hann sjálfur haft skoðanaskifti og það á tiltölulega stuttum tíma. En jeg tel það ekki lýti á nokkrum manni, þótt hann skifti um skoðun, ef sannfæring hans og samviska ræður honum til þess. Síst ætla jeg að fara að álasa samþingism. mínum (J. J.) fyrir það, þótt hann skifti um skoðanir, því jeg býst við, að hann hafi gert það að ráði samvisku sinnar, en ekki að ráði neinna einstakra manna, þótt margir hafi álitið, að svo væri, og þótt mörgum hafi þótt skoðanaskifti hans ærið tíð, og ekki ávalt til bóta.

Þar sem hann talaði um æsing í málinu, þá verð jeg að geta þess, að eina æsingaræðan, sem hjer hefir verið flutt í þessu máli, var ræða hans.

Þarf jeg svo ekki að fjölyrða meira um hann; ræða hans kom málinu ekkert við.

Þá sagði háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að hann vildi breyta kirkjunni. Honum líkaði ekki sú kirkja, sem væri eins og „opið hotel fyrir alla“. En jeg tel það betra en að hann væri nokkurskonar „privat“-hús, sem ekki rúmar nema sárfáa útvalda.

Björn Kristjánsson: Jeg tek til máls hjer í dag, af því að mjer finst nauðsynlegt, að sem flestar raddir komi fram í svo mikilsverðu máli sem þessu. Og jeg geri það sjerstaklega til að minna menn á þau gömlu orð, að í „upphafi skyldu menn endinn skoða“. Þessi orð eiga við um alla löggjöf, en ekki síst um þessa. Það er einmitt þetta, sem mjer hefir helst virst skorta á í umræðunum, hversu lítið hefir verið reynt að sýna fram á það, hvað við tæki eftir skilnaðinn, ef hann yrði framkvæmdur. En það er bráðnauðsynlegt að velta þessu fyrir sjer, einkum þar sem þingið á upptökin. Því það gæti þjóðin skilið sem bendingu þingsins um, að þessa leið skyldi fara.

En hvað tekur við?

Hvað tekur við, þegar klofin eru kirkja og ríki? Jeg sje ekki annað en að þjóðin verði á sama tíma prestslaus. Jeg er hræddur um, ekki síst þegar prestakjörin eru nú bætt, að prestar verði tregir til að ganga í þjónustu safnaðanna yfirleitt; þeir munu heldur vilja komast á biðlaun og seinna á eftirlaun. Í fjölmenni, svo sem í Reykjavík, ætti að vísu ekki að þurfa að óttast þetta, en úti um land er jeg hræddur um það. Þá yrði ríkið að sjá fyrir nýjum prestaefnum. En þar strandar líka. Því þegar útlit er fyrir skilnaði, er hætt við, að enginn ungur maður vildi sækja

sjer fræðslu í guðfræðideild háskólans. Jeg er líka hræddur um, að trúfræðikensla einnar slíkrar deildar kæmi ekki öllum trúarflokkum að notum, en efast hins vegar um, að hvert trúfjelag hefði ráð á að hafa skóla fyrir sig. Mönnum mundi vafalaust finnast það fullmikið að borga presti sínum sómasamlega, þó ekki bættist þar við kostnaður við skólahald. Það er því öll ástæða til að efa það, að þjóðin fái lærða presta, eða að menn vilji leggja á sig kostnaðarmikinn og langan lærdóm, til að eiga stöðu sína á eftir undir almenningi, eins og hann gerist. Þetta gæti því orðið til þess, að þjóðin afvendist því, að leggja fram fje til að fræðast um trúmál. En það væri illa farið. Því ekkert er skaðlegra en það, ef ómentaðir menn gerðust trúmálafræðarar, enda hefir það gefist illa annarsstaðar.

Jeg get yfirleitt ekki hugsað mjer skilnaðinn skaðlaust fyrir þjóðina, nema með svo ríkum skilyrðum, að þau bindi kirkjuna ekkert minna en hún er nú bundin. Í fyrsta lagi held jeg, að kirkjurnar eða söfnuðirnir yrðu að halda ákveðinni, sameiginlegri trúarstefnu, eins og áður. Enda hefir farið svo um fríkirkjuna til þessa, að hún hefir haldið hjer gömlu trúarstefnunni. En stefna kirkjunnar má ekki vera alt of þröngsýn, — kirkjan verður að vera rúmgóð. (S. St.: Hvað rúmgóð?). Kristindómurinn hefir á seinni árum lifað á því, að kirkjan var rúmgóð, hætti of mikilli þröngsýni.

Í öðru lagi verð jeg að álíta það skilyrði fyrir skilnaðinum, að allar kirkjueignir verði afhentar fríkirkjunni og jafnvel talsvert í ofanálag. Enn fremur að þjóðin, eða ríkið, ákveði lágmark á launum presta, og að söfnuðurnir legðu í sameiginlegan eftirlaunasjóð þeirra. Enn fremur yrði kirkjan sennilega að hafa sinn yfirmann eftir sem áður, hver sem borgaði honum. Yfirhöfuð verður að ganga svo frá trúfræðslunni, að henni sje ekki miður borgið en áður.

Jeg mundi auðvitað fús að fylgja skilnaðinum, ef jeg sæi, að hann væri til bóta. En jeg sje það ekki. Menn tala um frelsi í trúmálum — og á því er alt bygt. En hvers vegna geta menn ekki verið frjálsir, þó að þeir telji sig til ákveðins trúarfjelags? Þjóðkirkjan neyðir engan, og getur ekki neytt, til að trúa þessu eða hinu. Og það yrði líka erfitt að búa til frikirkju eftir allra höfði. Jafnvel þó að ein trúarskoðun ríki í dag í einhverjum fríkirkjusöfnuði, getur hún verið alt önnur á morgun, og því tvístrað söfnuðinum. En jeg lít kann ske á kirkjuna nokkuð öðrum augum en menn alment. Jeg skoða hana sem einskonar almenna mentastofnun, einskonar háskóla, þar sem mönnum er frjálst að fræðast og frjálst að dæma um fræðsluna. Ætlunarverk kirkjunnar, að minsta kosti í seinni tíð, mun vera fremur að vekja menn til umhugsunar um trúmál, að vekja guðsneistann í manninum sjálfum, en ekki að neyða upp á menn ákveðnum trúarkreddum. Þess vegna verður kirkjan að vera frjáls og rúmgóð. Annars getur hún ekki vakið. En á síðari tímum hefir kirkjan einmitt beinst að því meira og meira að vekja. Þó er talað um deyfð í kirkjunni. Og það er rjett. Á síðari árum er minna hugsað um trúmál en þegar jeg var ungur. En til alls þessa eru gildar ástæður, og sú mesta, hvað prestar hafa verið sveltir, svo að þeir verða að hafa prestsverkin í hjáverkum, því þeirra kröfur til framfærslu hafa vaxið, eins og annara, því

allir verða þó fyrst að geta lifað. Sú jafnaðarstefna hefir líka verið tekin upp á síðkastið, að launa öllum prestum jafnt — góðum og ljelegum. Við það hafa merkisprestarnir horfið, því að þeir hafa ekki borið hærra úr býtum en hinir. Það hefir heldur ekki gefist vel að hafa veitingarvaldið í höndum alþýðu — og ver en gamla fyrirkomulagið. Það stríddi á móti því, að merkisprestarnir gætu notið sín.

Jeg held, að það væri best gert fyrir trúmálin hjer að auka möguleikana til að vekja — bæði presta og aðra. En það verður gert með því, að senda bestu andans menn um landið, til að halda fyrirlestra og prjedikanir. (G. Sv.: Hverjir eru mestu andans menn?). Það á stjórnin að vita í hvert skifti.

Annars læt jeg mjer óviðkomandi að svara hv. frsm. (G. Sv.) eða öðrum. Jeg vildi að eins koma með þessar almennu athugasemdir, því jeg er hræddur um, að menn hafi ekki í þessu máli skoðað endinn í upphafinu. Að minsta kosti finst mjer rjettast að halda gamla fyrirkomulaginu meðan annað betra er ekki fundið í staðinn. Jeg veit að vísu alveg fallist á álit hv. meiri hl. um það, hvernig fara eigi að því að skilja, en hitt vantar, hvað við tekur á eftir.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þgskj. 501, frá minni hl. kirkjunefndar, feld með 11 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. G., P. J., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. K., E. Árna., H. K., Ó. B.

nei: M. P., M. Ó., P. O., P. Þ., S. S., S. St., Þór. J., B. Sv., G. Sv., J. J., J. B.

Fjórir þm. (B. Sv., B. J., E. J., J. M.) fjarstaddir.

Brtt. 541. samþ. með 14 : 5 atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. P., M. Ó., P. O., P. Þ., S. S., S. St., Þór. J., B. Sv., B. St., G. Sv., J. J., J. B.

nei: P. J., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. K., E. Árna., H. K., M. G., Ó. B.

Fjórir þm. (B. J., E. A., E. J., J. M.) fjarstaddir.

Till. afgr. til Ed.

Á 54. fundi í Ed., fimtudaginn 11. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um undirbúning skilnaðar ríkis og kirkju,

eins og hún var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 777).

Á 55. fundi í Ed., laugardaginn 13. sept., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 57. fundi í Ed., þriðjudaginn 16. sept., var till. tekin til einnar umr. (A. 777).

Kristinn Daníelsson: Jeg get ekki neitað því, að jeg undraðist nokkuð — og undraðist þó ekki — þegar jeg sá þessa till. koma fram. Jeg undraðist að sjá hana koma fram á þessum tímum, þeg-

ar engin rödd hefir komið fram um skilnað ríkis og kirkju hjá þjóðinni, á þessum tímum, þegar stór verkefni, sem bíða bráðrar úrlausnar, umkringja þingið á alla vegu, þar sem aftur á móti engum mun blandast hugur um, að enginn bagi sje, þótt þetta mál biði nokkuð. Jeg bjóst við, að ef til vildi hefðu einhverjar skilnaðarraddir komið fram í kjördæmi háttv. aðalflutnm. (G. Sv.), en þegar jeg fór að grenslast eftir því, kom í ljós, að svo hefir ekki verið þar, frekar en annarsstaðar. En hins vegar þarf það þó ekki að vera svo undarlegt, að þessi till. er komin fram. Mjer hefir skilist af blaðagreinum og ýmsum ummælum — jeg er fús að gera afsökun, ef það er misskilningur — að hv. aðalflutnm. (G. Sv.) hafi fremur ímugust á kirkjunni yfir höfuð og starfsemi hennar, og munu þar liggja orsakirnar til, að till. er fram komin. Óskirnar um skilnað ríkis og kirkju hafa aðallega komið frá þeim mönnum, sem eru fráhverfir kirkju og kristindómi, þó að stundum hafi svo undarlega við brugðið, að saman við þá hafa tekið höndum strangkirkjulegustu menn, sem mestan áhuga hafa á kirkjulegum málum, en reynst hafa einatt harðir í garð frjálslyndari hreyfinga. Andstæðurnar hafa því tekið saman um þetta mál.

Það hefir verið talin fyrsta ástæðan, að háværar óskir hafi komið fram um skilnað ríkis og kirkju, en þessar háværu óskir hefi jeg ekki orðið var við. Jeg veit ekki til, að neitt sje hægt að benda á í þá átt, nema þingsál.till., sem samþykt var á þingi 1909, um að skora á stjórnina að koma því máli á framfæri. En stjórnin hefir aldrei sint því að neinu, og ekki var áhuginn meiri en það, að enginn hefir vitt hana fyrir það, en venjulega er þó ekki legið á útásetningurinn í garð stjórnarinnar, þegar ástæða þykir til. Og annað, sem nefna má, er það, að form. kirkjumálanefndarinnar 1904 tjáði sig einn í nefndinni fylgjandi skilnaði ríkis og kirju, án þess þó að koma með neina ákveðna tillögu um það, eða að það hafi fyr nje síðar orðið tilefni til neinnar hreyfingar á málinu.

Þá á það að vera ein aðalástæða, að trúarbrögðin sjeu einkamál manna og óskyld öðrum þjóðfjelagsmálum, sem ríkisvaldið hafi afskifti af. Þessu er þá líka haldið fram nú. Í nefndaráliti meiri hl. í hv. Nd. var í ógnarlega læriföðurlegum tón reynt að sýna fram á, að trúarkend sú, sem er rót alls átrúnaðar—eins og þar stendur — sje með því eðli, að ríkisvaldið megi ekki koma þar nærri.

Þar stendur—með leyfi hæstv. forseta —: „Það gefur að skilja, að t i l f i n n i n g ræður hjer mestu, en tilfinningar eru framar öllu öðru skapaðar til þess að vera e i n k a m á l manna. Einkamál krefjast frelsis; þau eru vje einstaklinganna, sem ríkisvald má ekki blanda sjer í eða leggja hömlur á."

Hjer hefði eins mátt standa, að trúarkend og tilfinning manna eru framar öllu öðru skapaðar til að hafa áhrif á öll siðferðismál, en siðferðismál eru undirstaða mannfjelags og góðrar þjóðfjelagsskipunar. Þess vegna verður ríkisvaldið að veita þeim málum hina nákvæmustu athygli, vera viðbúið að leiða á því sviði, ekki síður en öðrum, og styðja þær stefnur, sem reynslan staðfestir og almannasamþykki viðurkennir að eru hollastar.

Nei, nú á tímum ætlast enginn til, að ríkisvaldið leggi hömlur eða frelsishöft á trúarkendir manna eða átrúnað, held-

ur styrki hann og taki í þjónustu þjóðfjelagsins.

En því er haldið fram, að trúarbragðafrelsið sje eitthvað skert með sambandi kirkjunnar við ríkið. Það er sagt, að trúarbragðafrelsið, sem stjórnarskráin veitir með annari hendi, sje tekið með hinni. Með því að halda uppi gjaldskyldu, í sambandi við trúmálin, þá sje „ekki um trúarbragðafrelsi að ræða í rjettum skilningi"; — gjaldskyldan sje slagbrandur fyrir því frelsi. Jeg fæ nú ekki betur sjeð en að gjaldskyldan sje enginn slíkur slagbrandur, og að þetta alt sje heimildarlaus og órökrjett ályktun, — trúarbragðafrelsi tekið í röngum skilningi. — Jeg vil nú fyrst minna á það, að stjórnarskráin nefnir hvergi trúarbragðafrelsi, enda er það algerður óþarfi, því að trúarbragðafrelsið í rjettum skilningi — trúar- og hugsunarfrelsi — er nú á tímum orðin fullkomin eign allra, sem enginn getur svift þá, eins og ljósið og loftið, og margir kynnu nú að vilja bæta við vatnið, sem engum dettur í hug að meina neinum.

Hitt gerir stjórnarskráin — um leið og hún byggir á þeirri staðreynd, að lútherska kirkjan er þjóðkirkja á Íslandi — að hún tryggir öðrum heimild til að stofna trúarfjelög út af fyrir sig; og þau fjelög eru eigi skyld að gjalda til þjóðkirkjunnar, og hún gengur jafnvel svo langt, að þó að maður utan þjóðkirkjunnar sje í engu trúarfjelagi, skal hann samt eigi gjaldskyldur til kirkjunnar, ef það stríðir á móti sannfæringu hans.

En að menn annars verði að gjalda til stofnunar, sem þjóðin telur svo nýta, að hún vill og ákveður að halda henni uppi með slíkum hætti, sem öðrum þjóðnytjastofnunum og fyrirtækjum, það fæ jeg eigi sjeð að sje ósanngjarnt eða órjettara en að verða að gjalda skatta sína til annara þjóðnytjastofnana, vega, brúa, skóla og embættismanna, eða segjum flugvjela, þó að þeir hafi þá sjerskoðun, að eitthvað af þessu sje óþarft eða jafnvel til ógagns. Enginn meinar þeim að hafa sína skoðun, en enginn telur þó frelsi þeirra heft, þótt þeir í notum þess, að þeir njóta verndar og gæða þjóðfjelagsins, verði að láta það ráða, til hvers tillögum þeirra í þjóðfjelagsþarfir er varið.

Jeg sje eigi betur en að maður, sem ekkert vill gjalda í hreppavegasjóð, geti með sama rjetti heimtað að greiða tillag sitt í háskólasjóð.

Alt öðru máli væri að gegna, ef kirkjan væri eigi talin þjóðnýt stofnun. Þá hefði jeg ekkert að segja, enda fjelli þá alt um sjálft sig; en það dettur tillögumönnum, eða tillögumanni, alls ekki í hug. Þeir vita, að kirkjulaus yrði þjóðin ekki, en ætla að varpa á hana því feiknastarfi, — jafnvandasömu sem miklu, þegar kirkjan væri slitin úr marga alda sambandi sínu við ríkið, og óstudd af þeim skipulagsmeðulum, sem það hefir yfir að ráða — að koma frá rótum nýrri skipun á kirkjuna og ráða fram úr öllum þeim margháttuðu erfiðleikum, sem þar yrði að mæta.

Nei, trúarbragðafrelsið er í engri hættu statt vegna sambands kirkjunnar við ríkið. — Fríkirkja, skilin við ríkið, tryggir ekki betur það frelsi, nema ef til vill síður sje. — Þröngsýni og hugsanaþvingun er hvergi meiri en í sumum fríkirkjusöfnuðunum.

Það er satt, að nú óska margir eftir að hafa frjálsa kirkju, það er að segja þjóðkirkju með frjálsri hugsun og eðlilegri þróun, og frelsi til að ráða sjálf málum sínum, yfirleitt frelsi, sem jeg

fæ ekki sjeð, að frjálst ríki mætti telja sjer ósamboðið að styðja. En það er hinn mesti misskilningur, að slíkt frjálslyndi geti ekki átt sjer stað nema í fríkirkju. En það er einmitt talin ein aðalástæðan fyrir þessu máli af flutningsmönnum eða höfundi meiri hluta álitsins, að slíkt frjálslyndi hefir tekið að gera vart við sig.

Hann telur eina helstu ástæðuna „ástandið í kirkjunni sjálfri, sundrung og stefnubreytingar, nýjar hreyfingar og óskyldar lútherskunni, að því er flestum þykir.“ —

Í fyrsta lagi er þetta: „að flestum þykir“, ósannað mál, en úr því þessum mönnum annars er svo ant um lútherskuna, hvers vegna þá skilja? Það er í hæsta máta ólútherskt. Lúther sjálfur leitaði kirkju sinni verndar og styrks í sambandi við ríkið. Og hve nær hefir kirkjan verið svo með nokkru lífsmarki, að ekki væru nýjar hreyfingar, sem af einhverjum hafa verið taldar með öllu óskyldari hinni ríkjandi stefnu? Það hygg jeg að aldrei hafi verið, nema kann ske á allra mestu drotnunartimum kaþólskunnar. — Annars ætla jeg — með leyfi hæstv. forseta — að lesa upp hin ágætlega vel sögðu orð í áliti minni hl. í Nd. um ástandið: „Íslensku þjóðkirkjunni hefir aukist mjög frjálslyndi á síðustu tímum. Guðfræðisdeild háskólans hefir verið skipuð mönnum, sem hafa rýmkað sjóndeildarhring hennar. Kirkjan hefir þar með fengið lífsloft og hefir samþýðst nýrri menningu og framþróun. Ný trúarvakning hefir orðið í landinu, og margt bendir til, að nýtt líf sje að færast í kirkjuna, en það gefur aftur von um, að þjóðkirkjan muni enn geta orðið ein sterkasta stoð undir menningu þjóðarinnar. Þetta mun mega telja aðalástæðu fyrir því, að skilnaðarhugmyndin hafi mist fylgi.“

Undir þessi orð vil jeg taka og gera þau að öllu leyti að mínum orðum. Það gæti verið ástæða til að fara fleiri orðum um þessa trúarhreyfingu, en jeg býst við, að hv. deild sje mest þægð í, á þessu stigi málsins, að því sje slept. Enda vona jeg, að hún hafi þá gætni til að bera, að hún eigi samþykki jafnlitið hugsað mál og þetta.

Þá er eftir það, sem er talin ein aðalástæða þessa máls, og ef til vill er aðalástæðan, en það er kostnaðurinn. Það má til sanns vegar færa, að þetta sje, eins og í nál. segir, einmitt nú „sjerstök“ ástæða, þegar verið er að hækka laun embættismanna ríkisins, og þar á meðal prestanna, og nú í fyrsta sinn sýndur litur á að gera það, sem allar aðrar þjóðir hafa fyrir löngu gert, að láta þá njóta svipaðs rjettar sem aðra starfsmenn ríkisins. En þess ber á hinn bóginn að gæta, að þótt þessum kostnaði, launum prestastjettarinnar, væri ljett af, þá kæmi sá kostnaður á þjóðina í annari mynd, því að enginn gerir ráð fyrir, að prestastjettin hyrfi úr sögunni. Hún mundi verða við lýði eftir sem áður og þurfa sín laun og fá þau, en þau mundu koma ójafnara niður, og alt verða erfiðara viðfangs. Þar við bætist það, að hætt er við, að starfsemi prestastjettarinnar með því fyrirkomulagi yrði ávaxtarýrari fyrir andlegt líf þjóðarinnar, menningu hennar og siðgæði.

Það er svo að sjá, sem flytjendur þessa máls yfirhöfuð hafi gleymt þeim tveimur höfuðatriðum: Hvað tekur við, og með hvoru fyrirkomulaginu verður trúarlífið heilbrigðara?

Enginn getur nú neitað því, að með

skilnaði ríkis og kirkju er opnað hlið fyrir óhollara og óþjóðlegra kirkjulífi, en að rekja það hjer yrði of langt mál, og skal jeg því eigi fara frekar út í það.

Í nál. er vitnað til kirkjufyrirkomulangsins í öðrum löndum, en sú skýrsla er næsta óábyggileg, skýringarlítil og villandi, svo að ekki sje meira sagt. Það er alveg rjett, að mjög mikilsvert getur verið í þessu máli að hafa skýrslu um fyrirkomulagið hjá öðrum og hvernig það gefst. Það fann kirkjumálanefndin danska og hlutaðist til um samning slíkrar skýrslu; var það heil bók, rituð af lærðum sjerfræðing, um skipulagið í mótmælendakirkjum, því að af kaþólskum kirkjum getum vjer lítið haft að læra í meðferð þessa máls. Mjer hefir að vísu ekki unnist tími til að kryfja þessa skýrslu nefndarálitsins til mergjar, en jeg skal þó leyfa mjer að benda á fáein atriði.

Á kirkjufyrirkomulaginu í Vesturheimi er næsta lítið að byggja í þessu sambandi. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að þar er þjóðablendingur meiri en á sjer stað nokkursstaðar annarsstaðar um víðan heim, og þegar af þeirri ástæðu er sameinuð ríkiskirkja þar lítt hugsanleg. Á Norðurlöndum hefir samband ríkis og kirkju aldrei verið fastara en nú, og sama er að segja um Finnland, og undanskil jeg þá skoðanir jafnaðarmanna á kirkjumálum, sem jeg tel óviðkomandi í þessu máli. Á Hollandi eru prestar launaðir að mestu af ríkisfje. Í Belgíu er kirkjan að vísu mjög sjálfstæð, en er þó ríkisstofnun, og fer mjög vel á því.

Þá segir í nefndarálitinu, að menn uni vel við fyrirkomulagið á Frakklandi, síðan þar varð skilnaður ríkis og kirkju, en það er alls ósönnuð og ósennileg staðhæfing. Meira að segja er sú saga sögð, að Clemenceau hafi sagt við erkibiskupinn í París, að nú gæti verið tækifæri til að sameina aftur.

Þá er of snemt að telja daga þjóðkirkjunnar talda á Þýskalandi; enn þá er ómögulegt að gera sjer nokkra grein fyrir, hvernig fyrirkomulagið muni verða þar, en nái betri hlið þýsku þjóðarinnar yfirtökunum, eru einmitt líkur til þess, að þjóðkirkjan eigi þar langan aldur, þó að nú sje alt á ringulreið. Af ástandinu í Rússlandi og Ungverjalandi má nærri geta, að ekkert er hægt að marka, eins og alt er þar nú í uppnámi, eða yfir höfuð af því, hvað æstustu jafnaðarmenn og bolsjevíkar ætla fyrir sjer um kirkjumál.

Í nál. er því haldið fram, að reynslan sýni, að trúmálaáhugi glæðist við aðskilnað ríkis og kirkju, en það get jeg alls ekki fallist á. Mjer kemur ekki til hugar að neita því, að skilnaðurinn yrði sumum mönnum hvöt til þess að gefa sig meira við trúmálum en þeir gera meðan alt er í sínum gömlu skorðum, en það mundu að eins verða undantekningar, og jeg hygg, að verkunin af skilnaðinum mundi einmitt verða alveg gagnstæð. En annars er alt, sem um þetta er sagt, einberar staðhæfingar, því að engum sönnunum er til að dreifa.

Ef í þessu efni ætti eftir nokkru að fara, þá væri rjettara að marka vora eigin reynslu, og hún bendir alls ekki á, að staðhæfing meiri hl. nefndarálitsins sje á rökum bygð, því að því fer fjarri, að trúmálaáhugi fríkirkjusafnaðanna hjer á landi hafi reynst meiri en í söfnuðum þjóðkirkjunnar. Af vorri eigin reynslu virðist því þvert á móti mega draga þá ályktun, að skilnaðurinn mundi alls ekki draga úr þeirri deyfð í trúmálalífi þjóðarinnar, sem mörgum

er svo tíðrætt um, en jeg get tekið undir með minni hl. og sagt, að alls ekki er eins mikil og orð er gert á.

Í nál. meiri hl. er því haldið fram, að engin knýjandi þörf sje til þess, að ríkið fyrirskipi sjerstök trúarbrögð. En þetta er hreint og beint villandi. Það veit hvert barn, að ríkið fyrirskipar ekkert um trúarbrögðin. En jeg skal fúslega kannast við, að jeg tel fulla þörf á því, að ríkið hafi hönd í bagga með þeirri kirkju, sem á að gagnsýra þjóðlífið, enda hefir sjálf nefndin sjeð þetta, því að hún ætlast þó til, þrátt fyrir alt, að ríkið eigi að sjá henni fyrir háskólamentuðum prestum, og tel jeg henni það til gildis, þótt það samrýmist ekki röksemdum hennar, ef þær eru raktar til rótar.

Jeg bið hv. þingdm. afsökunar á því, að jeg hefi orðið svo fjölorður, en mjer finst, að jeg hefði þurft að segja þúsund sinnum fleira um þetta mikla mál, þegar með ljettúðugri hendi á að slíta aldagömul bönd, sem svo margar af bestu og mestu endurminningum þjóðarinnar eru tengdar við.

Jeg ætla ekki að svo stöddu að fara út í fyrirhugaða framkvæmd málsins; til þess er ekki tími, og varla tilefni, að þessu sinni.

Í hv. Nd. vantaði eitt atkv. til þess, að till. væri feld. Jeg leyfi mjer að leggja til og vona, að þessi hv. deild leggi það til, sem á vantaði þar, og málið sje þar með úr sögunni um sinn.

Til stuðnings því, að till. sje ekki leyft fram að ganga, skal jeg leyfa mjer að taka fram, að þjóðin hefir enga ósk látið í ljós um skilnað ríkis og kirkju, að skilnaðurinn mundi leggja þjóðinni ósegjanlegan vanda á herðar og að hann mundi, að minni skoðun, vafalaust valda afturför fyrir andlegt líf þjóðarinnar, og ef til vill óbætanlegu tjóni, ef hann næði fram að ganga.

Það getur ekki verið nægileg ástæða til þess að greiða atkv. með þessari till., að þjóðin fái með því móti tækifæri til þess að láta skoðanir sínar í ljós og kveða niður þær raddir, sem hafa heyrst um skilnað ríkis og kirkju, svo ekki sje verið að ympra á því máli í óþökk hennar, því atkv. þm. með till. verður ekki lagt öðruvísi út en svo, að hann sje málinu fylgjandi, og sje hann það ekki, getur hann ekki heldur greitt till. atkv. sitt. Í þessu máli á það ekki að vera þingið, sem kemur þjóðinni af stað, heldur þjóðin, sem kemur þinginu til þess að hefjast handa. En það er á allra vitorði, að hún hefir ekkert slíkt gert.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) hefir nú tekið flest það fram, er jeg vildi sagt hafa. Jeg skal því ekki þreyta háttv. þm. á að endurtaka það, en vildi einkanlega fara örfáum orðum um formhlið málsins.

Þingsályktunartill. þessi var borin fram í hv. Nd. af 11 þm., og þá ætlast til, að hún kæmi að eins frá þeirri deild. En hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) kom fram með brtt. þess efnis, að till. kæmi frá báðum deildum, eða þinginu í heild sinni. Var sú brtt. samþ., og því er till. hingað komin.

Jeg er þeirrar skoðunar, að í raun og veru bresti þingið, sem stendur, umboð kjósenda til þess að fara með mál þetta. Jeg álít, að þm. hafi umboð kjósenda til að fara með tiltekin mál, stærri mál, og að vísu einnig þau ótiltekin smærri mál, sem fram kunna að koma. En komi stórmál fram, sem þjóðin hef-

ir ekki látið í ljós álit sitt um, álít jeg, að þm. eigi ekki að róta við þeim, nema að annaðhvort sje um auðsæja hættu að tefla, ef þeim er ekki hreyft, eða það hafi augljósan hagnað í för með sjer að hreyfa þeim. En hvorugt þetta á sjer stað hjer, svo nokkur sennileg rök renni til.

En ef litið er á till. sjálfa, er hún óaðgengileg, hvað formhlið hennar viðvíkur. Og sama er að segja um greinargerðina, þó að hún hafi ekkert gildi gagnvart stjórninni, heldur eigi að eins að vera henni til stuðnings. Vitanlega verður það næsti kirkju- og kenslumálaráðherra, sem tillögu þessari er beint til, ef hún verður samþ., en það verður erfitt fyrir hann að fara eftir henni, þar sem hún er ekki sundurliðuð, auk þess sem nú lítur út fyrir, að kirkja og ríki verði tengd enn fastar saman en áður, þar sem verið er að bæta upp laun presta, svo búast má við, að ekki verði önnur eins prestaekla og verið hefir.

Um efni málsins skal jeg ekki tala mikið; það hefir hv. 2. þm. G.-K. (K. D.) gert, enda yrði of langt mál, ef farið væri út í það. En jeg skil ekki annað en að það hafi lakari áhrif á siðgæði og menningu þessarar þjóðar, ef farið verður nú að rjúka í skilnað ríkis og kirkju. — Þarf jeg ekki að færa nein sjerstök rök fyrir þessari staðhæfingu minni, því hv. þm. eru þýðingu þjóðkirkju vorrar, fyr og síðar, kunnugri en svo, að þess gerist þörf. Eftir minni skoðun á kirkjan að vera „konservativari“ en margt annað, svo hún geti staðið óhögguð fyrir hverjum kenningarþyt. Þar með er ekki sagt, að hún eigi að vera steingerfingur, og vitna jeg þá í það, sem sagt hefir verið á síðustu tímum, þó ekki undirskrifi jeg það alt. Kirkjan á að geta tileinkað sjer það besta á hverjum tíma, svo að hún verði langlíf og geti leitt þjóðina inn á hærra siðferðis- og menningarstig.

Jeg vona, að till. þessi nái ekki fram að ganga. Þessi þytur gæti þó ef til vill orðið til þess, að þjóðin færi að hugsa um málið og láta skoðun sína í ljós um það á þingmálafundum, og er ekkert á móti því. Þegar hún hefir gert það nokkuð alment, þá er fyrst komið til kasta þingsins að taka málefni þetta til meðferðar.

Eggert Pálsson: Þó að jeg hafi beðið um orðið, er það ekki til þess að fara að halda neina dómadagsræðu um till. Hv. þm. er kunnugt um, að jeg hefi engan tíma haft til undirbúnings; tel líka óþarft að fara að halda prjedikun um það, hvort muni þjóðinni meira virði, að hafa fríkirkju eða þjóðkirkju. Jeg álít, að um slíkt eigi að deila annarsstaðar en hjer, í þessari hv. deild. Það kæmi þá fyrst til, er frv. um skilnað ríkis og kirkju stæði fyrir dyrum. En því er engan veginn svo farið.

Hvort sem jeg tel fríkirkju eða þjóðkirkju heillavænlegri með þjóðinni, get jeg greitt atkv. um till., enda finst mjer hún gefa enga ástæðu til að kveða upp með það, hvort fyrirkomulagið þm. telji betra.

Sumir af flm. till. telja sjálfsagt fríkirkju hollari, en jeg er ekki í vafa um, að sumir af þeim hv. þm. í Nd., sem greiddu till. atkv., munu ekki líta svo á, að þjóðkirkjan sje búin að spilla svo fyrir sjer, eða vinna sjer svo til óhelgi, að hún eigi ekki rjett á sjer. En ef helmingur þjóðkjörinni þm. væri þeirrar skoðunar, að best væri að losna við kirkjuna, er sennilegt, að þjóðin væri svipaðrar skoðunar. En jeg býst frekar

við, að enn sem komið er sje hvorki þing nje þjóð þeirrar skoðunar, og þykist enda viss um, að margir háttv. þm., sem greitt hafa atkv. með till., líta svo á, að þjóðkirkja sje engu síðri en fríkirkja.

En því verður ekki neitað, að oft hefir andað kalt í garð þjóðkirkjunnar, bæði utan þings og innan. Hvernig meiri hl. þjóðarinnar lítur á málið, ef um skilnað ríkis og kirkju væri að tefla, hefir verið og er enn deilt um. En væri svona till. borin upp fyrir þjóðinni, væri hún neydd til að taka afstöðu í málinu. Þá yrði hún að gera sjer skýra grein fyrir því, hvort hún telur kirkjur og presta nauðsynlega eða ekki. Þetta tel jeg mikils um vert.

Væri þessi till. borin upp fyrir þjóðinni, þannig, að hún fengi ljósan skilning á því, að um tvent væri að velja, annaðhvort að hafa áfram ríkiskirkju með þeim kostnaði, sem hún óhjákvæmilega hlýtur að hafa í för með sjer, eða fríkirkju, sem ljetta mundi á landssjóðnum gjöldum, hvort sem það fyrirkomulag yrði henni í sjálfu sjer kostnaðarminna en það, sem er, þá teldi jeg mikið unnið. Með því móti kæmi skýrast í ljós, hvern hug hún bæri til kirkjunnar og þar með prestastjettar landsins.

Fjelli úrskurður hennar á þá leið, að hún vildi skilnaðinn, benti það í þá átt, að kirkjan, eins og henni nú er háttað, gerði, að hennar áliti, mjög lítið gagn.

Yrði hin skoðunin ofan á, mundi þjóðin, fyrir atkvæðagreiðsluna, bindast þjóðkirkjunni enn fastar en nú er, og þá um leið vera bundin til þess að styðja hana og meta þjóna hennar meira í framtíðinni en nú á sjer stað.

Jeg er ekki í vafa um, að væri um kristindómsfjendur að ræða, myndu þeir ekki óska, að slík till. sem þessi væri nú borin upp fyrir þjóðinni. Frá þeirra sjónarmiði er hentugasta aðferðin til þess að ná takmarkinu, sem þeir stefna að, sú, að fara sem verst með kirkjuna, kvelja presta hennar sem mest og koma henni í sem mesta niðurlægingu. Þess vegna hygg jeg gróða fyrir kirkjuna, að þjóðin sje strax spurð þessarar spurningar, í stað þess, að beðið sje með hana og haldið áfram ríkiskirkju undir stimpli lítilsvirðingar og vanrækslu frá þjóðarinnar og löggjafarvaldsins hálfu, þar til svo væri komið, að kirkjan ætti fáa menn í þjónustu sinni, sem verulegrar virðingar gætu notið.

Halldór Steinsson: Af því, að um stórmál er að ræða, finst mjer jeg ekki geta látið það fara svo úr deildinni, að jeg segi ekki um það nokkur orð; og skal jeg þá fyrst minnast á ræðu hv. 1. þm. Rang. (E. P.). — Niðurstaða hans var sú, að hann myndi greiða atkv. með till., af því að hann bjóst við, að þjóðin yrði móti skilnaðinum, og kirkjan styrktist því í sessi.

Mjer finst aðrar ástæður verða að koma til greina til þess, að svona till. skuli vera borin fram hjer í þinginu. Til þess, að slík mál sem þessi eigi að koma fram á Alþingi, verða að liggja fyrir um það óskir frá þjóðinni, en það er síður en að svo sje, en flm. till. í Nd. finst þetta svo mikið nauðsynjamál, að Alþingi eigi að knýja fram atkvæði þjóðarinnar um það.

Aðalástæðurnar, sem færðar eru fram þessu til stuðnings, eru tvær, sumpart þrá manna til þess að vera óbundnir

í trúarefnum, og annars vegar óánægja yfir gjöldum þeim, er þjóðkirkjan hefir í för með sjer fyrir ríkissjóð.

Jeg er sannfærður um, að þó að till. þessi næði fram að ganga, mundu þeir, sem óánægðir eru með núverandi fyrirkomulag, ekki verða ánægðari með það, sem við tæki.

Í stjórnarskránni eru ekki lögð nein höft á trúfrelsi manna, því samkvæmt 46. gr. hennar er mönnum rjett að þjóna guði sínum með þeim hætti, sem best á við sannfæring hvers eins, að svo miklu leyti sem það brýtur ekki bág við gott siðferði og allsherjarreglu. Og samkvæmt 47. gr. hennar má enginn missa neins af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna, og loks mælir 18. gr. stjórnskipunarlaga frá 1915 svo fyrir að enginn sje skyldur að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist, en þeir, sem svo er ástatt um, að þeir eru utan þjóðkirkjunnar, mega, í stað þess að greiða prests- og kirkjugjöld, gjalda styrktarsjóði við háskólann þau gjöld, er þeim ella hefði borið að greiða til stuðnings þjóðkirkjunni.

Sjest berlega á þessu, að trúarlíf manna er algerlega óbundið, þótt þjóðkirkja sje viðurkend, og getur þessi ástæða því ekki komið til greina.

En um hina ástæðuna er það að segja, að þeir, sem nokkra trúarþörf hafa, munu hópa sig saman í stærri eða minni söfnuði, og er ekki hægt að gera ráð fyrir, að kostnaður verði minni við það, þó að hann kæmi öðruvísi niður.

Falla því báðar þessar ástæður um sjálfar sig.

En aðalspurningin er sú, hvaða afleiðingu það hafi í för með sjer, ef spor þetta er stigið. Og frá mínu sjónarmiði yrði það óheillaspor.

Prestarnir hafa öldum saman verið aðalfrömuðir menningar, hver í sinni sveit. Þeir hafa oft verið einu mentamennirnir í sveitinni og haft víðtæk og góð áhrif, vegna náinna kynna af sóknarbörnum sínum. Það er ekki hægt að færa sem ástæðu á móti þessu, að þeir prestar hafi verið til, er frekar hafi drepið en glætt trúaráhuga sóknarbarna sinna. Það sannar ekkert annað en það, að oft er misjafn sauður í mörgu fje, því mikill meiri hluti þeirra hefir verið þjóðnýtir menn, er hafa breytt út menningu í söfnuði sínum.

Ef menn reyna að gera sjer grein fyrir, hvernig ástandið myndi verða, ef skilnaður ríkis og kirkju yrði gerður, myndu sumstaðar, og jafnvel víða, rísa upp fríkirkjusöfnuðir. En hjá því verður þó ekki komist, að stærri eða smærri svæði verði algerlega kirkju- ok kennimannalaus, sumpart vegna áhugaleysis, sumpart vegna fjárskorts.

En í hinum mismunandi söfnuðum munu mismunandi trúarskoðanir verða ríkjandi, og því engum skóla fært að ala upp prestaefni, er hæf væru öllum söfnuðum.

Í væntanlegum ríkisskóla yrði ef til vill sú stefna kend, er meiri hluti landsmanna aðhyllist í þann og þann svipinn, en hann myndi þá eiga vísa mótstöðu frá svo og svo mörgum söfnuðum. —

Sumir söfnuðir hefðu ef til vill bolmagn til að halda uppi sjerstökum skólum til að ala upp kennimenn sína; aðrir yrðu að láta sjer nægja mentunarlitla leikprjedikara, og loks yrðu sumir að vera kirkju- og kennimannslausir.

Við þetta hygg jeg að alt safnaðarlíf færi á ringulreið, en það myndi verða

til þess, að menningin gengi aftur á bak. Unglinga- og barnafræðslu er ekki svo háttað, að hún sje nægileg án stuðnings kirkjunnar.

Þess vegna álít jeg, þar sem engar óskir í þessa átt hafa komið frá þjóðinni, rangt að vekja hana til að stíga það spor, sem jeg hygg að verða mundi henni til óheilla, og af þeirri ástæðu mun jeg greiða atkv. á móti till.

ATKVGR.

Tillgr. **feld** með 8 : 3 atkv.

4. Ríkisnám á vatnsorku í Sogi.

Á 63. fundi í Nd., laugardaginn 13. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um, að ríkið nemi vatnsorku í Sogi o. fl. (A. 795).

Á 64. fundi í Nd., mánudaginn 15. sept., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 65. fundi í Nd., þriðjudaginn 16. sept., var till. tekin til fyrri umr. (A. 795).

Frsm. (Gísli Sveinsson*): Jeg gat þess að eins í framsöguræðu þeirri, sem jeg hafði við umr. um síðustu till., að umræðurnar yrðu sennilega meiri um þessa till., sem er lengri og fjallar um efni, sem er ekki eins líklegt, að allir sjeu sammála um. Þessi till. er fram komin vegna þess skoðanamunar, sem fram kom í fossanefndinni um eignarrjettinn á fossunum. Hún byggir á því áliti meiri hl. nefndarinnar, að eignarrjetturinn sje ríkisins megin, og vill fá úrskurð dómstóla landsins á því, hvort sá skilningur sje ekki rjettur, eða m. ö. o. hver eigi vatnsorkuna í landinu. Eins og sjá má í áliti samvinnunefndar á þgskj. 492, áleit hún ekki rjett að gera út um deiluatriðið hjer í þinginu. Hún áleit, að þm. mundu alment ekki telja sig færa um að dæma um það mál, og vill heldur, að dómstólarnir úrskurði þar í eitt skifti fyrir öll, þannig, að ekki verði vefengt síðar. Það var líka álit nefndarinnar, að landsmenn mundu una illa úrskurði þingsins í svona máli; hinn pólitíski úrskurður þess yrði aldrei vinsæll, og þess vegna ættu mál sem þessi að fara fyrir dómstólana.

Hv. minni hl. leggur þó til, að hin leiðin sje farin, sem sje að löggjafarvaldið úrskurði, hvoru megin rjetturinn sje. En eins og nál. og till. bera með sjer, er tilætlunin hjer að eins sú, að úrskurður sje fenginn á einu sjerstöku vatnsfalli. En það, sem úrskurðast í einu tilfelli, yrði þá að gilda um önnur slík. Þetta vatnsfall er Sogið. Í byrjun þings kom fram till. frá þrem hv. þm. um lögnám á Soginu, og var þá talað um, sem áhuga margra borgara þessa bæjar, að ná í Sogið til einkaafnota fyrir Reykjavík, og fanst líka samvinnunefnd það ákjósanlegast, ef landið tæki í sínar hendur nokkra vatnsorku, að þá yrði það vatnsorkan í Soginu.

Annars býst jeg nú við athugasemd frá hæstv. forsætisráðh. (J. M.) við þessa till., ekki síður en hina, sem síðast var hjer á dagskrá, og mun hann

* Ræða þessi og aðrar ræður sama manns í þessu máli eru óleiðrjettar, og því prentaðar hjer eftir hndr. innanþingskrifaranna. Sama máli er að gegna um ræður sama manns um frv. til laga um vatnsorkusjerleyfi (sjá 316.—433. dálk hjer að framan). Biður þingmaðurinn þessa getið.

vilja fá hana fram í lagaformi. En nefndin taldi nú þetta nægilegt og í alla staði rjett að farið, að koma hjer fram með þingsál.till., þar sem líka tími þingsins er svo naumur orðinn, að ólíklegt er, að lagafrv. næðu fram að ganga hjer eftir, þar sem, eins og kunnugt er samkvæmt þingsköpum, miklu lengri tíma þarf til að koma lagafrv. gegnum þingið en þingsál.till. En nefndin áleit undir öllum kringumstæðum rjett og sjálfsagt að flýta þessu máli. Því hún hyggur, að hvorki almenningur eða stjórn vilji halda áfram í þeirri rjettaróvissu, sem er um þetta mál, þó að minni hl. nefndarinnar segi, að hjer sje ekki um neina óvissu að ræða, sem vitanlega er alveg sagt út í loftið. Nefndin vill gera sitt til, að sem fyrst verði komist út úr óvissunni, og telur þetta sjálfsögðustu leiðina í þessu máli, sem bæði er hagsmunamál og orðið pólitískt mál, en þegar svo er komið, er það um leið orðið viðkvæmt mál.

Till. á þgskj. 795 er skift í 3 liði, og er 1. liður um, að til þess, að dómstólaúrskurður fáist um, hver eigi vatnsorku landsins, slái landsstjórnin eign sinni á vatnsorku í Soginu án þess bætur komi fyrir. Það kemur fram, að þetta skuli gert til reynslu. En auk þessarar leiðar hafði nefndin hugsað sjer tvær aðrar leiðir, sem ekki eru teknar fram í till., en mætti fara.

Fyrri leiðin er sú, að samkomulag náist milli þeirra, sem hlut eiga að máli, landsstjórnarinnar annars vegar og eigenda Sogsins hins vegar, svo maður haldi sjer við það vatnsfallið; m. ö. o. að báðir aðiljar komi sjer saman um það í bróðerni að láta dómstólana skera úr.

Síðari leiðin er sú, að landsstjórnin fari sjálf í mál til þess að fá viðurkendan sinn rjett, sem talinn er að sje.

Þriðja og víðtækasta leiðin er þessi, sem hjer er talin, að landið lýsi vatnsorkuna í Soginu sína eign, án þess nokkru þurfi að bæta. Og nefndin gengur út frá því, að úr þessu hljóti að verða málssókn.

Nokkur vafi virðist leika á því hjá sumum í nefndinni, hvort tala ætti um vatn eða vatnsorku í till. Og í sambandi við það má benda á byrjun á grein í „Morgunblaðinu“, eftir Jón Þorláksson verkfræðing. Þar telur hann, að ekki sje rjett að tala um vatnsorku, heldur vatn. En þetta er ekki rjett, og getur valdið ruglingi, þegar útkljáð verður um eignarrjettinn. Því, eins og jeg gat um þegar sjerleyfislagafrv. var til umræðu, þá kom fram, að niðurstaðan þyrfti ekki að sjálfsögðu að verða sú, að annaðhvort ríkið eða einstaklingarnir ættu alt vatn. Sú lausn er til á málinu, að b á ð i r aðiljar gætu átt það. Dómstólarnir gætu komist að þeirri niðurstöðu, að ekki fengist ótvíræður rjettur annarshvors, heldur beggja, og spurningin yrði þá aðallega um það, hvor ætti meiri rjett á vatninu. En vatnsorka er alls ekki alstaðar þar, sem vatn rennur. Vatnsorka myndast að eins þar, sem um er að ræða f a l l og v a t n. Og að sjálfsögðu verður aðallega um þessa „tegund“ vatns að ræða. Dómstólarnir geta bæði komist að þeirri niðurstöðu, að öll vatnsorka sje eign ríkisins, eða svo getur líka farið, að úrskurður falli þannig, að eignarrjetturinn komi báðum aðiljum til góða, eða „partielt“. En komist dómstólarnir að því, að aðrir eigi einhvern hluta en ríkið, þá getur ríkið ekki tekið þann hluta bótalaust. Jeg tel, að órannsökuðu máli,

vafasamt, hvernig úrskurður fellur. En einstaklingarnir hafa alls ekki selt vatnið, eða landið undir vatninu, heldur fossana, af því að þeir hafa talið sjer þá sem eign, og fossarnir einir eru taldir hæfir til virkjunar, eða m. ö. o. vatnsorkan.

Jeg hafði ætlað mjer að spyrja hæstv. landsstjórn, og þá sjerstaklega hæstv. forsætisráðherra (J. M.), sem hefir reynst svo lítillátur, að vera viðstaddur umr., hvort hann teldi þessa leið, sem lögð er til í till., rjettustu leiðina, eða aðrahvora hinna tveggja, sem jeg áður benti á. Nefndinni væri nefnilega ekkert ljúfara en að gera till. þessa svo úr garði, að bæði sú stjórn, sem nú situr, og sú næsta geti verið ánægðar með hana, og ekki þurfi að eyða fleiri orðum síðar við að skýra hana.

2. liður till. gerir ráð fyrir, að þótt dómur falli þannig, að einstaklingar eigi vatnsorku þá, sem þeir hafa talið sjer, þá megi eigi að síður landsstjórnin lögnema Sogið gegn bótum. Við þennan lið hefir líka komið fram athugasemd í áminstri grein í „Morgunblaðinu", sem mjer er alveg óskiljanleg. Þar er þetta talið vafasamt atriði, og þó eru þegar til í landinu lög, sem heimila það ótvírætt, að lögnema megi það, sem horfir til almenningsheilla, að ríkið fái eignarráð yfir, auk þess sem fossalögin frá 1907 heimila það tvímælalaust, að taka megi fossana eignarnámi. Þetta er þess vegna alveg óskiljanlegt í blaðinu, því þessi liður er alveg í samræmi við það, sem áður er fram komið.

Í þriðja lagi segir till., að landsstjórnin skuli láta halda áfram mælingum þeim og rannsóknum um vatnsorku o. fl. í Soginu, sem byrjað hefir verið á. Jeg skal líka geta þess, að frá meiri hl. milliþinganefndar í fossamálinu kom till. um, að þessari rannsókn væri haldið áfram.

Hitt þarf jeg ekki að taka fram, að till. endar á því sjálfsagða ákvæði, að stjórnin hafi heimild til að verja fje til þessara rannsókna. Og jeg býst ekki við, að hæstv. forsætisráðherra hafi neitt við það að athuga. En aðalatriði þessa máls er það, að komast að sem gleggstri niðurstöðu um það, hvaða leið skuli farin, og því hefir till. verið orðuð þannig, að við megi hlíta.

Jeg þykist vita, að einhverjir vilji taka til máls, og skal því láta hjer staðar numið. En eins og jeg tók áður fram, væri mjer sjerstaklega kært að fá svar frá hæstv. forsætisráðherra.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get svarað þessari till. að miklu leyti með sömu athugasemdum og þingsál.till. næst á undan, að jeg get ekki svarað henni nema fyrir sjálfan mig. Stjórnin getur ekki lofað neinu um framkvæmdir málsins að svo stöddu, því að þetta er pólitiskt deilumál, eins og hv. frsm. (G. Sv.) tók fram, svo að það er ekki við því að búast, að stjórnin geti gert þar mikið.

En þar sem skorað var á mig að svara, þá skal jeg geta þess, að jeg legg ekki mikla áherslu á það, hvernig till. er orðuð. En jeg skil ekki, að hægt sje að skipa nokkurri stjórn þetta. En jeg legg ekki aðaláhersluna á þetta. Hitt er aðalatriðið, sem felst í skipuninni, að ná á einhvern hátt orku fyrir ekki neitt. Frsm. (G. Sv.) segir, að hjer sje ekki farið fram á annað en að fá skorið úr deilumáli, sem upp sje komið. En þó að þessi leið væri farin, þá tel jeg hana ekki rjett áframhald af álitsgerð meiri hl. milliþinganefndarinnar. Hjer er að greina milli tvenns. Annað er rjettur

ríkisins til þess að setja lög um þetta efni. Um þetta atriði skal jeg ekki fara fleiri orðum. En það hefir verið gert áður, að sett hefir verið í lög: svona skal það vera. Hjer er farið fram á að skipa stjórninni að ná rjetti, sem er „theoretiskt“ fram settur. Jeg sje ekki, að hægt sje að skipa nokkrum manni að halda öðru fram við dómstólana en því, sem hann álítur vera rjett. Ef stjórnin fellst á skoðun meiri hl. fossanefndar, þá gæti hún orðið við tilmælum þingsins um að fara í mál. En ef stjórnin álítur þessa skoðun ekki vera rjetta, þá getur hún ekki framfylgt tilmælunum um málsókn. Eftir mínum skilningi tel jeg landeigendur eiga þennan notarjett. Hitt er annað mál, hvaða lög ríkið getur sett um þetta efni. Jeg skal ekki segja neitt um það, hvað getur orðið að lögum. En þær ástæður, sem meiri hl. fossanefndar hefir fram fært fyrir skoðun sinni, hafa ekki sannfært mig um, að hjer sje um rjettaróvissu að ræða. Jeg hafði altaf haft þetta álit áður en ritgerð nefndarinnar kom út, og hún hefir ekki komið mjer á aðra skoðun. Þetta er að eins „theoretiskt“ atriði.

Þetta er mitt álit, og jeg get ekki skilið annað en að jarðeigendur hafi rjett á vatninu til afnota, og að þessi rjettur hafi altaf fylgt landeigninni. Hitt er annað mál, hvort landeigendum hefir altaf verið þetta ljóst. Annars er leiðinlegt að taka þetta einstaka atriði út úr, í stað þess að setja lög í eitt skifti fyrir öll. Þingsál., sem borin er fram í þingbyrjun, var aðgengilegri. Frá nefndarinnar sjónarmiði er sjálfsagt að prófa, hvor aðilinn hefir rjett fyrir sjer. En hver sá, sem vill prófa þetta, verður að vita, hvað hann álítur sjálfur. Og þetta mátti bíða þangað til meiri hl. veit, hvað hann vill láta vera lög eða ekki.

Sveinn Ólafsson: Jeg hafði ekki búist við, að till. á þgskj. 795 hefði verið borin fram sem sjerstök till., heldur hafði jeg gert ráð fyrir, að hún mundi verða skoðuð sem brtt. við þingsál. á þgskj. 121, er var borin fram af þrem þm. snemma á þingi. Till. hljóða báðar um sama efni, og hin síðari er hugsuð svo af meiri hl. nefndarinnar, að hún komi í hinnar stað. Báðar till. lúta að því, að ríkið taki vatnsorkuna í Soginu til umráða. Að því leyti eru þær samstæðar. En annars eru þær að orðalagi mjög mismunandi. Fyrri till. fer hina löglegu leið til þess að ná þessari vatnsorku. En síðari till. bendir á leið, sem mjer hefir skilist að ekki mundi vera lögleg eða fær, að taka vatnsrjettindin ránshendi og án bóta.

Eins og nál. á þgskj. 808 ber með sjer, þá lítur minni hl. svo á, að fyrri till. sje frambærileg, og leggur með henni, en móti þessari. Jafnákveðinn og hann er í að fylgja fyrri till, eins ákveðinn er hann móti þessari seinni.

Í síðari till. felst það, að stjórninni er boðið að fara ránsferð á hendur einstökum mönnum og að þeir sjeu sviftir þar kauplaust eign sinni. Þetta brýtur algerlega í bága við fyrirmæli laga frá 1907 um eignar- og umráðarjett á fossum, sem hafa gilt hjer að undanförnu. Með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að lesa upp 12. gr. þessara laga. Þar segir svo:

„Hver maður er skyldur til, gegn fullum skaðabótum, að láta af hendi fossa sína, ár eða læki, og jarðir þær, er þar að liggja, eða rjettindi, sem hann hefir yfir þeim, þegar almenningsheill krefst þess til mannvirkja í þarfir landsins eða sveitarfjelaga.“

Hjer er aðferðin mörkuð og sýnt, hver leiðin er, til þess að ná vatnsorku undir ríkið, þegar nauðsyn krefur, og við, sem tilheyrum minni hl., þekkjum ekki aðra leið en þessa, sem gerlegt sje að fara.

Hins vegar er það víst, að meiri og minni hl. leggja áherslu á það, að ríkið fái umráðarjett yfir Soginu; um það eru engin skoðanaskifti. Og þetta sama kom greinilega fram þegar rætt var um till. á þgskj. 121. En aðferðin er mismunandi. Þessi aðferð, sem meiri hl. hefir komist að niðurstöðu um, og varð deiluatriði í milliþinganefndinni, mætti segja að væri ráð til þess að fá skorið úr því, hvor meiri hl. hafi haft rjett fyrir sjer. En þetta er ekki einfaldasta leiðin, því að eins og tekið er fram í áliti minni hl., er hjer ekki um neina rjettaróvissu að ræða, og mjer er það ánægja, að hæstv. forsætisráðherra ljet sömu skoðun í ljós. Og það er engum vafa undirorpið, þegar allar æsingar eru teknar burtu, og menn fá að njóta sín fyrir fortölum einstakra æsingamanna, að þá munu menn komast yfirleitt að sömu niðurstöðu.

Það, sem valdið hefir því, að svo margir hafa hallast að kenningu meiri hl., er, að menn hafa álitið, eða verið talin trú um, að það væri eina leiðin, sem ríkið gæti farið, til þess að geta sett skorður við því, að einstakir menn notuðu vatnsorkuna ríkinu til tjóns. En þetta má gera með öðru móti. Því að þar sem það er ljóst, að ríkið á rjett á að takmarka eignarrjettinn yfir vatninu, sem öðrum eignum einstaklings, eftir þörf sinni og vild, þá er því líka innan handar að aftra einræði einstaklings yfir vatninu. Þar eða þá beitir það sínu drottinvaldi, sem enginn efast um að það eigi.

Jeg hjó eftir því hjá hv. frsm. (G. Sv.), að hann vildi líta svo á eða gefa í skyn, að eignarrjetturinn gæti verið hjá báðum aðiljum, ríkinu og landeigendum. En jeg get ekki felt mig við þessa skoðun. Rjetturinn verður að vera hjá öðrum hvorum, en þó rjetturinn verði hjá landeigendum, fyrirgirðir það ekki, að ríkið geti hlutast til um athafnir hans.

Hv. frsm. (G. Sv.) sagði líka, að þessi deila væri eðlileg, því hjer væri hagsmuna að gæta á báða bóga. Hagsmunirnir eru auðsæir fyrir landeigandann, en þeir eru ekki eins auðsæir fyrir ríkið. Því að það mundi setja sjerleyfishafa sömu skilyrði, hvort sem það ætti vatnsorkuna eða einstakur maður.

Um 3. lið till. er það að segja, að jeg tel litla ástæðu til að gera ráð fyrir áframhaldandi rannsókn á vatnsorku í Soginu, þangað til búið er að gera ráðstafanir til, að ríkið taki það til umráða. Því að jeg sje ekki neina ástæðu til, að búið sje í hendur einstökum mönnum eða fjelögum, sem kynnu að nota vatnsorkuna, ef ríkið tæki hana ekki. Hins vegar má gera þessa rannsókn á eftir, er ríkið hefir tekið Sogið til umráða. Þetta er ekki eins mikilfenglegt og gefið hefir verið í skyn. Það er að eins liður í því verki, sem vinna þarf, þegar Sogið yrði virkjað.

Frsm. (Gísli Sveinsson*): Úr því að enginn kveður sjer hljóðs, ætla jeg að víkja nokkrum orðum að ræðu hæstv. forsætisráðh. (J. M.), sem er, því miður, ekki hjer viðstaddur. En þetta eru líka að eins almennar athugasemdir, og gerir því minna til, þó að hann heyri ekki mál mitt.

Hann talaði um það, að hjer væri

* Sjá neðanmálsgrein við 659. dálk.

að eins um það að ræða, að fram halda rjetti, sem væri einungis „theoretiskur". Þetta er að vísu rjett, en það raskar ekki því, að nauðsynlegt sje að útkljá málið eins og venjulegar rjettarþrætur, því að frá sjónarmiði meiri hl. er hjer um mikilsvert atriði að ræða, sem getur haft víðtækar afleiðingar. Þessi „theoretiski" rjettur er aðalatriði málsins. Jeg hefi lýst yfir því áður, að jeg teldi þetta „theoretiskt", og mjer fjell illa, að milliþinganefndin skyldi sundrast um þetta atriði.

En þá er spurningin, hvernig á að útkljá þetta þrætuefni. Meiri hluti samvinnunefndar taldi sjálfsagt, að það yrði útkljáð af þeim, sem fara með æðsta úrskurðarvaldið, sem æðsta dómi þeirra verður ekki áfrýjað.

Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) sagði enn fremur, að hann yrði að vera þeirrar skoðunar, að minni hl. hefði rjett fyrir sjer í því, að landeigendurnir ættu afnotarjettinn. Hann nefndi eigi eignarrjett, heldur afnotarjett. En það er vafamál, að forsætisráðherra (J. M.) sje sammála minni hluta nefndarinnar í þessu, því ef á að draga þá ályktun af orðum minni hl., þá virðist hann halda því fram, að hjer sje um eignarrjett að ræða. En þrátt fyrir þetta voru svör hæstv. forsætisráðherra (J. M.) óvenjulega ákveðin, því að hann var ekki knúinn til að gefa þessa yfirlýsingu, nema þá af sinni eigin samvisku.

Það var ótvírætt rangt hjá hæstv. forsætisráðherra (J. M.), að sú stjórn, sem skipað væri af Alþingi að framkvæma eitthvað, eða fara í mál, yrði að vera samþykk annari hvorri niðurstöðunni. Hann virtist ganga út frá því, að hjer er um það að ræða að úrskurða, að ríkið ætti vatnsorkuna. En eins og gögnin benda til, er það ekki, heldur hitt, að það er óskað eftir úrskurði um, hver eigi vatnsorkuna, ríkið eða einstaklingar. Og eins og gefur að skilja, þarf sú stjórn, sem samkvæmt skipun þingsins á að fá þennan úrskurð, ekki að hafa neina ákveðna skoðun annarshvors aðilja. Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) þarf því ekki að hafa skoðun meiri hl. í milliþinganefndinni. Hann má eins hafa skoðun minni hl., sem hann sagðist heldur hallast að, því stjórnin sjálf á ekki að úrskurða neitt, heldur á hún að fá úrskurð dómsvaldsins um þetta vafaatriði.

Enda gefur það að skilja, að stjórnir verða oft að úrskurða og framkvæma mál, sem þær eru ekki sannfærðar um hversu rjett sjeu. Stjórnin ber enga ábyrgð á skipunum þingsins, en hins vegar ber hún ábyrgðina, ef hún óhlýðnast skipun þingsins.

Hæstv. ráðherra (J. M.) taldi ekki vera ástæðu til þess að taka þetta út úr, heldur vildi hann, að það væri tekið með í vatnalögin. Þar er því til að svara, að nefndin sá sjer ekki fært að koma með vatnabálkinn hjer inn á þing nú. Hins vegar var nefndin á því, að ekki væri úr vegi, að áður en vatnalögin væru sett væri kominn um þetta úrskurður frá þeim, sem bærir eru að skera úr í þessu máli, sem sje dómstólunum.

Úr því að jeg er staðinn upp á annað borð, skal jeg ljúka með því að segja fáein orð út af ummælum hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), sem þó skulu ekki gefa honum neina sjerstaka ástæðu til að rísa upp aftur, ef ekki er eitthvað annað, sem hann ætlar að svara.

Hann sagði, og komst svo að orði, að þetta væri bein ránsferð á hendur einstaklingunum. Það er engan veginn rjett. Hjer er ekki um það að tala að

taka af mönnum það, sem úrskurður er um að þeir eigi, heldur á að skera úr því, hvoru megin rjetturinn sje. Það mætti alveg eins segja um löggjöf á sumum öðrum sviðum, eða aðferð þá, sem minni hl. vill viðhafa, að þar sje um ránsferð að ræða. Hitt er og fullvíst, sem hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) neitaði, að hjer er um mikla hagsmuni að ræða á báðar hliðar; því að eins er þetta mál jafnviðkvæmt og það er. Að vísu játaði hv. þm. (Sv. Ó.), að af hálfu einstaklinganna væri að ræða um hagsmuni. En því skyldi þá ekki líka vera um hagsmuni fyrir ríkið að ræða, sem sje þá, að það eigi tilkall til og umráðarjett yfir vatnsorkunni. Þessu er að því leyti eins farið með bæði heildina og einstaklingana, að geti þeir hagnýtt sjer orkuna, þá getur þjóðfjelagið það ekki síður.

Enn fremur sagði hv. þm. (Sv. Ó.), að hann teldi enga þörf á að halda áfram rannsókn á Sogsfossunum. Þar skal jeg vísa til þess, sem áður hefir verið tekið fram af meiri hl. nefndarinnar, að henni virtist þvert á móti þess vera full þörf. Og auk þess er það álit vegamálastjóra, sem hefir fengist við rannsókn og mælingar á þessum fossum, að nauðsynlegt sje að halda áfram þessari rannsókn, hvernig sem annars kunni að fara um Sogið, svo að menn gangi ekki gruflandi að neinu. Hv. þm. (Sv. Ó.) játaði það, að þessi rannsókn kæmi til og væri nauðsynleg, þegar fara ætti að virkja fossana. En það eru einmitt bestu rökin fyrir því, að framkvæmd rannsóknarinnar getur aldrei verið óþörf.

Eins og jeg gat um í upphafi, þá hefir mjer ekki gefist tilefni til að vera langorðari en jeg nú hefi verið. Geta því aðrir hv. þm. tekið til máls.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla, að hv. frsm. (G. Sv.) hafi tekið það fram, að nefndin vilji lagfæra orðalag till., eftir því, sem stjórninni þætti æskilegt.

Jeg vildi minnast hjer á eitt atriði, út af umtali því, sem orðið hefir í blaði einu hjer, um vatnsorku, að mjer skilst, að í till. hefði átt að standa, að engar bætur kæmu fyrir vatnið, en af því að þetta orð hefir fallið úr í prentun, verður það orsök til greinarinnar. Í skjölum fossanefndarinnar er það sannað mál, að landeigendur eiga þó botninn undir vatninu. Enginn þarf heldur að sýna lærdóm sinn á því, sem allir vita, að vatnsorka er framkvæmi af tveim gerendum, vatnsmagninu og fallhæðinni. Það er auðvitað óþarfi að taka þetta fram. En slíkt orðalag mætti laga, ef hæstv. stjórn æskir þess.

Mjer er líkt farið og frsm. í því, að mjer þykir allundarlegt, þar sem stjórnin segist ekki geta framkvæmt það, sem þingið fyrirskipar, nema því að eins, að hún sje sjálf sannfærð um, að úrskurðurinn sje annaðhvort á þessa eða hina hliðina. — Þetta gæti verið, ef hún ætti að ákveða eitthvað mikilvægt atriði sjálf, en ekki þegar að eins er um það að ræða, eins og hjer, að skjóta því undir dómstólana. Jeg skil ekki í hæstv. stjórn að láta þetta uppi hjer, því varla getur hún verið svo hrædd við dómstólana. Það er ekki nema um tvent að velja fyrir stjórnina, ef þingið skipar henni að gera eitthvað, annaðhvort að framkvæma það, sem skipað er, eða neita að fara að vilja þingsins, og leggja þá niður starf sitt. Líka þótti mjer undarlegt af hæstv. forsætisráðherra (J. M.) að halda því fram, að það væri engin rjettaróvissa í þessu máli. Að vísu er það kunnugt, að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) er mikill og skýr lögfræðingur; en þó þykir mjer full-

hart, að þegar hjer er háskólakennari í lögum, einmitt um þetta efni, sem deilir við lögspeking S.-M. (Sv. Ó.), þá skuli hann ekki, eða orð hans, vera svo mikils metin, að ekki þyki ástæða til að tala um, að hjer sje um rjettaróvissu að ræða. Þar sem hann heldur fram skoðun, sem er gagnstæð lögspeki hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), þá finst mjer því undarlegra, að hæstv. forsætisráðherra (J. M.), sem er sjálfur lögfræðingur, skuli leggja meira upp úr lögspeki þessa hv. þm. (Sv. Ó.) heldur en háskólakennarans.

Aftur á móti virtist hæstv. forsætisráðherra (J. M.) ekki ótilleiðanlegur til þess að ákveða þetta mál með lögum. En á hvaða hátt var ekki hægt að heyra. En fram hjá dómstólunum kemst hann ekki nema á einn hátt. Því að ef ætti að ákveða það með lögum, að ríkið ætti vatnið, þá mundu hlutaðeigandi eigendur snúa sjer til dómstólanna og vitna í stjórnarskrána um, að samkvæmt henni mætti ekki taka þetta af þeim án endurgjalds. Eini vegurinn til þess að komast fram hjá dómstólunum er að setja það í lög, að einstaklingarnir eigi vatnið, eins og Norðmenn gerðu 1887.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) neitar því, eins og hæstv. forsætisráðherra (J. M.), að hjer sje um nokkra rjettaróvissu að ræða. — Það er kunnugt um þann hv. þm. (Sv. Ó.), að hann er ætíð svo sannfærður um, að hann einn hafi rjett fyrir sjer. En nú vil jeg spyrja: Ef þessi rjettur er svona ákveðið þeirra megin, að um enga óvissu sje að ræða, hvað er það þá, sem hræðir þá frá að leggja málið undir úrskurð dómstólanna? Ef þeir eru svo vissir, eins og þeir láta, þá ættu þeir að firra sig ámæli með því að láta dæma í málinu. Því að varla getur þeirra málstaður verið í neinni hættu, úr því að þeir þykjast ótvírætt hafa á rjettu að standa.

Annars var ekki nema venjulegt að heyra jafnstór orð viðhöfð hjá þessum aldurhnigna stillingarmanni, hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sem þau, að þessi till. skipaði stjórninni að fara ránsferð á hendur einstaklingum. Hv. frsm. (G. Sv.) tók að vísu fram, að fjarri sanni er, að þetta sje nokkur ránsferð. En þó tel jeg rjett að geta þess, að sá eini vatnsræningi, sem hjer er á þingi, það er hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Bæði háttv. sessunautur minn (E. A.) og jeg erum sannfærðir um það, að einstaklingarnir eiga ekki vatnið, en viljum þó láta dómstólana skera úr, svo að það er engin ránsferð. En aftur á móti hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), sem fyrir sig þykist viss um, að einstaklingarnir eigi vatnið, hann vill svo svifta þá þessum rjetti, eða gera hann þeim ónýtan með sjerleyfislögum. Hann er því þar að framkvæma vatnsrán, hv. þm. (Sv. Ó.), og er eini vatnsræninginn, sem lætur til sín heyra. Jeg skal ekki segja, hvort fleiri fylgja honum í þessum ránum. En í till. felst ekkert rán: þar er að eins farið fram á að leita úrskurðar dómsvaldanna.

Þá hjelt sami hv. þm. (Sv. Ó.) því fram, að ýmsir fjellust á skoðun meiri hl. fossanefndarinnar, af því að þeir hjeldu, að það væri eini vegurinn til að ráða við vatnasöluna. — Með þessu gerir hv. þm. (Sv. Ó.) löndum sínum þær getsakir, að þeir fari ekki eftir því, sem þeir haldi að sje rjettast, heldur eftir því, hvað þeir telji haganlegast. Hann er með öðrum orðum að bera þjóðinni það á brýn, að ef tekin sje niður grímán, þá sje hún samviskulaus í þessu máli. Jeg veit ekki, hvaðan þess-

um hv. þm. (Sv. Ó.) koma heimildir til slíkra getsaka á íslensku þjóðina, og væri honum sæmra að láta þær falla niður.

Enn fremur sagði hv. þm. (Sv. Ó.), að ekki gætu verið tveir eigendur að vatnsorkunni. En ef nú kæmi í ljós við rannsókn, að ríkið ætti vatnið, en einstaklingar aftur landið, sem undir er, þá væru þó tveir eigendur að vatnsorkunni. Annars er sjálfsagt óþarfi nokkuð um þetta að ræða, því hv. þm. (Sv. Ó.) er sjálfur búinn að úrskurða þetta alt. Hann einn veit alt, hvað er rjett, og þarf því í rauninni engan úrskurð þingsins eða annara í málinu.

Hv. minni hl. fossanefndarinnar hefir, eins og kunnugt er, tekið það ráð, að birta sitt viturlega nefndarálit áður en meiri hl. hafði lokið sínu og senda það víðs vegar út um land. Hvernig sem menn annars líta á þetta, býst jeg við að megi skoða það sem fyrstu kosningaárásina á þá menn, sem vilja rjett ríkisins í þessu máli. — Eins og menn hafa sjeð þar, og heyra nú á ræðu hv. þm. (Sv. Ó.), þá skortir hann ekki stóryrðin. Hann talar hátt um ránsferðir og annað því um líkt, og er með getsakir í garð þjóðarinnar. Og má mikið vera, ef kjósendur hans þekkjast þetta og sjá ekki, hvernig á þessu stendur. Því af hverju skyldi hv. þm. (Sv. Ó.) vera með þessi stóryrði, nema af einskærri röksemdafátækt. Og svo þeirri ósk, sem brennur honum í brjósti, að einstaklingarnir ættu vatnið. Skyldi nú hv. þm. (Sv. Ó.) ekki hafa gert sig sekan í því sama, sem hann var að bera öðrum á brýn áðan, að hann hafi sveigt rjettinn til, eftir því, sem hann taldi hagkvæmast.

Nú býst jeg við, að margir líti svo á þetta mál, að það sje vel þess vert, að komist verði að niðurstöðu um, hvort ríkið eigi eitthvað í þessu, eða hvort það sje eign einstaklinganna. — Munu sjálfsagt margir spyrja, einkum kjósendur, hverjir það sjeu, sem vilja að þetta sjeu einstaklingseignir, og hvers vegna þeir vilji ekki leita úrskurðar dómstólanna um málið. Enn fremur hygg jeg, að mörgum þyki fróðlegt að vita, hvort þessir menn sjeu þeir, sem eru vinir fossabrasksins hjer. Og menn svara sjer sjálfir, að þeir sjeu einmitt þeir sömu, sem halda fram einstaklingseigninni og vilja fá alt fossaaflið í hendur útlendingum. Þó vil jeg þar undanskilja hv. þm. S.-M. (Sv. Ó.), en sjálfur verður hann að skýra samræmið. Því þó að hann sje sannfærður um, að ríkið eigi ekki fossana, þá er hann mjer sammála um það, að fossasalan eða fossabraskið sje hættulegur hlutur. En kjósendur munu vafalaust svara sjer sjálfir á þá leið, er jeg nefndi áðan. — Hverjir eru þeir, sem ekki vilja trúa dómstólunum? spyrja menn. — Og svarið verður hið sama.

Er það því undarlegra, að þeir skuli ekki vilja láta dæma málið, úr því þeir eru svo hárvissir um, að vatnið sje eign einstaklinganna. Það er eigi furða, þótt menn eigi bágt með að skilja, vegna hvers þeir leggja svo kappsamlega á móti því, að dómsúrskurður fáist, þegar málið einmitt er þannig vaxið, að það eru ekki aðrir en góðir dómarar, sem færir eru um að skera úr. Fyrst þeir skorast undan þessu, jafnsaklaust sem það er, verður mönnum að svara á þá leið, að þessir menn vilji hafa þennan rjett úr höndum ríkisins í hendur einstaklingum, svo að þeir geti selt eða leigt þennan kraft, sem svo mikið er af í landinu og svo mikið undir komið, að vel ráðist með.

Enn munu menn spyrja, hvort hjer sjeu á ferð þeir sömu menn, sem alt vilja spara, þegar um það er að ræða að hjálpa gáfuðum mönnum og efnilegum og halda við listum og vísindum í landinu. Menn munu spyrja, hvort það sjeu sparnaðarmennirnir. Og þeim mun þykja kynlega við bregða, er þessir menn vilja óhugsað kasta frá ríkinu þessum dýrmætu afllindum landsins, sem aukast að dýrmæti því meir, sem fólki fjölgar í landinu. Þetta mun mönnum þykja undarlegt, að þessir menn vilja ekki eins skjóta því undir úrskurð dómstólanna, hvort ríkið skuli eiga eða eiga ekki. Munu renna á menn tvær grímur um það, hvort hjer sje sparnaðarumhugsunin ríkari, eða einhverjar aðrar hvatir.

Og þar sem hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) áfellist mjög freklega meiri hl. fossanefndar, og þá sjerstaklega okkur tvo, er einkum höfum ritað um málið og komist að þessari niðurstöðu, þá munu menn spyrja: Hvernig stendur á því, að það er ekki leyfilegt þessum mönnum að hafa þá skoðun, sem þeir hyggja rjettasta? Eða á það í framtíðinni að vera þannig, að ef menn vilja rannsaka eitthvert mál, þurfi þeir ekki að spyrja, hver rök rjettust liggi að og hverjar ályktanir rjettastar verði af niðurstöðum dregnar, heldur: Hvernig ætli kjósendum líki þessi niðurstaðan eða hin niðurstaðan? Og komast síðan að þeirri niðurstöðu, sem kjósendum líkar best. Er eigi hjer með fáryrðum þessum verið að ýta undir menn til að haga rannsóknum sínum svo, að þeir kaupi sjer kjaftalof, en glati rjettu máli. Hugsum oss, að þess væri krafist af þeim, sem gegna dómstörfum í landinu. Hvernig yrðu dómar þeirra, ef þeir ættu fyrst að spyrja: Hvernig er haganlegast að dæma? Hvaða dómur yrði vinsælastur? Það er enginn munur á meðferð, er rannsaka á vísindaleg viðfangsefni, og er dæma á dóm. Báðir rekja öll rök með og móti, eftir því sem gáfnafar er til, og kveða eigi upp annan dóm en þann, sem þeir eru sannfærðir um í insta hjarta að rjettur sje.

Jeg hugsa, að þegar landsmenn spyrja sjálfa sig, sem jeg hygg að þeir hafi gert, og finna, hver svör liggja beinast við, að reynist það ekki sigursælt að hrína góðan málstað niður, með því að kalla hann ránsskap. Jeg ætla, að íslensk alþýða fari ekki eftir því, heldur ekki í rjettarspursmálum, hvað sje haganlegt eða óhaganlegt, heldur hvað sje rjett og ekki rjett. Jeg ætla, að þeir, sem við vötnin búa, reyni sjálfir að komast að niðurstöðu um, hvað rjett sje, og hygg jeg, að þeir láti þá rök ráða, en ekki eiginhagsmuni. Hygg jeg þess vegna, að það sje ill þjónusta við þessa þjóð að rægja þá menn og gera grunsamlega, er komist hafa að þessari niðurstöðu.

Jeg held, að sú stjórn, sem ætlar að halda áfram við völd í landinu, verði fyrst og fremst að sjá um, að ekkert það sje gert af þinginu, er geti raskað rjetti ríkisins eða einstaklinganna, heldur sje slíkum atriðum skotið til úrskurðar dómstólanna. Veit jeg, að það verður þakklátast, sem rjettlátast er, að gera það, sem till. þessi fer fram á, að láta dómsvaldið skera úr. Þá getur eigi lengur verið að ræða um rjettaróvissu, er sá úrskurður er fallinn. Sá dómsúrskurður verður síðan rjettargrundvöllur í landinu, sem semja mætti á vatnalöggjöfina. Þurfa menn þá eigi lengur að óttast deilu um þetta mál, á þingi eða utan þings. En vilji menn halda hinni stefnunni, láta kappgirni og eigingirni

ráða, er erfitt að vita, hve fljótan endi þær deilur fá og hve heppilegan. Og sennilegast er, ef svo óheppilega fer, að þá muni þurfa mörg ár af ríkisæfi Íslands til að lagfæra það óhappaspor, er þá var stigið.

Sigurður Sigurðsson: Jeg get verið stuttorður, og það því fremur, sem hv. frsm. minni hl. (Sv. Ó.) hefir svo ljóst skýrt frá afstöðu minni hl. fossanefndarinnar gagnvart þessari till. á þgskj. 795 um, að landið nemi vatnsorku Sogsfossanna.

En jeg get þó eigi látið hjá líða að lýsa yfir því fyrir mitt leyti, að jeg tel enga nauðsyn á að láta þetta mál, hver eigi vatnið eða vatnsorkuna, koma undir úrskurð dómstólanna. Jeg lít svo á, eins og fleiri, að það mál sje löngu útkljáð, svo sem lög vitna, og má í því efni benda á fossalögin frá 1907. Hjer er því ekki um neina rjettaróvissu að ræða, samkvæmt skoðun minni hl. og margra annara.

Annars er það mjög einkennilegt alt þetta tal um eignarrjett á vatni, því að um það hefir enginn ágreiningur verið fram á síðustu tíma. Jeg held, að sú skoðun sje og hafi verið alment ríkjandi, að eigendur jarða hafi allan og óskoraðan eignarrjett og umráð yfir því vatni, er fellur yfir eða um land þeirra. Þetta hefir verið talið sjálfsagt, og ekkert um það deilt. Fyrst nú er þessi ágreiningur fram kominn í milliþinganefndinni í fossamálinu, og stingur hann mjög í stúf við það, sem áður hefir verið haldið fram í þessu efni.

Nú skilst mjer, að þeir hv. þm., sem ætla sjer að greiða atkv. með þingsályktunartill. þeirri, er hjer liggur fyrir, skrifi með því undir þessa rjettaróvissu um eignarrjett á vatni og vatnsafli í landinu, sem gerst hefir ágreiningsefni í meðferð fossamálanna á þingi. En þeir gera jafnvel meira. Eftir því, sem mjer skilst, hneigjast þeir fremur að því, að hjer sje ekki einasta um rjettaróvissu að ræða, heldur og að vatnsorka öll í landinu sje eign ríkisins. Jeg fullyrði það að vísu ekki (S. St.: Það er betra), en mjer er nær að álíta, að svo sje, er jeg les till. En um það er ekkert að segja. Þeir ráða að sjálfsögðu sínum gerðum.

Jeg geri ráð fyrir, að hv. frsm. minni hl. (Sv. Ó.) svari ræðu hv. þm. Dala. (B. J.). Þeir eru hvort sem er vanastir því að eiga orðastað út af þessum vatnamálum, og best að láta svo vera einnig að þessu sinni. Skal jeg því ekki blanda mjer í það, sem þeim fer á milli. En hitt vil jeg segja, að ef það er talið nauðsynlegt, til að fyrirbyggja alla stóriðju, að ríkið kasti eign sinni á alla vatnsorku í landinu, eða ef hún kynni að rísa upp, þá sje eignarrjettur ríkisins eina tryggingin fyrir því, að slíkur stóriðnaður baki ekki þjóðinni tjón, andlegt eða efnalegt, þá er því til að svara, að þetta er mesti misskilningur. Hættuna af stóriðju með vatnsorku má fyrirbyggja eða takmarka með sjerleyfislögum og öðrum lagaákvæðum snertandi virkjun fallvatna og stóriðjurekstur. Og frv. það til sjerleyfislaga, sem hjer er á ferðinni, fer það langt að mínu áliti, að þótt til kæmi, að einhverjum dytti í hug að leita sjerleyfis til vatnsvirkjunar hjer á landi, þá er svo um hnútana búið í þessu frv., ef það verður að lögum, að engin hætta getur af því stafað.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er svo, að jeg býst við, að hvorki jeg nje aðrir þm. geti sagt með vissu, hve löng

æfi þessarar stjórnar verði úr þessu. Býst jeg fremur við, að hún verði mjög stutt.

En þó að stjórnin sitji lengur, og jeg verði áfram í stjórn, þá er það víst, að í raun og veru heyrir 1. liður þessarar till., um framkvæmdirnar, ekki undir mig, heldur aðra ráðherra í ráðuneytinu.

En annars verð jeg að telja sjálfsagt, í svo stóru máli, að ráðherrar dragi enga dul á skoðanir sínar. Verð jeg að segja, að skoðun mín er sú, að 1. liður þessar till. sje algerlega óþarfur. — Eftir að hafa kynt mjer alt, sem skrifað hefir verið um þessi mál, og þær tilvitnanir í íslensk lög, er þar koma fram, hefi jeg komist að þeirri niðurstöðu, að landeigendur hafi eignarrjett, eða rjett, er eignarrjetti líkist, til vatns þess, er rennur um land þeirra. Persónulega er jeg ekki í nokkurri óvissu um þetta atriði.

En það er eitt atriði í þessari till., sem hjer liggur fyrir, og líka hefir komið fram í annari till. hjer í hv. deild, sem sjerstaklega hefir vakið mína ánægju. En það er það, að svo lítur út, að nálega allir háttv. þm. sjeu sammála um, að landið þurfi sem allra fyrst að ná í Sogsfossana. En það atriði skiftir að minni skoðun mjög miklu máli, því að jeg hygg það rjett vera, að engir fossar í þessu landi sjeu eins vel lagaðir til þess að koma af stað ýmsum nauðsynlegum framkvæmdum.

Þess vegna er það, að hvernig sem fer um þessa till., þá vona jeg, að einhver heimild verði samþ. handa stjórninni til að ná fullum umráðum yfir þessum fossum.

Sveinn Ólafsson: Hvort er hv. þm. Dala. (B. J.) svo nær, að hann megi heyra orð mín? (**B. J.:** Oft er í holti heyrandi nær). Velkominn á vettvang!

Hv. þm. Dala. (B. J.) hjelt því fram, að jeg hefði viðhaft stóryrði hjer í deildinni í sambandi við þau orð, er jeg talaði út af till. á þgskj. 795. En jeg man ekki til, að jeg viðhefði nein stóryrði. Hefir hv. þm. (B. J.) líka láðst að nefna eitthvað af þeim. Jeg talaði einmitt mjög varlega og gerði mjer alt far um að styggja ekki þann hluta hv. samvinnunefndar, sem að till stendur. —

Það var eitt, sem jeg tók fram, og bersýnilega kom illa við hv. þm. (B. J.), sem sje það, að í 1. lið till. lægi skipun til stjórnarinnar um að fara ránsferð á hendur einstökum mönnum. Jeg stend við það, að eftir mínum skilningi er hjer ekki um annað að ræða, svo framarlega sem jeg skil orðið „rán". Enda er jeg í engum vafa um, að þetta orð skilgreinir hv. þm. Dala. (B. J.) eins og jeg; við munum álíta, að það sje að taka með valdi og án endurgjalds af einhverjum það, sem er álitið hans eign. Og að óviðurkvæmilegt sje að skipa stjórninni að gera slíkt, verð jeg að standa við. Held jeg því fram, að þingið geti ekki, sóma síns vegna, látið slíka skipun til stjórnarinnar frá sjer fara.

Alveg tilefnislaust og mishepnað var það af hv. þm. Dala. (B. J.) að kasta til mín kaldyrðum um vatnsrán og reyna að telja öðrum trú um, að jeg væri sá sanni vatnsræningi. Jeg vil minna hann á, að jeg hefi ekki búið til orðið „vatnsræningi", og það er ekki til á prenti sagt af mjer. Að aðrir hafa tekið upp þetta nafn og flimtað með það, auðvitað honum til hnjóðs, eins og eðlilegt var, eftir frammistöðu hans í

þessu vatnamáli, er mjer óskylt. Þessi tilraun til að koma „vatnsræningja"-nafninu á mig, hefir því mistekist með öllu.

Þessum orðum sínum reyndi hv. þm. Dala. (B. J.) að finna stað með því, að benda til þess, að jeg hefði komið fram með sjerleyfislagafrv., en ónýtti alveg þann rjett landeigenda til vatnsins, sem jeg teldi óvefengjanlegan. Þessu geta þeir ef till trúað, sem ekki hafa lesið frv. mitt, en þeim, sem þekkja það, verður eigi talin trú um það. Þeir munu fljótt finna, að frv. felur í sjer rjettmæta takmörkun á umráðarjetti landeigenda yfir vatninu, takmörkun hliðstæða mörgum öðrum takmörkunum, sem ríkisvaldið leyfir sjer, en engan veginn verður heimfærð til s v i f t i n g a r á eignarrjetti, eins og kenning hv. þm. Dala. (B. J.) um vatnsrjettindin.

Hv. þm. Dala. (B. J.) virtist vera mjög gramt í geði út af því, að jeg hafði enn einu sinni lýst yfir þeirri sannfæringu minni, að einstaklingarnir ættu vatnið á jörðum sínum. Og sjerstaklega fanst honum það bíræfin kenning af því, að ýmsir merkir menn og þar á meðal jafnvel h a n n s j á l f u r og hv. 2. þm. Árn. (E. A.), sem er prófessor í lögfræði, eru á gagnstæðri skoðun. Jeg vil nú, út af þessum digurmælum hv. þm. (B. J.), láta þess getið, að þótt jeg væri um eitt skeið í vafa um það í fossanefndinni, hver ætti umráðarjettinn yfir vatninu, þá hvarf allur sá efi, þegar jeg hafði lesið greinargerð þessara háttv. herra fyrir því, að ríkið ætti vatnsaflið. Þeir sannfærðu mig um andstæðu þess, sem þeir ætluðu að sannfæra mig um. Jeg skal þó ekki neita því, að ástæður þeirra væru skynsamlega og vel fluttar, svo illur og ófugur sem málstaðurinn var. Og jeg kannast fúslega við, að vörn hv. 2. þm. Árn. (E. A.) fyrir þessari óverjanlegu skoðun var og er í sinni röð einskonar meistaraverk í því að rengja og flækja rjett mál. En niðurstöðurnar eru rangar og ekkert annað en „Sofisteri".

Þá vildi háttvirtur þingmaður Dalamanna (B. J.) halda því fram, að það væri eigingirnin, sem drægi mig að sjereignarkennngunni um vatnið, og átti sjálfsagt að skilja það svo, að af því að jeg ætti sjálfur land, þar sem fallvatn væri, mundi jeg halda því fram, að landeigandi ætti vatnsaflið. Jeg ætla ekki að kljást við hann um þessa kenningu. Hann hefir margjórtrað hana áður, og læt jeg mjer ekki bylt við verða. En hitt veit jafnvel hv. þm. Dala. (B. J.), að þau vatnsrjettindi, er jeg gæti átt, eru svo hverfandi lítil í samanburði við það, sem hjer er um deilt, að um þau tekur ekki að tala. Eftir sjerleyfislagafrv. því, sem borið er fram af samvinnunefnd fossamála, myndi jeg þrátt fyrir alt vera einráður yfir þeim lækjarsprænum, sem renna í mínu landi, og er því hv. þm. (B. J.) hjer að blekkja sjálfan sig og aðra.

En annars er ógnarhægt, er svo stendur á, að röksemdafátæktin er annars vegar — eins og hjá hv. þm. Dala. (B. J.) í þessum hlutum — að slá á þann strenginn, að gera mótstöðumönnunum getsakir. Jeg ætla ekki að beita þeirri aðferð við hann og engar getsakir að gera honum. En jeg lít svo á, að af því að hann, eins og öllum er kunnugt, er langmesti „idealisti" allra þingmanna, þá sje vatnsránskenning hans eðlileg afleiðing af skáldhneigð hans og sífeldu „loftsiglingum". En jeg endurtek það, að kenning hans í þessu máli er röng og fer í bág við lands-

lög og rjett og rjettarmeðvitund þjóðarinnar.

Jörundur Brynjólfsson: Af því að jeg þykist vita, að verði till. þessi samþykt, muni hún koma í stað þeirrar till., er jeg hefi flutt með 2 öðrum hv. þm., á þgskj. 121, vil jeg með örfáum orðum láta í ljós skoðun mína á þessari till. —

Jeg hefi ekki heyrt neinn hv. þm. láta annað í ljós en að það sje mjög gagnlegt og nauðsynlegt, að ríkið nái óskoruðum rjettindum yfir vatnsorku allri í Sogi og hagnýtingu hennar.

En mjer sýnist, að ef þessi till., sem hjer liggur fyrir, verður samþykt, þá sje mjög hæpið, að landið nái þessum rjetti, fyr en þá einhvern tíma löngu seinna. Jeg ímynda mjer, að þegar hv. samvinnunefnd, eða meiri hl. hennar, ákvað að flytja till. þessa, þá hafi ýmsir hv. nefndarmenn ekki gert sjer ljóst, hve mikinn tíma það myndi taka að útkljá þau málaferli, er af framkvæmd hennar hlytu að rísa, nje heldur hve mikið fje það mundi kosta.

Þar sem jeg lít svo á, að það sje ekkert vafaatriði, að landeigandi eigi vatnið, þá geta menn getið sjer til, hvort jeg muni því samþ., að stofnað sje til málsóknar út af þessu atriði, einkum þar sem jeg tel almenning varða miklu framgang þessa máls; fyrst og fremst almenning hjer og nærlendis, og svo líka öllu landinu í heild sinni. Þannig lítum við flutnm. till. á þgskj. 121 á málið, og því getum við alls ekki fallist á þessa till hv. meiri hl. samvinnunefndar í fossamálinu. Auk þessa get jeg lýst því yfir, að hvað mig áhrærir, er jeg ekki þeirrar skoðunar, að hægt sje að taka fossana endurgjaldslaust. Þá getur og leitt af þessari till., að ekki verði hafist handa í virkjun Sogsfossanna bráðlega, en það tel jeg mjög nauðsynlegt. Skal jeg að eins benda á eitt atriði í þessu sambandi, sem sýnir allljóslega, að þörf er á að útkljá þetta mál fljótt. Menn munu kannast við, að komið hefir til tals, að Reykjavíkurbær byggi rafmagnsstöð við Elliðaárnar, en ekki hægt að hafa hana stærri en 1000—1500 hestöfl. Þess er getið til, að þessi smástöð muni kosta á þriðju miljón kr., eða kann ske 3 miljónir. Nú vita allir, hversu þessu bæjarfjelagi er bráðnauðsynlegt að fá rafmagn, og það vita líka allir, að þessi litla stöð við Elliðaárnar, þótt hún yrði bygð, fullnægir aldrei kröfum bæjarins. Væri því ekki nær, að bæjarfjelagið gengi í fjelag við landið og legði fram þetta fje, til þess að vinna með landinu að virkjun Sogsfossanna? Það mun flestum lítast ráð, en nú er jeg sannfærður um, að ef fyrst á að útkljá eignarrjettarspursmálið með dómi, þá stendur svo lengi á því, að bærinn getur ekki beðið. En það er ekki að eins Reykjavík, sem halla biði, ef bíða ætti eftir framkvæmd þessarar till., heldur eru það og sjávarþorpin og kaupstaðirnir hjer umhverfis, því að þeir eru allir svo mjög þurfandi fyrir rafmagn, er gæti hjálpað þeim á svo ótal mörgum sviðum. Frá þessu sjónarmiði einu teljum vjer flm. óskynsamlegt að fara þessa leið. Annars ætla jeg mjer ekki að fara út í eignarrjettarspursmálið að þessu sinni, því jeg tel það til lítils; það má kýta um það fram og aftur og vera þó jafnnær eftir.

Hv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að saklaust væri að leita álits dómstólanna um þetta mál. Jeg hygg, að hann hafi alls ekki gert sjer þess fulla grein, hvílíkt tjón, bæði beint og óbeint, þjóðinni

yrði að þeim drætti, er slíkt mundi valda, og einkum þar sem telja má, eða jeg tel víst, að niðurstaðan yrði sú, að landeigendum yrðu dæmdir fossarnir. — Þá virtist koma fram hjá hv. þm. Dala. (B. J.) undrun yfir því, að við skyldum hafa þessar skoðanir. Hann hefði prófessor í lögum á sínu máli, og var svo að heyra, sem hann ætlaðist til, að við þm. tækjum allmikið tillit til slíks manns, og ættum að minsta kosti að vera varfærnir í dómum okkar. Jeg vil ekki vera á móti því, að gott er að hafa vel lærða og greinda menn á sínu máli, en þó finst mjer, að maður eigi ekki að loka augum heilbrigðrar skynsemi fyrir því, hvað manni sýnist sjálfum rjett, og því verður ekki komið inn í mitt höfuð, að maður verði að taka skoðanir einhvers, þó að hann sje vel lærður, góðar og gildar, að eins fyrir það, fram yfir sína eigin skynsemi. Og það verð jeg þá líka að segja, að hv. þm. Dala. (B. J.) taldi þennan mann ekki svona óskeikulan 1917, því þá var hann á annari skoðun, og var þó það mál, er þá var um deilt, engu síður lögfræðislegs eðlis en það mál, er nú um ræðir.

Að lokum vænti jeg þess, að þeir hv. þm., sem ant er um eignarrjettinn og að eitthvað verði að hafst, greiði atkv. sitt á móti þessari till.

Frsm. (Gísli Sveinsson*): Svo virðist, sem hv. þm. hafi nú sagt það, sem þeir vilja sagt hafa í þessu máli, og ætla jeg því að slá botninn í þessar umr.

Vil jeg byrja á þeim hv. þm., sem síðast talaði (J. B.). Þessi hv. þm. (J. B.) komst svo að orði, að ef þessi till. væri samþ., væri hæpið, hvort yfirráð yfir Soginu kæmust nokkurn tíma í hendur ríkinu í nálægri framtíð, þar sem hún mundi tefja fyrir framkvæmd í þá átt, að Sogið yrði virkjað. Hann hefir líklega ekki tekið eftir því, hv. þm. (J. B.), að auk þess sem 1. liður till. segir svo, að það eigi að taka Sogsfossana, þá gerir 2. liður hennar ráð fyrir, að Sogsfossarnir verði teknir til virkjunar á sama hátt og till. hv. þm. (J. B.) gerir ráð fyrir. Spurningin verður því að eins þessi, hvort væntanleg málssókn geti tafið svo mikið fyrir þessari framkvæmd, að henni seinkaði til muna. Jeg fyrir mitt leyti held það ekki, því þótt hægt væri að taka Sogsfossana lögnámi gegn bótum, þá þarf svo mikinn undirbúning og rannsókn áður en virkjunin hefst, að ekki mundi því meira en lokið er málið væri útkljáð. Tímaspursmálið verður því hverfandi. Það má sem sje, þegar till. hefir verið samþ., fara að undirbúa öll þau virki, er þörf er á, þótt málið verði þá ekki útkljáð, því þótt dómstólunum sýnndist svo, að einstaklingarnir ættu fossana, þá má þó altaf taka þá lögnámi, og gerir 2. liður till. ráð fyrir því, að það verði gert.

Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) vildi halda því fram, að þeir einir fylgdu þessari till., sem álitu, að ríkið ætti vatnið. — Þetta er helber misskilningur. Hann ætti að vita, að það kemur bæði fram í nefndarálitinu, og svo kom það líka fram í framsöguræðu minni, að þetta er einmitt gert til þess að losna við að úrskurða nokkuð um þetta atriði, sem við hjer á þingi erum ekki færir til að úrskurða til fullnustu á þessu stigi málsins. Við teljum, að til sje að eins eitt vald í landinu, sem getur úrskurðað um svo algerlega „theoretiskt“ og formlegt atriði, og það vald eru dómstólarnir. Því er svarað, að þingið geti alls ekki

* Sjá aths. neðanmáls í 657. dálki.

skipað stjórninni að framkvæma þessa till., en ef löggjafarvaldið getur ekki skipað stjórninni þetta, getur það ekki heldur tekið í sínar hendur að úrskurða neitt í þessu máli.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) tók til máls og lýsti því yfir, að hann væri kominn að þeirri niðurstöðu, að landeigendur ættu rjettinn til vatnsins. Það er gott fyrir hann sjálfan, að hann er kominn að ákveðinni niðurstöðu, en hitt er og víst, að niðurstaða hans gildir ekki meira en annara hv. þm., því að jeg býst ekki við, að hann vilji halda því fram, að hann hafi sjerstaklega rannsakað þetta mál.

Þá hefir það komið fram, að hæstv. landsstjórn hafi ekki fengið tækifæri til að láta í ljós skoðun sína í þessu máli; nú hefir hann gefið tækifærið, og hefir þá meiri hl. hennar lýst því yfir, að hann væri á móti þessari till. Hins vegar vænti jeg, að hún muni fá uppreisn fyrir þá hrakför, er hún fór í máli, sem nýlega lá fyrir þinginu, og ber að titla sem ótvírætt hneykslismál, enda fylgdu þá þessum hæstv. ráðherrum 3 menn, en hinir aðrir vildu ekki líta við því.

Jörundur Brynjólfsson: Hv. framsm. (G. Sv.) ruglaði hjer mjög saman tímanum, sem færi til þess að dæma í þessu máli, og til þess að undirbúa og hefja virkjun. — Jeg er sannfærður um, að meðan málið stendur yfir muni ekki vera hægt að vinna neitt að virkjuninni. Þá fyrst, er málið er útkljáð, er hægt að hefjast handa, og fer því sá tími til spillis, er fer í malssóknina. Svo bætist tíminn við, sem fer í það að virkja fossana, og mun því óhætt að fullyrða, að langt verður að bíða eftir því, að vatnsaflið komi í not.

Bjarni Jónsson: Þetta var ekki svo fjarskalega skýrt hjá hv. 1. þm. Reykv. (J. B.), því að þótt dómurinn sje ekki fallinn, þá getur þó landið hafið virkjunina.

Annars ætla jeg að benda á eitt dæmi í hans ræðu, til þess að sýna, hversu hárskarpir dómar þessa hv. þm. (J. B.) eru. Hann benti á, að jeg væri, eða hefði ekki altaf verið, á sama máli og hv. 2. þm. Árn. (E. A.), en hann gleymdi því, í hvaða sambandi jeg nefndi þennan mann. Jeg taldi það sem sje gefið, að þar sem hann, sem er einhver færasti lögfræðingur þessa lands, áliti, að lög væru fyrir því, að landið ætti fossaflið, þá væru líkur til, að engin rjettarvissa væri fyrir skoðun hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) og hans fjelaga. En það hefi jeg aldrei sagt, að aldrei væri nein óvissa í hans máli. Eftir þessu tók hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) ekki, heldur ætlaðist hann til, að dómurinn hljómaði svona: Hv. þm. Dala. (B. J.) fellst ekki altaf á það, sem hv. 2. þm. Árn. (E. A.) segir; því dæmist rjett vera, að þar sem hann í þessu máli er á sömu skoðun og hv. 2. þm. Árn. (E. A.), þá hlýtur hann að hafa rangt fyrir sjer.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg man ekki betur en að hv. þm. Dala. (B. J.) hafi talið sinn skilning rjettan á þinginu 1917, er hann og hv. 2. þm. Árn. (E. A.) deildu um stjórnarskráratriðið um rjett varamanna (landskjörinna) til þess að taka þingsæti.

Bjarni Jónsson: Þetta er sennilega rjett hjá hv. þm. (J. B.), en hins vegar hefir þessi maður aldrei heyrt, að þm. Dala. (B. J.) væri hræddur við að skjóta máli sínu til dómstólanna, enda er þm. Dala. (B. J.) altaf svo sann-

færður um, að hann hefir á rjettu að standa, að hann þarf ekki að óttast dóm þeirra.

ATKVGR.

Tillgr. **feld** með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. J., B. J., B. K., E. A., G. Sv., J. J., M. G., M. P., S. St.

nei: Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. St., E. Árna., E. J., H. K., J. B., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Ó. B.

J. M. greiddi ekki atkv.

---

5. Atkvæðagreiðsla í bannmálinu.

Á. 62. fundi í Nd., föstudaginn 12. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um atkvæðagreiðslu í bannmálinu og ríkiseinkasölu á áfengi (A. 791).

Á 63. fundi í Nd., laugardaginn 13. sept., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 64. fundi í Nd., mánudaginn 15. sept., var till. tekin til einnar umr. (A. 791, 797).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., þriðjudaginn 16 sept., var till. aftur tekin til einnar umr. (A. 791, 797, 824).

Flm. (Sigurður Stefánsson): Við flm. þessarar till. teljum okkur skylt að gera nokkra grein fyrir henni, og mun sú greinargerð einkum fólgin í því, að rekja tildrög og ástæður fyrir henni og að draga fram þær staðreyndir, sem nú eru orðnar öllum augljósar í hinu svo kallaða bannmáli.

Á Alþingi 1905 var ákveðið að bera undir atkvæði þjóðarinnar, hvort banna skyldi aðflutning á áfengi. Þessi hugmynd var í fyrstu komin fram hjá Goodtemplarareglunni hjer á landi. Þá voru þegar deildar skoðanir um það, hvort rjett væri að bera þessa hugmynd undir atkv. þjóðarinnar, og hvort heppilegt væri að leiða hana í lög. Deilan um bannið er því miklu eldri en bannlögin; hún var hafin áður en atkvgr. um bannhugsjónina fór fram, haustið 1908.

Það verður ekki um það deilt, að þeir heiðursmenn, sem fyrir bannhugsjóninni börðust, gerðu það í góðum tilgangi. Um það geta víst allir verið sammála, að æskilegt væri, að ekkert áfengi væri til í landinu, og þar af leiðandi ekkert áfengisböl. En þess ber að geta, að 1908 greiddu kjósendur atkv. um bannhugsjónina eina, en ekki um bannlögin, eða holdgun þessarar fögru hugsjónar. Jeg held, að óhætt sje að fullyrða, að ef kjósendur þá hefðu vitað, hvaða búning hugsjónin mundi fá og hvað haldgóður hann yrði, þá hefðu atkvæði orðið á aðra lund. Það er að minsta kosti víst, að sumir, sem höfðu verið hugmyndinni fylgjandi, ljetu sjer fátt finnast um búning hennar í bannlögunum. En hugsjónin var glæsileg og girnileg til reynslu. Áfengislaust land blasti við í náinni framtíð, og menn fyltust fögrum framtíðarvonum. Menn

gerðu sjer vonir um batnandi siðferði í landinu. Menn gerðu sjer vonir um batnandi efnahag manna, því þeir voru því miður alt of margir, sem sökum áfengisnautnarinnar höfðu orðið ófærir til að eignast nokkuð, eða gæta efna sinna. Menn bjuggust við andlegri og tímanlegri blessun af vínbanninu.

Það var því síst að furða, að þessi hugsjón fengi marga fylgismenn og ötula, og margir greiddu atkvæði með henni. Og svo fór líka, að flokkur hinna vongóðu manna varð í meiri hluta við atkvæðagreiðsluna 1908. En þessi meiri hl. varð þó hvergi nærri eins öflugur og fylgjendur málsins höfðu gert sjer vonir um. Bannið var samþ. með að eins $^{3}/_{5}$ hlutum kjósendanna, og á móti var harðsnúinn andstæðingaflokkur, og var þannig fyrirfram vitanleg öflug andstaða á móti lögunum. Þessi fyrsti þáttur málsins endaði þannig með vonbrigðum bannvinanna, og síðan má segja, að hver vonbrigðin hafi rekið önnur.

Þegar annar þáttur hefst, eru þegar dimm ský yfir vonargerði bannmanna. Þau ský hverfa ekki af vonarhimninum, þegar hugsjónin er holdi klædd með bannlögunum 1909. Það var fyrirfram fengin vissa fyrir því, að mikill hluti þjóðarinnar var andvígur bannlögunum, og margir ljetu í ljós þann óhug sinn bæði í ræðu og riti, og stundum með ómjúkum orðum. Lögin áttu þegar í stað ekki þau ítök í hug og hjarta þjóðarinnar, sem öllum lögum eru nauðsynleg, en þó engum eins nauðsynleg og svona lögum, sem ganga eins nærri persónufrelsi einstaklinganna. Vitandi vits um þetta gekk löggjafarvaldið að þessari lagasetningu. Andstaðan varð meira að segja svo almenn, að jafnvel sumum bannmönnum hraus hugur við hugsjóninni fögru, er hún var komin í bannlagabúninginn. Mjer fór að minsta kosti svo, og sama get jeg sagt um fleiri. Mjer þótti löggjafarvaldinu ekki takast sem skyldi, þótt jeg væri þar með starfandi. Jeg get ekki áfelst það, því vissulega var ærinn vandi að smíða þessari hugsjón haldgóðan og hentugan búning, er ekki hneykslaði rjettartilfinning einstaklinganna og sjálfsagðasta athafnafrelsi þeirra.

Annar þáttur þessa máls varð því einnig sár vonbrigði bannvinanna. Jeg ætla ekki að rekja þessa sögu mikið lengra, en hún er sannkölluð raunasaga, og „altaf bætist þar raun við raun".

Þær glæsilegu vonir, sem komu mönnum til að greiða atkv. með hugsjóninni fögru og framkvæmd hennar í bannlögunum, hafa óneitanlega orðið sjer til skammar. En hrakspár andbanninga hafa þar á móti ræst, og það svo átakanlega, að öllum góðum mönnum, sem unna siðgæði, reglusemi og löghlýðni í landinu, er sár raun að.

Vonirnar rættust svo illa, en hrapspárnar svo átakanlega, að landið hefir ekki flotið í mjólk og hunangi siðgæðis og löghlýðni síðan bannlögin gengu í gildi, heldur í brennivíni, Whisky og Cognaci lögbrjótanna. Saga bannlaganna hefir ár frá ári orðið meiri og meiri raunasaga fyrir þjóðina.

Það, sem átti að auka þjóðarheill og þjóðarsóma, hefir reynst þjóðinni til skaða og minkunnar. Jeg tala hjer ekki af neinu ofstæki eða fer með neinar öfgar; þetta eru staðreyndir um þetta mál, sem mjer er sönn raun að þurfa að tala um.

Reynslan hefir sýnt, að siðgæðisþroski þjóðarinnar hefir ekki grætt á banlögunum, heldur stórtapað, en það eru aðrir, sem hafa grætt, grætt svo, að öllum þykir ilt til að vita, og það eru

bannlagabrjótarnir. Óhlutvandir menn, útlendir og innlendir, hafa öll þessi ár rist blóðörn á baki íslensku þjóðarinnar með lögbrotum. — Í vasa þeirra kumpána hafa runnið, jeg vil ekki segja margar krónur, heldur tugir þúsunda króna; þær hefir þjóðin mist í þessa hít, lögbrjótahítina. Áður runnu margar þúsundir í áfengishítina, en menn hafa síst búist við, að þúsundirnar hjeldu áfram að renna, og hítin lengdi að eins nafn sitt í áfengislögbrjótahít.

Það er líka á annað að minnast. — Margur fáráðlingurinn svalar nú drykkjufýsn sinni í óþverra og ólyfjan, og missir fyrir það heilsu sína á skömmum tíma. Þess eru þegar dæmi, að ungir menn eru orðnir heilsulausir og óverkfærir á tveim árum og lentir á sveit sinni, vegna nautnar þeirrar áfengisólyfjanar, sem engum lifandi manni datt í hug að leggja sjer til munns áður en bannið kom til sögunnar. Jeg veit, að vinir bannlaganna reyna að gera lítið úr þessum og öðrum ósköpum, sem bannlögin hafa leitt yfir þetta land, og jeg áfelli þá ekki svo mjög fyrir það. Þeim er nokkur vorkunn, þótt þeir reyni í lengstu lög að vona betri ávaxta af bannlögunum, en jeg skal engu um það spá, hve lengi þeim tekst að vera rólegir og alls óhræddir í vonargerði sínu, en reynslan hefir þegar gert allharðar árásir á þetta vonargerði þeirra, og mörgum sýnist það þegar að falli komið.

Bannmenn halda því fram, að fylgi bannlaganna fari vaxandi. Um það skal jeg ekki deila, en ótrúleg þykir sú saga mörgum, því að fleira virðist benda á, að það fari fremur minkandi en vaxandi. Mótþrói fyrir þessum lögum og virðingarleysi fyrir þeim, sem jafnframt leiðir af sjer virðingarleysi fyrir öllum lögum, hefir farið vaxandi ár frá ári síðan þau gengu í gildi.

Jeg skal játa það, að það, sem eðlilega vakti fyrir mjer 1909, þegar jeg greiddi atkv. með bannlögunum, var það, að þó að gamla kynslóðin yrði breysk og reyndi að fara í kringum lögin til að fullnægja fýsn sinni, þá væri yngri kynslóðinni miklu betur borgið en áður, Þetta var sú von, er mestu rjeð um atkvæði mitt með bannlögunum, en þessi von mín hefir orðið sjer til skammar.

Það verður ekki um það deilt, að það er ekki gamla kynslóðin, sem nú gengur best fram í að brjóta lögin, heldur hin yngri, og það er það sárgrætilegasta í þessu máli, og það gerir framtíð þeirra laga svo afardapurlega í mínum augum. Forboðni ávöxturinn er enn girnilegri í augum æskunnar en hinna eldri.

Vinir bannlaganna hljóta að sjá þetta, og þeir vilja eflaust reyna að bæta úr því eftir megni. En þeir hafa ekki sjeð önnur ráð en að herða öll refsiákvæði laganna. Þeir hafa fengið sektirnar hækkaðar og gert ráðstafanir til þess að ógna mönnum frá að brjóta, með afarháum sektum og jafnvel fangelsi. Hingað til hefir það ekki þótt ráð, til að hafa siðbætandi áhrif, að herða öll refsingarákvæði svo fram úr hófi, að þau stæði ekki í neinu sennilegu hlutfalli við eðli og stærð brotsins. Slík ákvæði egna heilbrigða skynsemi og heilbrigt almenningsálit upp á móti sjer. Reynslan hefir líka sýnt það, að vandræðaástandið hefir magnast við hverja herðingu laganna. Það eru til bannmenn, sem ekki vilja við þetta kannast; þeir telja ástandið betra en það er. Betur, að þeir hefðu rjett fyrir sjer. En það þýðir ekki að loka augunum

fyrir augljósum staðreyndum og reyna þannig að blekkja sjálfa sig og aðra. Ástandið er og verður okkur til skammar og skaða, ef lögin eru látin standa, hve oft og mikið sem þau eru hert. — Bannmenn skella skuldinni á löggæsluna í landinu. Það er satt, að hún er magnþrota og ráðþrota í þessu máli. En er hægt að heimta af henni, að hún geti mikið meira en hún gerir? — Þó hún hefði, sem maður segir, auga á hverjum fingri, þá fengi hún ekki við ráðið. Lög, sem ríða eins átakanlega í bág við einstaklings- og athafnafrelsið eins og bannlögin, baka sjer fyrirlitningu og mótþróa góðra manna, því harðari sem þau eru og ómannúðlegri í hegningarákvæðum sínum. Þeirra laga er ómögulegt að gæta svo vel fari. Það er mannlegum mætti ofvaxið. Sæi lögreglan í gegnum holt og hæðir, eins og kerlingarnar í æfintýrum okkar, myndi hún að vísu sjá heilan „Lager" af áfengi falið og grafið hingað og þangað í holtum og urðum umhverfis höfuðstaðinn, og jafnvel á sjávarbotninum hjer úti fyrir, en hitt læt jeg ósagt, hve vel henni tækist að handsama smyglana, sem þannig geyma vörur sínar, og þótt hún við og við næði þessum varningi, myndu nýjar birgðir koma í skarðið; svo kappsamlega er sú atvinna nú rekin.

Jeg held, að ekkert vinnist með því að herða lögin; reynslan hefir þar gert spádóma bannmanna að öfugmælum. Seinasta tilraunin í þá átt var hjer fyrir þingi í sumar, og jeg get að vísu ekki lofað þá meðferð, sem hún hefir fengið. Jeg er jafnvel þeirrar skoðunar, að eins og nú standa sakir, sje rjett að lofa bannmönnum að herða lögin eftir geðþótta, því hver herðing styttir lífstrið þeirra, með því að sannfæra bannmennina sjálfa um, að þau sjeu dauðadæmd. Jeg hygg, að ekki verði þess lengi að bíða, að reynslan sýni bannmönnum, í hvaða ógöngur og öngþveiti málefni þeirra er komið, og að hver herðing gerir að eins ilt verra. Eftirlitið er á þann hátt stórum torveldara. Menn verða seinni til að ljósta upp brotum um náungann, þegar menn vita, að hann á von á mörg hundruð króna sekt og jafnvel fangelsisvist fyrir ólöglega meðferð á 1 brennivínsflösku. Jeg býst við, að bannmenn sjálfir veigri sjer jafnvel við upplýstri, þótt þeir verði lögbrjótanna varir, og þá er ekki von, að hinir sjeu fúsari, sem enga samúð eða virðingu bera fyrir lögunum, og telja brot á þeim í raun og veru alls engin brot. Þegar svo er komið, þá virðist ekki annað fyrir en að afnema lögin. Jeg held, að allir verði að játa það ofverk lögreglunnar að hafa það eftirlit með því, að þessum lögum sje hlýtt, sem að gagni má koma. Það hefir reynst lítt mögulegt, og mun reynast enn ómögulegra hjer eftir.

Bannlögin gátu ekki hafið göngu sína á hentugri tíma fyrir sæmilegt lögreglueftirlit með þeim en einmitt þessi ár síðan þau gengu algerlega í gildi. Eftir að þau gengu í gildi teptust bráðlega, sökum styrjaldarinnar, siglingar frá útlöndum til allra hafna landsins nema Reykjavíkur; það gat ekki hist betur á. Það er þó óneitanlega hægra fyrir lögregluna að hafa gott eftirlit á einum stað, og það á þeim stað, sem lögreglan er best liðuð, heldur en þegar siglingar hefjast til allra hafna landsins og aukast að miklum mun.

Vill nú þingið ár eftir ár horfa aðgerðarlaust á, að lög þess sjeu brotin eins blygðunarlaust eins og bannlögin?

Það er svo fyrir mjer, og svo mun vera fyrir fleirum, að við verðum að hugsa okkur um, hvort rjett sje að horfa aðgerðarlaust á ástandið, eins og það er orðið. Jeg held, að það sje betra að stiga í eldinn en standa í honum. Fjöldi landsmanna og það þeirra, sem greiddu atkv. með bannlagahugmyndinni fögru og síðan með bannlögunum 1909, iðrast þess nú af öllu hjarta. Og þótt menn væru bjartsýnir þá, mega þeir ekki láta bjartsýnina villa sjer sjónir nú: Humanum est errare, nullius nisi insipientis in errore perseverare, eða mannlegt er að villast, en örvita eins að ana áfram á villuvegi. Hjer er orðið um sannkallað þjóðarböl að ræða, böl, sem er stærra en tárum taki. Ekki álasa jeg þeim mörgu góðu og mætu mönnum, sem börðust fyrir áfengisbanninu; þeir gerðu það í góðum tilgangi, sannfærðir um, að þeir með því mundu frelsa þjóðina frá áfengisbölinu og lyfta henni upp á æðra siðferðis- og menningarstig. En eins sannfærður er jeg nú um, að það tekst aldrei með bannlögum; þau seinka siðferðisþroska þjóðarinnar, í stað þess að flýta honum. Það verður sýnt með óhrekjandi tölum, að nautn löglegs áfengis vex hröðum fetum í landinu, og fullvíst er, að þar að auki er neytt mikils ólöglegs áfengis. Jeg get búist við að einhver áheyrandi minn muni segja við mig: Þú ert að mála vonda karlinn á vegginn. Jeg hefi enga tilhneigingu til þess; en jeg er að mála þar annan karl, sjálfan Bakkus. Við vitum, að sá vondi karl fer nú herskildi um landið, og hans bestu liðsmenn eru bannlögin; sú hersveit, sem með honum vinnur, er storkunarandi lýðsins gagnvart bannlögunum og strangleik þeirra.

Jeg hefi fengið upplýsingar um innflutning áfengra drykkja næstu 5 árin áður en bannlögin komu, og tala þær tölur skýrara máli en jeg get mælt. Þessi innflutningur áfengis fór árlega minkandi, eins og eftirfarandi tölur sýna:

1906	voru	fluttir	inn	324	þús.	lítrar,
1907	—	—	—	355	—	—
1908	—	—	—	277	—	—
1909	—	—	—	196	—	—
1910	—	—	—	164	—	—

Það er vel athugandi, hvílík lækkun er á innflutningi áfengis þessi árin. Síðasta árið er innfl. helmingi minni en fyrsta árið. Og hverju er þetta að þakka öðru en lofsverðri starfsemi Goodtemplara, sem árum saman höfðu unnið að því, að glæða siðferðisþroska þjóðarinnar og innræta henni viðbjóð á ofnautn víns. En svo koma bannlögin í fult gildi með árinu 1912.

Árið 1911 eru menn að búa sig undir að taka á móti bannlögunum; þá er náunginn að búa sig undir að lifa í landinu þurra, og þá flytur hann inn 935 þúsund lítra af áfengi, eða næstum því eins og inn var flutt á 4 árunum á undan 1911 samanlögðum. Þessi innflutningur sýndi þegar, hve góðar viðtökur bannlögin mundu fá, eða hitt þó heldur, og hinn sterki andróður og mótþrói gegn bannlögunum varð þegar í stað sýnilegur.

Árin 1912 og 1913 lifðu menn svo á vínbirgðunum frá 1911. Þau ár bæði til samans er áfengisinnflutningurinn 20 þúsund lítrar, eða 13000 lítrar fyrra árið, og 7000 lítrar síðara árið.

Þetta er nú góð byrjun. En þegar fer að ganga á birgðirnar, þá tekur að hýrna yfir innflutningnum:

1914	eru	fluttir	inn	14	þús.	lítrar,
1915	—	—	—	21	—	—
1916	—	—	—	28	—	—
1917	—	—	—	31	—	—
1918	—	—	—	57	—	—

Árið 1918 er innflutningurinn orðinn fjórfaldur móts við það, sem hann var 1914. Það er svo komið, að meira en ½ líter af áfengi kemur á hvert einasta mannsbarn í landinu. Haldi svona áfram, líður ekki á löngu, að innflutningur á áfengi verði eigi minni en hann var 5 síðustu árin á undan aðflutningsbanninu.

Hverjum dettur nú í hug, að 57000 lítrar af áfengi 1918 sjeu brúkaðir eingöngu til iðnaðar og lyfja, og annað áfengi er ekki leyfilegt að flytja inn í landið?

Það var ekki kvartað yfir neinum skorti á vínanda til iðnaðar og lyfja, þegar ekki fluttist inn nema 13000 lítrar, eða heldur 1913, þegar innflutningurinn var einir 7000 lítrar. Það er þó ekki ástæða til að ætla, að iðnaðarmenn og lyfsalar hafi birgt sig upp með vínanda á árunum á undan. Samsvarandi hækkun er á vínfangatollinum, sem eðlilegt er, eins og aukning innflutningsins. Árin 1913—1917 nam vínfangatollurinn að meðaltali 43000 kr. á ári. En árið sem leið er hann kominn upp í 73000 kr.; er það allálitleg upphæð í „þurru" landi, og bendir hún síst á, að lög þessi hafi orðið til jafnmikillar siðbótar fyrir landslýðinn sem frumkvöðlar þeirra væntu. Enda eru þess dagleg merki hjer í Reykjavík, og fleiri kaupstöðum landsins, að nautn áfengra drykkja mun ekki vera minni nú en hún var áður en bannlögin komust á.

Mjer er sagt, að varla komi sú nótt fyrir, að eigi sjeu druknir menn hýstir hjer í „Steininum". Að vísu er hjer ekki hægt að miða beinlínis við það, sem áður var, því nú mun eftirlitið vera strangara en fyr. En það skal jeg taka fram, að þótt bannlögin verði numin úr gildi, má ekki nema burt eftirlit með druknum mönnum á almannafæri.

Nú er ekki svo, að hið löglega áfengi sje eina áfengið, sem drukkið er í landinu. Þingið í ár hefir talið sig neytt til að leggja toll á brennsluspíritus, allskonar hármeðul og ilmvötn, og af hverju? Af því fólkið er farið að drekka þessa vökva. Þetta er ekki skemtilegt í þurru landi; en fleira verður að gera en gott þykir. Brennsluspíritus er með þessum tolli gerður svo dýr, að fátæku fólki er nær ómögulegt að kaupa hann til að hita sjer við hann kaffisopa; það verður að kaupa kol fyrir 30—40 krónur skippundið. En þingið hefir neyðst til að gera fleira, sem er bein afleiðing af bannlögunum.

Af því að það var ekki svo fyrirhyggjusamt og viturt, að hafa fundið hagkvæman og rjettlátan toll, er koma skyldi í stað áfengistollsins, þá hefir það orðið að grípa til þess að leggja allháan toll á allar innfluttar nauðsynjavörur, toll, sem hækkaður hefir verið hvað eftir annað. Nú er svo komið, að fátæklingurinn getur ekki látið upp í sig brauðbita án þess að gjalda toll af honum, ekki eignast spýtu í kofann sinn, ekki dúkpjötlu í spjör handa sjer, ekki sementslúku, ekki salthnefa nje kolamola eða gaddavír. Má vera, að þessi tollur, vörutollurinn, verði áfram, en fyrsta tilefni til hans var, að landið misti tolltekjur af áfengi, er bannlögin voru lögleidd.

En það er meira blóð í kúnni. Auk þess áfengis, sem inn í landið er flutt, eru Íslendingar sjálfir farnir að brugga áfengi og það, að sögn, ekki af betra endanum. Þetta fer fram rjett undir handarjaðrinum á sjálfri lögreglunni, og með sínum besta vilja fær hún ekki að gert.

En hjer er fleira ljótt á seiði. Óleyfilegur innflutningur á áfengi vex hröðum fetum, og er að líkindum orðinn meiri en sá löglegi, eða er á góðri leið að verða það. Það ganga sögur um stórar vínbirgðir, fluttar hingað frá Spáni og öðrum löndum. Þetta er svo sótt á bátum í skipin úti í Flóa, eða því jafnvel sökt á sjávarbotn, til að geymast þar þangað til færi gefst að fiska það upp aftur þaðan. Þegar í land kemur, er það svo falið í afkymum og skúmaskotum, eða geymt uppi í holtum.

Þegar áfengi hefir streymt svo á stríðsárunum inn í hina einu höfn, sem samgöngur við útlönd hafa nær eingöngu verið bundnar við og þar sem lögregluefirlitið er langöflugast, þá er hægt að gera sjer í hugarlund, hvernig ólöglegt áfengi muni fossa inn í landið, þegar skip taka aftur að sigla inn á hvern vog og vík umhverfis alt landið, þar sem engu eftirliti verður við komið og engin lögreglugæsla er. Þar geta smyglararnir í næði rekið atvinnu sína, sem þeir þegar hafa byrjað á.

Þessi þokkalega verslun er þegar orðin mesti gróðavegurinn í þessu „þurra landi". Lögbrjótarnir verða stórríkir menn á fáum árum; en þeir, sem við þá versla, eru fjeflettir eftir nótum. — Áfengisliterinn, sem keyptur er fyrir fáa aura suður á Spáni, í Bretlandi, Ameríku eða annarsstaðar, er seldur fyrir alt að 30—40 kr., þegar hingað kemur. Þetta er hörmulegt ástand.

Þingið streitist við að leggja háa skatta á allar nauðsynjar og löglegan og heiðarlegan atvinnurekstur, þjóðfjelaginu til uppbyggingar, en þessar þúsundir fara allar fram hjá því, af því að þær eru fengnar í skúmaskotum lögbrotanna, sem knúin eru fram af óeðlilegum höftum á frelsi einstaklinganna.

Bannlögin hafa ekki náð tilgangi sínum, hversu góður sem hann var, og ná honum aldrei, hvorki siðbótartilganginum nje fjárhagsbótar.

Þetta eru tildrögin til þingsál.till.; þetta eru ástæðurnar fyrir henni. Af því að bannlagahugmyndin var borin undir atkvæði þjóðarinnar áður en bannlögin voru samþ., viljum við nú spyrja hana aftur, hvort hún vilji lifa áfram undir þessum lögum; þó ekki af því, að við teljum ekki þingið hafa fullan rjett til að afnema þau án þess að atkvæðis þjóðarinnar sje leitað um það, heldur af því, að við viljum ekki, að sagt verði, að farið hafi verið hvatvíslega að afnámi þeirra. Þjóðin sjálf hefir aldrei samþykt bannlögin, heldur hugsjónina, sem þau bygðust á, þá fögru hugsjón, sem nú er að verða að örgustu ófreskju. Þetta segi jeg af því að jeg álít ekki öll sund lokuð, þótt þjóðin sje ekki með afnámi bannlaganna að þessu sinni. En auðvitað er, að sje þjóðin enn ekki svo vitkuð í þessu máli, og heldur ekki þingið, að það sjái hvílíkt þjóðarböl hjer er á ferðinni, þá nær það ekki lengra. Ástandið þarf enn að versna, til þess að augu manna opnist, og því miður er ekki útlit fyrir annað en að það versni stórum.

Sumir vilja bíða og sjá, hvort ekki batnar; aðrir vilja bíða til þess, að enn betur sjáist, hve óþolandi ástandið er. En við viljum ekki bíða; hvert árið er fyrir okkur löng bið, og þraut að horfa á siðspillandi áhrif laga þessara, sjáandi það, að virðingarleysið fyrir þeim vekur og magnar virðingarleysi fyrir öðrum lögum. Úr því að engin von sýnist um, að unt verði að stemma stigu fyrir lögbrotum og smyglun áfengis, þá er nær, að landið, en ekki óhlutvandir menn, hafi ágóða af áfengis-

versluninni; og þjóðin vill eflaust heldur, að hár skattur sje lagður á vínföng, en á mestu lífsnauðsynjar hennar.

En vilji þjóðin ljetta af sjer þessum ófagnaði, þá mundi hollast, að ríkið tæki að sjer innflutning áfengis; með því mundi meiri trygging fyrir, að eigi flyttist inn í landið allskonar ólyfjan, sem fólk er nú orðið vant að drekka. Yfir höfuð mundi vera hægt að fá meiri trygging gegn ýmsum þeim hættum, sem vínföngum og vínfangaverslun fylgja, án þess þó að ganga of nærri persónufrelsi manna, ef ríkið tæki að sjer umsjón með innflutningi og áfengisverslun í landinu. Á þann hátt mundi og ríkið hafa mestar tekjur af vínföngunum, tekjur, sem gætu skift hundruðum þúsunda á ári eða meira; og það jafnvel án þess, að innflutningur vínfanga ykist nokkuð verulega frá því, sem nú er; hann yrði að eins sýnilegur og löglegur.

Ekki ætti þessi tekjuauki að vera fráfælandi nú á þessum tímum, þegar jafntilfinnanlegur tekjuskortur er sem nú, og menn standa ráðþrota að finna eitthvað til að fylla upp í tekjuhallaskörðin.

Þótt búast megi við, að menn haldi ekki einkasölulögin sem skyldi og reynt verði að smygla inn áfengi, þá munu áreiðanlega ekki verða eins mikil brögð að því sem nú. Einkasölulögin mundu vekja samhygð góðra manna, og það mundi fara líkt eins og í Danmörku, er menn töldu það þjóðræknisskyldu að drekka Gamla Carlsberg, af því að eigandi ölgerðarinnnar gæfi svo mikið fje til eflingar menta og lista. Eins mundu margir hjer fremur vilja drekka ósmyglað en smyglað áfengi, af því að þeir vildu heldur, að ágóðinn af sölu þess rynni í ríkissjóð, en í vasa smyglaranna.

Hv. deild ræður nú, hvað hún gerir við málið. Þótt hún felli það, kemur sú tíðin, að það verður ekki talið heppilega ráðið.

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Nd., fimtudaginn 18. sept., var fram haldið einni umr. um till. (A. 791, 797, 824).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., föstudaginn 19. sept., var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 791, 797, 824, 915).

Afbrigði leyfð og samþ með öllum gr. atkv. um brtt. 915, er of seint var útbýtt.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg skal vera stuttorður. Menn hafa nú lengi hlýtt á umr. og eru farnir að þreytast, og ætla jeg því að eins að drepa á örfá atriði.

Jeg hygg það ekki ofmælt, að menn hafi ekki búist við þessari till. á þessu þingi. Eins og kunnugt er, eru bannlögin orðin til fyrir vilja þjóðarinnar. Það var gengið til atkvæða um það, hvort aðflutning á vínum skyldi banna með lögum, og varð meiri hl. þjóðarinnar því fylgjandi; samkvæmt þessu eru lögin sett. Jeg hygg, að síðan lögin komust til framkvæmda hafi ekkert það gerst, sem verðskuldaði, að gengið væri til atkvæða aftur nú þegar. Jeg veit ekki annað en að mikill meiri hl. þjóðarinnar hafi verið á verði, þegar skerða hefir átt bannlögin. Andstæðingar þeirra hafa gert mikið til að ræna þau fylgi, en lítið orðið ágengt. Þeir hjeldu úti blaði um tíma, en það var lítið keypt og enn minna lesið, og var það ekki af öðru en því, að menn gátu

ekki felt sig við þær skoðanir, sem þar komu fram. Andbanningar settu upp skrifstofu til að flýta fyrir afnámi bannlaganna, og mun hún hafa staðið skamma stund og lítið orðið ágengt. Þá má á það minnast, að árið 1917, þegar kom fram frv. um að bæta lögin, þá söfnuðu meðhaldsmenn laganna áskriftum. Mjer er kunnugt um, að eigi var byrjað fyr en áliðið var vors, en á stuttum tíma söfnuðust á 2. þúsund undirskriftir hjer í Reykjavík einni. Andbanningar voru þá líka að safna undirskriftum um að nema lögin úr gildi. Þeir hafa aldrei birt, hvað marga þeir fengu á sitt mál. Jeg býst við, að þeir hafi ekki verið margir; annars mundu þeir hafa birt það. Það eru þannig sterkar líkur til, að lögin eigi ekki minni ítök í þjóðinni nú en bannhugmyndin átti 1908; jafnvel meiri.

Andbanningar halda því fram, að óvenjulegir tímar hafi verið; skipaferðir strjálar og eftirlit því auðvelt. Þeir hafa getið þess til, að nú muni lögin meira brotin, þegar siglingar og samgöngur aukast. Jeg skal engu um þetta spá, en jeg sje ekki betur en andbanningar megi vera rólegir og bíða nokkur ár, því þá á reynslan að vera búin að færa öllum heim sanninn um það, hvort bannlögin sjeu óhæf eða ekki. Þeir ættu því að kjósa, að beðið væri þar til fullkomin reynsla væri fengin. Þess vegna er ekki ástæða til að ganga til atkv. nú.

Það er líka annað, sem ætti að hvetja okkur til að bíða. Bannhreyfingin er að magnast í löndunum alt í kring, og stærstu og merkustu þjóðir heimsins eru farnar að leggja hindranir á leið áfengisnautnarinnar, og það jafnvel þótt það skerði stórkostlega hagsmuni þeirra, hvað atvinnu snertir. Það sýnist því óviðfeldið, að við gerum nokkuð í þá átt, að losa um böndin, meðan við vitum ekki, hver niðurstaðan verður annarsstaðar. Það lítur út sem undanhald af hálfu Alþingis, ef við samþ. nú þessa till., og það hefir Alþingi engan rjett á að sýna.

Það getur hver haft sína skoðun um það, hvort þingið eigi að skera úr þessu án þess að leita álits þjóðarinnar, þó að jeg telji það alls ekki rjett, en jeg teldi viðfeldnara, að þjóðin ljeti í ljós óskir um að greið atkv. um þetta mál, áður en við förum að spyrja hana til ráða. Mjer sýnist eðlilegt, að vilji menn breyta bannlögunum, þá sje byrjað meðal kjósendanna, og að Alþingi taki að því búnu ákvörðun, eftir því, hvernig undirtektirnar verða.

Ef andstæðingar þessara laga eru trúaðir á sín eigin orð, þá ættu þeir að vera fúsir á að bíða meðan þetta fer fram.

Jeg segi fyrir mig, og hið sama hygg jeg að hver og einn meðhaldsmaður þessara laga muni segja, að ef lögin ná ekki tilgangi sínum, og eins mikið er drukkið eins og áður, þá teldi jeg rjett, að lögin væru numin úr gildi.

Jeg ætla ekki að fara mikið út í ræðu hv. þm. N.-Ísf. (S. St.); hún var hófleg og stillilega flutt. Og þó að hv. þm. (S. St.) færi út í margt og kæmi víða við, ætla jeg ekki að fara að ræða um það, af þeirri sök, að jeg tel, að till. hefði alls ekki átt að koma fram, enda vænti jeg þess, að hún hljóti ekki samþ. hv. deildar. — Jeg skal þó lauslega víkja að einum fjórum atriðum, sem hv. þm. (S. St.) drap á. Hann mintist á, hve mjög innflutningur áfengis inn í landið hefði aukist hin síðari ár. Ekki verður því neitað, og er það sorglegur vott-

ur um breyting til hins verra. En þetta kemur meðhaldsmönnum laganna eiginlega ekki á óvart. Margir þeirra voru á móti því, að læknar hefðu heimild til að láta úti áfengi eftir lyfseðlum; þeir voru hræddir um, að svo mundi fara, sem nú er í ljós komið. Það má gera ráð fyrir, að megnið af því áfengi, sem flutt er á löglegan hátt inn í landið, sje haft til neyslu, og það þá samkvæmt lyfseðlum frá læknum. Það er raunalegt, að læknar vorir — að vísu ekki nema tiltölulega fáir þó — skuli láta úti svo mikið af áfengi; þeir ættu þó manna best að vita, hver áhrif áfengi hefir á heilsu manna og siðferði.

Hv. þm. (S. St.) drap á, að ef ríkið tæki að sjer einkasölu áfengis, gæti ríkið fengið í sinn sjóð svo miljónum króna skifti á fáum árum í ágóða af þeirri verslun, og jafnframt lýsti hann því allátakanlega, hvernig þeir, sem versluðu óleyfilega með áfengi, ristu blóðörn á bak þeirra, sem þeir seldu vínföng. En annaðhvort gerir hann ráð fyrir, að Íslendingar neyti mikils áfengis, eða hann ætlast til, að landsstjórnin hafi líka aðferð við verslun sína sem áfengisprangararnir. Hv. þm. (S. St.) mun ekki ganga þess dulinn, að þótt ríkið taki áfengisverslunina í sínar hendur, þá muni þeir, sem haft hafa áfengissmyglun að atvinnu, ekki leggja árar í bát; þá verður enn verra að hafa eftirlit með þeim en nú. Vera kann að vísu, að þeir geti ekki okrað alveg eins á áfenginu eins og nú. Eftir lýsingu hv. þm. (S. St.) á ástandinu hjer í bæ verð jeg að segja, að ef hann hefir haft sögur sínar eftir fulláreiðanlegum heimildum, þá veit hann meira um drykkjuskap hjer en jeg, og þá er meira um drykkjuskap hjer en mig grunaði.

Ef fíkn einstakra manna í áfengi er svo mikil, að þeir láti prangara reita sig inn að skyrtunni fyrir áfengi, þá má geta nærri, hve miklu meira slíkir menn mundu drekka, ef þeir fengju vínföngin ódýrari, því að óhætt mun að gera ráð fyrir, að þeir mundu verja eins miklu fje til áfengiskaupanna eftir sem áður. Það er alkunnugt, að þegar drykkjuskaparástríðan er orðin sterk, þá er lítt gætt hófs í nautn áfengis og meðferð fjár.

Mjer mundi þykja það óskemtilegar tekjur fyrir ríkið, ef það mokaði í sinn sjóð stórum gróða af áfengissölu. Andmælendur mínir gætu svarað mjer því, að ríkið fái nú nokkrar tekjur af áfengi. Satt er það, en frá mínu sjónarmiði er það eitt hið óviðfeldnasta, að ríkið skuli afla sjer tekna af áfengi.

Hv. þm. (S. St.) sagði, að þeir væru heiðraðir, sem þessi lög brytu. Jeg veit ekki, hvað almenningsálitið kann að vera orðið rotið og spilt. En munu það ekki vera þeir einir, sem ekki eru velviljaðir lögum þessum, er hafa slíka menn í heiðri, og standa lögbrjótunum ekki fjarri? Jeg skil annars ekki í því, hvernig þeim mönnum er varið, sem heiðra smyglara og atvinnuveg þeirra. Annars finst mjer ræða háttv. þm. (S. St.) einhver hin besta lögeggjan, sem borin hefir verið fram á þingi um það, hvílík nauðsyn það sje að grípa til hinna öflugustu varnarráða til að vernda þjóðfjelagið gegn áfengisnautninni, sem hann lýsti svo átakanlega. — Bannhreyfing sú, sem gengur yfir heiminn, gengur öll í þá átt, að losa menn við þessa ólyfjan, áfengið, en ekki, eins og hjer er stefnt að, að gera aðganginn að henni greiðari.

Hv. þm. (S. St.) taldi áfengisnautnina þjóðarböl, og um það erum við sammála. En hví eigum við þá að

fara að gefa undir fótinn með að halda við þessu þjóðarböli? Jeg tel það miklu nær og sæmilegra hlutverk fyrir Alþingi, að ýta við þjóðinni og hvetja hana til að gæta laganna betur. Slíkt stæði í beinu sambandi við skoðun hv. þm. (S. St.) á málinu og það, sem hann talaði um áfengisnautnina.

Jeg þekki líklega ekki eins vel til um áfengisnautnina hjer eins og hv. þm. (S. St.), eftir ræðu hans að dæma. En eftir því, sem jeg veit best til, verð jeg þó að ætla, að miklu minna sje neytt hjer af áfengi nú en áður en bannlögin komust á. Þeir, sem lengi hafa fengist við fátækramál hjer í bæ, segja, að ástandið meðal fátæklinga sje betra nú en áður, og þakka bannlögunum það ekki að litlu leyti. Hefir þó aðstaða Reykjavíkur að undanförnu verið talsvert betri að ná í vín en flestra annara staða hjer á landi. Uppi til sveita sjest nú varla nokkurn tíma ölvaður maður. Jeg hygg, að meiri hl. þjóðarinnar mundi bera fram óskir í þá átt, að allir og einkum þó lagaverðirnir gerðu sitt ítrasta til að halda uppi heiðri þessara laga. Þannig mundu óskir þjóðarinnar falla, ef til hennar kasta kæmi.

Jeg skal ekki fara út í efni till., eða brtt. við hana. Að eins nefni jeg það, að mjer finst sjálfsagt að samþ. brtt. hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Ef till. sjálf verður samþ., þá nær engri átt að afgreiða aðra eins till. og þessa að eins frá annari deild þingsins.

En jeg vænti þess, að allir, sem hafa líka skoðun á málinu sem jeg, greiði atkv. móti till., svo að hún komist ekki hjeðan úr deildinni.

Flm. (Sigurður Stefánsson): Mjer komu ekki á óvart orð þau, er hv. 1. Reykv. (J. B.) mælti, að hann vænti þess, að till. þessi færi ekki hjeðan út úr deildinni; þau voru ekki óeðlileg frá hans sjónarmiði, enda má vel vera, að hv. þm. (J. B.) verði að ósk sinni; og meira að segja þykir mjer það ekki svo undarlegt, því að jeg geri ráð fyrir, að till. sje of snemma upp borin að því leyti, að enn hafi fjöldinn allur ekki áttað sig á því, hvert stefnir í þessu máli. Háttvirtur þingmaður (J. B.) lagði áherslu á, að þessi till. hefði ekki átt að koma inn á þing svona upp úr þurru. Frá mínu sjónarmiði kemur hún upp úr votu, en ekki upp úr þurru; hún kemur upp úr því syndaflóði, sem streymir inn yfir þetta bannland. Hv. þm. (J. B.) vildi bíða og sjá til, hvort áfengisnautnin minkaði ekki. — Ekki bendir undanfarin reynsla á það; og nú, síðan siglingar tóku aftur að vaxa, er það áreiðanlegt, að innflutningur áfengis er þegar tekinn að vaxa, og helst er útlit fyrir, að lítil takmörk sjeu fyrir, hvað hann kann að vaxa enn. Háttv. þm. (J. B.) sagði, að ef áfengisnautnin færi mjög í vöxt, þá mundi og andstaðan gegn henni magnast. Jeg vil ekki, að henni þurfi að vaxa byr; hún ætti þegar að hafa hann meir en nógan, þó aldrei væri á annað litið en hinn mikla löglega innflutning. Það sýnist vera nóg verk fyrir hendi, að sporna gegn honum, og allir sjá, hve erfitt það reynist. Eftir því, sem till. er orðuð, væri líklegt, að bannmenn, sem halda því fram, að bannlögin hafi enn eins mikið fylgi eins og bannlagahugmyndin sjálf hafði, yrðu allra manna fyrstir til að samþ. hana. Andstaða þeirra gegn till. er í töluverðri mótsögn við það, sem þeir segja um þjóðarviljann; einkum þegar þess er gætt, hve hóflega í sakirnar er farið,

þar sem að eins er heimtaður „kvalificeraður“ meiri hl. við atkvæðagreiðsluna, til þess að nokkuð sje frekara aðhafst.

Hv. þm. (J .B.) talaði um, að sterk vínbannshreyfing gengi nú um löndin. Það mun satt vera. Hún gekk líka yfir okkar land, og Íslendingum var hrósað fyrir, að þeir hefðu orðið þjóða fyrstir til að innleiða vínbann hjá sjer. En jeg hefi litla trú á blessunarríkari árangri hjá öðrum þjóðum en okkur, því að þar er enn erfiðara að framfylgja bannlögum en hjer. Jeg get jafnvel trúað því, að við fáum jafnmikið hrós annara þjóða, ef við verðum fyrstir til að upphefja innflutningsbann á víni, eins og við fengum þegar við komum því á.

Jeg get ekki talið það undanhald hjá þinginu, þótt það samþ. till. þessa, því það gerir ekki annað en að spyrja þjóðina, hvort hún vilji halda áfram áfengisbanni. Og ef hún svarar, að hún vilji ekki lifa lengur undir þessu ástandi, þá er það undanhald hjá þjóðinni en ekki þinginu, og vottur um, að hún hafi lært af reynslunni. Annars tel jeg till. vera meira í hag bannmönnum en andbanningum.

Jeg er alls ekki viss um, að kjósendur svari till. eins og andbanningar mundu kjósa, og fari svo, þá er það styrkur fyrir bannmenn og bannlögin, því að þegar það er víst orðið, að meiri hl. þjóðarinnar vill lifa áfram undir lögum þessum, þá er það tvöföld skylda þingsins að gera alt til að halda uppi heiðri bannlaganna, og þá á það hægra með það. Þá veit það með vissu, að það er í samræmi við þjóðarviljann.

Hv. þm. (J. B.) sagði, að bannmönnum hefði ekki komið á óvart, þótt innflutningur á áfengi ykist, þar sem læknar öðluðust heimild til að láta það úti eftir lyfseðlum. Það má vel vera. En jeg hygg, að þeim og öðrum hafi komið það á óvart, að hann færi vaxandi ár frá ári, jafnhröðum fetum sem raun er á orðin. Það var skiljanlegt, að fyrstu árin brytu menn bannlögin allmikið, á meðan gömlu drykkjumennirnir voru enn hjarandi, en er þeir væru úr sögunni og hófdrykkjumennirnir líka, þá munu margir hafa vonað, að bannlagabrotin mundu smátt og smátt hverfa úr sögunni, og varla látið sjer detta í hug, að æskumennirnir mundu ganga út á glapstigu gömlu drykkjumannanna. Þetta mun öllum góðum bannmönnum hafa komið mjög á óvart. En sú er því miður raun á orðin, að það gerist alt of títt.

Hv. þm. (J. B.) hafði eftir mjer, að jeg hefði sagt, að áfengissmyglarnir ristu blóðörn á bak þjóðarinnar. Það er rjett; jeg sagði þetta; og þeir gera það í tvöföldum skilningi; þeir setja blett á þjóðina, eða þá, sem drekka þetta smyglaða áfengi, og einkum gera þeir það með því að okra úr öllu hófi á áfenginu, og fjefletta þannig miskunnarlast þá, sem gerast ginningarfífl þeirra. Þetta er blóðörnin, sem þeir rista. Hvað segðu menn um slíka okurverslun, ef hún væri frjáls? Hún mundi ekki þrífast stundinni lengur. En öll þessi okursala fer fram í skúmaskotum og fylgsnum lögbrjótanna, þar sem ekki verður tekið fyrir kverkar henni.

Allir — og andbanningar líka — bjuggust við, að áfengisnautnin mundi minka við það, að bannlögin komust á, en sú sýnist ekki ætla að verða raunin, og í því eru vonbrigðin fólgin. Og það er illa forsvaranlegt fyrir þá, sem láta sjer ant um siðferðislegan þroska

og sanna velferð þjóðarinnar, að horfa aðgerðalausir á þetta hörmungaástand ár eftir ár.

Það er satt, að margar tekjur eru skemtilegri en vínfangatollur; en víða hafa vínföngin verið einna best fallin til að leggja toll á þau. Það verður aldrei sagt, að þetta sje þarfleg vara, heldur miklu fremur skaðleg, svo að sjálfsagt væri að hamla innflutningi hennar með háum tollum. Sá tollur mundi því hafa siðferðislega þýðingu, þar sem hann yrði til þess, að menn veigruðu sjer við því að kaupa þessa skaðlegu vöru.

Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) sagði, að ekki væri loku fyrir það skotið, að flutt yrði inn óleyfilega áfengi, þó að einkasala ríkisins kæmist á. Það er alveg rjett. En það eru minni líkur til, að sá innflutningur yrði eins mikill og nú er, og hitt er næstum víst, að hann færi minkandi.

Það er gefinn hlutur, að bannlögin hafa verið besti lærimeistari í því, að kenna mönnum að brjóta lög, ekki að eins í þessum einu lögbrotum, heldur hafa þau skert virðingu manna fyrir öllum lögum, því að það er víst, að þegar svo langt er komið, að ein lög eru brotin án þess að það hneyksli almenning í minsta máta, þá er hætt við, að fleiri lög eigi illri meðferð að sæta. Og þar sem hv. þm. (J. B.) talaði um rotið almenningsálit, þá er það víst, að bannlögin eiga mikla sök á því.

Það er svo sem ekki verið að færa að mönnum fyrir það, þótt þeir brjóti bannlögin, og er það einna ljósasti vottur inn um virðinguna fyrir þeim.

Og einmitt af því, að þetta er orðið þjóðarböl, álít jeg það rjett að spyrja nú þjóðina aftur og fá svar við því, hvort hún vill una við það lengur. En þar með erum við alls ekki að ýta við þjóðinni til þess að greiða atkvæði á móti bannlögunum. Þar um er hver sjálfráður, og við getum eins búist við því, að fleiri verði með þeim en móti. En það tel jeg blátt áfram skyldu að ýta við þjóðinni á þennan hátt, sem við viljum.

Hv. þm. (J. B.) sagði, að óleyfileg vínnautn mundi verða eftir sem áður í landinu, þar sem einkasölulögin myndu verða brotin. Það kann að vera rjett. En sá er munurinn, að þegar vín verður fáanlegt, þá verða menn ekki neyddir til að svala þeim þorsta sínum á ólöglegan hátt.

Þá sagði hv. þm. (J. B.), að til sveita væri drykkjuskapur með öllu horfinn. Það er mikið rjett. En það er ekki bannlögunum að þakka. Hann var þegar horfinn áður en þau gengu í gildi. Það var þá orðin undantekning, ef maður sást þar ölvaður, og var það að þakka starfsemi bindindismanna, og er það þeim mönnum til mikils hróss, sem börðust fyrir því góða málefni.

En hitt er víst, að úr kaupstöðunum breiðist spillingin út í sveitirnar. Þaðan koma unglingar um tvítugt, svo gereyðilagðir af ofdrykkju, að þeim hefir orðið að ráðstafa á sveit. Og það er bannlögunum að kenna, því að þau hafa orðið til þess, að þeir hafa lagt sjer til munns það, sem áður var talið bráðdrepandi eitur. Eða hvað segja menn um annað eins og það, að drekka steinolíu? Þess eru dæmi. Menn verða kófdrukknir af henni, og þá er tilganginum náð. Getur nú nokkur maður horft upp á þetta án þess að hugleiða, hvort ekki sjeu ráð til þess að bæta úr slíkum hörmungum.

En þetta og annað eins hverfur, ef hægt er að ná í áfengi á löglegan hátt. Áður en bannið kom, mundi enginn hafa drukkið slíkt.

Hefði reynslan orðið sú af bannlögunum, að löglegur áfengisinnflutningur hefði farið minkandi og enginn óleyfilegur innflutningur verið, þá hefði jeg talið það hreinustu fjörráð við gott málefni að reyna að koma þeim fyrir kattarnef. En það er nú öðru nær en að reynslan hafi orðið sú.

Jeg get svo endað ræðu mína með því, að þakka hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) fyrir, hve hógvær hann var í sinni ræðu, eins og hann ljet líka um mælt um framsöguræðu mína. Að því leyti er jöfnuður á með okkur.

Benedikt Sveinsson: Jeg tek ekki til máls til að skerast í skoðanamun þeirra hv. þm., sem talað hafa, heldur til að gera grein fyrir brtt., sem jeg hefi leyft mjer að koma fram með.

Hún er þess efnis, að atkvæðagreiðslan skuli ekki fara fram næsta vor, eins og í þingsál.till. stendur, heldur vorið 1922.

En jeg lít svo á, að það geti ekki komið til mála að nema þessi lög úr gildi nema á undan gangi atkvgr. þjóðarinnar, enda var svo til bannsins stofnað í fyrstu.

Það væri líka frumhlaup af þinginu að nema lögin úr gildi, ef svo skyldi vera meiri hl. þjóðarinnar þeim fylgjandi. Það mundi hefna sín, því við næstu kosningar til þings mundu þeir menn kosnir verða, sem kæmu því á aftur. Ef hitt væri aftur á móti sýnt, að lögin hefðu tapað fylgi, svo að nú væri ekki helmingur kjósenda þeim fylgjandi, þá væri það þýðingarlaust að hafa þau í gildi.

Meiri hl. gæti þá komið þeim mönnum þing, sem vildu afnema þau. Framkvæmdir laganna eru líka mjög háðar fylgi þeirra.

En jeg get ekki felt mig við, að atkv.-gr. fari fram þegar á næsta vori. Reynslutíminn er þá enn of stuttur.

Lögin gengu í gildi 1. jan. 1912, en þar ganga frá 3 ár, sem að eins var aðflutningsbann, en ekki sölubann.

En jeg hefi altaf litið svo á, sem það hafi verið illa ráðið, því að það var hentugur tími til að kenna mönnum að fara í kring um lögin og koma áfengi inn í landið á ólöglegan hátt.

Það er þá fyrst 1. jan. 1915, sem segja má að lögin hafi til fulls komið í gildi. En þá er svo komið, að heimsstyrjöldin er komin og samgöngur allar teptar að miklu leyti; sum árin hefir jafnvel engin sigling verið til landsins nema til Reykjavíkur.

Í næstu löndum er þá líka erfitt um vín. Í Englandi tekur jafnvel fyrir alla vínsölu, og í Danmörku og Noregi er hún af mjög skornum skamti. Auk þess er það vín, sem þar fæst, afskaplega dýrt.

Alt þetta hefir orðið til þess, að minna hefir reynt á bannlögin en ella.

Enn þá er því ekki fengin full reynsla fyrir því, hvernig þau reynast, ef fullar siglingar væru á allar hafnir landsins, eins og var fyrir styrjöldina.

Nú fyrst eru þær siglingar að hefjast aftur, þótt mikið bresti á, að þær sjeu komnar í það horf, sem áður var. Það verður ekki yfr en í fyrsta lagi að ári, að þær verði jafnar því, sem var fyrir styrjöldina.

Það er því of fljótt, að atkvgr. fari fram, meðan ekki er reynsla fengin fyrir því, hvernig lögin reynast á venjulegum tímum.

Þetta er ekki heldur svo aðkallandi, því að ekki hafa margar raddir heyrst um það frá almenningi, að atkvgr. skuli fram fara.

Það er líka annað atriði, sem taka verður til greina. Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) tók rjettilega fram, að nú væri bannhreyfing komin á í öðrum löndum.

Það getur haft mikil áhrif á það, hvernig íslenska þjóðin lítur á málið. Hreyfing þessi er komin á bæði í Englandi og Danmörku, og í Noregi stendur fyrir dyrum, að greitt verði atkvæði um það, hvort bann skuli koma á.

Það er því engin reynsla fengin fyrir því, hvernig bannið reynist.

Hjer mætti gjarnan bíða 2—3 ár til þess að sjá, hvernig það reyndist þar, áður en atkvgr. er látin fara fram á ný.

Árið 1922 eru líka liðin 10 ár frá því er bannið komst á. (**Atvinnumálaráðh.**: Mega ekki eins vera liðin 11 ár, og láta þá atkvgr. fara fram 1923, samfara kosningu til Alþingis?). Jeg sje ekki neina ástæðu til að spara svo kjósendur frá því að greiða atkv. um þetta sjerstaklega.

En mín vegna má það vera svo, ef betur þykir henta.

Menn geta nú sagt sem svo, að það sje þýðingarlítið að samþ. þessa till. nú, ef hún á ekki að koma fyr til framkvæmda. Það mætti segja, að ekki liggi þá á að koma með hana fyr en á þinginu 1921. En jeg sje ekki, að hún geti orðið til skaða, þó samþ. sje nú.

Þjóðin hefir þá betri tíma til að átta sig á málinu og hugsa það til hlítar og gefa öllu gaum, sem fram kemur, bæði með og móti.

Jeg held því, að það geti orðið til þess, að málið yrði síður lagt á hilluna og þjóðin yrði betur vakandi, ef hún veit, að atkvgr. stendur fyrir dyrum.

Jeg mun því greiða atkv. með þingsál., ef þessi brtt. mín verður samþ. Að öðrum kosti býst jeg ekki við að sjá mjer það fært.

Bjarni Jónsson: Jeg hefi stundum sagt það við tillögumenn og þá aðra. sem fella vilja bannlögin, að jeg mundi verða þeim fylgjandi, ef heimtuð væri ný atkvgr. Mjer þótti fylgið alt of lítið, þegar lögin voru sett á í fyrstu. En jeg sagði það strax þá, og hefi altaf haldið fast við það, að þjóðin, en ekki kjósendur einir, ættu að greiða atkv. um þetta mál.

Þetta sagði jeg hv. flm. (S. St.), sem nú var að gæða mönnum á víni í stað vatnsins, sem bragðaðist honum svo illa í dag, að jeg mundi hafa fylgt till., ef svo væri ákveðið, að allir, sem 18 ára eru eða eldri, greiddu atkv.

En jeg get ekki verið með því, að undanskilja alla á aldrinum frá 18—25 ára, og auk þess allar konur, sem eftir stjórnarskránni hafa ekki atkvæðisrjett.

Jeg verð því að vera á móti till. þessari, af þessari ástæðu, að flm. hennar hafa ekki viljað orða hana svo, að hægt sje að vera með henni.

Umr. frestað.

Á 70. fundi í Nd., mánudaginn 22. sept., var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 791, 797, 824, 915).

Magnús Pjetursson: Menn þurfa ekki að vera hræddir um, að jeg verði mjög langorður. Jeg vildi að eins segja nokkur orð í sambandi við ræðu þá, sem hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) flutti hjer á dögunum, þegar tillaga þessi var hjer til umr.

Háttv. þm. (J. B.) sagði, að það væri ekki hægt að neita því, að alt það áfengi, sem flyttist til landsins og notað væri til drykkjar, væri eingöngu fengið út á lyfseðla lækna. Þessa staðhæfing vildi jeg athuga, því að jeg þykist vita, að þm. kannist jafnvel við, að þetta sje ofmælt.

Jeg vil benda honum og öðrum hv. þm. á þann misskilning, sem maður verður oft var við í blöðum og tali manna, að læknar einir láti af hendi löglegt áfengi. Jeg vil benda á alt það áfengi, sem fer til iðnaðarmanna og því um líkt. Því miður er ekki hægt að sýna skýrslur yfir áfengisnotkun þeirra, vegna þess að þeir fá sitt áfengi alt úr apótekinu. En jeg veit, að fjöldi manna kannast við þessar svonefndu áfengisbækur, sem margir iðnaðarmenn fá áfengi út á, og jeg veit, að iðnaðarmenn hafa stundum fengið fullar tunnur af áfengi út á þessar bækur. Við vitum ekki, hversu margir þessir iðnaðarmenn eru, en við vitum, að það eru trjesmiðir, úrsmiðir, myndasmiðir, skóarar o. fl. Þessir menn geta allir fengið áfengi, og þeir verða allir að leita í apótekið, í stað þess að fá áfengið hjá landsversluninni.

En þar að auki er alt kompásaspritt- ið eða áttavitabrennivínið. Af því að jeg er læknir hefi jeg talsvert oft orðið var við það, að menn hafa komið til mín með áfengisbækur, og þóst hafa heimtingu á að fá áfengi út á þær, af því að það er löggilt. Og mjer þótti það ærið hart, að hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) skyldi vilja eigna læknunum alt það vín, sem drukkið er hjer á landi. Það mundi engum verða kærara en einmitt læknunum, ef bannvinum tækist að sundurskilja þessi áfengiskaup á þá leið, að það kæmi skýrt fram, hvað læknar hefðu fengið og hvað hefði farið til annara stjetta.

Og enn þá er ein tegund manna, sem fá áfengi úr lyfjabúðum, og það ekki í smáum stíl. Það eru smáskamtalæknarnir. Þeir fá sumir spiritus í tugum lítra, því þeir þurfa ekki annað en fá vottorð frá hreppstjóra og sóknarpresti, um að þeir hafi rjett til að fá þetta áfengi. En bannlagavinir hafa sífelt reynt að klína þessu öllu á læknastjettina.

Annars þótti mjer vænt um að heyra eitt hjá hv. 1. þm. Reykv. (J. B.), sem er nokkuð nýstárlegt að heyra. Og það var, að hann viðurkendi, að læknar hefðu haft þetta leyfi áfram, þegar aðflutningsbannslögin gengu í gildi. Þetta gladdi mig, því að hingað til hefir alt af verið miðað við árið 1915.

Annars skal jeg ekki kappræða þetta frekar. Jeg vildi að eins benda þm. á þessi atriði. Og jeg vona, að hann kannist nú við, að hann hafi mælt helst til stórt á dögunum.

Flm. (Sigurður Stefánsson): Jeg hafði hugsað mjer að taka fram svipað og hv. þm. Stranda. (M. P.).

Jeg skal taka það fram um áttavitana, að drykkjuskapur þeirra hefir stóraukist; þeir eru orðnir verstu fyllirafta r. Áfengið frýs á þeim hvað eftir annað, og þegar búið er að þýða það, er það ónýtt, og þá verður lögreglustjóri að gefa ávísun á nýtt áfengi. Áður en bannlögin gengu í gildi var fjöldi áttavita, sem engan spiritus þurfti. En nú duga þeir ekki nema þeir sjeu blindfullir af spiritus. Jeg skal geta þess, bannmönnum til bragðbætis, að fyrsta misseri þessa árs var þegar búið að flytja til landsins yfir 50 þús. lítra, eða nálega

eins mikið og flutt var inn síðasta ár, svo að það er gott útlit fyrir, að 100 þús. lítrar verði fluttir inn þetta ár. Og þetta hafði verið flutt inn fyrir 1. júlí, svo að það getur ekki stafað af ótta við nýja tolla. Jeg skýt þessu að eins fram til þess að sýna, að það er ekki ólíklega til getið hjá mjer, að ekki muni líða á löngu áður en löglegur innflutningur yrði eins mikill og hann var fyrir bannið.

Jeg hygg, að menn hafi ekki enn þá komið auga á spillinguna af bannlögunum, eins og hún er. Annars mundu þeir ekki standa móti þessari till. Jeg játa að vísu, að till. sje ef til vill fullsnemma borin upp. En jeg gat ekki stilt mig um að hreyfa þessu, til þess að kjósendum gæfist tækifæri til að láta í ljós álit sitt á því, hvort þjóðin eigi að halda lengur áfram á þessari braut. Og að jeg hafi ekki farið rangt með það, sem jeg hefi sagt um áfengisbölið, geta menn gengið úr skugga um, ef þeir athuga ástandið hjer í þessum bæ, þegar degi hallar úir og grúir á götum bæjarins af ölvuðum mönnum, og mjer er sagt af mönnum, sem vel mega vita það, að fleiri og færri af þessum náungum sjeu daglega hýstir í „steininum“,

Einar Jónsson: Jeg get lýst því yfir, að það var eins með mig og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að jeg var upphaflega með bannlögunum, en nú er jeg á móti þeim, ef [illegible] að hafa sjeð ógagn þeirra. Jeg er [illegible]s vegna samdóma hinni skörpu [illegible] þm. (S. St.), og skammast mí[illegible] fyrir þá afstöðu mína. Jeg bjóst [illegible]lega við, að með aðflutningsb[illegible]nnum væri tekið fyrir allan i[illegible] til landsins. En raun[illegible] alt önnur hlutv.

Al[illegible]

þm. N.-Ísf. (S. St.) hefir glögglega lýst ástandinu, eins og það hefir verið og er þann dag í dag.

Jeg vil nú geta þess í stuttu máli, hvernig jeg lít á brtt. þær, sem fram hafa komið. Jeg er ekki mótfallinn till. á þgskj. 797, frá hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að í stað „Neðri deild“ komi „Alþingi“. Jeg álít það rjett, að Ed. fái líka að láta í ljós álit sitt um till.

Í öðru lagi þykir mjer hreinast, í sambandi við kosningarnar, að samþ. till. hv. þm. Barð. (H. K.), um að atkvæðagreiðslan fari fram í haust.

Þá er till. hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) á þgskj. 915. Jeg játa, að jeg kann illa við, að mál þetta sje dregið á langinn. Jeg álít, að þjóðin þurfi að gera sem fyrst hreint fyrir sínum dyrum um það, hvort hún vill hafa bannlögin framvegis eða ekki. Hugsun þessa þm. (B. Sv.) er auðsæilega sú, að lögin sjeu ekki búin að sýna sig nógu greinilega, og hann er svo varkár, að hann vill, að þau reyni sig betur. En þessi skoðun er ekki að öllu leyti rjett. Því að reynslan hefir sýnt, að þrátt fyrir sífeldar samgöngukreppur er innflutningur á áfengi altaf að vaxa, svo að það má gera ráð fyrir, að þetta komist í enn þá verra horf, þegar samgöngur aukast frekar. Og hygg jeg, að þm. (B. Sv.) ætli bannlögunum alt það versta með því að fresta atkvgr. til 1922. Jeg get lýst yfir því, að jeg væri fúsastur allra manna til að greiða þeirri till. atkv. mitt, sem orkaði að eyða áfengisbölinu úr landinu. Jeg get ekki horft lengur á það ástand, sem nú er, og jeg mundi fúslega greiða þeirri till. atkv. mitt, sem næmi bannlögin úr gildi, að fengnu samþykki þjóðarinnar. Jeg hefi ekki beinlínis gert mjer grein fyrir, hvora till. á að bera fyrst upp. En jeg

ætla að lýsa yfir því, að jeg mun greiða atkv. með till. á þgskj. 797. Jeg skal svo ekki tefja tímann með lengri ræðu. En jeg vil stryka undir það, sem hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sagði, að það er miklu betra að afnema bannlögin strax heldur en búa lengur við þetta ástand, sem er.

Hákon Kristófersson: Jeg á brtt. á þgskj. 824. Hún fer í þá átt, að atkvgr. fari fram um leið og næstu kosningar til Alþingis, í staðinn fyrir „á komandi vori. eins og gert var ráð fyrir í aðaltill. Jeg get ekki sjeð betur en það komi alveg í sama stað niður, hvort kosningarnar fara fram að vori eða á komandi hausti. Fyrir mjer vakti það, að það væri óheppilegra, að kosningar færu fram að vorinu, þar sem öll líkindi eru til, að færri kjósendur mundu greiða atkvæði um þann tíma árs. Og enn fremur vil jeg benda á það, að kostnaðurinn yrði minni, ef atkvæðagreiðslan yrði samferða Alþingiskosningunum.

Jeg geri ráð fyrir, að þeir, sem verða á öndverðum meiði við till. á þgskj. 791, verði sömu mennirnir og stutt hafa andbanninga. En jeg læt hvern um þann dóm, sem hafa vill. Með till. er ekki farið fram á annað en það, að þjóðin skeri úr því, hvort hún vill búa framvegis við það ástand, sem er, eða ekki. En þrátt fyrir það, að bannlögin hafa ekki náð tilgangi sínum, þá lít jeg svo á, að þjóðin vilji hafa þau áfram. Hvorki mjer nje öðrum hefir nokkurn tíma komið til hugar, að bannlög yrðu ekki brotin. En jeg hafði ekki búist við, að brotin yrðu eins mikil og raun hefir á orðið. Og jeg leyfi mjer að lýsa yfir því, að allir eru ekki jafnir fyrir þessum lögum.

Því hefir verið slegið fram, að menn mundu iðrast eftir að hafa fylgt aðflutningsbannslögunum. En þetta hygg jeg að sje tómur framsláttur. Jeg hygg, að menn hafi fylgt þeim í þeirri trú, að þau myndu leiða gott af sjer, bæta eitthvað úr ástandinu, sem var í sumum kaupstöðum landsins.

Þessu vil jeg því mótmæla, um leið og jeg lýsi yfir því, að till. er ekki fram borin af fjandskap við bannlögin. Og jeg get ekki heldur fallist á þá staðhæfingu, að hún sje borin fram í því skyni, að gefa mönnum undir fótinn með að afnema bannlögin.

Það hygg jeg líka vera orðum aukið hjá hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að kompásar sjómanna sjeu orðnir einhverjir verstu fylliraftarnir. Jeg held, að það áfengi fari miklu fremur ofan í einhverjar lifandi verur, heldur en að áttavitarnir neyti þess.

Jeg hygg, að það sje ekki að ófyrirsynju, að atkvæðagreiðsla fari fram um þetta mál. Það hafa heyrst raddir um, að þjóðin sje orðin andvíg bannlögunum. Ef þetta er rjett, eiga lögin ekki að vera í gildi framvegis. En ef þjóðin vill hafa lögin framvegis, virðist mjer, að það ætti að gefa þingi og stjórn ástæðu til að leggja meiri rækt við það, að lögunum verði framfylgt, heldur en verið hefir hingað til.

Þess vegna sje jeg ekkert móti því, að till. á þgskj. 791 verði samþ., enda þótt jeg fyrir mitt leyti hefði ekki komið fram með hana, ef jeg væri andvígur bannlögunum. Jeg býst við, að aðrar hvatir liggi til grundvallar hjá hv. þm. (B. Sv.), sem er flm. till. Það mun tæplega hægt að gera hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) nokkrar getsakir. Hann er enn þá vafalaust stuðningsmaður bannlaganna.

Enda hefir hann lýst því yfir, að hann væri óánægður með, hvernig lögunum væri framfylgt.

Jörunudr Brynjólfsson: Jeg skal vera stuttorður. Jeg sje ekki neina ástæðu til að svara ræðu hv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Það sæmir varla í þessu máli að láta eins og krakkar. Jeg vildi að eins geta þess, að mjer skilst af ræðum hv. þm. S. St.), að hann komist altaf að öfugri niðurstöðu við það, sem ætla mætti af því, sem hann færir til sem ástæður fyrir máli sínu. Hann tekur mörg atriði rjettilega fram, en dregur svo rangar ályktanir af þeim. Gæti jeg sýnt fram á það með rökum, ef jeg áliti þess vert að tefja með því tímann.

En það var hv. þm. Stranda. (M. P.), sem kom mjer til að standa upp. Hann sagði, hv. þm. (M. P.), að jeg hefði sagt, að það áfengi, sem inn væri flutt, væri mest flutt inn af læknum og notað ólöglega. Það voru ekki mín orð. En hitt sagði jeg, að til væru þeir læknar, sem misbrúkuðu áfengi, og ætla jeg, að hv. þm. Stranda. (M. P.) muni ekki standa upp til að neita því. En jeg tel það mjög auðvelt að sýna hið sanna í þessu efni, svo að engin yrði saklaus hafður fyrir rangri sök. Það mætti gera hlutaðeigendum að skyldu að gera fullkomnar skýrslur um áfengiskaup sín og um útlát og notkun þess áfengis. Er það mjög einfalt ráð, og finst mjer, að læknar ættu að geta sætt sig við það, nema þá má ske þeir, sem nota heimild sína meira en góðu hófi gegnir og rjett er.

Á aðrar brtt. minnist jeg ekki, nema brtt. hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), sem jeg tel rjett að samþ. En auk þess er brtt. á þgskj. 915, sem rjett er að minnast á, frá hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.). Sú till. held jeg að eigi lítinn rjett á sjer, það er víst, að þing kemur tvisvar saman fyrir þann tíma, sem hv. þm. (B. Sv.) vill að atkvgr. fari fram. Jeg vænti þess því, að hv. deild felli þá till.

Flm. (Sigurður Sefánsson): Það eru að eins þrjú orð. Jeg vildi að eins skjóta því fram út af ummælum hv. 1. þm. Reykv. (J. B.), að úr því hann vill ekki gefa sig í að fara út í röksemdir í þessu máli, þá er það næg sönnun þess, bæði fyrir mig og aðra, að það er af því, að hann getur ekkert við það átt sakir vanmáttar síns.

Jörundur Brynjólfsson: Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) þykist víst hafa náð sjer niðri þarna, af því að jeg er nú dauður. Af því að hann notaði sjer það, verð jeg að taka eitt dæmi til að sýna öfugstreymið í röksemdum hans. Hann sagði, að siðferðisins vegna yrði að hafa háan toll á áfengi, þótt losað væri um lagahöftin á innflutningi þess. En þó hjelt hann því fram, að samfara háum tolli hlytii smyglun eð eiga sjer stað, sem hann, eins og rjett er, telur stórt siðferðisbrot. Jeg fæ ekki sjeð samræmið hjer, þegar hann ætlar að bæta siðferðið með því að koma á öðru skipulagi, sem hann þó viðurkennir sjálfur að hafa muni í för með sjer siðferðisbrot, sem eru mjög líks eðlis og bannlagabrotin.

ATKVGR.

Brtt. 797. samþ. með 21 shlj. atkv.
— 915. feld með 15 : 5 atkv.
— 824. feld með 16 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. J., H. K., M. P., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., B. J.
nei: B. K., B. St., E. Árna., G. Sv.,

Atkvæðagreiðsla í bannmálinu.

J. J., J. M., J. B., M. G., M. Ó., P. J., P. O., S. S., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

Tveir þm. (E. A. og B. Sv.) fjarstaddir.

Till., svo breytt, **feld** með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þór. J., B. St., E. J., H. K., J. J., M. P., M. Ó., P. J., S. St.

nei: B. J., B. K., E. Árna., G. Sv., J. B., M. G., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Ó. B.

J. M. greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (B. Sv. og E. A.) fjarstaddir.

Mál, vísað til ríkisstjórnarinnar, tekin aftur og ekki útrædd.

I.

Vísað til ríkisstjórnarinnar.

A. Þingmannafrumvörp.

1. Bygging, ábúð og úttekt jarða.

Á 7. fundi í Ed., laugardaginn 12. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka og breytingar á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða, frá 12. jan. 1884 (A. 55).

Á 8. fundi í Ed., mánudaginn 14. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurjón Friðjónsson): Jeg leyfi mjer að óska þess, að frv. gangi til 2. umr. og verði vísað til landbúnaðarnefndar. Um ástæður vísa jeg til greinargerðarinnar, sem fylgir frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv., og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 2002) með 12 samhlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., mánudaginn 21. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 55, n. 116).

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Jeg býst við, að hv. þm. hafi athugað frv. það, er hjer liggur fyrir, en mjer finst samt rjettara að minnast sjerstaklega á hinar einstöku greinar þess. — 1. gr. frv. er nokkurn veginn orðrjett 2. gr. í ábúðarlögunum frá 1884. Eina breytingin er ákvæðið um, að ekkja skuli halda ábúðarrjetti manns síns, eins þó að hún giftist aftur, og er þessi breyting að eins gerð til að koma á fullu jafnrjetti milli karls og konu í þessu efni.

2. gr. kemur í stað 6. gr. í gömlu ábúðarlögunum. Hjer er gerð sú breyting, að landeigandi skal skyldur að láta jörðinni fylgja öll hús, sem nauðsynleg eru til ábúðar á henni. Mörgum kann að þykja, að hjer sje landeigendum lögð mikil byrði á herðar. En nú er ástand-

ið þannig, að leiguliðar fá oft alveg óviðunandi hús með jörðunum og fá sínar eigin húsabyggingar litlu eða engu bættar, er þeir flytja. — Verð jeg að líta svo á, að leiguliðar eigi rjett á að njóta aðgerða sinna á jörðunum, og að á það beri að leggja talsverða áherslu.

3. gr. kemur aðallega í stað 20. gr. í núgildandi lögum, og eru þar litlar breytingar gerðar aðrar en þær, sem koma fram í 6. gr. — Ein aðalbreytingin er í 4. gr., sem kemur í stað 16. og 7. gr. núgildandi laga . Í frv. er ætlast til, að skemdir af völdum náttúrunnar, eða eldsvoða, er leiguliða verður eigi kent um, komi eingöngu niður á landeiganda. Virðist vera eðlilegast, að hver beri sjálfur það tjón, er hlýst af skemdum á eigin eign.

5. gr. er ný að því leyti, að hún er eigi til í núgildandi lögum, en hún er tekin upp úr frv., er borið var fram í hv. Nd. árið 1917. Aðalatriðið er að skilja að fasteign og lausafjáreign, þannig, að ábúandinn eigi alt lausafje á jörðinni. Eins og nú er ástatt, eru kúgildin ábúandanum oft til mikilla þyngsla. Nefndinni þótti hjer gengið of nærri rjetti landeigenda, og kom fram með brtt. á þgskj. 116. Dregur hún að vísu mikið úr greininni, en gerir hana þó að mínu áliti ekki alveg ónýta. — Einkum mun hún geta orðið leiguliðum á landssjóðsjörðum að liði.

6. gr. kemur í stað niðurlags 20. gr. í núgildandi lögum. Eru þar reglur um mat á jörðinni, er leiguliði hættir ábúð, og eru þær að mun skýrari og að minni hyggju rjettlátari í garð leiguliða en núgildandi ákvæði.

Yfirleitt er tilgangur frv. sá, að tryggja leiguliða endurgjald fyrir þær umbætur, er hann gerir á ábúðarjörð sinni. Hefi jeg lagt aðaláhersluna á þetta atriði, og vona jeg, að hv. deild sje mjer samdóma í því.

Vil jeg svo að lokum mæla sem best með, að frv. þetta nái fram að ganga.

Magnús Torfason: Það virðast allar horfur á, að eignarrjetturinn eigi ekki upp á pallborðið hjá hv. þingi, og fer þetta frv. í þá átt. — Hjer er farið fram á töluverðar breytingar, sem skerða stórkostlega umráð jarðeigenda yfir jörðum sínum. Jeg verð að játa, að frv. hefir að mörgu leyti mikið til síns máls, en mjer virðast tímarnir nú ekki vera heppilegir til að gera slíkar breytingar, sem hjer er farið fram á. — Við 1. brtt. hefi jeg ekkert að athuga. Mun jafnan hafa verið ætlast til, að ekkjan hjeldi ábúðarrjettinum, þó að hún giftist aftur. En ekki miðar þetta ákvæði til að efla sjálfsábúðina í landinu. — Það er aðallega 2. gr. frv., sem mjer finst athugaverð. Þar stendur, að jarðeigandi skuli láta fylgja jörðinni „öll hús, sem nauðsynleg eru við ábúð á henni.“ Held jeg, að slíkt ákvæði sem þetta hefði þurft nokkru meiri undirbúning. Hygg jeg, að örðugt muni vera fyrir þá, sem þurfa að byggja jarðir sínar fyrir næstu fardaga, að fylgja þessu ákvæði, ef þeir eiga ekki að missa af umráðarjetti húsaskipunarinnar. — Síðustu 20—30 árin hefir ágerst, að jarðeigendur ljetu meta húsin til peninga, og ljetu svo jörðunum fylgja fje í stað húsa. Gátu þá leiguliðar ráðið, hvort byggja vildu og hvernig; alt eftir því, hvernig þeim þótti best henta.

Mun þetta hafa gefist vel yfirleitt, og er jeg í miklum vafa um, hvort rjett muni að breyta til, að minsta kosti nú, meðan allar húsbyggingar fara í ólestri, svo telja má, að enginn kunni að byggja í sveit, svo vel sje. Álít jeg, að fyrsta skref-

ið sje, að gert yrði meira að því, að styrkja bændur til að koma betra skipulagi á hús sín. — Nú eru hús í afskaplega háu verði, þó ljeleg sjeu, og finst mjer of langt farið í að íþyngja jarðeigendum, með því að láta þá kaupa dýr hús nú, er þeir yrðu svo að rífa niður að fáum árum liðnum.

Yfirleitt hygg jeg, að það sje nauðsynlegt að setja nákvæmari og skýrari reglur um húsaskipun og skipun allra mannvirkja á jörðum, en nú er, því það er svo hjer, sem annarsstaðar, að mest er undir því komið, að grundvöllurinn sje vel fundinn.

Þótt jeg nú, þrátt fyrir alt, geti verið samþykkur stefnu greinarinnar, lít jeg svo á, að hún fari of langt, og að fyrirkomulagið þurfi betri umbúnað en hjer er hafður. Í 6. gr. frv. stendur, að þegar fráfarandi fari frá, þá eigi hann að fá frá landsdrottni greitt alt það, sem jörðin hefir hækkað í verði fyrir verk eða aðgerðir leiguliða, en svo stendur síðar, að fráfarandi eigi að endurgjalda það, sem jörðin hefir spilst fyrir niðurníðslu eða óheppilegar umbótatilraunir, sem landsdrottinn hefir lagt á móti eða engan þátt átt í. Þetta er tvírætt. Jörðin getur hækkað í verði, án þess hún verði betri en hún var einhvern tíma áður, og ef sú verðhækkun verður fyrir aðgerðir leiguliðans, þá á landsdrottinn að greiða mismuninn, jafnvel þótt jörðin hafi rýrnað að gæðum. Hins vegar getur jörð lækkað í verði, jafnvel þótt hún hafi batnað fyrir aðgerðir leiguliða. Það getur farið svo, að landeigandi verði að borga fyrir verðhækkun niðurniddrar jarðar. Í þessu sambandi skal jeg benda á niðurlagákvæði 6. gr. Þar stendur, að landsdrottinn geti hækkað landsskuld jarðar með 5% af fje því, sem hann greiðir fyrir aðgerðir leiguliða. Ef það er meiningin, að landsdrottinn megi ekki taka nema 5% af mati jarðarinnar — ekki einu sinni bankavexti af kaupgjaldinu, — þá er það ákvæði, sem alls ekki fær staðist, jafnvel þó litið sje á frá sjónarmiði leiguliða. Þetta er ákvæði, sem vafalaust yrði farið í kring um á einhvern hátt, og það er sjerstaklega ranglátt, ef ætlast væri til þess, að menn ættu að hafa rjett til þess að kaupa býli; þeir, sem keyptu nú, mundu stórskaðast. Jeg skal ekki ábyrgjast, að þetta liggi í orðunum, en það getur legið í þeim og er því tvírætt.

Þá er 4. gr., sem gefur reglur um bætur fyrir skemdir af völdum náttúrunnar og eldsvoða. Að því er eldsvoða snertir, stendur sjerstaklega á. Leiguliði getur átt sök í eldsvoðanum, þótt ekki verði það sannað, því hann mundi tæplega verða talinn eiga sök á eldsvoðanum, nema hann hefði kveikt í sjálfur. Hins vegar gætu t. d. börn hans eða hjú átt sök á eldsvoðanum, og samt skellur skuldin á landsdrotni.

Mergur og kjarni þessa frv. á að vera sá, að jörðunum sje haldið við og þær bættar. Mig furðar þess vegna stórlega á ákvæðum í 5. gr. frv., eins og hún var upphaflega. Jeg fæ ekki betur sjeð en að með þeim ákvæðum sje stórlega dregið úr ræktun jarðanna, þvert á móti tilgangi frv. Það er ofar öllum efa, að það eru kúgildin sem hafa stuðlað að því, að jarðir hafa ekki algerlega fallið í órækt. Jeg þekki dæmi þess, að jarðir, sem komnar hafa verið í fyrirtaks rækt, hafa níðst niður á fám árum, af því að fátækir leiguliðar hafa tekið við, sem ekki hafa haft kraft til þess að sitja jörðina. 5. gr. frv. fer í þveröfuga átt við það, sem þarf til þess að kippa þessu í lag. Hitt er annað

mál, að jeg held ekki í kúgildin í því formi, sem þau eru nú í; innstæðukúgildin eru ekki annað en jarðargögn, sem eiga að vera til góðs. Þess er líka að gæta, að eftir því, sem kúgildum fjölgar, minkar landsskuldin, að öðru jöfnu.

Affarabest myndi, að jörðinni fylgdi sá fjenaður, sem hún minst fleytti, og í þá átt gengur hreyfingin í öðrum löndum. Jeg hygg, að í stað þess að auka húsin á jörðunum myndi rjettara að auka fjenaðinn, sem þeim fylgir. — Jeg hefði getað skilið það, ef hv. flm. (S. F.) hefði komið með ákvæði um það, að viðtakandi fengi forkaupsrjett að kvikfjenaði fram yfir aðra. Það hefði verið miklu rjettara, eins og nú stendur á, og svarað betur til markmiðs frv., að auka fjenaðinn.

Jeg skal nú ekki lengja umr. um frv. að sinni, og er þó ýmislegt við byggingu frv. að athuga, sem von er, þar sem breyta á samfeldum lagabálki. Jeg skal t. d. benda á það, að við matsskot er ekkert sagt um kostnaðinn, um fram það, hvernig honum skuli skift.

Jeg fyrir mitt leyti vildi óska þess, að nefndin sæi sjer fært að láta fresta þessari umr., til þess að mönnum gæfist kostur á að athuga frv. betur.

Fjármálaráðherra (S. E.): Fyrir hönd og eftir beðni atvinnumálaráðherrans (S. J.), sem ekki getur verið við þessa umr. nú., vil jeg leyfa mjer að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann fresti umr. nú, svo að atvinnumálaráðherranum (S. J.) gefist kostur á því að taka þátt í umr. síðar.

Forseti: Með því að mjer er kunnugt um nauðsynjar hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.), tek jeg frv. út af dagskrá nú og fresta umr.

Umr. frestað.

Á 13. fundi í Ed., þriðjudaginn 22. júlí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 55, n. 116).

Kristinn Daníelsson: Það dylst engum, að hjer er í raun og veru stórmál á ferðinni. — Hjer er að ræða um bætur á ábúðarlöggjöfinni, er staðið hefir langan tíma, og þurfa þær vandlegan undirbúning, ef þær eiga að uppfylla kröfur tímans.

Jeg skil vel vilja flm. (S. F.) á því, að ráða bætur á lögum þessum, og hefir hann tekið á því, sem helst þarf athugana við, en það er rjettur leiguliða.

Jeg er sammála honum um það, að leiguliðaábúð þurfi að tryggja, því trú mín er sú, að sjálfsábúð útrými henni aldrei, og því nauðsynlegt að stuðla til þess, að hún geti orðið sæmileg.

En þess er ekki von, að einum manni hafi tekist að ráða bætur á þessu til hlítar, og nefndin hefði þurft að athuga þetta betur.

Jeg hefi athugað nokkuð breytingar þær, sem hjer er farið fram á, og skal í fáum orðum benda á það, sem jeg hefi rekið augun í, sem ýmist eru gallar á frv., eða þarf nákvæmari fyrirmæli um.

Það eru þá fyrst fyrirmæli 2. gr., þar sem landeiganda er gert að skyldu, þegar hann byggir jörð sína, að láta fylgja henni „öll hús, sem nauðsynleg eru við ábúð á henni."

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) talaði nákvæmlega um ákvæði þetta í gær og benti á aðalgallana, og er jeg honum samdóma í því efni. — Jeg hygg, að erfitt sje að ákveða, hver hús sjeu „nauðsynleg". Þar er engu fastákveðnu hugtaki til að dreifa. Ákveðin hús geta verið

einum leiguliða nauðsynleg, en öðrum til þyngsla.

Hins vegar verður að hafa einhver ákvæði um hús, en það þarf að ganga betur frá þeim, því með þessu gæti rjettur landeiganda orðið fyrir borð borinn.

Í 3. gr. er sagt, að nái leiguliði ekki samkomulagi við landsdrottin um það, hvert gagn jörðinni megi verða að jarðarbót, sem ekki er áskilin í byggingarbrjefi, en honum er heimilt að gera eða láta gera, sje rjett, að leiguliði „fái“ 2 óvilhalla menn til þess að meta það.

Jeg hygg, að þetta sje ekki næg trygging fyrir landsdrottin, sjerstaklega þar sem ætlast er til, að leiguliði fái fult endurgjald fyrir jarðarbótina að lokum, sbr. 6. gr. frv. Mjer þætti því betra, að þess yrði krafist, að mennirnir yrðu dómkvaddir.

Að vísu er samskonar ákvæði sem þetta í 20. gr. ábúðarlaganna frá 1884, en þar er þó sá munur á, að eftir þeim lögum fær leiguliði ekki fult endurgjald fyrir jarðarbætur sínar, heldur að eins tólffalda hækkun eftirgjaldsins, eða þaðan af minna.

Hvað 4. gr. frv. viðvíkur, get jeg látið mjer nægja að skírskota til ræðu hv. þm. Ísaf. (M. T.) í gær.

Jeg get ekki neitað því, að vafasamt er, hvort sanngjarnt er að láta landsdrottin einan bæta þær skemdir, er þar eru taldar, í öllum tilfellum.

Um 5. gr. þarf ekki að tala. — Það órjettlæti, sem í henni felst, stendur til að bætt verði með brtt. landbúnaðarnefndar, sem í raun og veru slær stryki yfir greinina. — Sala kúgilda hefir verið heimil, og sje jeg ekkert á móti því, að svo sje, ef samkomulag næst milli landsdrottins og leiguliða um það, en hitt sje jeg ekki, hvers vegna innstæðukúgildi ættu fremur að innleysast með jarðabótum og húsum en hverju öðru fjemæti.

Í 6. gr. er m. a. sagt, að meti úttektarmenn á þá leið, að jörðin hafi hækkað í verði fyrir verk fráfarandi, skuli landsdrottinn greiða honum þá verðhækkun að fullu.

Mjer finst órjettlæti koma fram í því, að borgunin skuli eiga að fara fram eftir mati, sem oft eru af handahófi; væri rjettast að greiða eftir sanngjörnum reikningi.

En hitt get jeg ekki heldur felt mig við, að það sje engu máli látið skifta, hversu lengi leiguliði hefir sjálfur notið jarðarbótanna, hvort heldur 1 ár, eða ef til vill 20—30 ár.

Þá stendur í niðurlagi greinarinnar, að landsdrottinn geti hækkað landskuld jarðar með 5% af fje því, sem hann greiði fyrir aðgerðir leiguliða. Þetta er ósanngjarnt, því oft getur staðið svo á, að hann þurfi að taka lán í banka til þeirrar greiðslu, og mætti því ekki minna vera en hann fengi útlánsvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma.

Þetta eru að eins fáar athugasemdir. Jeg er velviljaður málinu og vil, að það fái sem bestan undirbúning. Óska, að nefndin leggi meiri vinnu í það en gert hefir verið. Hjer er stungið á kýli, sem ekki er vanþörf á að hreyfa við. Mun greiða atkv. með því, að því verði vísað til 3. umr., og vil sýna því og flm. þess (S. F.) allan sóma.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) fór nokkrum orðum um frv. þetta í gær, og ætla jeg því að byrja með því að svara honum.

Hann byrjaði ræðu sína á því, að í frv. þessu væri gengið nærri helgi eignarrjettarins, en rök færði hann engin fyrir þeirri staðhæfingu sinni, og verð jeg því að álíta hana sleggjudóm.

Frv. gengur þvert á móti út á að tryggja þann eignarrjett, sem helgastur er, rjett verkamannsins til launanna. — En það er satt, að frv. er bygt á öðrum skilningi en þeim, sem almennur er, að því er snertir eignarrjett til verðhækkunar á landi.

Verðhækkun á landi á sjer stað á þrennan hátt:

1) vegna aðgerða þess, er þar býr, og þá verðhækkun tel jeg að rjettu lagi eign ábúanda;
2) fyrir framkvæmdir hins opinbera, t. d. vegalagningar o. fl., og þá verðhækkun tel jeg eign hins opinbera;
3) vegna samflutnings fólks á ákveðna staði, og þá verðhækkun tel jeg einnig eign þjóðfjelagsins.

Undir núverandi þjóðfjelagsskipun hafa einstaklingar sópað til sín þessum 3 tegundum verðhækkunar, en ekki með eignarrjetti, heldur löghelguðum ójöfnuði. —

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) vildi halda því fram, að kúgildafækkun hefði í för með sjer afturför í ræktun. Virðist hann hafa bygt á því, að ekkert komi í staðinn. En svo sem kunnugt, voru kúgildi flest þegar landbúnaðurinn var í mestri niðurlægingu, en fer nú fækkandi eftir því, sem landbúnaðurinn dafnar, og gengur þetta því í öfuga átt við það, sem hv. þm. (M. T.) hræðist að verða muni.

Hv. þm. (M. T.) mintist á, að hann gæti ekki skilið orðin í niðurlagi 6. gr., og tók sem dæmi af því leiguliða, sem bætt hefði tún um ⅓, þannig, að það gæfi af sjer 150 hesta af töðu í stað 100, og virtist mjer vaka fyrir þm. (M. T.), að sú verðhækkun á jörðinni ætti að falla í skaut landeiganda. Jeg lít svo á, að leiguliða beri slík hækkun með rjettu.

Þá þótti hv. þm. (M. T.) það óheppilegt, að landeiganda væri gert að lagaskyldu að eiga öll hús á jörðinni, en hins vegar væri það nær lagi, að hann ætti áhöfn jarðarinnar.

Hans búskaparhugsjón virðist því vera sú, að landsdrottinn eigi lausafje og jörð, en leiguliði húsin. Þetta getur verið gott fyrir ríka kaupstaðarbúa, sem vilja eiga jarðir í sveit. En ekki tel jeg líklegt, að bændur hallist að því fyrirkomulagi.

Þá skal jeg snúa mjer að hv. 2. þm. G.-K. (K. D.).

Hann kvað frv. ekki hafa verið athugað nægilega í nefndinni. En mörg stutt nál. koma fram á þinginu, og er það engin sönnun fyrir því, að mál þau, er ræðir um í þeim, sjeu ónógt athuguð.

Jeg skal ekki fara mörgum orðum um húsin í þetta sinn. Menn hafa hugsað sjer margar leiðir til að tryggja almenningi í sveitum viðunandi húsakynni. En jeg hygg, að eina leiðin, sem kemur að haldi, sje sú, sem farin er í þessu frv. Hv. þm. (K. D.) mintist á ákvæði 3. gr. um, að leiguliði skuli fá 2 óvilhalla menn til að áætla um hækkun eftirgjalds vegna jarðarbóta. Þetta er tekið úr núgildandi ábúðarlögum. En nefndinni er það ekki fast í hendi, og mætti vel breyta því á þann veg, að dómkvaddir menn skuli meta.

Efalaust tel jeg það, að hver eigi að bera skaða af skemdum á eigin eign, sem engum er um að kenna.

Þá hefir þeirri spurningu verið beint til nefndarinnar, hvi leiguliðum eigi ekki að vera leyfilegt að leysa til sín

innstæðukúgildi með peningum, eins og með húsa- eða jarðarbótum. Svo er litið á kúgildin, sem þau sjeu nokkurskonar fasteign. Sjeu þau innleyst, þarf því einhverskonar fasteign að koma á móti, svo jörðin rýrni ekki að verði.

Þá er það atriðið í 6. gr., sem margir ræðumanna hafa hnotið um, að landsdrottinn greiði fráfarandi leiguliða verðhækkun jarðarinnar að fullu. Menn virðast hræddir um, að matið verði leiguliðunum í vil. Jeg sje enga ástæðu til að hræðast það. Mjer virðast þvert á móti meiri líkur til, að hið gagnstæða yrði ofan á. Hingað til hefir það að minsta kosti verið svo, að verk leiguliða hafi verið metin alt of lágt. Annars ætti áhættan að vera jöfn báðum megin, og getur ekki talist mikil, þar sem svo tryggilega er um búið, að mati úttektarmanna má vísa til yfirmatsnefndar.

Þótt frv. verði felt — en við því er hægt að búast, eftir umr. að dæma — lít jeg ekki svo á, að það sje þar með dautt. Frv. mun lifa þótt það deyi; það mun lifa og ryðja sjer til rúms, samkvæmt þeim krafti, sem sannleikur og rjettlæti altaf hafa.

Eggert Pálsson: Jeg hefi ekki fylgst með í umr. um frv. þetta, vegna fjarveru minnar. En þar sem það er að mörgu leyti merkilegt, vil jeg ekki láta hjá líða að lýsa afstöðu minni til þess, áður en gengið verður til atkv.

Á undanfarandi þingum hefir verið reynt að breyta ábúðarlöggjöfinni í líka átt og hjer er farið fram á, en tilraunirnar hafa altaf strandað, sem vænta má, því hjer er um mikið vandamál að ræða.

Þó að tilgangur hv. flm. (S. F.) sje góður, er ekki við því að búast, að honum hafi tekist að rata í þessum efnum hina heppilegustu leið, og allra síst þá leið, er gerði alla ánægða. Einkum er það þó eitt aðalákvæði frv., sem gerir mjer ókleift að vera því fylgjandi. — Leiguliða er ekki að eins gert að skyldu að halda við jarðarhúsum þeim, sem nú eru á jörðum, heldur er gert ráð fyrir, að þau verði aukin allmikið, og leiguliðanum svo gert að skyldu að halda öllu vel og forsvaranlega við. Og væntir mig, að sú breyting muni mörgum fleiri ekki finnast neitt til bóta fyrir sig, því auk aukinnar viðhaldsskyldu yrði leiguliðinn vitanlega að greiða vexti af fje því, sem landsdrottinn legði á jarðarhúsin. Mín skoðun er sú, að jarðarhús ættu helst engin að vera. Reynslan er, að hús, sem fylgja jörðum, komast altaf í niðurníðslu. Hafi t. d. baðstofa fylgt jörð og leiguliði bætt hana að verulegum mun, mun hann oftast fá gömlu baðstofuna virta til peninga eða láta einhvern ljelegan kofaræfil upp í gömlu baðstofuna, en selja nýju baðstofuna viðtakanda, eða rífa og flytja með sjer. Jeg geri ráð fyrir, að bæjarhúsin yrðu til lítils sóma eða þæginda til langframa, þótt landsdrottnum væri nú gert að skyldu að byggja þau upp að nýju, heldur mundi alt sækja aftur í sama horfið og verið hefir í þessum efnum að undanförnu.

Jarðarhús eru tvennskonar, sem sje íbúðarhús og peningshús.

Ef við fyrst lítum á íbúðarhúsin, verður það fljótt fyrir okkur, að íbúðarhúsaþörf bænda getur verið og er mjög mismunandi. Hugsum okkur, að ómagamaður búi á jörð; hann þarf húsnæði fyrir 15, eða svo, manns, og kemur því upp á kostnað jarðeiganda eða jarðarinnar, hvort sem rjettara er, en hann þarf hæfil. stórt íbúðarhús fyrir alt þetta fólk. Svo flytur hann burt, en í stað-

inn kemur ómagalaus maður, er ekki hefir og þarfnast ekki fleira fólks en svo sem 5 eða 6 manns vinnandi. Jeg gæti nú trúað, að seinni bóndanum fyndist hann hafa tekið við óþörfum bagga, að taka við til eftirgjalds og viðhalds íbúðarhúsinu, sem hinn mannmargi fyrirrennari hans þóttist þurfa með. Honum mundi það ekki nauðsynlegt, heldur þvert á móti. Annars eru og verða æfinlega skiftar skoðanir um, hvað hús sjeu „nauðsynleg" við ábúð á jörðum, sbr. 3. gr. Eins og þetta einfalda dæmi, sem jeg tók, sýnir, er ómögulegt að segja um, hve mikil íbúðarhús sjeu nauðsynleg, því það fer alt eftir kringumstæðum þess, er í það og það skiftið býr á jörðinni.

Þá skulum við virða fyrir okkur peningshúsin. Þegar um þau er að ræða, þá er á það að líta, að menn breyta oft algerlega um búnaðaraðferð. Jeg get tekið dæmi af mjer sjálfum. Fyrst í mínum búskap var fjárræktin aðalatriðið. Þá hafði jeg 600—700 kindur. Nú hefi jeg snúið því upp í kúabú, og hefi e n g a kindina. Menn geta gert sjer í hugarlund, hvaða aukaskattur það hefði verið á mjer að þurfa að viðhalda fjárhúsum fyrir 600—700 fjár, þrátt fyrir breytta búnaðaraðferð. Nú geta menn einmitt búist við algerðri breytingu á búnaðarháttum, að minsta kosti hjer á Suðurlandi. Þegar járnbrautin kemur — og hún kemur, ef ekki í vorri tíð, þá samt síðar — breytast fjárbúin í kúabú. Þá væri ilt í efni, ef lögboðið væri að halda við öllum fjárhúsum, sem staðið hafa, eða álitin hafa verið hæfileg á jörðum fram á þessa daga. Vegna þessara breytingamöguleika á búskaparlagi, er varhugavert að setja nokkur föst ákvæði um nokkur peningshús á jörðum. Eðlilegasta leiðin út úr þessum ógöngum er, að landið sjálft sje bygt án allra jarðarhúsa. En hjer er farið fram á, ekki að eins að láta þau jarðarhús haldast, sem nú eru á jörðum, heldur einnig auka þau og fjölga þeim að miklum mun. Og það er einkum þetta atriði, sem gerir mjer ókleift að fylgja fram komnu frv.

Af öðrum ákvæðum frv. vildi jeg nefna ákvæði 5. gr., um heimild leiguliða til að leysa til sín innstæðukúgildi, gegn jafngildi í húsum eða jarðarbótum. Það liggur í augum uppi, að þetta væri ekki vel ráðið. Leiguliði gæti bygt stærri hús en nokkur þörf væri fyrir á jörðinni, og látið þau svo ganga upp í kúgildin til að gera sjer verð úr þeim. En um þetta atriði skal jeg ekki fara fleiri orðum, þar sem hv. nefnd hefir bætt hjer úr skák og flutt brtt. þess efnis, að samþ. landsdrottins þurfi til.

Rjett virðist, að frv. fái alla þá meðferð í deildinni, sem sæmilega megi telja, þar sem háttv. flm. (S. F.) hefir sýnt því svo mikla rækt og umhyggju. Það væri heldur ekki sanngjarnt að fella það frá 3. umr., þar sem tveir þm. eru fjarstaddir af fundi. Þess vegna mun jeg greiða frv. atkv. til næstu umr.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Út af ummælum hv. 1. þm. Rang. (E. P.) skal jeg geta þess, að það er auðvitað svo um þessi lög sem önnur, að þær kringumstæður eru hugsanlegar, sem lögin ná ekki fullkomlega til, og verður því að leysa úr með tilliti til anda laganna. Þm. (E. P.) kvað það reynslu sína, að jarðarhús hafi gengið úr sjer í höndum leiguliða. Mín reynsla er gagnstæð. Leiguliðar hafa yfirleitt stækkað

og bætt jarðarhúsin, þar sem jeg þekki til, en mist svo umbæturnar endurgjaldslaust, eða endurgjaldslítið, við brottför af jörðunum. En hugsum okkur það, að leiguliði hafi bygt meiri hús á jörð sinni en hún ber, hvort sem það eru íveru- eða peningshús. Þá hlýtur það auðvitað að verða samningamál milli hans, viðtakanda og landsdrottins, hve mikið hann fær fyrir húsin. Vilji viðtakandi ekki nýta þau nema til rifs, er auðvitað ekki hægt að neyða landsdrottin til að kaupa þau hærra verði en honum sýnist. Málið verður þá mjög líkt, hvort sem þessi lög gilda eða þau gömlu. Það verður samkomulagsmál milli hinna þriggja, er nefndir voru. En ef húsin eru jörðinni að gagni, er fráfarandi betur trygður en áður, eins og vera ber. Það er ekki nema sjálfsögð sanngirni, að fráfarandi fái þá verðhækkun, sem honum er að þakka.

Magnús Torfason: Jeg ætla mjer ekki að fara út í þjóðfjelagsskipunarbollaleggingar hv. frsm. (S. F.), og það því síður, sem jeg stend honum nær, að því er þær snertir, en hann að líkindum rennir grun í.

Jeg vil benda á, að það er alls ekki reynslan, að óhentugt sje, að kúgildi fylgi jörðum. Það er altaf að ná meiri og meiri festu hjá öðrum þjóðum, að því næst sú áhöfn fylgi hverri jörð, sem henni nægir. Kúgildin eru ekki annað en „kapital", sem fylgir jörðunum. Nýbyrjendum ætti ekkert að vera kærkomnara en að það „kapital" fylgi jörðum, sem nauðsynlegt er til rekstrar búsins. Innstæðukúgildi ættu því ekki að vera innleysanleg, heldur þvert á móti alt að vera gert til að fjölga þeim.

Hv. frsm. (S. F.) virðist hafa skilið mig svo, að jeg áliti, að best væri, að leiguliðar ættu jarðarhúsin. Jeg hefi ekkert um það sagt. Húsamálið þarf mikillar umhugsunar við, og jeg efast um, að tímabært sje að ráða því nú til lykta á einn eða annan hátt. Nú eru óhentugir tímar til að gera gagngerða breyting á jarðarhúsum. Vjer Íslendingar búum í óræktuðu landi, en stórfeldar ræktunartilraunir standa fyrir dyrum. Ekki þarf annað en að líta til Flóaáveitunnar. Hún mun hafa gagnger áhrif á þau býli, sem nú eru í Flóanum, og þau, sem þar rísa upp. Væri það illa farið, ef áður væri búið að eyða þar miklu fje í hús, er reyndust óþörf eða óhentug, þegar áveitan er farin að breyta búskaparlaginu. — Eins mundi járnbraut hafa mikil áhrif, eins og hv. 1. þm. Rang. (E. P.) hefir bent á, og þá ekki síður áburðarvinsla úr loftinu, sem búast má við að til verði stofnað.

Mjer dettur ekki í hug, að frv. verði felt núna hjer í deildinni. Jeg álít góðra gjalda verða þá hugsun, sem bak við það liggur, og kann hv. flm. (S. F.) þakkir fyrir að hafa borið það fram.

Magnús Kristjánsson: Það gleður mig að heyra þá yfirlýsingu hv. þm. Ísaf. (M. T.), að það sje tilætlun hans, að frv. nái fram að ganga. Mjer er þetta því meira fagnaðarefni, þar sem mjer virtust undirtektir hans við 1. umr. málsins ekki gefa miklar vonir um stuðning hans. Er það miklu virðingarverðari stefna, sem hann nú hefir upp tekið. Það væri mjög ómannlegt af þinginu að játa þörfina á breytingum á ábúðarlöggjöfinni og gera tilraunir til breytinga á hverju þingi, en treysta sjer svo aldrei til að leiða neitt í framkvæmd. Jeg geri ráð fyrir, að þeir, sem fundið hafa galla á frv., eins og það

nú liggur fyrir, komi við 3. umr. fram með brtt., sem nemi burtu agnúana af því. Sú framkoma ein er sæmandi. Hitt er ekki á okkar valdi, hvernig málinu reiðir af í hv. Nd.

Æskilegast væri, að mínu áliti, að allar jarðir, aðrar en þjóðjarðir, kæmust sem fyrst í sjálfsábúð, en þess verður að líkindum nokkuð langt að bíða, ef löggjafarvaldið sjer ekki fært að stuðla að því á einhvern hátt. Ástandið, sem nú er, er óviðunandi. Úr því þarf að bæta, að fjöldi manna býr á annara eign svo að kalla rjettlausir. Þá kröfu er ekki hægt að gera, að þeir húsi leigujörð sína svo viðunandi sje og siðuðum mönnum samboðið, því þeir geta ekki búist við neinu verulegu endurgjaldi fyrir starf sitt. Peningunum væri því að mestu kastað í sjóinn. Í þessu frv. er gerð góð tilraun til að ráða bót á ástandinu, og við þá tilraun held jeg að vel megi una nú fyrst um sinn.

Hv. 1. þm. Rang. (E. P.) áleit æskilegast, að leiguliðar ættu öll jarðarhús; þetta er alveg gagnstætt minni skoðun. Með því móti yrði að tryggja ábúendanum ekki að eins lífstíðarábúð, heldur og allri hans ætt, meðan nokkur af ættstofninum væri á lífi. Þetta er að mínu áliti svo mikil breyting, að vart mun framkvæmanleg. — Mjer finst ekki ástæða til að fara lengra út í þetta mál að sinni, en verð að líta svo á, að mikill skaði væri að því, ef málið yrði drepið. Jeg treysti því, að hv. þm. Ísaf. (M. T.) og hv. 2. þm. G.-K. (K. D.) komi með þær brtt., sem þeim þykir þurfa, við 3. umr. málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 7 : 1 atkv.

3.—4. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Brtt. 116 samþ. með 9 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.

6.—7. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., föstudaginn 25. júlí, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 142).

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg hefi ekki verið viðstaddur umr. um þetta mál hjer í hv. deild, og ætla jeg því nú einungis að minnast á gang annars frv. um líkt efni, er flutt var í Nd. 1917. Þar var farið fram á að breyta þessum sömu lögum í líka átt. Var málinu vísað til landbúnaðarnefndar, og samdi hún allítarlegt álit um það. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að málið yrði ekki látið ganga lengra á þinginu, heldur skyldi því vísað til stjórnarinnar. Bar nefndin fram rökstudda dagskrá á þá leið, að stjórninni yrði falið að undirbúa málið og leita álits hjá Búnaðarfjelagi Íslands og stjórnum búnaðarsambandanna um það, hverjar breytingar sjeu nauðsynlegar á ábúðarlögunum, og hvernig þær skuli ákveðnar í einstökum atriðum, og leggja tillögurnar fyrir næsta reglulegt Alþingi. Lauk málinu svo, að þessi rökstudda dagskrá var samþykt, og frv. þar með vísað frá.

Stjórnin sneri sjer þegar næsta vetur til Búnaðarfjelags Íslands og skoraði á fjelagið að taka til meðferðar þann hluta málsins, sem því var ætlaður, og leggja fram álit sitt og tillögur. Stjórn fjelagsins svaraði um hæl og vjek sjer algerlega undan því að eiga nokkuð við málið. Bar hún það fyrir sig, að hún

hefði eigi þeim mönnum á að skipa, er til þess væru færir, enda leit hún svo á, að taka þyrfti alla landbúnaðarlöggjöf landsins fyrir í heild sinni mjög bráðlega.

Þar sem svona fór, að landbúnaðarfjelagið vildi ekki sinna málinu, gat stjórnin ekkert aðhafst í því. Hún hafði hvorki nægum starfskröftum á að skipa nje heldur fje, til þess að láta rannsaka málið til verul. hlítar. Frá þessu vildi jeg skýra nú, þó að það viðkomi Nd. 1917.

Þótt frv. þetta nái ekki nema til nokkurra atriða í þeim mikla lagabálki, sem ekki er ólíklegt, að nokkur bið það sje til talsverðra bóta. Vil jeg stuðla að því, að frv. gangi til hv. Nd., þar sem ekki er ólíklegt, að nokkur bið verði á því, að landbúnaðarlöggjöf landsins verði tekin fyrir í heild sinni.

Magnús Torfason: Hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) fór ekki langt út í frv., að deildin fjekk ekki að vita, hvort hann áliti frv. til bóta yfirleitt, eða hvort sum atriði þess væru það mikið til bóta, þó önnur atriði væri ef til vill óheppileg, að kostirnir væru samt yfirgnæfandi. Jeg bjóst við að fá gleggri skilgreiningu á áliti stjórnarinnar um þetta frv., er gerbreytir allri aðstöðu leiguliða til landsdrottins, heldur en orðið er.

Á þinginu 1917 sá landbúnaðarnefnd Nd. sjer ekki fært að leggja það til, að frv. það, um breytingar á ábúðarlögunum, er þá var til umr., yrði gert að lögum. Eins og hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) tók fram, var málinu vísað til stjórnarinnar, og var við því búist, að það þyrfti rækilegan undirbúning, einnig annarsstaðar frá. Í hinni rökstuddu dagskrá nefndarinnar er samþ. var, er skorað á stjórnina að stuðla að því, að Búnaðarfjelag Íslands og stjórnir búnaðarsambandanna rannsaki með aðstoð viturra manna, er til fást í hverjum landsfjórðungi, hverjar breytingar sjeu nauðsynlegar á ábúðarlögunum og hvernig þær skuli ákveðnar í einstökum atriðum. Svo langt var þá gengið í kröfum Nd. um undirbúning þessa máls.

Nú hygg jeg, eftir að hafa heyrt skýrslu hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) um aðgerðir stjórnarinnar í málinu, að við stöndum ekki nær því að ráða til lykta breytingum á ábúðarlöggjöfinni heldur en 1917, og það því síður, sem annríki er nú afskaplega mikið. Jeg álít því rjettast að fara sömu leið, sem hv. Nd. fór 1917, að vísa málinu til stjórnarinnar.

Það mun hafa þótt á vanta rökstuddu dagskrána 1917, að stjórninni var ekki veitt fje til að framkvæma slíka rannsókn, sem þar er gert ráð fyrir. Jeg gæti því fallist á, að í fjárlögunum ætti að veita stjórninni einhverja fjárupphæð til umráða í þessu skyni.

Jeg hygg, að hugmynd þeirri, er vakað hefir fyrir hv. flm. (S. F.), verði gerður mestur og bestur greiði með því, að deildin feli stjórninni málið. Og þar sem hann hefir nú komið hugsunum sínum í frumvarpsform, gæti stjórnin tekið fult tillit til þess, ef hún lítur svo á, að taka mætti nokkurn hluta af landbúnaðarlöggjöfinni og endurskoða hann, af því að ekki mætti bíða fyrirhugaðrar allsherjar-endurskoðunar á þessum lagabálki. Og því fremur ætti þetta að geta orðið að ráði, þar sem breyting verður mjög bráðlega á stjórninni, og fyrir þann nýja kraft, sem taka á við atvinnumálunum, er þetta mál ágætt viðfangsefni að spreyta sig á.

Samkvæmt þessu, er jeg nú hefi sagt, vil jeg leyfa mjer að bera fram svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

Með skírskotun til rökstuddrar dagskrár, er neðri deild Alþingis samþykti í einu hljóði á síðasta reglulega Alþingi, og í fullu trausti þess, að stjórnin láti ekki fyrir farast að leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi tillögur um breytingar á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða, 12. jan. 1884, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Þetta mál var talsvert rætt við 2. umr., og að því er mjer virtist, kom það álit fram í hv. deild, að mikil nauðsyn væri á endurbótum á leiguliðalöggjöfinni, og að hjer kæmu fram þýðingarmiklar tillögur til endurbóta. Á hinn bóginn hjeldu sumir því fram, að málið væri ekki nægilega undirbúið og rjettast væri að vísa því til stjórnarinnar. En jeg álít þetta að eins tilraun til að eyðileggja málið. Það hefir verið tekið til meðferðar á þinginu hvað eftir annað, og niðurstaðan altaf orðið að láta það bíða. Þetta mun meðal annars hafa orðið ein af aðalorsökunum til þjóðjarðasölunnar, sem margir iðrast nú eftir og líklega hefði aldrei orðið í stórum stíl, hefði leiguliðalöggjöfin verið viðunandi. Og þó að rjett væri að vísa málinu enn til stjórnarinnar, þá væri þó rjettara að láta það ganga fyrst til Nd. og landbúnaðarnefndar þar, svo að hún geti athugað það og látið uppi álit sitt. Eftir hennar till. var máli þessu vísað til stjórnarinnar 1917. Aðalástæðan til þess, að nefndin tók það ráð, mun hafa verið sú, að nefndin gat þá ekki fundið neina leið, er hún sætti sig við, með eignarrjettinn á jarðarhúsum. Jeg veit ekki, hvort nefndinni hefir hugkvæmst það ráð, sem hjer er komið fram með, og væri því æskilegt, að hún fengi að athuga það. Jeg vil því mælast til þess, að málið verði afgreitt hjeðan til Nd.

Umr. lokið.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. Ísaf., M. T., (sjá A. 185) var samþ. með 7 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: M. T., E. P., G. G., H. St., Jóh. Jóh., K. E., K. D.
nei: M. K., S. F., G. Ó., H. Sn., G. B.
S. E. og S. J. greiddu ekki atkv.

Málinu þar með

vísað til ríkisstjórnarinnar.

2. Ullarmat.

Á 16. fundi í Nd., föstudaginn 25. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um ullarmat (A. 154).

Á 20. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hákon Kristófersson): Jeg og hv. 1. þm. Árn. (S. S.) höfum leyft okkur að koma fram með frv. þetta. Fer það, eins og það ber með sjer, í þá átt, að bæta ullarmatslögin, sem nú gilda, en eins og kunnugt er, hefir framkvæmd þeirra þótt fara misjafnlega úr hendi. Þetta má þó ekki skilja svo, að jeg telji þá, sem unnið hafa að ullar-

matinu, ekki hafa verið starfa sínum vaxna. Að ósamræmi hefir átt sjer stað mun frekar hafa komið til af því, að menn hafa litið misjöfnum augum á málið, og líka því, að þegar margir eiga að sjá um hið sama, verða að minu áliti framkvæmdir miklu síður samræmanlegar, enda laun yfirullarmatsmanna svo lítil, að engin furða væri, þó að þeir hefðu ekki gefið sig við starfanum eins og nauðsynlegt hefði verið, ef vel átti að vera. Á þessu stigi málsins hygg jeg, að litlu þurfi við það að bæta, sem stendur í greinargerð frv. — Þó vil jeg geta þess, að við samning þessa frv. nutum við flm. (H. K. og S. S.) stuðnings góðra manna, svo sem þeirra Sigurgeirs Einarssonar og Björns bónda í Gröf. Hefir hinn síðar nefndi sýnt sjerstaklega mikinn áhuga fyrir þessu máli; hefir hann bæði skrifað um það opinberlega í blöðunum, og reynt að vekja áhuga á því á annan hátt. — Nokkur hluti greinargerðarinnar er frá honum runninn, og jeg býst við, að menn telji það ekki óveruleg atriði, sem þar eru fram færð. Mjer finst óþarfi að fjölyrða mikið um þetta frv., og vil jeg leyfa mjer að gera þá till., að því verði vísað til landbúnaðarnefndar að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum greiddum atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 2009) með öllum greiddum atkv.

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 154, n. 379).

Frsm. meiri hl. (Stefán Stefánsson): Það eru tvær aðalbreytingar, sem þetta frv. leggur til að gerðar sjeu á núgildandi ullarmatslögum.

Fyrri breytingin er sú, að öll ull sje metin, auk vorullar, einnig haustull, en hún sje ekki flokkuð. Þetta hefir nefndinni komið saman um að sje sjálfsagt. Enda bendir greinargerð frv. til þess, að svo sje um þá ull, sem verða á verslunarvara, ef dæma skal eftir því, hvernig ýmsar verslanir hafa afgreitt þær sendingar fyrirfarandi.

En svo er önnur aðalbreyting í frv., sem nefndin hefir klofnað um. Erum við þar 4 nefndarmenn í meiri hluta, en að eins einn í minni hl., en það er annar flutningsm. frv. Breytingin er sú, að í stað þess, að nú eru 4 yfirmatsmenn, verði einn yfirullarmatsmaður skipaður fyrir land alt. Meiri hl. getur ekki sjeð, að þessi breyting geti orðið til bóta, heldur það gagnstæða, að hún leiði miklu fremur til skemda á lögunum. Meiri hl. getur ekki sjeð, að einn maður muni geta haft eftirlit með matinu að neinu ráði. Ullarmatið fer fram á 2—3 vikum, eða í lengsta lagi á mánaðartíma. Á þeim tíma á þessi eini maður að hafa gætur á því, að ullarmatsmenn víðs vegar á landinu vandi matið og komi á samræmi í því. Í frv. er gert ráð fyrir, að þessi eini maður fari um land alt á 3 árum, eða með öðrum orðum, komi einu sinni á hverjum þrem árum á hvern ullarmóttökustað á landinu. Í stað þess, að nú geta þessir 4 yfirullarmatsmenn komið á hvern ullarmóttökustað á hverju vori, þá gæti þessi eini maður að eins komið á ⅓ hluta þeirra árlega. Það væru því tvö ár, sem liðu milli þess, að hann gæti fundið undirmatsmennina á hverj-

um stað og rækt embætti sitt. Og jeg hygg, að flm. hafi ætlað honum nægilegt verkefni, þegar litið er til allra þeirra ferðalaga, sem þessum eina manni eru ætluð. Hann á t. d. á einu vori að fara um Norðurland og vera á öllum þeim stöðum, sem ull er flutt út. Nú skyldi vera ís fyrir Norðurlandi og skipaferðir mjög ógreiðar. Þá er það alls ekki þægilegt fyrir hann að finna alla ullarmatsmennina og koma á alla ullarmóttökustaði. Nei, þau ferðalög gætu orðið honum torsótt, og sennilega allkostnaðarsöm fyrir ríkissjóðinn, væri hann úr öðrum landsfjórðungi og yrði að kaupa fargögn eða flutninga.

Þetta atriði hefir því orðið til þess, að nefndin klofnaði, og það er ekkert tiltökumál, þótt hv. flm. frv. (S. S.), sem er í nefndinni, vildi ekki ganga svo í berhögg við það, að falla frá þessu meginatriði.

Þá er það ein breyting, sem er allveruleg í frv. frá lögunum, sem öll nefndin er einhuga um, en það er að geymsla ullarinnar sje undir umsjá matsmanna þangað til ullin er flutt út. Þessi breyting virðist alveg sjálfsögð.

Sem sagt lítur meiri hl. nefndarinnar svo á, að þótt svo sje, að ullarmatið sje á sumum stöðum má ske í ólestri, þá sjeu engar líkur til, að það batni, nema síður verði, ef yfirullarmatsmaðurinn verður einn. En sje svo, að frv. sje fram komið af því, að einhver ullarmatsmaður hafi ekki reynst vaxinn starfinu, þá sýnist liggja nær, að skifta um menn, heldur en að breyta lögunum þannig, til að koma í veg fyrir þetta. Enda er engin sönnun fyrir því, að þessi eini maður ræki starf sitt betur en hver þessara fjögra, sem nú eru, eður væri því betur vaxinn.

Þá hefir meiri hl. nefndarinnar lagt til, að á hverja ullarsendingu sje sett bókstafamerki fyrir hvern landsfjórðung, fyrir það svæði, er hver ullarmatsmaður ræður yfir. Þetta álítur meiri hl. að muni verða til þess, að auka samkepni um vöruvöndun og mat hjá matsmönnum, og enn fremur, að enginn landsfjórðungur njóti þá annars eða gjaldi, sem nú getur vel verið, og það því fremur, sem það er mjög erfitt að fá algert samræmi í matið um land alt. Merkið er því hvöt til að vanda vöruna vel, ástæða fyrir matsmennina til að vanda matið sjerstaklega vel, og það miklu fremur en nú er. Annars er mjer mikil forvitni á að heyra frá þeim mönnum í deildinni, sem vanir eru mati og sölu á ull á erlendum markaði, hvernig þeir líta á þetta ákvæði, því að það er allverulegt atriði að okkar áliti.

Þá getur meiri hl. ekki treyst sjer til að ákveða fasta fjárhæð til ferðakostnaðar yfirmatsmannanna. Hann er nú ákveðinn 200 kr. En meiri hl. nefndarinnar virðist ekki hægt að ákveða hann, eins og nú er ástatt, því að ef matsmennirnir ættu að rækja starf sitt samviskusamlega, þá eru þeir svo lengi á ferðalögum, að vart verður ætlast til, að þeim nægi 200 kr. til ferðakostnaðar. Þetta varð að ágreiningsefni milli nefndarhlutanna. Að vísu mun minni hl. ekki hafa ákveðið neina fasta upphæð, en hann hefir gefið í skyn, að hann sje óánægður með það ákvæði meiri hl., að ferðakostnaðurinn skuli greiddur „eftir sanngjörnum reikningi.“

Þetta eru þá helstu breytingarnar, sem meiri hl. leggur til. Aðalbreytingarnar stafa af því, að flutningsmenn hafa gert ráð fyrir einum yfirmats-

manni, en meiri hl. vill hafa þá 4, eins og verið hefir.

Að svo mæltu hefi jeg ekki fleira að vekja athygli á. Meiri hl. landbúnaðarnefndar leggur því til, að brtt. á þgskj. 379 verði samþ., og eins og jeg hefi tekið fram, verða þær að skoðast til verulegra bóta á frv.

Frsm. minni hl. (Sigurður Sigurðsson): Landbúnaðarnefnd var, eins og frsm. meiri hl. (St. St.) sagði, sammála um breytingarnar við 1. gr. frv., og taldi frv., með þeirri breytingu, til mikilla bóta, saman borið við núgildandi lög. En svo skildust leiðir, og er jeg algerlega á öðru máli en hv. meiri hl., um allar brtt. við aðrar greinar frv. Sú brtt., sem virðist einna mikilvægust, er brtt. við 4. gr. Í frv. er gert ráð fyrir einum yfirullarmatsmanni, en meiri hl. vill hafa þá fjóra. Og flytur hann sem ástæðu fyrir breytingunni það, að starfið verði betur rækt af fjórum en einum. En ástæða flm. frv. fyrir því, að hafa yfirullarmatsmanninn að eins einn, er tekin fram í greinargerð frv. og er sú, að með því fengist meira samræmi í ullarmatið, en það hefir einkum þótt skorta undanfarið.

Það liggur nú í augum uppi, að það er engan veginn næg ástæða gegn því að hafa einn yfirullarmatsmann, að hann geti ekki farið yfir alt svæðið eða umdæmið á ári. Það mundu fjórir menn ekki gera heldur. Og jeg veit ekki til, að þeir, sem nú eru yfirullarmatsmenn, fari um alt umdæmi sitt árlega, enda er engin skylda til þess. Það var að eins fyrsta árið, sem lögin giltu, að þeim var gert að skyldu að fara um alt umdæmi sitt, því þá þurftu þeir að útnefna matsmenn. En síðan hafa þeir ekki farið um þau, nema eftir hentugleikum. Og ullarmatið er ekki betra með fjórum yfirullarmatsmönnum, því reynslan bendir á, að það sje í mesta ólestri eins og er, þó að fleiri sjeu yfirmatsmenn en einn. En ef einn maður væri settur yfir alla ullina, maður, sem að sjálfsögðu yrði bæði að vera sjálfstæður og samviskusamur, og starfanum að öðru leyti vaxinn, væru mikil líkindi til, að hann gæti komið á samræmi í ullarmati, á hinum ýmsu útflutningsstöðum á landinu. Svo hefir viljað bera á því, að ullarmatsmennirnir hafa ekki verið valdir af betri endanum og oft ráðið meira um valið kunningsskapur yfirullarmatsmanns en hæfileikar þeirra, sem teknir voru til starfans. Og það verður síður hætta á þessu, ef ullarmatsmaðurinn er einn.

Jeg hefi grun um, að það, sem hefir mestu ráðið um, að sumir í meiri hl. snerust á móti 4. gr. frv., sje það, að yfirullarmatsmaðurinn á Norðurlandi sje talinn góður. En þegar um almenn lög er að ræða, er mjer illa við, að persónulegu sje blandað inn í málin.

Svo er að minnast á eitt alveg nýtt fyrirbrigði í brtt. meiri hl., um það, að hafa ákveðið merki fyrir ull úr hverjum landsfjórðungi. Og þetta halda þeir að verði til að skapa samkepni milli hinna ýmsu yfirullarmatsmanna. En í þessu sambandi vil jeg benda á, að ullin er ólík í hinum ýmsu hjeruðum landsins. Það var mikið talað um „eðlisgalla“ á kjöti hjer um daginn. En þá á ekki síður við að tala um eðlisgalla á ull, og ullin hjer á Suðurlandi hefir sannarlega eðlisgalla, sem stafar af því, að hjer er annað fjárbrigði en fyrir norðan og austan. Sjerstaklega er fjeð hjer sunnanlands ólíkt þingeyska fjenu. En mestu veldur þó um mismuninn veðráttufar, landshættir og hagar. En

þetta á ekki að hafa áhrif á matið, því það er ekki eðlisgildi ullarinnar, sem á að meta, heldur verkunin. Það, að skapa hjer samkepni í ullarmatinu, nær því ekki tilgangi sínum. Hv. frsm. (St. St.) gat þess, að jeg legði ekki svo mikla áherslu á, hvort brtt. meiri hl. yrðu samþ. eða ekki, að undanskilinni brtt. við 4. gr. En þetta er ekki rjett hjá honum, því jeg álít, að þær sjeu allar til stórspillis á frv. Og verði brtt. samþ., þá er jafngott að fella frv. alveg, enda óvíst, að við flm. leyfum því lengra, heldur tökum það aftur. Sjálft frv. tel jeg til bóta, nái það fram að ganga, enda er það flutt hjer og samið eftir bendingum og ráðleggingum þeirra manna, sem best vit hafa á þeim málum.

Pjetur Jónsson: Jeg teldi illa farið, ef málinu væri eytt út af þeim klofningi, sem komið hefir upp í hv. landbúnaðarnefnd. Og mjer virðist, að hvort sem frv. verður samþ. með brtt. meiri hl. eða óbreytt, þá sje það til bóta frá því sem er.

Með því að hafa að eins einn yfirullarmatsmann fengist að líkindum meira samræmi í ullarmatið. En þá veltur á hinu, að maðurinn yrði vel valinn og starfi sínu vaxinn. Yrði hann að ferðast allan þann tíma ársins, sem ull væri flutt út, því hann yrði að líta eftir allri ull, hvaðan sem væri af landinu, og það mundi hann geta einn saman.

Þeir tveir matsmenn, sem Bretar sendu hingað í fyrra, höfðu meira en nóg að gera, að líta eftir ull þeirri, sem út var flutt, og yrði yfirmatsmaðurinn að sjálfsögðu að hafa aðstoðarmann. Það kom í ljós í fyrrasumar, að ullarmatinu var ákaflega áfátt sumstaðar. Var leitt til þess að vita, að sumt, sem talið var í 1. flokki upphaflega, varð ekki nema með því lakara í 2. flokki. Og þó voru ekki svo fá dæmi til slíks. En jeg held, að með því að skerpa betur eftirlitið með þessum fjórum matsmönnum (S. S.: Hver gerir það?), þá gæti ullarmatinu mikið farið fram. Í byrjun var einn maður settur yfir hina fjóra, og fór hann um landið til að líta eftir matinu. Það var Sigurgeir Einarsson. En hann vann bæði of stutt árlega og ekki nema 2 ár í alt, svo hann kom ekki á nægu samræmi í matinu.

Nefndin ætti að athuga, hvort þessir fjórir menn gætu ekki á einhvern hátt haft sambönd þannig hvor við annan, að þeir gætu borið sig saman og lagt sameiginlegan grundvöll undir matið, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu um kjötmat.

Jeg held, að till. meiri hl. um merkin sje góð, og geri ráð fyrir, að þau gætu orðið til að auka samkepni á milli yfirskoðunarmanna og hjeraða.

Kaupmenn, t. d. í Ameríku, hafa nú síðan matið kom furðað sig á því, hve t. d. ull nr. 1 er misjöfn eftir því, úr hvaða landshluta hún er, og talið vörurnar svo misjafna, að ekki væri óhætt að reiða sig á vörumerkið: Ísland No. 1. Flokkunin yrði áreiðanlega betri og ábyggilegri, ef merki væru fyrir hverri fjóðung. Á þann hátt gæti knúðst fram, að kaupmenn færu að gera greinarmun á sunnlenskri ull og norðlenskri, eins og áður var venja, eftir því, sem gæðamunur reynist. Og merkið knýr áreiðanlega fram eðlilegan greinarmun. **(H. K.:** Engum hefir dottið þetta í hug með fiskinn). Jú, spánverskir fiskikaupmenn taka mikið tillit til þess, hvaðan af landinu fiskurinn er. Þeir

eru orðnir svo kunnugir hjer, að þeir vita, hvaðan fiskurinn er bestur og hvaðan verstur.

Mjer finst verulegt atriði frv. standa óbreytt, þó að brtt. meiri hl. verði samþ. En eitt vil jeg benda hv. meiri hl. á. Borgunin fyrir ullarmatið er alt of lág. Hana verður að hækka. Jeg álít, að matsmenn verði að hafa sæmilegt kaup, meðan þeir eru á ferðalögum, og þeir verða að ferðast mikið, þótt á einstaka stað megi trúa undirmatsmönnunum. En þá verður að borga þeim dagpeninga auk ferðakostnaðar, sem því svarar, hvað meira kostar að halda sig á ferðalagi en heima hjá sjer.

Gísli Sveinsson: Jeg skal þegar lýsa yfir því, að jeg sje ekki annað en að svo sje komið hjer málum, að hv. flm. þessa frv. geti með engu móti fylgt meiri hl. landbúnaðarnefndar, því að jeg sje ekki, hvað eftir stendur af frv., ef brtt. hans ná fram að ganga. Þá er eins gott að láta ullarmatslögin, sem nú gilda, standa óbreytt. Enda er skemst frá að segja, að jeg er hvorugu hlyntur, hvorki frv. nje brtt. meiri hl., en vil láta ullarmatslögin gilda enn um hríð, eins og þau eru, og láta ganga úr skugga um það, hvort ekki má herða á eftirlitinu. Landsstjórnin hefir þegar sent út áminningu um, að vandað sje ullarmatið betur en verið hefir, og má vænta einhvers árangurs af því. — Að hinu leytinu er jeg hv. meiri hl. samdóma um, að ekki sje heppilegt að setja einn yfirmatsmann í landinu, í staðinn fyrir fjóra. Er því talið til gildis, að meira samræmi mundi verða í matinu, ef maðurinn er einn. Fljótt á litið kann að virðast svo, en þá er líka mikið komið undir þessum eina manni. En ef sá maður — sem sennilega yrði valinn úr hóp yfirmatsmanna núverandi, — yrði ekki sem bestur, hvar situr maður þá með samræmið?

Meiningin ætti að vera að ganga svo frá þessu mati, að það yrði sem best. Mjer sýnast rök hv. þm. S.-Þ. (P. J.) fullframbærileg, sem sje þau, að þessir matsmenn geti kynt sjer aðferðir hvers annars, staðið í sambandi hver við annan, ferðast á milli, ef svo ber undir, og borið sig saman. Þeim ætti þá að vera vanda- og vansalaust að koma sjer saman um mat og matsaðferðir, og væri þetta vegur til samræmis. En sú leiðin er á engan hátt einhlít, að fela þetta alt einum manni.

En jeg vildi benda á, að þegar rætt er um samræmi, þá verður að líta lengra, líta dýpra og aðgæta, hvort ekki sje hægt að láta samræmið ná til fleiri vöru- eða afurðategunda. Og vil jeg þá fyrst og fremst nefna kjöt. Þar er víst og ætlast til samræmis, en þó eru fimm menn, sem hafa þar yfirumsjón. (**H. K.:** Þar stendur öðruvísi á). Mjer virðist einmitt, að mjög sje líkt á komið. Eitt er að minsta kosti mjög skylt, og það er, að kjötið er misjafnt að gæðum í hinum einstöku hjeruðum. Þar fer eins og um ullina, að hún hefir eðlisgalla eða eðliskosti fram yfir það, sem er í öðrum hjeruðum. Þar er ekki verkun til að dreifa, heldur, eins og hv. 1. þm. Árn. (S. S.) rjettilega benti á, fer það eftir veðráttu og landslagi, og ef til vill er um sjerstakt fjárkyn að ræða. En þarna ber eins að gæta, og það er, að fullkomið rjettlæti kemst ekki á, þótt farið sje eftir fjórðungum og þeim sett ákveðin merki. Bæði kjöt og ull geta verið misjöfn að eðlisgæðum innan fjórðunga og jafnvel inn-

an hjerað. En vitanlega nær það ekki neinni átt, að ætla að flokka eftir sýslum, hreppum, eða ef rjettast ætti að vera, þá jafnvel eftir bæjum. Þetta ákvæði um fjórðungsmerkin nær því á engan hátt tilgangi sínum. Matinu verður heldur ekki kent um, því að bersýnilegt er, að hjer er eðli ullarinnar, sem skilur á milli.

Ef löggjöf eins og þessi er athuguð og reynt að hafa í henni samræmi, þá verður ekki sjeð, hvers vegna hjer á að gera upp á milli. Eðli löggjafarinnar um þetta efni, grundvöllurinn, sem hún byggist á, er að koma á jöfnuði og samræmi. Þá verður manni að spyrja, hvers vegna þeir, sem betur eru settir, eigi líka að njóta betri kjara á markaðinum? Með því er brotin grundvallarreglan, og þó að það sje skiljanlegt, að einstaka hjeruð, sem standa betur að vígi, vilji pota sjer út úr, þá getur þingið, sem á að líta á málið í heild, ekki tekið það til greina. Mjer skilst, að þetta kapp stafi aðallega frá Norðlendingum, og þá sjerstaklega Þingeyingum, sem þykjast vera sjerlega vel stæðir í þessu efni. En meiningin er sú með ullarmatinu, að láta eitt yfir alla ganga, hvar sem þeir búa á landinu, og þess vegna hlýt jeg að vera þessari skiftingu mótfallinn.

Hvort sem matsmennirnir verða fleiri eða færri, þá geta menn líklega orðið sammála um það, að starfið sje mikilsvert. Það nær því ekki neinni átt að ætla að borga þeim með 400 kr. Þótt umdæmi þeirra sje ekki nema fjórðungur, þá geta þeir ekki eytt tíma sínum, og það einna dýrmætasta tíma ársins, fyrir einar 400 kr., því auk þess þurfa þeir undirbúning undir starf sitt, og það verður að launa þeim betur, ef ætlast er til, að þeir ræki starf sitt nokkuð í áttina til þess, sem vera ætti. — Hvað eru 400 kr.? Það eru 100 kr. rúmar fyrir stríðið. Það þýðir ekki lengur að tala um það sem sömu upphæð; gildið er alt annað.

Að lokum vildi jeg beina þeirri spurningu til meiri hl., hvort ætlast sje til, að yfirmatsmennirnir eigi að ferðast um árlega. Í brtt. á þgskj. 379 er þessu látið ósvarað, og gætu þeir þá meira að segja látið sjer nægja að fara 3. hvert ár. Bótin verður þá ekki mikil. Jeg vil, að svo sje frá þessu gengið, að yfirmatsmennirnir sjeu skyldaðir til þess að ferðast árlega um alt umdæmið, á hvern einasta stað, þaðan sem ull er flutt út. Þetta verður að vera tekið fram ótvírætt, svo að undan því verði ekki komist. Í samræmi við þetta verður vitanlega að launa þeim rækilega.

Þá vildi jeg spyrja meiri hl. að öðru, og það er, hvað gera eigi við þá staði, sem liggja á milli umdæma, eða milli hinna tilteknu endistöðva. Það virðist svo, sem þessir staðir sjeu settir út fyrir lögin, sjeu strykaðir út úr þjóðfjelaginu að þessu leyti. Lögin ákveða, að eitt umdæmið sje t. d. milli Víkur og Borgarness, og annað milli Hornafjarðar og Norðurlands. En hvar telst svæðið milli Víkur og Hornafjarðar? Þarna er þegar svæði, sem er matsmannslaust. Nú hafa risið þarna upp tveir staðir, sem flytja út ull, og hefir lent í bauki og basli, stappi og stímabraki að fá yfirullarmatsmennina til að skifta sjer af því. Þessu vil jeg skjóta fram til íhugunar. Það getur verið spursmál, hvort ekki sje rjettara að hafa takmörkin nákvæmari, miða þau heldur t. d. við landshluta en kaupstaði. Kauptún og ullartökustaðir rísa upp og breytast, og því ótrygt að miða við þá.

Yfirleitt er jeg mótfallinn öllum

breytingum á þessum lögum, en tel enn ekki fullreynt, að ekki megi takast að koma á samræmi, ef stjórnarvöldin reyna eitthvað til þess. Jeg tel þau lög, sem nú gilda, fullnægjandi, ef eftirlit er haft með, að þeim sje fylgt, en vanti eftirlitið og vanti framkvæmdina, þá skiftir líka minstu, hvernig lögin líta út á pappírnum.

Matthías Ólafsson: Jeg get ekki skilið þá staðhæfingu sumra hv. þm., að betra sje að fella frv. en að samþykkja það með brtt., sem fram eru komnar. Jeg fæ ekki annað sjeð en að bót sje að brtt. Það er að vísu ekki ætlast til eftir brtt., að haustull sje metin, en það þarf að meta hana, þarf að flokka hana, eins og hverja aðra vöru. Um það, hvort betra sje að hafa einn yfirmatsmann eða fleiri, held jeg, að ekki ætti að vera vafi. Jeg get skilið, að um það gætu verið skiftar skoðanir. Ef mennirnir eru fjórir, þá þarf hver ekki að þekkja nema sinn fjórðung. Hvað það snertir, að vilja láta flokka eftir fjórðungum, þá sje jeg ekki, að hjá því verði komist. Við verðum að láta útlendinga trúa því, að mat okkar sje einhvers virði. — Þeir segja nú sem svo, að svo lengi sem þeir sjái að eins ullina flokkaða í 1., 2., og 3. flokk, þá geti þeir gefið jafnt fyrir þá alla. Þeir vita ekki, hvaðan ullin er, en norðlensk ull í 2. flokki er jafngróð sunnlenskri ull í 1. flokki. Matið er einskis virði meðan ekki er flokkað eftir fjórðungum. —

Þá talaði hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) um, að hjer ætti jöfnuður að ráða. Jeg ætlaði varla að trúa mínum eigin eyrum. Hvernig getur hv. þm. (G. Sv.) haldið því fram, að vörur, sem eru misjafnar að gæðum, eigi að seljast sama verði? Það er ekkert annað en svik við kaupandann, ekki annað en blekking, að selja verri vöruna sem þá betri. Það er sama, hvort varan er ljeleg vegna illrar meðferðar eða af náttúrunnar völdum; ljeleg vara verður ekki eins góð og góð vara með lagaboði, og að selja þær jafnt er ekkert annað en blekking. Menn kunna að nefna fiskinn í þessu sambandi. Hann er ekki flokkaður eftir landshlutum, en þó er það á allra vitorði, að hann er misgóður; t. d. er enginn fiskur jafngóður og vestfirskur. En kaupendurnir þekkja þetta; þeir vita, hvaða fiskur er frá Vestfjörðum, og borga hann hærra. Það er ekki hægt að blekkja þá. Þrátt fyrir alt, sem gert hefir verið til að bæta verkun á sunnlenskum fiski, þá hefir ekki tekist að gera hann eins góðan. Það er ekki mönnunum að kenna; fiskurinn er verri í raun og veru, og eins er sennilega ástatt um ullina. Það er þess vegna nauðsynlegt að flokka hana eftir gæðum. Jeg segi ekki, að takmörkin, sem hjer eru tilgreind, sjeu rjett eða nákvæm. Takmörkin verða vitanlega að setjast af sjerfræðingum; en þó held jeg, að þessi skifting í fjórðunga sje betri en ekki.

Frsm. meiri hl. (Stefán Stefánsson): Jeg get verið hv. þm. S.-Þ. (P. J.) og hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) þakklátur fyrir undirtektir þeirra með brtt. meiri hl. og þær upplýsingar, sem þeir gáfu. — Báðir þessir menn hafa lagt fyrir sig verslun, og þar af leiðandi kynst þeim kröfum, sem gerðar eru á erlendum markaði; ætti því álit þeirra að vera að einhverju metið í þessu máli. Hjer í deildinni eru sennilega engir, sem geta talað um það af jafnmikilli reynslu.

Þá vík jeg mjer að hv. 1. þm. Árn.

(S. S.). Hann sagði, að ekki væri ætlast til, að ullarmatsmenn ferðuðust um árlega. Í 8. gr. laganna, sem um þetta hljóðar, verður ekki annað sjeð, en þar sje beint til þess ætlast, og ef matsmennirnir láta undir höfuð leggjast að ferðast árlega yfir umdæmi sín, þá brjóta þeir að minsta kosti algerlega í bága við anda laganna. Jeg verð að telja það vanrækslu í starfi þeirra, ef þeir ferðast ekki yfir alt umræmi sitt á hverju ári og komi á hvern ullarútflutningsstað. — Þetta er óneitanlega skylda þeirra, og stjórnarinnar að skerast í leikinn, ef þeir fullnægja henni ekki. Annars furðar mig ekki á þeirri breytingu hv. 1. þm. Árn. (S. S.) á lögunum, að hafa einn yfirmatsmann, þegar gengið er út frá, að ekki þurfi nánara eftirlit en þriðja hvert ár. En þetta má ekki eiga sjer stað. Yfirmatsmenn verða að koma árlega á útflutningsstaðina, og jeg veit það um matsmann okkar Norðlendinga, að hann fer árlega yfir umdæmið, enda heyrist engin óánægja þar yfir matinu. Hjer kveður aftur við annan tón; hjer er víst óánægja talsverð, og hún er ef til vill tilefnið til þess, að þetta frv. er komið fram. En það stefnir ekki í rjetta átt að vilja setja einn mann til að gera það vel, sem fleiri hafa ekki leyst af hendi svo viðunandi þyki. Það væri meiri ástæða til að leita að betri mönnum í þessar stöður, mönnum, sem vildu og gætu rækt starf sitt vel og samviskusamlega. Þá sagði hv. 1. þm. Árn. (S. S.), að matsmenn ættu ekki að líta eftir eðlisgæðum ullarinnar, heldur að eins eftir verkun. Jeg held, að öllum ætti að vera ljóst, að verðmæti vöru fer ekki eingöngu eftir verkun og meðferð hennar, heldur líka eftir gæðum í raun og veru. Hvernig væri t. d. hægt að selja haustull sem nr. 1, þótt hún væri vel verkuð? Nei, það verður að taka hvorttveggja til greina, því af gæðunum, jafnframt góðri verkun, hlýtur það að leiða, að norðlenska ullin er í meira áliti en sunnlensk ull. Það eru gæði ullarinnar, sem þar ráða engu síður.

Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) talaði um, að ef matsmaðurinn væri einn, þá bæri hann meiri ábyrgð. En hvað nær sú ábyrgð langt? Hann á, eftir skoðun hv. þm. (S. S.), að meta misjafna ull sama flokksmerki, sje hún að eins jafnvel verkuð. Verður það til að auka á ábyrgðartilfinningu hans fyrir matinu? Jeg hygg ekki. Ef ullin er merkt eftir fjórðungum, sjest nánar, hvernig að þessu er unnið af hverjum yfirmatsmanni, og þá kemur nánari eða gleggri ábyrgð fram. Og hvernig er svo hægt að krefjast þess, að maður beri ábyrgð á ull, sem hann hefir aldrei skoðað? Það er vitanlegt, að einn maður kemst ekki yfir að líta sjálfur eftir allri ull landsins, og væri þess vegna í meira lagi ósanngjarnt að heimta ábyrgð af honum. En það er nauðsynlegt, að borin sje ábyrgð á starfinu, og þess vegna þurfa matsmennirnir að vera fleiri, og þeim mögulegt að rækja það.

Háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) talaði um, að það vekti furðu á erlendum markaði, hvað ull nr. 1. væri msmunandi. Þetta er eðlilegt. Sunnlensk ull nr. 1 er ekki betri en þingeysk nr. 2. En samt er því haldið fram, að þetta sje sama varan að gæðum. Það er beinlínis villandi fyrir kaupendurna. Þeir fara auðvitað ekki einasta eftir verkuninni, heldur líka gæðum ullarinnar, og samkvæmt því ber matsmönnum að taka þetta hvorttveggja til greina við matið.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) talaði um, að það þyrfti að flokka haustull. Jeg

held, að það sje óþarfi. Hún hlýtur að vera svo lík að gæðum, hvaðan sem er af landinu, að vart mun hægt að gera upp á milli. Þar er þess að eins að gæta, að hún sje þur, hvernig lit, hvort hún er sæmilega hrein, eða blóðskorpur og annar óþverri sje í henni. Matsmennirnir verða að sjá um, að ekki flytjist út nema þur og hrein haustull, og þá er því mati, að jeg hygg, algerlega fullnægt.

Jeg held, sem sagt, að flokkun á haustull sje talsvert vafasöm. Þó skal jeg ekkert um það fullyrða. Það mætti athuga til 3. umr. málsins, því allar þær brtt., sem kunna að miða til bóta frv., er nefndin fús á að taka til greina.

Pjetur Ottesen: Þegar þetta frv. fyrst kom fram, þá var jeg strax þeirrar skoðunar, að í rjetta átt væri stefnt, með því að setja einn yfirmatsmann yfir alt landið. Jeg áleit, að með því væri trygt, að meira samræmi kæmist á í ullarmati en reynslan hefir sýnt, að nú á sjer stað. En hitt aftur á móti, að þessi yfirmatsmaður kæmi að eins 3. hvert ár, eins og gert var ráð fyrir í frv., á þá staði, þar sem ullarmat fer fram, það álít jeg að væri ekki fullnægjandi trygging. En er jeg hafði hugsað betur þetta atriði, þá þóttist jeg sjá, að hann gæti oftar komið á ullarútflutningsstaðina en gert er ráð fyrir í frv. Jeg hefði jafnvel getað búist við, að hann gæti komið einu sinni á ári á flesta staðina. Jeg hefi hugsað mjer þetta þannig, að hann ferðaðist kringum landið í maímánuði, og hefði með sjer sýnishorn af ull, og að hann í þeirri ferð ætti tal við ullarmatsmenn úti um landið og leiðbeindi þeim. Svo færi hann aftur hringferð um ullartökutímann. Miðað við samgöngur eins og þær eru nú gæti hann komið á flesta ullartökustaðina á þann hátt, og þeim mun auðveldara væri þetta, er betur greiddist úr samgöngunum. Jeg verð því að líta svo á, að ekki sje mikið gerandi úr þeirri mótbáru, að yfirmatsmaðurinn geti ekki látið til sín taka, af því hann geti ekki ferðast nægilega um landið.

Það er að sjálfsögðu rjett, að ull er talsvert mismunandi að gæðum víðs vegar af landinu. En þetta er einmitt mjög misjafnt innan hvers sýslufjelags, þó ekki sje lengra farið. Þess vegna nær það engri átt, eins og meiri hl. nefndarinnar ætlast til, að ullin sje flokkuð eftir landsfjórðungum, í fyrsta lagi af því, að skiftingin er af handahófi, og svo er ekkert samræmi í ullargæðum í hverjum landsfjórðungi. Þó að norðlensk ull hafi á sjer betra álit og sje í hærra verði á markaðinum en önnur ull, þá er hún vafalaust misjöfn að gæðum líka. Það mun aðallega vera þingeyska ullin, sem komið hefir þessu orði á norðlensku ullina. Jeg hygg t. d., að ekki geti verið mikill munur á ull úr Húnavatnssýslu og úr dölunum í ofanverðri Borgarfjarðarsýslu. Fjárkynið er hið sama í báðum þessum landshlutum, og önnur skilyrði mjög svipuð, og ullin þar af leiðandi mjög lík. Enda hefir áður fyr verið flutt ull úr Borgarfirði norður á Borðeyri til útflutnings þaðan, og ekki orðið til að rýra álit norðlensku ullarinnar, að jeg held. Það er því mín skoðun, að það geti orðið gott samræmi í ullarmatinu, ef að er farið eins og ætlast er til í þessu frv. En að ætla sjer að fara að gera upp á milli, eins og meiri hl. nefndarinnar vill í brtt. sínum, nær engri átt. Jeg hefi átt tal um þetta við þann mann, sem fyrstur gerði

tilraun til að bæta ullarverkunina nokkuð alment og kynnast erlendis, hvaða kröfur ullarverksmiðjurnar gerðu til verkunar á ullinni. Það er Sigurg. Einarsson. Hann hefir, eins og kunnugt er, ferðast til Ameríku og kynt sjer ullarmarkað þar, og auk þess starfað að ullarmati hjer innanlands um nokkur ár. Hann leggur mikið upp úr, að málinu sje komið í rjett horf, og telur einu leiðina til að koma samræmi á, að einn maður hafi á hendi yfirumsjón alls ullarmatsins, er leiðbeini síðan hinum matsmönnunum með flokkun á ullinni. En eins og þetta er framkvæmt nú, þá eru matsmennirnir 4, enda hefir það alls ekki komið að tilætluðum notum. Þetta hefir valdið hinum mesta glundroða á matinu, þannig að sín aðferðin hefir verið notuð á hverjum staðnum. Af því hefir aftur leitt, að kaupendum erlendis hefir ekki fundist þetta næg trygging, og keypt ullina þannig, að þeir hafa jafnvel borgað 30—35% lægra fyrir ullina, af því þeir teljast ekki hafa nægа tryggingu fyrir því, að ullin sje sú vara, sem vottorðin segja að hún sje. Af þessu geta menn nú sjeð, hvers virði ábyggilegt og samfelt mat á ullinni er.

Mjer þótti vænt um að heyra, að hv. þm. S.-Þ. (P. J.) var þeirrar skoðunar, að það mundi mest trygging í því, hvað það snerti að fá gott samræmi í matið, að hafa einn yfirmatsmann fyrir alt landið.

Þá hefir því verið haldið fram, að það að merkja ullina eftir landsfjórðungum mundi skapa samkepni milli landsfjórðunga í matinu. Jeg legg ekki mikið upp úr því. Jeg held fastlega, að hitt fyrirkomulagið sje miklu hyggilegra, að hafa einn yfirmatsmann fyrir alt landið, mann, sem hafi áhuga á starfinu og sje fær um að glæða áhuga undirmanna sinna á þessu starfi og gera þeim ljóst, hve mikla þýðingu það hefir að gæta vandvirkni í þessu starfi.

Þá talaði hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) og hallaðist að því, að þessi greining á ullinni væri æskileg, því þá vissu kaupendur altaf, hvaðan ullin væri. En kaupendur vita þó altaf um seljanda og frá hvaða stað ullin er flutt út; það sýna matsvottorðin. Jeg held, að þetta ætti að geta verið alveg eins með ullina og fiskinn, sem hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) mintist á; ekki er hann flokkaður eða merktur eftir því, hvaðan hann er fluttur út af landinu. Það er alveg vist, að þessi flokkunaraðferð eftir landsfjórðungum er engan veginn nauðsynleg, heldur þvert á móti hið gagnstæða, að samkepni nýtur sín engu síður, þó að sú aðferð sje ekki viðhöfð. (M. Ó.: Ullin er mest flutt út frá Rvík, þótt hún sje ekki úr nærliggjandi hjeruðum). Þó ullin hafi verið flutt út frá Reykjavík á stríðsárunum úr öðrum landsfjórðungum, þá liggja til þess alveg sjerstakar ástæður. Á venjulegum tímum mundi hún verða tekin á skip í hverju umdæmi fyrir sig.

Það er alveg rjett, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) tók fram, að það er engin sönnun fyrir því, að öll ull úr einhverri sýslu sje söm að gæðum. Hún getur einmitt verið gagnólík. Jeg verð því að mæla eindregið móti þessari brtt. meiri hl. nefndarinnar. En jeg vil, ef frv. verður samþ., gera yfirmatsmanni að skyldu að koma á sem flesta ullartökustaði árlega, en þessu má breyta við 3. umr., ef til kemur.

Hákon Kristófersson: Það er nú komið á daginn, að þetta frv. okkar hefir ekki fundið náð fyrir augum hv. meiri

hl. landbúnaðarnefndar, eins og líka brtt. á þgskj. 379 ber með sjer. Áður en við gengum frá þessu frv. fyrir fult og alt bárum við okkur saman við þá menn, er við töldum hafa mesta þekkingu til að bera í þessu máli, og á jeg þar einkum við Sigurgeir Einarsson. Hann er manna kunnugastur verkun og meðferði allri á ull, eins og hv. þm. Borgf. (P. O.) tók fram. Og jeg hygg, að hann standi ekki að baki hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) og háttv. þm. S.-Þ. (P. J.). Þó skal jeg geta þess um þann seinni, að hann hefir haft mikil afskifti af þessu máli, og ber því gott skyn á það

Við flm. höfðum því búist við, að þetta frv., eins og það lá fyrir, mundi fá betri undirtektir hjá nefndinni en nú er raun á orðin. Það sem virðist vekja mesta mótspyrnu er breytingin á yfirmatsmönnunum. Við gerðum ráð fyrir í frv., að hann væri að eins einn, og var það álit þeirra manna, er við bárum okkur saman við, að það mundi heppilegast.

Hv. frsm. meiri hl. nefndarinnar (St. St.) talaði móti þessu og færði ýms rök fyrir þeirri skoðun, sem nefndin heldur fram. Jeg skal nú ekki fara að vefengja það, sem hann sagði. En ómögulega get jeg sannfærst af andmælum hans, því mjer virtist þau lík því, er menn halda fram þegar þeir verja ekki satt mál. Hann færði þau rök móti þessu meðal annars, að ekki væri hægt að ætlast til, að þessi eini maður gæti verið á öllum stöðum sama árið. Það var heldur ekki ákveðið af okkur, eða í það minsta ekki slegið föstu, en við gengum þó út frá, að svo mætti verða. En Sigurgeir Einarsson ljet það álit sitt í ljós, að með bættum samgöngum mundi hann vafalaust geta komið nægilega oft á matsstaðina, eins og líka var skoðun hv. þm. Borgf. (P. O.). Enda sje jeg ekki, að brýn nauðsyn sje á, að hann komi á hvern stað árlega. Hann getur haft með sjer sýnishorn af ull, þegar hann kemur þangað, og sýnt ullarmatsmönnunum, og auk þess sagt þeim fyrir um alla meðferð á ullinni. Ef það eru samviskusamir menn og áreiðanlegir, eins og gera má ráð fyrir að þessir sjeu, geri jeg ráð fyrir, að þeir hagi sjer þar eftir. Enn fremur sagði háttv. frsm. (St. St.), að engin sönnun væri fengin fyrir því, að þessi eini maður rækti starf sitt betur en þeir fjórir. sem verið hafa. Það hefir ekki verið minst neitt á það af okkur flm. En jeg býst satt að segja við, að það sje æði misjafnt. Að öllu samanlögðu verð jeg að telja meiri líkur fyrir því, að maður, sem gefur sig við þessu sem aðalstarfi og fæst við það alt sumarið, hann hafi betri skilyrði til að gegna því á sómasamlegan hátt en hinir, sem hljóta að hafa það að eins í hjáverkum. Þó frsm. (St. St.) kunni að hafa nefnt einn góðan mann, þá sannar það út af fyrir sig ekkert um hina. Það getur verið undantekning. Því er þó engan veginn slegið föstu af mjer, að allir þeir menn, er starfið hafa haft á hendi, hafi eftir atvikum ekki rækt það sómasamlega, sjerstaklega er þess er gætt, hve starfið er illa launað. Enn fremur mintist hv. frsm. (St. St.) á, og vildi mæla þeirri skoðun nefndarinnar bót, að ullina bæri að flokka eftir fjórðungum. Og í sama strenginn tóku þeir hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) og hv. þm. S.-Þ. (P. J.). Jeg skal játa, að jeg legg talsvert upp úr áliti beggja hv. þm. Þó mun nú svo vera um hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), að hann mun aðallega hafa sjeð lakari tegundir af ull á Vestfjörðum. En einmitt þetta, að ullin er misjöfn hjer innanlands,

sannar það best, að þörf er á einum yfirmatsmanni, til að koma samræmi á um alt land. Jeg skal leyfa mjer að benda á, að jeg efast um, að þessi svo kallaða norðlenska ull sje nokkru betri heldur en til dæmis úr Strandasýslu og austurhluta Barðastrandarsýslu. Ef nú þessi tilhögun kemst á, sem nefndin vill, þá fellur ull úr Strandasýslu og Barðastrandarsýslu undir vestfirsku ullina, sem vitanlega mun lítið eða ekki vera lakari en norðlensk ull, þótt hún hafi fengið meira álit á sig, bæði hefir á sjer lakara orð, og er enda ekki eins góð í sumum hjeruðum. Þess er heldur ekki að vænta, þar sem fje lifir þar að miklu leyti á útigangi. Þar af leiðir, að ullin verður þynnri og óálitlegri, auk þess sem miður er vandað til hennar á sumum stöðum, ef til vill, en þar, sem vöndun og önnur skilyrði eru í besta lagi. Þetta yrði því skaði fyrir þessa ull úr þessum tveim sýslum, er jeg nefndi, og sennilega víðar, t. d. hjer sunnanlands. — Jeg býst við, að ef einn væri yfirullarmatsmaður, þó ætti hann hægt með, sökum kunnugleika síns á staðháttum víða um landið, að segja fyrir um, hvernig ullarverkun væri komið í best horf, og að koma á sem bestu samræmi. Þetta væri mikið verra viðureignar, ef þeir væru fjórir, eins og hver getur sjeð. T. d. mundi ullarmatsmaður í Sunnlendingafjórðungi sennilega telja bestu ullina þar nr. 1, þrátt fyrir að hún væri ef til vill ekki betri en nr. 2 annarsstaðar. Aftur á móti gæti sá maður, sem alstaðar þekti til staðhátta, sagt fyrir um, hvað bæri að varast og hvers bæri að gæta, til að koma sem bestu samræmi á milli landsfjórðunganna.

Hv. frsm. (St. St.) gat um það í ræðu sinni, að þetta frv. mundi sennilega fram komið af því, að við flutningsm. værum óánægðir með ullarmatsmennina. Jeg gæti með jafnmiklum rjetti sagt, að hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) væri á móti frv. af því, að hann teldi, að einhver skjólstæðingur hans misti einhvers í ef það yrði að lögum. (E. A.: Það segja sumir, að svo sje). Um það vil jeg ekkert fullyrða. Jeg vil, að gefnu tilefni, lýsa því yfir, að mjer hefir aldrei komið til hugar, að þetta væri endilega ætlað sjerstökum manni. Jeg skal viðurkenna, að við höfðum augastað á ágætum og færum manni í alla staði, þar sem er Sigurgeir Einarsson ullarmatsmaður. En er jeg spurði hann, hvort hann mundi fást til að taka að sjer slíka stöðu, aftók hann það með öllu og sagði það ekki koma til mála. (E. A.: Fyrir 400 kr.). Jafnskýr maður og hv. 2. þm. Árn. (E. A.) er ætti að vera það kunnugur bæði sjálfum sjer og mjer, að hann vissi, að við erum ekki vanir að skera við neglur okkar. Við erum örlátari en svo, að við ljetum kauphæðina bera á milli. Hvað snertir það atriði, að ein ástæðan á móti frv. sje sú, að ekki sje völ á hæfum manni í svo vandasama stöðu, þá skal jeg játa, að hjer er nokkur vandi á. Það þyrfti að vera maður, sem hefði kynt sjer ullarmarkað bæði erlendis og hjer heima. En á hinn bóginn finst mjer það vera hreinasta þrotalýsing á þjóð okkar, ef við höfum ekki á að skipa mönnum í þessa sem aðrar trúnaðarstöður. — Háttv. þm. V.-Sk (G. Sv.), sem talaði kröftuglega og allítarlega um málið, taldi það vera hvatvíslega fram borið. Þessi dómur þm. (G. Sv.) er, eins og fleiri úr þeirri átt, alger sleggjudómur. Jeg skal kannast við, að undirbúningi málsins kunni að hafa verið ábóta-

vant í einhverju, en þó átti jeg aldrei von á, að önnur eins brtt. eins og sú á þgskj. 379 mundi koma fram við frv. Jeg lít á hana sömu augum og hv. meðflutningsm. minn. (E. A.: Ekki sömu augum). Eftir því, sem það er venjulega skilið, þá hygg jeg það enga málvillu, þó að jeg viðhefði þetta orð. — Annars finn jeg ástæðu til að segja það, að hv. 2. þm. Árn. (E. A.) væri sæmra að sitja í sæti sínu og gera þaðan þær athugasemdir, er honum þætti við eiga, heldur en ganga um gólf í deildinni, kastandi fram útúrsnúningum og hártogunum á orðum minum og annara. Jeg vona, að hæstv. forseti sje ekki að hingja, þótt jeg segði þessi maklegu orð.

Að ullarmatsmennirnir ferðist hver til annars og beri ráð sín saman, væri að vísu gott, en jeg hefi litla von um, að þeir gerðu það. Skyldu þeir ekki miklu heldur hokra hver í sínu horni og fara að sínum eigin ráðum.

Það er heldur ekki hægt að ætlast til þess, að þeir geri nema það minsta, sem þeir álíta sig geta komist af með, fyrir þau laun, er þeir nú hafa.

Ef hv. deild vill ekki samþykkja frv. óbreytt, eða lítið breytt, þá verð jeg að hallast að þeirri skoðun, sem fram hefir komið hjá sumum hv. þm., að best sje að fella alt saman, bæði frv. og brtt.

Jeg hefði þó ekkert á móti því, að 1. gr. frv. væri breytt dálítið, þannig, að skýrt kæmi fram meining hennar, sem er sú, að enginn ullarsölustaður megi undan falla, þannig, að ullarmatsmaður hafi ekki komið þar einhvern tíma á 3 árum. En þar með er ekki sagt, að hann megi ekki koma þar oftar. Miklu fremur er sjálfsagt að gera ráð fyrir, að svo eigi að vera.

Flokkunina eftir fjórðungum álít jeg verða mundu til ills eins, og lýsir hún smásálarskap þeirra, sem að henni standa. Hvers vegna var ekki samskonar till. flutt þegar sett voru lögin um mat á saltfiski? Hvers vegna var vestfirskur saltfiskur ekki látinn ganga undir sjerstöku merki? Þess eru þó dæmi, að annar fiskur hefir verið sendur út undir því yfirskyni, að hann væri vestfirskur. Þess munu líka dæmi, að vestfirsk ull sje send til Akureyrar og seld þar sem norðlensk ull. Hvorttveggja getur vel komið fyrir, meðan varan er mismunandi að gæðum.

En það er vaxandi áhugi fyrir vöndun vörunnar, sem á að koma því til leiðar, að þessi mismunur hverfi, og jeg efast ekki um, að svo muni fara áður en langt um líður. En þótt einhver njóti góðs af öðrum fjórðungi landsins, það tel jeg frekar gott en hitt, og jeg get ekki sjeð, að löggjafarvaldið hafi neina ástæðu til að stemma stigu fyrir því.

Bjarni Jónsson: Það eru til bæði sannar sögur, þjóðsögur og skröksögur. Það er sönn saga, sem hv. flm. frv. hafa að segja, að hv. nefnd hafi skemt frumv. Það er þjóðsaga, að norðlensk ull sje betri en vestfirsk ull, en þegar hv. þm. segja, að sú þjóðsaga sje sönn, þá er það skröksaga.

En það þykir mjer undarlegt, þegar 1 yfirmatsmann á að skipa um alt land, að finna þá um leið upp á þessum fjórðungsmerkjum. Þessi eining mun þó til þess gerð, að ullin verði flokkuð eftir gæðum, en ekki eftir því, hvar hún hefir vaxið á kindunum. Ef svo er ekki, getur hver metið eftir því, sem honum sýnist, heima í sínu hjeraði.

Jeg get þess til, að fleiri sjeu svo skapi farnir en jeg, að þeir vilji ekki,

að Alþingi gefi út lög, er mæli svo fyrir, að ull í einhverju hjeraði, t. d. Dalasýslu, sje verri en annarsstaðar, og það því fremur, sem þetta á að gera rannsóknarlaust og vitlaust út í loftið.

Nú er engin sönnun fyrir því, að ullin sje betri á Norðurlandi en t. d. í Dalasýslu.

Jeg man eftir annari þjóðsögu, sem mjer var sögð, þegar jeg var drengur. Hún var svo, að hvergi væri vænna fje en í Þingeyjarsýslu. En þegar fjárspekingur einn ferðaðist um landið og rannsakaði þetta mál, komst hann að þeirri niðurstöðu, að hvergi væri eins vænt fje og í Laxárdal í Dalasýslu.

Það er því að eins þjóðtrú, að ullin sje betri í einum fjórðungi en öðrum, og kann sú trú að hafa orðið til af því, að varan hefir um tíma selst betur. En það er engin sönnun fyrir því, að varan sje betri í eðli sínu. Að eins mikil líkindi fyrir því, að hún sje betur verkuð. En nú á ullarmatið einmitt að verða til þess, að samræmi komist á og öll ullin verði jafnvel verkuð.

Ef búspekingarnir þarna hinum megin mættu vera að því að hlusta á mál mitt, þá vildi jeg minna þá á, að einu sinni var það sagt, að Bíldudalsfiskur væri betri en íslenskur fiskur. (S. St.: Það er nú langt síðan). Það er þó ekki svo langt, að drenghnokkinn, sem þarna situr, muni það ekki.

Matthías Ólafsson: Mín skoðun fellur víst ekki vel í geð hv. þm. Dala. (B. J.), sem segir, að öll ull sje jafngóð, og það sje því skröksaga ein, að norðlensk ull sje betri en önnur ull hjer. En hvað sem hann álítur um það mál, þá mun sú skoðun haldast framvegis hjá þeim, sem ullina kaupa, enda er það sannleikur, að hún er í eðli sínu bæði þelmeiri og betri. Og jeg geri ráð fyrir, að ullarkaupendur hafi meira vit á þessu en hv. þm. Dala. (B. J.). (B. J.: Það veit hv. þm. (M. Ó.) ekkert um. Hann hefir sjálfur ekkert vit á ull, frekar en á fiski).

Jeg verð að segja það, að mjer er ekki alveg sama, hvernig bændur fara með vöru sína; sjerstaklega er það mikils vert landsins vegna, að vel sje til hennar vandað.

Nú mundi svo fara, að ef 1 yfirmatsmaður væri um land alt, þá yrði hann að skipa bestu ullina úr sumum hjeruðunum í 2. flokk, ef hún væri verri að gæðum en annarsstaðar, þó aldrei nema hún væri eins vel verkuð. Því mundi verða kunnað mjög illa.

En væri ullin aftur á móti flokkuð í hverjum fjórðungi fyrir sig í 1., 2. og 3. flokk, þá mundi verða norðlensk ull nr. 1, vestfirsk ull nr. 1, o. s. frv., og þá auðvitað norðlensk ull nr. 1 borguð hæstu verði.

Þá kæmi það ekki til, að við svo að segja svikum inn á markaðinn lakari vöruna með því að telja hana til þess flokksins, sem betri er í raun og veru.

En ef talað er um nr. 1 af íslenskri ull yfir höfuð, þá getur hún verið úr hvaða hjeraði sem er. En sú ull á auðvitað ekki saman nema að nafninu, þó að kaupandinn verði að ganga út frá því, að nr. 1 sje alt jafngild vara.

Jeg skal fúslega viðurkenna það, að ull úr mínu hjeraði getur alls ekki jafnast á við norðlenska ull, og mjer er engin þægð í, að hún komist í sama verð, meðan hún er ekki jafngóð. En jeg hefi von um, að hún gæti orðið það, sjerstaklega með því að bæta fjárkynið.

Jeg þori að fullyrða, að ull á Vesturlandi sje hvergi eins góð og ull á Norðurlandi. Það mun því ekki leiða neitt gott af því, að láta sama manninn meta ullina alstaðar á landinu.

Væri það samviskusamur maður, þá yrði hann að fara með bestu ullina sumstaðar niður úr 1. flokki, því að hitt væri rangt, að smeygja lakari vörunni undir þann flokkinn, sem bestur er, og með því móti mundi almenn vöruvöndun og gæði aldrei nást.

Hefði þeim ráðum verið beitt með fiskinn, mundi hafa illa farið og umbótin ekki eins fljótt komist á.

En nú er svo komið, að sunnlenskur fiskur er kominn næstum í sama verð og vestfirskur.

Þorleifur Jónsson: Mál þetta hefir nú verið mikið rætt, og skal jeg því ekki vera langorður.

Jeg vildi að eins taka það fram, að mjer er ekki kunnugt um það, að ullarmatslögin frá 1915 hafi reynst illa. Og hafi matið ekki náð tilgangi sínum, þá mun það ekki vera lögunum að kenna, heldur því, að illa hafi tekist að velja mennina.

Annars hefi jeg ekki heyrt neitt um það, að matið hafi tekist illa; að minsta kosti er engin óánægja yfir því í Austfirðingafjórðungi, þar sem jeg þekki til.

Aðalbreytingin, sem frv. fer fram á er sú, að skipaður verði einn yfirmatsmaður í stað fjögra. En ekki get jeg sjeð, hvaða bót væri í því.

Það hefir verið sagt, að það ætti að vera til þess að auka samræmið í matinu.

Það getur ef til vill hugsast, að svo yrði, en langan tíma mundi það taka fyrir einn mann að koma því samræmi á. Hann þarf langan tíma til að fara um alt landið og setja matsmenn inn í þá starfsemi þeirra.

En nú sje jeg ekki betur en yfirmatsmenn þeir, sem nú eru, gætu unnið að því sama, með því að bera starf sitt saman, þótt fjórir sjeu.

Þessi breyting er því að mínu áliti ekki til neinna bóta. Jeg held jafnvel, að hún gæti orðið til þess, að ósamræmi yrði meira eftir en áður.

Brtt. háttv. nefndar fara hjer þvert á móti, þar sem hún vill halda þessum fjórum mönnum.

Þá vill hún breyta þannig til, að sett verði sitt merkið á ullina fyrir hvern fjórðung. En það held jeg að hafi enga þýðingu. Jeg skil ekki, að ullin seljist betur fyrir það.

Kaupendunum er innan handar að vita, hvaðan af landinu ullin er, þar sem hún er altaf merkt kaupmannsmerki.

Það er líka næsta óeðlilegt að setja slík ákvæði inn í löggjöfina; svo mundi að minsta kosti þykja ef setja ætti slíkt inn í fiskimatslögin.

Jeg held því, að brtt. bæti ekki heldur.

Þá hefir verið talað mikið um það, að auk verkunar þurfi að taka ullargæðin til greina við matið. En þá fer matið að verða nokkuð flókið.

Gæðin eru mjög mismunandi. Þá þarf mann með sjerþekkingu til matsins. En mjer vitanlega hefir enginn Íslendingur sjerþekkingu á því, hvað útlendar ullarverksmiðjur heimta, hvað ullargæði snertir.

Það hefir verið sagt, að norðlensk ull sje best; en jeg hygg, að hún sje innbyrðis mjög misjöfn. Jeg tel það víst, að eyfirsk ull sje verri en þingeysk, en það atriði fer mjög eftir landslagi og ef til vill veðráttu.

Frá Möðrudal hefir verið flutt fje af

þingeysku kyni til Skaftafellssýslu, og hefir reynslan orðið sú, að holdafar hefir batnað, en aftur á móti virðist ull af því fje ekki betri en af skaftfellsku fje. Jeg held því, að vandasamt verði að eiga við ullargæðin, ef taka á tillit til þeirra við matið. Jeg sje því ekki, að frumv. nje brtt. geti orðið til neinna bóta, og ekki hafa umr. þessar heldur sýnt það, að þörf sje á að breyta lögunum.

Það gæti verið rjett að hækka kaup matsmanna, en að því er lítið gert bæði í frv. og brtt. nefndarinnar.

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um mál þetta.

Frsm. minni ml. (Sigurður Sigurðsson): Ullarmatsmál þetta hefir nú verið allrækilega rætt frá báðum hliðum. Og hjer virðist mega segja með öllum rjetti, að fullkomin vörn, ef ekki sókn, hafi verið af hendi þeirra, sem minni hl. fylgja að málum, og kann jeg þeim öllum þakkir fyrir það, sem þeir hafa lagt til málsins.

Af því að jeg stend einn uppi í minni hl. í nefndinni, vil jeg nú leyfa mjer að gera örlitlar athugasemdir við ræður nokkurra þeirra hv. þm., sem talað hafa.

Er þá fyrst á að minnast hv. þm. S.-Þ. (P. J.). Hann mælti með þessum fjórðungsmerkjum, en einhver skaut því að honum, að slíkt tíðkaðist þó ekki, þegar um saltfisk er að ræða.

Svaraði hann því til, að þess gerðist ekki þörf, þar sem vestfirskur fiskur væri alment viðurkendur bestur og því tekinn fram yfir annan. En nú vil jeg benda hv. þm. á það, að því hefir verið haldið fram, að þingeysk ull væri betri en önnur ull hjer.

Eins og kunnugt er, sendu þingeyingar Kristján heitinn Jónasson utan til að kynna sjer ullarverkun, og hafa þeir síðan lagt talsvert kapp á að vanda verkun ullarinnar.

Það mætti því segja, að þingeyska ullin að þessu leyti samsvaraði vestfirska fiskinum. Það ætti því ekki að þurfa nein fjórðungsmerki til þess að halda henni, eða norðlenskri ull, uppi. Hún lifir á sínum gamla orðstír, nema ef svo skyldi vera, að verkun hennar væri að hrapa. En það gefur að skilja, að ull, sem er betri en alment gerist, hún ryður sjer til rúms á markaðinum af sjálfu sjer.

Þá er hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Jeg er honum samdóma um það, að ekki þýði að samþ. brtt., heldur væri nær að fella alt saman, því brtt. miða að því, að gera frv. sem líkast lögunum um ullarmat, að efni og formi, að því einu undan skildu, að þær spilla lögunum að nokkru. Á jeg þar aðallega við fjórðungsmerkin.

Þá tók hv. þm. (G. Sv.) til samanburðar við þetta lögin um mat á saltkjöti. Þar eru matsmenn fimm. — En hjer er alt öðru máli að gegna. Kjöt er altaf kjöt. Það er að vísu misfeitt og vöðvarnir misþykkir. En það verður aldrei eins misjöfn vara að öðru leyti eins og ullin. Kemur það helst fram í því, að hún hefir oft ýmsa aðfengna galla. Hún getur verið sendin og leirug, eða þá skógdregin og flókin. En alt eru þetta aðfengnir gallar, sem vitanlega spilla ullinni og gera hana verri en ella.

Ullarmatið verður því í raun og veru margbrotnara og flóknara en mat á kjöti, og til þess að fá samræmi í það er nauðsynlegt, að skipaður sje til þess að eins einn hæfur maður.

Þá talaði háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.)

bæði margt og mikið. — Virtist hann hneykslast á þeim orðum mínum, að matið ætti aðallega að vera mat á verkun ullarinnar. En í raun og veru er það þó svo, bæði samkvæmt orðum og anda ullarmatslaganna og eðli málsins.

Hann vill, að mest áhersla sje lögð á eðlisgæði hennar, og vill hann, að sú ull verði í fyrsta flokki, sem best er á öllu landinu. En það mælir einmitt sterklega með þessu ákvæði í frv., að einn yfirmatsmaður sje fyrir land alt. Hann mundi kynnast því, hvar ull er best á landinu, og yrði það um leið hvöt fyrir aðra að bæta hana með kynbótum, að svo miklu leyti sem það væri auðið, og öðru fleira.

En hins vegar má telja víst, að þar, sem landslag og loftslag er svo mjög ólíkt sem í Þingeyjarsýslu, Jökuldal og víðar, og svo hjer á Suðurlandi, muni það reynast ókleift að bæta svo kynið, að ullin verði jafngóð í þessum hjeruðum.

Ullarmatið verður að vera svo gott, að óhætt sje að treysta því, en það verður aldrei, nema einn góður yfirullarmatsmaður sje hafður yfir öllu landinu. Gæti hann þá samræmt ullarmatið og sett matsmönnunum fastar reglur að fara eftir í þessu efni.

Hv. frsm. meiri hl. (St. St.) talaði um, að yfirullarmatsmennirnir ættu að halda fundi og bera sig saman um verkun og mat á ullinni. Þetta má vel vera að hægt sje. En hjer er spurn: Hver hefir þarna framkvæmdavaldið? Það hefir einnig ekki svo lítinn kostnað í för með sjer, að menn úr fjarlægum hjeruðum komi saman á einn stað til fundarhalda.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að vera að þrefa um þetta mál meira, enda verða menn að játa, að fremur hefir verið sókn en vörn af hálfu þeirra, er talað hafa máli minni hl. Vona jeg fastlega, að brtt. verði feldar.

Pjetur Jónsson: Jeg hallast heldur að því, að rjett muni vera hjá hv. meiri hl. landbúnaðarnefndar að hafa yfirmatsmennina fjóra, eins og nú er, en ekki einn. Það kom líka til tals, þegar um kjötmatið var að ræða, að hafa einn — ef maður mætti segja — háyfirkjötmatsmann, en það þótti ókleift. Bæði er tíminn, sem slátrun og kjötútflutningur aðallega stendur yfir, svo stuttur, að þessi maður gæti engan veginn komist yfir að hafa eftirlit með undirmönnum sínum, og svo eru staðirnir svo margir, er hann þyrfti að heimsækja á sama tíma, að hann þyrfti að vera gæddur þeirri yfirnáttúrlegu gáfu, að vera alstaðar nálægur, ef hans ætti verulega að gæta. En til þess að koma samræmi á í kjötmatinu var svo óákveðið, að stjórnarráðið gæti kallað matsmennina saman á fund, til þess að ræða málið sín á milli og bera sig sem best saman. Ef nú ætti að vera einn „háyfirullarmatsmaður", gildir sama um hann og hinn, að starfið verður honum ofvaxið; en ef menn vildu koma á samræmi um ullarmat, mætti mæla svo fyrir í lögum, að stjórnin gæti kvatt ullarmatsmennina á fund, á sama hátt og áður er sagt um kjötmatsmenn. — Menn tala hjer mikið um mismuninn á gæðum ullarinnar í mismunandi bygðarlögum, en jeg held, að sá mismunur liggi engu síður í eðlisgæðum ullarinnar en í verkun hennar, þvotti, þurkun o. s. frv. Jeg vona fastlega, að verkunin eigi fyrir sjer að batna um land alt. En hinn mismunurinn breytist síður.

Sje nú sjermerki á ullinni eftir lands-

hlutum, gætu þau bent á, hvar hina eðlisbetri ull er að finna. Jeg get talað hlutdrægnislaust um þetta mál, því þessi merki yrðu hvorki til gagns nje ógagns fyrir Suður-Þingeyjarsýslu, því að ullin þaðan hefir þegar besta orð á sjer á markaðinum af íslenskri ull. Það er eftirtektarvert um eðlisgæði ullarinnar, að hún er bæði fínni og þelmeiri á Hjeraði og Norðurlandi austanverðu heldur en annarsstaðar á landinu. Þessi breyting ullarfarsins mun hafa komið í Þingeyjarsýslu með hinu svo kallaða Jökuldalskyni, sem þar breiddist út á árunum 1840—1860. Fór þar saman breyting til hins betra bæði á ull og kjötþrifum eða holdafari. Jeg hefi ekki enn hugsað mjer, hvernig best væri að skifta landinu undir þessi merki, en það þyrfti að athuga nákvæmlega.

Gísli Sveinsson: Hv. frsm. meiri hl. landbúnaðarnefndar (St. St.) gerir sjálfsagt ráð fyrir, að allar brtt. verði samþ., því að hann talaði með svo miklum móð, og ljet ekki svo lítið að geta þess, hvort engin tiltök væru á að lagfæra þær eins og jeg hafði bent á. Hann hjelt því fram, hv. frsm. (St. St.), að brtt. hv. meiri hl. tækju það fram, að ullarmatsmennirnir ættu að ferðast árlega hver yfir sitt svæði, en þetta gera þær ekki. Tekur brtt. við 4. gr. það eitt fram, að yfirmatsmennirnir skuli ferðast um meðal ullarmatsmannanna um ullartökutímann, en þær greina alls ekki, að þeir skuli koma til þeirra allra árlega. Það má vel vera, að þetta hafi óviljandi tekist svona óhönduglega fyrir hv. frsm. (St. St.), en það má ekki minna vera en að hann játi þetta og lofi bót og betrun.

Enn fremur tók hv. frsm. (St. St.) ekkert fram um, að nefndin væri á því, ef brtt. næðu fram að ganga, að hækka kaup yfirullarmatsmanna. Hefir þó verið rækilega bent á, bæði af mjer og öðrum, að einar 400 kr. eru ekkert kaup, ef þessir menn eiga að koma á alla ullartökustaði, eða yfirleitt stunda starfa sinn. Þetta þyrfti nefndin að taka alt til yfirvegunar.

Annars finst mjer, að hv. meiri hl. hefði getað sparað sjer þessar brtt., með því að leggja það hreinlega til, að frv. yrði drepið. Það eina, sem frv., eftir brtt., hefir fram yfir gildandi lög í þessu efni, eru þessi fjórðungsmerki. Þeim viðvíkjandi verð jeg að segja, að jeg sje ekki betur en að hv. meiri hl. hafi með þeim verið að sæta færi til þess að skapa misrjetti meðal hinna ýmsu landshluta. Frá mínu sjónarmiði er það illa farið, að málið skuli hafa tekið þessa stefnu.

Jeg get tekið það fram, að jeg er að mestu leyti sammála hv. þm. S.-Þ. (P. J.). Jeg er sammála honum um, að aðalullarmatsmennirnir skuli vera fjórir, og sje jeg ekki annað en að hægt sje að koma samræmi á mat þeirra, með því t. d., að stjórnarráðið kveðji þá til sameiginlegra funda, og hafi yfirleitt eftirlit með starfi þeirra. En jeg er aftur á móti ósamþ. hv. sama þm. (P. J.) um þessi fjórðungsmerki, því að mjer finst þau skapa misrjetti, eins og jeg hefi áður tekið fram, og margt annað ilt geti af þeim leitt.

Svo virtist, sem hv. frsm. (St. St.) vildi halda því fram, að ullarmatslögin væru gefin til þess, að ullargæðin kæmu sem best í ljós; en þetta er hinn mesti misskilningur. Ullarmatslögin eru fram komin til þess að bæta verkun ullarinnar og meðferð alla. Það liggur líka í augum uppi, að til þess að bæta ullina þarf alt annað en lög um ullarmat.

Til þess þyrftu sjerstök lög eða reglur um kynbætur o. m. fl., en það kemur ekkert þessu máli við, og ef menn því, er um ullarmat ræðir, vilja fara að láta skifta landinu niður í ýms svæði, hvert með sínu merki, þá eru menn alveg komnir út fyrir anda laganna, sem rætt er um. Ef það því er satt, sem margir hv. þm. eru að tala um, að ull á Norðurlandi austast og Austurlandi nyrst standi að gæðum mikið framar ull á Vesturlandi og Suðurlandi, þá þyrfti eftir því sjerstaka löggjöf um það atriði. Og eftir brtt. nefndarinnar ætti, ef svona væri ástatt um ullargæðin, ull úr nokkrum hluta Norðurlands, af Vesturlandi og Suðurlandi, alls ekki að komast í 1. flokk. Jeg býst þó ekki við, að þeir, sem mælt hafa með þessari breytingu hv. nefndar, hafi ætlast til þessa, og geta þeir því sjeð, hversu vanhugsuð þessi breyting þeirra er og hversu ómögulegt er, að hún geti samrýmst nokkru rjettlæti. Enn fremur ber þess að gæta, að þessi skifting á landinu, sem nefndin gerir ráð fyrir, er með öllu ófullnægjandi. Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) sagði, að best væri ullin í Þingeyjarsýslum og Norður-Múlasýslu. Eftir því ættu þessar sýslur að vera í sjerstökum flokki, og yrði svo að skipa öðrum sýslum í flokkana eftir nákvæma rannsókn ullargæðanna.

Jeg vænti því svo mikillar sanngirni og rjetts skilnings af hv. þm., að þeir samþ. aldrei slíka fjarstæðu, sem þessi fjórðungsmerki.

Bjarni Jónsson: Það, sem jeg vildi sagt hafa, verður einskonar framhald af ræðu hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.).

Jeg hefði getað skilið, að till. sem þessi, um fjórðungsmerkin, hefði getað komið fram í landi, þar sem hægt hefði verið að tala um margskonar fjárkyn. En þar sem það veit hvert mannsbarn, að íslenskt fjárkyn hefir haldist óblandað frá því á landnámstíð, þá má geta nærri, hvort mismunurinn sje orðinn svo mikill á ullargæðum, sem af er látið. Það sjá og allir, að ekki getur það fallið saman við pólitiska skiftingu landsins, hvernig ull vex á sauðum. — Hjer er mikið verið að ræða um ullargæði, eða með öðrum orðum, hvort svo mikill munur sje á lengd þelháranna í hinum ýmsu hjeruðum landsins, að þess gæti á ullarmarkaðinum, án tillits til verkunar ullarinnar. Menn þykjast vita, að með blöndun fjár í vissum sveitum landsins hafi ullin batnað, en menn vita ekkert um hina hluta landsins, er þeir vilja skifta niður. Jeg fæ ekki betur sjeð en að það sje náttúrufræðileg fásinna að vera að tala um skiftingu landsins eftir ullargæðum. Ef ætti eftir nokkru að skifta, þá væri það eftir því, hvar væri heitara eða kaldara. Hafi sem sje ullin breyst nokkuð að ráði á íslensku fje, mun það vera af völdum náttúrunnar. Það er sem sje náttúrulögmál, að náttúran reynir að verja börn sín og gerir þeim fært að sigrast á öðrum þeim fjandsamlegri öflum. Þarf ekki annað en benda á, hversu útigangshestar eru miklu loðnari en þeir, er í húsum eru hafðir. Það gæti því hugsast, að eitthvað líkt hefði átt sjer stað hjer. En þá væru takmörkin sennilega um Öndverðarnes og Lónsheiði.

Þá lagði hv. frsm. meiri hl. (St. St.) áherslu á, að slík flokkun ullarinnar gæti aukið samkepnina með ullarmatsmönnunum. Það má vel vera, en spurningin er, hvort sú samkepni yrði til bóta. Það gæti sem sje vel komið fyrir, að ullarmatsmönnum sunnanlandsþætti

sá sinn sómi, að hafa ekki minna af ull í fyrsta flokki heldur en ullarmatsmenn norðanlands eða austan. Verður því ekkert um það sagt, hvort þessi samkepni yrði til bóta í versluninni, eða til skaða.

Ástæðurnar fyrir þessari breytingu hv. meiri hl. sýna sig því að vera engar ástæður, nema ef þær skyldu vera þær, að þeir, sem betra þykjast eiga fjeð, vilji taka sig út úr og búa að sínu.

Umr. frestað.

Á 39. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. ágúst, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 154, n. 379).

Frsm. meiri hl. (Stefán Stefánsson): Jeg man því miður að eins örfá atriði frá umr. í gær, svo að hv. deild verður að fyrirgefa, þótt jeg láti ýmsu ósvarað.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) komst að þeirri kynlegu niðurstöðu, að hann vildi heldur, að frv. fjelli, en brtt. meiri hl. nefndarinnar næðu fram að ganga. — Þm. (G. Sv.) gætir þess víst ekki, að í frv. sjálfu eru þó þau nýju ákvæði, að mat fari fram á allri ull, sem til útflutnings er ætluð, svo á haustull sem vorull, og að ullin sje undir eftirliti ullarmatsmanna, meðan hún býður útflutnings; þetta tvent eru óneitanlega mikilsverð ákvæði, og að segja, að frv. ætti heldur að falla en að brtt. meiri hl. nefndarinnar komist að, er hrein fjarstæða, enda geta þær till. ekki talist til skemda á frv.

Þá var hv. 1. þm. Árn. (S. S.) mjög glaður yfir því, að fremur hefði verið sókn en vörn af hálfu minni hl. Slík gleðilæti eru fremur óvenjuleg hjer í þingsalnum. Það má vera, að hv. þm. (S. S.) hafi fundist þetta, og ekki óhugsandi, að það rætist í framkvæmdinni. En það er öllu heldur barnagaman en þroskaðra manna, að gleðjast yfir sóknini fyrirfram.

Sami hv. þm. (S. S.) talaði um, hver skipaði matsmönnum að bera sig saman. Auðvitað getur stjórnin það, og gerir, ef nauðsyn þykir. Til þess nægir ákvæði í reglugerð, en matsmennirnir geta borið sig saman með sýnishornum af ull. Þetta mundi ekki verða síður til að tryggja gott mat á ullinni, heldur en ef yfirskoðunarmaðurinn væri að eins einn yfir land alt.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) mintist á, að slept væri ýmsum ullarsölustöðum úr frv., sem settir væru utan við lög og rjett. Jeg skaut því fram í gær, að þessu mætti breyta. Nefndin hafði farið hjer eftir lögunum án þess að athuga, hvort nýir útflutningsstaðir hefðu risið upp síðan á þessum slóðum, eða milli Víkur og Hornafjarðar. En hún mun taka þetta til athugunar til 3. umr. og sjá um, að ekkert bil verði milli endastöðva á umdæmum yfirullarmatsmanna.

Þá talaði sami hv. þm. (G. Sv.) um það, að laun yfirmatsmanna væru svo smánarleg, að engin von væri til, að nýtir menn tækjust starfið á hendur, en þau eru með öllu látin óhreyfð. Og ef frv. fellur, sitja þau við sama og nú er; að þessu leyti hefir nefndin því heldur ekki spilt lögunum. En jeg álít, að meiri hl. hafi bætt úr kjörunum með því að ákveða, að ferðakostnaðurinn skuli goldinn eftir reikningi, í stað þess að hann er nú bundinn við 200 kr. Það má gera ráð fyrir, að matsmennirnir verði ekki lengur en 3—4 vikur á yfirferðinni um umdæmi sitt árlega. Og 400 kr. kaup fyrir þennan tíma, auk ferðakostnaðar, verður að álíta sæmi-

legt. (G. Sv.: Þeir hafa meira fyrir en að eins að ferðast til útflutningsstöðvanna). Það er má ske ekki óhugsandi, en nefndinni er þó ekki ljóst, í hverju sú fyrirhöfn gæti legið, því að ekki hafa yfirmatsmennirnir þó neina skrifstofu, eða umfangsmikil brjefaviðskifti.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) gerði mikið úr því ranglæti, sem merkin hefðu í för með sjer. Menn líta misjafnt á þetta atriði. Aðrir, sem jeg met mikils í þessum efnum, mæla eindregið með þeim. Nefndin álítur þetta mjög eðlilegt. Og í sambandi við það vil jeg geta þess, að hún hefir borið sig saman við verslunarfróða menn um það atriði, og hefir þeim komið saman um, að þetta fyrirkomulag mundi verða hvatning fyrir matsmennina og gleggra fyrir kaupendur.

Annars er nefndinni þetta ekki sjerstakt kappsmál, heldur hefir hún borið þessar brtt. fram af því, að hún álítur þær vera til mikilla bóta á frv.

ATKVGR.

Brtt. 379, 1. samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. K., B. St., E. Árna., J. J., M. Ó., P. J., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Ó. B.

nei: B. J., E. A., E. J., G. Sv., H. K., J. B., M. G., M. P., P. O., S. S., Þorl. J., Þór. J.

Einn þm. (J. M.) fjarstaddur.

— 379, 2. samþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. J., M. G., M. Ó., P. J., P. Þ., S. St., St. St., Þorst. J., B. Sv., B. K., B. St., E. Árna., Ó. B.

nei: G. Sv., H. K., J. B., M. P., P. O., S. S., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., B. J., E. A., E. J.

Einn þm. (J. M.) fjarstaddur.

2. gr., svo breytt, samþ. með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. K., B. St., E. Árna., J. J., J. M., M. Ó., P. J., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Ó. B.

nei: B. J., E. A., E. J., G. Sv., H. K., J. B., M. G., M. P., P. O., S. S., Þorl. J., Þór. J.

Brtt. 379, 3. samþ. án atkvgr.

3. gr., svo breytt, samþ. með 14 : 9 atkv.

— 379. 4. (ný 4. gr.) samþ. með 13 : 8 atkv.

5. gr. samþ. með 14 : 9 atkv.

— 379, 5. samþ. án atkvgr.

6. gr., svo breytt, samþ. með 14 : 7 atkv.

— 379, 6. a.—c. samþ. með 14 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

— 379, 7. samþ. án atkvgr.

8. gr., svo breytt. og 9. og 10. gr. samþ. með 14 : 8 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. K., B. St., E. Árna., J. J., J. M., M. Ó., P. J., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Ó. B.

nei: B. J., E. A., E. J., G. Sv., H. K.,

J. B., M. G., M. P., P. O., S. S., Þorl. J., Þór. J.

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 420).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., föstudaginn 22. ágúst, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 420, 442, 457).

Frsm. meiri hl. (Stefán Stefánsson): Við aðra umr. þessa frv. komu fram þendingar frá einstökum hv. þm. um, að nauðsynlegar væru ýmsar smábreytingar á frv., eins og það lá þá fyrir. Jeg tók það fram þá, að nefndin myndi fúslega vilja gera þær breytingar á frv., er hún teldi til bóta. Þess vegna er það, sjerstaklega í tilefni af bendingu frá hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að nefndin hefir leyft sjer að bera fram þá brtt., meðal annara, á þgskj. 457, að suðurumdæmið nái lengra austur á bóginn, en þó ekki alla leið til Hornafjarðar, heldur að Jökulsá á Breiðamerkursandi. Suðurumdæmið nær þá frá Jökulsá á Breiðamerkursandi til Borgarness, og stækkar þá um svæðið frá Vík til Breiðamerkursands. Þetta stafar meðfram af því, að síðan ullarmatslögin voru samþ. hafa risið upp nýir útflutningsstaðir þar á viðbótarsvæðinu, sem sje Hvalsíki og við Ingólfshöfða. Finst nefndinni þetta sjálfsögð breyting.

Þá hafa líka komið fram óskir frá hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) og þm. Stranda. (M. P.) um, að norðurumdæmið næði vestur að Norðurfirði á Ströndum. Nefndinni fanst þessi breyting líka sanngjörn og eðlileg, og hefir tekið hana til greina.

Þetta eru þá aðalbreytingarnar á 2. gr., að þessi 2 umdæmi, norður- og suðurumdæmið, eru stækkuð. En af þeim leiða að nokkru leyti brtt. við 4. og 7. gr. frv.

Um brtt. við 7. gr. er það að segja, að þegar umdæmunum hafði verið breytt, þurfti líka að gera launin mismunandi þar af leiðandi. Leggur því nefndin til, að yfirmatsmaðurinn fyrir Norðurland fái 600 kr. og yfirmatsmaðurinn fyrir Suðurland 500 kr. En laun hinna eru látin óhögguð, lækka ekki, þótt umdæmin minki.

Þá hefir líka komið fram bending um, að nauðsynlegt væri að taka fram í 4. gr., að yfirmatsmennirnir skuli ferðast um umdæmin árlega. Raunar er naumast hægt að misskilja fyrirmæli laganna um þetta atriði, en af því að ágreiningur hefir þó orðið um þetta atriði, hefir nefndin tekið það upp til frekari skýringar.

Þá er 1. málsliður 4. gr. endurtekning: „Ber þeim að finna alla ullarmatsmenn í landinu og líta eftir störfum þeirra.“ Hann vill nefndin fella burtu, þar sem hann er áður kominn inn í greinina.

Fleiri brtt. flytur nefndin ekki, og óskar, að frv. verði samþ. með þessum breytingum. En brtt. á þgskj. 442 tekur nefndin aftur.

Einar Jónsson: Mjer dettur að visu ekki í hug að efast um, að það hafi verið af góðum toga spunnið hjá hv. flm. frv., að koma fram með þessar breytingar á ullarmatslögunum. En jeg hefði þó heldur óskað, úr því sem komið er, að hv. flm. hefðu aldrei farið út í þá fordild, að gera þessar breytingar á lögunum. Því að nú er svo komið, að lög þessi eru orðin, með áorðnum breytingum, að svo götóttri flík, að alls eigi má við hlíta.

Þegar lög þessi voru samin, árið 1915, gerði ekki hvað síst hv. þm. S.-Þ. (P. J.) sjer far um að vanda til laganna eftir bestu föngum. Og jeg veit ekki betur en að þau hafi komið að góðu gagni, hvað ullarvöndun og samræmi í verði ullar snertir, og efast stórlega um, að þau muni gera eins mikið, hvað þá meira gagn, eftir þessa breytingu. Að vísu er það svo, að þeir, sem gert hafa sjer far um, að vanda ullina sem allra minst, una illi við aðhald það, er lögin hafa í för með sjer. En við því mátti altaf búast.

Ef nú er hugsað um að gera breytingar á lögunum, eru það 2 breytingarnar, sem jeg gæti fallist á og talið til bóta. Er þá fyrst og fremst sú breyting, að yfirullarmatsmaðurinn verði einn, í stað fjögra áður. Með því mundi meira samræmi fást í matið. Það efast jeg ekki um, því að jeg hygg, að nú myndi hægra að koma þessu fyrirkomulagi við en í fyrstu hefði verið, er lögin voru samin og sett. Fyrir þá reynslu, sem menn hafa nú fengið af lögunum, væri nú miklu hægra fyrir einn að komast yfir yfirmatsstarfið. Liggur það í því, að í kaupstöðum, þar sem ullin hefir verið og er flutt út, eru nú þegar æfðir menn, vanir matsstörfum. En þessi breyting er mjer þó alls ekkert kappsmál. Jeg vil sem sagt gjarnan halda því ástandi, sem er.

Í öðru lagi virðist mjer það eiga betur við, að haustullin sje einnig metin. En í sjálfu sjer er þetta þó ekki svo stórt atriði, frá mjer að sjá, að fyrir það sje tilvinnandi að sætta sig við aðrar og stærri breytingar á lögunum, sem, eins og jeg hefi tekið fram, hafa reynst til bóta í öllum aðalatriðum.

En þá kem jeg að því, sem hjer er verið að burðast með til breytinga á lögunum. En það eru fjórðungamerkin, sem fyrirhuguð eru samkvæmt breytingum nefndarinnar. Mjer eru þau ekki þyrnir í augum af öðru en því, að með þeim kemst sá glundroði á lögin, að þau verða ekki til neins gagns. Virðist þá ver farið en heima setið. Sama reglan ætti þá að gilda um kjötmat og fiskimat og alt mögulegt mat. Mjer sárnar þetta ákvæði alls ekki Sunnlendinga vegna. Og síst af öllu gæti mjer sárnað það, ef við það kæmist betra samræmi í matið en áður. En það er ómögulegt að hugsa sjer slíkt samræmi, þar sem matsmennirnir, hver í sínu lagi, merkja ullina eftir geðþótta sínum, án þess að kynnast matsreglum hvers annars til hlítar.

Eitt atriði kom fram í umr. um daginn, sem sýndi, að fjórðungsmerkin kæmu ekki að gagni vegna þess, að t. d. Sunnlendingar mundu flytja sína ull norður á Akureyri. (P. O.: Borðeyri.). Akureyri var nú sagt, til þess að koma henni undir merki þar. Jeg sje því ekki, að breytingin bæti nokkuð úr því, sem nú er. Þegar búið væri að lögleiða fjórðungsmerki, mundi ekki verða látið þar við lenda. Þá kynni að vakna áhugi í því, að koma á merkjum fyrir hverja sýslu og seinast jafnvel fyrir einstaka hreppa. T. d. er í Árnessýslu afskaplega mikill munur á ullargæðum í Þingvallahr. og Laugardalshr. móti Skeiða og Flóa.

Jeg sje, sem sagt, ekki ástæðu til að orðlengja um þetta, en gerði mig vel ánægðan með, að lögunum um ullarmat frá 1915 yrði ekkert breytt. Gagnið af þeim lögum er ljóst, og gaf hv. þm. S.-Þ. (P. J.) þá í ræðu einkar glögga hugmynd um þörf laganna, ef menn vildu kynna sjer hana nú.

Að lokum vildi jeg skjóta því til hæstv. forseta, að ef allir hv. þm. væru ekki viðstaddir í deildinni að lokinni

umr, þá væri atkvgr. frestað, þangað til allir væru komnir.

Einar Arnórsson: Frv., sem hjer liggur fyrir, er eitt af þeim, sem ekki er til að bæta, heldur til að breyta eldri lögum.

Ullarmatslögin, sem nú gilda, voru sett 1915, og ekki er enn fengin nándar nærri fullkomin reynsla um, hvernig þau muni reynast. Þá reynslu var ekki hægt að fá til fullnustu nú á stríðsárunum, meðan svo miklar hömlur voru á allri verslun. Það er fyrst nú, eftir að frjáls verslun er á komin aftur.

Þó að frv. sje til engra bóta, og hefði helst ekki átt að koma fram, þá eru þó brtt. meiri hl. nefndarinnar enn verri. Eftir þeim á að taka upp nýja reglu, að flokka vöru, ullina, eftir fjórðungum, en ekki eftir gæðum, eins og aðrar vörur. Engin rök, engar sannanir, eru fram komnar um mismun ullar í fjórðungi hverjum. En sá mismunur einn, ef til væri, rjettlætti þá fjórðungaflokkun, sem brtt. hefir að geyma. Hvaða munur er á ull úr Sunnlendinga-, Austfirðinga- eða Vestfirðingafjórðungi? Hví á þá að flokka eftir fjórðungum? Ull úr Norðlendingafjórðungi er ekkert betri alment en úr hinum. Þingeyska ullin ein hefir verið talin betri. Hvers vegna á þá ekki eins að flokka aðra íslenska vöru eftir því, hvaðan af landinu hún er, eins og t. d. smjör og kjöt o. s. frv.

Jeg nefndi það, að reynsla væri enn eigi fengin um ullarmatslögin. Það er því of fljótt nú að breyta þeim. Látum þau reyna sig betur. Af þessum ástæðum leyfi jeg mjer að bera fram svo látandi rökstudda dagskrá:

„Með því, að enn er eigi fengin full vissa um það, hvernig gildandi ullarmatslög muni reynast, þykir deildinni eigi enn komin ástæða til að breyta þeim, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.“

Einar Árnason: Tvær síðustu ræðurnar, sem fluttar voru hjer í háttv. deild í þessu máli, gefa mjer tilefni til að segja fáein orð, vegna þess þekkingarskorts, sem kom fram í þeim, á málinu. Var þó furðulegt um háttv. 2. þm. Rang. (E. J.), að hann skyldi ekki þekkja betur til ullargæða og ullarverkunar en raun er á, eftir ræðu hans að dæma. En meiri vorkunn er hv. 2. þm. Árn. (E. A.), þar sem hann er ekki kunnugur á þessu sviði.

Báðir misskilja hv. þm. alveg tilganginn með fjórðungsmerkin. Meiri hl. landbúnaðarnefndar vill halda áfram með þá tilhögun, að hafa yfirullarmatsmenn fjóra á landinu, og fjórðungsmerkin eiga að vera fyrir þá, hvern í sínu umdæmi, til þess að ósamræmi það, er verða kynni á mati milli þeirra innbyrðis, komi síður að sök við sölu ullarinnar, og enn fremur til þess að koma upp hollri samkepni milli þeirra um vöndun á ullinni. Bæði hv. þm. S.-Þ. (P. J.) og hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), sem báðir hafa mjög góða þekkingu á ullarsölu erlendis, hafa mælt með þessum fjórðungsmerkjum og talið þau mjög heppileg. Jeg hefi einnig átt tal við framkvæmdarstjóra Sambandsins, sem er allra manna kunnugastur sölu ullar á erlendum markaði, og hefir hann tjáð mjer, að slík merking sem þessi sje alveg bráðnauðsynleg. Þar sem nú það er engan veginn víst, að grundvallarreglan fyrir matinu sje sú sama hjá öllum yfirmatsmönnunum, þá er þessi merking því sjálfsagðari. Þá kemur það skýrt í ljós, hverjir yfirmatsmennirnir leysa starf sitt vel af hendi og

hverjir ekki. Kaupendur ullarinnar kveða þar upp dóminn.

Að sjálfsögðu heldur meiri hl. landbúnaðarnefndarinnar því við till. sinar, en leggur á móti því, að rökstudda dagskráin frá hv. 2. þm. Árn. (E. A.) verði samþ.

Einar Arnórsson: Háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) virtist álíta sig hafa meiri þekkingu en mig til að úrskurða, hvað rjett sje í þessu máli. Má vera, að svo sje. En hví sýndi hann þá ekki þessa þekkingu sína? Jeg hefi ekki enn fengið svar við því, hvers vegna merkja á ullina eftir fjórðungum. Jeg hefi enn engar sannanir fengið um mismunandi gæði ullar í mismunandi fjórðungum. Mjer hefir altaf verið kent, að rjett hugsun byggist á því, að greina í sundur það óskylda og sameina það skylda. En meiri hl. hefir brotið þetta lögmál með brtt. sinni, þar sem ekkert er fram komið og ekkert er til um ullarmismun eftir fjórðungum, nema í einni sveit í Norðlendingafjórðungi og annari í Austfirðingafjórðungi. Mjer finst þm. (E. Árna.) ekki þurfa að reisa sig hátt út af vanþekkingu annara, úr því hann getur ekki gert nokkra grein fyrir því, hvers vegna brtt. þeirra er fram komin, ekkert fært fram til stuðnings henni, er frambærilegt sje.

Hann var að tala um, að yfirmatsmenn mundu kunna að fylgja mismunandi grundvallarreglu við matið. Mjer skildist, að hann mundi eiga við, að vandlátari maðurinn mundi láta miklu meira koma í 2. fl. en sá óvandlátari. En ætli yfirmatsmenn hiki sjer ekki yfirleitt við að láta alt koma í 2. flokk, t. d. úr heilu bygðarlagi? Jeg gæti trúað því, og það jafnvel þó yfirmatsmaður Norðlendinga ætti í hlut. Úr hverjum landsfjórðungi fyrir sig er ullin flutt á þær hafnir, sem í landsfjórðungnum eru, og geta kaupmenn þá ráðið í, hvernig ullin er, eftir þeim höfnum, sem þeir kaupa hana á.

Einar Árnason: Jeg ætla mjer ekki þá dul, að fá sannfært hv. 2. þm. Árn. (E. A.) í þessu máli, þar sem hann virðist alveg vilja ganga fram hjá aðalatriðinu í síðustu ræðu minni. Það er þegar komið í ljós, að ullarmatið er mjög misjafnt úr hinum ýmsu fjórðungum, og er það yfirmatsmönnunum að kenna. Nefndin setur því fjórðungsmerkin til þess að gera þetta samræmisleysi ósaknæmt. Merkin eiga að svara því, hvort öll ullin reynist jafnvel metin. Ef það kemur fram, að ullin sje jafngóð og jafnvel flokkuð úr öllum fjórðungum, þá er merkingin meinlaus, og ástæðulaust að vera móti henni, en komi hitt í ljós, þá er hún þörf. Útlendur markaður hefir tekið norðlenska ull fram yfir aðra ull; fyrir því er fengin óyggjandi reynsla, þó hv. 2. þm. Árn. (E. A.) viti það ekki, og fyrir þeim úrskurði verður bæði hann og aðrir að beygja sig.

Bjarni Jónsson: Jeg veit ekki til, að fjárkyn hjer á landi hafi breyst nokkuð síðan jeg var unglingur og sat yfir og hirti fje. **(E. Árna.:** Um alt land?). Geti hv. þm. (E. Árna.) ekki skilið mælt mál, er ekki mitt að kenna honum það, en ráða mátti hann í það, að jeg ætti hjer við fje í heimahögum mínum. En hitt þætti mjer gaman að heyra, ef hægt væri að ósanna hvað jeg segi. Ungir bændur nú á tímum kunna ekki hóti betur að rýja fje og hirða ull en við hv. 2. þm. Árn. (E. A.) kunnum í ung-

dæmi okkar og kunnum enn. Því við þekkjum þetta alveg eins vel og þeir. Og eins hygg jeg mig engu síður þekkja kröfur erlendra markaða en þá.

Og hvers vegna vilja þeir, hv. meiri hl. menn, hafa yfirmatsmennina fjóra? Það er ný ástæða til að spyrja um þetta eftir síðustu ræðu hv. frsm. meiri hl. (St. St.). Því það er rjett hjá honum, að ullarmismunurinn kæmi helst fram ef allir fylgdu sömu grundvallarreglu. En hvers vegna þá ekki að hafa einn yfirmann, því hann færi altaf eftir sömu grundvallarreglu hvað matið snerti um alt land? Það er svo sjálfsagður hlutur, að ekki ætti að þurfa um það að deila. Till. meiri hl. verka alveg þvert við það, sem þeim er ætlað að verka. Og hvaðan eru svo þessir hv. meiri hl. þm.? Úr Norðlendingafjórðungi. Þaðan er líka þjóðsagan um kostakynið þarna nyrðra. Og mun ekki þessi fjórskifting þeirra stafa af því, að þá langar til að halda þjóðsögunni lifandi? Jeg veit ekki hverju þeir svara þessu, en hitt veit jeg, að hverju sem þeir svara, þá er þetta það eina rjetta svar.

En með því að hafa einn yfirullarmatsmann, og þar af leiðandi samræmt mat fyrir alt landið, mundu þeir fjórðungar, sem kunna að standa að baki öðrum í verkun á ull, læra af hinum, og hvað er svo á móti því, að þeir njóti sömu rjettinda og hinir, þegar þeir eru búnir að læra?

Annars mun hvergi á landinu vera svo vel þvegin ull, að verksmiðjurnar þurfi ekki að þvo hana aftur, áður en þær vinna úr henni.

Jeg tel það þess vegna sjálfsagt, að dagskráin, sem fram hefir komið, verði samþ. Það er vel, ef ekki er lagt út í slíkt flan sem þetta. Það getur að eins orðið til skaða, en verður hvorki til að auka vöruvöndun nje vöruverð.

Pjetur Jónsson: Jeg ætlaði ekki að tala hjer oftar, en það hefir komið hjer ýmislegt fram, sem jeg get ekki setið þegjandi undir.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) talaði um það sem þjóðsögu, að norðlenska ullin væri betri en sunnlensk. Þetta hlýtur að vera sprottið af ókunnugleik hans. Allir, sem hafa átt við erlendan ullarmarkað, vita, að norðlenska ullin hefir verið meira metin, og það var eini skilsmunur, sem gerður var á ull áður en matið kom: norðlensk ull og sunnlensk. Ullarmatið hefir gert það að verkum, að ekki er lengur hægt að gera þennan greinarmun, og kunna kaupendur því illa.

Í öðru lagi vildi jeg gera athugasemdir út af ummælum hv. þm. Dala. (B. J.). Hann leit svo á, að till. um að flokka ull eftir fjórðungum væri komin frá Norðlendingum af eigingjörnum hvötum. Hann býst þá við því, að með þeirri flokkun yrði eldur skaraður að köku Norðlendinga. Þó jeg sje ekki eins viss um þetta eins og hann virtist vera, þá býst jeg við, að það yrði þeim hagur, sem betri eiga ullina. En þessi eigingirnisaðdróttun er samt ástæðulaus og ósanngjörn. Háttv. þm. Dala. (B. J.) veit það eins vel og jeg, að Norðlendingar hreyfðu hvorki hönd nje fót til að hafa áhrif á ullarmatslögin 1913 sjer í vil. Það var vitanlegt, að þau, með því að slengja saman hinum eldri viðurkendu flokkum, norðlenskri ull og sunnlenskri, sköðuðu Norðlendinga, en þó mátu þeir meira, að ullin fengist betri yfirleitt. Nú er kominn tími til að bæta um það, sem

gert var 1913, og láta þá líka Norðlendinga fá rjett sinn, því það er rjettur hvers manns að fá vöru sína borgaða eftir gæðum hennar. Þeir hafa beðið þolinmóðir þessi ár, og þess vegna þykir mjer hart að fá brigsl ein og aðdróttanir í staðinn. Jeg stóð upp af því, að þetta mátti ekki viðgangast ómótmælt.

Matthías Ólafsson: Það stendur líkt á fyrir mjer og hv. þm. S.-Þ. (P. J.); jeg get ekki setið þegjandi undir mörgu, sem hjer hefir verið borið fram. Menn hafa efast um, að gæði norðlensku ullarinnar væru annað en sögusögn ein og beðið þess, að bent væri á, í hverju þau gæði væru fólgin. Ekkert er hægara. Norðlenska ullin er talin þelmeiri og finni, og hægara að vinna úr henni betri voðir og dúka en annari ull. Þetta er viðurkent á erlendum markaði, og var áður gefið hærra fyrir norðlenska ull. Jeg hefi áður tekið það fram, að jeg veit ekki um takmörkin, og þau verða sjerfræðingar að ákveða. Þá hefir verið sagt, að erlendir kaupmenn gætu haldið áfram að gefa meira verð fyrir norðlensku ullina, ef hún væri betri. En þetta er ekki rjett. Kaupmaður í Reykjavík kaupir ull hvaðanæfa af landinu, og kaupendum er ómögulegt að vita, hvað er norðlensk ull og hvað ekki, þegar engin merki benda á það. Ef þeir fengju norðlenska ull sem norðlenska, þá væru þeir í engu blektir, og þá gætu þeir sjeð, að ull væri að skána annarsstaðar frá, með því að bera hana saman við þá norðlensku. En vitanlega yrði það ekki verkunin, sem ylli því; hún batnaði líklega hlutfallslega jafnt á öllu landinu; heldur yrðu það sjálf ullargæðin, því það eru þau, sem eru misjöfn, og þau, sem hljóta að ráða verðinu að miklum mun.

Bjarni Jónsson: Jeg á bágt með að skilja, hvernig hv. þm. S.-Þ. (P. J.) hefir farið að misskilja mig eins og hann gerði. Jeg hefi aldrei haldið því fram, að það yrði til nytja, ef 4 merki yrðu sett, því jeg veit, að norðlenska ullin er hvorki þelmeiri nje togminni en ull annarsstaðar frá. En jeg hjelt því fram, að meiri hl. sæi svo skamt, að hann hjeldi, að þjóðsagan hjeldist. Jeg sagði heldur ekkert ilt um framkomu Norðlendinga á þingi 1913, en hitt sagði jeg, að þegar mann ganga svo í berhögg við sjálfa sig, að vilja fá samræmi með fjórum merkjum, þá getur það ekki sprottið af öðru en þeirri hagnaðarvon, sem þjóðsagan verndar. Jeg get nefnt Bíldudalsfiskinn sem dæmi. Hann var seldur hærra verði en íslenskur fiskur, en var þó vitanlega ekkert betri en annar fiskur. Þar er ekki betri beit í hafi fyrir þorska, nje nein önnur hlunnindi, sem gætu gert Bíldudalsþorskinn að aðli þorskkindanna; en þjóðsaga var um það engu að síður. Hún hefir ef til vill verið búin til af kaupmönnum í gróðaskyni, og líkt getur staðið á um þjóðsöguna um norðlensku ullina. Þetta hyrfi, ef samræmi kæmist á, og væri þá betur en ekki. Nú vilja Norðlendingar segja: „Þetta er 1. flokkur norðlenskrar ullar, en Norðurland er 1. flokkur fjórðunganna.“ — Jeg skil ekki annað en að allir sjái, að þetta hefir enga aðra átyllu en hjegómann, og hjegómamenn einir geta hampað því. Jeg vona, að þeir verði ekki í meiri hl. hjer í þessari hv. deild, þó að stóru trumburnar sjeu slegnar þeim til lofs og dýrðar.

Frsm. meiri hl. (Stefán Stefánsson): Jeg tók eftir því, að hv. 2. þm. Árn. (E. A.) sagði, að matsmenn mundu

hika við að setja ljelega ull í 2. flokk. Þar, sem jeg þekki til, þá hika þeir ekki; þeir fara eftir því, sem þeir álíta rjettast. Jeg sje ekki betur en að þetta sje aðdróttun að matsmönnunum; jeg sje ekki betur en að þeim sje borið það á brýn með þessu, að þeir sjeu ekki starfa sínum vaxnir. Jeg vil mótmæla því um þá ullarmatsmenn, sem jeg þekki.

Það er búið að margtaka það fram, að það er ekki góð ull víða á Norðurlandi. Það er ekki heldur þess vegna, að þessi till. er fram komin. Hlutverk hennar er að eins að skapa samkepni milli matsmannanna. Mjer finst það liggja hjer í loftinu, að við sjeum að gera aðra að olnbogabörnum með fjórðungaflokkuninni. Það er misskilningur. — Við sáum að eins, að þetta var heppilegast; þetta var besta ráðið til að vekja samkepni, en hún hlýtur að miða að vöruvöndun.

Það er búið að sýna fram á það, að hægt er að fá fult samræmi með fjórum mönnum. Það hefir líka verið sýnt fram á, að einn maður getur ekki komið því samræmi á. Hann getur ekki haft það eftirlit, sem æskilegt er, enda var í upphafi ekki til þess ætlast, að hann ferðaðist yfir alt landið árlega, og er þá hætt við, að samræmið skjótist aftur í skakka liðinn.

Þá hefir flm. verið borin á brýn fordild. Jeg álít, að slíkt sje með öllu ástæðulaus getsök, að bregða þeim um nokkuð í þá átt, og verð að mótmæla öllu slíku. Hitt er víst, eins og jeg hefi áður bent á, að sumar breytingar þeirra á lögunum eru til bóta, þótt meiri hl. nefndarinnar geti ekki fallist á þá aðalbreytingu, að einn yfirmatsmaður sje skipaður í stað fjögra. — Fjórðungsmatið er meiri trygging og vekur samkepni, og samræmi getur fengist með því, að matsmenn beri sig saman eða láti ullarsýnishorn ganga á milli sín til glöggvunar á flokkuninni. Það er að eins vöruvöndun, sem við viljum og verðum að hafa tryggingu fyrir.

Forsætisráðherra (J. M.): Mundi ekki rjett að vísa málinu til landsstjórnarinnar? Jeg held, að full ástæða sje til að athuga málið. Það væri óviðkunnanlegt af mjer að gera það að till. minni, en mjer þætti vænt um, ef einhver annar yrði til þess

Einar Arnórsson: Jeg geri það að brtt. minni við dagskrána, að málinu verði vísað til stjórnarinnar.

ATKVGR.

Till. um að **vísa málinu til stjórnarinnar,** með skírskotun til 41. gr. þingskapanna, samþ. með 14 : 3 atkv.

---

3. Sala á spildu af Fjósalandi.

Á 22. fundi í Nd., fimtudaginn 31. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sölu á spildu af landi kirkjujarðarinnar Fjósa í Laxárdalshreppi (A. 214).

Á 24. fundi í Nd., mánudaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., föstudaginn 22. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Nd., laugardaginn 23. ágúst, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg hefi látið prenta og útbýta umsókninni og meðmælum sýslunefndar, og ætti það eitt að vera nægilegt til þess, að þetta litla frv. næði fram að ganga. Landið, sem farið er fram á að selja, er dálitið horn, sem liggur utan við kauptúnið, og engar líkur eru til að bygt verði. — Þessi blettur er til alls ónýtur, nema ræktunar, og þá með mikilli fyrirhöfn. Þetta er mýri, varla slæg, og þyrfti að veita þar fram vatni og gera annan undirbúning, ef rækta ætti. Fyrir neðan stendur verslunarlóð, og er ekki farið fram á, að hún verði seld. Læknirinn hefir í hyggju að rækta þennan blett, en áður en hann vill leggja í allan þann kostnað vill hann fá kaup á landinu. Í nánd við kauptúnið er enginn annar blettur, sem hefir ræktunarskilyrði, og langt er til bæja, og vont að ná í mjólk. Læknirinn verður að halda við sjúkraskýli og sjá sjúklingum farborða, en til þess verður hann að hafa kúahald. Jeg hygg, að enginn skaðist á þessari sölu, en læknirinn hefir hagnað af þessu, og sjúklingum hans er það lífsnauðsyn. Hjer er einnig um blett að ræða, sem ekki verður ræktaður að öðrum kosti. Bletturinn er svo lítill, að þetta er ekkert stórt afsal af landsins hálfu, og jeg vil því mæla með, að frv. verði samþ.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi ekki lesið greinargerð þessa frv. nákvæmlega, en mjer finst það ekki sjást, að Páll kaupmaður Ólafsson hafi mist sinn rjett til spildunnar. (B. J.: Hann hefir selt sinn rjett). Hverjum? (B. J.: Guðmundi Kr. Guðmundssyni, en hann hefir selt lækni). Það er þá hjer um að ræða að fá eignarrjett í stað leigurjettar, og sje jeg þá ekki ástæðu til að sinna því máli. Ef til vill mætti hafa þann leigurjett með breyttum skilyrðum, ef svo byði við að horfa, en jeg sje enga ástæðu til að afsala eignarrjettinum frá landsins hálfu, þegar leigjandinn getur fengið eins góð skilyrði og þörf er á. Það vinst ekkert fyrir kauptúnið, hvort bletturinn er seldur eða leigður, og fyndist mjer því rjettast að vísa málinu til stjórnarinnar, og gæti hún þá breytt skilyrðunum, ef þess gerðist þörf.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg vildi geta þess, sem mjer láðist að taka fram áðan, að leigurjetturinn hefir farið þessa leið, sem jeg skýrði frá í framskoti mínu við ræðu hæstv. forsætisráðherra (J. M.). Það, sem lækni gengur til með að vilja fá kaup á þessu landi, er, að hann telur sig tryggari. Honum þykir leigurjetturinn ekki fullryggur, sem er til 50 ára, en nú munu ekki vera eftir nema 40 ár. Bletturinn getur á engan hátt orðið til nota fyrir kauptúnið eða jörðina, nema með þessu móti. Jeg er ókunnugur lögum, sem hjer að lúta; jeg veit ekki, hvort stjórnin þarf lagaheimild til að selja. Ef svo er ekki, þá þarf frv. þetta ekki fram að ganga; það mætti þá eins vel vísa því til stjórnarinnar, en gott þætti mjer að fá þessar upplýsingar. Ef heimild þarf, þá sje jeg ekki, hvað geti mælt á móti því, að hún verði veitt.

Pjetur Jónsson: Jeg vildi vekja athygli hv. deildarmanna á því, að ef þessari málaleitun verður sint, þá má búast við, að samskonar beiðnum rigni yfir þingið. Það eru margir, sem hafa

líka bletti á leigu til 50 ára, og þegar liðin eru 10—20 ár, og þeir hafa gert eitthvað til að bæta þá, kunna þeir illa við að sleppa þeim, og munu sækja um kaup. Hv. flm. (B.J.) taldi þetta smámál, og það er það, ef litið er einungis á þennan eina blett. En ef menn taka tillit til halarófunnar, sem í vændum er, þá verður málið stórmál. Það veltur nokkuð á því, hvernig þessu máli verður tekið, hvernig þingið síðar snýst í öðrum samskonar málum. Þeir, sem yfirleitt eru á móti sölu þjóðjarða, geta þess vegna ekki verið með þessu frv. Það getur verið ástæða til að athuga, hvort eigi megi breyta leiguskilyrðunum leigjanda í vil, af því sjerstaklega stendur á, en hitt finst mjer ekki koma til mála, að selja. Jeg vildi að eins gera þessa bendingu.

Flm. Bjarni Jónsson): Jeg fæ ekki sjeð þann háska, sem af því getur stafað, að læknir fái að eiga kýrfóðursblett. (P. J.: Hafa). Þeir mega gjarnan eiga hann. Það er ekki eins og verið sje að taka blóð af heilu holdi, þótt þeim sjeu seldir óræktaðir blettir. Það er af nógu að taka; nógu margir verða þeir eftir, óræktuðu blettirnir á landi voru. Jeg er ekki spámaður, og þess vegna ekki von, að jeg fái eygt í anda þann straum af læknum, sem biðja um bletti. Hjer er um mýrarblett að ræða, sem lítill skaði er að missa, en nauðsynlegt fyrir lækninn að fá. Jeg hefi bent á áður, að það er lífsnauðsyn að hafa ráð á hentugri fæðu fyrir sjúklinga sína, og þá ekki síst mjólk. Þessir læknar myndu ekki svo margir. Margir búa í sveit, og þurfa því ekki á þessu halda. Aðrir búa í kauptúnum, þar sem næga mjólk er að fá, og þeir þurfa ekki heldur á slíkum bletti að halda. Það er ekki um það að ræða hjer, að lima í sundur heilar jarðir. Þetta er hluti af landi kauptúnsins, sem er því algerlega notlaus. Sumir vilja ef til vill láta líta svo út, sem þeir sjái langt fram í tímann, og hugsa um stórborgina, sem rís upp þarna í Hvammsfirði, við hafnleysuna og fátækar sveitir. Jeg get ekki sjeð þær sýnir og tel þess vegna enga ástæðu til að óttast, að kauptúnið þurfi síðar meir á þessu landi að halda til byggingar. Nú er búið að rífa niður annað verslunarhúsið, en hitt er verið að flytja í burtu, og eftir er hjallur einn, sem kaupfjelagið á. Nokkrir menn eru þarna búsettir, og er ekki að vita, hve lengi það verður. Það, sem sennilega helst lengst við lýði, verður læknisbústaðurinn og sjúkraskýlið, og er þá nauðsynlegt, að bletturinn verði ræktaður. Jeg fæ því ekki sjeð, hvað hægt verður að hafa á móti þessu. Síst get jeg skilið það af þessum hv. þm., sem hafa neitað stjórninni um frestun á sölu þjóðjarða. Hún hefir farið fram á það, meðan þessi glundroði og þetta hringl var á öllu verðmæti, en hv. þm. hafa ekki orðið við óskum hennar, og væri það því einkennilegt, ef þeir snerust á móti þessu frv. Jeg skil ekki, hvernig þeir færu að vera sjálfum sjer samkvæmir, ef þeir neituðu nú um sölu á bletti, hrjóstrugum skika, sem ekkert hefir verið gert á, þangað til Páll kaupmaður Ólafsson fór að reyna að slá sinuna og fúagrasið, er á honum óx. Þetta er þríhyrna, sem nú er verðlaus, en er eign fyrir þann, sem ætti, ef ræktuð yrði.

Pjetur Jónsson: Jeg er á sama máli og hv. flm. (B. J.) um það, að heppilegt sje, að þessi blettur sje ræktaður

og að læknir og sjúkraskýli njóti góðs af. En lengra eigum við ekki samleið, því jeg fæ ekki betur sjeð en frv. gangi í þveröfuga átt við þessa tilætlun. Jeg get ekki búist við, að Árni læknir Árnason verði þarna lengur en þau 40—50 ár, sem samningurinn stendur. Ef bletturinn verður seldur Árna lækni og hann flytur svo burtu eftir fá ár, þá á sá nýi læknir undir högg að sækja, og óvíst, að hann geti fengið blettinn til afnota fyrir sig, eða sjúkraskýli, með aðgengilegum kjörum. Ef hann er í höndum þess opinbera, er altaf hægt að nota hann í þessum tilgangi, sem við, jeg og hv. flm. (B. J.), erum sammála um, að æskilegastur sje. Jeg hygg því, að best sje að hafa leigusamning áfram, og breyta honum til batnaðar, ef læknirinn treystist ekki að rækta blettinn með þeim skilyrðum, sem þar eru sett. Best væri, ef þarna er læknissetur til frambúðar, að það yrði trygt, að bletturinn fylgdi altaf læknissetrinu, og vil jeg leggja til, að málinu verði vísað til stjórnarinnar á þessum grundvelli.

ATKVGR.

Till. um að **vísa málinu til stjórnarinnar**, með skírskotun til 41. gr. þingskapanna, samþ. með 14 : 2 atkv.

4. Bann gegn refaeldi.

Á 8. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um bann gegn refarækt (A. 74).

Á 10. fundi í Nd., föstudaginn 18. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Nd., laugardaginn 19. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. júlí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Björn R. Stefánsson): Þótt ekki sje löng greinargerð fyrir þessu frv., má þó glögt sjá, hver meiningin er með því, sem sje að eyða refum hjer á landi. Ástæðan til þess er sú, að refum hefir fjölgað talsvert nú á síðari árum, og mikil brögð verið að dýrbiti. Þetta mun að líkindum stafa af því, að refir hafa sloppið úr eldi. Menn vita þess dæmi, að slíkt hefir átt sjer stað, og það leikur sterkur grunur á, að það komi oftar fyrir en menn alment viti um, eða geta sannað. Máli mínu til stuðnings skal jeg geta þess, að á Austfjörðum varð lítið vart við tófur frá aldamótum og alt til 1916 en þá brá svo við, að stefnuvargur mikill kom alveg ofan í bygð, og hagaði sjer gerólíkt þeim tófum, er við áður áttum að venjast. 19. aldar tófur hjeldu sig mest á afrjetti og uppi til fjalla, en þessi vargur sótti alla leið til sjávar og drap þar lömbin í fjörunni. — Refir voru þá drepnir unnvörpum að vísu, hvar sem til náðist, en þó var litlu betra næsta ár, og nú í vor síðastl. var meira um dýrbit en nokkru sinni áður.

Jeg veit, að menn munu hafa það á móti þessu frv., að með því sje verið að kippa fótum undan arðvænlegri atvinnu manna, og jeg skal játa, að mjer þykir leitt, að hægt skuli vera að segja það með nokkrum rjetti. En hitt tel jeg miklu þýðingarmeira atriði, að þessi atvinnugrein leiðir af

sjer mikla eyðileggingu og stórtjón fyrir fjölda manna, og þess vegna verður að taka fyrir það, svo sem auðið er, því fárra manna hagsmunir mega ekki sitja fyrir almenningsheill. Það kann nú að verða borið fram á móti þessu máli, að auðvelt sje að gæta þess, að refir sleppi ekki úr eldi, en jeg held, að því sje vart treystandi, hversu strangar reglur sem settar yrðu. Víðast hvar er refaeldi þannig fyrir komið, að þeir eru aldir upp í eyjum og ganga þar lausir. Svo þegar ísa leggur milli lands og eyja, sem kemur fyrir í frosta- og ísaárum, geta þeir gengið óhindraðir til lands. Jeg gæti nefnt dæmi þessu til sönnunar, ef vefengt verður. Menn hafa og talað um, að svo tryggilega mætti búa um refabyrgi, að engin hætta stafaði af. Það kann nú að vera mögulegt að ganga svo frá byrginu, að örugt sje, en ekki þarf annað en að í eitt skifti sje hirðuleysislega gengið um, til þess að alt sleppi. Jeg tel því, að ekki sje tryggilega girt fyrir þennan voða, nema með því að banna refaeldi algerlega.

Magnús Pjetursson: Jeg kann ekki við annað en að segja nokkur orð um þetta nýmæli, sem hjer liggur fyrir. — Eins og hv. flm. (B. St.) gat um í ræðu sinni, má renna grun í, til hvers „refirnir eru skornir". Jeg held, að þó aldrei nema meiningin kunni að vera góð með þessu frv., þá komi það ekki að tilætluðu gagni. Það stendur í fyrirsögninni fyrir frv.: „bann gegn refarækt." Mjer finst, að það hefði átt að sleppa þessu „bann gegn", og láta frv. heita „frv. um refarækt"; þá hefði fyrirsögnin verið í samræmi við efnið, því að jeg geri ráð fyrir, að ef frv. þetta verður að lögum, mundi það verða til þess að fjölga refum í landinu.

Það, sem gefur tilefni til, að þetta frv. er fram komið, er, að sumir menn hafa haft það fyrir atvinnu að ala upp yrðlinga fram á veturinn og drepa þá svo. Þessir menn hafa boðið geysihátt verð fyrir yrðlinga á vorin, og því hafa grenjaskytturnar lagt mikið kapp á að ná þeim til að selja. Hins vegar munu menn kannast við það, að það hefir verið miklum erfiðleikum bundið að fá menn til að liggja á greni. Það er mjög ilt verk, og þar að auki víðast illa borgað. Refaeldið og það, að yrðlingarnir voru gerðir að verslunarvöru, hefir því gert það að verkum, að menn hafa fremur fengist til grenjavinslu og því orðið til þess að fækka refum í landinu.

Það er líka aðgætandi, að þó að menn hafi farið á greni, og þykist hafa fundið yrðlinga og drepið, þá er lítil trygging fyrir, að svo hafi verið í raun og veru, ef þeir eru ekki sýndir. Eitthvað gæti hæglega hafa sloppið af þeim og orðið að tjóni síðar meir. — Ef jeg hefði þekt háttv. flutningsm. frv. að því, að vera mikla veiðimenn, sem færu iðulega á refaveiðar á vetrum, hefði jeg getað giskað á, að þeir bæru þetta fram til þess, að geta stundað þessa íþrótt með sem bestum árangri, því líkur eru til, að þeir fái meira úr að moða, ef frv. nær fram að ganga. Jeg hefi sem sje heyrt getið um menn, sem hafa látið fyrir farast að segja til um greni eða vinna yrðlinga, til þess fremur að geta drepið tófuna á vetrum, og líkt mundi mega ætla um frv.flytjendur, ef þeir væru kunnir veiðimenn. Það kann að mega segja með sanni, að nokkur hætta geti verið, að tófur sleppi úr

eldi. En jeg hygg, að það sje ekki þeim mun meiri hætta á því, þó að yrðlingarnir sjeu fluttir á hentuga staði til eldis, heldur en hin, að yrðlingar sleppi hjá skotmönnum á grenjum, af þeirri ástæðu, að þá vantar hvötina, hagnaðarvonina, síður en svo. Jeg efast því mjög um, að tilganginum verði náð með því að banna refaeldi. Þá yrði að setja ákvæði með lögum um að veita verðlaun fyrir að drepa yrðlinga, t. d. 15—20 kr., eins og markaðsverð er nú. Mjer er kunnugt um, að í mínu hjeraði hafa stundum verið aldar og drepnar alt að 200 tófur á ári. Það er þó áreiðanlegt, að svo mikið hefir verið drepið, að þessar tófur eru drepnar, en jeg er ekki viss um jafngóðan árangur, ef menn hefðu ekki sókst eftir yrðlingum til uppeldis. Mundu þá margar af þeim tófum hafa lifað. Mjer finst, að það hefði farið betur á því, ef hv. flm., sem hugðu sig hafa fundið bót á þessu meini, hefðu athugað þetta betur. Það er í sjálfu sjer enginn vafi á, að hægt og mjög nauðsynlegt er að hefta fjölgun refa, en þ e t t a er ekki ráðið til þess.

Háttv. flm. (B. St.) gat um stefnuvarg, sem hefði komið fram á Austurlandi. Dettur hv. þm. (B. St.) í hug, að það hafi verið refir, sem sloppið hafi á land úr eyjum á Breiðafirði. Hitt er víst orsökin, og mjög eðlilegt, að þar, sem refum hafði fækkað að mun, voru menn ekki eins áhugasamir að eyða þeim, er þeir hættu að gera vart við sig. Þeir hafa þannig geta alist upp og fjölgað á fjöllum uppi, án þess menn vissu, og komið svo fram í harðæri og ruðst til sjávar til að leita sjer matar.

Jeg vildi mega skjóta því til háttv. flutningsmanna, hvort þeim hafi ekki dottið í hug, að refir gætu komið annarsstaðar að en hjer af landi. Það er að vísu ekki hægt að sanna, að tófur hafi komið á ísum en það er heldur ekki hægt að sanna hið gagnstæða. En menn þykjast hafa tekið eftir því, að eftir mestu ísaár hafi meira borið á tófum hjer en ella. Væri það t. d. óhugsandi, að þessi vargur, sem kom á Austfirði, hafi komið norðan af Melrakkasljettu, og þangað á ís frá Grænlandi, en ekki frá Vesturlandi eða Breiðafirði.

Jeg vil að endingu geta þess, að jeg held, að of mikið sje gert úr því, hvað sleppi úr eldi. Jeg skal kannast við, að það geti komið fyrir. En af því jeg er málinu kunnugur, vil jeg halda fram, að þó ís komi milli lands og eyja, slíkt er að vísu afarsjaldgæft, þá sjeu miklu minni brögð að þessu en orð er á gert; skal jeg færa ofurlitlar ástæður fyrir þessu.

Allir kannast við það úr bibliunni, „að refir eiga holur“, og svo mun einnig vera í eyjum þeim, sem þeir eru aldir í. Þó þeir á nóttum hverfi frá holum sínum til fanga, þá hverfa þeir oftast að morgni til hola sinna.

Þetta er hægt að sanna, því sagt er að borið hafi við, að slíkar flökkutófur hafi náðst á landi og þekst af marki því, sem á þeim var, en síðar sjest aftur í eyjunum. Sjálfur get jeg ekki með þetta farið öðruvísi en af annara sögusögn.

En það er ekki nema eðlilegt, að strangari reglur væru settar um refaeldi, og látið miklu varða, ef ógætilega er með farið, enda er það einmitt sú stefna, sem tekin hefir verið í Strandasýslu, og er jeg viss um, að hvergi eru til strangar reglur um þetta, þar sem mönnum er gert það að skyldu að merkja allar sínar tófur og skila þeim

með tölu; ella varðar það stórsektum o. fl. því um líkt.

En það gefur að skilja, að enginn gerir það að gamni sínu að sleppa tófunum, þar sem þær geta verið í alt að fimmfalt hærra verði en ær, og eru bændur þó þektir að því, að vilja síður missa af rollum sínum, eins og vonlegt er. En mundu þeir þá ekki því fremur reyna að passa þessa gripi sína.

Jeg held því, að hv. flm. (B. St.) og nefndin, sem væntanlega fær málið til meðferðar, ætti að taka það til rækilegrar íhugunar og yfirvega alt betur.

Þótt frv. þetta verði að lögum, tel jeg það enga bót, þar sem það mundi alls ekki verða til þess að fækka refunum. Það eina, sem við það ynnist, væri það, að teppa atvinnuveg fárra manna.

En eftir mínu áliti ætti beinlínis að hvetja menn í hverju hjeraði til að koma á stofn refaeldi. Það mundi verða til þess að hvetja menn best til þess að eyða grenjum. Skal jeg svo ekki tefja tímann lengur við þessa 1. umr. málsins.

Flm. (Björn R. Stefánsson): Jeg heyrði það á ræðu hv. þm. Stranda. (M. P.), að minni rækt mun lögð við útrýmingu refa á Vesturlandi en á Austurlandi.

Og það þótti mjer merkilegt að heyra, að nokkur skuli verða til þess að leyna greni, sem hann hefir fundið.

Á Austfjörðum mundi slíkt ekki koma fyrir, því þar er ekkert látið undir höfuð leggjast, sem verða mætti til að útrýma refunum.

Þar var í sumum sveitum t. d. grenjalegum haldið áfram í nærfelt 20 ár, án þess að nokkurt gren hafi fundist.

Ef greni finst, getur það stundum verið erfitt að fá góða skyttu, en engin dæmi veit jeg þess þar eystra, að hætt væri fyr en skyttan fjekst og grenið unnið, oftast að öllu leyti.

Þá sagði sami hv. þm. (M. P.), að engin sönnun væri fyrir því, að allir yrðlingarnir væru drepnir á grenjunum, þó svo væri kallað, en jeg veit þó ekki betur en svo hafi verið, enda eru yrðlingarnir fluttir heim og sýndir til sannindamerkis.

Það kom líka í ljós, eins og jeg hafði getið til, að ekki er nógu örugt eftirlit með tófunum, þar sem þær eru aldar, þar sem hv. þm. (M. P.) viðurkendi, að það kæmi fyrir, að þær hlypu á land. Hann bætti því við, að þær skiluðu sjer aftur til eyja, en hvernig ættu refagreyin að komast út aftur, ef svo færi, að aflandsvindur kæmi, meðan þeir væru á landi og ísinn ræki frá?

Jeg tók ekki eftir því, á hve löngum tíma hann sagði að 200 tófur hefðu verið drepnar. Getur vel verið, að færri hefðu náðst, ef ekkert refeldi hefði átt sjer stað, því hefði verið um það eitt hugsað, að drepa refina, þá tel jeg víst, að refahjörðin hefði verið orðin minni, og veiðin af þeirri ástæðu minni, en ekki af þeirri ástæðu, að menn hefðu lagt minni stund á refadrápið.

Háttv. andmælendur gera lítið úr dýrbít þar vestra. Jeg man ekki, hvað sýslubúar eru margir í Strandasýslu, en framteljendur eru 311, og koma þá 46 kindur á hvern, og þar sem tófan er 5 kinda virði, get jeg hugsað mjer, að góð skytta, sem enga kind á, gæti leiðst til þess að leyna grenjum í hagsmunaskyni.

Í sambandi við fjáreigendur hljóta þeir menn þó að vera svo fáir, að slíkt má ekki líðast.

En einkennilegt er það, eins og fje er vænt í Strandasýslu, hve margar eru þar geldær. **(E. A.:** Ekki lembir tóan).

Prófessorinn veit þó líklega, að þær ær, sem missa undan sjer af dýrbiti, teljast geldar, þótt hrútlembdar hafi verið. Hitt þykir mjer ósennilegt, að ær sjeu þar svo síðbærar, að ekki nái málburði, og teljist geldar fyrir þá sök.

Þá furðaði hv. þm. (M. P.) sig á því, að mjer skyldi geta dottið í hug, að stefnuvargur þessi, sem áður var á minst, hefði komið af Vesturlandi. Hitt þykir mjer þó enn meira undrunarefni, ef hann hefir komið frá Spitsbergen, því enn þá torsótari tófuleið er það, eða ef hann hefir getað leynst svo lengi í afrjettum og heimahögum, án þess að gera vart við sig. En eins og jeg hefi áður tekið fram, hefir ekki orðið tófu vart þar eystra um langa hríð að nokkru ráði fram að 1916.

Það er því sennilegra, að mín tilgáta sje rjett, og sama mun að segja um tófuna á Reykjanesi, að hún mun hafa hlaupið að vestan líka.

Jeg ímynda mjer, að engan geti furðað á því, að okkur þykir undarlegt, hversu vargur þessi hefir vaðið yfir aftur á fáum árum.

Jeg hefi heyrt þá mótbáru, að minka mundi áhugi manna á veiðunum, ef ræktin væri bönnuð.

Það er ef til vill hugsanlegt. En jeg hefi heyrt annað að vestan, að menn hafi gert það af ásettu ráði, ef yrðlingar hafa náðst, að drepa þá ekki tófuna, heldur sleppa henni viljandi, til þess að eiga hana til undaneldis

Þetta get jeg að vísu ekki sannað, en gaman þætti mjer að heyra, hvernig því verður svarað.

Pjetur Þórðarson: Jeg hafði ekki hugsað mjer að taka til máls við þessa umr. málsins, fyr en hv. þm. Stranda. (M. P.) hafði hlutast til um málið á þann veg, er ver gegndi.

Jeg býst ekki við, að mikið beri á milli um það aðalatriði málsins, hvílík plága refir hafa verið á sauðfjenaði landsins frá ómunatíð, og hve miklu fje og vinnu hefir verið varið til að eyða ófögnuði þessum.

En mig furðar á því, ef nú kemur eitthvað upp úr kafinu, sem ónýtt geti þá gömlu reglu, að gera skuli alt til þess að eyða og útrýma dýrum þessum.

Sami hv. þm. (M. P.) sagði, að yrðlingauppeldið væri vegur til þess að eyða refunum. En þetta hefir farið á alt annan veg þar sem jeg þekki til.

Þess vegna hefi jeg gerst meðflutnm. að máli þessu, fyrir óskir margra manna í mínu hjeraði og nálægum sýslum þar. Hafa þær óskir komið fram bæði heimulega og opinberlega, á sýslufundum og öðrum fundum í hjeruðunum. Meðal annars hafa þær óskir komið fram, að bannað verði með öllu slíkt uppeldi yrðlinga, með því að halda þeim innan einhverra takmarka, þar sem þeir gætu aukið kyn sitt.

Slíkar óskir hafa komið fram í Mýrasýslu, Snæfellsnessýslu, Dalasýslu og ef til vill víðar.

Það, sem liggur til grundvallar óskum þessum, er það, að, eins og kunnugt er, hefir oft svo illa til tekist með uppeldi þetta, að dýrin hafa sloppið, og hefir það sannast af því, að borið hefir við, að þau hafa fundist aftur með merkjunum á sjer.

Þetta kom seinast fyrir síðastliðið sumar. Þá kom maður nokkur til sýslumannsins í okkar hjeraði og kvaðst hafa mist 11 yrðlinga úr eldi. (**B. J.:** Hvar var það?). Maðurinn var úr næstu

sveit við mig, og meira að segja svo hreinskilinn, að fara ekki leynt með þetta, hvort sem hann mundi sæta þungum búsifjum fyrir þessa vanrækslu eða ekki.

Þó má geta því nærri, að honum hefir verið fullljóst, hve illar afleiðingar þetta gat haft fyrir hann og hjeraðið í kring.

Hv. þm. Stranda. (M. P.) sagði, að þótt við flm. vildum með þessu frv. koma í veg fyrir ræktina, til þess að sjá um, að ekki slyppu refir úr ræktarstöðunum, þá hefðum við ekki tekið það til greina, að refirnir geta komið annarsstaðar frá.

Mjer hefir aldrei komið til hugar, að þeir gætu ekki komið frá útlöndum, en það mælir alls ekki á móti því að fækka þeim, sem fyrir eru í landinu.

Annars býst jeg við, að mál þetta sje svo ljóst, að allur þorri hv. þingdm. fallist á það og sjái, að þetta er eina leiðin til að útrýma þessum ófögnuði.

En þeir, sem ekki þekkja til og ekki hafa alið aldur sinn í sveit, vona jeg að ekki taki mark á orðum hv. þm. Stranda. (M. P.), því þau hljóta að vera sprottin af þeim sjerstöku ástæðum, að hann vill hjálpa atvinnuvegi örfárra manna, sem ættu þó ekki að hafa rjett til þess að halda þessari hættu áfram, sem hjer vofir yfir höfði landsmanna.

Í þeirri von, að hv. deild gefi frv. gaum og láti það ganga sína leið gegnum þingið, vil jeg gera það að till. minni, að því verði vísað til landbúnaðarnefndar, að lokinni þessari umr.

Magnús Pjetursson: Úr því að háttv. Mýra. (P. Þ.) vill vísa máli þessu til hv. landbúnaðarnefndar, þarf jeg ekki að vera langorður, því að þá mun síðar gefast tækifæri, svo framarlega sem hún svæfir það ekki hægt og hljóðalaust.

En eitt var það, sem jeg vildi segja hv. flm. (B. St.), og það er, að dæmið, sem jeg tók, var alls ekki úr mínu hjeraði, eins og hann gekk út frá.

En það væri fróðlegt fyrir hv. landbúnaðarnefnd að athuga það, hvort minkað hafi tófudráp, eða fækkað skinnum, sem út hafa flust síðan eldið byrjaði.

Það ætti ekki að reynast erfitt, þar sem svo stutt er síðan hún hófst. En af því má marka, hvaða áhrif hún hefir haft á útrýming tófunnar.

Þá virtist hv. þm. (B. St.) hafa varið miklum tíma í það, að rannsaka rollurnar á Ströndum. En jeg get gefið honum þær upplýsingar, að mönnum er þar ant um lömb sín, engu síður en annarsstaðar. Þar mundi því fljótt kvartað, ef hætta þætti búin af stefnuvargi þessum, því að ekki munu þeir svo margir þar, sem ala hann, að hinir sjeu ekki í miklum meiri hluta, ef þeir teldu eldið orsökina.

Um geldu ærnar er það að segja, að landshættir eru þannig, að sýslan liggur mest strandlengis, og er það víða fjörubeit, og ef hv. þm. (B. St.) þekkir það, þá er til sú veiki í unglömbum, sem fjöruskjögur heitir, og drepur það oft lömbin, ef ekki er fyrirbygt. Annað er það, að sauðburður byrjar óvenjulega seint á Ströndum.

En aldrei hefi jeg heyrt, að vanhöldin væru dýrbiti að kenna, fremur þar en annarsstaðar. En það ætti þó að vera mest á Vesturlandi, eftir skoðun hv. flutnm. (B. St.).

En ekki get jeg hugsað mjer, að heill hópur af tófum hafi hlaupist vestan úr

Strandasýslu beina leið til Austfjarða, enda hefðu þær þá átt að vera markaðar, ef þær hefðu úr eldi sloppið, þar sem hverjum manni er þar gert að skyldu að marka tófur sínar, til þess að hægt sje að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem ekki gæta þeirra svo vel sem skyldi.

Viðvíkjandi þeirri sögu, að menn hefðu slept eldri dýrum af ásettu ráði, skal jeg geta þess, að slíkt hefi jeg aldrei heyrt fyr, að undanskildum þó þeim tröllasögum, sem borist hafa úr fjarlægum hjeruðum, sem ekki þekkja til, en er í nöp við refaeldið. En slíkt er auðvitað ekkert annað en uppspuni.

Þá þurfti hv. þm. Mýra. (P. Þ.) að árjetta orð hv. meðflm. síns (B. St.), og kom hann með ýmsar nýstárlegar upplýsingar. Um aðalatriðið get jeg verið honum sammála, að refirnir geri mein. En þar af leiðandi get jeg ekki fylgt honum að málum, að flytja frv. hjer á þingi, sem miðar að því að fjölga þeim.

Svo lítur út, sem hann hafi skakkar skoðanir á refaeldinu, þar sem hann heldur, að þeir sjeu aldir til þess að auka kyn sitt.

Slíkt á sjer ekki stað. Allar tófur eru drepnar fyrir ákveðinn dag á vetrinum, og er sá tími miðaður við það, að drepnar sjeu tófurnar áður en ís kemur að landi. Er sá tími venjulega frá hátíðum til miðþorra, eða þar um bil.

Sagan um aumingja manninn, sem misti út úr fjárhúsi sínu alla yrðlingana, og bar sig síðan upp fyrir sýslumanni, finst mjer allkátleg. Mjer finst það og bágborið af Mýramönnum að hafa þetta mál í svo mikilli vanrækslu, að þeir gátu ekki einu sinni sektað manninn. Sýslunefnd hefði átt að vera búin að setja inn í fjallskilareglugerðina reglur viðvíkjandi refaeldi og geymslu; má hitt heita furðulegur trassakapur.

Jeg vil aftur biðja hv. landbúnaðarnefnd um að athuga málið vel. Við erum allir sammála um það, að refum beri að eyða, en mjer finst þessi leið, sem hjer er bent á, verða til þess að fjölga þeim.

Margt annað þarf einnig að athuga, sem að eyðingu refa lýtur.

Bjarni Jónsson: Jeg er því miður ekki svo vel að mjer í refafræði sem skyldi, en þó held jeg, að þessir íslensku refir hafi ekki verið hjer allan aldur sinn, heldur sjeu þeir aðkomudýr, eins og þjóðin. Það mætti rannsaka það í hv. landbúnaðarnefnd, hvort refkindurnar á Austurlandi eru Grímseyingar, Elliðeyingar eða Grænlendingar; en það ætti að sjást á mörkunum.

Það er rjett hjá hv. þm. Mýra. (P. Þ.), að Dalamenn hafa kvartað undan refafaraldri og farið fram á það, sumir hverjir, að slík lög yrðu samin, sem þessi eru. En þó eru þeir margir, sem leyfa vilja refaeldi, ef trygging er nægileg fyrir því, að tryggilega sje frá öllu gengið, svo að enginn refurinn sleppi. Það er sem sje einn bóndi þar í Döllunum, Jón í Ljárskógum, sem alið hefir upp tófur, og það þykjast allir Dalamenn vissir um, að engin hafi frá honum sloppið. Voru Dalamenn helst hræddir við Elliðeyinga, en ef þeir hefðu heyrt sögu hv. þm. Mýra. (P. Þ.), að Mýramenn hefðu haft refina fyrir húsdýr undanfarið, en hefðu nú gefið þá lausa, þá munu þeir skilja, að bítur sá, sem þeir hafa orðið varir við, muni vera þaðan kominn.

Sveinn Ólafsson: Það er að eins örlítil söguleg athugasemd, sem jeg vil

gera, og bendir hún til þess, að dýrbítur eystra sje fremur frá Vestfjörðum kominn en Grænlandi.

Jeg þekki að vísu þá tilgátu, að refir sjeu hingað komnir í öndverðu frá Grænlandi, og tel hana sennilega, en þótt jeg hafi búið þar, sem ísinn er tíður gestur, þá hefi jeg aldrei orðið var við refi á ís, eða haft sögur af þessum grænlenska innflutningi, og hefir þó mönnum þar eystra verið oft tíðförult um ísinn og tíðrætt um veiðidýr, sem ísnum hafa fylgt, svo sem seli, birni og fugla. Þetta sannar að vísu ekki, að refir geti ekki flust með ísi, en það bendir þó sjerstaklega í aðra átt. En sögulega athugasemdin er þessi:

Fyrir 1875 var mikið um dýrbít á Austurlandi. Neyttu menn allra ráða til að uppræta þann ófögnuð. Bæði voru dýrabogar notaðir og kappsamlega unnið að grenjavinslu á vorum, eins og líka var lögð stund á að eyða slangurdýrum með skotum. En um Dyngjufjallagosið 1875 hvarf þessi faraldur með öllu á öskusvæðinu.

Eins og tekið hefir verið fram af hv. samþm. mínum (B. St.), þá tók aftur að bera á dýrbít þarna um eða litlu eftir aldamótin, fyrst á hinum efstu afrjettum, en síðar nær sjó, og hefir þessi faraldur ágerst þar síðan með ári hverju, að því er virðist í hlutfalli við aukna refarækt vestanlands.

Á árunum frá 1875 til aldamóta mun ís hafa rekið að Austur- og Norðurlandi fimm eða sex sinnum. Refirnir hefðu því átt að geta komið með ísnum, og aukist þannig á öskusvæðinu löngu fyrir aldamót, en allar líkur mæla móti því, að svo hafi verið. Bendir þetta til þess, að aukningin nú standi í sambandi við refaræktina á Vesturlandi.

Hv. þm. Stranda. (M. P.) vildi sanna, að refarækt vestra gæti ekki valdið dýrbít eystra, af því að refir, sem kynnu að hafa sloppið úr eldi vestra, hefðu verið markaðir, og hlytu því að þekkjast. En gerir hann þá ráð fyrir, að afkomendur þessara mörkuðu refa erfi markið og flytji það með sjer um firn og öræfi?

Mig furðar á, að nokkur, sem dýrbít hefir kynst, skuli vilja mæla refaeldinu bót, og refnum þar með líf. Sjálfur hefi jeg sjeð svo mikið af aðgerðum þessa skemdadýrs, að jeg tel sjálfsagt að uppræta það svo fljótt, sem hægt er. Mjer er enn í bernskuminni, hve áfjáð þetta óargadýr var, er sauðamenn að vetri máttu eigi hverfa heim til máltíða frá hjörðinni, án þess það legðist á hjörðina í fjarveru hans.

Refaeldi miðar að því, að halda við stofni refanna, og má því eigi leyfast.

Sigurður Stefánsson: Jeg þykist vita, að okkur komi öllum saman um, að eyða beri refunum eftir föngum. En hjer erum við komnir inn á svæði, sem heyrir fremur undir sveitarstjórnir en hv. Alþingi, því hver sýslunefnd hefir heimild til að banna refarækt í sínu hjeraði. Og það álít jeg heppilegra heldur en að Alþingi fari að semja lög um þessi efni. Og það er ekki nema sjálfsagt fyrir sýslunefndir, ef dýrbítur vex, að setja svo rammar skorður við, sem frekast er unt.

Mig furðar á frásögn hv. þm. Mýra. (P. þ.) um bóndann í kjördæmi hans, og því meira á því, að jafnmikil landbúnaðarsýsla sem Mýrasýsla er skuli ekki hafa sett nein slík sektarákvæði fyrir að sleppa refum úr eldi, og verð jeg að telja það ópolandi hirðuleysi, og býst jeg ekki við, að betur sje gengið fram í því að eyða grenjum þar í sýslu.

Á Vesturlandi er orðinn svo mikill annmarki að fá menn til þess að liggja á grenjum, að það má heita ókleift. — Kemur það til af því, að í reglugerðinni er kaupgjaldið ákveðið svo lágt, að enginn vill vinna fyrir það.

Fyrsta stigið fyrir sýslunefndirnar er að hækka kaupgjaldið að stórum mun, svo að ábyggilegir menn fáist heldur til að vinna grenin, þó jeg efist um, að hreppsnefndirnar sjái sjer fært að borga svo hátt kaup, sem nú er heimtað, en þá verður afleiðingin sú, að refunum fjölgar unnvörpum í landinu. Jeg hygg, að það geti verið orsökin til þess, að refunum fjölgar, að grenjavinslan sje slælega rekin.

Hvað Vesturlandi viðvíkur, þá hefir refaeldi verið þar í Stranda-, Ísafjarðar-, Dala- og Snæfellsnessýslum um nokkur undanfarin ár, og síðan hefir refunum fækkað þar mikið. Það gefur líka að skilja, þegar dreprnir eru refir svo hundruðum skiftir á ekki stærra svæði. Held jeg, að sje nú refaeldið bannað, geti afleiðingarnar orðið þær, að refunum fjölgi stórkostlega.

Það var góð upplýsing, sem hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) gaf um fækkun refanna eystra eftir 1875, og nokkur ástæða er til þess að ætla, að öskufallið hafi átt þar hlut að máli. En hafi biturinn farið að aukast eftir aldamótin, þá getur það ekki stafað af refaeldinu á Vesturlandi, því þá var það alls ekki byrjað. En það, sem mestu mun hafa valdið um fjölgun refanna á Austurlandi um þær mundir, hefir eflaust verið hvalveiðarnar, því að miklu var meira um tófur á Vesturlandi er hvalveiðarnar voru þar heldur en bæði á undan og eftir. Refirnir sóttu mjög í hvalþjósirnar, sem þá lágu í hrönnum á fjörunum.

Í öðrum löndum, t. d. Norður-Kanada, var stofnað til tófurækta í stórum stíl nokkru fyrir stríðið. Komu menn sjer upp girðingum, er hjeldu tófunum, og ólu þær upp. Er þetta nú orðið miljónafyrirtæki, og amast enginn við. Fjáreigendur þar norður frá amast alls ekki við þeim, því þeim er það fyrir mestu, að tófunum verði fækkað, og þeim dettur ekki í hug að öfundast við landa sína, þótt þeir græði á eldinu.

Þá vil jeg vekja athygli manna á því, að þó að þetta sje ekki stór atvinnuvegur, heldur að eins í fárra manna höndum, þá er það mjög varhugavert að banna hann, meðan engar sannanir eru fyrir því, að hann skaði landbúnaðinn, heldur þvert á móti, að hann geti orðið stór þáttur í útrýmingu refanna, því hann er mjög arðvænlegur.

Þá hefi jeg heldur ekki vissu fyrir, að þær tófur biti mikið, sem úr eldi slyppu. Jeg hefi reynslu fyrir mjer í þessu efni, því jeg hefi sjálfur alið tófur á Vigureyjunni og látið þær ganga innan um sauðfje mitt frá því í ágústmánuði og til febrúarmánaðarloka, án þess að tjón hafi af hlotist. Finst mjer það sanna, að þessar tófur sjeu ekki neinir bitvargar. — En eins og áður er sagt, finst mjer, að sýslunefndir eigi að fara með þetta mál, og þeim sje vel trúandi fyrir að gera þær ráðstafanir, sem haldkvæmar eru til útrýmingar eða eyðingar tófunnar, en hitt er víst, að örðugleikarnir á því að fá góðar grenjaskyttur vaxa fremur en minka, verði frv. þetta gert að lögum, og þá er ver farið en heima setið.

Flm. (Björn R. Stefánsson): Jeg skal ekki lengja umr. mikið, en vil þó að eins minnast á eitt atriði. Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hjelt því fram, að sýslunefndir ættu að setja reglur um refa-

veiðar, en reynslan er sú, að þær hafa ekki allar gert það, og auk þess yrði það til lítils gagns, að sumar settu reglurnar, en aðrar ekki. Þess vegna finst mjer full ástæða til, að almenn lög verði sett um þetta atriði.

Þá talaði hv. sami þm. (S. St.) um, að grenjaskytturnar skyttu lítið um grenin af því, að þeim væri ætlað of lítið gjald í reglunum; en mjer er kunnugt um, að fyrir austan er ekkert farið eftir þessu gjaldi, heldur er borgað það, sem upp er sett, heldur en að vanrækt sje að reyna að vinna grenin.

Þá get jeg ekki verið hv. samþm. mínum (Sv. Ó.) samdóma um sögu refanna. Jeg man, að um aldamótin var töluvert um dýrbit eystra, en svo minkaði það talsvert eftir aldamótin; það er því á engan hátt hægt að setja þetta í samband við hvalveiðarnar, því að þær voru stundaðar á þeim árum, sem refa varð lítið vart, og hættar fyrir nokkrum árum áður en refaaðsóknin fór að aukast aftur.

Þá vil jeg enn vekja athygli hv. þm. Stranda. (M. P.) á því, að ef honum finst ósennilegt, að refirnir austur þar sjeu að vestan, þá hlýtur honum að finnist það enn ósennilegra, að þeir sjeu komnir frá Grænlandi.

Umr. frestað.

Á 14. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. júlí, var framhaldið 1. umr. um frv. (A. 74).

Jón Jónsson: Jeg vildi segja fáein orð út af umr. í gær í þessu máli. Hafa fram komið tvær stefnur í málinu, sem nefna má útrýmingarstefnu og uppeldisstefnu. Þessar stefnu hljóta, að meira eða minna leyti, að verða andstæðar. Þeir, sem frv. eru fylgjandi, eru auðvitað með útrýmingarstefnunni, og þó að frv. sje ekki nema lítill þáttur til útrýmingar, mun það þó gera stórgagn, og treystum við okkur ekki til að fara lengra í útrýmingunni með almennum lögum, þó að þörf væri á.

Það, að ýmsir menn hafa lagt stund á að ala upp refi til útflutnings síðar, hefir orðið til þess, að þeir hafa snúist á móti útrýmingu þeirra. En í því er hinn mesti misrjettur fólginn, að leyfa þessa refarækt, vegna þess, að í reglugerðum sumra sýslna er slíkt algerlega bannað. Í sumum sýslum má þannig rækta refina, en í öðrum ekki. Svo þegar það bætist ofan á, að refirnir sleppa úr gæslu, og ef til vill inn í þær sýslur, þar sem refarækt er bönnuð, þá verður misrjettið enn þá meira. Til sönnunar því, að fyrir refayrkjendum vaki ekki það, að útrýma refunum, má benda á, að það er þeim sjálfum í óhag.

Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) vítti það rjettilega, sem fyrir kom á Mýrunum, að 11 refir sluppu úr fjárhúsi, og kvað það vanrækslu að kenna, ef það kæmi fyrir; og það er satt. En það kom þá upp úr kafinu hjá honum, að svipað væri ástatt þar vestra við Djúpið; þeir væru ekki árvakrari þar, því engir fengjust til að vinna refi þar, vegna þess, hve það væri illa borgað.

Málið er því fullkomlega tímabært, og ágengni refa ein aðalástæðan fyrir því, hve ilt er að búa í sumum sveitum landsins. Jeg hygg það ekki fjarri sanni, að árlega drepi refir 1% af öllu sauðfje í landinu. Ef þetta er rjett athugað, sem mun láta nærri, þá nemur það 353000 kr. skatti á þjóðina, eða meiri skatti en allur tóbakstollurinn, sem er þó hæsti tollurinn.

Um atvinnu af refaeldi er það að

segja, að hún yrði ekki eins arðvænleg, ef refirnir væru geymdir þar, sem helst er von um að geta haldið í þá, þ. e. í traustum steinhúsum eða járnhúsum, þar sem refir geta að engu leyti aflað sjer fæðu, og verða eingöngu að lifa á því, sem þeim er skamtað. Refir eru þurftarfrekir. Eldi þeirra yrði því dýrt og dræg úr gróðanum. Vetrarveiði er erfiðleikum bundin, og ilt að fá menn til að leggja hana á sig.

En ef sú yrði nú reglan, að drepa tófur á grenjum, og svo væru menn hvattir með háum verðlaunum til að skjóta tófur á vetrum, jafnframt því sem eitrað væri á grenjum, þá mundi tófum áreiðanlega fækka. En á þessu hafa verið sífeld mistök. Og út af þeim mistökum, sem orðið hafa, að fullyrt er, að refir hafi sloppið sumstaðar, mikil gengd refa nú í seinni tíð o. s. frv., hafa verið gerðar samþyktir í sumum sýslum að banna refaeldi, en annarsstaðar ekki, t. d. þarna vestur frá. Þó var að heyra á hv. þm. Barð. (H. K.), að honum fyndust þungar búsifjar af tófunni, og því undarlegra af hinum vestanþingmönnunum að gera lítið úr tófubiti þar. Mjer þykir skrítið, ef sú tófa, sem ekki er í eldi, bítur ekki fje á Vestfjörðum eins og annarsstaðar. Vera má, að tófur flytjist inn í landið, en við það verður ekki hægt að ráða, enda verður eins fyrir því að gera það, sem hægt er, til að útrýma tófunni, þó að fáeinir menn í landinu hafi einhvern af því, að hún tímgist.

Það getur verið, að hægt sje að finna betri ráð en þetta til að útrýma refum, en við vildum fara þessa leið. Þetta bann gegn refarækt er vitanlega að eins einn þáttur í eyðslu refa, en jeg lít svo á, að það sje nauðsynlegur þáttur. — Þingið athugar náttúrlega málið, og þá er ekki óhugsandi, að það sjái nýjar leiðir og önnur ráð. En jeg held, að það hljóti altaf að hafa öfugar verkanir, ef á að fara eyða refum með refaeldi; jeg sje ekki annað en það sje Lokaráð, og það get jeg ekki aðhyllst.

Sigurður Sigurðsson: Það eru að eins örfá orð. — Jeg held, að þetta mál sje vandameira en menn halda, og vandameira en virðast má í fljótu bragði. Jeg álít það æskilegast, og að því eigi að stefna, að útrýma öllum refum — öllum refum. Á þingi 1912 bar jeg fram þá till., að skora á stjórnina að safna skýrslum um alt það tjón á sauðfje, sem menn vissu um að refir gerðu, og gera ráðstafanir til að útrýma þeim; gera ítarlegar ráðstafanir að eyðingu refa. (**M. P.:** Allra refa). Já, allra refa. Þó að till. þessi fjelli í þinginu, þá kom það þó greinilega í ljós við umr., að menn töldu þetta æskilegt. Bann gegn refarækt er ekki nóg; það verður að fara lengra. Meðmælendur refaræktarinnar hafa haldið því fram, að hún miðaði einmitt að því að fækka refum. Jeg gef það eftir, að þetta geti að sumu leyti verið rjett. Refaræktin hefir vitanlega enga hættu í för með sjer, ef hún er gerð innan öruggra takmarka og svo er um hnútana búið, að refirnir geti ekki sloppið. Þá má segja, að hún geri ekkert til, og sje að vissu leyti til góðs. En hitt er satt, að það er víða erfitt að búa svo um hvort heldur er í eyjum eða húsum, að refirnir ekki sleppi. Það nægir í því sambandi að benda á þal dæmi, sem hv. þm. Mýra. (P. Þ.) tilfærði.

En málið er umfangsmeira en þetta, og það verður að gera eitthvað meira

í því. Það verður að gera alvarlega gangskör að því að eyða refum. Það er ekki nóg að fækka þeim; það verður að útrýma þeim að fullu og öllu. Það verður að sjá svo um, að stjórnin herði á sýslunefndum að ganga ríkara eftir refaeitrun og öðru því, sem miðar að útrýmingu þeirra. Þar voru bornar brigður á það hjer í deildinni í gær, að þær framfylgdu settum reglugerðum um refaeitrun, en það má á engan hátt eiga sjer stað.

Það er komin fram till. um að vísa þessu máli til landbúnaðarnefndar. Það snertir að vísu landbúnaðinn, en þó er ekki þar með sagt, að það eigi þar heima. Mörg mál, sem snerta landbúnaðinn, fara ekki til þeirrar nefndar, heldur til annara, og fer það eftir eðli málanna. Nú lít jeg svo á, að eftir eðli þessa máls eigi það heima í allsherjarnefnd. Það veitir heldur ekki af lögfræðingum til að fjalla um það, því vel geta verið gömul lagafyrirmæli um þetta efni, sem taka þarf til greina. Jeg hefi það eftir lögfróðum manni, að svo muni vera. Það er þess vegna mín till. að vísa málinu til allsherjarnefndar; jeg álít, að þar eigi það heima og þar sje því vel borgið, þar sem tveir lögfræðingar eru í nefndinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum greiddum atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 2009) með 12 : 4 atkv.

Á 28. fundi í Nd., föstudaginn 8. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 74, n. 272).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., laugardaginn 9. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 74. n. 272, 323).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., mánudaginn 11. ágúst, var frv. enn tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., þriðjudaginn 12. ágúst, kl. 1 miðdegis, var frv. enn tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., s. d., kl. 3^{06} síðdegis, var frv. enn tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., miðvikudaginn 13. ágúst, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 74, n. 272, 323).

Frsm. (Jón Jónsson): Þetta frv. er komið fram, eins og kunnugt er, sökum þess, að mikið hefir borið á refum hjer á landi nú í seinni tíð og þeir valdið talsverðu tjóni. Á þetta var ítarlega minst við 1. umr. málsins. Landbúnaðarnefnd hefir nú haft málið til meðferðar og komist að þeirri niðurstöðu, að hjer sje um alvörumál að ræða, og því sje tímabært, að slík lög sem þessi verði sett. Auðvitað var nefndinni það fullvel ljóst, að þetta mundi hvergi nærri óbrigðult til að útrýma refum alveg, en áleit hins vegar, að það væri spor í áttina. Nefndin var þeirrar skoðunar, að ef ekki væru sett svipuð lög og þetta, þá væri þýðingarlaust að fást

við málið, nema ef til vill að ýta undir sýslufjelög að gera bragarbót.

Það hafa hjer komið fram brtt. frá þrem háttv. þm., sem breyta frv. allmikið, ef þær yrðu samþyktar, þannig að í staðinn fyrir frv. um bann gegn refaeldi, þá yrði það frv. um refaeldi. Á því sjest greinilega, að hjer er um algerðan stefnumun að ræða. Ef litið er á brtt., sýnist það muni óþarft að fara að semja lög um refaeldi, því það er ekki bannað, eins og nú er. Nema ef mönnum þætti nauðsynlegt að benda sýslunefndum á að herða á sektarákvæðum þeim, er nú gilda. En það út af fyrir sig er tæplega næg ástæða til að setja lög um þetta.

Fyrsta brtt. er um heimild sýslunefnda til að leyfa refaeldi á vissu tímabili. Það er í sjálfu sjer ekkert athugavert. En svo er 2. brtt. svo hljóðandi:

Sá, sem refi vill ala, skal kveðja hreppstjóra til að skoða hús þau og girðingar, er hann ætlar til geymslu refanna; telji hreppstjóri geymsluna örugga, er eldið heimilt.

Þessi brtt. virðist nefndinni allvarhugaverð. — Gagnvart þeim, sem eldi hafa og hafa kostað til húsa og girðinga, getur komið sjer illa, ef hreppstjóri svo úrskurðar, að áheldið sje ekki nægilega örugt. Af því leiddi tjón fyrir þann, sem í hlut á. Hins vegar gæti líka verið hætt við, að ef maður, sem ætlar að taka upp eldi, hefir lagt fje til bygginga og annars, þá muni honum frekar leyft eldið, enda þótt geymslunni kunni að vera ábótavant í einhverju.

Þetta frv. okkar er einmitt fram komið af því, að það er sannanlegt, að refir hafa sloppið úr eldi. Hjer frammi í lestrarsal liggur þingmálafundargerð úr Dalasýslu, þar sem sagt er frá, að refir hafi sloppið. Þetta er kunnugt öllum, og ekki sagt út í loftið. Frv. er fram komið af hræðslu við, að þetta eigi sjer stað. Það hefir sýnt sig, að það er annað en spaug að ganga svo frá, að ekki sje hætta á, að dýrin sleppi. Ef slíkt ætti að vera örugt, þyrfti mjög strangt eftirlit, sem í engu væri ábótavant. En á eftirliti hjá okkur er ekki byggjandi.

3. brtt.: Fyrir lok júlímánaðar skal sá, er refi elur, skýra hreppstjóra frá tölu eldisrefa. Er hann hefir lógað refunum, skal hann sýna hreppstjóra belgina. Fyrir hvern ref, er þá vantar á refatöluna, skal hann útlægur um 200 kr., nema hann sanni fyrir hreppstjóra, að ekki hafi sá refur úr eldi sloppið.

Um þessa till. er það að segja, að auðvelt er að fara í kring um hana. Hvaða sannanir á t. d. að heimta af manni, til þess að hann sje laus allra mála? Jeg býst við, að einhver kynni má ske að skýra skakt frá tölunni með það fyrir augum, að oft er ekki gott að vita nákvæmlega, hve marga refi hann hefir tekið á eldi. Við skulum gera ráð fyrir, að hann hafi eldið í einhverri eyju alllangt úti í sjó. Hver getur þá vitað, hvað marga refi hann flytur þangað? Það er ekki hægt að ganga úr skugga um það, nema því að eins, að farið sje út í eyna og refirnir taldir. En á því geta líka verið vandkvæði, því að víða finna refir sjer fylgsni. — Yfirleitt má segja, að hægt sje að fara í kring um þetta alt saman. Og þó hv. flm. gangi ekki annað en gott til, þá er ólíkt hægra að semja slík lög en framkvæma þau.

Í 4. brtt. er sagt, að varða skuli 500 kr. sektum, ef röng skýrsla er gefin. En þar við er það að athuga, að ekki er hægt neitt um það að vita, hvort

skýrslur þessar eru rjettar eða rangar Mönnum er því í lófa lagið að skáka í því hróksvaldi. Þeir, sem ala, geta fengið refina úr öllum áttum, bæði látið veiða þá á grenjum og fengið þá aðflutta úr fjarlægum hjeruðum. Mönnum er það innan handar að koma þeim undan út í eyjar og hólma, án þess að hreppsnefndin hafi um það minstu hugmynd. Hún getur því ekki bygt á öðru en sögn þessara manna.

Auk þess getur það vel komið fyrir, að refar sleppi meðan verið er að flytja þá á markaðinn, og hefi jeg þekt dæmi til þess, því jafnvel þótt yrðlingar sjeu, sem ekki eru komnir til vits og ára, þá er eðli þeirra svo ríkt, að ilt er við þeim að sjá, enda hefir það komið fyrir, að þeir hafa svo að segja smogið í gegnum greipar manna og sloppið í flutningnum.

Þá er í 5. brtt. heimilað að ala refi á hólmum og eyjum úti í sjó. En það er langvarhugaverðasta atriðið. Það gæti ef til vill verið sök sjer, að ala þá í stein- eða járnhúsum, eins og ákveðið er í Strandasýslureglugerðinni, sem heimilar þó líka eldi í eyjum, en að leyfa slíkt í eyjum úti, þar sem ísalög geta verið tíð milli lands og eyja, það er stórvarasamt, og furðar mig á því, að hv. flm. brtt. skyldu leyfa sjer að ganga svo langt.

En um girðingarnar er það að segja, að þær mun ekki unt að gera svo úr garði, að heldar sjeu, því svo mun víðast haga til, að komið geti fyrir, að þær fyllist af snjó að vetrarlagi, og er þá auðvitað hægt fyrir refina að sleppa úr þeim. Þær geta því aldrei orðið öruggar.

Það eina, sem treysta mætti, eru vönduð hús, en þegar til þess er litið, hve dýr þau yrðu, ef svo vandlega væri frá þeim gengið, að óhugsandi væri, að þeir gætu grafið sig út, þá býst jeg við, að það þætti lítill gróðavegur að ala refina.

Auk þess þurfa refir mikið að jeta, og mun það reynast allkostnaðarsamt að ala þá eingöngu á því, sem til fellur af heimili, ef þeir fá einskis að afla sjer sjálfir, og þá er heldur ekki víst, að þeir dafni vel, ef þeir eru innilokaðir á þann veg um langan tíma. En það mun hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) þekkja betur en jeg.

Yfir höfuð virtist nefndinni svo mikil hætta á því, að mistök mundu geta af því hlotist að samþ. brtt. á þgskj. 323, að hún taldi það ekki viðunandi.

Hjer hafa verið svo mikil brögð að því, að refir legðust á fjenað, að ekki má annað duga en gerð verði gangskör að því að útrýma þeim, og þótt sveitarstjórnir láti það mál að nokkru til sín taka, þá er þess full þörf, að löggjafarvaldið taki í taumana, því að hjer getur svo ramt að kveðið, að einum aðalatvinnuvegi landsins sje hætta búin. Svo gæti refunum fjölgað, að ómögulegt væri að eiga sauðfje.

Till. nefndarinnar skal jeg ekki tala um að þessu sinni, en þó vil jeg geta þess, að jafnframt því, sem nefndin vill samþ. frv., þá vill hún með till. ýta við hreppsnefndunum, að þær breyti reglugerðunum þannig, að menn verði ekki með lagabókstaf fældir frá að veiða refi.

Mjer þykir það leitt, að menn skuli ekki geta orðið sammála um þetta mál nú. Hjer á þingi hefir það altaf verið talið sjálfsagt að vinna að útrýmingu refa, og jeg býst við, að hv. flm. brtt. (S. St.) þykist vinna að því nú eins vel og við hinir.

En það er ekki rjett á litið.

Hættan er altaf við höndina, að refar

sleppi af eyjum og hólmum, og sömuleiðis úr girðingum, og þótt einstaka maður sje svo skyldurækinn, að gæta þess, að slíkt komi ekki fyrir, þá er ekki öllum treystandi til þess.

Auk þess eru mest líkindi fyrir því, að lítill gróði verði að eldinu, ef svo er til gæslunnar kostað, sem vera ber.

Jeg verð því að líta svo á, að málstaður flm. brtt. sje verri, og að þeir geti ekki fullyrt, að engin hætta sje á ferðum, þótt þær sje samþ. Jeg vona því, að háttv. deild taki ekki þá stefnu í málinu, sem þar er farið fram á, þó að flm. gangi ef til vill ekki nema gott til.

Vona jeg svo, að frv. verði samþ. eins og nefndin vill vera láta.

Sigurður Stefánsson: Við, sem skrifað höfum undir brtt. á þgskj. 323 sem flm., höfum ekki gert það af því, að við teljum þá aðferð heppilega, sem hjer er viðhöfð, að setja hjer á þingi lög um þetta efni.

Eins og jeg tók fram við 1. umr. málsins, þá tel jeg það fulla tryggingu, að sýslunefndum sje heimilað að gera samþyktir um eyðing refa. Og þessa stefnu hefir líka háttv. nefnd samþ. nú með því að koma fram með till. í því skyni, að vekja sýslunefndir til meiri framkvæmda í þessu efni.

Við flytjum því ekki þessar brtt. af því, að við samþykkjum að fara frumvarpsleiðina, heldur til þess að bæta frv. og færa það í viðunandi form.

Jeg skal taka það fram, að ágreiningur er enginn milli okkar flm. og háttv. nefndar um það, að alt beri að gera til þess að útrýma refum. Ágreiningurinn er að eins um aðferðina. Og þar höldum við flm. brtt. fastlega við það, að einn öflugasti þátturinn í fækkun refanna sje einmitt sá, að leyfa mönnum að ala þá. Skal jeg nú færa rök nokkur fyrir þeim orðum mínum.

Hv. þm. Stranda. (M. P.) gerði það að vísu við 1. umr., en jeg verð að fara frekari orðum um það, vegna andmæla hv. nefndar.

Þessi ótti, sem gripið hefir hv. nefnd, stafar af því, að hún telur víst, að refum hafi fjölgað mjög nú í seinni tíð, og kennir hún það eldinu. En jeg skal nú sýna fram á það, að síðan refaeldi byrjaði á Vesturlandi hefir tófu fækkað þar að miklum mun. Sjest það best á því, að fyrst framan af gátu þeir, sem við eldið áttu, fengið meira en þeir vildu af refum úr grenjunum þar í kring, en þegar fram í sótti fækkaði refum þar svo, að þeir urðu að leita til annara landshluta. Voru þá fengnir refir úr Skagafjarðarsýslu, Þingeyjarsýslum, Múlasýslum og Árnessýslu, og meira að segja alla leið norðan af Kili. Meðan jeg fjekst við refaeldi fjekk jeg það einu sinni 13 yrðlinga.

Það er því enginn vafi á því, að fjölgun refanna stafar af einhverju öðru en því, að þeir hafi sloppið úr eldinu. Og jeg þori að fullyrða, að enn þá sem komið er hefir þeim ekki fjölgað af því, því að þótt sloppið hafi einstöku sinnum refur, þá hefir eldið haft svo miklu meiri fækkun í för með sjer, að þess gætir ekki.

En ef þessi fjölgun er nú svo mikil, sem hv. nefnd heldur fram, þá má benda á aðrar orsakir til þess, meðal annars þær, að eitranir mishepnast meira og meira nú en áður.

Fyrst þegar byrjað var að eitra fyrir refi, þá hrundu þeir niður unnvörpum, en eftir því, sem lengur hefir verið eitrað, hefir refum þeim fækkað, sem farist hafa af þeim sökum. En það er sökum þess, að refir eru með vitrustu

dýrum, og hafa þeir hætt að ganga að eitrinu, þegar þeir fóru að hvekkjast á því. — Sú hefir reynslan orðið á Vesturlandi.

Af þessari ástæðu er eðlilegt, að refum hafi fjölgað. Þess ber líka að geta, að grenjavinslu hefir hrakað óðum. Á Vesturlandi var næstum ómögulegt að fá menn til að liggja á grenjum um það leyti sem byrjað var á eldinu. — Skyttur voru fáar, og fengust ekki fyrir þá borgun, sem í boði var.

Hvorttveggja þetta hefir eðlilega orðið til þess, að refum hefir fjölgað.

Jeg hefi nýlega fengið brjef frá einni af bestu refaskyttunum vestanlands, sem lagt hefir að velli 40—50 refi árlega nú um langt skeið. Vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa kafla úr brjefi þessu:

„Jeg vil strax taka það fram, að jeg álít mjög varhugavert að banna tófueldi; er hræddur um, að það geti orðið landbúnaðinum miklu dýrkeyptara en jafnvel þó að nokkrar tófur slyppu árlega úr heimaeldi, sem auðvitað þarf aldrei að koma fyrir, ef rjett er að farið. Áður en farið var að ala tófur var svo komið, að grenjaskyttur, sem að nokkru gagni voru, fengust ekki, og voru alls ekki til í jafnvel mörgum samliggjandi sýslum, og voru því oft mjög mikil vandræði með að fá af ráðinn grenjabít, ef upp kom, en nú eru allvíða til sæmilegar grenjaskyttur, en þær mundu smám saman hverfa, ef kaupið yrði einungis það, sem sínkar sveitarnefndir ættu að grúta úr sjer; jeg þekki það nokkuð af 30 ára reynslu. Eyðing refa horfir alt öðruvísi við nú en þegar byrjað var að eitra, og nokkuð lengur fram eftir. Þá var hægt að strádrepa tófuna á stórum svæðum, enda var það ósvikið gert. Það varð mjög víða svo lítið um tófur, að hún hafi yfirfljótanlega nóga veiði og þurfti ekki að „bíta“ eða veiða sauðkindur, en það gerir hún víst sjaldan fyr en í harðbakka slær.

En menn hafa ekki varað sig á því, að jafnframt og tófan hefir verið drepin á eitri ár frá ári, þá hefir tófukynið smám saman breyst, þannig, að þau dýrin, sem hneigðust voru fyrir að eta hræ, og um leið óhneigðust til veiða, drápust, en bestu veiðidýrin, tortrygnustu og um leið grimmustu dýrin, urðu eftir árlega og juku kyn sitt.“

Það, sem hann segir enn fremur um eitrunina, hljóðar svo:

„Jeg er því alveg sannfærður um, að það er ekki eitrinu að þakka, að landið er ekki orðið fult af dýrum og bitvarg, heldur grenjaskyttunum og yrðlingatekjunni, enda er jeg sannfærður um, að góð grenjavinsla er hollasta útrýmingaraðferðin; aðalgaldurinn er sá, að drepa fullorðnu dýrin, en setja þau ekki á ár frá ári, því að veturgömul dýr munu sjaldan bíta mikið framan af fyrsta grenjatímanum. Jeg tel því mjög nauðsynlegt að hlynna sem allra best að grenjavinslunni og leita allra mögulegra ráða til þess að fá hana sem allra fullkomnasta, en það verður aldrei gert að eðlilegu gagni með því að banna alla arðsvon af yrðlingunum.“

Þetta segir nú skilorður og gætinn maður, sem fengist hefir við eyðingu refa um 30 ára tíma.

En til árjettingar því, sem hann segir um það, hve þýðingarmikil grenjavinslan sje, vil jeg taka það fram, að jeg er þess fullviss, að hún er eina framtíðarviðleitnin, sem duga má til útrýmingar refunum.

En til þess að fá henni framgengt, og hægt sje að fá refaskyttur, verða þær

að hafa von um eitthvað verulegt í aðra hönd. Og þar sem þeim nú er boðið 15—30 kr. fyrir hvern yrðling, þá býst jeg við, að sveitar- og sýslunefndir mundu hugsa sig um tvisvar áður en þær byðu svo há verðlaun.

Hitt mundi að minni hyggju verða ofan á, ef bannað yrði eldið, að kaupið fengist ekki nógu hátt, og grenjavinsla dytti því úr sögunni.

Önnur besta refaskyttan þar vestra hringdi mig upp í gær, og komst hann meðal annars svo að orði: „Nú ætlar þingið víst að fara að banna refaeldi, en það skal jeg segja þjer, að þá hreyfi jeg hvorki hönd nje fót til refaveiða framar, jafnvel þótt mjer verði boðið þrefalt eða fjórfalt kaup við það, sem verið hefir.“

Sú skytta hefir haft miklar tekjur af því að selja yrðlingana, og svo mun vera um fleiri.

Það er því enginn efi á því, að yrðlingatekjan hefir átt drjúgan þátt í eyðingu refanna, og þá tel jeg ver farið en heima setið, ef tekið er fyrir grenjavinsluna með því, að banna refaeldið.

Mjer dettur í hug, í sambandi við þetta, dálítil saga úr Skagafirði, sem jeg heyrði í mínu ungdæmi. Á Skagaheiði var mjög mikið um refi, og hafði ein af bestu skyttum hjeraðsins verið þar að veiðum og orðið vel ágengt. En á manntalsþingi í Skefilsstaðahreppi varð þráttan mikil milli skyttu þessarar og hreppstjórans. Hafði skyttan gert hærri reikning en hreppstjóri vildi borga. Loks komst það svo langt, að leitað var úrskurðar sýslumanns, sem þá var hinn góðfrægi maður, Eggert Briem. Þagði hann við um hríð, en mælti síðan: „Gerið þið vel við hann Sigurð Víglundarson, svo að hann hætti ekki að skjóta.“

En svo brá við, að þingheimi snerist hugur, og var reikningurinn samþyktur í einu hljóði.

Þeir sáu það, sem rjett var, að ekkert var líklegra en að maðurinn mundi hætta að skjóta, ef honum væri ekki greitt sæmilega fyrir, en þá myndu þeir bráðlega hafa sjeð sína sæng upp reidda, þar sem þetta var eitt af mestu refahjeruðum landsins.

En annars má geta því nærri, að hreppsnefndir eða sýslunefndir geta ekki ákveðið svo hátt kaup, að það nemi 15—30 kr. á hvern yrðling. Hingað til hefir það verið að eins frá 50 au. upp í 2 kr., og í allra mesta lagi komist upp í 4 kr.

Þess verður að gæta, að grenjavinslan fellur á þann árstíma, þegar mestar eru annir og hægast um vik að fá hátt kaupgjald. En því meiri agnúar verða á því, að fá færa menn til grenjavinslunnar, þegar arðvonin af yrðlingunum er af tekin.

Mjer finst það eitt af mikilvægustu velferðarmálum landbúnaðarins að vinna að eyðingu refa, en þessi aðferð, sem frv. fer fram á, miðar alls ekki til þess. Mestar tekjurnar af grenjavinslunni eru yrðlingatakan, eða hið afarháa verð, er refaskytturnar fá fyrir yrðlingana hjá þeim, er refarækt stunda. Ef því frv. yrði samþ. óbreytt, yrði sú afleiðingin, að grenjaskytturyrðu að mestu leyti sviftir atvinnunni, og er því ekki rjett komist að orði í frv., að „einstakir“ menn geri sjer þetta að atvinnu, því svo má heita, að fjöldi manna um land alt hafi hag af þessum nýja atvinnuvegi. Þetta vona jeg að allir gætnir og góðir bændur athugi, er þeir fara að greiða atkv. um frv. Sömuleiðis vona jeg, að þeir ætli okkur, sem refaeldi viljum leyfa, ekki svo vondar hvatir, að

við viljum fjölga refum, því við lítum svo á, að með refaeldi sje fundinn besti vegurinn til að eyða þeim, og við álítum, að refaeldið veg: svo mikið í þessa átt,að það sje betra en aðferð frv., jafnvel þó svo kunni til að takast, að einn og einn refur sleppi úr eldi, en það er alhægt að búa svo um hnútana, að það komi ekki fyrir. Eins og kunnugt er, hefir refarækt verið stunduð í Norður-Ameríku, og hafa menn þar girt margra fermílna stór svæði og gengið svo tryggilega frá, að ekkert dýr hefir sloppið; kemur þó snjór þar, engu síður en hjer. (P. O.: Geta refirnir ekki grafið sig undir girðinguna?). Nei, það geta þeir ekki, því að botninn er sementaður, og girðingin svo úr garði gerð, að þeir geta hvorki komist undir hana eða yfir, en líklega hefir kofi mannsins, sem misti 11 refina í Mýrasýslu, ekki verið sementaður. Þessi aðferð hefir verið reynd á einum stað í Dalasýslu og gefist vel.

Maðurinn sami og jeg las brjefkaflann eftir gengur svo langt, að hann telur það öruggasta ráðið til að fækka refunum, að hafa refaeldi í hverri sýslu, og er það þó í alla staði skýr og glöggur maður.

Jeg verð því að álíta, af því, sem sagt hefir verið, að hræðslan við fjölgun refa af völdum refaeldis sje ekki á neinum rökum bygð. En þó nú svo hafi farið, að nokkrir refir hafi sloppið á Vesturlandi úr eldi, þá er það þó mjög ótrúlegt, að á örskömmum tíma fjölgi af þeim orsökum refum stórkostlega á Norður- og Austurlandi. Jeg tel miklu meiri líkur til, að refum hafi fjölgað sökum þess, að grenjavinsla er víða í þessum landshlutum komin í mestu vanrækslu, og tel jeg einu vonina til, að hún aukist aftur, arðsvonina, er fylgir því að vinna grenin, þar sem hægt er að koma yrðlingunum í peninga, með því að selja þá til þeirra, er refaeldi stunda.

Þá er það ekki rjett hjá hv. frsm. (J. J.), í nefndarálitinu, að með refaeldinu sje það ekki lengur markmiðið að eyða refum, heldur að fjölga þeim. Þeir, sem ala refina, gera það til þess að lóga þeim síðar, og síst getur refum fjölgað þar, sem refir eru drepnir hundruðum saman árlega, eins og gert hefir verið með refaeldinu á Vesturlandi, þar sem áður var orðið mjög lítið um refaeyðing. Jeg vil auðvitað ekki neita því, að refir geti sloppið úr girðingu eða eyjum, en það verður hrein undantekning, þegar þess er gætt, hve arðsvonin er mikil af hverjum ref, þeim sem ala; fyrir hann geta þeir fengið 80—300 krónur, eins og verð er nú. Geta því allir farið í sinn eigin barm og athugað, hvort hagsvonagát þeirra mundi ekki kenna þeim að gæta vel þessara alidýra.

Háttv. frsm. (J. J.) gerði þá áætlun við 1. umr., að 1% af sauðfje landsins yrði tófunni að bráð. Þetta er nú ekki nema ágiskun, en enn þá meiri ágiskun er þó það, að ætla, að alt þetta bit stafi af völdum refa, er sloppið hafa úr eldi. Hjer er ekki heldur um arðsvon að eins örfárra manna að tefla, heldur líka allra þeirra,sem fást við grenjavinslu, og þeirra manna má landbúnaðurinn síst án vera. Verður miklu fremur að hvetja þá á allan hátt að leggja sig sem mest eftir grenjavinslu, því það er íþrótt, sem ekki verður lærð á skömmum tíma, fremur en aðrar íþróttir; þarf grenjaskyttan bæði að vera ágætur skotmaður, og svo verður hún að þekkja dýr-

ið, hvernig það hagar sjer. Er það mikið mein landbúnaðinum, að hjer eru alt of fáar góðar grenjaskyttur.

Jeg heyrði því miður ekki helminginn af ræðu hv. frsm. (J. J.), því bæði er, að jeg er farinn að heyra ver en jeg gerði, og svo er oft svo mikill hávaði í þessari deild, að varla má heyra manns mál. Þó heyrði jeg, að hv. frsm. (J. J.) var að tala um, að mjög mætti fara í kring um ákvæðin á þgskj. 323. Það er að vísu satt, því það má fara í kring um öll lög, en ef fara má í kring um þessi ákvæði, þá má engu síður fara í kring um reglugerðir sýslnanna. Það er heldur engin gagngerð ástæða móti lögum, að hægt sje að fara í kring um þau, því varla munu þau lög verða samin, sem slíkt megi ekki segja um.

Þá vil jeg lýsa því yfir, að jeg og meðflm. mínir munum taka öllum breytingum og bendingum, sem miða til bóta, því það má vera, að breytingartill. á þgskj. 323 sjeu ekki svo vel úr garði gerðar, að ekki megi bæta þær. Mundi jeg vera með að athuga slíkar breytingar við 3. umr., því jeg vil fyrir alla muni, að samkomulag fáist í þessu máli. Við erum hvort eð er allir á eitt sáttir um það, að refum beri að eyða eftir föngum; okkur skilur að eins á um, hvaða leið beri að fara. Er jeg mótfallinn þessari svo kölluðu bannstefnu, sem er af sama toga spunnin og aðrar líkar stefnur, sem jeg veit að háttv. frsm. (J. J.) er ekki með. Úr því að á að banna eldi refa, af því að þeir kunni að sleppa, er eins vel hægt að segja, að rjett sje að banna manni að fara með byssu, af því að hann getur slasað sig á henni. (**P. Þ.**: Bann, eins og t. d. að gefa æðaregg?). Það veit jeg ekki til að sje neinn gróðavænlegur atvinnuvegur, að gefa æðaregg.

Þá vil jeg geta þess, að villur nokkrar hafa slæðst inn í breytingartill. á þgskj. 323. — Á t. d. í 2. tölulið að vera „hreppstjóri“ í staðinn fyrir „hreppstjórn“. Í 4. tölulið, við 4. gr. frv. er það villa, að „framan við greinina bætist“; á að standa „ný grein“.

Þó jeg heyrði ekki mikið af ræðu hv. frsm. (J. J.), heyrði jeg hann þó segja eitthvað á þá leið, að yrðlingarnir gætu sloppið er verið væri að flytja þá í eldi, víðs vegar af landinu. Getur þetta komið fyrir að vísu, en þó tel jeg það mjög hæpið; er bæði, að þessir veslingar eru svo að segja ósjálfbjarga, sökum þess, hversu ungir þeir eru, og svo er eftirlit með þeim mjög strangt. Hitt veit jeg aftur á móti, að ekki er það bannað í frv. nefndarinnar, að grenjaskyttur ali yrðlinga, meðan á grenjavinslu stendur, og veit jeg til þess, að þeir hafa frá þeim sloppið. Í refareglugerð fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu, sem jeg samdi löngu áður en refaeldi byrjaði, var sett ákvæði um, að það varðaði 50 kr. sekt, ef refir slyppu úr eldi. Annars má telja það illa meðferð á skepnum, hvernig farið var með þessi grey á grenjunum, því þeir voru hafðir til þess að kreista þá og klípa á grenjunum, svo að foreldrarnir, sem ekki þoldu að heyra kveinstafi afkvæma sinna, kæmu í skotfæri og yrðu drepnir.

Þá er líka í brtt. okkar talað um, að hafa megi refaeldi í eyjum og hólmum í sjó úti. Jeg get frætt hv. þm. um, að allan þann tíma, er jeg hafði refaeldi í Vigur, kom það ekki fyrir, að einn einasti refur slyppi. Kom það að vísu tvisvar fyrir, að lagði milli lands og eyjar, en aldrei bar það svo bráðan að, að ekki ynnist tími til að drepa refina áður en fulllagt var. Mjer er heldur ekki kunnugt um, að áður en refaeldi

hófst á Vesturlandi hafi þar verið lógað alt að 400 refum á ári, en það hefir komið fyrir nú á síðustu árum. Þætti mjer gaman að sjá til samanburðar skýrslur úr sýslum, þar sem ekkert refaeldi er, um fjölda þeirra refa, sem drepnir hafa verið. Jeg mun ekki taka það nærri mjer, þótt till. mínar verði feldar, en jeg tel það illa farið fyrir landbúnaðinn. En þó nú þessar brtt. falli, þá gleð jeg mig við þá von, að brtt. við þingsál. verði samþ., og að ekki verði tekið það sjálfstjórnarvald af sýslunefndum, er þær hafa. Liggur það líka í augum uppi, að ef trúa má þeim fyrir að sjá um grenjavinslu, þá má líka trúa þeim fyrir að sjá svo um, að refar sleppi ekki úr eldi.

Bjarni Jónsson: Jeg mundi láta mig þetta refamál litlu skifta, ef ekki hefðu orðið umr. um það heima í hjeraði. Var þetta mál rætt þar á 2 þingmálafundum, og komu ýms tilmæli fram um það, að skora á hv. Alþingi að banna refaeldi. Var það fært til sönnunar, að miklar líkur væru til, að refir hefðu sloppið úr Elliðaey og eyjum á Steingrímsfirði á ís, og hefðu þeir bitið fje manna. Ekki var þó till. í þessa átt samþykt nema á öðrum fundinum. Á hinum fundinum komust menn að þeirri niðurstöðu, að í sjálfu sjer væri ekkert út á refaeldi að setja, ef tryggilega væri frá öllu gengið. Jeg þykist því vera í fullu samræmi við vilja kjósenda minna, þótt jeg sje meðflm. að brtt. Mjer er engin launung á því, að miklu rjeð um vilja annars þessa fundar, að í sýslunni er maður nokkur, Jón í Ljárskógum, ágæt refaskytta og dugnaðarmaður. Hefir hann haft atvinnu af refaeldi, enda verið forgöngumaður að því máli, og hefir hann manna fyrstur reynt að útvega þessari vörutegund góðan markað. Þótti mönnum fyrir því, að eyðileggja þennan atvinnuveg fyrir þessum manni, þar sem líka aldrei hafði fyrir komið, að refir hefðu sloppið frá honum. Vildu þeir því ekki láta það koma niður á honum, þótt einhverjir hefðu farið ógætilega. Þá tel jeg það ekki heldur rjett af löggjafarvaldi að eyðileggja einn atvinnuveg, þótt hætta stafi af honum fyrir einhverja. Ekki eru t. d. bannaðar fiskveiðar, og kemur það þó fyrir á stundum, að skip týnast, og það sem er enn meiri skaði, að ungir og duglegir menn bíða oft bana af. Margt fleira mætti tilnefna, og dettur þó engum í hug að leggja þennan eða aðra atvinnuvegi niður. Þá má og leggja töluverða áherslu á þá skoðun hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að með þessu yrði hvötin til þess að eyða refunum tekin frá mönnum. Það hlýtur hver heilvita maður að sjá, að hvötin til að eyða refunum og ná yrðlingunum er því meiri, sem meiri er hagsvonin. Jeg man líka frá mínu ungdæmi, að mikið hirðuleysi var haft við grenjavinslu. Voru yrðlingarnir oft látnir vera eftir í greninu, er foreldrarnir höfðu verið drepnir, og kylfa látin ráða kasti um það, hvort þeir yrðu hungurmorða eða lifðu. En nú hefir áhugi manna fyrir að ná í refina og yrðlingana vaxið við það, að mátt hefir tengja við það atvinnugrein, sem mikið gefur í aðra hönd.

Íslendingar eru oft vanir að líta til annara landa, er þeir eru sjálfir að ráðgera, hvernig einhverju skuli haga. En eins og menn vita, þykir konum víðs vegar um heim mikið koma til loðskinna, sjerstaklega þeirra, sem fásjeð eru. Eftir því tóku menn í Vesturheimi, að þar í landi voru sumar refategundir með rauðum lubba undir hinum löngu

gráu hárum á bakinu, en aðrar með svörtum lubba undir silfurgráum, löngum hárum. Eru þeir sjaldgæfari og miklu dýrari, og eru skinn þeirra seld afardýru verði. Tveir menn tóku sig þá til og ólu refina; bjuggu þeir svo vel um, að enginn vissi, hvaðan öll þessi skinnavara kom inn á markaðinn, enda máttu mennirnir ekki við því að missa refina. Þessum mönnum tókst að verja refunum útgöngu, en þeim tókst ekki að verjast því, að meðbræður þeirra kæmust ekki að þessu. Fóru því menn almennt að leggja stund á þennan atvinnuveg. Er nú svo mikið um þennan atvinnuveg þar vestra, að stjórnin hefir gefið út skýrslu um það meðal annars, hvernig menn eigi að haga sjer, og er þar teikning af, hvernig refagirðingar eða stíur eiga að vera. Verður að búa svo um, að þeir grafi sig ekki í gegnum, og hefir grjót til þessa þótt duga; enn fremur grafa refir sig ekki í gegnum trjevegg, sem er makaður upp úr kreosod. Til þess að gefa mönnum nokkra hugmynd um, hvern arð þessi atvinnuvegur gefur þar, sem menn hafa hitt á að ala upp sjerstaklega sjaldgæfar og skinngóðar refategundir, get jeg sagt frá því, að eitt skinn af silfurref var selt þar fyrir 1000 vesturheimska dali, og í 12 árin, eftir 1905, hefir meðaltalan af verði bestu skinnanna verið 600 dalir. Ættu þessar tölur að fá menn til þess að hugsa sig um, áður en þeir fara að banna þennan atvinnuveg með lagaboði. Þess ber og að gæta, að silfurrefir geta engu síður lifað hjer á landi en þar vestra, og eru raunar til hjer á landi refir, bláir á lit, með silfurlituðum hárum. Væru þeir aldir upp af viti, er engin hætta á öðru en að þeir myndu gefa góðan arð.

Jeg vildi geta þessa, mönnum til íhugunar, áður en þeir loka atvinnuvegi, sem nú er í byrjun.

Það er von, að menn heimti, að svo sje tryggilega um búið, að fjenaði stafi ekki hætta af refarækt. Og það ætti að vera vinnandi vegur að búa svo tryggilega um hnútana, að fjenaði væri óhættara eftir en áður. Því að refarækt mundi auka veiðilöngunina, eins og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hefir tekið fram, þar sem menn vissu, að einhvers væri að vænta í aðra hönd.

Jeg vona þess vegna, að landbúnaðar-, eða refanefndin, taki þessi atriði til íhugunar, áður en hún gengur að málinu af kappi. Það tel jeg vera miklu sæmilegra. Jeg hygg, að Íslendingum verði engu erfiðara en öðrum þjóðum að búa svo tryggilega um hnútana, sem hjer hefir sagt verið.

Pjetur Ottesen: Af því að jeg er einn af flm. frv. þessa, sem þegar hefir verið rætt allmikið um, og útlit er fyrir að enn sje ekki útrætt, vildi jeg segja nokkur orð.

Það hefir gengið álíka vel að handsama þetta frv. og refina, því að nú hefir það verið tekið 5 eða 6 sinnum af dagskrá. Skoðanir manna eru skiftar um málið. Við flm. frv. höldum því fram, að eini vegurinn til þess að útrýma refunum sje að banna refaeldi. Aðrir telja það öruggasta ráðið, að rekin sje sem mest refarækt í landinu, enda ber breytingar- og viðaukatill. á þgskj. 323 þetta með sjer.

Við 1. umr. taldi hv. þm. Stranda. (M. P.) fyrirsögn frv. vera algert öfugmæli, því að frv. mundi leiða til þess, að refum fjölgaði. Þegar hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) fór að rökstyðja þessa staðhæf-

ingu með honum, virtust mjer rökin snúa öfugt við henni. Ræða hans ber það með sjer, að refum hefir fjölgað á Vestfjörðum, þrátt fyrir refaræktina. Hv. þm. (S. St.) sagði, að yrðlingar hefðu verið fluttir til Vestfjarða. (S. St.: Úr Mýrasýslu). Það kemur málinu ekki við, hvaðan þeir hafa verið fluttir, þó að satt væri. En annars höfum við umsögn fleiri manna um það, hvernig refirnir vaða uppi á Vestfjörðum. (S. St.: Það eru óáreiðanlegar munnmælasögur). Jeg leyfi mjer samt að bera þær fram, í þeirri trú, að fleirum sje að trúa en hv. þm. N.-Ísf. (S. St.).

Eftir frásögn hv. þm. Barð. (H. K.) hefir dýrbítur aukist svo stórum þar í hjeraði tvö síðustu árin, að til vandræða horfir. Bændur eru í svo miklum vandræðum með fje sitt á vetrum, að fjármaðurinn verður að fylgja því stöðugt. Það kveður jafnvel svo ramt að, að refirnir elta fjenaðinn heim að húsunum. (S. St.: Það hefir verið svona frá alda öðli). Nei, þessi ófögnuður hefir farið stórum í vöxt tvö síðastliðin ár Sömu sögu segir hv. þm. Snæf. (H. St.) úr sínu hjeraði. En við höfum líka vitnisburð nágranna hv. þm. N.-Ísf. (S St.), þar sem er hv. þm. Ísaf. (M. T.). Hann segir, að einmitt síðan refaeldið hófst á Vestfjörðum hafi þeim fjölgað svo geipilega þar um slóðir, að þeir gangi jafnvel ljósum logum inn í kaupstaðinn á vetrum. (S. St.: Þeir eru ekki ferfættir). Það lítur út fyrir, að hv. þm. (S. St.) þekki tvífætta refi. Þessi vitnisburður, um ferfættu refina, kemur ekki vel heim við það, sem þm. N.-Ísf. (S. St.) hefir haldið fram.

Sömu tíðindi eru sögð úr Húnav.sýslu, og ekki er grunlaust um, að refagangurinn þar eigi að nokkru leyti kyn sitt að rekja til refa, sem grunur er á að sloppið hafi í land á ísi úr Grímsey eða Steingrímsfirði. (B. St.: Sagði ekki hv. þm. Stranda. (M. P.), að refirnir kæmu aftur, þó að þeir slyppu?). Jú, það sagði hann að vísu, að þeir leituðu að holu sinni, en það er nú dálitið grunsöm staðhæfing, því að trygð tófunnar hefir ekki verið við brugðið hingað til. Auk þess getur ísa leyst skyndilega, og er þá refunum ekki afturkomu auðið, hvað sem trygðinni líður.

Það er þess vegna ljóst, að refarækt verður aldrei til að útrýma refum. Og því fráleitara er að heyra slíka staðhæfingu af vörum hv. þm. Dala. (B. J.), þar sem fullyrt er, að refir hafi sloppið þar í hjeraði úr gæslu; þrátt fyrir það flytur hv. sami þm. (B. J.) brtt. um, að refi megi rækta í eyjum og hólmum, og segist vera þar sammála kjósendum sínum. Þó er talið alveg víst, að refir hafi sloppið þar í land úr eyju einni.

Þetta kemur berlega fram í þingmálafundargerð þaðan úr sýslu, þar sem skorað er á þingið að banna alveg refaeldi.

Það getur verið, að búa megi nógu tryggilega um refina í steinþró, enda mun það vera eini vegurinn til þess að vera öruggur um, að þeir sleppi ekki. En þeir refir, sem sleppa úr haldi, verða mestu skaðræðisgripir; miklu nærgöngulli en refir eru ella. Þeir eru hættulegur bitvargur, sem snuðrar í alla króka og kima, og skjótast jafnvel inn í fjárhúsin. Það er ekki allra meðfæri að „civilisera“ refina eins vel og háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) virðist hafa tekist. Hann sagði, að þeir gengju innan um fjenaðinn á eyjunni hjá sjer, án þess að gera honum hið minsta mein. Það

eru fæst hjeruð, sem eiga slíka uppeldisfeður. Hann hefir ef til vill skvett vígðu vatni á lömbin sín, svo tófan hefir ekki árætt að þeim.

Til dæmis um það, hvort refaeldið sje öruggasta ráðið til að útrýma refunum, má benda á það, að þess eru dæmi um grenjamenn, að þegar þeir komast á snoðir um, að yrðlingarnir væru svo ungir, að þeir hafa ekki treyst sjer að halda tórunni í þeim, hafa þeir yfirgefið grenin í bili, en þegar þeir hafa komið aftur að greninu, hafði tófan flutt sig og hyski sitt. Þeir hafa því komið að tómum kofunum og mist af krásinni.

Því hefir, eins og áður er sagt, verið haldið fram, að áhugi manna á grenjavinslu mundi minka, ef refarækt væri bönnuð. Jeg hygg, að hún mundi vaxa, því þá gætu menn fyrst vænst þess, að sjá einhvern árangur af útrýmingarstarfinu. En þeir, sem rækju grenjavinslu sem atvinnu, mundu ekki vilja, að refunum væri útrýmt. Þeir mundu sjá hag sinn í því, að viðhalda refunum.

Þótt kaup það, sem nú er goldið fyrir grenjavinslu, sje sumstaðar lágt, eftir því, sem sjá má í fjallskilareglugerðum, mundi það ekki verða vinslunni til verulegs trafala, því að ef frv. yrði samþ., mundu sýslurnar leggja meira kapp á grenjavinslu en gert hefir verið hingað til, og gjalda grenjamönnum hærra kaup.

Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sagði, að Alþingi ætti ekki að setja lög um grenjavinslu, heldur ætti vinslan að vera sett í sjálfdæmi hjeraðsstjórna. Þetta gæti átt við sum hjeruð, en ekki öll. Og jeg efast fastlega um, að gengið yrði hreint til verks að útrýma refum í hjeruðum, sem ættu jafnáhrifamikla og harðvítuga refaeldispostula eins og þeir eru hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) og hv. þm. Stranda. (M. P.). Háttv. þm. Stranda. (M. P.) tók að vísu fram, að ákvæðin yrðu að vera ströng, ef grenjavinslan ætti að verða einhlít. Þetta er rjett. En hv. þm. Stranda. (M. P.) hefir ekki hingað til lagt mikið upp úr ströngum lagaákvæðum.

Jeg þarf ekki að fjölyrða um ræðu hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), þá sem hann nú flutti. Hún var að eins endurtekning á því, sem hann sagði við 1. umr. málsins. Brjefið, sem hann las upp, er mjög skilmerkilegt frá sjónarmiði refaeldismanns. Og þar sem hv. þm. sjálfur (S. St.) hefir mikinn tekjuauka af refaeldi, þá er eðlilegt, að hann vilji halda í refina sjálfs sín vegna. (S. St.: En ef jeg skyldi nú vera hættur við refaeldið?). Þótt hv. þm. (S. St.) kunni að vera hættur við það nú um stundarsakir, þá má gera ráð fyrir, að hann hyrfi að því aftur, þar sem hann hefir svo gott vald á þessum dýrum. Og jeg býst við, að fleiri mundu vekjast upp, sem vildu feta í hans fótspor.

Þá lagði háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) áherslu á það, að hlynt væri að grenjaskyttunum. En það kvað hann ekki vera aðhlynningu, að banna mönnum refaeldi. Eftir hans skilningi gætu refaskytturnar því að eins haldið iðn sinni áfram, að leyft sje refaeldi. En það væri sama sem að stuðla að því, að refunum fækki ekki í landinu. Jeg hygg, að hjer verði því að eins tryggilega um hnútana búið, að lagt sje algert bann við refarækt. Búfjenaði stendur stórhætta af þessum bitvargi þess vegna tel jeg sjálfsagt að samþ. frv. Refaskyttunum má hlynna að á annan hátt, borga þeim vel fyrir starfa sinn og verðlauna auk þess þá, sem skara fram úr að dugnaði í því að vinna gren.

Í brtt. hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) er gert ráð fyrir því, að hreppstjóri skoði hús þau og girðingar, sem ætlaðar væru til geymslu refa. En hver á að skoða þann útbúnað hjá hreppstjóra, ef hann skyldi hafa refarækt? Í 5. lið till. er heimilað refaeldi í eyjum og hólmum. En ekki er minst á einu orði, hver eigi að hafa eftirlit með því, að refirnir sleppi ekki í land? (S. St.: Það eftirlit felst í brtt. við 3 gr.). Þau ákvæði eru miðuð við girðingar á landi. (S. St.: Bóndinn á að skila belgjunum). Það er ekki full trygging, því að sumir þeirra geta verið gamlir, fyrntir frá fyrra ári o. s. frv.

Jeg vænti. að hv. deild samþ. frv. og felli brtt., sem eru fleygur í frv.

Frsm. (Jón Jónsson): Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sagði, að refarækt gæfi góða arðsvon í aðra hönd og mundi verða til þess að eyða refunum, því að það væru jafnvel einu ágætisskytturnar, sem við eldið fengjust. En það er ekki sagt, að refaeldismenn sjeu góðar refaskyttur. Hugsunin, sem liggur til grundvallar fyrir grenjavinslu þeirra, er ekki að útrýma refunum, heldur að veiða þá til eldis. Þar af leiðir, að þeir mundu einkum gera sjer far um að veiða yrðlinga, sem eru auðveldari viðfangs en fullorðnir refir. Eðlilegt væri, að þeir vildu viðhalda stofninum, til þess að tryggja sjer atvinnuna sem lengst, og legðu sig því ekki eftir að ná fullorðnu dýrunum, frekar en verkast vildi. Menn geta verið snjallir að ná yrðlingum, þótt þeir sjeu ekki góðar skyttur nje lagnir á að leggja að velli fullorðna refi. — Ályktun hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) er því röng.

Jeg vil benda háttv. þm. á, að fleiri en refaeldismenn hafa verið svo duglegir, að veiða 40 refi. Á Fljótsdalshjeraði var einu sinni maður, sem lagði fyrir sig refaveiðar, og komst svo langt, að hann veiddi 40 refi á einum vetri. Það er ekki sagt, að alstaðar sjeu menn, sem eru eins duglegar refaskyttur og þessi maður. En ef ýtt væri undir menn með verðlaunum, mætti gera ráð fyrir, að ýmsir legðu sig eftir refaveiðum. Það getur orðið töluverður arður í að vinna gren, þótt ekki sje til eldis. — Grenjavinslumennirnir fengju í fyrsta lagi verðlaun fyrir hvern ref, sem þeir veiddu. Þar að auki fengju þeir borgun fyrir refaskinnin. Það gæti því orðið dálítill gróðavegur að grenjavinslu, þótt hann yrði eitthvað minni en ef grenjamönnunum væri leyft refaeldi. Enn fremur yrðu skinn af yrðlingum einhvers virði.

Höfundur brjefsins, sem hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) las upp, — sem er refaeldismaður, — kvaðst ekki fást framar við refaveiðar, ef frv. yrði samþ. Þessi yfirlýsing sýnir að eins óskiljanlegan stórbokkaskap. Maðurinn getur varla sagt þetta í alvöru, heldur til að ögra mönnum með því. Refaeldi verður aldrei örugt ráð til þess að verja hjeruðin fyrir ágangi refa. Öruggasta ráðið er, að einstakir menn leggi stund á refaveiðar, til algerðrar útrýmingar refa. Annars verður grenjavinslan aldrei trygg.

Engin hálfvelgja nje kák dugir í þessu máli. Allar misfellur á framkvæmdum verður að fyrirbyggja, eftir því sem kostur er, og hvetja verður til framkvæmda. Það er það eina rjetta, sem þingið getur gert. Þá menn verður að verðlauna, sem mestan dugnað sýna. Öll miðlun er hjer ótæk. Er því ekki rjett að samþ. brtt. hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) og fjelaga hans.

Umr. frestað.

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 16. ágúst, var fram haldið 2. umr. um frv.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. ágúst, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 74, n. 272, 323).

ATKVGR.

Brtt. 323, 1. feld með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. P., M. Ó., P. J., S. St., B. Sv., B. J., B. K., E. A., G. Sv., H. K., Ó. B.

nei: J. B., M. G., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., B. St., E. Árna., E. J., J. J.

Tveir þm. (J. M. og Þorst. J.) fjarstaddir.

— 323, 2.—8. teknar aftur.

— 272. samþ. með öllum greiddum atkv.

1. gr., svo orðuð, samþ. með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. St., E. Árna., E. J., H. K., J. J., J. B., M. G., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., Ó. B.

nei: B. Sv., B. J., B. K., E. A., G. Sv., M. P., M. Ó., P. J., S. St.

Tveir þm. (J. M. og Þorst. J.) fjarstaddir.

2.—5. gr. samþ. með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. K., J. J., J. B., M. G., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., E. Árna., E. J., Ó. B.

nei: G. Sv., M. P., M. Ó., P. J., S. St., B. Sv., B. J., B. K., E. A.

J. M. greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (B. St. og Þorst. J.) fjarstaddir.

Fyrirsögn á þgskj. 272 samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., E. Árna., E. J., J. J., J. B., M. G., P. O., P. Þ., S. S., Ó. B.

nei: B. Sv., B. J., B. K., G. Sv., H. K., M. P., M. Ó., P J., S. St.

J. M. greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (B. St., E. A. og Þorst. J.) fjarstaddir.

Á 42. fundi í Nd., föstudaginn 22. ágúst, var frv. tekið til 3. umr., með fyrirsögninni:

Frumvarp til laga um bann gegn refaeldi (A. 435).

Einar Arnórsson: Það er stungið upp á, að málinu verði vísað til stjórnarinnar.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til stjórnarinnar feld með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. J., G. Sv., H. K., M. P., M. Ó., P. J., S. St., B. Sv., B. J., B. K., E. A.
nei: J. J., J. B., M. G., P. O., P. Þ., S. S., St. St, Sv Ó., Þorl. J., Þór. J., B. St., E. Árna., Ó. B.

J. M. greiddi ekki atkv..
Einn þm. (Þorst. J.) fjarstaddur.
Frv. samþ. með 13 : 9 atkv. og afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed., laugardaginn 23. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um bann gegn refaeldi,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 472).

Á 39. fundi í Ed., mánudaginn 25. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Guðjón Guðlaugsson: Þó þetta mál sje lítið, þá hafa orðið talsverðar umræður um það í hv. Nd., og jeg býst við, að það sjeu of mikil veðrabrigði fyrir frv., ef það yrði afgreitt hjer umræðulaust, og vil jeg ekki stuðla að því.

Jeg hallast að því, að frv. sje óheppilegt og að það hafi áhrif í gagnstæða átt við það, sem flm. ætlast til. Ef frv. verður að lögum, verður það fremur fullkomin trygging fyrir refaeldi í landinu, það er að segja viltra refa, er valda tjóni og fjárskemdum. Jeg hygg, að jeg sje svo kunnugur málinu, að jeg geti fullyrt, að það er ekkert ráð betra og farsælla til útrýmingar refa en refaeldi það, er átt hefir sjer stað á nokkrum stöðum.

Í þessum mjög svo leiðinlegu og lítilfjörlegu umr. í háttv. Nd. heyrði jeg ýmsar svo nefndar ástæður með þessu frv., en það var sameiginlegt við þær allar, að þær voru bygðar á algerðu þekkingarleysi á málinu, fullkomnu slúðri, og höfðu ekki við neitt að styðjast. M. a. góðgætis var það, að einhver maður hefði sagt einhverjum kunningja sínum, og hann svo einhverjum þm., er enginn þó vissi hver var, að miklar líkur væru til þess, að einhvern tíma hefðu refir sloppið á land úr Grímsey og Steingrímsfirði og labbað norður í Húnavatnssýslu. Þegar svo var sagt frá þessu, þá var það orðið að vissu. Það er svipað og sagan um hænuna, sem reitti af sjer fiðrið. Jeg veit nú, að þetta er hin mesta fjarstæða; í fyrsta lagi eru allir refir í Grímsey markaðir, svo þessir húnversku refir hefðu átt að vera markaðir, ef þeir hefðu verið þaðan, en þess hefir ekki heyrst getið. Það hefir enginn sagt. Í öðru lagi hafa ísalög ekki verið svo mikil, að slíkt gæti átt sjer stað. Það er alstaðar mikið styttra til lands úr Grímsey heldur en þvert yfir Húnaflóa til Vatnsness eða Skagastrandar. Jeg veit það enn fremur, að það hafa verið hafðar nákvæmar gætur á refunum. Hreppstjórinn, er sjer um það, er fremur óvinveittur refaeldinu, og ef til vill sumum refaeigendunum, og hann á, bæði sem hreppstjóri og sýslunefndarmaður, að athuga þetta. Hann telur yrðlingana, sem látnir eru í eyjuna, og hann telur skinnin, og hefir aldrei vantað stórkostlega upp á tölu þeirra, og vanhöldin hafa síst verið meiri síðustu ár, þótt ís hafi verið.

Jeg hefi nú nýverið fengið þrjú brjef um mál þetta, frá mönnum í Dala- og Strandasýslum, og eru þau fróðleg mjög, einkum brjef frá Jóni Guðmundssyni, bónda í Ljárskógum í Laxárdal í Dalasýslu. Hann hefir í mörg ár feng-

ist við refaeldi og hefir tekist það ágætlega, og hann er sannfærður um, að refaeldið sje besta ráðið til þess, að greni verði unnin. Hann hefir gefið mjer fróðlega skýrslu um refatöku og hvað margir refir hafi veiðst í hverjum hreppi í mörg ár, og það kemur skýrt fram, að refaeitrun hefir alstaðar verið mesta tjón. Þar vestra var byrjað á eitrun, en síðan var hætt við það, af því það þótti gagnslaust. Þessi maður hefir gert margar tilraunir með refi, og hann heldur því fram, að refaeldi og refaklak sje viss atvinnuvegur, og hann segir, að það sjeu orðnar kynbætur á refum. Þessar kynbætur stafa af eitruninni; fyrir henni hafi fallið öll heimskustu og dáðlausustu dýrin, og því hin viltari, harðgerðari og um leið hættulegri eftir. Hann segir þetta reynslu sína, og bendir á, að allar aðfarir refanna hafi breyst stórkostlega frá því fyrst að hann man; þeir eru orðnir miklu varari um sig, og þeir nota ekki lengur greni, er liggja við sjó fram eða nærri bæjum; þeir halda sig meir fram til fjalla, og því verða dýrin harðfærari. Hann segir það víst, að tófan sje orðin hrædd við allar breytingar, og því sje eitrun nú þýðingarlaus, en að ætla sjer að fá skyttur til refadráps, án þess að refaeldi sje, er með öllu þýðingarlaust; kaupið er alt of lítið. Það hefir raunar verið afgreidd hjeðan þingsál.-till. um verðlaun fyrir refadráp, en það er varla efi á því, að þau verðlaun verða svo við neglur numin, að það vill enginn leggja á sig að liggja á grenjum í hvaða veðri sem vera vill, fyrir svo litla greiðslu. Öðru máli er að gegna um það, þegar grenjaskyttan getur átt von á því, að ná í fimm til sex hvolpa, er hún getur selt alla á mörg hundruð krónur; þá er þó fyrir eitthvað að vinna.

Annað, sem gert er með frv., er það, að eyðileggja þá vörutegund, sem dýrust er flutt úr landi hjer. — Jeg man það, þegar jeg var ungur, að þá þóttu tvær vörutegundir gersemi mikil fyrir verðmæti sitt; það voru blá refaskinn og æðardúnn. Nú er svo komið, að refaskinnið er einum tíu sinnum dýrara en dúnpundið; skinnið kostar nú yfir 200 kr., en dúnpundið vart 20 kr. Hefir nú nefndin athugað, hvort rjett er að eyðileggja þessa vörutegund landsmanna? En um hina miklu eftirspurn eftir skinnunum vita allir.

Hið mikla verð skinnanna hefir gert það, að refaeldi hefir tíðkast; skinn af eldisrefum eru það betri en af villirefum, og þetta háa verð hefir enn fremur orðið til þess, að skyttur hafa jafnvel kepst um að fá að vinna grenin í þeirri von, að þeir gætu náð í hvolpa til eldis. Og það er víst, að í þeim sýslum, þar sem refaeldið er, þar ber minst á dýrbít, og það er vitanlega af því, að meira er gert þar að grenjavinslu.

Í Strandasýslu er refaeldi á nokkrum stöðum, t. d. í Ófeigsfirði, og veit jeg ekki til, að þar hafi nokkru sinni sloppið refur, og í Árneshreppi er bóndi, sem í mörg ár hefir alið refi í steinhlöðu, og skinn þau, er hann selur, þykja með afbrigðum falleg, og jeg hefi aldrei heyrt hið minsta kvis um, að refur hafi sloppið hjá honum. Hann hefir ferðast með strandferðaskipunum til yrðlingakaupa, og hefir það orðið til þess, að aðrir hafa átt hægara með grenjavinslu, t. d. Húnvetningar.

Margt fleira má um þetta segja, þótt jeg láti staðar numið að sinni; en jeg vil alvarlega og af hreinni sannfæringu ráða hv. deild til að stytta þessu frv. aldur, en ef hv. deild vill, vegna

systurdeildarinnar, ekki fella málið strax, er best að vísa því til landbúnaðarnefndar, þótt hún reyndar sje of göfug til að taka móti svona máli.

Guðmundur Ólafsson: Ekki er að undra það, þótt hv. 4. landsk. þm. (G. G.) haldi mikla og góða ræðu um frv., þar sem hann byrjaði að tala um þetta mál áður en það lá hjer fyrir; hann hefir víst búið sig rækilega undir þessa 1. umr.

En þótt ræðumaðurinn (G. G.) væri vel undirbúinn, þá virtust mjer vera mótsagnir í ræðu hans. Hann vildi telja refaeldið besta og eina ráðið til að útrýma refunum; jeg satt að segja fæ eigi vel skilið það, því eftir því, sem meira er drepið af tófunum, eftir því fá refaeldismennirnir færri yrðlinga til eldis. Mjer skilst, að það hafi eitthvað til síns máls, að þeir vilji ekki drepa fullorðnu dýrin, svo atvinnan rýrist ekki, eða hverfi ekki með öllu.

Það er með öllu þýðingarlaust að halda því fram, að ekki sje hægt að fá grenjaskyttur, þótt refaeldi hverfi; það var nóg af þeim, og engu síður góðar skyttur, áður en það kom til, og verður eins eftirleiðis. Og svo er lítið varið í það, þótt tófur sjeu teknar úr greninu, aldar í nokkurn tíma og sleppi svo aftur. Þær fækka lítið við það.

Það var margt talað um refina í hv Nd., og sumt, er þar var sagt, var harla ótrúlegt. Þannig hjelt einn refavinurinn því fram, að komið hefði fyrir, að tófurnar syntu eða kæmust á annan hátt úr eyjum í land, en þær kæmu ávalt aftur áður en slátrun færi fram, til þess að geta þá verið með. Mjer þótti þetta harla ólíklegt, en eftir því, er hv. 4. landsk. þm. (G. G.) fórust nú orð, þá kemur þetta víst af því, að tófan er orðin svo vitur; það hafa verið gerðar á henni svoddan kynbætur með eitran! Vildi ekki hv. þm. (G. G.) gera svona kynbætur á öðrum skepnum?

Það voru miklar umr. um þetta frv. í hv. Nd., en við hjer erum vanalega orðvarari; en þótt mikið væri rætt um frv. þar, og þótt mjög væri að því veist, þá var það þó að lokum samþ., eins og flm. lögðu til, og sýnir það best, að sæmilega hefir verið gengið frá frv.

Jeg skal játa það, að það væri ekkert á móti refaeldinu, ef hægt væri að fulltryggja það, að refirnir gætu ekki sloppið, en það er það, er á vill bresta, og varla treystandi, að fulltrygt eftirlit yrði haft með því, fremur en öðru. Það er alvarlegt mál, hve refum hefir fjölgað hjer síðustu ár, eftir fregnum víða af landinu.

Guðjón Guðlaugsson: Ef tófum fjölgar, er það vegna hleypidóma og heimsku almennings, sem notar vitlausar aðferðir til að fækka þeim, svo að þeim fjölgar, í stað þess að á að fækka þeim.

Að frv. þetta gekk gegnum hv. Nd. óbreytt frá því, sem það kom frá flm., sannar ekkert annað en það, að nú eru tiltölulega fleiri heimskingjar í Nd. en áður hafa verið.

Að vitna í góðar grenjaskyttur, sem verið hafi í gamla daga, er engin sönnun. Þá var hægt að fá menn til að vinna fyrir minni borgun en nú. Þá þótti heiður að vinna greni. En jeg er í engum vafa um, að það eina, sem nú ýtir undir menn að leggjast á greni, sem oft hefir vosbúð og jafnvel lífshættu í för með sjer, er ábatavonin, þ. e. vonin um það, að ná yrðlingunum

til að ala þá upp og fá svo stórfje fyrir skinnin af þeim, þegar þeir eru orðnir stórir.

Þótt jeg tæki fram, að þetta væri arðvænlegur atvinnuvegur og skinnin dýr, er ekki hægt að draga þá ályktun, að veiðimönnunum sje hagur í því, að láta eldri dýrin sleppa. Veiðimaðurinn sparar sjer ekki til næsta dags það, sem hann getur veitt í dag, því refirnir eru forsjál dýr og ganga ekki nema eitt sinn í sömu gildruna.

Jeg tók ekki svo vel eftir því, sem hv. frsm. (G. Ó.) sagði, enda fundust mjer ástæður hans næsta veigalitlar. — Jeg hefi nú svarað því, sem hann taldi „ósamræmi" í fyrri ræðu minni, og sömuleiðis lofsöngnum um grenjaskytturnar.

Þegar jeg var unglingur, var jeg eitt sinn með stórfrægri grenjaskyttu. Svo var mál með vexti, að tófa hafðist við skamt frá þeim stað, er jeg sat yfir fje. Kvað talsvert að dýrbiti, og því var sent í fjarlæga sveit til að ná sem bestri grenjaskyttu.

Eftir nokkurra daga eltingarleik fór svo, að grenjaskyttan fór heim aftur án þess að hafa afrekað nokkuð, enda var sú afsökun, að tófan var hlaupatófa.

Jeg hygg, að það sje rjett, sem Jón Guðmundsson heldur fram, að öruggasta leiðin til þess, að grenjavinsla verði vel rækt, sje að leyfa refaeldi og stuðla að refakynbótum, svo það geti orðið sem bestur atvinnuvegur.

Jeg held því fast fram, að ekki þurfi að koma fyrir, að refur missist úr eldi. Slíkt er óhapp eða slys, sem ekki kemur fyrir í einu tilfelli af 20. Enda geta menn sagt sjer sjálfir, hvort ekki sje hvöt fyrir þá, er hafa refaeldi, að gæta dýranna sem best, þegar hvert skinn er 200 kr. virði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 : 2 atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 2002) með 9 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., þriðjudaginn 2. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 472, n. 595).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Eins og sjest af nál. á þgskj. 595, leggur nefndin til, að frv. verði vísað til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá. Um ástæður fyrir því leyfi jeg mjer að vísa til nál., og skal jeg ekki verða til þess, að gera málið að löngu umræðuefni.

Guðmundur Ólafsson: Þegar maður hefir sett fyrirvara aftan við nafn sitt, verður maður víst að taka til máls. Jeg hefi ekki getað orðið sammála hv. meðnefndarmönnum mínum. Jeg er vinveittur frv., og þótt jeg væri ekki ótilleiðanlegur til að leyfa refaeldi með nákvæmu eftirliti, þá tel jeg alt of mikið við þetta mál haft, að vísa því til stjórnarinnar til rannsóknar, með aðstoð sjerfræðinga. Annars veit jeg ekki til, að völ sje á neinum sjerfræðingum í þessari grein. Enga sje jeg með styrk í fjárlögunum, og er þá vísast, að þá sje hvergi að finna. (**M. T.:** Margir eru refafróðir úti um sveitirnar). Jeg hygg, þó, að öll refafræði sje í molum, og tæpast eru til aðrir en sjálfmentaðir menn í þeirri grein. Jeg sje enga ástæðu til þess, að refum sje haldið við í landinu, og mun því greiða frv. atkv. mitt. Mjer er næst að halda, að orðrómurinn einn

af gífurlegum umr. um þetta mál í hv. Nd. hafi hrætt svo hv. deild, að frv. sje varla lífs von. En jeg er ekkert hjartveikur, og mun því hiklaust halda fram mínum skoðunum fyrir því.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): „Til þess eru vond dæmi að varast þau", og vil jeg gera mitt til, að ekki verði fetað í fótspor hv. Nd., hvað langar umr. um þetta mál snertir. Mjer má persónulega á sama standa, þótt málinu verði vísað til stjórnarinnar. En ekki ætti það að verða ofurefli hvaða stjórn, sem svo kemst að völdum, að spyrjast fyrir hjá sýslunefndum um málið, og vinna úr svörum þeirra. Það má vera, að óþarfi sje að nefna „sjerfræðinga" í þessu sambandi, eins og gert er í dagskránni, en ekki skaðar, þótt það verði gamansömum mönnum að umræðuefni. Í frv. þykir mjer kenna fullmikillar harðdrægni gagnvart mönnum, sem refaeldi stunda, og læt jeg mjer því vel líka, ef dagskráin verður samþ.

Guðmundur Ólafsson: Jeg er nokkuð reikull í ráði á stundum, og get nú tæpast fengið af mjer að hamla því, að hv. stjórn fái til meðferðar þau mál, sem hún æskir eftir og treystir sjer til að ráða vel fram úr, eins og virðist vera um þetta refamál. Harðdrægni frv. kemur ekki fram gagnvart refaræktarmönnum, eins og hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) hjelt, heldur gagnvart refunum, og það alveg á sama hátt og venja hefir verið til skamms tíma, því að þessar refauppeldisstofnanir hafa ekki staðið lengi, og viðskilnaður þeirra við fósturbörnin er nú ekki heldur alveg laus við harðdrægni. Hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) láðist að benda á ,að hvaða leyti líkur sjeu til, að málið yrði betur undir næsta þing búið, en undir þetta. Jeg sje enga ástæðu til að búast við betri undirbúningi þá, en aftur fulla ástæðu til að hræðast, að málið tefji þingið jafnlengi frá öðrum nauðsynlegri störfum þá eins og nú. Þetta er tilfinningamál, eins og fram hefir komið, og þau eru altaf drjúg við umræður.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þgskj. 595, frá landbúnaðarnefnd. samþ. með 9 : 2 atkv.

Frv. þar með

vísað til ríkisstjórnarinnar.

5. Sala á Hvanneyri og Leyningi.

Á 22. fundi í Nd., fimtudaginn 31. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sölu á prestssetrinu Hvanneyri og kirkjujörðinni Leyningi í Siglufirði (A. 212).

Á 24. fundi í Nd., mánudaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Stefán Stefánsson): Jeg hygg, að ekki sje þörf á að fara mörgum orðum frv. þetta. Greinargerðin, sem fylgir því, er svo ljós, að þar er litlu við að bæta. Að eins skal jeg taka það fram, að málið var til umr. á þingmálafundi á Siglufirði og samþykt þar af öllum fundarmönnum, sem voru 70 að tölu. Það er öllum kunnugt, hversu mikil nauðsyn það er hverju bæjarfjelagi, að fá full umráða- og eignarrjettindi á því

landi, sem það þarf að nota, hvort heldur sem byggingarlóðir, til túnræktar, haglendis eða annara óumflýjanlegra afnota. Enn fremur vil jeg vekja athygli hv. þm. á því, að nokkurt ósamræmi er á milli frv. og greinargerðarinnar að því er snertir 2. lið hennar. Í. frv. er sem sje undanskilið sölunni íbúðarhús prestsins og önnur jarðarhús, heimatúnið, haglendi fyrir skepnur prestsins, svo og rjettur til mótaks í jörðinni Leyningi eftir þörfum hans. En í greinargerðinni er gert ráð fyrir, að túnið fylgi með í sölunni, svo og alt land annað. Þetta kemur til af því, að farið var fram á af bæjarstjórn Siglufjarðar að fá jörðina keypta að fullu og öllu, en þegar til hjeraðsfundar kom, þá var hann mótfallinn því, að tekin yrðu af prestinum þau hús og landsnytjar, sem frv. telur. Þetta virtist okkur flm. frv. rjettmæt og ofureðlileg athugun hjá hjeraðsfundinum og tókum hana því til greina, en að öðru leyti þótti okkur rjett að fara eftir greinargerð bæjarstjórnarinnar, enda er hún að öðru leyti mjög glögg og leiðbeinandi í málinu. Þá vil jeg geta þess, að jeg átti tal við biskup um málið. Hann virtist því hlyntur, en óskaði að fá umsögn viðkomandi prests, að því er þetta snerti. Nú er biskup farinn norður í land í visitasíuferð, en símskeyti frá prestinum hefi jeg fengið, svo hljóðandi:

„Jeg er meðmæltur sölu Hvanneyrar til Siglufjarðarkaupstaðar, þannig, að undan sölunni sje skilinn sá hluti af húsum á Hvanneyri, sem tilheyrir landssjóði, svo og túnið, rúmar 10 dagsláttur að stærð."

Þykist jeg nú vita, að biskup verði eindregið með málinu, þegar hann hefir heyrt þessi ummæli prestsins. — Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að orðlengja þetta, en leyfi mjer að leggja til, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar, að umr. lokinni.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg er ekki á móti því, að málinu sje vísað til nefndar, þótt mjer þyki það mjög ilt, að nú er farið að tíðkast að koma með svona mál algerlega óundirbúin og án þess að leitað sje áður til stjórnarvalda þeirra, sem slík mál heyra undir. Það mætti ekki minna vera en að slíkum málaleitunum fylgi nákvæm greinargerð og rökstudd um það, hve mikil nauðsyn kaupstaðarfjelaginu væri á landinu, og hve mikið það þyrfti. Jeg er með því, að bæjarfjelög fái nauðsynlegt land til umráða. En málið er ekki svo undirbúið, að tiltök sjeu, að það verði afgreitt frá þessu þingi.

Flm. (Stefán Stefánsson): Mjer kemur það fremur á óvart, að hæstv. forsætisráðh. (J. M.) skuli þannig taka í málið, þar sem hann hefir þó verið hlyntur þeirri jarðeignasölu til bæjarfjelaga, sem þeim er nauðsynleg. Því þeirri ástæðu, að málið sje alls ekki undirbúið, finst mjer naumast hægt að halda fram í fullri alvöru. Bæjarfjelag Siglufjarðar sækir um kaup á jörðunum með vandlega rökstuddri greinargerð, og nákvæm lýsing á jörðunum er fyrirliggjandi. Hjeraðsfundur hefir rætt málið og er meðmæltur sölunni, eins og fylgiskjal II. sýnir. Biskup sömuleiðis, og hlutaðeigandi prestur hefir lýst sig henni fylgjandi. Það er því að eins stjórnarráðið, sem ekki hefir látið uppi álit sitt opinberlega, fyr en þá nú, og virðist mjer það geta átt þess nægan kost að kynna sje alla afstöðu málsins, meðan það liggur hjer fyrir í þing-

inu. En auk þess skýrði jeg hæstv. forsætisráðherra (J. M.) frá þessari málaleitun Siglfirðinga strax í þingbyrjun, og tók hann henni þá, að mjer virtist, mjög vel. Annars skal jeg, ef unt er, sjá um, að frekari lýsing á jörðunum liggi frammi, þegar hlutaðeigandi nefnd fer að fjalla um málið, þó að jeg geti ekki lofað að láta kort fylgja þeirri lýsingu. En það þykir mjer of mikil hótfyndni af hæstv. stjórn, að leggjast svo á móti málinu, sem hún nú gerir, þar sem hægt er að fá allar nauðsynlegar upplýsingar því viðvíkjandi, enda þær nauðsynlegustu þegar fyrirliggjandi.

Jörundur Brynjólfsson: Mjer hefir altaf verið lítið um það gefið að farga jörðum landssjóðs, eins og hv. þm. mun kunnugt. Og jeg vil að minsta kosti gera þá athugasemd við þetta frv., að fari svo, að jörðin verði seld kauptúninu, þá sje það gert með því skilyrði, að það fargi engu af landinu til einstakra manna, því reynslan er þegar búin að sýna, að slíkt er ekki til bóta fyrir bæjarfjelögin. Þetta vil jeg taka fram til athugunar fyrir hv. nefnd, sem með málið á að fara.

Einar Arnórsson: Jeg leyfi mjer að gera það að till. minni, að málinu verði vísað til stjórnarinnar.

Flm. (Stefán Stefánsson): Maður hefði síst haft ástæðu til að búast við því, að formaður allsherjarnefndar vildi ráða málinu svo skjótan dauða, að fá því nú þegar vísað til stjórnarinnar. Hann, ásamt hinum öðrum allherjarnefndarmönnum, hefir það þó í hendi sinni, að leggja það eitt til um meðferð málsins, er þeim þykir sæmilegast. Að molda málið nú þegar við 1. umr., með því að vísa því til stjórnarinnar, er svo óhæfileg meðferð, gagnvart bæjarfjelaginu, að jeg skil ekki, að það verði látið sæta slíkum úrslitum.

Einar Arnórsson: Hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) þýðir ekki rjett þessa till. mína, um að vísa málinu til sjórnarinnar. Það getur einmitt orðið málinu hinn mesti gróði. Málið er ekki nægilega undirbúið enn þá, en ef það væri látið vera í höndum stjórnarinnar eitt ár, gætu allar upplýsingar fengist fyrir næsta þing, og mundi það þá fremur verða samþykt. En svo get jeg líka bent hv. þm. (St. St.) á enn aðra leið. Jeg skal ekkert um það segja, hvort salan er nauðsynleg, en ef presturinn á Siglufirði er ekki á móti sölunni, þá ætti honum ekki síður að standa á sama um það, þótt landið væri leigt bænum. Vera má að hv. þm. (St. St.) geti fallist á að ráða málinu þannig til lykta.

Flm. (Stefán Stefánsson): Það er rjett, að presturinn hefir þegar samþ. söluna, eða talið sig henni meðmæltan. En jeg hygg, að engum geti blandast hugur um það, hvort muni betra bæjarfjelaginu, að fá landið selt eða leigt, og eiga þannig undir högg að sækja til þessa eina manns — prestsins — um leigu á því. Segi jeg ekki þetta af því, að jeg geti ekki treyst núverandi presti til þess að koma þar vel fram, heldur af hinu, að leigt land kemur aldrei að sömu óháðu notum og sjálfseign, ekki síst þegar um afnot eins bæjarfjelags er að ræða. Sem sagt, bæjarstjórnin fær ekki óhindruð yfirráð yfir landinu fyr en það er hennar eða bæjarfjelagsins eign. Að vísu eru ýmsar bæjarlóðir, að jeg hygg, á fastri

leigu um ákveðið árabil, en bæði mundi fjöldi lóða og alt hið óbygða eða óleigða byggingarsvæði þegar falla undir umráð bæjarstjórnarinnar, og má í sambandi við þau nauðsynlegu og sjálfsögðu umráð bæjarstjórnarinnar geta hafnarbryggjugerðarinnar, sem nú er fyrirhuguð og áætlað er að kosti um 600 þúsund krónur. Slíkt mannvirki er naumast að búast við að bæjarfjelagið byggi, að mestu á eigin spýtur, á annara lóð. — Það er gamalt óyndisúrræði að beita þau mál, sem menn eru mótfallnir, þeim tökum, að segja þau ekki nægilega upplýst eða undirbúin. Hjer verður því ekki með nokkurri sanngirni við borið, því eins og jeg hefi áður sagt, má fá enn nákvæmari lýsingu á landinu, og ekki óhugsandi, að hægt verði að útvega af því uppdrátt Ef á að farga málinu þrátt fyrir þetta, þá er það fyrirsláttur að bera við ónógum undirbúningi og yfirskyn eitt. Mjer þykir fróðlegt að sjá, hvernig hv. þm. greiða nú atkv., því eftir því þykist jeg geta ráðið það, hvort þeir eru málinu hlyntir eða ekki.

Einar Arnórsson: Mjer skildist á ræðu hv. 1. þm. Eyf. (St. St.), að búið væri að leigja sumt af þessu landi. Ef svo er, þá aukast ekki umráð bæjarins, þótt hann kaupi landið, því sennilega verður það að sætta sig við þá samninga, sem fyrir eru. Hv. þm. (St. St.) sagði, að meðan landið væri í eigu annara ætti bærinn altaf undir högg að sækja um lagningu gatna o. s. frv. Jeg get hjer gefið honum annað ráð en það að kaupa landið. Ef ekki er til lögnámsheimild, þá er hægt að afla hennar. Það er vafningalítið. Annars er það þýðingarmikið og vert athugunar, hvort landið á að farga góðri eign, sem svo er vel í sveit komið, sem þetta land er. En hitt er sjálfsagt, að kaupstaðurinn gangi fyrir að fá landið leigt, ef hann þarfnast þess.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til stjórnarinnar feld með 13 : 6 atkv.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 2 atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2011) með 13 : 3 atkv.

Á 57. fundi í Nd., laugardaginn 6. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 212, n. 564).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Nefndin hefir enga afstöðu tekið til þess, hvort þessi jörð skyldi seld eða ekki. Hún leggur til, að málinu verði vísað til stjórnarinnar og hún athugi það. Ef hún kemst að þeirri niðurstöðu, að selja beri, þá leggur hún frv. fyrir næsta þing í þá átt. Undirbúningur málsins er ekki eins góður og skyldi, og er því málinu best borgið með því, að vísa því til stjórnarinnar.

Ef Siglufirði yrði selt þetta land, þá væri erfitt að neita öðrum kauptúnum, sem kaupa vildu. Landið á víða lóðir í kauptúnum, og ef rætt er um það, hvort þær skuli selja yfirleitt eða ekki, verður málið stórmál. En þannig verður að taka það, því ekki er rjett að taka eitt kauptún út úr og selja því, án þess að hafa gert sjer það ljóst, hvort menn vilji selja yfirleitt eða ekki.

Jeg get nefnt nokkra staði, sem landið á og líkt er ástatt um og þennan. Í Skagafirði eru tveir: Sauðárkrókur og Kolkuós, í Húnavatnssýslu tveir: Blönduós og Hólanes, í Strandasýslu tveir: Borðeyri og Ingólfsfjörður. Í Borgarfirði Borgarnes. Á Austurlandi á ríkið

einnig verðmætar eignir, t. d. á Eskifirði, og svo mætti halda áfram að telja, og síst má gleyma Vestmannaeyjum. Ef farið væri fram á að selja alt þetta, þá fer að vandast ráðið, og má ekki hrapa að því. Jeg veit, að sagt verður, að þegar hafi verið gerð undantekning, þar sem er Húsavík, og er það rjett, en jeg sje ekki, að í framtíðinni þurfi að binda sig við það frekar en verkast vill. Nefndin vill að minsta kosti stöðva þessa sölu þangað til búið er að athuga hana í heild.

Stefán Stefánsson: Jeg býst við, að nefndin líti svo á, að ef sala fer fram, sje vafasamt, hvort nægilegt verð muni fást fyrir jarðirnar. En hinu neitar nefndin ekki, að kauptúnum sje nauðsyn á að fá keypt land, og þá einkum Siglufirði og öðrum þeim bæjum, sem eru eða hefir verið á síðustu árum í hröðum vexti. Aðalástæða nefndarinnar hlýtur að byggjast á óttanum fyrir því, að landssjóður skaðist á sölunni, að sæmilegt verð verði ekki greitt fyrir landið. Þessi ótti virðist mjög ástæðulítill, því þótt þeim dómkvöddu matsmönnum væri ekki fulltreystandi, þá hefir stjórnin það vitanlega í hendi sinni, hvort hún selur fyrir það verð, sem þeir ákveða, eða ekki. Annars býst jeg við, að matsverðið yrði ákveðið svo sanngjarnt og rjett, sem frekast væri auðið. En ef stjórnin líti öðruvísi á það mál, ef hún teldi verðið of lágt, þá er enginn, sem skyldar hana til að selja fyrir það verð.

Háttv. frsm. (M. G.) sagði, að erfitt væri að neita öðrum, ef Siglufirði yrði selt, og það er rjett; þó mætti hugsa sjer þar undantekningar. En af því leiðir þá líka, að erfitt er að neita Siglufirði, þegar öðrum hefir verið selt. En það hefir verið gert, og benti hv. frsm. (M. G.) á það sjálfur. Hjer er því ekki um neina nýja stefnu að ræða. Hjer er ekki um það að tala, að breyta venju eða skapa fordæmi, heldur að eins það, að fylgja sköpuðu fordæmi. Það er ekki verið að mælast til þess, að Siglufirði veitist ívilnanir, heldur að eins að hann fái að njóta sama rjettar og ýms önnur kauptún. Það er ætlast til þess, að fult tillit sje tekið til verðmætis landsins, og verðið ákveðið samkvæmt því.

Þá hefir nefndin fundið málinu það til foráttu, að það væri illa undirbúið, þar sem bæði vantaði nákvæma skýrslu um lóðagjöldin og eins umsögn kirkjustjórnar um söluna. Jeg hefi látið háttv. frsm. (M. G.) í tje símskeyti frá prestinum á Hvanneyri um upphæð lóðargjaldanna, og eru þau um 6600 kr. Þá má og geta þess, að hjeraðsfundur hefir samþykt söluna, og við 1. umr. málsins skýrði jeg frá því, að biskup væri málinu meðmæltur, en til þess að hv. deild geti fengið enn nánari upplýsingar um álit hans, þá hefi jeg brjef frá biskupi, sem jeg ætla að lesa hjer upp, með leyfi hæstv. forseta.

Brjefið hljóðar þannig:

„Samkvæmt ósk yðar, háttvirti herra alþingismaður, vil jeg viðvíkjandi frumvarpi því um sölu á Hvanneyrarlandi til Siglufjarðarkaupstaðar, sem þjer, þingmenn Eyfirðinga, hafið til flutnings á yfirstandandi Alþingi, taka það fram sem hjer fer á eftir:

Þótt jeg sje yfirleitt mótfallinn allri sölu prestssetra, og þá ekki síst á prestaköllum, sem haldast eiga óbreytt áfram, svo sannfærður sem jeg er um, að prestum sje hollara vegna afkomunnar að hafa búskap en að lifa sem tómthúsmenn í kaupstað, þá finst mjer það sölumál, sem hjer liggur fyrir, horfa

öðruvísi við en önnur samskonar mál. Hjer er sem sje að ræða um kaup á landi prestssetursins utan túns og prestinum áskilinn rjettur til haglendis fyrir skepnur sínar, svo og svarðarafnot í Leyningi eftir þörfum. Prestinum á Hvanneyri verður því eftir sem áður mögulegt að hafa nokkurn búskap og jeg hygg einmitt mátulega stóran fyrir prest í jafnfjölmennu prestakalli og Hvanneyrarprestakall er orðið við hinn mikla vöxt Siglufj.kaupstaðar á síðari árum. Hins vegar liggur í augum uppi, að það er beint skilyrði fyrir þrifum hins unga kaupstaðar, að hann eignist sjálfur lóðina, sem hann stendur á, og fái auk þess land til ræktunar og beitar, sem þrif bæjarfjelagsins heimta. Jeg fæ því ekki betur sjeð en að öll sanngirni mæli með því, að hinn ungi kaupstaður fái það land, sem farið er fram á í frumvarpinu, og þar sem prestinum á Hvanneyri eru með sölu landsins ekki gerðar neinar þungar búsifjar, er jeg fyrir mitt leyti því meðmæltur, að frumvarpið fyr eða síðar nái fram að ganga."

Þetta er þá álit biskups, og kemst hann ótvírætt að þeirri niðurstöðu, að ekki sje sanngjarnt að neita um sölu-na. Sem sagt, öll gögn málsins mæla með sölunni, og ástæður nefndarinnar um viðsjárvert fordæmi og ónógan undirbúning eru hreint og beint vindhögg út í loftið. En svo jeg víki aftur að aðalástæðu nefndarinnar, um að ekki fáist sæmilegt verð, þá vita hv. nefndarmenn, að stjórnin hefir verðið alveg í hendi sinni, og á hina hliðina, að Siglufirði er þetta svo mikið nauðsynjamál, að hann verður að leggja alt kapp á að fá keypt, jafnvel þótt kaupverðið mætti fremur álítast of hátt en hið gagnstæða. Menn kunna að óttast það, að lóðir hækki enn, og geti því landið selt sjer í skaða, en það má gera ráð fyrir, að matsmenn meti alt sanngjarnlega, taki fult tillit til þess, að ýmsar lóðir, sem leigðar hafa verið fyrir mörgum árum síðan, eru of lágt leigðar, og sömuleiðis líti á það, hvers vænta má í nánustu framtíð, hvað eftirspurn lóða og viðgang bæjarfjelagsins snertir. En hins vegar tel jeg litla von til þess, að lóðir hækki þar mikið fram úr því, sem nú er. Nauðsyninni, sem er á því, að bæjarfjelagið fái þetta land keypt, ætla jeg ekki að lýsa, því bæði skilja háttv. þingdm. það mjög vel, og svo hefir það verið gert rækilega í greinargerð með frv. á þgskj. 212, og læt jeg mjer því nægja að vísa til þess.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Það var vitanlegt, að hv. flm. (St. St.) yrði óánægður, ef frv. næði ekki fram að ganga, en þó skil jeg ekki, að hann geti ekki sætt sig við niðurstöðu nefndarinnar. Það er enn ekki loku fyrir það skotið, að hann fái sitt fram.

Hv. flm. (St. St.) vildi láta líta svo út, sem aðalástæða nefndarinnar væri verðið, en svo var ekki. Aðalástæðan var það, að nefndin vildi láta eitt yfir alla ganga, og fresta því málinu þangað til tekin væri ákvörðun um, hvort selja ætti kauptúnum lóðir yfirleitt, eða ekki.

En viðvíkjandi verðinu má taka það fram, að fyrir nokkrum árum var það miklu lægra en það er nú, og þær lóðir, er þá voru leigðar, voru leigðar fyrir minna en nú mundi verða. Jeg skil heldur ekki, hvað knúið getur kaupstaðinn til kaupanna annað en hagnaðarvon. Bærinn getur haft eins mikil umráð yfir landinu og honum líkar, til að skipa götum og ráða húsagerð. Lög-

reglusamþykt og byggingarsamþykt nægir til þess. Sú ástæða, að bænum sje bráð nauðsyn á landinu til að verða húsbóndi á sínu heimili, er því einskis verð, og það því síður, sem bærinn hefir Leyning til nytja fyrir mjög lítið eftirgjald. Jeg sje ekki að kaupstaðurinn græði annað á kaupunum en peninga eða peningavon. Það getur verið næg hvöt fyrir hann, en þá er eftir að vita, hvort við, sem eigum að gæta hagsmuna landsins í heild, föllumst á að láta þessa hagnaðarvon frá landinu til kaupstaðarins. Sú ástæða, að kaupstaðurinn eigi hægra með að fá lóðir útmældar til verslunar, ef hann á landið, er á engu bygð.

Þá talaði hv. flm. St. St.) um það, að stjórnin þyrfti ekki að fara eftir matinu. En eru nokkrar líkur til, að stjórnin sjá fyrir, hvað landið kann að stíga? Jeg held, að slíkt sjái enginn fyrir. Ef selt verður, þá verður það vitanlega með sanngjörnu verði, eftir því, sem matsmenn áætla. En þær áætlanir geta hæglega reynst skakkar, og er enginn kominn til að meta, hvort svo sje, nema reynslan ein.

Þá vítti hv. flm. (St. St.) það, að nál taldi málið illa undirbúið, og las upp brjef frá biskupi, máli sínu til sönnunar. Brjefið hlýtur að vera nýlega dagsett; að minsta kosti hefir nefndin ekki heyrt það fyr en nú, og er því nál. rjett. Þá held jeg, að skjóti einhverju skökku við með lóðargjöldin. Prestur segir að eins, að þau sjeu nálægt 6600 kr., en jeg býst við, að þau sjeu hærri, og víst er, að þau eru altaf að hækka.

Það, sem fyrir kaupstaðnum vakir, getur ekki verið annað en hagnaðarvon, og lái jeg það ekki, þar sem getur oltið á hundruðum þúsunda, hvort selt verður eða ekki, og þar sem hv. flm. (St. St.) skoðar sig frekar sem þm. kjördæmis síns en þm. landsins, finst mjer ekki einkennilegt, þótt hann beri frv. fram.

Bjarni Jónsson: Það var hjer lítið frv. á ferðinni um daginn, um að selja lækni mýrarblett, sem gefur af sjer 5 hesta af heyi, en getur gefið af sjer kýrfóður, ef hann er ræktaður. Þetta frv. var drepið. En nú er hjer frv. frá sparnaðarpostulum þingsins um að selja stórt og mikið land á ágætum stað, sem gefur landinu miklar tekjur, og enginn getur sagt um, hvað það kann að gefa af sjer síðar meir. Þessir sparnaðarmenn, sem ekki gátu sjeð af 9 þús. kr. til að semja orðabók yfir þeirra eigið mál, vilja nú fleygja tugum eða hundruðum þúsunda í kjördæmi sín. Þannig lítur sparnaðarhlið þessara manna út, þegar kjósendahræðslan og hreppapólitíkin hafa málað hana. Jeg vildi senda sparnaðarpostulunum þessa orðsending frá orðabókinni, og vona, að aðrir verði til þess á eftir.

Stefán Stefánsson. Jeg stend upp vegna einstakra atriða í ræðu hv. frsm. (M. G.). Það var á honum að skilja, að verðið á landinu mundi einvörðungu metið eftir núverandi leigu. En eins og jeg tók fram, býst jeg við, að matsmennirnir taki aðallega til hliðsjónar leiguna nú síðustu árin. Fyrstu lóðirnar, sem leigðar voru, hafa að eftirgjaldi til ekki verið leigðar nándar nærri eins eins hátt og nú er orðið. Geri jeg því ráð fyrir, að matsmennirnir líti fremur á nútímann en fortíðina og reyni að gera sjer sem ljósasta grein fyrir nánustu framtíð, að því er snertir atvinnuvegi þar og þá eftirspurn lóða. Þetta er því engin ástæða hjá hv. frsm. (M. G.).

(M. G.: Verðið getur hækkað.). Veit jeg það vel, en svo er um hvern þann hlut, sem seldur er, að hann getur hækkað í verði. Ef aldrei ætti að selja neitt það, sem gæti hækkað í verði, þá hygg jeg að færi að dofna yfir viðskiftalífinu. Jeg viðurkenni það fúslega, að kaupstaðurinn býst við að hafa mjög gott af kaupunum, með öðrum orðum, að þau sjeu honum bráðnauðsynleg. Ef svo væri ekki, þá efast jeg um, að mjer hefði verið falið að flytja þetta frv. En viðskifti geta verið þannig, og eru enda oftast svo í eðli sínu, að báðir partar þykjast hafa einhvern meiri eða minni ávinning. Annars er það mjög mikið efamál, hvort þessar jarðir komast nokkurn tíma í jafnt verðgildi, ef ríkið á þær, eins og ef bæjarfjelagið eignaðist þær. Hitt er miklu líklegra, að ef bæjarfjelagið á landið og hefir öll frjáls umráð þess, þá verði landið langtum verðmætara en ella, og er salan þá um leið orðin landsins hagur, sem okkur kemur öllum saman um að við eigum að styðja. Bænum er landið meira virði en ríkinu, og á þeim grundvelli getur salan farið fram svo hvorugt tapi.

Þá var hv. frsm. (M. G.) að tala um biskupsbrjefið, og að það hljóti að vera nýlega dagsett. Og virtist mjer, sem hann vildi gefa það í skyn, að jeg hefði pantað brjefið, til að draga biskup inn í málið mjer til stuðnings. Ef svo er, þá er það hreinn misskilningur. Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls, að biskup væri sölunni hlyntur. Vissi jeg það af samtali við hann. En svo fór biskup í ferðalag og hefir verið að heiman þangað til nú, að hann er nýkominn heim. Jeg fór því til hans og spurði hann enn um álit hans í þessu máli, og var það á sama veg og verið hafði. Háttv. frsm. (M. G.) þarf því ekki að vera með neinar dylgjur um pantanir. (M. G.: Er ekki þm. að segja það sjálfur?). Jeg segi frá því, eins og það var, en jeg vissi vel, að ummæli hv. frsm. (M. G.) áttu að skiljast á annan veg. Jeg skildi tóninn.

Þá mintist hv. frsm. (M. G.) á lóðagjöldin. Hvað þau snertir, þá gat jeg ekki gefið þar betri upplýsingar, en jeg gerði. Jeg lagði fram afskrift af mati yfir- og undirfasteignamatsnefndar og símaði til Siglufjarðar og bað prestinn á Hvanneyri um upplýsingar. Símskeyti hans hefir hv. frsm. (M. G.) sjeð. Að lóðagjöldin eru litlu hærri eftir skeytinu, er sennilega vegna þess, að prestur hefir leigt eitthvað af grunnum í vor, en jeg býst við, að nefndin verði að taka matsmennina trúanlega, að því er matsgerðin nær.

Annars gleður það mig, hvernig svo sem þetta mál fer nú við atkvæðagreiðsluna, að stjórnin er því þó hlynt. Og býst jeg því ekki við, verði málinu vísað til hennar, að hún leggi á móti því, í trássi við vilja Siglfirðinga og þeim til tjóns. Svo getur farið, og er ekki ólíklegt, að önnur stjórn en sú, sem nú situr, fjalli um málið, en þá lít jeg svo á, að sú stjórn verði að telja sig bundna við yfirlýsingu núverandi stjórnar. Hins vegar vænti jeg þess, að hv. þm. skoði vel huga sinn, áður en þeir kasta þessu máli í stjórnina, því hvert ár, sem líður án þess, að frv. verði að lögum, heftir ýmsar nauðsynlegar framkvæmdir bæjarfjelagsins.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg veit ekki, hvort háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) hefir skilið mig rjett. Jeg hefi ekki lagt það til, að málið næði fram að ganga á þessu þingi. Till. nefndarinnar kemur heim við þær athugasemdir, sem jeg gerði

við frv. við 1. umr. En það er satt, að jeg taldi annað að selja kaupstöðum og sveitarfjelögum en einstökum mönnum. Það er þess vegna ekki á ferðinni hjer algengt þjóðjarðasölumál, og mega menn ekki blanda því saman. Jeg er yfirleitt hlyntari því, að kaupstaðir og sveitarfjelög kaupi jarðirnar, ef ríkið á annað borð selur þær. Nefndin hefir ekkert um það sagt, hvort selja á eða ekki. Hún tekur enga afstöðu til þess og heldur þannig málinu opnu. Jeg býst við, að hvaða stjórn, sem við völd verður, geri það í þessu máli, sem hún álítur heppilegast eftir nákvæma athugun. Jeg er ekki hræddur um, að hún láti málið sitja á hakanum, enda verður þess víst gætt, að svo verði ekki, bæði af Siglfirðingum og eins af hv. 1. þm. Eyf. (St. St.), sem er allötull þegar kjördæmi hans á í hlut.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal ekki gera mál þetta að slíku hávaðamáli, sem hv. 1. þm. Eyf. (St. St.), enda gerist þess lítil þörf. Hvað snertir virðinguna á landinu, var hv. þm. (St. St.) mjer samdóma um, að lóðirnar mundu metnar til þess verðs, er hæfilegt þætti, þegar matið fer fram, og jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. (St. St.) sje mjer samdóma um, að það sje meira en efasamt, hvort hagkvæmt muni fyrir ríkissjóð að selja þær því verði. Eitt áþreifanlegt dæmi þess, að málið er fremur lítið undirbúið, er það, að skjölum þeim og skilríkjum, sem fyrir hendi eru um lóðagjöldin á Siglufirði, ber ekki saman, og einmitt fyrir þær sakir fjekk hv. þm. (St. St.) símskeyti að norðan nú nýlega um málið.

Jeg segi ekki, að brjef það, sem hv. þm. (St. St.) las upp frá biskupi, hafi verið pantað, en nefndin gat að minsta kosti ekki tekið tillit til þess í nál. sínu, því henni var það ekki kunnugt fyr en eftir að hún hafði samið nál. Háttv. þm. (St. St.) sagði, að stjórnin væri málinu hlynt. Það mun vera nokkuð djúpt tekið í árinni, því að jeg man ekki betur en að þegar málið var hjer fyrst til umr. þá taldi hæstv. forsætisráðh. (J. M.) það ekki nægilega undirbúið, og taldi því rjettast að vísa því til stjórnarinnar. Mjer skilst því, að stjórnin hafi enn ekki tekið neina ákveðna afstöðu í málinu, og eins er með nefndina; hún leggur til, að því sje vísað til stjórnarinnar, til frekari athugunar.

ATKVGR.

Till. allsherjarnefndar á þgskj. 564, um að **vísa málinu til stjórnarinnar,** samþ. með 15 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. P., M. Ó., P. J., P. O., S. S., S. St., Sv. Ó., Þorl. J., B. J., B. K., B. St., E. A., J. B., M. G., Ó. B.

nei: P. Þ., St. St., Þorst. J., E. Árna., G. Sv., H. K., J. J.

J. M. greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (Þór. J., B. Sv. og E. J.) fjarstaddir.

6. Verslunarskóli Íslands.

Á 58. fundi í Nd., mánudaginn 8. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um stofnun verslunarskóla Íslands (A. 727).

Á 60. fundi í Nd., miðvikudaginn 10. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Jeg vildi, að ekki yrðu miklar umr. um þetta mál nú, og vildi geyma mjer að fara nákvæmlega út í það, nema hjá því verði ekki komist. Þetta frv. er komið frá meiri hl. fjárveitinganefndar, og skal jeg nú skýra frá þeim rökum, sem að því liggja. Hjer hafa verið tveir skólar, sem báðir hafa notið styrks, en flm. eru þeirrar skoðunar, að kenslan, sem þeir veita, sje ekki eins fullkomin og vera ætti. Þeim er það ljóst, að verslunarmenn þarfnast ekki síður sjermentunar en aðrir. Og ef ríkinu ber skylda til að styðja sjermentun annara eins og t. d búfræðinga, vjelfræðinga o. fl., þá ber því eins skylda til að styðja að sjermentun verslunarmanna. Ríkið á að láta sjer umhugað um, að þessi sjermentun verði sem best og eins fullkomin og framast er unt. Nú hefir ríkið styrkt 2 skóla, og eru báðir langt frá því að vera eins góðir og þeir geta verið, og er það illa farið. Til að ráða bót á þessu viljum við, að einn skóli verði stofnaður af almannafje. Þetta er ekki mikið fjárhagsmál, því skólarnir eru þegar styrktir. Stofnkostnaður yrði að vísu nokkur, en þó ekki svo, að horfandi væri í það, því það sem fæst, hæfileg mentun, vegur áreiðanlega upp kostnaðinn.

Það ganga þær sögur, að þessir 2 skólar vinni hver á móti öðrum. Jeg veit ekki, hvað satt er í þessu, en þó held jeg, að einhver fótur sje fyrir því. Það er sagt fullum fetum, að verslunarskólinn ali á óvild til kaupfjelaganna og samvinnustefnunnar, og er það ekki heppilegt. Hjá þessu verður komist, ef skólinn væri einn og óháður stefnum. Við ætlumst til þess, að nemendur kynnist öllum stefnum og hvernig þær hafa reynst, en þeim verður ekki innprentuð nein sjerstök skoðun. Þeir geta tekið við stöðu, þar sem hún best býðst, án tillits til, hvort hún er hjá kaupmanni eða kaupfjelagi.

Jeg álít, að full þörf sje fyrir þennan skóla, og vona, að allir leggist á eitt um að gera hann sem best úr garði. Það getur verið, að einhver hv. þm. sjái ráð til að bæta fyrirkomulag skólans, og verður öllum bendingum tekið með þökkum.

Jeg ætla ekki að fara hjer út í einstök atriði, en þó vildi jeg minnast á eitt, og það er rannsóknarstofa. Ein námsgreinin, sem kenna á, er vöruþekking, en hún verður aldrei að gagni, nema rannsóknarstofa sje til. Það er að vísu til slík stofa við háskólann, en hún er mjög ófullkomin. Auk þess er þægilegra að hafa stofuna í sama húsi, og kostnaður yrði ekki svo mikill.

Þá vildi jeg minnast á annað atriði, og það er kensla í almennri bókmentasögu. Mönnum kann að virðast, að slíkt sje óþarft til sjermentunar verslunarmanna. En það er tekið fram í greinargerð frv., hvernig á þessu stendur. Það er ætlast til þess, að verslunarmenn hafi almenna mentun, auk sjermentunar, og geti umgengist mentaða menn af öllum stjettum. Það er þeim ekki síður nauðsynlegt sem verslunarmönnum, frekar en þeim er það nauðsynlegt yfirleitt. En tal mentaðra manna yfirleitt sveigist oft að bókmentum, og vildum við því ekki, að verslunarmenn stæðu þar að baki. Auk þess verður enginn kostnaðarauki að þessu, er teljandi sje.

Jeg vona, að þessu máli verði vel tekið. Kostnaðurinn er ekki ægilegur, en það, sem fengist, yrði mikið.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal ekki segja, hvort tími er til þess kominn, að stofnaður sje verslunarskóli fyrir alt landið, og honum haldið uppi

af opinberu fje. Jeg vildi að eins skjóta því til háttv. flutnm., að nú er til þess ætlast, að öll mentamál landsins verði tekin fyrir, og stjórnin athugi þau með aðstoð sjerfróðra manna, og virðist þá rjettast að láta þetta mál fylgjast með. Þó hjer sje um sjerskóla að ræða, þá ætti nefndin, sem skipuð verður í mentamálin, eða þeir menn, sem falið verður að athuga þau, eins að geta tekið þetta mál með. Jeg sje ekki, að mikil hætta geti af því stafað, þó stofnun þessa skóla dragist og verði athuguð í sambandi við annað. Það er ekki því til að dreifa, að kensla falli niður, því nú eru tveir skólar í þessari grein. Jeg sje ekki ástæðu til að skilja þennan skóla undan, því ætlast er til, að sjerskólar verði athugaðir, svo sem búnaðarskólinn o. fl., og hefir þetta mál rjettilega verið borið saman við þá. Auk þess er málið svo seint fram komið, að örðugt verður að afgreiða það á þessu þingi; jeg býst ekki við, að það standi mjög lengi hjeðan af.

Pjetur Jónsson: Jeg tel það gott, að þessi hugmynd er hjer fram komin í frv.formi. Það hefir áður verið umtal um það, að koma þyrfti á stofn góðum verslunarskóla, og er jeg einnig þeirrar skoðunar. En þó get jeg ekki verið meiri hl. fjárveitinganefndar sammála um það, að nauðsyn sje að ákveða hann með lögum nú. Jeg lít svo á, að við sjeum ekki nægilega undirbúnir til að setja á stofn ríkisskóla nú, svo fullkominn sem hann á að vera. Slíkur skóli þarf fyrst og fremst að hafa nægilegt húsrúm, auk margs annars, sem skortur er á. Það veitir heldur ekki af að undirbúa þetta mál vel, og getur sá undirbúningur komið með tímanum. Mjer skilst, að hjer sje um nokkurskonar verslunarháskóla (Akademi) að ræða, og eigi hann því að vera eins fullkominn og samskonar skólar með öðrum þjóðum. Jeg held, að okkur sje nú um megn, þegar í stað, að stofna slíkan skóla, enda annað brýnna, sem fyr kallar að. Þó það sje þessu máli óskylt að sumu leyti, þá ætla jeg að minnast á skóla, sem búið er að ákveða með lögum ,en ekki er farið að stofna, því síður starfrækja, og það er húsmæðraskólinn á Norðurlandi. Meðan ekki er fært að veita fje til þess skóla, sje jeg ekki ástæðu til að setja fleiri skóla á pappírinn. Auk þess, sem jeg hefi nú talið, mundi verða skortur á kenslukröftum við skólann. Hjer er að vísu vísir til verslunarskóla, en jeg hygg, að þeir menn, sem þar vinna, væru ekki færir um að standa fyrir verslunarháskóla, sem ætti að vera eins fullkominn og slíkir skólar í öðrum löndum. En þessir kenslukraftar geta komið með tímanum, þótt þeir sjeu ekki nú fyrir hendi. Sama er um húsnæðið að segja, eins og jeg drap á áðan. Vitanlega væri hægt að hola þessum skóla niður í leigðar íbúðir, eins og gert hefir verið með verslunarskólann, en þó gengið tregt. En hitt er annað mál, hvort menn teldu það sæmandi fyrir ríkisskóla.

Hv. frsm. (M. Ó.) taldi kostnaðinn ekki ægilegan og benti á það, að nú væri veittur styrkur til tveggja verslunarskóla. En sá styrkur samanlagður mundi naumast hrökkva til rekstrarkostnaðar, og auk þess bættist við stofnkostnaður, sem yrði allmikill, eins og nú stendur. Viðvíkjandi samvinnuskólanum er það að segja, að hann er ekki eingöngu verslunarskóli; hann hefir annað verkefni þess utan, og má því

ekki telja styrkinn til hans að öllu leyti með því, sem veitt er til verslunarmentunar yfirleitt.

Ef þessi skóli kæmist upp, þrátt fyrir þá annmarka, sem jeg hefi talið, þá er eins enn að gæta, og það er, að ekki mundu eins margir sækja hann og verslunarskólann nú. Inntökuskilyrðið yrði að vera strangt, og er í frv. gert ráð fyrir gagnfræðaprófi, en það tekur 3 ár; auk þess stæði skólinn í 3 ár, og tæki þá 6 ár að ganga gegnum báða þá skóla. Það gætu nú ekki jafnmargir haft tíma nje tækifæri til að sækja hann, eins og ella sæktu verslunarskólann núverandi og samvinnuskólann, og sumir, sem vildu afla sjer verslunarmentunar, þyrftu því minni skóla eða námsskeið. Á Brochs-skólanum í Danmörku er það svo, að gagnfræðapróf er heimtað sem inntökuskilyrði, og stendur skólinn sjálfur í 2 ár. En svo eru þar einnig kveldskólar fyrir verslunarmenn, og býst jeg við, að eins yrði hjer. Það væri ekki heldur hægt að afnema styrkinn til samvinnuskólans til fulls, eins og jeg drap á áðan. Hann hefir sitt sjerstaka hlutverk að vinna, og það hyrfi ekki, þótt verslunarháskóli kæmist á. Þeir, sem ætluðu sjer að snúa sjer að kaupfjelagsstörfum, gætu ekki gengið á slíkan skóla eingöngu.

Þetta gerir það að verkum, að við getum ekki allir nefndarmenn fallist á að halda þessu máli nú fram, en hins vegar er gott, að þessi hreyfing lifi. Því miður geta ekki jafnöflugar stoðir runnið undir þennan skóla hjer sem Brochsskóla í Kaupmannahöfn, sem að vísu er ekki ríkisskóli. En jeg get hugsað mjer, að sá vísir, sem er til verslunarskóla hjer, geti dafnað svo, að hann gæti síðar meir orðið stoð undir æðri skóla, ef menn láta sjer lynda í bili það, sem við höfum nú.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Jeg hefi ekki margt að athuga við það, sem hæstv. forsætisráðherra (J. M.) sagði um málið, nema um dráttinn, sem hann vill hafa á framkvæmd þess. Hann bar því við, að nú ætti að fara fram endurskoðun og rannsókn á öllum mentamálum landsins, og vildi hann láta bíða með skipun þessa máls þangað til þeirri rannsókn væri lokið. En þess er að gæta, að 2 verslunarskólar eru þegar komnir upp, og hjer ekki hugsað um annað en að gera einn skóla úr báðum; en bíða má með að semja fullnaðarreglugerð fyrir skóla þennan, og koma föstu framtíðarfyrirkomulagi á hann, þangað til komist hefir verið að ákveðinni niðurstöðu um skipun mentamála í landinu yfirleitt. Má þá alveg eins breyta til með skólann, ef betur þykir hlýða, þótt hann sje þegar stofnaður, og meira að segja, þá verður á meiri reynslu að byggja en ella. Jeg held, að það leiði ekki til neins góðs að draga málið á langinn og fresta sameiningu skólanna; þvert á móti. Það er mjög hætt við, að þessir tveir skólar, sem nú starfa, geri fremur að ala á rig en að draga úr honum, og er það illa farið. Það má að vísu vera, að þeir, sem nú halda uppi skólastofnunum þeim, sem nú starfa, vilji og gera það framvegis. Þeim verður ekki bannað það, en ríkið á ekki að styðja þá til þess.

Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) fór að tala um mál þetta, líklega til að láta menn vita, að hann væri ekki með frv.; hann var og andstæður málinu í nefndinni. Honum þykir um of hrapað að mál-

inu og undirbúningstíminn of stuttur og reynslutíminn. Nú er það vitanlegt, að verslunarskóli hefir staðið hjer allmörg ár, og mætti ætla, að hann væri kominn það af gelgjuskeiðinu, að óhætt sje að færa hann í fullorðinsgerfi nú þegar.

Hv. þm. (P. J.) blandaði þessu máli saman við annað mál óskylt því, stofnun húsmæðraskóla, og vildi láta hann ganga fyrir. En af því, að nú er ekki um það að ræða, sje jeg enga ástæðu til að fara að rökræða það mál við hv. þm. (P. J.).

Til þess að gera mál þetta ískyggilegt talaði hv. þm. (P. J.) um skort á góðum kenslukröftum við verslunarskóla. Hv. þm. (P. J.) gerir alt of mikið úr þessu. Jeg veit ekki betur en að við höfum 3—4 verslunarkandidata hjer í bæ, og að undanförnu hafa nokkrir íslenskir stúdentar gengið á verslunarháskólann í Kaupmannahöfn, og sumir þeirra þegar lokið prófi þar, svo að úr þessu ætti ekki að þurfa að bera við kennaraskorti. Eigi mundi að svo stöddu þurfa að byggja hús handa skólanum; hann mundi geta fengið húsrúm áfram þar, sem verslunarskólinn er nú. Mun þar vera pláss handa 70—80 nemendum, og á meira er ekki þörf. Háttv. þm. (P. J.) vildi láta kennara æfast í kenslu áður en skólinn væri stofnaður; en jeg hygg, að ef þeir kennarar sumir, sem að undanförnu hafa kent við skólann, hafa ekki nú þegar fengið nóga kennaraæfingu, þá muni þeir aldrei fá hana; auk þess verður það sjálfsagt með þennan skóla sem aðra skóla, að eigi verði það jafnan æfðir kennarar, sem til hans ráðast. Eitt er víst, það þarf fleiri kennara til að kenna við tvo skóla en einn, og rekstrarkostnaður þeirra meiri en ef alt væri sameinað. Þá gaf háttv. þm. (P. J.) þá upplýsingu, sem mjer var ókunnugt um áður, að samvinnuskólinn væri í raun og veru ekki verslunarskóli. Jeg hygg, að ef þingm. hefði verið kunnugt um þetta, þá mundi hafa verið meira en vafasamt, hvort hann hefði fengið meiri hl. atkv. hjer í deild fyrir þeim styrk, sem honum hlotnaðist við atkvgr. hjer. — Þeir, sem ætla að standa fyrir samvinnufjelagsskap, þurfa að kunna sömu reikningsaðferðir og bókfærslu sem aðrir verslunarmenn, og þeir þurfa yfirleitt að hafa lært eins mikið í verslunarfræðum eins og þeir. Auk þess má búast við, að menn frá samvinnuskólanum vilji, sumir hverjir, ráða sig hjá kaupmönnum, og þá þurfa þeir að hafa lært ekki minna en þeir, sem í hinn verslunarskólann hafa gengið, ef þeir eiga að geta búist við að standa þeim jafnt að vigi. Þá er um kostnaðinn að ræða. Jeg veit, að hann muni verða einhverju meiri í hinum fyrirhugaða ríkisskóla en nú er hann áætlaður handa verslunarskólanum og samvinnuskólanum. Öllum ber saman um, að ríkinu beri að styrkja sjermentaskóla, og þá að sjálfsögðu þennan líka.

Það er talið títt bragð þeirra, sem vilja hindra framgang einhvers máls, að þeir telja það að vísu gott, en segja, að það sje ekki tímabært að koma því fram í bili, og því hafi það best af því, að því sje frestað. Jeg segi ekki, að hv. þm. S.-Þ. (P. J.) hafi slíkt bak við eyrað, heldur varpi þessu fram sem almennri athugasemd; honum getur gengið gott eitt til, að koma með frestunartill. sína.

Jeg vona, að hv. þingdm. sjeu á sömu skoðun sem flm. málsins, enda veit jeg, að margir þeirra eru það, um það,

að þessi breyting, sem hjer ræðir um, þurfi að komast sem fyrst á; slíkt sje ómissandi fyrir verslunarstjettina og þar af leiðandi fyrir landið í heild sinni.

Bjarni Jónsson: Undarlegur misskilningur er það af hæstv. forsætisráðherra (J. M.), að till. um rannsókn fræðslumála ætlist til, að stjórnin láti og rannsaka fyrirkomulag sjerskóla, svo sem verslunarskóla og annara slíkra skóla. Hún nefnir það ekki á nafn. Þar eru nefndir til kennaraskóli, gagnfræðaskólar, búnaðarskólar, alþýðuskólar og auk þessara lærði skólinn, svo kallaður mentaskóli, en ekki fleiri. Er því engin ástæða til að halda, að þetta frv. komi í bága við till., eða sje óþarft hennar vegna. Að því er snertir hina skólana, þá er tilætlunin að rannsaka, hvort eigi megi breyta skipulagi þeirra til hins betra frá því, sem nú er. En hjer er um nýjan skóla að ræða, sem ekki verður rannsakað hvernig reynst hafi, heldur setur þingið hann á stofn á þann hátt, sem það hugsar að best gegni. Og þótt nú stjórninni væri falið að undirbúa þessa skólastofnun, þá er ekki víst, að miklu nær væri. Því að áður hafa verið samþ. hjer þingsályktanir, þar sem skorað var á stjórnina að láta rannsaka hin almennu fræðslumál vor og lærða skólann. Hefði sú rannsókn því nú getað verið um garð gengin, ef stjórnin hefði viljað. En henni er lítt að treysta í þeim málum, því að hún er lengi að nema mál og vilja Alþingis í þeim efnum. Tvisvar hefir verið heimtuð af henni þessi rannsókn á þriggja ára fresti, og nú í þriðja sinn. Skjótleik skynjunar hjá stjórninni er því líkt farið og hjá þrem tröllum, sem þjóðsagan getur. Eitt þeirra sagði einn dag: „Mjer heyrðist hestur hneggja.“ Nú liðu hundrað ár. Þá sagði annað tröllið: „Og mjer heyrðist það nú vera kýr, sem baulaði.“ Enn liðu hundrað ár. Þá sagði þriðja tröllið: „Skárri er það nú hávaðinn í ykkur!“ Hver veit nema kenslumálastjórnin reynist þeim mun fljótari til, að hún þurfi jafnmörg ár sem tröllin aldir. Stjórnin hefir ekki rumskað enn þann tveggja ára tíma, sem liðinn er síðan hún heyrði hljóð úr horni um það, að ætlast væri til, að hún rannsakaði fræðslumál þessa lands. Nú hefir enn að nýju verið ýtt við henni, hvernig sem fer.

Ef til vill tekst hv. þm. S.-Þ. (P. J.) að sýna fram á það af rökvísi sinni, að það sje mesta fardagaflan að þjóta nú í það að setja upp þennan verslunarskóla, sem sýnist vera honum þyrnir í auga, og að við sjeum eigi viðbúnir. Ef til vill tekst honum að sanna oss, að betra sje að láta stjórnina undirbúa málið, og að hún hafi þá eigi á sjer snið tröllaþeirra, er jeg sagði frá. En betur verður hann þá að vanda röksemdir en hingað til.

Höfuðástæða hv. þm. (P. J.) fyrir því, að við værum eigi undir það búnir að setja upp verslunarskóla, var sú, að oss vantaði kenslukrafta. Út af fyrir sig væri þetta hugsanlegt, en rjett er það þó ekki. En undarlegt er það, að sá maður, sem er hræddur um, að vanti kenslukrafta handa einum skóla, vill halda uppi tveim skólum. Ætli hann haldi þá, að auðveldara sje að fá góða kennara til tveggja skóla en til eins? Allmörg undanfarin ár hafa einstakir menn eða fjelög haldið uppi verslunarskóla hjer í Reykjavík, með nokkrum tilstyrk frá ríkinu. Hefir ekki annars heyrst getið en að góðir kenslukraftar

væru við þann skóla. Aðalþrautin fyrir þann skóla hefir verið undirbúningsleysi flestra þeirra, er í skólann hafa komið. Því hefir árangur skólagöngunnar ekki getað orðið svo góður sem ella. — Á síðasta ári var settur hjer upp nýr skóli, til þess að kenna mönnum verslunarfræði, svo kallaður samvinnuskóli, og þótt undarlegt sje, þá gengust þeir menn fyrir því, sem nú kvarta mest um það, að kenslukrafta vanti, og segja, að því verði eigi komið á fót e i n u m verslunarskóla. Mundi það vera hugsunin, að þessi skóli eigi að ala upp hæfa kennara handa ríkisverslunarskóla, og því verði að bíða með hann þangað til þeir sjeu orðnir fullnuma? Næst liggur að skilja svo alla meðferð hv. þm. (P. J.) og fjelaga hans á máli þessu. Líklega vakir fyrir þeim latneska orðtækið „docendo discimus", við lærum á því að kenna. En þá mætti eigi síður heimfæra það upp á þá, sem nú hafa kent um alllangt skeið í verslunarskólanum, og mætti ætla, að þeir hefðu þegar lært að kenna.

En auk þess er heimurinn víður, og sjeu engir hjer á landi hæfir til að kenna við hinn fyrirhugaða verslunarskóla, þá mundi vera hægt að fá slíka kennara annarsstaðar að, svo fullkomna, sem mest þætti þurfa.

Þessar tvær ástæður hv. þm. S.-Þ. (P. J.), að undirbúningur sje ónógur undir skólastofnun þessa, og að kennara skorti, reynast þá reykur einn og hjegómi.

En þá kom hann með þá ástæðu, að fyrst ættum við að setja á stofn húsmæðraskóla, áður en við færum að hugsa um að koma upp verslunarskóla. Þar skýtur nú skökku við hjá honum. Því að þegar áður hafa verið sett lög um stofnun hans. Stendur ekki á öðru, að skóli þessi verði reistur og taki til starfa, en því, að Norðlendingar komi sjer saman um, hvar hann skal standa, en samkomulag hefir eigi fengist um það enn þá. Hv. þm. (P. J.) gerði því sjálfum sjer óleik með því, að bera þessa ástæðu fram

Hv. frsm. (M. Ó.) hefir svarað þeirri athugasemd hv. þm. (P. J.), að skóli þessi mundi reynast dýrari en þeir, sem fyrir væru, og skal jeg ekki orðlengja um það. Get þess eins, að hann mun verða þjóðinni ódýrari að mínu viti, borið saman við nytsemi hans og hinna, þótt hann kunni að verða ríkissjóði nokkrum þúsundum dýrari en þeir.

Þá færði hv. þm. (P. J.) fram þá ástæðu móti skólanum, að færri myndu sækja þennan nýja skóla en sótt hefðu hina gömlu. Það getur verið, en mjer finst það eigi skifta miklu máli. Hitt er mest um vert, að þeir menn sjeu sem best að sjer, sem eiga að gerast leiðtogar og forvígismenn í verslunarmálum vorum og stýra eiga stórum verslunarfyrirtækjum. Það er lífsnauðsyn, að verslunarstjett vor skaði eigi landið um miljónir króna ár hvert sakir fáfræði og vankunnáttu. Því verður eigi neitað, að um þá sjö tugi ára, sem verslun vor hefir verið frjáls, höfum við beðið tjón, svo að hundruðum miljóna kr. skiftir, á versluninni við það, að oss hefir vantað vel mentaða og víðsýna verslunarstjett. Það hefði átt að vera eitt hið fyrsta verk vort, eftir að við fengum fjárforræði, að setja á stofn verslunarskóla. Það mundi hafa borgað þúsundfaldan ávöxt. Þm. (P. J.) hugði, að þar sem heimta ætti gagnfræðaskólamentun til undirbúnings, og síðan þrjú ár í skólanum, þá mundi mönnum hrjósa hugur við að verja þessum 6 árum til námsins. Við hinir

höfum setið 12 ár og meira á skólabekk, áður en við yrðum færir til að gegna embætti, þessum feitu embættum, sem mest er um talað. Þykir okkur það því kynleg viðbára, að þeir menn, sem ætla að stunda ekki óarðvænlegri atvinnu en verslun er, muni ekki vilja vinna til að leggja á sig 6 ára nám, til þess að geta orðið hæfir til að gegna stöðunni.

Það ber lítinn vott um stórhug og framsýni hjá henni uppvaxandi kaupmannastjett og forráðamönnum hennar, ef hún vill ekki leggja á sig svo mikið, sem hjer er heimtað, til þess að afla sjer sæmilegrar þekkingar til þess að öðlast vit til að kaupa og selja á borð við stjettarbræður sína erlenda. Hver skyldi trúa því, að eigi væri meiri metnaður íslenskra kaupsýslumanna en svo, að þeir væru þess vitandi, að þeir, fyrir vankunnáttu sakir, væru hvarvetna eftirbátar viðskiftamanna sinna og keppinauta í kaupsýslu allri, og yrðu því að bera skarðan hlut frá borði, til tjóns fyrir sjálfa sig og þjóð sína. Það sæmir þeim lítt að vilja ekki stíga það spor, sem einna vissast er til að stórauðga þá og þjóðina. Hv. þm. (P. J.) var að tala um Dani og hina ágætu kveldskóla þeirra, og að margir Íslendingar hefðu látið sjer nægja að ganga í skóla þessa, og það komið þeim að góðu haldi. Þetta sannar ekki meira eða annað en að betra sje að veifa röngu trje en engu. Hitt er ósannað, hvort íslensk verslun hefði ekki haft meira gott af því, að þessir sömu menn hefðu aflað sjer meiri verslunarþekkingar. Jeg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að svo mundi hafa orðið.

Hv. þm. (P. J.) sagði, að kaupfjelagsmenn mundu ekki ganga í þennan fyrirhugaða skóla, með öðrum orðum, mundu ekki vilja leggja á sig að verja 5—6 árum til að búa sig undir jafnvandasama stöðu sem verslunarstaðan er. Þetta er undarleg kenning, að þeim eigi að ríða minna á að búa sig undir að fara vel með annara fje en sitt eigið. Kaupfjelagsstjórarnir fara þó með margra fje og ráðstafa því, en kaupmennirnir með eigið fje. Jeg gæti trúað, að hv. þm. (P. J.) fyndist jafnvel sjálfum, að hann væri tekinn að kenna viðsjárverða þjóðfjelagsfræði, þegar hann gefur sjer tíma til að rekja kenningar sínar út í æsar. Það lítur út fyrir, að hv. þm. (P. J.) sje á því, að enn haldi menn áfram að hlaupa frá orfinu og gerast forstöðumenn stórverslana, til tjóns fyrir samvinnufjelagsskapinn, og voru það þó í sannleika sumir ekki menn af lakari endanum, en þá herra vantaði þekkingu á sjálfum sjer, fólkinu og starfinu. Jeg er ekki jafnfróður í sögu samvinnufjelagsskaparins sem hv. þm. (P. J.), en þó veit jeg, að ýms kaupfjelög hafa því miður farið á höfuðið, og það orðið til að tefja fyrir hinni góðu og hollu samvinnuhreyfingu, því að það er hún, ef henni er af viti stjórnað. Eftir framkomu hv. þm. (P. J.) verð jeg að ætla, þrátt fyrir alla söguþekkingu hans, að jeg viti að sumu leyti betur en hann, hvaða þúfa hefir velt kaupfjelögunum. Það er fyrst og fremst vankunnátta forstöðumannanna; þeir hafa ekki verið menn til að stjórna fjelögunum, en í fáfræði sinni haldið, að þeir væru það. Þetta segi jeg ekki mönnunum til lasts; jeg tala hjer að eins um algengan, mannlegan sjúkdóm, sem sýkt hefir menn þessa; þeir hafa gert það, sem þeir gátu, en þeir hefðu að eins getað afrekað miklu meira, ef þeir hefðu lært starfið áður

en þeir byrjuðu það. Mín aðalhvöt til þess að berjast fyrir því, að vjer kæmum upp góðum verslunarskóla, er sú, að jeg vil bjarga samvinnufjelagsskapnum frá skerjum þeim, er hann hefir steytt á, og hjálpa honum til að vinna betur en hann hefir getað hingað til. Mín viðleitni er í hag fyrir samvinnufjelagsskapinn og fyrir þjóðina alla, því að það hefir sýnt sig, að þar, sem hann er rekinn af skynsamlegu viti, þar hefir hann bætt verslunina. Hins vegar dylst mjer ekki, að kaupmenskan eigi og fullan rjett á sjer, eins og enn er háttað högum, og að hvor stefnan bæti aðra upp.

Að endingu segi jeg: Það er þúsundfaldur hagur að því, að koma upp góðum verslunarskóla, og það sem fyrst. Sje svo, að oss vanti góða kenslukrafta, eigum við að vinda bráðan bug að því, að útvega þá annarsstaðar frá, þaðan sem bestir eru. Mín niðurstaða verður því öfug við niðurstöðu hv. þm. (P. J.); honum þykir gott, að hugmyndinni sje hreyft; en hann vill bíða ein 60 ár, eða lengur, eftir því, að henni sje komið í framkvæmd. En jeg vil láta framkvæma hana þegar í stað; og illu heilli var það, að hún komst ekki í framkvæmd þegar er við fengum verslunarfrelsið.

Pjetur Jónsson: Jeg held, að hv. þm. Dala. (B. J.) hefði getað sparað sjer alveg þessa löngu ræðu sína, því að hún var naumast annað en nánari útfærsla á því, sem hv. frsm. (M. Ó.) sagði, og sömuleiðis á greinargerð frv., að svo miklu leyti, sem hv. þm. (B. J.) fór ekki með rugl og vitleysu.

Jeg vil þó minnast á eitt í sambandi við það, sem hann taldi mig hafa sagt, að kaupfjelagsmenn myndu ekki ganga í skóla þennan.

Jeg sagði að eins, að þeir mundu ekki verða eins margir, sem kæmust í þennan skóla, eins og í samvinnuskólann og verslunarskólann báða til samans, vegna þess, hve dýrt það verður.

Hitt efast jeg ekki um, að þeir, sem vildu afla sjer rækilegrar þekkingar, myndu ganga í þennan skóla, t. d. þeir, sem ætla sjer að gera kaupfjelagsskap að lífsstarfi sínu. Auðvitað mega þeir ekki hafa lakari undirbúning en aðrir verslunarmenn. Um þetta þarf ekki neitt að prjedika, því að það er alment viðurkent.

Þá var dálítið óheppilega valið dæmið, sem hv. þm. (B. J.) tók til sönnunar því, hve skortur á verslunarþekkingu gerði mikinn baga. Hann sagði, að allmörg kaupfjelög hefðu farið á höfuðið til að byrja með, fyrir þær sakir. En slík fjelög eru alls ekki mörg, svo að það sannar ekki neitt.

En jeg, sem þykist þekkja sögu kaupfjelaganna miklu betur en hv. þm. (B. J.), get frætt hann á því, að svo undarlega vill til, að einmitt þeim fáu kaupfjelögum, sem fóru á höfuðið, var einkum stjórnað af „verslunarfróðum“ mönnum, svo kölluðum

Þar, sem bændurnir hafa svo að segja verið teknir frá orfinu, til að koma þeim á fót, hefir verið fult eins vel að jafnaði.

Þessi mótmæli mín eiga þó ekki að sýna það, að jeg telji kaupfjelagsforstjóra og starfsmenn þurfa minni sjerþekkingu en aðra verslunarmenn. Jeg álít þvert á móti, að þeir þurfi meiri þekkingu en verslunarmenn hingað til hafa haft. Hv. þm. Dala. (B. J.) hefir því alveg farið í gönur hjer.

Háttv. frsm. (M. Ó.) kvaðst vilja tala

sem styst og taka að eins fram aðalatriðin. Þeirri reglu hefi jeg líka fylgt í ræðu minni um þetta mál; jeg tók að eins fram aðalatriðin.

En jeg hjelt, að hann vildi ræða þetta mál vingjarnlega og með hægð, en þar sem hann talaði um, að jeg hefði tekið upp eitthvert óbeint þrautaráð til að hamla framgangi málsins, þá get jeg ekki talið það vingjarnleg ummæli.

Jeg veit ekki betur en jeg hafi sagt blátt áfram það, sem jeg meina, og ekki á neinn hátt annan reynt að hamla framgangi frv., hvorki með viðtali við einstaka þm. nje öðru.

Jeg vil með þetta mál, eins og önnur, að það standi eða falli eftir því, hvernig menn líta á það.

En jeg fyrir mitt leyti get ekki mælt með því, sem jeg tel ekki rjett, og jeg lít svo á, sem þetta mál bæði eigi og megi bíða.

Það var talið óskylt mál, þegar jeg mintist á húsmæðraskólann í sambandi við þetta, og mjer álasað fyrir að draga hann í þessar umr.

En jeg lít nú svo á, að hjer sje um nokkuð skyld mál að ræða, þar sem hvorttveggja eru skólar. Því mun heldur ekki verða neitað, að húsmæður til sveita hafi fulla þörf þekkingar á sínu sviði, engu síður en verslunarmenn á sínu. En húsmæðraefnin hafa á hinn bóginn miklu minna fje og færri tækifæri til að afla sjer þeirrar þekkingar en verslunarstjettin. Sá skóli ætti því að vera mönnum mikið meira kappsmál.

En nú er það vitanlegt, að ekki er hægt að siga stjórninni til að gera alt í einu. Hún verður að haga gerðum sínum með ráðdeild, engu síður en bóndinn, sem ekki getur bygt öll sín hús sama árið, heldur verður jafnvel að verja til þess mörgum árum.

Hjer er um tvö fyrirtæki að ræða. Annað verður því að ganga á undan, og þá auðvitað það, sem nauðsynlegra er.

Jeg get líka hugsað mjer, að ýmislegt fleira ætti að ganga á undan skólastofnun þessari, t. d. það, að kaupa varnarskipið, sem hjer hefir verið rætt um.

En þessi orð mín öll ber ekki að skoða sem úrtölur til að eyðileggja hugmyndina.

Það, sem hv. frsm. (M. Ó.) drap á, hin óheppilegu áhrif, sem núverandi verslunarskólar hafi, að sögn, haft á nemendur sína, er alt of mikið bygt á slúðursögum, til þess að vert sje að ræða það hjer.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er ekki rjett hjá hv. þm. Dala. (B. J.), að það hafi verið misskilningur hjá mjer, að þetta gæti heyrt undir rannsókn þá, sem gera á á fræðslumálum yfirleitt. Nefndin hefir einmitt tekið sjerskóla upp í þær till. sínar, t. d, búnaðarskólana.

Það var því ekki nema eðlilegt, að jeg benti á þetta.

Annars skil jeg ekki, af því að hjer er til verslunarskóli, að svo mikil nauðsyn sje á að flýta þessu máli.

Annarsstaðar eru þessir skólar fyrir verslunarmenn aðallega „privat"-skólar. Held jeg því, að það mætti einnig nægja hjá okkur, að minsta kosti um stundarsakir.

Hitt þykir víða meiri nauðsyn, að verslunarmenn leiti sjer fræðslu í öðrum löndum, því ekki síst í verslunarsökum er mönnum nauðsynlegt að kunna deili á tilhögun annara þjóða.

Svo er t. d. á Norðurlöndum og sjerstaklega á Þýskalandi, að menn keppa sem lengst í því, að verslunarmenn afli sjer fræðslu utanlands.

Annars skal jeg ekki fara frekar út

í þetta mál; að eins vil jeg benda á það aftur, að mjer þykir það næsta ólíklegt, að þetta mál verði afgreitt frá þinginu í lagaformi, þar sem það er svo seint fram komið.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Mjer þykir það mjög leitt, að hv. þm. S.-Þ. (P. J.) hefir tekið svo illa upp það, sem jeg sagði, jafnmeinlaust og það var.

En jeg býst við, að honum sje það kunnugt, að þegar menn vilja hindra framgang einhvers máls, þá er oft til þess gripið að finna á því öll hugsanleg formerki, einmitt í því skyni að koma því fyrir kattarnef.

En það, sem jeg sagði, var alls ekki nein aðdróttun til hv. þm. (P. J.), og hefði einhver beint slíkum orðum til mín, mundi mjer ekki hafa komið til hugar að taka það illa upp.

Þetta, sem hæstv. forsætisráðh. (J. M.) sagði, að mál þetta heyrði undir mentamálanefndina væntanlegu, er ekki rjett, því að eins og jeg tók fram áðan, þá er hjer um það eitt að ræða, að slá saman stofnunum, sem til eru í landinu, og þar þarf engin nefnd nærri að koma.

En það þykir mjer undarlegt af hv. þm. S.-Þ. (P. J.), að vera að blanda húsmæðraskólanum inn í þetta mál.

Ef honum er svo mjög umhugað um það mál, hefði það verið rjettara af honum að flytja frv. um það. Jeg fyrir mitt leyti mundi hafa verið því fylgjandi, þar sem jeg veit, að þörfin er fyrir hendi. Jeg býst heldur ekki við, að neinn af flm. þessa frv hefði orðið því mótfallinn.

Skal jeg svo leggja málið undir dóm hv. deildar, og vænti jeg þess, að þrátt fyrir þessi andmæli verði því þó vísað til 2. umr., og er þá tími fyrir háttv. þm. að breyta, ef eitthvað er, sem betur mætti fara.

Bjarni Jónsson: Jeg skal ekki rekast mikið frekar í því, sem sagt hefir verið.

Að eins skal jeg benda á það, í sambandi við þau orð hæstv. forsætisráðh. (J. M.), að erlendis væru slíkir skólar reknir sem einstakra manna skólar, að hjer á landi hagar öðruvísi til.

Slíka skóla geta ekki rekið nema helst töluvert mikil fjelög, svo sem kaupfjelög og samvinnufjelög, því að eins og menn vita, græða slíkar stofnanir mjög mikið, sbr. það, sem stendur í vísunni um kaupfjelögin:

> Í Vinaminni Vídalín
> valdsmenn kann að dorga,
> veitir klára kampavín!
> En kaupfjelögin borga.

Annars er þetta gömul gamanvísa, sem jeg var að hafa hjer yfir.

En þó vil jeg nú halda, að tryggara sje, að ríkið hafi eftirlit með slíkum skólum, því að eins og jeg hefi áður tekið fram, er mikið undir því komið, að til þeirra sjeu valdir góðir menn og fróðir. En auðvitað þurfa Íslendingar engu síður en aðrar þjóðir, að senda verslunarmenn sína utan, til þess að kynnast verslunarhögum annara þjóða, því að hve góður sem skólinn er, geta menn aldrei lært þar alt til fulls. Þarf ekki annað en að benda á verklegt nám, sem þar hlýtur að verða af skornum skamti, en er annars mjög nauðsynlegt.

Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) hefir tvisvar talað um það, að frv. þetta gæti ekki orðið að lögum nú, þar sem svo áliðið væri þingsins.

Jeg hefi þó ekki heyrt hann segja það um önnur frv., sem hafa verið hjer til 1. umr. í dag, eins og t. d. frv. til laga um breytingu á þingsköpum Alþingis.

Og jeg býst við því, að á meðan stjórnarskráin og fjárlögin eru hvorugt komin til 2. umr. í Ed., þá hafi einhvern tíma verið drýgð önnur eins þingskapasynd eins og sú, að leggja fram frv. þetta.

Jeg held því, að tími sje nægur til að afgreiða það. Það er líkt flutt af nefnd, og hingað til hefir fjárveitinganefndinni ekki verið treyst öllu ver til að undirbúa mál sín en öðrum nefndum.

Það væri því af því, að frv. þetta væri látið sitja á hakanum, ef ekki vinst tími til að koma því fram. En það er engin ástæða til að vera því mótfallinn.

Mjer þótti það undarlegt, að hv. þm. S.-Þ. (P. J.) ljet svo um mælt, að jeg hefði getað sparað mjer ræðu mína. Það var eins og jeg hefði móðgað hann með því, sem jeg sagði. En jeg held, að hann hefði eins vel getað sparað sjer það vottorð, sem hann var að gefa um það, hvað samhljóða var í ræðu minni og ræðu hv. frsm. (M. Ó.). Prentunarkostnaður á því hefði vel mátt falla niður.

Hins vegar get jeg vel trúað því, að hann sje tíu sinnum betur að sjer í sögu kaupfjelaganna en jeg. En ef hann heldur, að verslunarfróðir menn hafi verið fyrir öllum þeim kaupfjelögum, sem farið hafa á höfuðið, þá vil jeg samt ráða honum til að lesa upp og læra betur.

Jeg þarf ekki að leita til neinna fræðinga um það, þar sem jeg hefi þekt mennina og man eftir þeim.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. K., B. St., E. A., G. Sv., H. K., J. J., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. Þ., S. St., Þorl. J., Þór. J., B. Sv., Ó. B.

nei: E. Árna., J. B., P. O., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorst. J.

J. M. greiddi ekki atkv.

Einn þm. (E. J.) fjarstaddur.

Á 62. fundi í Nd., föstudaginn 12. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 727).

Frsm. (Matthías Ólafsson): Það voru meiri umr. um þetta mál við 1. umr. en jeg hafði búist við. Mjer er óljúft að endurtaka það, sem jeg sagði þá, og vildi því að eins bæta við örfáum atriðum.

Það, sem fyrir nefndinni vakti, var að fá sæmilega og viðunandi mentun fyrir verslunarmenn. Nú eru tveir skólar, og hvorugur fullkominn. Nefndin sá engin önnur ráð en að landið tæki þetta að sjer og sameinaði þessa tvo skóla í einn, sem kostaður væri af opinberu fje. Það er varla vafi á því, að einn skóli er ódýrari, þótt fullkomnari sje, en tveir, svo kostnaðarauki verður ekki af þessari ráðstöfun nema í byrjun. Vitanlega færi kostnaðurinn fram úr 16 þúsundum, en þessar tvær stofnanir geta ekki komist af með það fje til lengdar, og í framtíðinni verður einn skólinn ekki dýrari .

Á þessum skóla á að kenna það, sem verslunarmönnum er nauðsynlegt, og þar sem hv. þm. S.-Þ. (P. J.) vitnaði til skjals eins um, að samvinnumenn þyrftu sjerstaka mentun, þá sje jeg ekki

betur en að hinir hefðu líka gott af að læra það, sem samvinnum. er nauðsynlegt. Ekki get jeg hugsað mjer, að samvinnuskólanum yrði þetta tap, því að hann mun ekki svo fullkominn, að hann verði betri en þessi eini skóli. Jeg býst við því, að báðir skólarnir hefðu gott af að sameinast í einn, fullkomnari en þeir báðir eru til samans.

Hjer er spurning um það, hvort halda eigi áfram að styrkja tvo ófullkomna skóla, eða slá þeim saman í einn fullkomnari. Frá hvaða sjónarmiði, sem málið er skoðað, hlýtur það að verða ofan á, að heppilegast sje að stofna þennan skóla, og það nú þegar.

Um orðróminn, sem jeg drap á síðast, hefi jeg það sama að segja og þá, að jeg veit ekki, hvort hann er sannur eða ekki, en hann spillir í öllum tilfellum. Þó óvildin eigi sjer ekki stað nú, þá er orðrómurinn viss með að skapa hana, og er því þarft verk að gera hann að engu, en til þess verður þessi skóli.

Jeg þykist vita, að margir munu hallast að till. meiri hl. nefnarinnar um þennan skóla, og menn hafa ekkert sjerstakt við þær að athuga, því breytingar á þeim hafa ekki verið bornar fram, hvorki af þeim, sem eru með, eða móti málinu.

Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) og hæstv. forsætisráðherra (J. M.) lögðu á móti þessu frv. og vildu drátt á framkvæmd málsins. Jeg hefi bent á áður, að engin ástæða sje til dráttar, en það eru altaf einhverjir, sem eru ragir til framkvæmda, og mega menn ekki kippa sjer upp við það. — Um húsrúmið er það að segja, að jeg býst við, að hægt verði að fá það húsrúm, sem verslunarskólinn hefir nú, og rúmar það milli 60—80 nemendur, og ætti það að nægja.

Það sýnist því ekkert sjerstaklega mæla á móti þessu. Því hefir áður verið svarað, sem fram var borið um það, að kenslukrafta vantaði, og gerist ekki þörf á að endurtaka það. Hvað það snertir, að þessi skólastofnun eigi að bíða þess, að lokið sje almennri rannsókn á skipulagi kenslumála hjer á landi, þá sýnist ekki ástæða til þess, því að þessi skóli heyrir ekki beinlínis því til, sem nú á að rannsaka. Þó er ekki ólíklegt, að hann yrði að einhverju leyti tekinn til athugunar; mundi þá verða auðvelt að gera einhverjar smábreytingar á honum, ef þurfa þætti, t. d. bæta við námsgrein eða breyta einhverju í inntökuskilyrðunum. Hitt má fullyrða, að engin rannsókn fræðslumála mun leiða til þess, að verslunarskóli í svipuðu horfi og þessi muni þykja óþarfur. Jeg vil óska, að þeir, sem móti málinu eru, geri glögga grein fyrir, áður en til atkv. er gengið, hvort þeir telji líkindi fyrir, að þessi fyrirhugaði skóli muni að þeirra hyggju verða verri eða dýrari en það, sem við höfum; eða hvort þeir telji það óþarfa, að verslunarmenn fái þá mentun, sem hjer er ætlast til. Til minna en þessa má ekki mælast.

Eins og jeg tók fram við 1. umr., könnumst við flm. málsins við, að frv. geti verið ábótavant í einhverju, og munum því taka með þökkum, ef einhverjir koma fram með brtt. við frv., því til umbóta. Komi enginn með brtt., verð jeg að líta svo á, sem aðrir sjái ekki annað betra en hjer er.

Meiri hl. nefndarinnar lítur svo á, að mentun verslunarstjettarinnar sje ekki nægilega góð, og lítill kostnaðarauki

við skóla þann, sem frv. fer fram á, en mikill gróði í aðra hönd fyrir verslunarstjettina að fá hann, og því eigi frv. þetta að ganga sem fyrst fram.

Pjetur Jónsson: Hv. þm. N.-Ísf. (M. Ó.) fór fram á, að jeg svaraði nokkrum spurningum, sem hann lagði fyrir mig. Nú skal jeg leitast við að upplýsa málið frá mínu sjónarmiði, og vona jeg, að spurningunum verði þá svarað um leið.

Það er eins um þessa skólahugmynd og flestar aðrar nýjar hugmyndir, að menn verða að sætta sig við, að þær komist ekki í framkvæmd jafnskjótt sem þær vakna; og þessi hugmynd, að stofna ríkisskóla handa verslunarstjettinni, er tiltölulega ný hjer á þingi. Jeg er nú orðinn vanur við að verða að geyma ýmsar hugmyndir mínar svo árum og jafnvel tugum ára skiftir, og jeg kippi mjer því ekki upp við, þótt þessi hugmynd verði að bíða um hríð, nje tel hana dauðadæmda fyrir það. — Jeg tel, að þessi skólastofnun eigi ekki að ganga fyrir umbótum á ýmsum öðrum skólastofnunum, sem ekki hefir verið fje fyrir hendi að bæta, nje heldur ganga fyrir stofnun sumra annara skóla, sem þörf er á að upp komi, t. d. húsmæðraskólans, nje unglingaskóla í hjeruðum, sem um mörg ár hefir verið að bisa við að koma upp, en enn eru skamt á veg komnir. Þannig hefir um allmörg ár verið barist við að koma upp unglingaskóla í Þingeyjarsýslu, og hann er ófenginn enn; sama er að segja um unglingaskóla hjer á Suðurlandsundirlendinu. Jeg álít, að þessir skólar eigi frekar en hitt að ganga á undan þessum verslunarskóla, en ef hægt er að taka hann með, þá er það gott og blessað. Mjer þykir ekki rjett, að þetta verslunarskólamál sje slitið úr samhengi við hin skólamálin; þau þurfa að takast til athugunar öll saman í einu. Þegar jeg er spurður að því, af hverju jeg álíti, að okkur liggi ekki mjög á að koma upp verslunarskóla þessum, þá svara jeg því þannig, að það sje ekki af því, að jeg telji, að við getum verið án verslunarþekkingar, heldur af því, að við höfum „privat"-stofnanir hjer á landi, sem geta nokkurn veginn fullnægt þörfum okkar í bráð. Jeg lít svo á, að aðstandendur verslunarskóla okkar hafi betri peningaráð til að styrkja þá og halda þeim uppi en t. d. sýslur eða hjeruð til að styrkja unglinga- og húsmæðraskóla, og því eigi verslunarskóli ekki að sitja í fyrirrúmi fyrir hjeraðaskólum þeim, sem jeg hefi nefnt. Það er ekki heldur loku fyrir skotið, að unt sje að bæta skóla þessa og fullkomna, þótt eigi sje bætt við miklu fje til þeirra úr landssjóði. Jeg get gefið góða von um, að fyrst samband kaupfjelaganna hefir tekið að sjer samvinnuskólann, þá muni það ekki horfa í fje til að bæta hann og efla. Þeir, sem þurfa að afla sjer meiri þekkingar í verslunarfræðum en þessir tveir skólar geta veitt, munu og að jafnaði hafa betri ráð á að fara til útlanda, til að menta sig þar áfram, heldur en þorri þeirra, sem í hina skólana ganga, enda eiga þeir í vændum arðvænni stöður oft og tíðum. Það má og gera ráð fyrir, að verslunarmenn fái á þennan hátt hagfeldari verslunarfróðleik heldur en við að ganga eingöngu í verslunar-„akademi" hjer á landi, því að við utanförina gefst þeim betri kostur á að kynnast verslunarháttum erlendis og viðskiftalífi þar. Það

sýnist því ekki vera jafnbrýn nauðsyn á að stofna hjer þennan ríkisverslunarskóla eins og meiri hl. nefndarinnar finst það vera. Þetta gerir það að verkum, að jeg álít það ekki sjerlega hættulegt, eða að stóru tjóni, þótt framkvæmd hugmyndar þessarar sje látin bíða enn um stund. Hv. þm. (M. Ó.) mintist á kostnaðinn við ríkisskólann og hjelt, að hann mundi jafnvel verða minni en styrkurinn til hinna tveggja skóla. En ef miðað er við það, sem þeim er nú ætlað báðum til samans, sem er 16000 krónur á ári, þá er jeg hræddur um, að hv. þm. (M. Ó.) fari nokkuð villur vegar. Eftir till. nefndarinnar er föstu kennurunum við ríkisskólann ætlað í laun 11000 kr. á ári; við það bætist svo tímakensla, húsnæði, ljós, hiti o. fl. Þarf ekki annað en að benda á þetta, til þess að sjá, að ódýrari verður skóli þessi ekki, heldur þvert á móti. — Á þá tvo skóla, sem nú eru til, má gera ráð fyrir að gangi að minsta kosti hundrað manns. En hinn nýi skóli mun ekki geta tekið við jafnmörgum nemendum, nje heldur fá svo marga; það er ekki heldur rjett að ætlast til, að hann taki við svo mörgum. Jeg mintist á það við 1. umr., að það mundi verða fráfælandi fyrir ýmsa, er nú sækja verslunarskóla, og þeirra líka, að ganga í hann nýja skóla, þar sem þeir, að fengnu gagnfræðaprófi, þyrftu að bæta við þrem námsárum í verslunarskólanum, því að alkunnugt er, að það er alt annað en ódýrt að dvelja hjer í Reykjavík. Auk þessa getur þessi skóli ekki komið í staðinn fyrir þá tvo verslunarskóla, sem nú eru hjer, að því leyti, að hann nær ekki niður til þeirra, sem lítinn tíma og fje hafa til að gefa sig við verslunarnámi. Nær hann því ekki því augnamiði, að veita allri verslunarstjettinni undirbúningsmentun.

Það hefir sýnt sig í Danmörku, að auk verslunar-„akademisins“ hefir verið þörf á að halda uppi kvöldskólum handa verslunarmönnum. Jeg veit heldur ekki til, að í öðrum löndum sjeu til ríkisskólar handa verslunarmönnum, heldur haldi einstakir menn, eða fjelög, uppi slíkum skólum, flestum að vísu með styrk frá ríkinu eða bæjum. Sama fyrirkomulag hygg jeg og að best mundi gefast hjer.

Jeg sagði, að hinn fyrirhugaði ríkisskóli mundi ekki fyllilega fullnægja tilgangi samvinnuskólans. Því til sönnunar leyfi jeg mjer að hafa upp kafla úr umsókninni til þingsins um styrk handa samvinnuskólanum. Í henni segir svo:

„Verkefnið er ekki eingöngu að gera nemendur færa um verslunarstörf samvinnufjelaganna, heldur jafnframt, og engu síður, að vekja þá og innræta þeim samvinnufjelagsskap, kynna þeim eðli hans og köllun og sögu hans, bæði erlendis og hjer heima; gera þeim ljós frumtök hans og hagnýt skilyrði, svo að sem flestir þeirra verði einnig færir um að gerast stofnendur eða leiðandi menn í slíkum fjelagsskap.“

Þetta er það, sem við samvinnumenn meinum, og niður við þetta getur enginn ríkisskóli lagt sig eins ítarlega og samvinnuskóli, og menn munu varla fá traust á honum til þess. Jeg sje ekki heldur neina þörf á því, að losa okkur samvinnumenn til fulls við þann áböggul, sem skóli okkar á að vera okkur; við kærum okkur ekkert um það.

Þá skal jeg nefna, hverja þörf samvinnumenn telja á skóla þessum. Við þurfum forstöðumenn fyrir sambönd samvinnufjelaganna og fyrir skrifstof-

ur þeirra innanlands og utan. Þessir menn þurfa að standa á sporði hverjum öðrum kaupsýslumönnum að fróðleik og sjermentun. Að því leyti ætti hinn fyrirhugaði ríkisskóli að geta komið þeim að góðu haldi. Eigi að síður mundu þessir menn þó þurfa að fara utan til að kynnast betur verslunarmálum en kostur er á hjer heima, á hvaða skóla sem er.

Þá eru líka nokkurn veginn upptaldir þeir samvinnumenn, sem þurfa mundu að fara í skóla slíkan sem þann, er frv. gerir ráð fyrir. Ætlunarverk samvinnufjelaganna er að koma á stórum verslunarsamböndum, og þurfa þeir, sem við þau vinna, að halda á fullkominni verslunarþekkingu. En svo fullkomna verslunarþekkingu þurfa þeir ekki að hafa til brunns að bera, sem standa fyrir smáfjelögum innan sambandanna. Handa þeim mönnum á samvinnuskólinn að vera; hann á að veita þeim nokkra undirstöðuþekkingu í verslunarfræðum, og þar á meðal í reikningsfærslu og bókfærslu, en jafnframt að kynna þeim eðli, tilgang og rekstur samvinnufjelagsskaparins. En það er líka gert ráð fyrir, að leiðandi menn í sveitum og sjávarþorpum leiti skóla þessa, til þess að þeir á síðan verði færir um að efla samvinnufjelagsskapinn heima hjá sjer, læri að meta hann rjett, byggja hann á rjettum frumtökum, og að stjórna honum. Niðurstaða mín verður því þessi, að hinn nýi skóli geti ekki leyst af hólmi samvinnuskóla okkar, nje heldur núverandi verslunarskóla, til fulls, heldur þurfi að minsta kosti að vera kveldskóli jafnhliða honum, handa þeim, sem vilja og þurfa að afla sjer dálítillar verslunarfræðslu og vilja kynna sjer undirstöðuatriði alls kaupskapar og kaupfjelagsskapar.

Þá er að minnast á frestun skólastofnunarinnar. Jeg ætlast til þess, að áður en ráðist er í að stofna skólann sje málið tekið til alvarlegrar íhugunar ásamt öðrum skólamálum, samkvæmt þingsályktun um skólamálin, sem nýlega er samþykt, og þannig undirbúið sem best, áður en lengra sje farið.

Leyfi jeg mjer því að koma fram með rökstudda dagskrá, sem fer í þá átt, og bið forseta að bera hana undir atkv., að loknum umr. Vona jeg, að hv. þingdm. gefi henni atkv. sitt.

Forseti: Mjer hefir borist svo hljóðandi till. til rökstuddrar dagskrár, frá hv. þm. S.-Þ. (P. J.):

> **Í því trausti, að landsstjórnin taki þetta verslunarskólamál til íhugunar og meðferðar, í sambandi við önnur skólamál landsins, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.**

Frsm. (Matthías Ólafsson): Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) var að tala um ríkisskóla, og vildi gefa í skyn, að hann væri annars eðlis en hinir tveir verslunarskólar, sem ríkið styrkir nú. En hver er munur á ríkisskóla og skóla, styrktum af ríkinu, annar en sá, að yfir öðrum skólanum hefir ríkið full umráð, en hinum ekki; og má ætla, að minni trygging sje fyrir, að þeir skólar sjeu rækilega reknir eða stefni í þá átt, sem ríkið mundi helst kjósa, en skólar þess sjálfs.

Hv. þm. (P. J.) kom aftur með húsmæðraskólann í sambandi við þennan skóla. Jeg hafði áður sýnt honum fram á, að hjer er um óskyld mál að ræða. Ef enginn verslunarskóli hefði verið til, þá gat það komið til mála að bera

það saman, hvorn skólann ætti fyr að stofna. Þá mátti um það ræða, hvort meira ríði á að sjá fyrir skólamentun húsmæðra eða verslunarmanna. En hjer er ekki slíku til að dreifa; hjer er einungis að ræða um, hvort slá eigi saman í einn skóla tveim skólum, sem fyrir eru. Hjer er líkt farið eins og ætti að fara að ræða um umbætur á kennaraskólanum eða einhverjum öðrum skóla, og svo kæmi einhver Pjetur eða Páll, og segði: „Sleppum að tala um þetta, við skulum heldur fara og stofna húsmæðraskóla. Jeg geri annars ráð fyrir, að jeg unni húsmæðraskóla eigi öllu minna en hv. þm. (P. J.), og ósk mín er sú, að húsmæður lærðu að hagnýta betur og skynsamlegar fæðutegundirnar og tilreiða þær en þorri þeirra kann nú. —

Hv. þm. (P. J.) ljet það í veðri vaka, að fjárráð þeirra, sem að verslunarskólunum standa, væru slík, að þeir gætu haldið þeim uppi af eigin ramleik, ef því væri að skifta. Það má vera, að svo sje um samvinnuskólann; það má hv. þm. (P. J.) best vita; en hæpið mun það vera um hinn skólann.

Hv. þm. (P. J.) var að tala um, að gott væri fyrir verslunarmenn að fara utan og fullnuma sig þar. Það er rjett, og slíkt hið sama má um fleiri segja, bæði húsmæður og aðra.

Þá talaði hv. þm. (P. J.) um frv. þetta eins og væri það óbreytanlegt. En fjarri er því. Ef hv þm. (P. J.) vildi t. d., að inntökuskilyrði væri ljettara, eða að skólanum væri skift í tvær deildir, aðra þyngri en hina auðveldari, þá gæti hann borið fram till. um það, og mundi hún verða tekin til athugunar. En nú hefir hann ekkert slíkt gert, og því þýðir ekki að tala um það. Hans einu till. stefna að því, að tefja málið og eyða því.

Hv. þm. (P. J.) hefir ekki mótmælt því með rökum, að þessir tveir skólar mundu reynast dýrari en einn skóli, nje heldur því, að líklegt væri, að styrkurinn til þeirra mundi vaxa, enda má við því búast. Þá hjelt hv. þm. (P. J.) fram, að ýmislegt væri kent í samvinnuskólanum, sem ekki yrði kent í þessum skóla. Jeg veit ekki, hví hann segir svo, þar sem hann veit, að nefndin er fús að taka til greina öll þau atriði, sem að verslun lúta. Það eina, sem ástæða væri að taka tillit til í þessu sambandi, er námsskeið fyrir forstjóra í sveitum. En þessi námsskeið mætti hafa að enduðum skólatíma.

Jeg get yfirleitt ekki sjeð, að fram hafi komið nokkrar mótbárur, sem með rjettu gætu hindrað framgang málsins. Það hefir ekki verið sýnt fram á það, að nokkur sjerstök, ægileg fjárútlát væru þessu samfara. Það hefir ekki verið sýnt fram á, að þetta væri ekki betra en núverandi ástand, og gæfi fullkomnari kenslu en nú. Það hefir ekki verið hrakið, að í þessum skóla mætti kenna alt, sem kent yrði í hinum báðum. Þess vegna á skólinn að vera einn. — Ríkið á ekki að styðja tvær stefnur, hvora á móti annari, því þótt það sje viðurkent, að báðar stefnurnar geti verið rjettmætar, á ekki að innræta uppvaxandi mönnum úlfúð í garð annarar. Það er t. d. ekki rjett kensla í verslunarsögu, að draga fram verstu dæmin um selstöðuverslunina og taka það sem dæmi upp á verslunarstjettina alment. Það ekki heldur rjett að taka fyrstu kaupfjelögin sem dæmi upp á samvinnufjelagsskapinn nú.

Ef þessar tvær stefnur þurfa að berj-

ast, eiga þær að gera það á heilbrigðum grundvelli samkepninnar.

Sveinn Ólafsson: Hv. frsm. (M. Ó.) skoraði tvívegis og fastlega á þá, sem andvígir væru frv., að láta til sín heyra. Jeg vil verða við þessari áskorun, því að jeg er ákveðinn í því, að greiða atkvæði á móti frv. Jeg lít þannig á, að ekki sje brýn þörf á slíkri stofnun, sem hjer er ráðgerð. Verslunarstjettin er nú ekki svo illa að sjer, eða heillum horfin, að þörf sje á því, að setja upp nokkurskonar verslunarháskóla. Verslunarmenn eiga jafngreiðan aðgang að gagnfræðanámi og aðrir, en þá sjerstöku verslunarþekkingu geta þeir öðlast í verslunarskólanum, eins og hann er. Jeg sje ekki, að hann standi erlendum verslunarskólum neitt að baki, og leyfi mjer að neita því, að kunnáttuskortur eða fáfræði hái verslunarstjett vorri í samkepni við aðrar þjóðir. Hitt er alt annað, að utanfarir geta gert verslunarmenn, sem aðra, víðsýnni og fróðari, opnað nýjar leiðir, skapað sambönd og möguleika til ávinnings. Utanfaranna verður þörf, eins þótt verslunarháskóli verði stofnaður.

Vissulega kallar þörfin hjá oss frekar að um annað en þessa skólastofnun þörf, sem eigi eru efni á í svip að fullnægja. Þannig vantar gersamlega tekniska deild við háskólann, svo að alt þvílíkt nám verður að sækja til útlanda. Virðist þó öllu nær að reyna að koma upp vísi til þeirrar fræðslu hjer á landi, er á þroska sinn að miklu undir tekniskum dugnaði og hæfileikum nútíðarmanna, en að fitla við verslunarháskóla. Líkt mætti segja um efnarannsóknarstofu. Við eigum mjög ófullkominn vísi að henni, sem að eins að litlu leyti fullnægir þörfinni, og þó er slík stofnun í raun og veru einskonar hyrningarsteinn í öllu starfslífi þjóðarinnar, nauðsynleg vísindamönnum, læknum, bændum, sjómönnum, kaupmönnum, iðjuhöldum og handverksmönnum. Fjárskortur stendur þessum og öðrum nytsemdarstofnunum fyrir þrifum. En að því, er þennan skóla snertir, sem í ráði er að stofna, þá hygg jeg, að hann muni allmiklu dýrari en hv. frsm. (M. Ó.) gerði ráð fyrir. T. d. er þar gert ráð fyrir því, að 3 aðalkennararnir hafi að launum eins mikið og nú er lagt til beggja skólanna, verslunarskólans og samvinnuskólans. Þar við bætast svo áhöld, ljós og hiti. Þetta mundi því skifta talsvert miklu fje, að ógleymdum þeim launabótum, sem ekki mundu gleymast, þegar þetta væri orðinn ríkisskóli, kröfur gerðar um vandað húsrúm, kensluáhöld betri, o. s. frv.

En aðalástæða mín til að vera frv. mótfallinn er sú, að jeg sje ekki þörfina á þessum skóla, og því síður nauðsyn.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. S.-Þ. (P. J.) samþ. með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. Árna., E. J., H. K., J. B., M. G., P. J., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

nei: B. Sv., B. J., B. K., B. St., G. Sv., J. J., M. P., M. Ó., S. St.

Tveir þm. (E. A. og J. M.) fjarstaddir.

Frv. þar með

vísað til ríkisstjórnarinnar.

B. Þingsályktunartillögur.

1. Landsbankaútibú á Vopnafirði.

Á 7. fundi í Nd., mánudaginn 14 júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um, að sett verði á stofn á Vopnafirði útibú frá Landsbanka Íslands (A. 68).

Á 8. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. júlí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 10. fundi í Nd., föstudaginn 18. júlí, var till. tekin til einnar umr. (A. 68, 96).

Flm. (Þorsteinn Jónsson): Orsökin til þess, að þessi till. er fram komin, er áskorun þingmálafundar í Vopnafirði og víðar.

Eins og öllum mun kunnugt, eiga íbúarnir í mestallri Norður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu mjög svo erfitt að ná til banka. — Á þessu svæði eru bæði fjölmennar og mjög kjarngóðar landbúnaðarsveitir, sem hafa mikla framleiðslu má segja, að miðsveitis sje Vopnafjörður, og á því útibúið að sjálfsögðu að vera þar. Vopnafjörður er fjölment hjerað með miklum framtíðarmöguleikum. Þar er og þorp nokkurt. Skamt frá Vopnafirði hafa á síðari árum risið upp allfjölmennar útgerðarstöðvar, svo sem á Bakkafirði og Langanesi. Jeg býst við, að sumum hv. deildarmönnum muni sýnast eins mikil þörf á bankaútibúi á ýmsum öðrum stöðum, þar sem ekkert útibú er nú, sem á Vopnafirði, og má það satt vera, enda álít jeg, að hraða verði fjölgun útibúa frá Landsbankanum og alstaðar eigi að setja þau á stofn þar, sem mikil þörf er á að fá peningastofnun. Það hlýtur að borga sig fyrir landið. Ef ekki beint, þá óbeint. Að gera mönnum hægt með að fá peninga er ein aðalundirstaða fyrir atvinnuvegina. Þau hjeruð hljóta að dragast aftur úr, sem ekki eiga greiðan aðgang að peningalánsstofnunum. Á síðari árum hefir vaknað allmikill áhugi fyrir því, að fjölga útibúunum. Finna sum hjeruð sárt til þess, hvað þau hafa orðið að sitja á hakanum með að ná í peninga, en þær sveitirnar, sem næstar hafa verið peningastofnununum, hafa notið þeirra mest. Aftur á móti mæla sumir á móti og telja fjölgun útibúa vera svo dýra. En mjer er spurn, þarf kostnaðurinn við rekstur svona smáútibúa að vera dýrari en við rekstur álíka stórra

sparisjóða? Ef svo er ekki, þá virðist engin ástæða fyrir hv. þm. að hafa á móti útibúafjölgun.

Jeg vona, að hv. deild leyfi þessu máli fram að ganga, og geri það að till. minni, að því verði vísað til fjárhagsnefndar.

Pjetur Jónsson: Jeg verð að fara örfáum orðum um brtt. mína, og um það, að jeg set Húsavík í till. á undan Vopnafirði. Jeg þarf ekki að bæta neinu við orð hv. flm. (Þorst. J.) um nauðsyn bankaútibúa í heldri kauptúnum. Jeg hefi áður látið í ljós þá skoðun mína, að peningastofnun ætti að vera í hverjum verslunarstað, sem nokkra verulega verslun hefði. En jeg set Húsavík framar einungis af því, að þar er meiri verslun en á Vopnafirði, og stærra upphjerað. Jeg býst við, að Landsbankinn þurfi að hugsa sig eitthvað um, áður en hann stofnar útibú þessi, og athuga allar ástæður. Jeg vil láta þess getið, að á Húsavík eru tveir sparisjóðir, sem bankinn gæti verið í sambandi við, og ætti það að ljetta undir stofnun útibús þar. Sparisjóðir þessir höfðu um síðustu áramót hartnær 300 þús. kr. í innstæðufje báðir saman.

ATKVGR.

Till. vísað til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 2005) og umr. frestað.

Á 30. fundi í Nd., mánudaginn 11. ágúst, var fram haldið einni umr. um till. (A. 68, 96, n. 301).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., þriðjudaginn 12. ágúst, kl. 1 miðdegis, og á 33. fundi í Nd., s. d., kl. 3^{06} síðdegis, var enn fram haldið einni umr. um till.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., miðvikudaginn 13. ágúst, var enn fram haldið einni umr. um till.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 15. ágúst, var enn fram haldið einni umr. um till.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 16. ágúst, var enn fram haldið einni umr. um till.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. ágúst, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 68, 96, n. 301).

Frsm. (Hákon Kristófersson): Jeg hefi ekkert að segja fyrir hönd nefndarinnar annað en það, sem stendur í nál. á þgskj. 301. Einn nefndarmanna hefir skrifað undir það með fyrirvara, og mun hann við þessa umr. gera grein fyrir, hvernig á því stendur.

Um till. á þgskj. 96 er það að segja, að nefndinni virtist ýmislegt mæla með því, að stofnsett væri útibú á Húsavík. En þó nefndin liti nú svo á, þóttist hún ekki geta gert það að till. sinni, eins og nú stendur, að útibú væri fremur sett þar á stofn en á Vopnafirði, eða öðrum þeim stöðum, er til mála hafa komið. Jeg vænti þess, að bankastjórn-

in setji þetta útibú á stofn og önnur, sem þörf er á, þegar hentugleikar leyfa, en hún er best fær að dæma um, hve nær það verður. — Jeg finn svo ekki ástæðu til að segja fleira að sinni um mál þetta, nema ef andmæli koma á móti till. nefndarinnar.

Þórarinn Jónsson: Jeg hefi skrifað undir þetta nefndarálit með fyrirvara. Jeg er þeirrar skoðunar, að slíkar till. sem þessa eigi ekki að fella, og vil því, að málinu verði vísað til hæstv. stjórnar. — Annars finst mjer, að svona till. ættu ekki að þurfa að koma fram fyrir þingið. Þetta ætti eingöngu að liggja undir stjórn Landsbankans og landsstjórnina. Bankinn ætti að vaka yfir því, hvar þörfin er á útibúum, og setja þau á stofn í samráði við landstjórnina. Það mun víða vera þörf fyrir útibú úti um land, þó ekki sje um stór kauptún að ræða. Það geta verið mörg og stór verkefni í ýmsum bygðarlögum, og bæði kraftur og geta til að koma þeim í framkvæmd, ef hægur aðgangur væri að peningastofnun, er hefði nægilegt fje, og engan veginn fer þessi þörf eingöngu eftir mannfjölda, og er því síst rjettmætt að fella till. á þeim grundvelli. Jeg vil sem sagt leggja til, að þessari till. verði vísað til stjórnarinnar, en ekki að hún verði feld, eins og er meining nefndarinnar.

Þorsteinn Jónsson: Háttv. fjárhagsnefnd hefir ekki þóknast að mæla með þessari till. Og má því álíta, að dagar hennar sjeu taldir. En þegar um það tvent er að velja, að fella till. eða vísa henni til stjórnarinnar, þá kýs jeg þann síðari kostinn heldur. Hins vegar finst mjer satt að segja, að hv. fjárhagsnefnd hafi farið nokkuð fljótfærnislega með þessa till.

Í fyrsta lagi gengur nefndin út frá, að það sjeu að eins hjeraðsbúar á svæðinu frá Langanesi til Jökulsár í Dal, sem komi til að hafa not af útibúi á Vopnafirði. En þarna hefir hv. nefnd brostið þekkingu á málinu, sem hún hefði getað aflað sjer með hægu móti. Vopnafjörður liggur, eins og ætti að vera kunnugt, svo vel við ýmsum öðrum hjeruðum, að íbúar frá Jökulsá á Fjöllum austur að Lagarfljóti gætu sótt til þessa útibús. Það mætti því með rjettu tvöfalda fólkstöluna, þeirra, sem til útibúsins næðu, frá því, sem fjárhagsnefnd áætlar, þannig að það yrði alt að 4000 manns. Ein af ástæðum, sem hv. nefnd færir fram móti þessari till., er sú, að á Vopnafirði hafi verið sparisjóður, sem síðan hafi lagst niður, og því muni ekki vera þörf þar fyrir slíka peningastofnun sem þessa. En með þessu er engan veginn sagt, að ekki sje þörf fyrir peninga þarna, heldur hitt, að ekki var til fje til að leggja í sjóðinn. Á þeim tíma, sem sjóðurinn lagðist niður, var hið mesta harðæri, og búnaðist mörgum illa. Þar við bættist, að fólkið streymdi burt til Ameríku. Síðan hefir þetta batnað stórum, svo að nú er þar stórum betra ástand en áður. Óhætt er að segja, að óvíða á landinu sje fallegra og betra hjerað en Vopnafjörður, og er jeg viss um, að ef fje væri þar nægilegt fyrir hendi, og íbúunum gert mögulegt að koma verkum sínum í framkvæmd, þá mundi fólkinu fjölga, og þetta verða hinn mesti framtíðarstaður. Auk þess hefir háttv. nefnd alveg gengið fram hjá því, að tvö sjávarútvegsþorp eru að rísa upp skamt frá Vopnafirði, sem eru Bakkafjörður og Skálar á Langanesi. —

Skálar eru eitt með fiskisælustu stöðum á Austurlandi, enda hefir útgerð þar aukist stórum á síðari árum. Það, að nefndin telur Húsavík vera heppilegri stað fyrir útibú, skal jeg ekki fara að deila um. En það er skoðun mín, að eitt af stærstu framfaraskilyrðum þessa lands sje það, að peningastofnanir sjeu settar sem allra víðast á landinu, helst í öll kauptún landsins, þar sem landsbúar geti haft aðgang að þeim. Fyrirkomulagi á rekstri þeirra má haga svo, að ekki verði tilfinnanlegur kostnaður við hann, þar sem útibúin eru lítil.

Að endingu vil jeg geta þess, að ef hv. deild sjer sjer ekki fært að samþykkja till., tel jeg æskilegt, að henni verði vísað til stjórnarinnar.

Frsm. (Hákon Kristófersson): Það kom til mála í fjárhagsnefnd, hvor leiðin skyldi farin, að vísa þessu máli til stjórnarinnar, eða fella það á annan hátt. Nefndin leit svo á, að þó því væri vísað til stjórnarinnar, þá væri það í rauninni hið sama og fella það, því reynsla er fengin fyrir því, að tilvísun á þann hátt er í framkvæmdinni hið sama og fella málið; þangað á það ekki annað erindi en að liggja þar svo og svo lengi, án þess að koma til framkvæmda. Nefndin var því þeirrar skoðunar, að þetta kæmi í sama stað niður. Þó er það henni ekki kappsmál á neinn hátt. Svo að ef hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) kýs það heldur, þá liggur nefndinni það í ljettu rúmi. Háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) sagði í ræðu sinni, að nefndin hefði farið fljótfærnislega með málið og brostið þekkingu á því. Þetta er rjett að því leyti, að jeg, sem samdi álit nefndarinnar, er ókunnugur staðháttum þar eystra. Þó vil jeg ekki láta þess ógetið, að jeg ráðfærði mig við menn, sem eru þarna nákunnugir, áður en jeg samdi álitið, og fjekk auk þess upplýsingar hjá hagstofustjóra um fólksfjölda og verslunarmagn og annað, er að málinu lýtur. Þá benti hv. þm. (Þorst. J.) á það, að þarna væri mikil þörf fyrir peningastofnun. Jeg skal ekki rengja hann um það. En þess er að gæta, að svo má segja um marga fleiri staði, og það með meiri rjetti, að jeg hygg. Það er ekki nema eðlilegt, að óskum um þetta sje beint að bankanum. En um leið og farið er fram á slíkt, verða menn að sætta sig við, að bankinn láti þá staði ganga fyrir, sem hann telur að standi næstir, hvað snertir skilyrði og getu. Því fer fjarri, að jeg vilji á nokkurn hátt hnekkja þessu eða öðrum málum. En hins vegar finst mjer skiljanlegt, að þeir staðir verði látnir sitja í fyrirrúmi, sem best hafa skilyrðin. Hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) sagði, að nefndin hefði gengið fram hjá því, að þarna væru að myndast álitleg sjávarþorp. En það er ekki rjett. Nefndinni var þetta vel kunnugt, þótt henni virtist það ekki nægilegt til að ráða um úrslit málsins. — Jeg skal ekki rengja það, sem hv. þm. (Þorst. J.) sagði um sparisjóðinn, og af hverju hann hefði lagst niður. En það, að ekki hefir verið stofnaður sparisjóður aftur, finst mjer einmitt benda til þess, að ekki sje knýjandi þörf fyrir peningastofnun á þessum stað, því ef svo væri, mundu hjeraðsmenn hafa sjeð og fundið til þarfarinnar og þar, sem víða hefir átt sjer stað annarstaðar, reynt að koma á stofn nýjum sparisjóði. Hins vegar geng jeg út frá, eins og jeg drap á áðan, að bankastjórnin muni, undir eins og hægt er, og þegar röðin kemur að þessum stað, setja útibú þar. Það var

leitað álits hennar á þessu máli, og í brjefi sínu til nefndarinnar segir hún, að aðrir staðir standi nær og verði að ganga fyrir. Þar með er því slegið föstu, að mínum dómi, að bankastjórnin hafi í hyggju að stofna útibú á Vopnafirði síðar meir, er hún sjer sjer það fært.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg man ekki eftir, að slík till. sem þessi hafi nokkurn tíma verið feld hjer á þingi áður. Hins vegar minnist jeg þess, að till. líkar þessari hafa verið samþyktar hjer, enda þótt þær hafi í sjálfu sjer haft litla þýðingu. Jeg fæ ekki skilið, hvers vegna nefndin vill ekki verða við tilmælum hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) um að vísa málinu til stjórnarinnar. Bankastjórnin fer auðvitað eftir sínum ástæðum og áliti, hvort sem er, með stofnun útibúa. Því getur maður sagt, að allar þessar áskoranir um stofnun útibúa hafi fremur lítið að segja.

Pjetur Jónsson: Jeg vildi mega mælast til þess, að málið væri tekið af dagskrá. Jeg hafði hugsað mjer að koma fram með rökstudda dagskrá og vísa málinu til stjórnarinnar með þeim hætti. Jeg kann betur við þá aðferð heldur en að vísa sjálfri till. til stjórnarinnar.

Forseti: Fram er komin svo hljóðandi till. til rökstuddrar dagskrár, frá 2. þm. N.-M. (Þorst. J.):

> **Í trausti þess, að stjórnin athugi, hvort nægileg verkefni sjeu fyrir útibú frá Landsbankanum á Vopnafirði og Húsavík, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.**

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Till. þar með

vísað til ríkisstjórnarinnar.

---

2. Loftskeytastöð í Grímsey.

Á 25. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um loftskeytastöð í Grímsey (A. 271).

Á 27. fundi í Nd., fimtudaginn 7. ágúst, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 28. fundi í Nd., föstudaginn 8. ágúst, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., laugardaginn 9. ágúst, var till. aftur tekin til fyrri umr. (A. 271).

Flm. (Stefán Stefánsson): Á síðasta sýslufundi Eyfirðinga var samþ. samskonar till. og sú, sem hjer liggur fyrir. Málið var flutt þar af sýslunefndarmanni Grímseyinga og samkvæmt ósk þeirra. Síðan var það samþ. með öllum atkv. fundarmanna.

Það er kunnug afstaða þessa hrepps;

henni þarf ekki að lýsa. Menn vita, hversu erfitt þar er um allar samgöngur og þá sjerstaklega um þau sambönd, sem mönnum eru ekki síður nauðsynleg en flutningar, og það eru símasamböndin. Það líða svo vikur og mánuðir, að eyjarbúar hafa ekkert samneyti við aðra landsbúa, engar ferðir á milli, engin viðskifti og engar fregnir komast þangað eða þaðan. Þetta má ekki með nokkru móti lengur þolast, að nær 100 manns sje um lengri tíma útilokað frá öllu andlegu samlífi við land sitt og umheiminn; það er því í fyllsta máta eðlilegt, að Grímseyingar beri fram óskir um, að til þeirra verði litið að þessu leyti.

Jeg hefi minst á þetta mál við landssímastjórann, og tók hann því mjög vel. Hann hafði hugsað sjer, að þegar loftskeytastöð yrði bygð á Norðurlandi, þá kæmi þessi jöfnum höndum. Yrði fyrst sett stöð á Reykjarfirði, er landssímastjórinn gerði ráð fyrir, þá þyrfti Grímseyjarstöðin ekki að kosta nema 5—6 þús. kr. Henni væri þá að eins ætlað að ná til Reykjarfjarðarstöðvarinnar, en ætti að draga alla leið til Reykjavíkur, þá yrði byggingarkostnaðurinn um 20 þúsund krónur. Ef þingið vildi nú taka þessu máli vel, og þess vænti jeg fastlega, þá gæti stöðin komist á nú á næsta fjárhagstímabili. Og enginn efi á því, að hún mundi verða til mjög mikils gagns fyrir skip, ekki einasta í nánd við Grímsey, heldur og alla leið norður og austur fyrir Langanes, þar sem Reykjarfjarðarstöðin næði alls ekki til. Það verða þannig fleiri en eyjarbúar, sem njóta góðs af þessari ráðstöfun. Þetta yrði sjáanlega til mjög mikilla og nauðsynlegra þæginda fyrir siglingar fyrir Norðurlandi, og til mikilsvarðandi leiðbeininga um fiski- og síldargöngur, og jafnvel um ísrek í hafinu. —

Það hefir líka legið í loftinu, og kemst eflaust til framkvæmda áður en langt um líður, að hjer verði settar á stofn veðurathugunarstöðvar. Býst jeg þá við, að Grímseyjarstöðin verði ekki sú síðasta; það bendir í það minsta alt á það, að nauðsynlegt sje að hafa þar veðurathugunarstöð, góða og með fljótri afgreiðslu.

Hjer er því margt, sem mælir með; hagræðið er fyrir fleiri en eyjarbúa, það er fyrir alla landsmenn, en þó einkum fyrir þá, er sigla fyrir Norðurlandi, og þá, er útveg stunda.

Þótt eyjarbúar sjeu að eins um 100 að tölu, má ætla, að þeir eigi ekki síður skilið velvild og samúð þingsins þegar þess er gætt, hve afstaða þeirra er afarerfið um allar samgöngur, og hve einangraðir þeir eru frá andlegu samneyti við aðra landsmenn. Í ísaárum líða svo mánuðir, og jafnvel heil missiri, að þeir vita ekki neitt um það, hvað á landi gerist, og engar fregnir berast frá þeim. Þetta eitt út af fyrir sig mælir t. d. eindregið með því, að þessi stöð verði reist sem allra fyrst; annars eru þeir hafðir að olnbogabörnum. Ef menn auk þessa athuga alt það hagræði annað, sem af stöðinni getur leitt, þá skil jeg ekki, að menn geti lagst á móti tillögunni.

Óska jeg svo, að málið gangi til síðari umr., og vona, að hv. þm. bregði ekki fæti fyrir það.

Gísli Sveinsson: Jeg ætla ekki að mótmæla þessu máli á því stigi, sem það er nú. En það gefur að skilja, að setja verður málið í nefnd. Þetta er stórmál, og það á að minsta kosti undir fjármálin, ef ekki samgöngumálin.

Jeg legg til, að málið fari til samgöngumálanefndar. Og auðvitað þarf hún síðan að leita álits fjárveitinganefndar.

Flm. (Stefán Stefánsson): Jeg er því ekki mótfallinn, að málið sje sett í nefnd. Að eins hjelt jeg, að málið væri öllum svo augljóst, að þess gerðist ekki þörf. En sem sagt sje jeg ekkert á móti því, að það fari til samgöngumálanefndar, og get verið því samþykkur.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. og til samgöngumálanefndar (sjá A. bls. 2008), hvorttveggja með 18 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 25. ágúst, var till. tekin til síðari umr. (A. 271, n. 473).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Rökstudda dagskráin á þgskj. 473, frá samgöngumálanefnd, samþ. með 14 shlj. atkv.

Till. þar með

vísað til ríkisstjórnarinnar.

---

3. Póstferðir á Vesturlandi.

Á 25. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um póstferðir á Vesturlandi (A. 257).

Á 26. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. ágúst, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 28. fundi í Nd., föstudaginn 8. ágúst, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Bjarni Jónsson): Við höfum borið fram þessa till. eftir einróma áskorunum úr tveim, eða öllu heldur þrem, kjördæmum, Dalasýslu og Barðastrandarsýslu og miklum hluta Norður-Ísafjarðarsýslu. (**M. P.:** Einróma?). Að minsta kosti einróma í Dalasýslu; um annað þarf jeg ekki að fræða þm. (M. P.). Meðflm. mínir munu vænlanlega geta frætt hann um álit manna í Barðastrandarsýslu og Norður-Ísafjarðarsýslu.

Till. er fram komin fyrir þær sakir, að nú hefir það verið gert að fornspurðum hlutaðeigandi hjeruðum að breyta gömlum póstgöngum, sem legið hafa yfir Dalasýslu og innri hluta Barðastr.-sýslu alla tíð síðan póstgöngur hófust. Þetta þykir svo mikið óhagræði, að eigi verði við unað, og hafa mínir kjósendur beðið mig að fá leiðrjetting þessa máls. Vænta þeir, að hv. Alþingi bregðist vel við og líti á nauðsyn þessa hjeraðs, svo að hlutur þess verði ekki fyrir borð borinn. Annars er mönnum með öllu ókunnugt um, hvað valdið hefir nýbreytni þeirri. Jeg hefi að vísu heyrt því fleygt, að komið hafi til sparnaðargrillur nokkrar. Þori jeg ekki að fara út í þá reikninga, þótt jeg efist mjög um, að þeir sjeu rjettir. En undarlegt

þykir mjer, ef mikið sparast við það, að láta póstflutninginn fara norður Holtavörðuheiði til Staðar í Hrútafirði og þaðan vestur í Dali. Það er miklu krókóttari leið en póstleiðin eftir Bjarnadal og Bröttubrekku vestur í Dali.

Það, sem farið er fram á í till. þessari, er ekki í neinn máta til að spilla fyrir Strandamönnum. Hv. þm. Stranda. (M. P.) sýnist ókyr í sæti. En hann getur verið rólegur, því jeg vil ekkert gera kjósendum hans til bölvunar. Jeg myndi á allan hátt styðja að því, að þeir fái vegabætur og póstgöngur á Steingrímsfjarðarheiði. En jeg vil ekki, að þeir taki póstgöngur af Dalasýslu. Jeg flyt ekki till. þessa til að metast við þá, heldur af því, að Dalamenn vilja halda þeim póstgöngum, er þeir hafa haft. Liggja fyrir um þetta brjef frá þeim.

Í öðru lagi er það, sem þó má teljast aukaatriði í máli þessu, að sumum hlutum sýslunnar er með gömlu póstgöngunum hægra að svara brjefum um hæl, ef nokkuð liggur við. En hitt lögðu menn aftur mikla áherslu á, að póstferðirnar hafa verið mönnum nokkurskonar samgöngutæki á fjallvegum. — Menn hafa farið fjallveginn Bröttubrekku í póstfylgd um vetrartímann. Margur er ekki svo sjálffær, að hann þurfi ekki kunnugan mann til fylgdar. Er það þá fangaráðið að vera póstinum samferða. Annars væru þær ferðir miklu dýrari, erfiðari og hættulegri. Á þetta atriði lögðu sýslubúar ákaflega mikla áherslu, því að það er svo alvanalegt, að menn þurfi að fara yfir fjallveg þennan, bæði suður og sunnan.

Þar sem nú sparnaðurinn við hina nýju tilhögun er, eftir því, sem jeg hefi heyrt, 2000 kr. eða svo, þá sje jeg ekki, að neitt sje því til fyrirstöðu, að þingið láti eftir þessum þrem sýslum, er allar óska, að póstgöngurnar haldist eins og áður. Jeg þori ekki að neita þessum reikningi, sem póstmeistari hefir gert, eða einhver hans manna, að þessi breyting verði 2—3 þús. kr. ódýrari. En jeg veit ekki, hvort hann hefir tekið með í reikninginn þær vegabætur, sem nauðsynlegar verða, ef pósturinn á að fara yfir Steingrímsfjarðarheiði. (M. P.: Þurfa þær vegabætur ekki að koma hvort sem er?). Jú, og jeg ætla að fylgja því, að nauðsynlegar vegabætur komi þar. Jeg veit ekki, hvort Strandamenn flytja svo mikið þann veg, að kosta þurfi til vegar sem góðir póstvegir þurfa að vera, en tel aftur sjálfsagt, að þar þurfi að ryðja sæmilega færan fjallveg, og tel einsætt, að svo verði gert.

Skal jeg nú ekki eyða fleiri orðum. Vona jeg, að aðrir hv. þm., og þó einkum þeir, er standa á till., láti hv. deild vita, að það er ekki ósatt, sem jeg hefi sagt um þörfina á því, að póstgöngur þessar haldist þær sömu og áður.

Pjetur Jónsson: Jeg ætla ekkert að hafa móti þessari till. En jeg vildi að eins vekja athygli á því, að jeg tel rjettara, að svona till. sje athuguð í nefnd. Jeg hefi álitið, að það væri ekki holt eða heppilegt, að þingið færi að hlutast til um póstgöngur innan hjeraðs í smærri dráttum.

Mjer virðist hjer nú ekki um stórmikið að gera. En þar sem það er póstmeistari, sem hefir aðalyfirlitið yfir þessi mál, þá er rjettara að bera sig saman við hann, og vegurinn til þess er, að málið sje falið nefnd til athugunar. Jeg gæti líka haft lítið erindi fram að bera fyrir mitt hjerað, en vildi ekki, að það færi ókunnugt gegnum þingið, sem hlyti að vera, ef það væri ekki

athugað í nefnd. En ef þessi till. færi til nefndar, gæti vel verið, að jeg bæri fram viðaukatill. við hana, að athuguðum málavöxtum.

Jeg hafði þess vegna hugsað mjer, að rjett væri að fela hv. samgöngumálanefnd að athuga þessa till.

Sigurður Stefánsson: Jeg hefi gerst meðflutnm. að till. þessari, og vil því mæla með henni að minum hlut. Skal jeg strax taka það fram, að það var ekki alveg nákvæmt hjá hv. þm. Dala. (B. J.), og stafar það af ókunnugleika, að það hafi komið einróma málaleitanir úr Norður-Ísafjarðarsýslu um þetta mál. Þær hafa að eins komið úr innri hluta sýslunnar, á þrem þingmálafundum þar. Jeg skal reyndar taka fram, að Norður-Ísfirðingum þeim, er hlut eiga að máli, kom mjög á óvart þessi breyting á ferðum vestanpóstsins. Vestanpóstur hefir um langan aldur farið um Dalasýslu og Barðastrandarsýslu til Arngerðareyrar. Með þessu er seinkað mjög öllum viðskiftum milli Ísafjarðarsýslu og Dala- og Barðastrandarsýslna. En þessi viðskifti hafa verið ærið mikil. Eru það ekki einungis viðskifti manna í milli, heldur og nær það til allra bankaviðskifta við Ísafjörð. Íbúar Dala- og Barðastrandarsýslna hafa mikil viðskifti við bankaútibúin á Ísafirði, og þessi breyting verður til þess að tefja mjög þau viðskifti. Annars býst jeg við, að hv. þm. Barð. (H. K.) láti í ljós undirtektir sinna kjósenda.

En það, sem aðallega snertir mitt kjördæmi, er 2. liður till., um svo kallaðan Hesteyrarpóst. Sú nýbreytni var tekin upp um síðastl. nýár, að pósturinn frá Ísafirði til Hesteyrar var látinn snúa við á Hesteyri strax, í stað þess að bíða þar eftir póstinum, sem þaðan fer til Aðalvíkur. En íbúar Sljettuhrepps við Aðalvík una þessari nýbreytni illa, því að þeir geta nú ekki svarað brjefum með sömu ferð, og verða því að bíða með að svara brjefum frá Ísafirði þar til í næstu póstferð. Er þeim þetta mjög bagalegt, og það því fremur, sem þessi hluti Norður-Ísafjarðarsýslu er ver farinn um samgöngur en flest hjeruð landsins. Það er því rjett, að póststjórnin liti á nauðsyn þessara afskektu manna, sem bæði eru olnbogabörn náttúrunnar, og hafa verið mjög afskiftir um þau hlunnindi og friðindi, er löggjafarvaldið veitir landsmönnum í samgönguráðstöfunum sínum.

Jeg vil því leggja áherslu á, að póstgöngunum sje breytt aftur í sama horf og þær hafa verið síðustu 10 árin, svo að þessir afskektu menn geti svarað brjefum með sömu ferð og þeir fá þau.

Út af því, sem háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) mintist á, að rjett væri, að mál þetta væri athugað í nefnd, skal jeg geta þess, að jeg tel sjálfsagt, að þetta mál fari til samgöngumálanefndar, og það jafnvel þótt hv. þm. Stranda. (M. P.) hafi í höndum álit póststjórnarinnar á þessu. Það getur ekki skaðað, að samgöngumálanefnd athugi það, og mjer er allsendis óljóst, hvaða ástæður hafa knúð póststjórnina til að taka upp á þessu. Það mun að vísu vera dálítið meiri kostnaður að láta póstinn bíða einn sólarhring eða svo á Hesteyri eftir Aðalvíkurpóstinum. En það má ekki horfa í þann kostnað, enda getur hann ekki orðið nema örlítill.

Mjer er líka kunnugt, að þessi ráðabreytni, sem 1. liður beinist að, hefir mælst heldur illa fyrir í Ísafjarðarsýslu. Af því stafa ályktanir þingmálafunda í Norður-Ísafjarðarsýslu um, að beint

póstsamband sje aftur tekið upp við Dala- og Barðastrandarsýslur um Þorskafjarðarheiði. Þess ber líka að gæta, að þessi hjeruð Dala- og Barðastrandarsýslna, sem hjer eru svift póstferðum, eru alveg símalaus. En nú á pósturinn eftirleiðis að fylgja símastauralínunni áleiðis til Arngerðareyrar. En Strandasýsla stendur mikið betur að vígi en Dala- og Barðastrandarsýslur, þar sem hún hefir þau miklu hlunnindi, að standa í símasambandi við alla hluta landsins.

Jeg sje ekki ástæðu til að ræða málið meira, en tek undir till. hv. þm. S.-Þ. (P. J.), að málinu sje vísað til samgöngumálanefndar.

Magnús Pjetursson: Mjer hefir heyrst það á báðum hv. flutnm. till., sem talað hafa, að þeir þykist ekki eiga von á góðu hjá mjer. (B. J.: Það var tilkynt). Jeg ætla nú ekki að fjölyrða mikið um þetta mál frá eigin brjósti. En mjer finst samt þessi till. nokkuð nýstárleg, eins og hv. þm. S.-Þ. (P. J.) reyndar tók fram. Hjer er komið með það inn í þingið, sem ekki hefir áður komið til þingsins kasta að ákveða um, það, að ákveða póstgöngur innan hjeraðs og semja áætlun um þær. Þingið hefir hingað til látið það eftir þeim málsaðilja, er þar á um að fjalla, sem sje póstmeistara og landsstjórn.

Það liggur annars í augum uppi, að það er ekkert þægilegt fyrir háttv. þingdm. að átta sig á þessu máli og þvílíkum, þegar verið er að tala um þennan og þennan hrepp, eða póstgötur, sem enginn þekkir. Þess vegna er það vitanlegt, að svo framarlega sem hv. þingdm. fara að einhverju leyti út á þessa braut, að láta þingið fjalla um mál, sem það hefir ekki fengist við áður, þá er það sjálfsagt, sem hv. þm. S.-Þ. (P. J.) og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) tóku fram, að málið sje athugað í nefnd. Og ekki síst þar sem hv. flutnm. till. hafa ekki komið með neitt álit frá póstmeistara, sem þó er venja, og er það reyndar undarlegt, að fram hjá honum skuli hafa verið gengið.

Annars mætti ímynda sjer, eftir ræðum hv. þm. Dala. (B. J.) og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að einhverjir landshlutar hafi verið gersviftir póstferðum og hafi engar síðan. Jeg veit nú ekki, hvort þeim dettur í hug að halda því fram til streitu, en mjer vitanlega hefir enginn sýslupartur mist nokkurs í, nema hvað nokkrir hreppar geta ekki svarað brjefum með sama pósti sem þeir gátu áður. Annars ætla jeg að leyfa mjer að lesa upp álit pótsmeistara um þetta efni. Jeg hafði leyft mjer að senda honum till. og óska umsagnar hans. Sendi hann mjer síðan svo hljóðandi álit:

„PÓSTSTOFAN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík, 6. ágúst 1919.

Vegna þess, að samgöngur á sjó eru orðnar svo tíðar til Vesturlands, er póstflutningur þangað með landpóstum nú orðinn venjulega mjög lítill, en eins og yður er kunnugt, þá hafa Norðurlands- og Vesturlandspóstur fylgst að frá Borgarnesi upp að Dalsmynni, þótt flutningurinn væri ekki meiri en svo, að einn maður gæti annast hann allan. Þaðan lá leið Vesturlandspóstsins um óbygðir, Bjarnadal og Bröttubrekku, en kom svo við á tveim póststöðvum í Dölum, Harrastöðum og Búðardal. Þar tók aftur við póstur, sem var samferða öðrum Dalasýslupósti í fyrstu, og fór svo um óbygðir, gegnum Svínadal, en kom svo við á einum póststað í Saurbæ,

Stórholti, sem áðurnefndur annar Dalasýslupóstur gengur frá.

Síðan fór Vesturlandspóstur um horn af Barðastrandarsýslu og yfir Þorskafjarðarheiði.

Samhliða þessum pósti gengu svo tveir póstar frá Stað í Hrútafirði, Strandapósturinn og póstur milli Staðar og Króksfjarðarness, og urðu póstar þessir samferða út í Bitru.

Með því að póstferðin milli Ísafjarðar og Búðardals var orðin ákaflega dýr, og þurfti að hækka meira, og póstferðina frá Borgarnesi til Búðardals þurfti einnig að borga miklu meira en áður, kom mjer til hugar að sameina þessar póstferðir, og spara með því líklega þúsundir króna fyrir póstsjóð, án þess að baka neinum veruleg óþægindi.

Flutningurinn með þessum þrem póstum var í flestum ferðum eigi meiri en það, að einum manni var eigi ofvaxið að annast hann allan, og Norðurlandspóstur gat tekið flutning Vestanpósts norður að Stað, án þess að bæta við sig fylgdarmanni, og oft án þess að bæta við sig áburðarhesti.

Pósturinn, sem gengur milli Stykkishólms og Staðar, gat svo tekið póstflutning frá póststöðunum í Dalasýslu, Harrastöðum og Búðardal, eða rjettara sagt frá öllum póststöðum í Dalasýslu norður að Stað, í veg fyrir pósta til Suður-, Norður- og Vesturlands, og tekið flutning þaðan aftur úr öllum hlutum landsins til allra póststaða í Dalasýslu, sem bæði hann sjálfur, og aukapósturinn úr Saurbænum, sem fer um Fellsströnd og Skarðsströnd, getur tekið á bakaleið sinni.

Til þess aftur að flytja póst úr Barðastrandarsýslu, og sjerstaklega til að sækja póstflutninginn frá aðalpósti, þurfti Bíldudalspóstur að bæta við sig 25 kílómetra ferð, frá Gröf í Bitru að Króksfjarðarnesi.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta meira, en sendi yður, hr. alþingismaður, eftirrit af brjefum mínum til stjórnarráðsins, dags. 11. f. m., út af undirskriftasmölun í Dalasýslu þessu máli viðvíkjandi og ummælum sýslunefndar í Barðastrandarsýslu.“

Svo getur póstmeistari þess, að í síðustu póstferð hafi engin sending verið send hjeðan í Dalasýslu, og með póstferðinni til baka hafi engin sending komið úr Dalasýslu, af því að sjóferðir fjellu um það leyti milli Búðardals og Reykjavíkur, og Vesturlandspóstur hafi því ekki átt neitt annað erindi vestur í Dali en að eyða peningum.

Þá getur póstmeistari ummæla póstafgreiðslumannsins á Ísafirði viðvíkjandi síðari lið till., um Hesteyrarpóstinn. Skal jeg skýra frá því síðar.

Svo segir póstmeistari síðast:

„Álit mitt á hjálagðri þingsályktunartill. er, að Alþingi ætti að vísa henni frá, ef það vill eigi fara að eyða í dutlunga nokkurra manna þúsundum kr., sem er pláss fyrir annarsstaðar, þar sem sannarleg þörf er fyrir, auk annara eftirkasta, sem samþykt till. hefði í för með sjer.

Jeg sje þá eigi, að framar verði hægt að breyta nokkru til með póstferðir eða póststaði, því aldrei er hægt að hreyfa við þeim svo, að eigi þykist einhver líða baga við það.

Þá hefði aldrei verið hægt að láta aðalpósta ganga frá Borgarnesi, í staðinn fyrir frá Reykjavík, þá hefði eigi verið hægt að láta Suðurlandspóstinn ganga um Skaftártungu, í staðinn fyrir yfir hið hættulega Kúðafljót og Meðal-

land, og þá væri heldur aldrei hægt að skifta um póststað, hvað afskektur sem hann kynni að liggja, vegna nýrra vega, og hvað mikið sem hlutaðeigandi póstmaður heimtaði í kaup.

Þar sem jeg hefi talað um þúsunda króna sparnað, skal jeg bæta því við, að nú hefir Norðurlandspóstur um 2000 kr. á ári fyrir ferðina norður að Stað, fyrir utan klyfjahesta. Sama má reikna að hefði orðið að borga póstinum frá Borgarnesi til Búðardals, en þessi liður fellur alveg niður við breytinguna; sömuleiðis falla niður póstferðirnar milli Króksfjarðarness og Staðar, sem sjálfsagt má telja 1500 kr.

Þar sem leið Strandapósts styttist um rúma 100 kílómetra, og flutningurinn minkaði að sama skapi, þá gerði jeg ráð fyrir, að það, sem sparaðist á þeirri leið, myndi nægja til að bæta við aukapóstana í Dala- og Barðastrandarsýslum vegna breytingarinnar.

Póstferðirnar milli Arngerðareyrar og Staðar eru töluvert ódýrari en það, sem jeg varð að borga fyrir ferðirnar milli Arngerðareyrar og Búðardals f. á.“

Svo segir póstmeistari viðvíkjandi Hesteyrarpóstinum.

„Jeg gæti ekki sagt með vissu, hvað yrði að borga fyrir bið Hesteyrarpósts, en eftir kröfum, sem farið er að gera, skyldi mig eigi undra, þótt það yrði fram undir 1000 kr.“

En annars ætla jeg ekki að snúa mjer sjerstaklega að þessu atriði, um Hesteyrarpóstinn, því að jeg er því ekki eins kunnugur. En jeg hygg, að það hefði verið rjettara af hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) að tala við póstmeistara, og get jeg vel hugsað mjer, að þeir hefðu getað komið sjer saman um fyrirkomulagið.

Annars þótti mjer dálítið kynlegt að heyra hv. þm. Dala. (B. J.) halda því fram, að ræða væri um einróma álit þriggja sýslna, jafnvel þótt hann tæki það jafnharðan aftur, nema hvað Dalasýslu snerti. Mjer þykir það kynlegt samt, að það sje einróma álit Dalamanna, þar sem kunnugt er, að mestur hluti Dalasýslu hefir nákvæmlega sömu póstgöngur og áður.

Hv. þm. Dala. (B. J.) var að spyrja, hvað valdið hefði þessari ráðstöfun. Það liggur ljóst fyrir, að það var ekki annað en sparnaðarástæður. Með því er engu tapað, því eins og sýnir sig af brjefi póstmeistara, fóru póstarnir þar hver um annan samsíða. Annars er það alveg rjett hjá hv. þm. Dala. (B. J.), að Strandamönnum má standa alveg á sama um þetta. Þeir græða ekkert á þessu; hafa nákvæmlega sömu póstgöngur og áður, því að jeg tel ekki, þótt einn hreppur í Strandasýslu kunni að fá þau hlunnindi, að geta nú svarað með sama pósti aftur brjefum frá Ísafirði.

Það er, eins og brjef póstmeistara bendir á, lítill flutningur, sem pósturinn hefir haft. Þannig var t. d. síðasti flutningurinn eitt koffort í Búðardal og hálft að Króksfjarðarnesi. Og til þessa átti að hafa sjerstakan póst, í því einu skyni, að nokkrir hreppar í Dalasýslu fengju póstinn tveim dögum fyr en ella!

Annars hefði jeg vel getað hugsað mjer einhverja málamiðlun, ef háttv. þm. Dala. (B. J.) hefði farið fyrst til póstmeistara og leitað hans, í stað þess að koma með þessa till. inn í þingið án hans vitundar. En annars get jeg ekki verið að fjölyrða um þetta, því hversu lengi, sem jeg talaði, yrði varla mögulegt, að aðrir hv. þm. en þeir fáu, sem kunnugir eru staðháttum, gætu dæmt um málið. Svo er hjer um það mál að

ræða, sem þingið á alls ekki að vera að blanda sjer inn í, og sjerstaklega þegar flm. hafa ekki leitað álits póstmeistara. Þess vegna hefi jeg líka leyft mjer að koma fram með svo hljóðnndi rökstuddu dagskrá:

„Að undanförnu hefir það verið eitt af störfum póstmeistara og landstjórnarinnar, að ákveða póstgöngur hjer á landi, og í því trausti, að þau framvegis, eins og að undanförnu, hagi þeim sem haganlegast fyrir landsmenn og ríkissjóð, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Flm. (Bjarni Jónsson): Háttv. þm. Stranda. (M. P.) kom því upp um sig, að honum væri mikið áhugamál að hafa þessar póstgöngur meðfram símanum. En jeg fór ekkert út í það mál, þó að það sje auðvitað hreinn óþarfi að láta póstinn þræða símaleiðina. En hitt kemur mjer kynlega fyrir sjónir, að honum skuli þykja till. okkar nýstárleg, því hversu oft kemur það fyrir, að breytt sje á þingi ráðstöfunum stjórnarinnar. Svo það er ekkert nýstárlegt, en hitt er nýstárlegt, að breyta póstferðum upp úr þurru. Því óþarft tel jeg að gera það af sparnaðarástæðum, sem eru þó þær einu, sem póstmeistari tilfærir í brjefi sínu. Ekki var annað en að láta Strandapóst taka brjefin í Ásgarði. Eins þyrftu póstarnir ekki að verða samferða út í Bitru, og væri það því sparnaður. Dalamenn hefðu heldur ekki á móti því, að vestanpósturinn tæki sinn póst í Dalsmynni. Og yfir höfuð eru þessir smákippir, sem í brjefi póstmeistara er verið að tala um að falla mættu niður, engan veginn mikilvægir. En þar eru póstarnir altaf samferða og er það auðvitað óþarfi, að þeir sjeu saman, ef með því mætti spara.

Þá taldi hv. þm. Stranda. (M. P.), svo og póstmeistari, það eina höfuðástæðuna fyrir því, að póstar væru þarna óþarfir, að skipaferðir væru orðnar svo tíðar. Má vera, að svo sje. En meðan fastar skipaferðir eru ekki fullkomnari en það, að skipin koma tvisvar á ári inn í Hvammsfjörð, er ekki hægt að segja skipaferðir tíðar á innri hluta Breiðafjarðar. Því ekki er mikið að ætla á mótorskip, sem að vísu koma þangað með höppum og glöppum, en án þess, að þeim sje treystandi, nema þá helst ferðum mótorbátsins „Úlfur“. Mun jeg líka leita hófanna hjá samgöngumálanefnd um bættar samgöngur á sjó þarna, því þess er vissulega þörf, og eins þó að landpóstleiðirnar fái að haldast óbreyttar.

Hv. þm. Stranda. (M. P.) þykir það kynlegt, að fram skuli hafa komið einróma óskir í sýslunni um að hafa þessar ferðir áfram. En jeg get fullvissað hann um, að það er satt, og þeir telja sig alls ekki mega missa vetrarferðirnar.

Svo sagði hv. þm. Stranda. (M. P.), að það væru að eins tveir hreppar sýslunnar, sem með breytingunni mistu tækifærið til að svara brjefum með póstinum um hæl. Jeg veit ekki, hvaða hreppar það eru. En hitt veit jeg, að breytingin hefir áhrif á alla hreppa sýslunnar nema tvo, Fellsströnd og Skarðsströnd.

Annars hefir engin ástæða fyrir breytingunni komið fram, önnur en sú, sem jeg áður gat um, að með henni megi spara eitthvað. Hvorki ræða háttv. þm. Stranda. (M. P.) eða brjef póstmeistara færði hjer önnur rök. En þegar þessi sparnaður nemur nú ekki nema 2—3000

krónum, þá sjá allir, hversu gróðinn yrði mikill fyrir landssjóðinn. En þetta sagði póstmeistari mjer sjálfur. Má vera að 2—3000 kr. á ári sje töluverð upphæð fyrir einstaka menn, en að landsjóðnum geri hún mikið, til eða frá, — get jeg ekki sjeð.

Hákon Kristófersson: Jeg skal játa, að það var óheppilegt að bera ekki till. þessa undir álit póstmeistara, því það var ekki nema sjálfsögð kurteisisskylda við hann. En jeg stend á till., sem einn flm. hennar, vegna óska fjölmargra manna úr Barðastrandarsýslu, sjerstaklega úr austurhluta hennar. Og þegar þessi breyting var gerð, kom mönnum þar þetta algerlega á óvart, og urðu margir til að spyrja mig, hvort jeg hefði haft áhrif á þetta mál, og eins hvort jeg vissi til þess, að hv. þm. Stranda. (M. P.) mundi geta átt nokkurn þátt í þessari breytingu. Jeg svaraði, sem satt var, að mjer væri alls ókunnugt um, hvernig á slíkri ráðstöfun stæði, og „forsvaraði" jafnframt hv. þm. Stranda. (M. P.), því jeg sá þá ekki og sje ekki enn, að í breytingunni felist nokkrir hagsmunir fyrir hann eða hans sýslu, nema þá ef vera kynni, að hún gæti leitt af sjer nýjar vegabætur þar. Annars hafði jeg hugsað mjer upprunalega að tala um málið við póstmeistara, en hafði ekki getað náð í hann áður en till. var borin fram.

Háttv. þm. Stranda. (M. P.) sagði, að með breytingunni mundi sparast fje fyrir landssjóðinn. En því vil jeg slá föstu, að það sparast ekki á leiðinni frá Bitru til Bíldudals, eftir því, sem samið er nú um þær ferðir. Þetta er ekki svo að skilja, að fyrir þær ferðir muni verða ofborgað. Eins má gera ráð fyrir, að með þessu fyrirkomulagi geti póstinum seinkað að vetrinum. Því leiðin frá Bitru að Króksfjarðarnesi er ill yfirferðar. En áður var þarna aukapóstur, sem tók sig upp í Króksfjarðarnesi eftir komu sunnanpóstsins, og fór norður að Stað í Hrútafirði. Eftir hinni nýju tilhögun á Bíldudalspósturinn að taka sig upp í Gröf í Bitru, og geta ekki kunnugir sjeð, að slíkt geti haft þau áhrif, að hann verði seinfærari vestur en meðan hann átti að eins að fara frá Króksfjarðarnesi.

Eins og jeg hefi þegar tekið fram, þá var það ekki meining mín að ætla póstmeistara nokkrar slæmar hvatir til málsins, og hefði því verið betur viðeigandi, að hann hefði ekki komist brjeflega svo að orði, að till. væri komin fram fyrir dutlunga einstakra manna. Því það verð jeg að taka til mín og samsýslunga minna allra, sem lítum svo á, að hjer sje um nauðsynjamál að ræða, að fá kipt póstgöngunum þarna í það sama horf og þær voru í áður, enda hygg jeg, að framtíðin muni sýna, að svo muni hentara.

Magnús Pjetursson: Jeg skal vera stuttorður. Það kom hvort eð er fátt nýtt fram í ræðu hv. þm. Dala. (B. J.). Það kom óbeinlínis fram í ræðu hans, að eftir breytinguna þyrftu ferðamenn nú að fá sjer sjerstaka fylgdarmenn, t. d. þeir, sem vildu ferðast úr Dölunum til Ísafjarðar eða Dölum til Borgarness. — Áður hefðu þeir getað fylgst með póstinum. Jeg hefi aldrei litið svo á, að póstar ættu að vera fylgdarmenn einstakra manna, enda þótt úr Dölunum væru; mætti þá líka segja nokkuð sama um Strandamenn og þörf þeirra til að njóta fylgdar póstsins.

Háttv. þm. (B. J.) hefir þegar viðurkent, að tveir hreppar sýslunnar hefðu sömu póstferðir og áður, og er þá ólíklegt, að úr þeim hreppum sje líka komin hin einróma áskorun um að kippa póstgöngunum í sama farið, enda vart líklegt, að þm. (B. J.) hafi gengið fyrir hvers manns dyr í Dölunum til að heyra álit manna um málið.

Háttv. þm. Barð. (H. K.) talaði um, að mjög margir í Barðastrandarsýslu væru óánægðir með breytinguna. En slíkt er ekki óánægja, heldur fordild, því hlunnindin eu alveg þau sömu og áður. Að vísu er einn hreppur í austursýslunni, sem segja má um að notið hafi góðs af fyrri póstinum fram yfir það, sem nú er. En menn í Vestur-Barðastrandarsýslu hafa enga átyllu til að vera óánægðir, því hún hefir nákvæmlega sömu póstferðirnar og hún hafði áður.

Annars skal jeg ekki tala um það, hvort jeg hafi haft áhrif á þetta mál eða ekki. Ummæli í þá átt verð jeg að skoða sem hrós, en því miður get jeg ekki tekið á móti því. Hver svo sem hefir lagfært þessar póstgöngur á þakkir skilið fyrir þær 3—4000 kr., sem hann sparar landssjóði. (**H. K.**: Í hverju liggja þær?). Jeg hefi bent á það áður, en af því mjer er ant um, að hv. þm. (H. K.) komist í skilning um þetta, ætla jeg að hafa það yfir aftur, ef það fengi einhverju um þokað.

Á póstleiðinni milli Borgarness og Búðardals sparast 2000 kr. Þá er gert ráð fyrir, að 1500 kr. sparist á milli Staðar og Króksfjarðarness. Aukapósturinn frá Króksfjarðarnesi til Grafar fellur inn í Bíldudalspóstinn, en pósturinn frá Stað til Hólmavíkur sparast.

Ef hv. þm. (H. H.) vildi athuga þetta, þá býst jeg við, að hann gæti reiknað það út eins og hver annar. Þá talaði hv. þm. (H. K.) um það, að samhengið milli Kleifa og Stórholts slitnaði, og það er rjett. En hv. þm. (H. K.) gat þess um leið, og það var líka rjett, að póstmeistari mundi sjá um, að því yrði kipt í lag.

Viðvíkjandi ótta Vestur-Barðstrendinga, um að póstur yrði seinni vegna vegaörðugleika, þá veit jeg ekki á hvaða rökum sá ótti er bygður. Jeg býst ekki við, að leiðin sje mikið verri heldur en margt það, sem póstar fóru yfir áður, heldur yfirleitt mikið betri.

Það þýðir ekki að vera að þjarka um þetta mál hjer í deildinni; menn, sem eru því ókunnugir, geta ekki fylgst með. Sem dæmi þess má nefna, að þegar hv. þm. Barð. (H. K.) var að tala, voru að eins 4—5 þm. hjer í deildinni, og jeg býst við, að það hafi mestmegnis verið af áhugaleysi á málinu og af því, að þeir treystu sjer ekki til að fylgjast með, að þeir sýndu því þessa viðurkenningu.

Sigurður Stefánsson: Jeg ætla ekki að lengja þessar umr. mikið, og ætla heldur ekki að blanda mjer inn í þá deilu, sem hjer hefir risið. Jeg vildi að eins skjóta því fram, að kostnaðaráætlun sú, sem gerð hefir verið um Hesteyrarpóstinn, hlýtur að vera sprottin af ókunnugleika póstmeistara eða heimildarmanna hans. Milli Hesteyrar og Aðalvíkur er að eins 2—3 tíma ferð, og getur ekki komið til nokkurra mála, að það mundi kosta 1000 kr. (**M. P.**: Biðin). Biðin út af fyrir sig getur aldrei orðið svona dýr.

Það hefir verið talað um, að það sje á móti venju og jafnvel velsæmi að fara með slík mál til þingsins, í stað þess að snúa sjer til beint til póststjórnarinnar, en það er ekki. Kjósendur skora á þm.

sína að vekja máls á þessu og reyna að fá einhverja bót eða úrlausn. Ef þm. færu að fást við þetta bak við þingið, reyndu að hafa persónuleg áhrif á póstmeistara, til þess að úr yrði bætt, þá teldu kjósendur sig svikna, ef ekkert ynnist á. Þm. gæti ekkert sýnt til að sanna það, að hann hafði reynt til að hafa áhrif á úrslit málsins, því ekki gæti hann vitnað í einkasamtal sitt við póstmeistara eða annað þess háttar. Eina leiðin, sem honum er opin, er að ganga hreint til verks og snúa sjer til þingsins, enda sje jeg ekkert við það að athuga.

Jeg hefi sjeð brjef frá póstafgreiðslumanninum á Ísafirði, þar sem hann telur tormerki á því, að fá mann til að annast póstferðir til Hesteyrar. Hann leggur til, að aukapóstur gangi frá Aðalvík til Hesteyrar. Þetta bætir að vísu nokkuð úr, þó ekki sje í því full bót. Að öðru leyti verður maður að treysta póstmeistara til að ráða svo úr málinu, að við megi una. Jeg býst við, að hann muni þar taka tillit til vilja þingsins eigi síður en til einstakra manna. Mjer virðist það ekki órjettmætt, þó þingið ráði hjer nokkru um, og jeg skil ekki, að póstmeistari geti þykst við það, þó þessi leið verði valin. Við þm. gátum ekki aðra farið; það var skorað á okkur, okkur var falið að fara með málin, og þá var næst að velja beinustu boðleið.

Flm. (Bjarni Jónsson): Háttv. þm. Stranda. (M. P.) talaði um forlild, sem hann áleit að væri móðir þessarar till. Hann hjelt þá sýslubúa, sem hjer um ræðir, svo hjegómagjarna, að þeir vildu alt til vinna, til að halda í gamlar póstleiðir. Þessari ásökun verð jeg að vísa til föðurhúsa, enda var ekki laust við, að fordildar kendi í ákafa og vörn hv. þm. Strandа. (M. P.). Þessi sami hv. þm. (M. P.) hefir borið hjer fram skrif, sem hann kallar rökstudda dagskrá. Öllu má nafn gefa. Fyrri liður þessarar dagskrár er um, að það sje venja, að landsstjórn og póstmeistari ráði póstleiðum. Af þessu dregur hv. þm. (M. P.) þá ályktun, að málið skuli tekið af dagskrá. En það er ekki rjett niðurstaða; hún leiðir ekki af því, sem á undan er sagt. Það hefir enginn farið fram á annað en að landsstjórnin og póstmeistari rjeðu. Þingsál.till. er að eins tilmæli til þeirra um að ráða þeim á ákveðinn hátt. Jeg skil ekki, að nokkur geti fundið till. það til foráttu, að hún sje of djarft orðuð. Það má ekki minna vera en að þinginu leyfist í kurteisi að ávarpa þá háu herra. Leyfist kettinum að líta á konginn.

Hákon Kristófersson: Jeg verð að mótmæla því, að þessi till. sje sprottin af fordild. Það er ekki rjett, og jeg er hissa á manni eins og hv. þm. Stranda. (M. P.) að kasta þessu fram.

Háttv. þm. (M. P.) talaði um, að leiðin frá Bitru til Króksfjarðar væri ekki verri en þaðan og til Bíldudals. En á þessari leið eru einhverjar hinar verstu torfærur. Það bætir lítið úr skák, að vondur vegur bætist víða við á sömu póstleið.

Þá mintist hv. þm. (M. P.) á sparnaðinn. Jeg held, að þessi sparnaður sje aðallega í höfði hv. þm. (M. P.), og þar ekki sem skýrastur, því það er ekki hægt að færa rök að honum. Jeg efast ekki um, að á næstunni verði að framkvæma vegagerðir á nýjum vegköflum, sem afleiðing af þessari ráðstöfun, og þætti mjer ekki óliklegt, að hv. þm. Stranda. (M. P.) liti til þess hýru auga, ef hans hjerað yrði fyrir þægindum af

því. Jeg hefi þetta eftir nákunnugum manni, Sumarliða pósti. En það er nýbúið að gera við veginn yfir Þorskafjarðarheiði. Hún er lítið farin nema af póstinum, og skil jeg þá ekki sparnaðinn í því að skifta um.

Jeg get tekið undir það með hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að jeg hafi gerst flm. þessarar till. eftir ósk og áskorun kjósenda minna. Og jeg get ekki viðurkent, að við höfum farið nokkrar krókaleiðir í þessu máli. Það öllu líklegra, að ýmsir aðrir hafi farið krókaleiðir til að koma hinni fyrirhuguðu breytingu á.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. Stranda. (M. P.) feld með 13 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já: J. B., M. G., M. P., M. Ó., Sv. Ó., Þór. J., G. Sv.

nei: H. K., P. J., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Þorl. J., B. Sv., B. J., B. K., B. St., Ó. B.

Sex þm. (J. J., J. M., Þorst. J., E. A., E. Árna. og E. J.) fjarstaddir.

Till. vísað til samgöngumálanefndar (sjá A. bls. 2008) með öllum gr. atkv. og umr. frestað.

Á 60. fundi í Nd., miðvikudaginn 10. sept., var fram haldið einni umr. um till. (A. 257, n. 583).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., fimtudaginn 11. sept., var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 257, n. 583).

Frsm. (Einar Árnason): Fyrst verð jeg að gefa nokkra skýringu um nál.; orðalag þess bendir á, að öll nefndin hafi verið sammála um það, en undirskriftin ber það með sjer, að hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) hefir verið ósamþykkur niðurstöðu nefndarinnar. Þetta ósamræmi stafar af því, að þegar jeg skrifaði nál., var mjer ókunnugt um þá afstöðu, sem hv. þm. (B. Sv.) tók í málinu; hann mun ekki hafa verið viðstaddur, þegar nefndin gerði fullnaðarályktun um málið. — Jeg get farið fremur fljótt yfir sögu, því að ekki er ástæða fyrir mig að endurtaka það, sem frá er skýrt í nál., en í því er skýrt frá öllum helstu atriðum málsins, og leyfi jeg mjer að vísa til þess, sem þar segir. Þó skal jeg bæta því við, að nýlega átti jeg frekara tal við póstmeistara um málið; skýrði hann mjer frá, að hann mundi fús að bæta úr að einhverju leyti, ef Dalasýslubúar óskuðu þess, t. d. þannig, að Búðardalspósturinn væri látinn skreppa til Dalsmynnis, á þeim tíma, sem hann er vanur að bíða í Búðardal, og sækja þangað póst úr flutningi norðanpósts; þetta yrði töluverð fyrirgreiðsla, og á þennan hátt myndu Dalamenn fá póstbrjefin nokkru fyr en ella. Þá taldi hann einnig mega bæta póstgöngurnar með því, að póstur yrði látinn ganga milli Stórholts og Kleifa; er sú vegalengd 15 kílómetrar.

Annars taldi póstmeistari breytinguna ekki hafa mikil áhrif á póstferðirnar um þetta svæði. Aðallega væru þau þessi, að menn af sumum bæjum ættu erfitt með að svara brjefum með sama pósti, eða gætu það ekki; en svo er og víða annarsstaðar um landið, og því ekki næg ástæða til að breyta um að nýju fyrir þá sök, einkum þar sem póstflutningur er að jafnaði fremur lítill um þessar slóðir.

Vænti jeg nú, að hv. þm. Dala. (B. J.) geti fyrir hönd kjósenda sinna sætt sig við þær breytingar, sem póstmeistari talaði um, og láti sjer nægja þær umbætur, sem þær eiga að gera.

Þá kem jeg að öðrum lið till., um að pósturinn frá Ísafirði til Hesteyrar verði í hverri ferð látinn bíða eftir Aðalvíkurpóstinum. Þetta telur póstmeistari erfitt að framkvæma; en hægt sje það þó með miklu fjárframlagi. Jeg hefi í höndum brjef frá póstafgreiðslumanninum á Ísafirði, frá 31. júlí 1919, um þetta mál. Þar segir svo:

„Hjer var engan mann hægt að fá um síðustu áramót til að taka að sjer ferðirnar til Hesteyrar með þeirri kvöð, að bíða þar meðan aukapóstur færi til Aðalvíkur, nema gegn afargjaldi. Hjeðan fást nú engir til að fara ferðirnar milli Ísafjarðar og Hesteyrar nema á vjelbátum, sem kosta um 100 kr. báðar leiðir, án þess þó að bíða á Hesteyri meðan sent sje til Aðalvíkur. Sá, sem nú hefir tekið að sjer póstferðirnar milli Ísafjarðar og Hesteyrar, á hjer ekki heima, og var að eins fáanlegur til að annast umræddar ferðir með því skilyrði, að þurfa ekki að bíða á Hesteyri meðan sent væri til Aðalvíkur, eins og áður segir.

Af famansögðu var umrædd breyting óumflýjanleg, og sje jeg ekki annað ráð betra til að bæta úr þessari umkvörtun Aðalvíkinga en að aukapóstur sje látinn fara frá Látrum um Sæból og Stað í Aðalvík til Hesteyrar svo tímanlega, að hann mæti þar aukapóstinum frá Ísafirði áður en hann snýr aftur til Ísafjarðar, og legg jeg það til.“

Með þessari till., sem jeg nefndi síðast, telur póstmeistarinn á Ísafirði töluvert bætt úr samgönguþörf Aðalvíkinga.

Að öðru leyti tel jeg það miður ráðlegt fyrir þingið að blanda sjer inn í málið að svo komnu, heldur muni rjettast að bíða átekta og sjá, hvernig þetta fyrirkomulag reynist, því að altaf er tími til stefnu að breyta því, ef það þykir ekki viðunandi. Leggur því meiri hl. til, að málinu sje vísað til stjórnarinnar.

Einar Jónsson: Mjer kemur það undarlega fyrir, að hjer skuli tekið til umr. mál, sem ekki stendur á dagskrá þessa dags. Það mun að vísu vera rjett, að hæstv. forseti hafi lýst því yfir í gær, að hann mundi taka til umr. í dag þau mál, sem ekki urðu útrædd í gær. En hingað til hefir ekki verið kveinkað sjer við að leggja út í annan eins þingkostnað eins og að prenta fullkomna dagskrá.

Jeg hygg annars, að hjer sje ekki stór þörf á ferðum, með að vera að tefja þingið með því, að vera að rekast í jafnlítilsverðum breytingum um póstferðir á Vestfjörðum og hjer um ræðir, og vilja innleiða nýjar reglur um þær. Og ekki ætla jeg að fara að halda neinar ræður um ekki merkilegra mál en þetta er, heldur láta mjer nægja nú, sem oftast endranær, að láta meiningu mína í ljós með atkv. mínu.

Benedikt Sveinsson: Af því, að jeg hefi skrifað undir mál þetta með fyrirvara, mun þykja hlýða, að jeg geri grein fyrir atkv. mínu. Það er satt, að mál þetta var ekki kappsmál í nefndinni, því flestir nefndarmenn voru málavöxtum fremur ókunnugir. Undirnefnd var skipuð í málinu, og er það niðurstaða hennar, sem fram kemur í nál.

Jeg skil ekki, að það sje rjett að

fara að breyta póstgöngunum nú, þannig, að einhverjir fari varhluta af. Það munu að vísu sparast 2000—3000 kr. við breytinguna, en hins vegar hlýtur það að baka Dalamönnum nokkur óþægindi, að póstur þeirra sje fluttur norður yfir Holtavörðuheiði, áður en þeir fá hann. En nú heyrðist mjer í ræðu hv. frsm. (E. Árna.), að póstmeistara væri ekki ant um að halda málinu til streitu, heldur myndi hann fáanlegur til að gera bragarbót, þannig, að Dalamenn fái þær umbætur, er þær gætu við unað. Jeg vildi ekki, að spilt væri póstsamgöngum í vissum landshluta fyrir lítilfjörlegan sparnað, og þó síst í þeim hluta lands, þar sem minst er um strandskipaferðir, svo sem er í Dalasýslu og nyrst í Norður-Ísafjarðarsýslu, og því var jeg ósamþykkur niðurstöðu nefndarinnar.

Bjarni Jónsson: Það er dálítið undarlegt við þetta mál, þar sem svo er að sjá, sem hv. nefnd hafi að eins snúið sjer til póstmeistarans og fengið hjá honum alla sína visku. Það hefir verið lesið hjer upp brjef frá póstmeistara, og stóð í því alt hið sama sem í nál. Það er undarleg sú aðferð háttv. nefndar, að hún leitar fyrst og fremst hjá öðrum málsaðilja, þeim, sem fundið er að gerðum hans, en gengur á bug við hinn, sem aðfinslurnar ber fram. Hv. nefnd hefir hvorki talað við mig nje hv. þm. Barð. (H. K.), nje heldur hv. þm. N.-Ísf. (S. St.); hún hefir algerlega gengið fram hjá okkur öllum kærendunum, en einungis leitað upplýsinga hjá hinum kærða, og á framburði hans byggir hún svo ályktanir sínar. Þeim fer líkt, þessum ágætu nefndarmönnum, eins og dómaranum, sem kært var fyrir, að maður hefði stolið byssu. Dómarinn kallaði manninn á sinn fund og spurði: „Hefirðu stolið byssu, maður?“ „Nei, nei,“ svaraði maðurinn. „Þá ert þú góður,“ sagði dómarinn og ljet rannsókninni þar með lokið.

Þar sem nú póstmeistari segir, að sparast muni um 3000 kr. við breytinguna, þá skal jeg ekki vefengja það. En nokkuð er þó athugavert við þetta. Hingað til hefir það verið kent, að tvær hliðar á þríhyrningi væru lengri saman lagðar en hin þriðja, en nú er ráðist á þá kenningu, þar sem gert er ráð fyrir því, að það sje sparnaður að flytja Dalasýslupóstinn frá Dalsmynni að Stað í Hrútafirði og þaðan í Búðardal, í stað þess að flytja hann eftir beinni línu frá Dalsmynni í Búðardal. Sje þessi nýja uppgötvun í „geometriunni“ rjett og óskeikul, þá má það vel vera, að póststjórnin hafi gert sparnaðarráðstöfun með því, að láta póstflutninginn til Dalasýslu fara krókaleið þá, sem jeg nefndi, en sje hún röng, þá fer sparnaðurinn að verða meira en tvísýnn.

En á fleira er að líta en kostnaðinn. Líta má og á, hversu ljett eða erfitt póstum verður að koma sjer og hestum sínum fyrir til gistingar. Dæmi eru til þess, að norðanpóstur, Jón í Galtarholti, hafi haft 22 hesta, en vestanpóstur í sömu póstferð 15 hesta. Nú hefði, samkvæmt þessari nýju ráðstöfun, Jón í Galtarholti tekið þessa 15 hesta með, og hefði hann þá í alt haft 37 hesta. En nú af því hann veðurteptist í Sveinatungu með 22 hestana, átust upp öll hey bóndans. Ver hefði farið, ef hestarnir hefðu verið 37; þá hefðu líklega einhverjir af þeim orðið að svelta. — Jeg get vel trúað, að fult eins heppilegt sje að láta ferðirnar vera eins og þær voru. En svo legg jeg ekki áherslu

á þennan sparnað, og þótt meiri væri. Skemd á samgöngum er ekki sparnaður. Jeg veit ekki betur en 100 þúsund krónum hafi verið kastað í fjelag eitt, til þess að það sendi skip sín inn á hverja smáhöfn eftir einum saltfiskspoka, eða sem því svaraði, auk þess sem farið hefir til flóabátanna. Teldi jeg ekki einum þúsund krónum ver varið til bóta á samgöngutækjum í Dalasýslu og Barðastrandarsýslu.

Í brjefi því frá póstmeistara, sem getið er um í nál., segir svo:

„Dalasýsla hefir, eins og póstferðum er nú komið fyrir, með hverri landpóstferð póstsamband við alla hluta landsins, álíka og aðrar sýslur, sem liggja í líkri fjarlægð frá Reykjavík.“

Þetta er nú ekki ákaflega ákveðið. — Við skulum þá segja, að Dalasýsla hafi áður haft betra póstsamband en aðrar sýslur; ef þessi breyting hefði verið gerð til þess að jafna áhallann og bæta fyrir öðrum, þá væri hún skiljanleg. En að skemma fyrir einni sýslu bara til að skemma, án þess að bæta annari, þá er það skrítið rjettlæti. Rjettlæti í þessu efni er ekki annað en að bæta úr því, sem skakt er gert. Jeg veit ekki, af hvers toga þetta er spunnið, en það mun sýna sig síðar, að það er svo langt frá, að hún sje til bóta, að hún mun verða til skemda, og póststjórninni mun hún ekki reynast neitt gróðafyrirtæki.

Skal jeg svo ljúka þessu máli og leggja það á vald hv. deildar, hve rjettlát og glögg hún er í málinu. Dalamönnum er þetta talsvert áhugamál, en þó mun deildin taka sjer það ljett, þótt þeim misliki; hún heldur, að við það geti hún grætt 3 þús. kr. á ári. En það er víst, að sá gróði kemur aldrei í landssjóð.

En þar sem hv. frsm. (E. Árna.) gat þess, að póstmeistari hefði lofað aukapóstferð frá Dalsmynni um Búðardal og Stórholt til Kleifa, þá mun Dalamönnum þykja það bót nokkur, en fyrir því er ekki borgið innri hluta Barðastrandarsýslu.

Fáist deildin ekki til að samþykkja till. okkar þm. þessara hjeraða, vil jeg herma það sem loforð hv. frsm. (E. Árna.), fyrir hönd póstmeistara, að þessi endurbót fáist. (**E. Árna.**: Ef þeir óska þess). Vitanlega mun enginn þröngva þeim til þess. En hvert eiga þeir að snúa sjer? (**E. Árna.**: Til póstmeistara). Gott er það að vita. En sem sagt eru þar með eigi leyst vandræði Barðastrandarsýslu. En jeg býst við, að hv. þm. Barð. (H. K.) taki til máls og skýri sína afstöðu og kjördæmis síns til þessa máls.

Sigurður Stefánsson: Jeg ætla að eins að segja fáein orð út af síðasta lið till. Nefndin er honum mótfallin, eins og sjá má á áliti hennar, en af hvaða ástæðum hún er það, sjest ekki, nema það sje, að hún haldi, að það muni valda ríkissjóði lítils háttar útgjöldum. Hv. frsm. (E. Árna.) upplýsti, að enginn mundi fást til að taka að sjer ferðir til Hesteyrar fyrir minna en 100 kr. Jeg vil gera þá fyrirspurn til hv. frsm. (E. Árna.), hvað ferðin til Hesteyrar hafi kostað áður, meðan hann beið eftir Aðalvíkurpóstinum. Í nál. er ekki tekið fram, hve hár kostnaðaraukinn muni verða. Og eftir því, sem jeg kemst næst, mun það ekki vera vel ljóst fyrir hv. nefnd sjálfri. Þá sagði hún og, að þörfin væri ekki brýn. Slíku má slá fram. En það eru staðhæfingar, sem spretta af vanþekkingu. Jeg hefi áður upplýst, að þar væru tvö fiskíver,

með 300 manns, sem svift væru því hagræði, að geta svarað brjefum sínum með sama pósti og þau kæmu. — Fara má á tæpum tveim tímum hvora leið. Þegar svo lítið er til þess, að hjerað þetta er eitt hið afskektasta á öllu landinu, og þessir veslings menn eru firtir öllum samgöngum á sjó og landi, nema þessum póstsamgöngum, þá virðist það ekki vera til mikils mælst, þó þeir fái að halda þessum ferðum, sem þeir telja sjer hag í, þótt það kostaði landssjóð nokkrar krónur. Óupplýst um kostnaðarauka. Hv. nefnd hefir játað það, að henni væri ókunnugt um hann. Maður skyldi halda, að hún hefði kynt sjer hann, áður en hún slær því fram, að ferðirnar muni valda allmiklum kostnaði. En hún hefir ekki haft fyrir því. Það er því ekki að vita, að hann nemi svo miklu, og enda þótt hann væri nokkur, verð jeg að álíta, að brýn þörf beri til, að þessi olnbogabörn landsins og náttúrunnar verði ekki svift þessu litla hagræði. Þótt jeg telji nokkra bót í því, að póstur gangi úr Aðalvík til Hesteyrar til móts við Ísafjarðarpóstinn, þá er það ekki nærri því eins hagkvæmt eins og að geta svarað brjefunum með sömu ferð.

Frsm. (Einar Árnason): Það voru aðallega tvö atriði hjá hv. þm. Dala. (B. J.), sem jeg vildi minnast á. Hann var að finna að því, að nefndin hefði snúið sjer til póstmeistara með upplýsingar í þessu máli, en ekki til sín. Fyrir nefndinni lágu mörg skjöl um þetta mál, sem hún þurfti að athuga, og auk þess, sem nefndin varð að vinna úr þeim, fjekk hún kunnuga menn á þessu sviði sjer til aðstoðar, til að athuga þetta mál, eins og hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) tók fram. Sú niðurstaða, sem nefndin hefir komist að, er því bygð á umsögn og áliti fróðra manna í þessu efni. Jeg verð þess vegna að halda því fram, að nefndin hafi snúið sjer til rjettra aðilja um upplýsingar í þessu máli. Þá sagði hv. þm. Dala. (B. J.), að þessi breyting, sem gerð hefir verið, væri að eins til að skemma samgöngurnar í Dalasýslu, en enginn sparnaður við hana. Jeg er honum samdóma í því, að þessi 3 þús. kr. sparnaður á ekki rjett á sjer, ef hann gæti komið með sannanir fyrir því, að póstsamgöngurnar yrðu við það óviðunandi. En hv. þm. (B. J.) hefir enn engin rök leitt að því, að svo sje. Eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hefir fengið um málið, breytast póstsamböndin í Dala- og Barðastrandarsýslum mjög lítið við þetta nýja fyrirkomulag. Það eina er, að ef til vill einstöku bæir geta ekki svarað brjefum með sama pósti. En það, fyrir sig, er engin ástæða gegn breytingunni.

Þá var hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), sem gerði fyrirspurn um, hve kostnaðaraukinn mundi nema miklu við það, að Hesteyrarpósturinn væri látinn bíða eftir Aðalvíkurpóstinum. Í raun og veru er ómögulegt fyrir nefndina að svara því, vegna þess, að enginn hefir fengist til að taka að sjer ferðirnar, með því að bíða á Hesteyri, og enginn veit, hvað mikið þarf að bjóða manni til að gera það.

Vitanlega væri það hentugt og þægilegt, að fá póstinn heim á hvern bæ og láta hann bíða á meðan brjefunum er svarað, og það væri svo sem hægt að gera, ef nægir væru peningarnir til þess. En slíkar firrur býst jeg ekki við að komi nokkurn tíma til mála. Jeg held ekki, að í þessu máli hafi komið neitt það fram, sem geri það að verk-

um, að hægt sje að samþ. þingsál. — Og mun atkvgr. sýna hugi þm. í málinu.

Bjarni Jónsson: Jeg hafði um daginn sýnt fram á, að breyting þessi skemdi samgöngur í Dalasýslu. Þá var auðvitað ekki reiknað með þessum nýja aukapósti. Jeg sagði, að menn þar hefðu lagt mikla áherslu á að hafa póstfylgd yfir Brekkurnar að vetrarlagi. Þetta er því veruleg skemd á samgöngunum, og það gæti orðið dýrt, ef mönnum hlektist á og þeir yrðu úti á þessum fjallvegi. Það er auðvitað, að úr þessu verður ráðið, ef aukapósturinn fer sömu leiðina í hverri ferð, en það er skemd eigi að síður.

Það er altítt, að menn sendi hesta með póstinum, og er mönnum þá ekki sama, þótt þeir fái hestana mörgum dögum síðar en vera þarf. Þetta er að þessu leyti leyti slæmt fyrir Dalasýslu. Og hví er verið að skemma fyrir þeirri sýslu, án þess að bæta fyrir annari? Það er engin bót fyrir Strandasýslu, þótt pósturinn heiti aðalpóstur og fari þá sömu leið, og engu fleiri ferðir en aukapóstur fór áður. Það er alveg sama, hvað pósturinn kallast. Jeg hefi ekkert á móti því, að Strandapósturinn kallist „háyfirpóstur Strandamanna" en Dalapósturinn „litli pósturinn í Döllunum". — Þeir hirða ekki um nafnbætur þar í Dölum.

Jeg gleymdi að þakka háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) vingjarnleg orð hans um þetta mál. Hann sagðist, sem rjett er, vera á móti því, að breyta þannig til í einum hluta landsins, ef ekki væri breytt annarsstaðar, þar sem þess væri ekki síður þörf. Það, sem till. mótmælir, er að breyta þannig samgöngum einum í óhag, en engum öðrum að gagni. (**M. P.:** Mjer skildist hv. 2. þm. Rang. (E. J.) vera á móti till.).

Einar Jónsson: Það er ekki í fyrsta sinn, sem hv. þm. Dala. (B. J.) misskilur mig. Það var alveg hárrjett skýring, sem hv. þm. Stranda. (M. P.) gaf á orðum mínum, að jeg set mig beint á móti þessari till. En hitt vil jeg segja, að þótt hv. þm. Dala. (B. J.) þykist standa hjer á verði fyrir sína kjósendur, þá mun það að líkindum ekki standa lengi. Hann mun innan stundar hverfa hjeðan af þingi, að jeg vona. Jeg hafði lýst því yfir, að jeg væri á móti þessari till., og ætla jeg að gera það enn. En jeg vil nú lýsa yfir því í þinglok að þessu sinni, og má ske undir lok minnar þingæfi, að hv. þm. Dala. (B. J.) hefir aldrei spilað stærra númer í mínum augum en aðrir þingmenn. Þessi yfirlýsing vildi jeg að sæist svart á hvítu í þingtíðindunum. (**B. J.:** En ef nú verður hætt að prenta þingtíðindin?). Það væri verst fyrir hv. þm. Dala. (B. J.), ef hætt yrði að prenta þingtíðindin, því að hann hefir æfinlega talað fyrir þau og kjósendur, en ekki fyrir málin. Hann hefir æfinlega talað fyrir utan málefnin.

ATKVGR.

Till. samgöngumálanefndar á þgskj. 593, um að **vísa málinu til stjórnarinnar**, samþ. með 12 : 5 atkv.

II.

Ekki útrædd.

A. Stjórnarfrumvörp.

1. Framlenging burðargjaldshækkunar.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um framlenging á gildi laga nr. 40, 26. okt. 1917, um bráðabirgðahækkun á burðargjaldi (A. 20).

Á 5. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. júlí, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. júlí, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal taka það fram, að samskonar frv. var hjer áður flutt af hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.), en þar sem hjer er um skattafrv. að ræða, hefi jeg nú tekið að mjer flutning þess.

En nú hefir mjer verið skýrt frá því, að póstmeistari muni koma með till. um breytingar á frv. þessu og póstgjöldum yfirleitt. Vil jeg því mælast til, að máli þessu verði frestað og frv. falið fjárhagsnefnd, og mun hún eflaust fá til meðferðar till. póstmeistara um málið.

Benedikt Sveinsson: Jeg skal kannast við, að jeg var frv. þessu fylgjandi á þinginu 1917. En jeg tel það ekki rjett að láta lögin standa lengur í gildi. Fyrst og fremst er það af því, að það er skaðlegt viðskiftalífi landsins að íþyngja mönnum um skör fram með háum póstgjöldum. Það hefir aldrei verið tilgangur ríkisins að gera póstgöngurnar að beinum tekjustofni, þó að auðvitað sje reynt að stilla burðargjaldinu svo í hóf, að þær beri sig.

Þess ber líka að gæta, að mjög er hætt við, að þessi 100% hækkun nái ekki tilgangi sínum, því að sennilega dregur það úr notkun póstanna, að burðargjaldið er hátt. Það er því alls ekki víst, að annað vinnist við hækkun þessa en það, að aftra mönnum frá að nota póstana.

Þessi mikla hækkun kemur einnig til leiðar hinu mesta ósamræmi í póstgjöldum innanlands undir böggla, eftir því, hvort þeir eru innlendir og fara til inn-

lendra staða, eða þeir koma frá útlöndum og fara svo með póstum út um landið, því að samkvæmt gömlum samningum milli Danmerkur og Íslands er póstgjald undir böggla frá Danmörku fastákveðið hjer, og verður ekki hækkað, þótt burðargjald undir innlenda böggla hækki. Undir böggul, sem vegur 5 kg., þarf að greiða 70 aura frá Danmörku til Íslands, þótt hann fari norður á Hornstrandir, en undir jafnþungan böggul hjer innanlands, þótt milli næstu hafna sje, 2,20 kr., eða rúmlega þrisvar sinnum meira.

Það er því alveg ótækt að láta slíkt misrjetti viðgangast.

Sama verður uppi á teningnum, ef um brjef er að ræða. Undir tvöfalt brjef þarf að greiða 20 aura til Danmerkur, en 30 aura til annara landa; en á milli staða á Íslandi, t. d. hjeðan til Hafnarfjarðar, verður að greiða 40 aura undir slík brjef.

Álíka mismunur er einnig á póstávísunum og póstkröfum.

Menn sjá nú, að þetta hlýtur að draga úr viðskiftunum í landinu, og það gerir t. d. verslunum hjer í Reykjavík með öllu ókleift að standast samkepni úti um land við erlendar verslanir, að því er snertir þær vörur, sem sendar eru í bögglapósti. En til þess hefir þó verið ætlast, að Reykjavík yrði verslunarmiðstöð í landinu, og með því markmiði meðal annars var ráðist í hina miklu og dýru hafnargerð hjer í Reykjavík. En slíkar ráðstafanir sem þessar virðast algerlega brjóta í bág við þá hugmynd.

En nú hefir póstmeistari samið annað lagafrv., og sendir það líklega bráðum þinginu, og er þar settur taxti, saminn í samræmi við taxta þann, sem gildir annarsstaðar, og miklu sanngjarnari heldur en sá, sem af handahófi er settur í stjórnarfrv.

Jeg sje því ekki betur en þessu frv. sje alveg ofaukið, en tel þó ekki þörf að fella það að svo stöddu, þar sem fjárhagsnefndin flýtir sjer væntanlega ekki með þetta frv., heldur bíður eftir frv. frá póstmeistara og leggur það til grundvallar.

Sessunautur minn segir mjer nú, að það frv. sje þegar komið til fjárhagsnefndar, og þarf jeg því ekki að slá þennan varnagla.

Fjármálaráðherra (S. E.): Eins og jeg tók fram áðan, var frv. þetta upprunalega flutt af hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.), en nú tók jeg að mjer flutning þess sem skattamáls. En till. póstmeistara fjalla ekki að eins um skattahliðina, heldur einnig um ýmislegt annað, vegna sjerstöðu þeirrar, sem landið hefir nú fengið.

Jeg álít rjett að vísa málinu til fjárhagsnefndar, og mun hún þá í samráði við stjórnina, og þá helst hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.), koma fram með nýtt frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 2005) með 14. shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki. Var því aldrei fram haldið 1. umr., og varð frv.

ekki útrætt.

2. Útflutningsgjald af síld.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. s. frv. (A. 36).

Á 5. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Í þessu frv. er farið fram á, að skattur á síldartunnum hækki um kr. 2,50 pr. tunnu. Það er ekki auðhlaupið að því að áætla, hversu mikill tekjuauki yrði að þessu frv., því það færi alt eftir, hversu mikið yrði flutt út af síld, en það virðist ekki óvarlegt að gera ráð fyrir, að út yrðu fluttar á fjárhagstímabilinu hjer um bil 150000 tunnur, og yrði þá tekjuaukinn frá því, sem nú er, 375,000 kr. á ári.

Það verður sjálfsagt deilt um það, hvort rjett er að hækka svo mjög skattinn á þessum tekjustofni, en tvær ástæður eru þó, sem virðast mæla fast með þessari hækkun.

Fyrri ástæðan er sú, að þessi atvinnuvegur hefir verið mjög svo arðvænlegur og stórgróði orðið á honum; síðari sú, að helmingurinn af þessum tolli fellur rjettilega á útlendinga, sem sópa saman stórgróða við strendur landsins.

Jeg endurtek, að það væri heppilegast að hraða þessu máli sem mest, svo lögin geti sem fyrst öðlast gildi.

Jeg leyfi mjer að gera það að till. minni, að frv. verði vísað til fjárhagsnefndar, að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 2005) í e. hlj.

Á 8. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 36, n. 61).

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Fjárhagsnefndin hefir haft mál þetta til meðferðar, og leggur hún til, að frv. verði samþ. með breytingum þeim, sem eru á þgskj. 61.

Þess mun ekki þörf að fara mörgum orðum um nauðsyn þá, sem hjer er um að ræða, sem er sú, að afla landssjóði tekna.

Það er öllum kunnugt, að fjárhagur landsins er, því miður, alt annað en góður, en hins vegar er í mörg horn að líta.

Má meðal annars benda á, að nú liggja fyrir þinginu ýms frv., sem fara fram á stórkostlegan útgjaldaauka, svo sem launafrv. stjórnarinnar o. fl.

Nefndin hefir því, með tilliti til þessa, lagt það til, að tollurinn verði hækkaður úr 3 kr. upp í 4 kr.

Vona jeg því, að hv. deild, sjái nauðsyn þá, sem á er, svo að hvorki frv. nje brtt. nefndarinnar mæti mótstöðu.

Annars er málið svo ljóst, að ekki þarf frekari skýringa.

Pjetur Jónsson: Jeg vildi að eins vekja athygli hv. nefndar á því, að lög þessi eiga að öðlast gildi 1. jan. 1920. En það gæti orðið athugavert og valdið órjetti, þar sem ekki er víst, að allir hafi fyrir þann tíma komið síldinni út frá þessu ári. En nú er ekki ætlast til, að tollur þessi leggist á hana.

Jeg held því, að betra væri að láta

lögin ekki öðlast gildi fyr en 1. apríl eða 1. maí, enda væri það með öllu áhættulaust, því að síldveiði verður þá naumast byrjuð og alls ekki farið að senda neitt út frá því ári.

ATKVGR.

Brtt. 61, 1. samþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nefnakalli, og sögðu

já: S. S., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. B., M. G., M. P., Ó. B.

nei: S. St., St. St., Sv. Ó., B. Sv., B. J., B. K., B. St., E. A., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ.

Einn þm. (J. M.) fjarstaddur.

— 61, 2. samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 20 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. Þ., S. S., S. St., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. St., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. B., M. G., M. P., P. J., P. O., Ó. B.

nei: Sv. Ó., B. Sv., B. J., B. K., M. Ó.

Einn þm. (J. M.) fjarstaddur.

2.—4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Nd., föstudaginn 18. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 98, 101).

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Fjárhagsnefndin hefir leyft sjer á ný að koma fram með 2 ofurlitlar brtt. við þetta frv., sem nú liggur fyrir ,um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

Fyrri brtt. er í því fólgin, að færa aftur þann tíma til 1. apríl, sem ætlast er til að lögin gangi í gildi. Nefndin gerði hana út af ummælum hv. þm. S.-Þ. (P. J.), og jeg get bætt við, beinlínis af þægð við hann. Hins vegar leggur nefndin enga áherslu á þessa brtt. og lítur svo á, að þótt lögin gangi í gildi 1. jan., muni það ekki saka neitt, því að þá muni verða búið að flytja út alla þá síld, sem veiðist í sumar.

Síðari brtt. lýtur að því, að gefnu tilefni, að breyta fyrirsögn frv., og miðar að því að stytta hana; það þótti nefndinni og þykir yfirleitt betur fara, að fyrirsagnir laga sjeu sem stystar og glegstar, og að því miðar brtt.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að segja fleira. Nefndin leggur ekki neina áherslu á brtt., og er ekkert kappsmál um þær.

Matthías Ólafsson: Jeg vil ekki láta þetta frv. fara svo úr deildinni, að jeg geri ekki grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli. Jeg var einn þeirra, sem greiddu atkv. móti frv. við síðustu umr. og mun gera eins við þessa umr., og vil jeg gera grein fyrir, hvers vegna jeg geri það.

Það er ekki af því, að jeg sjái ekki, að tekjur vanti handa landssjóði. En mjer finst frv. þetta mjög óhyggilegt og óheppilegt. Ef toll á að leggja á útflutta síld, þá ætti að leggja á útflutning þessa árs. Nú þykjast menn hafa vissu fyrir því, að í ár muni verða sæmilegt eða jafnvel mjög hátt verð á síld. En enginn veit með vissu, hvort svo verður, er þessi lög koma til framkvæmda. Jeg tel það því einmitt mjög

misráðið að leggja ekki á framleiðsluna í ár. Það gæti vel svo farið næsta ár, að sá litli hagur, sem þá yrði af síldarsölu, færi allur í tollinn.

Jeg tala nú ekki um þá aðferð, að bera fram tvö frv. um aukinn toll á einum og sama atvinnuvegi. En það ætti ráðuneytið að vita, að síld er nú í mjög háu verði, en getur fallið þegar minst varir. Það hefir því rent alveg blint í sjóinn, er það ber fram þessar vanhugsuðu till. Það veit ekkert, hvað verður næsta ár. Það hefir stundum verið svo um síldarútveginn, að enginn gróði hefir af honum verið, og því ekki verið hægt að halda úti. En jeg býst við því, að tekjur landssjóðs mundu rýrna ekki lítið, ef síldarútvegurinn mishepnaðist. Ef frv. á að ganga fram, þá er það hyggilegt að bera fram brtt., svo að tollur þessi bætist ekki við krónutollinn á þessari framleiðslu.

Jeg veit ekki, hvernig ber að skilja það hjá hv. frsm. (S. S.), að honum liggur í ljettu rúmi, hvort brtt. nær fram að ganga, nema ef honum er sama, þótt bæði verði lagður 4 kr. og 1 kr. tollur á síldartunnuna. Og honum væri víst ósárt um það, eftir því, sem jeg þekki hann. En það hlýtur maðurinn að vita, enda þótt hann sje býsna ófróður í þessum málum, að ársframleiðslan flyst oft ekki út fyr en eftir nýár.

Fjármálaráðherra (S. E.): Að því er snertir brtt. hv. fjárhagsnefndar, þá get jeg fallist á þá fyrri, að lögin gangi í gildi 1. apríl 1920, í stað 1. janúar 1920, en af því leiðir, að breyta þarf ákvæðunum um, að lægri tollurinn falli burt 1. jan. í 1. apríl 1920.

Annars er óþarfi að fara langt út í málið, því það hefir verið þaulrætt á undanfarandi þingum. En því má ekki gleyma, að mikill hluti skattsins lendir rjettlátlega á erlendum mönnum. Jeg segi rjettlátlega, þar sem þeir ausa upp stórgróða hjer. Jeg treysti því, að frv. hafi áfram fylgi hv. deildar, enda færi þá líka fjárhag landsins að verða hætt, ef ætti nú að slátra þessu frv.

Matthías Ólafsson: Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) kvað tollinn lenda mest á útlendingum. Þetta leyfi jeg mjer að vjefengja, því nú er sagt, að þeir ætli sem mest að forðast að nota landhelgina, en salta úti í sjó, svo tollurinn lendir því aðallega á innlendum mönnum. Þennan toll á því að afnema, en hinu get jeg verið með, að leggja gróðaskatt á, þegar mönnum hepnast síldveiðin, svo þeir hafi eitthvað í aðra hönd. En að setja þennan skatt á alla síld er óhæfa, því það þarf enginn að segja mjer, að víst sje um hátt verð á síld í framtíðinni.

Fjármálaráðherra (S. E.): Mjer dettur ekki í hug að trúa því, að útlendingar hjer við land, sem síldveiði stunda í sumar, geri alvöru úr að salta síldina fyrir utan landhelgi, heldur er þetta bara hótun, sem aldrei verður framfylgt. Um það ber líka öllum saman, sem til þekkja nyrðra með síldarreksturinn.

Vissulega er jeg fús á að ganga inn á hærri skatt af síldargróða á þessu ári, því sannarlega veitir ríkissjóði ekki af fjenu. En ástæðan til þess, að stjórnin kom ekki með frv. í þá átt, var sú, að annað frv. er á döfinni, sem snertir síldarútveginn, nefnilega frv. um tunnutollinn

Það er að vísu satt, að mjög erfitt er að segja um verð á síld framvegis, en þó virðast horfurnar góðar, og menn ytra virðast meira en áður vera farnir

að sækjast eftir íslenskri síld. En ef hins vegar horfurnar yrðu slæmar, þá er vitanlega enginn slægur í því fyrir landsmenn að fást við síldveiðar, og tollurinn þá að sama skapi minni.

Það þarf ekki um það að deila, að allmikið af tollinum mun koma á þann stað, sem allir hljóta að telja rjettmætt, nefnil. á útlendinga, sem ekkert annað borga til ríkisþarfa. Það eitt ætti að vera næg hvöt fyrir Alþingi til að taka frv. vel. Enda efast jeg ekki um, að hv. Ed. taki því vel. (**M. Ó.:** Það leyfi jeg mjer að efast um). Jeg tel engan vafa á því.

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) ljet þess getið í fyrri ræðu sinni, að mjer mundi ekki sárt um það, þó að tollurinn fjelli á síld, veidda í sumar, jafnhliða tunnutollinum. Tilgáta hans er ekki fjarri sanni. Jeg gæti vel sætt mig við það, eftir því útliti, sem nú er á um verð á síld.

En svo skildist mjer á síðari ræðu hv. þm. (M. Ó.), að hann teldi það ekki fjarri sanni, að þessi tollhækkun legðist á þá síld, er veiðast kynni í sumar, þar sem gera mætti ráð fyrir góðri sölu á síldinni og háu verði. Jeg vil því gefa honum tækifæri til að koma með brtt. um þetta, með því að fara þess á leit við hæstv. forseta að taka málið af dagskrá. Annars er jeg sammála hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) um rjettmæti síldartollsins.

Viðvíkjandi 2. brtt. fjárhagsnefndar skal jeg taka það fram, að mjer finst eðlilegast, að lögin hjetu lög um útflutningsgjald af síld, og vildi því helst, að brtt. fengi fram að ganga. (**M. G.:** Það er best að taka hana aftur). Jeg heyri, að form. fjárhagsnefndar (M. G.) vill taka hana aftur, og skal jeg þá ekki vera á móti því. (**E. A.:** Jeg tek hana þá upp).

ATKVGR.

Brtt. 101, 1. samþ. með 15 shlj. atkv.
— 101, 2. samþ. með 18 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. P., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. K., B. St., E. A., E. Árna., G. Sv., Ó. B.

nei: M. G., B. J., E. J., H. K., J. J., J. M., J. B., Þór. J.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 : 3 atkv., og afgr. til Ed. með fyrirsögninni:

Frumvarp til laga um útflutningsgjald af síld.

Á 11. fundi í Ed., laugardaginn 19. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um útflutningsgjald af síld,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 110).

Á 12. fundi í Ed., mánudaginn 21. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Samkvæmt tillögu stjórnarinnar var lagt til, að lagt væri 3 kr. útflutningsgjald á hverja síldartunnu, en hv. Nd. hækkaði það um 1 kr. á hverja tunnu, upp í 4 kr.

Eftir áætlun stjórnarinnar átti tekjuauki af frv. þessu að verða 375 þúsund krónur, og var þá gert ráð fyrir, að 150 þús. tunnur öfluðust, en útflutningsgjaldið hefir áður verið 50 aurar af hverri tunnu.

Eftir breytingu þá, er hv. Nd. hefir gert á frv., ætti tekjuaukinn að verða um ½ miljón, og hefir stjórnin fallist á þessa breytingu.

Jeg veit, að mörgum kann að þykja gjaldið fullhátt, en hins er þó gætandi, að skattstofn þessi virðist vel til þess fallinn að bera há gjöld.

Íslendingar hafa stórgrætt á síldinni undanfarin ár, svo þá munar ekki svo mikið um að greiða skattinn, en hitt er þó meira um vert, og það er, að mikill hluti hans kemur r j e t t i l e g a niður á erlendum þjóðum, sem sópa saman fje hjer við strendur landsins.

Mál þetta hefir verið rætt svo oft hjer á Alþingi, að jeg finn ekki ástæðu til að lengja mál mitt, en leyfi mjer að stinga upp á því, að því verði vísað til fjárhagsnefndar.

Magnús Kristjánsson: Frv. þetta er eiginlega afturganga. — Jeg man ekki betur en mikið væri rætt um þessa hækkun á aukaþinginu 1916—1917, og koma hjer fram nákvæmlega samskonar ákvæði að anda til, sem þá voru í minni hluta, þótt orðalagið sje annað.

Þótt jeg taki þannig til orða, er jeg þó ekki algert á móti hækkun á þessum tekjulið.

En þetta þarf að athugast nokkru nánar.

Fyrst er þess að gæta, að slíkir tollar sem þessi geta ekki átt við, nema þegar alveg sjerstaklega stendur á. — Svo er varið með þessa atvinnugrein, að annað árið er hagur, en hitt ef til vill stóróhagur, og fer slíkt ekki eftir neinum föstum reglum, sem hægt er að gera sjer í hugarlund fyrirfram, og því er nokkuð út í loftið að leggja háan toll á framleiðslu komandi ára.

Hitt væri nær lagi, að hafa vakandi auga á þessa árs framleiðslu, og ef til vill hækka lítils háttar útflutningsgjaldið á henni, ef vel gengur. En það er þó erfitt, því óvíst er enn bæði um afla og eins verðið. En þegar lengra líður á þingið, gæti svo farið, að hægt væri að sjá, hverju fram vindur, og ætti því ekki að hrapa að þessu máli.

Jafnframt því, að jeg, af sjerstökum ástæðum, kynni að geta fallist á nokkra útflutningsgjaldshækkun á þessa árs framleiðslu, er jeg eindregið mótfallinn hinu gífurlega háa framtíðarútflutningsgjaldi af síld, sem fjárhagsnefnd Nd. vill lögleiða og stjórnin virðist hafa fallist á. Það getur varla skoðast öðruvísi en banatilræði við hinar smærri útgerðir, sem flestar eru ungar, efnalitlar, stórskuldugar og hafa auk þess margar beðið stórtjón hin síðustu árin, vegna aflaleysis og margvíslegrar erfiðrar aðstöðu.

Þessi atvinnurekstur er nú í sárfárra stóreignamanna höndum; þeir geta keypt afla hinna smærri útgerða, sem ekki hafa efni á að liggja með tunnur og salt og annað, sem útgerðin þarfnast, og geta þannig orðið aðnjótandi alls verslunarhagnaðarins, jafnvel þótt hinir eiginlegu framleiðendur verði fyrir tjóni af útgerðinni. Hinum efnaminni mönnum er gert erfitt fyrir, og jafnvel bægt frá samkepni við stóreignamennina með tunnutolli o. s. frv. Jeg geri ráð fyrir, að ef mjög hátt útfl.gjald verður lagt á síldina í framtíðinni, geti komið til mála að endurgreiða innlendum framleiðendum nokkurn hluta þess, en býst þó við, að sú stefna, þótt rjett sje, eigi fremur erfitt uppdráttar.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg bjóst

við, að fremur mundi anda kalt frá hv. þm. Ak. (M. K.) á móti frv., enda kendi og nokkurs kuls þaðan. Jeg tók það fram, að hjer væri ekki nýtt mál á ferðinni, og þurfti hv. þm. (M. K.) því ekki að tala um afbrýningu. Hitt atriðið, hvort rjett sje að leggja toll á þessa árs framleiðslu, getur verið álitamál. Enginn veit, hvernig síldveiðin gengur í ár. Það getur orðið gott ár, en getur líka orðið slæmt. Það eina, sem menn vita, er það, að útlit er fyrir, að hátt verð verði á síldinni í ár.

Stjórnin hefir lagt annað frv. fyrir þingið, sem fer fram á, að síldartollurinn verði hækkaður um helming, úr 50 aurum upp í 1 krónu. Og jeg tek það fram, enn sem fyr, að ef Alþingi vill ganga inn á hærri toll á þessu ári, mun stjórnin taka vel í það, og ekkert verða athugað við það frá hennar hendi.

Það er rjett, sem hv. þm. Ak. (M. K.) sagði, að það er erfitt að segja um það, hvernig síldveiðin gengur í ár, en sama gildir um hvaða ár sem er; það er aldrei hægt að segja um, hvernig hún gengur, fyr en að síldartímanum loknum. En horfurnar eru til þess, að síldarverð verði hátt bæði í ár og næstu ár; eftirspurn verður meiri og meiri eftir íslenskri síld, og ef gengið er út frá því, að verðið verði hátt í framtíðinni, er ekki svo mjög athugavert, þótt tollurinn sje lagður á.

Það er einmitt gott fyrir síldveiðimenn að vita skattana fyrirfram, því að þá geta þeir strax reiknað með þeim, þegar þeir áætla útgerðarkostnaðinn. Frá því sjónarmiði er ekki athugavert, heldur hreint og beint sjálfsagt, að leggja skattinn á fyrirfram.

Jeg sje ekki, að í raun og veru sje nein hætta á því, að útlendingar hætti síldveiði hjer við land, og það getur verið spurning um, hvort nokkurt óhapp væri í því, þótt þeir gerðu það; jeg tel sjálfsagt, að þeir mundu halda áfram veiðum jafnt fyrir tollinn, en mjer virðist, að það gjald, sem á þá kemur, komi rjettilega niður. En jeg get ekki verið því fylgjandi, að leggja mismunandi skatt á útlendinga og Íslendinga; tel mjög vafasamt, hvort sú „pólitik" væri hyggileg.

Hitt er annað mál, að ef við fáum svo miklar tekjur, að landssjóðurinn beri sig verulega vel, er ekki nema sjálfsagt að styrkja sjávarútveginn, sem gefur mestar tekjurnar.

Þetta eru aðaltekjugreinarnar, og öllum er ljóst, að tekjuþörfin er brýn. Jeg vona því, að Alþingi taki vel í málið og lofi frv. að ganga fram. Jeg er sannfærður um, að þessar tekjur koma svo vel niður, að ekki þurfi að bera kvíðboga fyrir, að þær mælist illa fyrir.

Magnús Kristjánsson: Jeg veit ekki, hvaðan kaldi gusturinn, sem hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) varð var við, er kominn, en hann stafar ekki frá mjer, því að jeg þóttist taka fullliðlega í málaleitun hans. Jeg vildi ekki spilla málinu, heldur koma því í sem best horf, svo þetta hlýtur að vera tómur misskilningur hjá hæstv. fjármálaráðherra (S. E.).

Jeg held því fram, enn sem fyr, að aðferðin sje ekki rjett. Annaðhvort verður endurgreiðsla á tollinum að eiga sjer stað, þegar illa gengur, eða útflutningsgjaldið verður að ákveðast árlega á hverju þingi, þegar menn sjá, hvernig aflabrögðin eru, en það er algerlega rangt að fastákveða tollinn, 4 krónur á tunnu, fyrir næstu ár, því að þá gæti svo farið, að enginn sæi sjer fært að gera út. En þar sem gert er ráð fyrir,

að þing verði haldið á hverju ári, virðist vera hægt um hönd að ákveða tollinn fyrir hvert ár í senn. Og útvegsmenn munu bera það traust til þingsins, að það muni sníða þeim stakk eftir vexti, svo engin hætta er á, að þeir drægju úr útgerðinni af ótta við of þungar kvaðir.

Þar sem hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) vildi, að málinu væri sem mest hraðað, þá er jeg algerlega mótfallinn því og tel ekki rjett að fara sjer óðslega í þessu máli. Mjer virðist ekkert liggja á að samþykkja frv. fyr en líður fram á þingtímann.

Fjármálaráðherra (S. E.): Eins og jeg tók fram áður, er annað frv. á ferðinni um skatt á síld í ár, og það er alveg eins hægt að leggja hærri toll á síldina í sumar, þótt þetta frv. gangi fram. Sú ástæða hv. þm. Ak. (M. K.), til þess að tefja fyrir málinu, er því órjettmæt og ógild.

Það er engin ástæða til að fresta frv., því horfurnar fyrir næsta ár eru jafnóvissar í þinglok eins og nú. En fyrir stjórnina er það nauðsynlegt að vita, hvort frv. á að lifa eða deyja, því verði það drepið, verður stjórnin að sjá fyrir nýjum tekjustofni.

Magnús Torfason: Jeg hefði óskað þess, að hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) hefði sparað sjer það, sem hann sagði síðast, því með því gerði hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) sitt til þess að eyðileggja tekjuauka landssjóðs. (**Fjármálaráðh.:** Hvaða tekjur?). Landafurðatekjuliðinn, og jeg held, að mjer hafi ekki misheyrt, að hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) hafi lagt á móti honum. (**Fjármálaráðh.:** Alger misheyrn). Jeg þóttist leggja eyrun við, og jeg ætlaði ekki að gleyma því og kröfum þessa frv.

Það má ekki hafa þetta útflutningsgjald með öðru útflutningsgjaldi, heldur verður að hafa sjerstök lög um það. Og jeg skil það vel, því þetta gjald er lagt á einstök hjeruð, þvert á móti þeirri stefnu, sem gildir um allan hinn mentaða heim, um gjöld af afurðum landsins. Gjald þetta hefir yfirleitt komið niður sem verslunargjald. Með lagafrv. stjórnarinnar á að sýna síldinni þann heiður, að henni er offrað sjerstökum lögum, og með þeim er henni gefin sú sjerstaða, að þótt breyting verði gerð á útflutningsgjaldslögunum, yrði engin breyting á þessum lögum því samfara, og hins vegar.

Við verðum að krefjast þess, að síldin sje undir sömu lögum og aðrar afurðir landsins..

Jeg tók eftir því, að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) kvartaði undan því, að menn hefðu grætt á síldinni, en jeg skil það atriði á aðra lund. Að menn græði tel jeg ekki í sjálfu sjer böl, og síst fyrir þennan atvinnuveg, þegar jafnmiklu á að demba á hann af sköttum eins og ráð er fyrir gert. Og að minsta kosti getur það ekki talist böl fyrir hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), sem er að stritast við að fylla landssjóðshítina.

En jeg vil benda á, að öllum má ofgera, og að það má sliga klárinn. Það verður að athuga, að talsverðar álögur eru komnar á síldina, þó að álögurnar, sem þetta frv. fer fram á, bætist ekki ofan á. Tekjuskatturinn legst sjerstaklega á þennan atvinnuveg, ef gróði er verulegur. Útflutningsgjaldið á að hækka. Svo er stimpilgjaldið, sem er verðtollur. Landsverslunin hefir ein-

okun á kolum, sem þessi atvinnuvegur þarf mikið af, og er það ekki óverulegur skattur. Nd. hefir til meðferðar frv. um skatt á salti, sem mjög kemur niður á þessum útveg, og loks er 5 kr. innflutningstollurinn á tunnum. Þar fjekk landssjóður ríflegar tekjur fyrirfram. Jeg sje ekki eftir því, en hefi viljað benda á, að síldin mjólkar landssjóði drjúgan skerf. Mjer virðist því ekki hægt að hafa á móti því, þótt nú sje um stund látið staðar numið og beðið með að hækka gjöldin, og þetta skilst mjer að fleirum finnist, þar sem þessi lög eiga ekki að ganga í gildi fyr en 1. apríl 1920. Jeg skil því ekki, hvað liggur á. Jeg er hv. þm. Ak. (M. K.) alveg samdóma, og mjer finst síst anda köldu frá honum móti frv., þótt hann reyni að koma vitinu fyrir menn og haga öllu á skynsamlegan hátt. Það er alt annað mál, þar sem athugasemdir hans koma nú við 1. umr., heldur en ef þær hefðu beðið þangað til við 3. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg get verið stuttorður, en ræða hv. þm. Ísaf. (M. T.) gefur mjer tækifæri til að segja nokkur orð. Hv. þm. (M. T.) sagði, að jeg hefði verið andvígur brtt. um að leggja skatt á landbúnaðarafurðir. Hv. þm. (M. T.) hefir ekki fylgst með, því að jeg lýsti því skýrt og skorinort yfir, að jeg mundi ekki leggja stein í götu brtt. Fyrir núverandi stjórn hefir það vakað, að halda jafnvæginu milli þessara atvinnuvega með samsvarandi sköttum á afurðir beggja; t. d. er komin fram till. um að hækka ábúðarskattinn. Ef komið er nálægt síldinni, er eins og komið sje við hjartað í háttv. þm. Ísaf. (M. T.), en hann er ekki eins viðkvæmur, þótt hreyft sje við landbúnaðinum.

Mjer er stór ánægja að því, að menn græði á síld, og vildi óska, að menn græddu sem mest, en jafnframt hafa augu mín opnast fyrir því, að þeir, sem græða, þola að greiða skatta. Hv. þm. Ísaf. (M. T.) þótti skrítið að leggja skatt á tap manna, en talaði í sömu andránni um skatt á síld, hverjir skattar kæmu niður á henni, og þá mest um tekjuskatt, en einmitt sá skattur sýnir ágóða, og samrýmist því illa hinum eilífa barlóm um tapið. — Jeg sje ekki ástæðu til að þreyta lengri umr. um málið.

Stjórnin á ekki sök á, að titill þessa frv. er orðinn sá, sem hann nú er.

Hv. Nd., átti þessa breytingu.

Magnús Torfason: Vil að eins slá því föstu, að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) þykist vera að leita jafnvægis í skattamálum landsins.

Stend fast við það, að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) fór þeim orðum í hv. Nd., að hann óskaði þess, að ekkert yrði gert, er gæti orðið þess valdandi, að frv. stjórnarinnar næði ekki fram að ganga. Jeg tók vel eftir þessu, og varð hlessa á. Það var óþarft fyrir hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) að lýsa yfir þessu; hann átti víst, að brtt. yrðu drepnar.

Jeg hefi ekki kvartað undan tekjuskattinum; tel hann rjettlátan skatt. En hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) verður að gæta þess, að hjeruðin þurfa líka að lifa. Auðnum, sem síldin færir einstökum mönnum, fylgja talsverð þyngsli fyrir hjeruðin. Því ætti ríkissjóður ekki að tæma gjaldþol þessara manna. Jeg vil nefna það til dæmis, að 1916 fóru tekjurnar af síldarútgerðinni á Ísafirði í landssjóð, en þyngslin, sem hún hafði í för með sjer, komu niður á bæjarfjelaginu.

Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) vildi kenna Nd. um titil frv., og skal jeg játa, að fleiri eru syndugir en hann. En jeg vil skjóta því fram, að skrifstofusjóri hans er formaður fjárhagsnefndar Nd., og dettur mjer ekki í hug, að hann hafi breytt fyrirsögn frv. án þess að ráðfæra sig um það við hann. (**Fjármálaráðh.**: Sem formaður fjárhagsnefndar Nd. er hann ekki undirmaður minn).

Magnús Kristjánsson: Jeg sting upp á því, að málinu verði vísað til sjávarútvegsnefndar.

Forseti: Málið var í fjárhagsnefnd í Nd., og verður því að fara til sömu nefndar hjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1999) með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki (sbr. A. 274). Var málið því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

3. Brunabótafjelag Íslands. [Vátryggingar landsstjórnarinnar].

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 54, 3. nóv. 1915, um stofnun brunabótafjelags Íslands (A. 12).

Á 4. fundi í Ed., þriðjudaginn 8. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Frumv. er borið fram til að hlynna að brunabótafjelagi Íslands. Ríkissjóður er fulltrygður, þótt frv. nái fram að ganga, og á ekki meira á hættu en áður. Legg jeg svo til, að frv. verði vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2004) með 8 shlj. atkv., en till. um að vísa því til landbúnaðarnefndar hlaut ekki nema 3 atkv.

Nefndarálit kom ekki (sbr. A. 81). Var frv. því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

4. Heilbrigðisráð.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heilbrigðisráð m. m. (A. 34).

Á 4. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get látið mjer nægja, að því er til þessa frv. kemur, að vísa til athugasemdanna við það, og þá sjerstaklega brjefs landlæknis og læknadeildar háskólans um þetta mál. Hygg jeg, að þar sjeu gefnar nægilegar ástæður fyrir því, að rjett sje að breyta þannig til um heilbrigðis-

stjórn landsins, sem hjer er farið fram á í frv. Það er ekki ætlast til, að þetta kosti landssjóð neitt gífurlega mikið, en mjög líklegt, að framkvæmdarstjóra heilbrigðismálanna verði að því mikill styrkur, að hafa sjer til aðstoðar 2 menn, sem læknadeild háskólans kýs.

Það, sem ætti að mæla með þessu, er, að líklega yrði borið meira traust til stjórnar heilbrigðismálanna en þegar einn maður hefir allan veg og vanda, því að það er oft svo um ráðstafanir í heilbrigðismálum, að mjög er um þær deilt. Er það því rjettara, að þar vinni að þrír menn en einn.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv., en er í nokkrum efa um, hvaða nefnd eigi um það að fjalla. Býst jeg þó við, að það sje rjettast, að formi til, að vísa því til allsherjarnefndar, en hins vegar virðist það ekki óheppilegt, og mætti vel til sanns vegar færa, að það væri látið fara í launamálanefndina, því að þar á sæti eini læknirinn í þessari deild.

Magnús Pjetursson: Það er aðallega út af uppástungu hæstv. forsætisráðh. (J. M.) um nefndina, sem jeg stend upp. Jeg sje ekki ástæðu til að vísa málinu til launamálanefndar, þó að jeg eigi þar sæti. Jeg myndi að sjálfsögðu gefa þeirri nefnd, er um málið fjallaði, allar upplýsingar, þótt jeg væri utan hennar. Fyrst hjer er ekki um neina sjerstaka heilbrigðismálanefnd að ræða, þá er einsætt, að málinu sje vísað til allsherjarnefndar.

Jeg skal strax geta þess, að læknaþingið hafði málið til meðferðar og lagði á móti því, að frv. yrði samþ. — Skal jeg útvega væntanlegri nefnd allar till. læknaþingsins og rök í þessu máli og skýra fyrir henni afstöðu þess til málsins.

Það er þess vegna mín till., að frv. sje vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2011) með 14 : 1 atkv.

Nefndarálit kom ekki. Var frv. því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

5. Hækkun ábúðarskatts.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum 14. des. 1877, um skatt af ábúð og afnotum jarða og af lausafje (A. 35).

Á 5. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Í raun og veru hefði stjórninni verið nær skapi að koma með frv. um hækkun á fasteignaskattinum, í stað þessa frv. En þar eð ekki er hægt að byggja slíkt frv. á fasteignamati því, sem nú stendur yfir, þar eð sýnilegt er, að það þarf að endurskoðast, þótti það ekki tiltækilegt, og því er þetta frv. fram komið.

Jeg leyfi mjer að gera það að till. minni, að frv. þessu verði, að lokinni umr., vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 2005) í e. hlj.

Nefndarálit kom ekki. Var frv. því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

6. Breyting á Íslandsbankalögum.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi (A. 11).

Á 3. fundi í Nd., mánudaginn 7. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 2005) með 14 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 14. ágúst, var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 11, n. 286 og 331).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi , Nd., laugardaginn 16. ágúst, var aftur fram haldið 1. umr. um frv.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. ágúst, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Úr því að frv. um seðlaútgáfurjett Landsbankans er fallið, hlýtur þetta frv. líka að vera úr sögunni, sökum sambands þessara frv. innbyrðis, og vil jeg því leggja til, að frv. verði tekið af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

7. Stofnun og slit hjúskapar.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um stofnun og slit hjúskapar (A. 6).

Á 3. fundi í Ed., mánudaginn 7. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Þetta frv., og tvö önnur, eru fram borin samkvæmt ósk frá Alþingi. Alþingi 1917 skoraði á stjórnina „að undirbúa og leggja fyrir Alþingi, svo fljótt sem unt er, frv. til laga um endurbætur á gildandi löggjöf um stofnun og slit hjúskapar og afstöðu foreldra til barna.“ Mörg undanfarandi ár hefir verið unnið að þessari

löggjöf á Norðurlöndum, og verið sett svipuð lög og lagafrv. fram borin um þessi efni í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Frv. þau, sem stjórnin nú ber fram, eru samin í lögfræðisdeild háskólans, þannig, að prófessor Lárus H. Bjarnason hefir haft aðalstarfið, en hinir lagakennararnir verið með í verki; eru þau sniðin í öllum aðalatriðum eftir samskonar löggjöf á Norðurlöndum. Annars læt jeg nægja að vísa til athugasemda próf. Lárusar H. Bjarnasonar við frv., sem eru mjög ítarlegar. Jeg geri ekki ráð fyrir, að neitt sjerstakt atriði frv. verði deiluefni. Eitt atriði hefir að vísu valdið miklum deilum erlendis, sem sje það, hvort borgaralegt hjónaband eigi að vera lögskipað, hvort heldur kirkjuleg vígsla færi á eftir eða ekki. Í frv. er ætlast til, að menn geti valið á milli kirkjulegs og borgaralegs hjónabands. Jeg býst ekki við, að þetta ákvæði mæti hjer neinum mótmælum. Þetta hefir nú um nokkurn tíma verið regla hjer á landi, þótt þeir, sem teljast til þjóðkirkjunnar, hafi að vísu orðið að fara nokkrar krókaleiðir til að fá borgaralegt hjónaband.

Stjórnin hefir lagt frv. fyrir Alþingi eins og það barst frá háskólanum, enda hefir stjórnin fallist á það að mestöllu leyti. Skal jeg svo ekki orðlengja þetta frekar. Jeg geri ráð fyrir, að frv. verði, að umr. lokinni, vísað til hv. allsherjarnefndar, og mun jeg láta nefndinni í tje allar þær upplýsingar, er hún kynni að æskja eftir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2004) með 10 shlj. atkv.

Áliti allsherjarnefndar um frv. (A. 983) var útbýtt á 66. fundi í Ed., föstudaginn 26. sept., starfslokadegi deildarinnar. Málið var því ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

8. Óskilgetin börn.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna (A. 24).

Á 3. fundi í Ed., mánudaginn 7. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg gat þess við umr. um frv. um stofnun og slit hjúskapar, hvernig þetta frv. er til komið. Jeg sje ekki ástæðu til að ræða frv. nánar að svo komnu, og læt nægja með að vísa til athugasemdanna við það. Jeg skal raunar geta þess, þótt vikið sje að því athugas., að í frv. er gengið nokkru lengra en venja er til í því, að veita óskilgetnum börnum erfðarjett. Þó vildi stjórnin ekki fara eins langt og lagadeild háskólans; ekki lengra en það, að veita óskilgetnum börnum erfðarjett eftir föður sinn, ef hann hefir gengist við barninu. Þennan sama rjett veita Svíar svo kölluðum trúlofanabörnum. Mikið af efni frv. hefir þegar verið lögtekið hjer. Yfirleitt er það álit mitt, að frv. sje mjög svo í samræmi við kröfur tímanna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj.

atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2004) með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki (sbr. A. 983). Málið var því ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

9. Skilgetin börn.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um afstöðu foreldra til skilgetinna barna (A. 31).

Á 4. fundi í Ed., þriðjudaginn 8. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg læt nægja að skírskota til þess, sem jeg sagði við 1. umr. frv. til laga um stofnun og slit hjúskapar, viðvíkjandi tilorðningu þessa frv. Jeg legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2004) með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki (sbr. A. 983). Málið var því ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

10. Einkaleyfi.

Á 1. fundi í Sþ., þriðjudaginn 1. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um einkaleyfi (A. 15).

Á 4. fundi í Ed., þriðjudaginn 8. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Hjer á landi eru engin lög til um einkaleyfi. Hingað til hafa einkaleyfisbeiðnir verið afgreiddar af Alþingi. En nú, þegar verkleg menning og áhugi fyrir henni fer vaxandi í landinu, vex að sama skapi þörfin á, að hægt sje að fá einkaleyfi án mikillar tafar eða örðugleika. Frv. það, sem hjer er flutt, gengur í þá átt, að hvetja hugvitsmenn til að leita þess hagnaðar og heiðurs, sem þeim ber að rjettu. Frv. er sniðið eftir samskonar lögum á Norðurlöndum. Jeg legg til, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2004) með 12 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 15, n. 242).

Frsm. (Magnús Torfason): Jeg get að mestu látið mjer nægja að vísa til athugasemdanna við frv., og það því fremur, sem málið á þessu frv. er yfirleitt betra en á öðrum nýmælafrv. stjórnarinnar.

Nefndin leggur til að gera allmargar brtt. á frv., en flestar eru þær að

eins orðabreytingar, sumar lútandi að því að færa orðalagið til betra máls, sumar til þess að gera það skýrara.

Efnisbreytingar eru fáar.

Um brtt. 2, b. skal jeg geta þess, að nefndin leit svo á, að óþarft væri að setja það ákvæði, er þar greinir, með því að samkvæmt frv. sjálfu er ekki ætlast til þess, að sjerfræðingur fjalli um einkaleyfi.

Um. 13. brtt. er það að segja, að nefndin leit svo á, að koma þyrfti skýrt fram, að fangelsi lægi að eins við ítrekuðu broti, og að viðkunnanlegra væri, að það sæist, að sektirnar rynnu í ríkissjóð.

16. brtt. er af því sprottin, að eftir frv. sýnist fyrirkomulagið taka til einkaleyfanna sjálfra, en á að eins við einkaleyfisbrjefin.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg hefi athugað brtt. háttv. nefndar og get lýst yfir því, að jeg er þeim ekki mótfallinn; eru þær ýmist til bóta eða þannig lagaðar, að þær skemma ekki.

Kristinn Daníelsson: Út af brtt. nefndarinnar við 3. málsgr. 3. gr. vil jeg skjóta því til hv. frsm. (M. T.), hvort ekki myndi nægja að fella niður síðustu orð málsgreinarinnar, sem sje orðin „meðan hann er í ríkisþjónustu og í 3 ár eftir það, er hann ljet af henni."

Frsm. (Magnús Torfason): Nefndinni er ekkert kappsmál um það að fella burt 3. málsgr. 3. gr., en henni þótti skrítið, að gert væri ráð fyrir þessu í lögunum, þar sem enginn sjerfræðingur fjallar um þessi mál; virðist oss þar með vera gert ráð fyrir stofnun, sem alls ekki er til.

ATKVGR.

Brtt. 242, 1. a. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 242, 1. b. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 242, 1. c. samþ. án atkvgr.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 242, 2. a. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 242, 2. b. samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
— 242, 3. a.—b. samþ. án atkvgr.
4. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 242, 4. a. samþ. án atkvgr.
— 242, 4. b. samþ. með 10 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 242, 5. a. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 242, 5. b. samþ. með 10 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 242. 6. samþ. án atkvgr.
10. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
— 242. 7. a.—b. samþ. án atkvgr.
11. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
— 242, 8. a.—b. samþ. án atkvgr.
12. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
— 242, 9. samþ. án atkvgr.
13. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
— 242, 10. samþ. án atkvgr.
14. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
15.—16. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
— 242, 11. samþ. án atkvgr.

17. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 242, 12. samþ. með 10 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 242, 13. samþ. með 10 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
— 242, 14. samþ. án atkvgr.
21. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
22. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 242, 15. a. samþ. með 9 shlj. atkv.
— 242, 15. b.—c. samþ. án atkvgr.
23. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
— 242, 16. samþ. án atkvgr.
24. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
25. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., laugardaginn 10. ágúst, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 290).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 30. fundi í Nd., mánudaginn 11. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um einkaleyfi,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 325).

Á 34. fundi í Nd., miðvikudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 14. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 15. ágúst, var frv. enn tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 16. ágúst, var frv. enn tekið til 1. u m r.

Björn Kristjánsson: Það þarf tæpast að lýsa því, að hjer á landi eru til hæfileikar til að gera uppgötvanir, og þeir mundu koma í ljós, ef eitthvað væri að þeim hlynt. En það hefir aldrei verið gert. Meiningin með einkaleyfislöggjöf er að verðlauna nýjar uppgötvanir og hvetja menn til starfa.

Í stærri löndunum eiga menn hægra með að gera uppgötvanir en í þeim minni, þó að hæfileikarnir sjeu jafnir. Menn eiga þar kost á meiri fræðslu, geta betur fylgst með síðustu uppgötvunum og fært sjer þær í nyt, og menn geta fyr komið uppgötvunum sínum á markaðinn, geta fyr notið þeirra og fengið vinnu sína og hæfileika borgaða. Í þessum löndum geta menn frekar haft gagn af stuttum einkaleyfistíma en í hinum. Aðstaðan er í alla staði gerólík. Hjer verður að veita meira svigrúm til þess að menn geti haft not af þessum uppgötvunum sínum. Það má segja, að nú sjeu allar bjargir bannaðar þessum mönnum, nema að rýmkað sje um. Það

er meira að segja svo, að menn verða að fara til útlanda til að smíða sýnishornið af uppfundningu sinni, og eru það ekki lítil óþægindi, því ferðin er dýr, mennirnir oftast ókunnugir, og kostar fje og fyrirhöfn að koma sjer á framfæri. Þó einhver sje hjer hagur, þá er hann útilokaður frá því, sem hverjum uppgötvara er nauðsynlegt, og það er að læra að teikna. Hann verður að láta smíða sýnishornið fyrir sig af þessum ástæðum.

Þegar á alt þetta er litið, virðist það augljóst, að 5 ára einkaleyfi er of stuttur tími. Að vísu er það tekið fram í frv., að leyfið megi framlengja um tvisvar 5 ár, og verður það þá alls 15 ár. En það er alveg á valdi stjórnarráðsins, hvort það verður gert.

Í öðrum löndum er leyfið látið ná til óslitinna 15 ára og veitt skilyrðislaust.

Þegar menn sjá þá örðugleika, sem íslenskir uppgötvunarmenn eiga við að búa, verður augljóst, að einkaleyfisgjöld þau, sem ákveðin eru í frv., eru alt of há. Í Danmörku er borgað fyrir einkaleyfi í 15 ár 675 kr. En eftir þessu frv. ætti sá, sem kaupir einkaleyfi hjer, að borga með stimpilgjaldi 1100 kr. fyrir jafnlangt tímabil. Nú er þess að gæta, að þessi einkaleyfisgjöld ber að sjálfsögðu að miða við, hversu mikinn arð uppgötvunin getur gefið í aðra hönd af viðskiftunum innanlands. Og hjer á landi er markaðurinn mjög lítill, þar sem íbúar landsins eru að eins 90 þúsundir. En í Danmörku eru þeir 3 miljónir. Það má því búast við, að uppgötvunin, ef hún snertir Ísland sjerstaklega, gefi af sjer jafnmikið minni arð hlutfallslega, eins og fólkið er færra hjer en í Danmörku. Annað mál er, ef uppgötvunin er þess kyns, að hún nær til fleiri landa; þá eykst auðvitað markaðurinn. En þá verður sá, sem í hlut á, einnig að greiða einkaleyfisgjöld þar. En nú er þetta ekki verstur galli þessa frv. Heldur er aðalgallinn sá, hvernig uppgötvarinn á að geta fengið einkaleyfið. Af öllu því, sem að frv. má finna, álít jeg að þetta sje það versta. Þar er svo ákveðið, að uppgötvarinn getur ekki fengið leyfið, nema því að eins, að hann hafi í höndum sönnun frá útlendri „Patentkommission", eða einkaleyfisnefnd, fyrir því, að uppgötvunin sje einkaleyfisfær. Þetta gæti má ske verið mögulegt, en þar er sá hængur á, að útlendar „Patentkommissionir" eru ekki skyldar að láta slíkt álit í tje, nema umsækjandi sæki um einkaleyfi þar. Þannig verður þá sá, sem ætlar að fá einkaleyfi á einhverju, sem t. d. að eins hefir gildi fyrir Ísland, fyrst að fá einkaleyfi á því í öðru landi. Af þessu mundi leiða mikill aukakostnaður, og óvissa um það, hvort uppgötvunin væri talin einkaleyfishæf í útlöndum.

Jeg vil leyfa mjer að benda þeirri nefnd á þetta, sem á að fjalla um málið. Því þessi lög, þannig úr garði gerð, veita engum innlendum manni meiri rjett til að nota einkaleyfi hjer en áður hefir verið. Og ef sett eru lög um þetta á annað borð, er ilt, að þau skuli ekki koma að neinum notum. Jeg vil því stinga upp á, að leyfistíminn sje 15 ár óslitin. Og leyfisgjaldið sje fært niður. Og enn fremur að hjer sje sett á stofn einkaleyfisnefnd (Patentkommission). Það mun að vísu rjett athugað hjá hæstv. stjórn, að nokkuð muni erfitt að setja slíka einkaleyfisnefnd, sökum þess að hún geti ekki fylgst nægilega vel með og vitað um, hvort ekki hafi verið

veitt einkaleyfi á samskonar uppfundningu áður. En slíkar nefndir í öðrum löndum verða að halda ýms rit sjer til stuðnings, þar sem tilkynt er um allar nýjar uppgötvanir. Og jeg er sannfærður um, að t. d. Iðnaðarmannafjelagið hjer og verkfræðingafjelagið mundi geta bent á menn, sem hæfir væru í slíka nefnd. T. d. 3 menn. Svo framarlega sem ekki verður sett hjer slík „Patentkommission", sem menn hjer gætu snúið sjer til, þá er þetta frv. algerlega gagnslaust fyrir okkur Íslendinga. Aftur á móti opnar það á gátt allar leiðir fyrir útlendingum. Því þeir geta altaf lagt fram sín útlendu einkaleyfisbrjef á einhverju, sem þeir vildu fá einkaleyfi á hjer. Jeg vil skjóta þessu til væntanlegrar nefndar, og benda henni á, að jeg álít frv. ótækt án þessarna.

Þessar krókaleiðir, sem ætlast er til að umsækjandi verði að fara, eru með öllu ófærar.

Jeg sje að svo komnu ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar. Þó vil jeg að eins drepa á eitt enn. Hæstv. stjórn virðist bera kvíðboga fyrir því, að hjerlendir dómstólar geti ekki dæmt slík mál, sem þessi. Þessi ótti held jeg að sje alveg ástæðulaus. Þess er að gæta, að dómstólarnir munu ekki dæma eftir öðru en skjölum þeim, sem fyrir liggja um málið. Það verður því sök aðilja sjálfs, ef hann ekki leggur fram þau gögn í málinu, sem nægja. Að lokum vænti jeg þess, að samkvæmt þessum bendingum sjái nefndin sjer fært að bæta einkaleyfisnefndinni inn í frv. og ákvæði um, hvaða störf hún eigi að rækja.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2011) með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Málið var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

B. Þingmannafrumvörp.

1. Ritsíma- og talsímakerfi [Silfrastaðasími].

Á 7. fundi í Nd., mánudaginn 14. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 83, 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands (A. 66).

Á 8. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Guðmundsson): Jeg flyt frv. þetta eftir einróma beiðni þingmálafunda í Skagafirði og sömuleiðis eftir ósk sýslunefndar. Á aðalfundi sínum þetta ár samþykti nefndin að beitast fyrir þessu máli. Ástæðurnar fyrir frv. eru þær, að svo má heita, að mestalt Skagafjarðarhjerað sje símalaust, eða fjórir stórir hreppar, sem eru Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur og Akrahreppur. Ef þeir, sem búa inni í Skagafirðinum, þurfa að nota síma, verða þeir að fara út á Sauðárkrók, en því una íbúarnir, sem von er, illa, enda leiðir af sjálfu sjer, að svo stórt og ágætt hjerað, sem framhluti Skagafjarðar er, getur ekki verið símalaust.

Álits landssímastjóra hefir verið leitað um þetta mál, og eins og sjest af brjefi því, sem prentað er með greinargerð frv., þá er hann því mjög hlyntur. Hans álit er það, að aðallínan um Skagafjörð eigi að liggja fram fjörðinn að vestan um Viðimýri og Silfrastaði og yfir Öxnadalsheiði, sökum þess, að símalínan, eins og hún nú er, sje alt of kostnaðarsöm, þar eð símslit sjeu þar mjög tíð. Það virðist því ekki vera nema rjettmætt, að landssjóður kostaði þessa línu að öllu leyti, en þó býst jeg við, að tillag mundi fást úr hjeraðinu, því sýslubúum er þetta mikið áhugamál. Ríkissjóði ætti því að vera gróði að því, að taka vel í þetta frv.

Jeg legg það til, að málinu verði vísað til samgöngumálanefndar að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. og til samgöngumálanefndar (sjá A. bls. 2008), hvorttveggja með öllum gr. atkv.

Áliti samgöngumálanefndar um málið (A. 365) var útbýtt á 36. fundi í Nd., föstudaginn 15. ágúst, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

2. Ritsíma- og talsímakerfi [Vallanessími].

Á 7. fundi í Nd., mánudaginn 14. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 83. 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands (A. 67).

Á 8. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Jónsson): Þetta frv. er fram komið af því, að á Upphjeraði er vaknaður almennur áhugi fyrir því að fá þangað síma, og hefir sá áhugi aukist við það, að verið er nú að leggja síma um Úthjerað til Borgarfjarðar. Það er líkt um Upphjeraðið og Skagafjörðinn, að nokkrir hreppar eru utan símasambands, og hafa því ekki veruleg not af símanum, nema þá að íbúarnir ferðist út í Egilsstaði eða Fossvelli, en það er löng leið úr sumum hreppunum. Þessir hreppar eru: Skriðdalshreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur og Jökuldalshreppur. Að vísu mundi Jökuldalshreppur ekki hafa full not af síma þessum, en þó yrði að honum talsverður hægðarauki fyrir efri hlutann. Jeg skal geta þess, að ráðgert hefir verið að leggja sæsíma yfir Lagarfljót milli Vallaness og Áss, því með því móti yrði síminn að almennustum notum. En ef síminn aftur á móti yrði allur lagður austan fljóts, fyrir botninn, og að Brekku, er sennilegt, að norðanbyggjar mundu verða óánægðir, enda væri þetta óhagstæðara og gæfi minni tekjur. Að síminn sje fyrst lagður upp að Vallanesi, en ekki upp frá Egilsstöðum og upp með fljótinu að norðanverðu, kemur bæði Skriðdælingum og Uppvallamönnum að góðu haldi; annars eru þeir engu bættari. Það má búast við því, að töluverður kostnaður stafi af sæsímanum yfir Lagarfljót, en þó mun ekki vera tiltök að leggja símann óðruvísi, því fljótið er alt of djúpt fyrir staura.

Efri hluti Hjeraðsins hefir með rjettu verið talinn með bestu sveitum landsins; framleiðslan er mikil og þjettbýli. Það er því ekki nema eðlilegt, að bændur þar þurfi að komast í símasamband, enda hlyti það að bera sig.

Jeg hefi ekki enn snúið mjer til landssímastjóra með þetta mál, en heyrt hefi jeg, að hann væri því hlyntur; öll sanngirni mælir og með því, að þessi sími verði lagður.

Jeg legg til, að málinu verði, að loknum umr., vísað til hv. samgöngumálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. og til samgöngumálanefndar (sjá A. bls. 2008), hvorttveggja með öllum greiddum atkv.

Áliti samgöngumálanefndar um málið (A. 365) var útbýtt á 36. fundi í Nd., föstudaginn 15. ágúst, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

3. Ritsíma- og talsímakerfi [Bólstaðarhlíðarsími].

Á 21. fundi í Nd., miðvikudaginn 30. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 83, 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35, 20. okt.

1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands (A. 201).

Á 23. fundi í Nd., föstudaginn 1. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Jónsson): Jeg þarf ekki að láta mörg orð fylgja frv. þessu, sem komið er fram eftir ósk hlutaðeigandi hjeraðsbúa og í samráði við landssímastjóra. Að vísu skal jeg geta þess, að það er enn með öllu óákveðið, hvar símalínan verði látin liggja, hvort heldur austan Blöndu eða vestan. Landssímastjórinn hefir enn eigi rannsakað, hvar hentugast muni vera að leggja hana, og vill því, eins og eðlilegt er, ekkert segja um það að svo stöddu, enda er þess eigi þörf á þessu stigi málsins.

Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að frv. verði vísað til samgöngumálanefndar, að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. og til samgöngumálanefndar (sjá A. bls. 2008), hvorttveggja með öllum greiddum atkv.

Áliti samgöngumálanefndar um málið (A. 365) var útbýtt á 36. fundi í Nd., föstudaginn 15. ágúst, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

4. Ritsíma- og talsímakerfi [Hesteyrar- og Ögursími].

Á 24. fundi í Nd., mánudaginn 4. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 83, 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands A. 249).

Á 27. fundi í Nd., fimtudaginn 7. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Stefánsson): Frumv. þetta flyt jeg í samráði við landssímastjórann og eftir tilmælum hæstv. stjórnar.

Við skoðun landssímastjórans á svæði því, sem þessi fyrirhugaða símalína í Norður-Ísafjarðarsýslu á að liggja um, kom það í ljós, að hún mundi reynast mjög dýr. Hins vegar er því svo farið, að íbúum hjeraðsins er það mjög mikið áhugamál að fá línuna sem fyrst, en þar sem hún er þriðja flokks lína, mundi röðin ekki koma að henni nærri strax. En hjeraðsbúar, með sýslunefnd í fararbroddi, hafa nú skorað á þingið, að þessi lína verði lögð sem fyrst.

Landssímastjórinn vildi bæta úr bráðustu þörfinni, með því að setja loftskeytastöð á Hesteyri og Ísafirði, en hjeraðsbúum þótti það ekki nóg, því að þeir bjuggust við, að það mundi tefja fyrir lagningu aðallínunnar.

Auk þess munu þeir, með fram af ókunnugleika, hafa kviðið því, að afgreiðsla yrði hvorki eins fljót nje örugg með loftskeytum og landlínunni.

En eftir að jeg hefi átt tal við landssímastjórann um þetta mál, hefi jeg sannfærst um, að þetta álit byggist á vanþekkingu. Hann hefir tjáð mjer, að greiðara samband muni nást með loftskeytunum heldur en með hinni fyrirhuguðu línu, samkvæmt ritsímalögunum. En þegar hjeraðsbúar óskuðu eft-

ir línunni sem fyrst, munu þeir ekki hafa rent grun í, hve dýr hún mundi verða. Nú er það upplýst, að hún mundi kosta yfir 260 þús. kr., en það hraðskeytasamband, sem hjer er farið fram á, er meira en helmingi ódýrara og þó tryggara.

Sjerstaklega er mönnum það áhugamál að fá sem fyrst hraðskeytasamband við Aðalvík. Þangað kemur árlega mikill hluti íslenska fiskiveiðaflotans; leggja skipin þangað inn bæði undan óveðrum, og eins til þess að fá vatn. Það er því brýnt nauðsynjamál fyrir sjávarútveg landsins að fá trygt hraðskeytasamband við þennan stað, enda lá fyrir fiskiþinginu áskorun frá 20 fiskiskipum, sem þegar á þessu ári höfðu komið þar. En óhætt er að telja, að yfir 100 fiskiskip komi þar yfir alt árið.

Þetta er því áríðandi mál.

Landssímastjórinn hefir nú viljað verða við þessum óskum, með því að komið verði upp loftskeytastöð á Ísafirði og Hesteyri, og lögð verði þaðan landsímalína að Látrum í Aðalvík. — Þetta samband hefir og afarmikla þýðingu fyrir allar siglingar umhverfis landið, þar sem jafnan væri hægt að fá fregnir um ísrek við Horn, veðráttufar þar o. fl.

Í brjefi frá 15. maí þ. á. segir landssímastjórinn, að með þessari breytingu á landssímalögunum sje hægt að bæta úr þessari miklu þörf smátt og smátt á fáum árum, og sumpart mjög bráðlega, þar sem aftur á móti yrði að leggja hina fyrirhuguðu línu alla í einu, og það má telja víst, að eftir því yrðu hjeraðsbúar að bíða mörg ár enn. —

En það, sem mestu ræður, er hinn mikli verðmunur. Fyrirhugaða línan er áætlað að kosti 265,750 kr., en þessi að eins 127,800 kr., og þar við bætist, að með henni fæst tryggara samband milli þessara staða og Ísafjarðar.

Jeg er því ekkert hikandi við að flytja frv. þetta, og jeg efast ekki um, að þessu verði vel unað. Og ekki efa jeg það, að loftskeytastöðvar þessar, með símasambandi við Aðalvík, verði mikið notaðar, og það ekki síst af þilskipaflotanum.

Jeg vona því, að hv. deild taki máli þessu vel, og vil jeg gera það að till. minni, að frv. verði vísað til samgöngumálanefndar, að umr. lokinni.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það er rjett, sem háttv. flm. (S. St.) sagði, að frv. þetta er að nokkru leyti flutt að tilhlutun stjórnarinnar.

Það, sem fyrir mjer vakir, er það, að nú sje svo langt komið símalagningu til verstaða og kauptúna landsins, að nú sje næst fyrir hendi að greiða fyrir siglingum landsins. Þá eru það sjerstaklega tveir skagar, Langanes og Strandir, sem koma til greina.

Svo má heita, að undantekningarlaust á hverju ári hafi verið saknað vitneskju um það, hvort ís væri fyrir Langanesi eða við Horn. Með símalagningu til þessara staða mundi verða bætt úr því.

Jeg þarf svo ekki að bæta við rök þau, sem þegar hafa verið færð fyrir þessu máli, en vil eindregið mæla með því, að það nái fram að ganga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. og til samgöngumálanefndar (sjá A. bls. 2008), hvorttveggja með öllum greiddum atkv.

Áliti samgöngumálanefndar um málið (A. 365) var útbýtt á 36. fundi í Nd., föstudaginn 15. ágúst, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

5. Vatnalög.

Á 5. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til vatnalaga (A. 42).

Á 6. fundi í Nd., laugardaginn 12. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Engu af þeim frv., sem eru hjer til umr. í dag, fylgir greinargerð. Samkvæmt 19. gr. þingskapanna verða frv. ekki tekin fyrir, nema því að eins, að afbrigði verði leyfð.

Benedikt Sveinsson: Jeg vil leyfa mjer að mótmæla því, að farið verði að veita afbrigði frá þingsköpum til þess, að hægt verði að ræða þessi frv. nú. Frv. þessi eru um annað hið langmikilvægasta mál, sem fyrir þessu þingi liggur. Þykir mjer því illa hlýða, ef svo umfangsmiklu og vandasömu máli sem fossamálinu á að ráða hjer til lykta með afbrigðum frá þingsköpum. Heimild þingskapanna hefir verið beitt hjer á þingi í seinni tíð í allra stærstu og vandamestu málunum, þegar síst skyldi, og er komið nóg af slíku. Fossamálin ættu ekki að verða fyrir slíkri meðferð, og legg jeg eindregið gegn því, að afbrigði sjeu leyfð.

Bjarni Jónsson: Jeg var að hugsa um að biðja hæstv. forseta að taka málið af dagskrá, og liggur mjer því í ljettu rúmi, þótt svo verði gert.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr. (A. 42, 69).

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg ætlaði að kveðja mjer hljóðs um næsta mál á undan, en þar eð því var flýtt svo mjög, læt jeg mjer nægja að segja það nú, er jeg ætlaði um það að segja. Jeg vil sem sje beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort honum þyki það viðurkvæmilegt að láta landssjóð borga kostnaðinn af prentun slíks orðskrípis sem „útbú“ er.

Þá sný jeg mjer að því máli, sem nú er á dagskrá.

Við, sem berum fram þetta frv., jeg og hv. 2. þm. Árn. (E. A.), höfðum látið okkur nægja, er málið var síðast á dagskrá, að vísa til álits meiri hluta fossanefndar og þeirra ástæðna, er þar væru færðar fyrir þessum lögum. En þá tókst svo óheppilega til, að þær voru ekki tilbúnar, og var því málið ekki rætt þá. Og þar sem álit meiri hl. fossanefndar er ekki enn tilbúið, finst mjer rjett vera að ræða málið ekki til þrautar nú, heldur fresta 1. umr. þangað til menn hafa kynst áliti meiri og minni hluta fossanefndar. En það hygg jeg, að mestar og aðalumr. um þetta mál verði við 1. umr. þess, því að þá verði mest talað um stefnu og grundvöll vatnalaganna. Það er því mitt ráð, að á þessu stigi málsins verði skipuð í það nefnd manna, er athugi alt nákvæmlega. Þetta er svo umfangsmikið mál, að sjálfsagt er að gefa hv. þm. kost á að kynnast því eftir föngum. Þegar hin

væntanlega nefnd hefir svo lagt fram athugasemdir sínar, þá hafi menn bæði tíma til að athuga álit hennar og álit meiri og minni hl. fossanefndar. Þá fyrst, er svo er komið, geta menn verið undir það búnir að ræða málið til þrautar. Þó hygg jeg það rjettast, að þessu stórmáli yrði ekki ráðið til lyka á þessu þingi, því það er engu síður nauðsynlegt, að kjósendum sje gefinn sem mestur kostur á að kynnast þessu máli, svo að þeir geti gert sjer þess fulla grein, hvaða stefnu þeir taki í málinu, og þurfa þeir eigi síður tíma til þess en hv. þm. Væri því æskilegt, að hv. þm. gerðu sjer málið sem ljósast á þessu þingi, en það geta þeir með því að ræða það kapplaust og með röksemdum, og reyni þannig að finna hina rjettu leið, því jeg hygg, að allir geti orðið sammála um, að þetta mál verði aðalmálið við næstu kosningar.

Þessi frv. eru verk fossanefndarinnar, það er að segja meiri hl. hennar, sem hefir samið þau öll, nema hvað minni hl. vann og framan af við fyrsta bálkinn, en hann var saminn áður en fossanefndin klofnaði. Annars kemur skýrslan um starfsemi fossanefndar út um leið og álit meiri hl. hennar, og skal jeg því ekki gera annað nú en drepa á einstök atriði til skýringar.

Skömmu eftir að fossanefndin hóf starf sitt, varð nefndarmönnunum það ljóst, að allflest stórvötn, er hægast var að virkja, voru komin í hendur útlendra auðmanna, sem ýmist höfðu keypt þau eða leigt. Til þess að fá fulla viss um, hvað enn væri ekki í höndum útlendinga af vötnunum, var hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) falið af nefndinni að semja skrá yfir þau. Birtist sú skrá bæði í pjesa þeim, sem hann hefir látið prenta, og í áliti meiri hl. fossanefndar.

Þessi rannsókn gaf næga ástæðu til, að þess var farið á leit við stjórnina, að hún stöðvaði vatnasal og vatnaleigu meðan nefndin væri að starfa og gæfi út bráðabirgðalög um þetta. Það vakti sem sje fyrir nefndinni að binda ekkert vatn óeðlilegum böndum, frekar en orðið væri. Þá vissu nefndarmenn ekkert um það, að hvaða niðurstöðu þeir mundu komast um eignarrjettinn eða þess háttar atriði. Hún var alveg sammála um það, að hennar starf væri í því fólgið að rannsaka, hvernig landsmenn gætu fengið svo ódýra vatnsorku, sem hægt væri. En það þóttist nefndin sjá, að ef haldið væri áfram sölunni, þá mundi vatnið stíga svo óeðlilega í verði, að þjóðinni yrði ókleift að borga vatnsorkuna, er farið væri að virkja vötnin. Nefndin var ekki svo heppin, að fá talið alla landsstjórnina á sitt mál, og afleiðingin varð sú, að meðan nefndin hefir setið að starfi hefir meiri hluti Hvítár í Árnessýslu gengið kaupum og sölum, en lítið hafði verið selt af henni er nefndin hóf starf sitt.

Jeg vil geta þess, að það var að vissu leyti erfið vinna, er nefndin átti, ekki vegna þess eins, að verkefnið var mjög mikilfenglegt og tíminn stuttur, heldur og vegna erfiðleika ýmsra, er af striðinu leiddi. Það var t. d. lítt mögulegt fyrir nefndina að ná í þær bækur, er þurfti, og var það meðal annars þess vegna, að hún varð að taka sjer far til útlanda; tókst henni í þeirri ferð að fá þær bækur, er hún nauðsynlega þurfti. Er nefndin kom úr þeirri ferð, og þess hafði áður verið krafist, að hún hefði lokið störfum sínum fyrir næsta reglulegt Alþingi, þá sá hún, að hún var of liðfá. Var þá bætt við hana einum manni, sem sje hv. 2. þm. Árn. (E. A.). Hefir hann síðan starfað með nefndinni.

Það er undarlegt, að nefndin skuli vera talin klofin, því að minu viti er hún óklofin. Mjer er að vísu ekki kunnugt um, hvað minni hlutinn hefir skrifað síðan leiðir okkar skildu, en þangað til við skildum vorum við allir á sama máli. Áður en við skildum var mjer falið að rannsaka sögulega og lagalega, hverjar skoðanir hefðu ríkt hjer á landi um eignarrjett á vatni. Var það verk mjer örðugt, enda var mjer falið það áður en aðstoðarmaðurinn bættist við nefndina, en honum hefði verið það verk tífalt ljettara. Þar sem jeg kemst að fastri niðurstöðu í þessu efni í ritgerð minni, þá er það að eins um minn skilning á lögum að ræða, en ekkert annað, því jeg er ekki svo voldugur, að þegar sje hlaupið til að framkvæma þann skilning, er jeg álít rjettan vera. Það er því með öllu rangt, sem komið hefir fram í umræðum utan þings, að jeg hafi komið fram með einhverja vatnsránskenningu. Það, sem fram hefir komið, er skilningur á lögum, og jeg held, að enginn fossanefndarmanna sje svo óskeikull, að óhætt væri að veita honum einkaleyfi fyrir rjettum skilningi á lögum, ekki einu sinni hv. 2. þm. Árn. (E. A.), sem þó er viðurkendur lagamaður. Hvort þessi eða hinn skilningurinn er rjettur, heyrir algerlega undir dómstólana, og er það þeirra að skera úr því. Sjerstaklega höfum við, sem höldum því fram, að vatn geti ekki talist eignarrjetti háð, ekki gert neina tilraun til þess að koma í veg fyrir, að dómsólarnir feldu úrskurð um málið, og er það því að eins leiðinlegur misskilningur, að í ritgerð minni, eða hv. sessunauts míns (E. A.), sje kveðinn upp óskeikull dómur í þessu máli. Í þessu máli, sem öðrum, á því hver maður aðgang að dómstólum landsins, ef honum þykir á sig gengið.

Það er ekki nema eðlilegt, að í ritgerð mína, sem menn hafa átt kost á að lesa, vanti ýmislegt, þar eð jeg er ekki lagamaður, og þar sem þetta er í fyrsta sinn, sem málið er rannsakað. En við þessa rannsókn hefir mjer orðið ljóst, að jeg varð að láta af þeirri skoðun, er jeg hafði áður haft, að einstaklingurinn hefði eignarrjett á vatni. Þá var mjer það ekki með öllu ljóst, hvort vatnið væri eign ríkisins, eða heyrði að eins undir yfirráð þess. En þó fjellst jeg heldur á þá skoðun, að vatnið heyrði undir yfirráð ríkisins. Síðan hefir hv. 2. þm. Árn. (E. A.) ritað ágæta og merka ritgerð um eignarhæfi vatns.

En það, sem vakir fyrir meiri hluta fossanefndar, og það, sem hann var sammála um, var að fella ekki neinn úrskurð í þessu máli og láta það því enn þá heyra undir dómstólana. Nú er eignarrjettur einstaklingsins friðhelgur samkvæmt 50. gr. stjórnarskrárinnar, og gæti því hver sá, er áliti gengið á þann rjett sinn, farið til dómstólanna og krafist bóta. Það sjest því augljóslega, að það hefir aldrei verið ætlun meiri hl. fossanefndar, að fara í kringum dómstólana í þessu máli. Sú eina aðferð til að fara í kringum dómstólana er að samþ. nú á þessu þingi lög um, að einstaklingarnir skuli eiga vatnið, eins og minni hl. leggur til, en það sjá allir, hversu rangt það væri af þinginu, sem á að gæta rjettar landsins í hvívetna.

Öll þessi frv. eru ein heild, og mættu því gjarnan vera í einum bálki, en það varð þó ofan á í nefndinni að koma fram með þau sem sjerstök frv.

Deilumálið, sem jeg gat um, er auka-

atriði, er dómstólar skera úr. Hitt er aðalatriði málsins, hvort verjda skuli landið fyrir stóriðnaði eða ekki.

Í því sambandi vil jeg leyfa mjer að segja nokkur orð um stóriðnað, sem jeg hygg að sje skoðun allra nefndarmanna.

Eins og kunnugt er, eru nýir og fólksfrekir atvinnuvegir hættulegir bændalandi, sjerstaklega landi, sem er svo fáment, að það hefir ekki nægan vinnukraft til að reka atvinnuvegi landsins, sem fyrir eru. Svo hefir það reynst hjer á landi. Má þar fyrst nefna þilskipaútveginn. Þegar hann hófst drógst sveitafólkið svo til sjávarins, að bændur áttu erfitt með að fá nægan vinnukraft til að reka landbúnaðinn. Þetta öfugstreymi jafnaðist þó eftir nokkur ár, er fólkinu fjölgaði. Síðan kom síldarútvegurinn til sögunnar, og nú er svo ástatt, að bændur eiga erfitt með vinnukraft, enda er hann þar að auki svo afardýr, að það er vafasamt, að landbúnaðurinn þoli hann. En nú er von um, að þetta jafnist aftur smám saman, fólkinu fjölgi nægilega til þess að reka báða þessa atvinnuvegi, ef engum nýjum atvinnuvegum verður við bætt, sem heimta mikinn vinnukraft.

En dettur nú nokkrum í hug, að það yrði gróðavænlegt fyrir landbúnaðinn, ef leyft yrði að virkja margra miljóna hestöfl í landinu? Þá ætti bóndinn ekki að eins að togast á við fiski- og síldarútveg, heldur og við stóriðnað. Við getum áætlað, að „Titan" ljeti virkja 1 miljón hestöfl við Þjórsá. Menn, sem sett hefðu slíkan stóriðnað á stofn, mundu ekki sleppa vinnulýðnum fyrir ekki neitt. Þeir mundu þvert á móti færast svo í aukana, þegar fyrstu árin, að þeir drægju til sín nægan vinnukraft, hvað sem hann kostaði, til þess að eigi stöðvuðust þau fyrirtæki, sem kostað hefðu um 250 miljónir. Og jeg hygg, að erfitt yrði fyrir bóndann að togast á við þá. En hvernig færi þá um landbúnaðinn? Nú býst jeg við, að allir verði mjer sammála um það, að bændurnir sjeu kjarni þjóðarinnar. Og eyðilegging á landbúnaðinum yrði ekki betri en stærstu eldgosin samlögð. En það mundi þó verða afleiðingin. Þeir segjast þurfa einn mann við rekstur hverra 80 hestafla til iðnaðar. Ef þeir virkja 1 miljón hestafla, þurfa þeir 12 þúsund manns. Nú má auðvitað gera ráð fyrir, að fæstir þessara manna kæmu hingað einhleypir, og mun mega telja 5—6 menn að jafnaði til fjölskyldu hverrar. Það verða samtals um 60 þúsundir. Á landbúnaði lifa nú samtals um 48 þúsundir. Þó að allir, sem stunda landbúnað, yrðu teknir til þess að virkja þessa einu miljón hestafla, mundu þeir ekki hrökkva til. En það er heldur engin hætta á, að þeir verði teknir allir, heldur mundi verða fluttur inn erlendur verkalýður, hver úr sínu landi, þar sem hægt yrði að fá hann ódýrastan. En iðnaður þessi mundi samt draga innlenda verkamenn frá landbúnaðinum. Ef við gerum ráð fyrir, að hann næði 10 þús. innlendra verkamanna á sitt vald, mundi afleiðingin verða sú, að landbúnaðurinn legðist í auðn, nema á svæðum í grend við iðjuverin. Og ekki þyrfti að virkja meira en ¼ af vatnsaflinu í Þjórsá, til þess að drepa landbúnaðinn. Þó er vatnsaflið í Þjórsá að eins $^1/_6$—$^1/_{10}$ hluti þess vatnsafls í landinu, sem hægt er að virkja.

Þar að auki er þess að gæta, að það hefnir sín hjá fámennri þjóð, sem býr strjált á mjórri gjörð umhverfis hálendi, að láta flytja inn í landið þúsund-

ir af erlendum verkalýð. Og ef það er ekki bláber uppgerð hjá okkur, að okkur þyki vænt um land vort og þjóð, ef það er ekki lýgi, að „Íslendingar viljum við allir vera“, ættum við að líta í kringum okkur, áður en við leyfðum þúsundum erlendra verkamanna að setjast að í landinu. En ást okkar á þjóðerni voru og tungu getur ekki verið tóm uppgerð. Það getur ekki verið ósatt, að við elskum land vort og þjóð. Því að hvers vegna erum við orðnir sjálfstæð þjóð? Það er að eins vegna þess, að við höfum varðveitt tunguna og þessa fornu merku, menningu, er óx upp hjer í landi. Þess vegna höfum við notið virðingar annara þjóða og fengið viðurkenningu fyrir rjetti vorum. En ef við sýnum tungu vorri og þjóðerni ódygð, erum við steindauðir. Ef við gerumst svo trygðarlausir og tírarlausir, erum við dauð þjóð.

En nú munu sumir ef til vill segja, að við þurfum ekki að flytja svo mikinn fjölda útlendinga inn í landið, að okkur stafi hætta af. En hvað þolir þjóðin mikinn innflutning? Hún mundi ekki þola 100 manns á ári, ef svo hjeldi áfram um langt skeið, og er því auðsætt, að hjer gæti stóriðnaður ekki komið til mála fyrst um sinn, eða í nálægri framtíð.

Jeg býst við, að það muni sýna sig, að eini vegurinn til þess að hafa gagn af vatnsaflinu sje að virkja smærri fossa til ljósa og hitunar og í þarfir landbúnaðarins og þ. u. l. En þetta má gera með litlu vatnsmagni, án þess að það ylli tjóni á hag þjóðarinnar. En jeg tel ókleift að virkja stóru vatnsföllin nú sem stendur og í næstu framtíð. Það mundi verða dauði landbúnaðarins. Og ef jeg væri bóndi og ætti reipi, ljeti jeg þau heldur hanga uppi á skemmulofti heldur en ljá þau nágranna mínum til þess að hengja í sjálfan mig.

Sveinn Ólafsson: Ræða hv. þm. Dala. (B. J.) gaf ekki tilefni til langra andmæla. Mig langar þó að fara um hana nokkrum orðum.

Jeg hygg, að það hafi hlotið að vera af misgáningi hjá hv. þm. (B. J.), er hann sagði, að meiri og minni hluti fossanefndar hefðu verið sammála um 1. kafla vatnalaganna. Hann hefir sennilega átt við 2. kaflann. En það er samt ekki rjett, að nefndin hafi unnið þar óskift, því að hún klofnaði einmitt um ákvæði, sem standa í 2. kafla frv. Minni hl. gat ekki komið fram brtt. sínum um hann; þær voru feldar af meiri hl., og það var ákvarðandi.

Annars sagði hv. flm. (B. J.) ýmislegt fleira, sem ástæða er til að athuga. Hann kvað að vísu ekki skýrt að orði, er hann bar saman stefnu meiri og minni hl. í fossamálinu. En helst virtist mega ráða það af orðum hans, að nefndarbrotin greindi að eins á um aukaatriði. Á þessa kenningu get jeg ekki fallist. Því að það er þó aðalatriði málsins, eins og öllum er líka ljóst, hvort umráðarjetturinn yfir vatninu er hjá einstökum mönnum eða ríkinu. Aðrar Norðurlandaþjóðir hafa gert sjer þetta ljóst, áður en þær settu lög um slík efni. Það er þess vegna ekki rjett, að nefndin sje óklofin, eða hafi klofnað á aukaatriði. Það er engum vafa undirorpið, að nefndin hefir klofnað á mikilsverðu undirstöðuatriði. Jeg skal ekki tefja tímann með að ræða þetta atriði frekar að þessu sinni. Jeg býst við, að hv. þingdm. verði það síðar ljóst, að klofningurinn var óumflýjanlegur.

Hins vegar finst mjer rjett, að jeg

láti frv. fylgja nokkur kveðjuorð inn á ókunna landið, þ. e. í hendur nefndar þeirrar, sem um það á af fjalla, og veita því bjargir, eða þá nábjargir.

Mjer finst það bera vott um töluverða einurð hjá meiri hl., að bera fram slíkt frv., sem hjer liggur fyrir. Það er bygt á grunvelli, sem lög landsins viðurkenna ekki, reist á þeirri röngu kenningu, að einstaklingarnir hafi ekki eignarrjett á vatninu, heldur að eins mjög takmarkaðan notarjett, en vatnið sje ríkiseign. Þetta er að vísu ekki tekið beinlínis fram í frv. meiri hl., en óbeinlínis er það víða látið koma í ljós. Jeg vil benda þeim, sem ekki hafa enn fengið færi á að kynna sjer vel frv. meiri hl., að athuga sjerstaklega 2., 10., 11., 12., 17., 51. og 54. gr., og ráða þeim til að bera þessar greinar saman við hliðstæðar greinar í frv. minni hl. Við slíkan samanburð munu þeir komast að þeirri niðurstöðu, að það er ekkert smáatriði, sem nefndarbrotunum ber á milli. Jeg ímynda mjer, að röskun meiri hl. á fornum eignarrjetti verði þeim *mönnum* töluvert viðkvæm, sem hafa talið sig eiga, og efunarlaust eiga, vatnsrjettindi á jörðum sínum, eftir eldri og yngri lögum. Jeg verð að halda því fram, að þessi röskun fari beint í bág við 53. gr. stjórnarskrárinnar, sem lýsir þennan rjett helgan. (**E. A.**: Þessi grein er ekki til). Það er 50. gr. í gömlu stjórnarskránni, en 53. í þeirri nýju, frá 1915, sbr. þingmannahefti það, er hjer liggur fyrir oss. (**E. A.**: Hún er heldur ekki til. **B. J.**: Ætli það sje ekki einhver önnur stjórnarskrá, sem hv. þm. (Sv. Ó.) er að vitna í). Sama hættan getur vofað yfir öðrum eignum einstaklinganna, t. d. landseignarrjetti, húseignarrjetti, eða hverjum öðrum rjetti sem vera skal.

Jeg býst við, að það hafi litla þýðingu að deila við meiri hl. um þær röksemdir, sem hann hefir fram borið fyrir því, að vatnið hafi verið og sje ríkiseign. En þá kenningu tel jeg svo mikla fjarstæðu, að ekki taki tali að þræta um hana. Jeg er að vísu ekki lögfróður, og skal því leiða hjá mjer lögskýringahártoganir meiri hlutans að þessu sinni. Jeg vil að eins benda, máli mínu til stuðnings, á lögbækurnar fornu, t. d. Grágás, 208. kap. og víðar, landsleigubálk Jónsbókar, 56. kap. og víðar, fossalögin svo nefndu frá 22. nóv. 1907, lög um forkaupsrjett leiguliða frá 1905, lög um töku Glerár til notkunar Akureyrarbæ frá 1905, og yfirleitt að öðru leyti þau fyrirmæli um notkun vatns, sem fyrir koma í lögum fyr og síðar. En einkanlega vil jeg þó ráða mönnum til að lesa um þetta efni greinargerð þá um 2. kafla, er fylgir vatnalagafrv. minni hl. fossanefndar, og ennfremur nýútkomna ritgerð eftir minni hl. mann nefndarinnar, Guðmund sýslumann Eggerz. (**B. J.**: Er hann fossanefndarmaður *minni* hl.? Mjer sýnist standa hjerna í Bláskinnu, að hún sje frá fossanefndarmanni minni hl., svo að þetta hlýtur þá að vera eitthvert annað fossanefndardýr). Þessi ritgerð er að ýmsu leyti nýnæmisleg og sker skýrt úr um þennan rótnæma ágreining nefndarhlutanna. — Það er eitthvað nýstárlegt við þetta frv. meiri hl. fleira en kenningin um eignarumráð ríkisins yfir vatni á löndum einstakra manna, og má þar fyrst nefna það, að engin greinargerð fylgir frv., því að jeg tel ekki þessar línur á þgskj. 69 vera neina greinargerð. Jeg man ekki eftir, að nokkur milliþinganefnd hafi látið svo frá sjer fara frv., að því fylgdu ekki rækilegar ástæður, og síst af öllu frv.

um svona stórfenglegt efni. Bæði mjer og fleirum er hin mesta forvitni á að vita, hvernig greinargerð þessi á að verða, hvernig meiri hl. rökstyður nýmælin. Mjer heyrðist hv. flm. (B. J.) gefa í skyn, að hennar væri von bráðlega, en geta það þá ekki orðið tálvonir, að þetta rætist? Er ekki kominn tími til, að slík greinargerð birtist nú, þegar málið er komið til umræðu, eða á hún að bíða þangað til búið er að ráða málinu til lykta? Þörfin fyrir nákvæma greinargerð er þó því meiri hjer, sem þetta mál er eitt af þeim allra stærstu og afleiðingaríkustu viðfangsefnum Alþingis.

Annað er það mjög eftirtektarvert í sambandi við þetta frv., að það brýtur gersamlega í bág við þá skoðun, sem orðið hefir ofan á og ráðið stefnunni í vatnalögum annara þjóða á Norðurlöndum, þeirri, að viðurkenna eignar- og umráðarjett landeiganda að vatninu, svo sem hiklaust er gert með Finnum, Svíum og Norðmönnum. Það er sjerstaklega mjög eftirtektarvert nú, þegar sú stefna er uppi, að samræma sem mest löggjöf þessara þjóða. Það er vegna þessarar stefnu, að hjá oss er komin á laggirnar svo nefnd lögjöfnunarnefnd. En hjer er nú í frv. tekið gönuskeið út frá þessari lögjafnaðarstefnu og lagt til, að vatnalöggjöf vor hafi endaskifti á fornri rjettarundirstöðu og spyrni við löggjöf frænda vorra á Norðurlöndum. Jeg þarf ekki að fjölyrða um það, sem öllum er kunnugt, að Norðurlandaþjóðirnar þrjár, Norðmenn, Svíar og Finnar, hafi bygt á þessum margviðurkenda rjetti landeiganda og viðurkent hann í löggjöfinni. Hvers vegna hafa þeir gert þetta? Ekki af því, að þeir hafi ekki sjeð, að það gæti verið að mörgu leyti heppilegra, að umráð vatnsins væri í höndum ríkisins, heldur en að rjettur einstaklingsins væri viðurkendur. En þeir hafa litið svo á, að þessi forni rjettur væri með öllu óvefengjanlegur, að hann nyti og yrði að njóta verndar, að hann mætti takmarka í þarfir þjóðfjelagsins, en ekki afnema. Allir vita, að eignarrjetturinn er ein af máttarstoðunum undir þjóðfjelagsskipuninni, og þar sem hann hverfur fer óstjórn á eftir. Í staðinn kemur þá rjettur hins sterka, hnefarjetturinn. (**E. A.**: Berjast menn um loftið?). Jeg veit ekki til, að löndin hafi sett lög um notkun loftsins.

Löggjöf Norðurlanda að fornu og nýju er í aðalatriðum sú sama og hjer hefir gilt, og að því er Noreg snertir, þá er hans forna löggjöf um vatnsrjettindi gersamlega eins og hjá oss. Öllum er vitanlegt, að vor fyrsti landsrjettur er frá Noregi kominn, og að löggjöf vor hjelst í hendur við þá norsku langt fram eftir öldum, og af því er ljóst, að ef vjer eigum að byggja vatnalög vor á þeim forna landsrjetti, þá ber að sama brunni fyrir oss og Norðmönnum.

Þessar þjóðir, sem jeg áður nefndi, hafa haldið þessum ákvæðum sinna fornu laga, af því að þær hafa talið ómögulegt að nema þau úr gildi, og af því, að þær bera virðingu fyrir þeim forna rjetti og erfikenningum feðra sinna. Þær vita, að bylting á þessum rjetti, eða afnám eignarumráðanna á þessu sviði, er háskaleg og óheilbrigð. En þessar þjóðir hafa líka sjeð og fundið aðrar leiðir til að tryggja ríkinu nauðsynlega íhlutun um yfirráð vatnsins og gæta heilla almennings. Eins og kunnugt er, hafa þær reist einræði einstaklinganna skorður með breytilegum sjerleyfislagaákvæðum, sem stefna að þessu marki, að fyrirbyggja hættu mis-

beitingar eignarrjettarins, ríkinu eða almenningi til skaða.

Það þriðja, er jeg tel sjerstaklega einkennilegt við frv. þetta, er búningur þess, er það, hve tyrfið og flókið það er. Flestum lagagreinum er skift í marga töluliði, og töluliðunum aftur í marga stafliði, og sífeldlega vitnað fram og aftur um samanburð á efni laganna, svo að efnið verður að elta aftur og fram, kafla úr kafla og grein úr grein, og verður þetta líkt og fara um völundarhús í svartnættismyrkri. Það getur vel verið, frá sjónarmiði sumra lögfræðinga, nauðsynlegt að búa lög út á þennan hátt, og líklega á það að bera vott um lögvísi og hagleik höfundanna, að svona er með farið. En jeg get fullyrt, að fyrir allan almenning er þessi framsetning til mesta óhagræðis, og virðist í þeim einum tilgangi höfð, að torvelda ólögfróðum mönnum lestur laganna og eftirbreytni eftir þeim.

Hv. flutnm. (B. J.) hjelt því fram, sem jeg hefi mótmælt, að hjer væri mjög lítill og óverulegur munur á stefnum, meiri hl. og minni hl. Nú verða hv. þingdm. að vega þetta og meta með sjer. gera sjer ljóst, hvort hann er óverulegur eða ekki, og ef hann er verulegur, þá í hverju hann liggur. Það verður mönnum ljósara, er þeir hafa lesið bæði frv. með greinargerð. Jeg segi ekki „greinargerð u m“, því að eins og jeg tók fram áður, fylgir frv. meiri hl. allsendis engin greinargerð.

Jeg verð að telja það mjög einkennilega fullyrðingu í þessu sambandi hjá hv. flm. (B. J.), að eignarrjetturinn sje spurning út af fyrir sig og skifti ekki miklu máli. Jeg get búist við, að flestir telji það skifta nokkru máli, hvort þeir eiga sjálfir hestinn sinn og geta notað hann að vild, eða einhver angurgapi getur að ósekju tekið hann frá eiganda, þegar honum sýnist.

Hv. flm. (B. J.) heldur því líklega fram, að meiri hl. ætli landeigendunum svo rífleg afnot vatns til heimilisþarfa, að þörf þeirra verði ætíð fylt. Þetta hefði skilist, ef landsstjórnin hefði með þessu verið að skamta af sínu, en af því hjer er verið að ráðstafa því, sem ekki er ríkis eign, og ætlast til, að alt það vatn, eða vatnsnot, sem umfram er heimilisþörf, verði endurgjaldslaust tekið og fengið öðrum í hendur, þá verður verra um varnir.

Það var einmitt þessi áformaða vatnstaka án endurgjalds, sem nefndina klauf, en ekki takmarkanirnar að öðru leyti, sem landeigandi hefði orðið að sæta.

Annars verð jeg að segja það um þessa skömtun meiri hl. á vatni til heimilisnota, svo hjákátleg sem hún er í landi, sem hefir ofurgnægð vatns, að skamturinn getur orðið landeiganda alt of lítill. Hámark þeirrar vatnsorku, er meiri hl. ætlar honum, er 200 hestorkur. Það er nú alls eigi dæmalaust, að á einni landareign búi 4—6 hundruð manna, og mætti þá hart virðast, ef landeigandi eða landeigendur mættu ekki fá að nota meira en ½ eða ⅓ hestorku fyrir mann hvern, án þess að fá til þess leyfi stjórnarinnar eða Alþingis og gjalda sjerleyfisgjald.

En þá er önnur hlið á þessu máli, sem ekki er betri, og hún er sú, að landeigandi á þennan hátt getur orðið beittur argasta órjetti af þeim herrum, er komast kynnu í þá svo nefndu vatnastjórn. Hún virðist eftir frv. skilmálalaust geta tekið hvert fallvatn á landi einstaks manns kauplaust, og afhent gæðingum sínum til nota og meðferðar og þannig haft ráð landeiganda í hendi

sjer og gert hann sjer háðan eða skapað honum afarkosti.

Jeg skal nú ekki þreyta hv. deild með því að fjölyrða sjerstaklega mikið um þetta. Verður sennilega oftar eitthvað á það minst. En það er þó eitt atriði enn í þessu sambandi, sem jeg verð að minnast á. Því hefir verið haldið fram oft og allábærilega af blöðum hjer og ýmsum mönnum, að þessi stefna meiri hl. væri frambærileg, holl og góð, af því að hún miðaði að því að leysa úr læðingi það vatnsafl, sem selt væri. Landsmenn fengi aftur þau vötn, er búið væri að afhenda útlendingum. Þetta væri sjálfsagt góð og vel frambærileg ástæða, ef hún væri rjett. En þó að hún væri rjett, væri hún þó ekki einhlít til að fella úr gildi eignarrjett manna á vatnsafli í löndum þeirra. En sannleikurinn er sá, að hún er ekki rjett. Stefna meiri hl. nær ekki þessu marki, og getur ekki náð, því að þó að frv. þessu líkt yrði að lögum, yrðu þó aldrei úr gildi feldir lögmætir samningar áður gerðir. Það gæti að vísu komið undir úrskurð dómstólanna, en menn getur naumast greint á um það, hvern dóm þeir myndu þar á leggja. Jeg vil þá og benda á í þessu sambandi, að mjer er kunnugt um það, að einn maður úr meiri hl. fossanefndar lýsti því yfir við landsstjórnina, að gefnu tilefni, næstl. vetur, að tilgangur meiri hl. væri ekki að rifta gerðum samningum um kaup eða leigu á vatnsrjettindum í heimalöndum, heldur að láta sitja við það, sem komið væri.

Jeg get líka mjög vel skilið, að meiri hlutinn sjái sjer ekki fært að kollvarpa gerðum samningum um þetta, þótt margar leiðir kunni að vera honum færar.

En annars mætti vel segja, að ef nú ætti að reyna að ná sjer niðri á þeim, sem hafa ógætilega fargað vatnsrjettindum sínum, með því að taka bótalaust vatnsrjettindin af þeim, sem ekki hafa selt þau, þá væri það engu betra en að hengja saklausan Grikkja fyrir sekan Gyðing.

Jeg veit vel, að eignarrjetturinn á þessu eða öðru sviði nær aldrei lengra en þjóðin vill láta hann ná, — veit, að hver frjáls og fullvalda þjóð getur sett þau lög um eignarrjettinn, sem hún vill, — jafnvel afnumið eignarrjettinn með öllu. En áður en við strikum yfir helgi eignarrjettarins og snörum á brautu 53. gr. stjórnarskrárinnar, væri þó vissulega rjett að spyrja þjóðina, hvað hún legði til málanna. Vilji hún afhenda ríkinu, án endurgjalds, meira eða minna af sínum fornu óðulum, þá er vissulega ekkert því til fyrirstöðu. En að taka óðulin traustataki er víst nokkuð djarft, — og ef nokkru sinni er á þjóðaratkvæði þörf, þá held jeg, að þess sje þörf um þetta atriði.

Að þessu sinni skal jeg ekki fjölyrða um þetta frekar eða þreyta hv. deild. Ef að líkindum lætur, mun einhvern tíma síðar að sama efni horfið.

NEFNDARKOSNING.

Þá var kosin nefnd í málið, og var það 7 manna nefnd. Hlutfallskosning var viðhöfð. Komu fram 4 listar, merktir A, B, C og D.

Kosnir voru í nefndina:

Af A-lista: 4. Bjarni Jónsson.
Af B-lista: 1. Sigurður Sigurðsson,
5. Björn Stefánsson.
Af C-lista: 3. Sveinn Ólafsson,
7. Þorleifur Jónsson.
Af D-lista: 2. Gísli Sveinsson,
6. Björn Kristjánsson.

Gísli Sveinsson: Jeg hafði leyft mjer

að kveðja mjer hljóðs áður en jeg hafði hugmynd um, að nefndarkosning færi fram svo fljótt. En þótt nú hafi svo tekist til, að jeg er einn meðal nefndarmannanna, verð jeg að segja nokkur orð út af þeim umræðum, sem fram hafa farið, en þó sjerstaklega um þau plögg, er fram hafa komið í málinu. — Það verða því nokkrar almennar athugasemdir á þessu stigi málsins.

Hv. þingdm. muna, að á þingi í fyrra, og utan þings, varð talsvert umtal um þessa fossanefnd. Þótti mönnum nefndin ekki fylgja sínum störfum eins fast og æskilegt væri, og vildu þeir fá að sjá einhvern árangur af starfi hennar. Niðurstaðan varð sú, eins og menn muna, að nefndin gekk inn á það, meðfram vafalaust fyrir skýrt yfirlýstan vilja þingsins, að ábyrgjast að hafa lokið öllum störfum sínum fyrir næsta reglul. Alþingi — þingið 1919. Það má segja, að þetta hefir bæði orðið og ekki orðið. Enn eru því miður ekki komin öll plögg frá henni, en sum þeirra munu vera á leiðinni. Er því ekki hægt að átta sig á málinu til hlítar, meðan niðurstöðurnar af rannsókn allrar nefndarinnar eru ekki kunnar. Nú þegar er það kunnugt, að greinargerð vantar við frv. meiri hl. og enn fremur nefndarálit hans. Og þá vantar enn álit frá minsta hluta nefndarinnar.

Eitt af því fyrsta, er heyrðist frá nefndinni eftir þingið, var það, að nú væri nefndin komin að þeirri niðurstöðu, er jeg og fleiri hv. þm. töldu vísa, að hún væri ekki svo skipuð, að hún gæti hjálparlaust unnið að öllu, sem undir hana kæmi. Jeg sagði þegar á þingi í fyrra, að í henni væri enginn sá maður, er leyst gæti af hendi það, sem til hennar kasta kæmi frá lagahliðinni. Mjer var þá svarað því, að í nefndinni væri lögfræðingur, sem ætti að athuga og rannsaka lagaatriðin, sem til hennar kæmu. Og nú er sýnt, að hann hefir ekki getað að staðið, því að áður en nefndin klofnaði var ráðinn í hana nýr lögfræðingur til aðstoðar, og hefir hann nú fylgt meiri hlutanum. Og það, sem komið er frá meiri hl., ber þess vott, að hann hefir athugað lagastafina. **(Fjármálaráðh.:** En minni hlutinn?). Við „minni hluta álit" á jeg við það álit, sem komið er frá fossanefndarmanninum Sveini Ólafssyni. Honum fylgir að nokkru leyti hinn maðurinn, lögfræðingurinn úr nefndinni, Guðmundur Eggerz, sýslumaður. Hann hefir að nokkru leyti skorið sig frá, og nefni jeg hann minsta hlutann. Frá honum hafa að vísu komið nokkur drög, sem sýna, að hann hefir þó haft einhverja viðleitni við að athuga lagastafina, en það stendur ekki á sporði þeirri rannsókn, er lögfræðingur meiri hlutans hefir gert. **(Fjármálaráðh.:** Svo!). Jeg sje, að hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) vill, að jeg tali líka um minsta hlutann. Frá honum er að vísu komið út álit, en það endar á „kommu" og þar við situr. Jeg vil því að eins telja tvö „pródúkt", sem sje álit meiri hl. og minni hl., af því að jeg álít þau þess verð, en yfir álit minsta hlutans, „með kommu", hefi jeg slegið svörtu striki, því að það er að engu gagni, eða litlu.

Annað það, sem við fáum að heyra um nefndina, er að hún sje klofnuð, og varð það mál á einkennilegan hátt. Jeg og fleiri, sem ekki erum svo skyni skroppnir, að við vitum, hvað til heyrir í ýmsum málum, vitum, að það er tilhlýðilegt, að milliþinganefndir, sem skipaðar eru af konungi, stjórn eða þingi, til ákveðins starfa, eiga að fara að þessum vinnubrögðum og skila þeim

af sjer á sjerstakan og sæmilegan hátt. Fyrst og fremst „loyalt“ til stjórnarinnar og síðan til Alþingis, er á um málin að fjalla. En nú bregður svo við, að það er ekki sýnilegt, að það álit, sem kemur hjer frá minni hl., hafi verið fært stjórninni eða ætlað þinginu fyrst. Heldur heyrist, að nefndin hafi klofnað, og í minni hl. sjeu 1 eða 2 menn, og rjett á eftir kemur álit hans út í blaði eins ákveðins flokks í landinu. Það er notað sem „prívat“ mál, notað sem „innlegg“ í æsinga-„agitation“ einnar flokksklíku. Hvort sem þessi hv. þm. (Sv. Ó.) hefir ranglega hlaupið með álitið í klíkublað þetta, sem að vísu mun standa honum nærri, eða landsstjórnin hefir gefið blaðinu það, eftir að hún fjekk það. Þá er útkoman sú, að þetta er algerlega óviðeigandi aðferð, hvort heldur er gagnvart meðnefndarmönnunum, er ekki höfðu lokið starfi sínu, eða Alþingi og allri alþýðu. Blaðið notar álitið til þess að gera alvarlega tilraun til að æsa upp landslýðinn í vandasömu stórmáli, án þess nokkurt tækifæri sje gefið til að athuga þau rök, er á móti koma. Og það er farið fram á, að þjóðin geri þegar samþyktir um málið á þingmálafundum, samkvæmt þessu einhliða gagni. Auðvitað er þetta ekki meira óviðeigandi en margt annað frá þeirri hálfu. Jeg tek þetta fram hjer vegna þess, að jeg veit, að þeir menn eru hjer innan þings og innan deildar, sem eru fullhæfir til þess að vera verjendur þess flokks, er hjer stendur að baki, og fullkomlega trúandi til þess að taka svari blaðsins, er jeg átti við. Það sætir engri furðu, þó að ýmsa menn í landinu ógaði við ýmsum þeim kenningum, hvort sem þær eru nú rjettar eða rangar, sem fram hafa komið hjá meiri hl. nefndarinnar, þar sem það í seinni tíð hefir verið aðalkeppikefli margra að koma með einhverju móti í verð því, sem verðmætt er af gæðum landsins og nytjum. Og þeim hefir af mörgum verið hossað í lifanda lífi, og þeir teknir í dýrðlingatölu liðnir, sem hafa braskað mest við jarða- og fossasölu, þótt hart sje frá að segja. Það sætir því engri furðu, segi jeg, þótt suma ógi við, að fram skuli koma kenningar um, að draga megi í efa, hvort þetta brask sje heimilt. Jeg hefi leyft mjer að kalla ritsmíðar nefndarinnar, bæði meiri, minni og minsta hl., kenningakerfi, því að vafasamt er, hve rjettmætar þær eru, eða hverjar rjettmætastar eru. Eins og allir vita, er málið órannsakað alt til þessa, og nefndarinnar var að rannsaka og koma fram með ákveðnar tillögur, bygðar á þeim rannsóknum, eins og líka raun er á orðin að sumu leyti. Því jeg tel það stórlega illa farið, að kenningakerfið gat ekki orðið eitt, eða að minsta kosti að nefndin skyldi klofna á því atriði, hvernig farið væri um „eignarrjettinn“ að fossunum eða vatninu. Að mjer þótti þetta mikið miður kemur til af ýmsum ástæðum.

Í fyrsta lagi er slæmt, að nefndin skyldi klofna, vegna þess, að það er ekki árennilegt fyrir þm. að vinna úr álitsskjölum nefndarhlutanna, þar sem bæði er til þess stuttur tími, en þau löng, og hins vegar engin vissa fyrir, að hve miklu leyti eða á hvern hátt nefndarhlutarnir vilja fara samningaleiðina, eða hvort þeir yfir höfuð vilja sveigja nokkuð af eða láta undan.

Í öðru lagi er ágreiningsatriðið, það atriði, sem nefndin klofnaði á, svo litilvægt raunverulega fyrir „praktiska“ meðferð málsins, að furðu gegnir, að

menn skyldu fara að skera sig út úr nefndinni þess vegna. Lesi maður saman frv. meiri og minni hl., verður maður hissa á, hve litlu munar, og þá sjerstaklega að því er snertir 2. gr. í vatnalagafrv., sem er þó, að því er virðist, þungamiðja málsins. Því að vissi jeg ekki fyrirfram, hvaða frv. væri frá meiri hl. komið, og hvað frá hinum, þá yrði jeg í vandræðum með að skera úr, hvorum jeg ætti að eigna hvort frv. fyrir sig, því að jeg sje ekki annað en að báðar greinarnar þýði alveg það sama. Með leyfi hæstv. forseta vil jeg styðja mál mitt með því að lesa upp greinarnar. Í frv. meiri hl. er greinin svona:

„Hver maður má hagnýta sjer vatn, hvort sem það er straumvatn eða stöðuvatn, með þeim hætti, sem lög standa til.“

En í frv. minni hl.:

„Landi hverju fylgir rjettur til umráða og hagnýtingar á vatni, sem á því er, hvort sem það er rennandi eða kyrt, með þeim takmörkunum, sem lög, venjur eða aðrar heimildir hafa í för með sjer.“

Einstaklingarnir hafa í báðum tilfellum umráða- og hagnýtingarrjett yfir vatni, en takmarkaðan. En svo deilir nefndina á um, hverjum „eignarrjetturinn“ heyri til. Í ritgerð sinni um þetta atriði kemst prófessor Einar Arnórsson, sem hjer á þingi er hv. 2. þm. Árn., að þeirri niðurstöðu, að um eignarrjett á vatni geti vart verið að ræða. En setjum nú svo sem snöggvast, að alveg sje slept deilunni um eignarrjettinn, og kemur þá í ljós, að slíkt hefir enga breytingu í för með sjer. Frv. meiri hl., hvað vatnsnotin snertir, er ekkert annað en takmarkanir á umráðum einstaklinganna, og jafnljóst er hitt, að minni hl. meinar a l l s e k k i eignarrjett, enda ekki leyft sjer að kalla rjett einstaklinganna eignarrjett í till. sínum, heldur umráðarjett, sem er líka rjett. Allir vita, að einstaklingarnir hafa frá alda öðli haft rjett á ýmsum hlunnindum, sem hjer ekki þarf að tilgreina, sem aldrei getur orðið annað en umráðarjettur. Svona lítur málið út, þótt ekkert sje úr því skorið, hvor fræðikenningin sje rjettari að lögum lands.

Í þriðja lagi tel jeg það ófært og óforsvaranlegt af nefndinni að klofna í málinu, þar sem jeg þykist vita, að hún hafi gert sjer ljóst þegar í byrjun, eftir hvaða grundvallarreglum hún mundi fara, og hvað hún ætlaði að leggja fram í aðalatriðunum. Og hafi hún ekki gert það, þá var jafnófyrirgefanlegt og óforsvaranlegt hjá nefndinni að klofna á því stigi málsins, um ekki mikilvægari ágreining.

Því að auk þess, að vera sammála um það atriðið, sem talið er aðalágreiningsatriðið, þá er nefndin líka sammála um rjett á vatni í almenningum og afrjettum. Heldur minni hl. því fram, jafneindregið og meiri hl., að alt slíkt vatn sje ótvírætt alþjóðareign, eins og jeg hefi áður haldið fram. Því óskiljanlegra er það, að nefndin skyldi ekki reyna að sameina sig um einar og samar tillögur í málinu.

Það, sem mest er undir komið í öllu þessu máli, eru lög um, hvernig eigi að hagnýta sjer vatnsorkuna. Aðalatriðið er, að ríkið, þjóðfjelagið, hafi þar tögl og hagldir, hver svo sem telst „eigandi“. Allir nefndarhlutarnir ganga líka út frá því í sjerleyfisfrv. sínum, að ríkið setji þær takmarkanir, er við þykir eiga.

Menn getur vitanlega greint á um það, hvort sjerleyfislög eigi að setja, en sjeu menn ásáttir um það, þá verður aðalviðfangsefnið að ræða um, hvernig haga skuli sjerleyfislögum í þessu landi. En um sjálf vatnalögin finst mjer óþarfi að tala. Þetta mál er svo umfangsmikið, að ekki má kasta til þess höndunum eða rasa þar fyrir ráð fram. Að sjálfsögðu væri best, að það yrði ekki útkljáð á þessu þingi, því að öll þjóðin verður að hafa íhlutun um það. Frá mínu sjónarmiði horfir svo við, að ekki geti verið að ræða um ótakmarkaðan eignarrjett einstaklinga, og er jeg þar með ýmsum athugasemdum meiri hl. En nú er ekki svo fyrir að þakka, að það sjeu tómir einstaklingar, sem hafa bruðlað út fossum og vatni landsins, heldur líka heilir hreppar og sýslufjelög. Ef fje var í boði, hafa þau selt alt, sem þau hafa getað, og meira til. En þegar hjer eiga nú hlut að máli heilar sveitir og hjeruð, þá er ilt til þess að vita, ef þau þyrftu að verða gjaldþrota fyrir þessa bruðlun. En svo færi, ef hrepparnir væru búnir að eyða kaupfjenu og rifting yrði á sölunni og skaðabætur kæmu fyrir. En til þess á alls ekki að koma að mínu áliti, hvað bygðavatnsföll snertir. Hafi kaupendur tekið fullan eignarrjett hlutaðeiganda trúanlegan, er þeir keyptu, má segja, að það sje þeirra sök, og sama verður þá að segja um seljendur. Mjer er ekki kunnugt um álit meiri hl. á þessu atriði, söluriftingu, en þetta er mín skoðun. Rifting á gerðum kaupum á bygðavötnum þarf ekki endilega að eiga sjer stað, hver sem niðurstaðan verður. En öðru máli er að gegna með vatn í afrjettum. Þar hafa einstaklingarnir aldrei neinn rjett haft slíkan, og þar verða þeir, sem selt hafa, að svara til sakar, þar verður að fara fram rifting og dómstólarnir að dæma.

Þess væri óskandi, að heppileg leið fyndist út úr þessu máli, og að því yrði unnið með alvöru og í friðsemd að finna þá leið. En það er ekki heppilegt eða vel við eigandi að gera þetta mál að flokksmáli, eins og byrjað hefir verið á, og nota það til æsinga, eins og málgagn einnar flokksklíku hefir látið sjer sæma. Þar hefir verið talað um „vatnsrán“, að meiri hl. nefndarinnar vilji láta ræna bændur bæjarlæknum o. s. frv., og þó er öll nefndin sammála um, að bæjarlækurinn, og meira til, sje þó að minsta kosti ótvírætt til einkaafnota, óaðspurt, og til einkaumráða þeim, sem landið eiga, sem hann rennur um. Það, sem um er að ræða hvernig fara eigi með, er sú vatnsorkan, sem fram yfir er fullar þarfir landeigenda, hversu víðtækar sem eru. Um það þarf sjerstaka löggjöf, og er jeg þá aftur kominn að sjerleyfislögunum, sem jeg mintist á áðan. Mjer fellur illa að heyra þær dylgjur, sem svo mjög hafa gert vart við sig í þessu máli. bæði í nefndaráliti minni hl. og í ræðu hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Mjer fanst ræða hv. frsm. meiri hl. (B. J.) mjög hógvær, og gaf hún ekki tilefni til slíks.

Að lokum vil jeg beina þeim tilmælum til hv. nefndar, að flýta sem mest fyrir því, að fram komi öll gögn í málinu, svo þm. geti notað þau til að átta sig sem best á öllum málavöxtum, áður en þeir taki ákveðna afstöðu til þess.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það eru að eins tvö atriði, sem jeg, að gefnu tilefni, vildi minnast á og leiðrjetta.

Stjórnin sjálf gat ekki lagt vatnafrv. fyrir þingið, því að öll gögn fossanefndar komu svo seint fram, að stjórnin hafði ekki nokkurn tíma til að kynna sjer málið, enda ætti það ekki að skifta svo miklu máli, hver ber fram frv., og ætti því eins að nægja, þó að þau komi ekki frá stjórninni.

Síðara atriðið kom fram í ræðu hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Hann taldi líklegt, að það hefði verið að fyrirmælum stjórnarinnar, að nefndarálit minni hl. var birt í „Timanum", en kvaðst þó ekki vita það. Jeg get borið um, að stjórnin hefir ekki átt minsta þátt í, að nokkuð hafi verið birt um málið. Og mjer er því skyldara að gefa þessar upplýsingar, þar sem nál. fyrst var birt í minu flokksblaði.

Umr. frestað.

Á 9. fundi í Nd., miðvikudaginn 17. júlí, var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 42, 69).

Einar Arnórsson: Jeg hefi ekki hugsað mjer að munnhöggvast mikið eða lengi við hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), út af ræðu hans í gær.

Það voru að eins fáein atriði í henni, sem jeg ætla að gera athugasemdir við.

Hv. þm. Dala. (B. J.) og sömuleiðis hv. þm. (V.-Sk. (G. Sv.) gátu þess í ræðum sínum í gær, að klofningurinn hefði orðið í fossanefndinni út af hreinum og beinum aukaatriðum. En því mótmælir hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Hann telur það aðalatriði.

Nú hefir nefndin, eins og menn vita, klofnað um það, hvort landeigandi væri eigandi vatnsins. En jeg vil leyfa mjer að kalla þetta „teoretiskt" atriði. — Vil jeg nú fyrst rekja þau atriði, sem nefndin öll er sammála um.

Jeg veit ekki betur en að það sje einróma álit hennar, að vötn utan heimalanda lögbýla heyri undir umráð ríkisins. Ef minni hl. er þar á annari skoðun, þá kemur mjer það alveg á óvart, því um það var öll nefndin sammála, þegar hún klofnaði. Enn fremur veit jeg ekki betur en að samkomulag sje um það, að hverri jörð, eða landareign, fylgi heimild til vatnsnota handa sjer til hverskonar þarfa sinna. Þá er að eins eftir spurningin um þau vatnsnot, sem landareignin ekki þarf með.

Nú veit jeg ekki betur en að bæði í gömlum og nýjum lögum sjeu þau vatnsnot heimiluð öðrum, sem jörðin þarf ekki með sjálf. Má þar til nefna áveitulög bæði yngri og eldri, t. d. Jónsbók, Llb. 22. kap., og vatnsveitulögin frá 22. nóv. 1913, nr. 65. Námulögin frá 1909 eru einnig merkileg að því leyti, sem þau taka til vatnsorku. Það atriði, sem ágreiningnum veldur, er því það, hvort landeigandi eigi vatn eða orkunytjar vatns, sem ekki eru nauðsynlegar handa landi hans.

Það er ágreiningsefnið, sem nú hefir verið blásið svona upp. Það er að vísu eðlilegt, þar sem það snertir hagsmuni nokkurra manna. En annað mál er það, hvort það skiftir svo miklu máli hagsmunalega, þegar alt er krufið til mergjar. Það fer eftir því, hvers virði vötnin, eða öllu heldur vatnsorkan, verða í framtíðinni, en það er aftur undir því komið, hvaða stefna verður tekin af löggjöfinni um sjerleyfi og sjerleyfaveitingar. — Jeg býst við, að allir skilji, hvað í þessu orði felst, þótt það sje nýtt orð í málinu.

Ef sú stefna yrði nú efst á baugi, að hverjum, sem hafa vildi, yrði veitt sjerleyfi til að virkja vatn, þá myndu þeir

ekki þurfa að kvarta, sem þegar hafa fengið vatnsnytjar á hendur sínar. Þeir myndu þá auðvitað ganga fyrir með að virkja þau vatnsföll, sem þeir hafa náð tangarhaldi á, og sama er að segja um þá, sem hvorki hafa selt nje leigt nú. En hverfi nú orkunytjar vatnsins undir umráð ríkisins, þá geta þeir hvorki selt nje leigt, sem eiga það ógert, og gæti þá komið fram misrjetti nokkurt, en þó ekki í stórum stíl, þar sem svo er komið, að öll hin stærri orkuvötn eru komin á hendur einstakra manna og fjelaga. Það eru því ekki eftir nema óálitlegri vötnin, sem bíða mundu marga mannsaldra, ef tekin væru til virkjunar öll stærri vötnin, sem nýtileg eru.

Það getur verið, að til sjeu einhverjar smásprænur óseldar, sem menn myndu renna hýrum augum til, ef veitt yrðu sjerleyfi í stórum stíl og ótakmarkað.

En nú mun nefndin öll sammála um það, að slíkt komi ekki til mála, heldur sje sjálfsagt að gæta þar hinnar mestu varúðar. Og jeg hefi hjer fyrir framan mig álit hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), þar sem hann rjettilega tekur þetta fram, að gæta verði hinnar mestu varúðar í veitingu sjerleyfa. Talar hann þar um málið frá því sjónarmiði, að stóriðjan mundi draga verkalýðinn frá öðrum atvinnuvegum landsins, sem ekki mega neinn vinnukraft missa.

Enn fremur bendir hann rjettilega á það, að annars vegar yrði að flytja inn í landið útlendan verkalýð, og tekur hann þar fram hættu þá, sem af slíkum innflutningi stafar, bæði fyrir tungu þjóðarinnar, siðferði o. fl.

Ef maður má ráða af þessu áliti hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), þá getur það ekki orkað tvímælis, að hann er á sama máli og hv. meiri hl. um það, að ekki sje gerlegt að veita nokkrum einstaklingi eða fjelagi sjerleyfi til vatnsvirkjunar í stórum stíl. En ef sú stefna nær fram að ganga, að veita engin, eða mjög fá, sjerleyfi, og alt útlit er fyrir, að svo verði, ef hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) og hv. þm. Dala. (B. J.) fá að ráða, þá er það gefið, að seld og óseld vötn renna frá fjalli til fjöru, eins og þau hafa áður gert, um ófyrirsjáanlegan tíma, því að þó gera megi ráð fyrir nokkurri fólksfjölgun, þá verður hún aldrei svo ör, að hægt sje að veita sjerleyfi með það fyrir augum, að nægur vinnukraftur sje til meðal landsmanna. Mjer er því spurn, hvers virði er þessi vatnsorka, sem enginn fær leyfi til að virkja? Og þótt hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) haldi fast fram þeirri skoðun, að einstaklingarnir eigi vatnið, þá dylst honum þó ekki, að hið opinbera löggjafarvald getur sett þær reglur um vatnið, er því býður við að horfa, og fram hjá því verður ekki farið, ef nota á vatnið til stóriðnaðar, eða annara stórfyrirtækja. Og það getur verið svo geysileg atmörkun í reglum hins opinbera, að þó að það á pappírnum viðurkendi eignarrjettinn, þá væri sú viðurkenning einskis virði, eða með öðrum orðum, það tæki það með annari hendinni, sem það gæfi með hinni. Það væri sama og sagt væri við mann: „Þú átt vatnið, en mátt ekki nota það“, eða eins og menn sögðu við bóndann: „Þú átt jörðina, en mátt ekki rækta hana.“ Ef þessi stefna verður því tekin upp, er það auðsjeð, að þau vötn, er seld hafa verið, verða verðlaus, og þau, er ekki hafa verið seld, verða óseljandi og óleigjandi, og því einnig verðlaus. Þau verða því eng-

an veginn verðminni heldur en þótt landið tæki eignarrjettinn í sinar hendur. Ef því stefnan um algert bann gegn sjerleyfum, eða stórfeldar takmarkanir á veitingu þeirra, sem stafar fyrst og fremst hættunni, sem leiðir af of örum innflutningi útlendinga, og í öðru lagi af hættunni, sem vofir yfir öðrum atvinnuvegum landsins, sökum verkamannaeklu, þá virðist mjer spurningin um eignarrjettinn vera algert aukaatriði.

Þá vil jeg minnast nokkru nánar á nefndarálit hv. minni hl. (Sv. Ó.). Jeg hefi drepið nokkuð á hinar almennu athugasemdir hans á bls. VIII, IX og X, en mjer finst þær stinga nokkuð í stúf við skoðanir hv. þm. (Sv. Ó.), þegar hann fer að tala um einu leyfisbeiðnina, sem komið hefir til fossanefndarinnar. Jeg á við beiðnina frá fossafjelaginu „Titan", sem fer fram á að fá sjerleyfi til að virkja alla Þjórsá í 15 ár, en úr þeirri á er hægt að vinna alt að 1000000 hestafla. Hv. minni hl. (Sv. Ó.) telur að vísu ekki gerlegt að veita leyfið eins og um er beðið, en hann álitur ekki frágangssök að leyfa fjelaginu að virkja Urriðafoss og Hestafoss, er hafa til samans 140—150 þús. hestorkur. Minnir mig, að háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) vilji leyfa fjelaginu að hafa fullvirkjað fossa þessa innan 5 ára. Eftir reikningi þessa fjelags þarf það að hafa þegar í þjónustu sinni 2000—3000 verkamenn. Gera má ráð fyrir, að hver þessara verkamanna hafi 5 manns í fjölskyldu, og yrðu það þá um 10000—11000 útlendir verkamenn, sem inn yrðu að flytjast á þessum 5 árum. Jeg veit að vísu ekki um mælikvarða hv. þm. (Sv. Ó.) á því, hvað hann álitur óhætt vera að margir útlendingar flytjist inn á einn stað á sama tíma, en hvað sem því líður, þá kemur þetta algerlega í bága við aðrar athugasemdir hans. Sennilega hefir hann ekki athugað nógu gaumgæfilega, hversu mikinn vinnukraft þyrfti til að virkja þessa tvo fossa.

Þá vil jeg víkja nokkuð að eignarrjettinum.

Þó einhver þjóð hafi viðurkent eignarrjett einstaklinganna á vatni, þá tíðkast nú víða sú stefna, að virkjuð vötn falla eftir vissan áratíma undir ríkið. Þessa reglu hafa þær þjóðir tekið upp, sem áður hafa „forskrifað sig", t. d. Norðmenn, því nú eru þeir ekki fáir þar í landi, sem farnir eru að sjá, hver hætta stafaði af að viðurkenna eignarrjett einstaklinganna á vatni, eins og þar var gert með lögunum 1. júní 1887.

Þótt hv. minni hl. vitni mikið í Norðmenn í þessum efnum, sínu máli til stuðnings, þá vil jeg láta hann vita, að í Noregi var lítið rannsakað, hvað draga mætti út úr fornum lögum um þessi efni, enda eru gömul lög Norðmanna um þessi efni miklu órækilegri en Grágás og Jónsbók. Þá spurði hv. minni hl. að því, hvað ætti að gera, ef þessi eignarrjettur væri ekki viðurkendur, og tók það dæmi, að ef einhver kæmi til manns og heimtaði land af honum, þá yrði það álitið rán og óhæfa. Jeg skal játa, að til eru þeir menn í landinu, en það er ekki meiri hl. fossanefndarinnar, sem halda því fram, að í raun og veru eigi eignarrjetturinn ekki að vera til. Þetta eru þeir menn, sem standa fyrir tímariti, sem gefið er út í Norðurlandi og nefnist „Rjettur". Þessir menn telja hjer fyrir fólki trú Henry Georges, sem kendi, að taka bæri grunnrentu undir ríkið af öllum landeignum. Vill „Rjettur" þeirra fjelaga leggja fyrst lágan skatt á eignirnar, en smáhækka hann svo, þar til jörðin er orðin einskis virði og falli

þannig undir ríkið. Og mjer er nær að halda, að þessir menn standi ekki mjög fjarri hv. minni hl. (Sv. Ó.), heldur sjeu flokksbræður hans, eða að minsta kosti munu sumir þeirra ætla að bjóða sig til þings upp á stefnuskrá flokks þess, er hann tilheyrir, og þar með þessa „grunnrentu"-kenningu. Jeg veit reyndar ekki með vissu, hvort hv. þm. (Sv. Ó.) er sammála þessum mönnum, en þó finst mjer það ekki vera ólíkt gáfnafari hans, að hann geti sætt sig við það, að menn með tímanum missa j a r ð i r sínar, en halda eignarrjetti sínum yfir v a t n i n u.

Þá var minst á það, hvernig á því stæði, að greinargerð væri ekki enn komin með frv. þessum, en því hefir háttv. flm. (B. J.) svarað, svo jeg get leitt það hjá mjer að mestu. Þó vil jeg láta þess getið, að það er að mestu leyti sök hv. minni hl., því verkið gekk mjög seint, er nefndin var öll saman, því að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) tafði allmikið verk nefndarinnar með litilsverðum og einatt fráleitum athugasemdum sínum.

Þá fann hv. þm. (Sv. Ó.) að því, að frágangurinn á frv. meiri hl. væri mjög slæmur. Hafði hann það aðallega út á hann að setja, að málsgreinar í grein hverri væru tölusettar og undirskiftingarnar merktar a, b, c, o. s. frv. Það hafði jeg aldrei haldið, að nokkur þm. áfeldi okkur fyrir þetta, því jeg hefi altaf vitað það talinn kost á lögum, að skiftingar allar væru sem greinilegastar, svo hægt væri að átta sig á þeim fljótlega. En auðvitað er það mikið leiðinlegt, úr því svona illa tókst til, að þeir menn, er voru með mjer við samningu frv., þeir hv. 6. landsk. þm. (G. B.), hv. þm. Dala. (B. J.) og verkfr. Jón Þorláksson, skyldu ekki hafa fengið að sitja altaf við fætur meistarans úr Firði, svo að þeir hefðu getað lært að semja lýtalaust frv. af honum.

Jeg skal taka það fram, að jeg hefi ekki viljað fara út í eignarrjettarspursmálið á þessu stigi málsins, því jeg geri ráð fyrir, að meiri hl. hv. þm. hafi ekki enn kynt sjer nógu vel ritgerðir bæði meiri og minni hl. nefndarinnar, því að skamt er síðan þær komu fram. Umræður um það efni eiga líka betur heima við 2. umr. eða frh. 1. umr.

Sveinn Ólafsson: Er jeg hefi nú hlýtt á ræður manna hjer, flýgur mjer í hug etning Skarphjeðins: „Mikils þótti þeim þá við þurfa". Þrír af mestu málskrafsmönnum hv. deildar hafa risið upp og mótmælt því, sem jeg sagði í ræðu minni í gær um vatnalagafrv. meiri hl.

Einn þeirra reyndi aðallega að sýna fram á, að jeg hefði haldið mjer við aukaatriði, en ekki aðalatriði í þessu máli, og hefði þetta aukaatriði valdið klofningi fossanefndarinnar. Það skal hjer fram tekið út af þessari freklegu fullyrðingu hans, að ósamkvæmni um þetta kemur glögglega fram hjá þessum hv. mótstöðumönnum mínum.

Hv. frsm. meiri hl. (B. J.) sagði í framsöguræðu sinni: „Ef nú eignarrjettur einstaklingsins yfir vatninu er löglega viðurkendur, þá snarar ríkið frá sjer sínum rjetti til hans." Og hv. þm. (B. J.) virtist telja slíkt hættulegt. Hann virðist því kominn býsna nærri þeirri ályktun, að um rótnæman ágreining eða mismun sje að ræða. Eftir frv. minni hl. er rjettur einstaklingsins viðurkendur, en eftir frv. meiri hl. ekki viðurkendur. Annars er það fráleitt, að jeg áliti tilvitnuð orð hans rjett, að eitthvað nýtt væri skeð, ef rjettur landeigenda væri viðurkendur, því þessi rjettur einstaklinganna hefir verið við-

kendur hjer á landi frá því lög voru fyrst sett landsmönnum, og frv. minni hl. er beint framhald þeirrar lagasetningar, sem hjer hefir jafnan gilt um yfirráð vatnsins.

Þá vil jeg snúa mjer að hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Mjer fanst hann vera að gefa mjer olnbogaskot í ræðu sinni í gær, en gafst ekki færi á að svara honum þá. Hann vítti það mjög harðlega, að jeg hefði leyft ákveðnu blaði að birta till. minni hl., áður en meiri hl. gat birt sínar, og hann gaf jafnvel í skyn, að þessi birting hefði gengið á undan afhending álitsins til stjórnarinnar. Þetta taldi hann mestu ósvinnu og velsæmisbrot.

Það er nú eigi alveg spánnýtt að heyra þetta í ræðu eða riti hjer um slóðir, en um hitt er eigi hirt, þótt öll atvik að þessu sjeu rangfærð.

Jeg verð því fyrst og fremst að geta þess, að minni hl. fossanefndar afhenti stjórninni álit sitt 14. apríl með vatnalagafrv. og greinargerð, og að jeg afhenti mitt sjerstaka álit 19. apríl með sjerleyfislagafrv. og greinargerð, jafnframt og jeg sagði upp störfum í fossanefndinni.

Minni hl. hafði þá eigi komist að prentun á skjölum sínum vegna prentunar á frv meiri hl., sem stjórnin fjekk um sömu mundir. Stjórnin sá sjer eigi fært að taka frv. til flutnings, og var með því svo gott sem ákveðið, að þau skyldu verða þingmannafrv.

Við minni hl. menn töldum okkur því hafa fulla heimild til að auglýsa öðrum niðurstöður okkar, og það því fremur, sem einn af meiri hl., hv. þm. Dala. (B. J.), hafði þá löngu látið sjerprenta til útbýtingar og útbýtt ritgerð sinni úr áliti meiri hl. um eignarrjett að vatni. Hjer var því vandalaus eftirleikur og auðsætt, að ef nokkur hefir brotið hjer velsæmisreglur, þá er það hv. þm. Dala. (B. J.), sem ríður þar á vaðið.

Annars er alt þetta skraf um velsæmisbrot hjegóminn einber. Þjóðin átti heimting á að sjá niðurstöður af starfi nefndarinnar svo fljótt, sem verða mátti, og það var hrein og bein ósvinna við hana að fela nefndarálitið í skúmaskotum fram til þings. — Um þetta virtist líka hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) mjer samdóma á vorþinginu 1918, því þá vítti hann mjög harðlega seinlæti fossanefndar í að birta almenningi niðurstöður rannsóknanna.

Jeg get að mestu gengið fram hjá þeim ógeðslegu ummælum hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), sem fjellu hjer í gær um framliðinn mann, en illa snertu þau mig og óverðskulduð tel jeg þau verið hafa. (G. Sv.: Hver var það?). Hv. þm. vissi í gær, hver það var, og hlýtur í dag að muna svo langt.

Þá lagði hv. þm. A.-Sk. (G. Sv.) mikla áherslu á það, að ágreiningur milli meiri og minni hl. fossanefndar væri nær enginn, og vildi sanna þá kenningu með því, að báðir nefndarhlutar væru sammála um rjett ríkisins til vatns í öræfum og almenningsafrjettum.

En þetta sannar einmitt það, sem minni hl. heldur fram, að vatnsrjettindin fylgja ávalt landinu, hvort heldur einstaklingar eiga landið eða ríkið, og enginn getur efast um, að ríkið eigi það land, sem enginn einstaklingur getur helgað sjer.

Þá þótti mjer undarlega við bregða, er hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) fór að bera saman ákvæði vissra greina í frv. meiri og minni hl. og komst að þeirri niðurstöðu, að 2. gr. í frv. meiri hl. og 2. gr. í frv. minni hl. segðu báðar það sama. Jeg vil svara þessu með því, að

biðja menn að lesa greinarnar saman. Að mínu áliti segir 2. gr. í frv. meiri hl. e k k i n e i t t. Hún tekur það eitt fram, að hver megi hagnýta sjer vatn eftir því, sem lög standa til, og er það víst ekki meira en hver maður vissi áður. Hins vegar markar 2. gr. hjá minni hl. glögglega rjett landareignar til þess vatns, sem á henni er. Þetta geta hv. þm. sjálfir sjeð og athugað, og þýðir ekki að þræta um slíkt.

Annars langar mig til að benda á eitt atriði, sem ekki kom fram við umr. í gær. En það sýnir, að öll nefndin var á líkri leið framan af, sem minni hl. er nú. Í marsmánuði 1918 tilkynti nefndin stjórninni, að hún teldi vatnsrjettindi í öræfum og almenningsafrjettum ríkiseign, og því óheimil sala á þeim. Stjórnin tilkynti síðan sýslumönnum um land alt, að ríkið gerði kröfu til þessara vatnarjettinda. Af þessu er það ljóst, að nefndin hefir öll verið sammála fram í marsmánuð 1918 um þann sjerstaka rjett ríkisins til vatns á þessum svæðum, en í því liggur eftir andstöðuályktuninni, að hún hafi ekki talið ríkið eiga vatnsrjettindin á löndum einstakra manna.

Þá vil jeg leyfa mjer að víkja nokkrum orðum að ræðu háttv. 2. þm. Árn. (E. A.). Það var reyndar ekki ýkja margt í ræðu hans, sem jeg finn ástæðu til að athuga. Hann var tiltölulega hógvær, enda hafði jeg ekki gefið honum neina ástæðu til stóryrða. Samt var ýmislegt í ræðu hans ekki rjett. Hann sagði t. d., að meiri og minni hl. nefndarinnar hefði verið sammála um, að ríkið ætti vatn alt utan heimalanda lögbýla. Hjer ruglar hv. ræðumaður (E. A.) saman landareign og heimalandi lögbýlis, svo sem gert er í 17. gr. vatnalagafrv. meiri hl. Heimaland er sá hluti landareignar, sem búsmali gengur í, og getur á stórum jörðum verið meiri hl. landareignar. (E. A.: Þetta er deila um orð. Jeg nefndi landareign). Jeg get eigi gert að því, þótt hv. þm. (E. A.) misskildi orðið h e i m a l a n d, en jeg tók þetta fram, af því að minni hl. hefir alls eigi ruglað saman heimalandi og landareign, eins og hv. þm. (E. A.) gaf í skyn. Minni hl. hefir altaf talið, að jarðeigandinn ætti vatn út að landamerkjum, en ekki eingöngu í heimahögum.

Háttv. ræðumaður (E. A.) vildi og halda því fram, að það skifti litlu máli í raun og veru, hvort viðurkenning eignarrjettar einstaklinga á vatninu yrði ofan á eða ekki, því helstu fallvötn væru komin úr höndum eigendanna. Þetta er ekki rjett. Sum helstu fallvötnin eru enn þá óseld, t. d. Lagarfljót og Botnsá í Hvalfirði, auk fjölda annara vatnsfalla sunnan og austan á landinu og víðar. Og margar ár eru enn órannsakaðar.

Hv. þm. (E. A.) og þm. Dala. (B. J.) vildu og leiða rök að því, að við værum sammála að því er sjerleyfislöggjöfina snerti. Jeg get með sanni sagt, að mjer væri það mikið gleðiefni, ef við gætum orðið þar sammála. En jeg er því miður hræddur um, að okkur greini töluvert á í því efni. Á það benda ummæli hv. 2. þm. Árn. (E. A.). Jeg vissi vel, að þau áttu að skiljast sem sneið til mín um það, að jeg hefði rekið erindi fossafjelagsins Titan. Jeg tek mjer ekki slíka títuprjónastingi nærri. Jeg vil um það benda á svar mitt við þingsál. frá 15. sept. 1917, um skipun fossanefndar, sem lesa má á bls. VI til XI í nefndaráliti minni hl.

Hlutafjelagið Titan hefir sótt um leyfi til þess að virkja alla Þjórsá. — Jeg hefi í tilvitnuðu nál. lagt á móti

slíkri virkjun, og lagt áherslu á, að slík virkjun, — ef Alþingi vildi leyfa hana, — mætti ekki ná lengra en að tveim neðstu fossunum árinnar. Auk þess hefi jeg lagt til, að margfalt harðari sjerleyfisskilyrðum yrði beitt en fjelagið fer fram á, og undanþágukröfum þess um skattgjald að litlu eða engu sint. Og þetta ætti þá að vera að draga taum fjelagsins. (**B. J.**: Jeg var einmitt að reikna, hversu mikinn mannafla þyrfti til þess að virkja þessa tvo fossa). Jeg skal ekki rekja þann reikning að þessu sinni. Jeg geri ráð fyrir, að við reiknum þar ef til vill báðir með röngum tölum. En um þá ljelegu vörn fyrir slæmum málstað, sem mótstöðumennirnir þykjast hafa í því, að væna mig um erindisrekstur fyrir útlent fossafjelag, get jeg að öðru leyti sagt það, að jeg læt slíkt inn um annað eyrað og út um hitt. Veit, að öllu voru sjálfstæði og menningu er óhætt fyrir útlendum áhrifum, ef enginn stendur nær fossafjelögunum útlendu af nefndarmönnunum en jeg.

Þá vil jeg athuga ofurlítið atriði, sem kom fram í ræðu hv. þm. Dala. (B. J.) í gær. Það eru hin svo nefndu missmíði á fossalöggjöf Norðmanna. Hann hjelt því fram, að viðurkenningin í fossalögum þeirra frá 1887 á eignarrjetti einstaklings á fossum stafaði af fljótfærnislegri slysni, sem nú væri verið að reyna að kippa í lag. En þetta er alls ekki rjett. Vatnalög Norðmanna frá 1887 voru bygð á ítarlegri og langvinnri rannsókn færustu manna þeirra um sögulega og lagalega undirstöðu þessara laga. Og þessi „slysni“ á sjer því engan stað. Hið sama hefir þá og hent Svía og Finna, því að einnig þeir viðurkenna eignarumráð landeigenda að vatni, og sama má segja um flestar germanskar þjóðir sunnar í álfunni, að þær viðurkenna þennan rjett að meira leyti eða minna.

Þá var hv. 2. þm. Árn. (E. A.) að gera tilraun til að strá sandi í augu mönnum með því að bregða mjer um bandalag við hina svo nefndu „Georgista“. Þetta kemur reyndar harla lítið við fossamálinu, enda get jeg ekki skilið það sem brigsl í minn garð. (**B. J.**: Þetta var spurning). Nú, ef það er spurning, hefir hún auðvitað verið borin fram af góðgirni og einlægni, og þá sjálfsagt að svara henni líkt. Jeg verð að kannast við, að jeg er harla ófróður um kenningar þessara „Georgista“, og mun þó einhvern tíma hafa lesið eitt hefti af „Rjetti“ eða svo, þar sem hreyft er við þeirri kenningu. (**E. A.**: Var gaman að lesa það?). En það mun sjást við kosningarnar í haust, hvar þessir „Rjettar“-menn standa í fossamálinu. Annars vegar liggur mjer í ljettu rúmi, þótt hv. þm. (E. A.) vilji bendla mig við jafnaðarmenn eða „Georgista“. Það er alveg ósjeð, hvor okkar sækir meira eftir hylli þeirra. — Jeg býst við, að fleiri æski að taka til máls, og skal því ekki fjölyrða um þetta frekar.

Bjarni Jónsson: Jeg vil í þetta sinn leyfa mjer að leiðrjetta ýmislegt, sem „fossanefndarmaður minni hl.“ (Sv. Ó.) sagði.

Fyrst er að geta þess, sem hv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir sýnt áður að ekki er á rökum bygt hjá ræðum. (Sv. Ó.), að frv. meiri hl. sje óljóst að orðalagi og grautarlegt að greinaskipun og tölusetningu. Jeg hygg flesta munu fallast á það, sem hv. 2. þm. Árn. (E. A.) benti á, að auðveldara sje að átta sig á efninu, þegar það er greint nákvæmlega í sundur í undirgreinar, heldur en ef les-

andinn þyrfti að leita í löngum greinum að mismunandi efni, enda bendir hitt til, að lagasmiðurinn skilji eigi sína eigin smíð.

Þá talaði hann um erfðakenninguna hjá nágrannaþjóðunum í gær, og kom að því aftur nú, er Norðmenn gáfu einstaklingunum eignarrjett yfir vatninu árið 1887. Hann vildi halda því fram, að hv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefði farið út á villigötur, er hann hjelt fram yfirráðarjetti ríkisins yfir vatnsaflinu. — Hv. ræðumanni (Sv. Ó.) ætti þó að vera kunnugt um, að hv. 2. þm. Árn. (E. A.) stendur ekki einn uppi með þessa skoðun. Hann getur vafalaust rekið sig á erlenda vísindamenn, sem hafa haldið fram sömu skoðun, t. d. norska lögfræðinginn Scheel og Gjelsvik ríkisrjettarfræðing. En þar sem hv. þm. (Sv. Ó.) sagði, að bestu menn hefðu komist að þeirri niðurstöðu, að vatnsaflið væri einstakra manna eign, þá er það ekki rjett, því að ýmsir mjög merkir vísindamenn hafa haldið fram gagnstæðri skoðun. En það, sem skar úr eignarrjettardeilunni í Noregi, voru eiginhagsmunir einstakra manna, sem skorti þekkingu til að greina þar rjett frá röngu, og vildu sjálfir verða eigendur vatnsins. Það er því að villa mönnum sjónir, að halda þeirri skoðun til streitu, að vatnalög Norðmanna frá 1887 sjeu að eins endurtekning frá eldri lögum. Norsk forn lög eru ekki svo frábrugðin íslenskum fornlögum, að hægt sje að byggja slíkt á þeim í þessu efni. En jafnvel þótt slíka skoðun mætti með rjettu byggja á fornum lögum Norðmanna, þá væri þó eigi sjálfsagt að svo væri hjer. Því að íslensk lög hin fornu eru miklu nákvæmari en hin norsku um vatnsnytjar. Sjest það best, ef saman eru bornar Grágás, Hákonarbók eða Járnsíða og Jónsbók. Í Grágás eru allnákvæm ákvæði um þessa hluti, en Járnsíða er samhljóða norskum lögum þess tíma og miklu ónákvæmari en Grágás. Þessu vildu Íslendingar ekki una og tóku ákvæðin aftur upp í Jónsbók.

Hv. ræðumaður (Sv. Ó.) gat og þess, að meiri hl. fossanefndar ætlaði landeigandanum ekki nema 200 hestorkur. Þennan hestorkufjölda áleit meiri hl. nægilega háan. Það er álit allra, að 1 hestorka dugi á mann til heimilisnotkunar. 200 hestorkur eru því 10 sinnum yfir þann hestorkufjölda, sem sveitarheimili með 20 manns þyrfti til notkunar. Samt heldur hv. þm. (Sv. Ó.) því fram, að 200 hestorkur nægi ekki til heimilisnotkunar. Hann getur reynt að telja sjálfum sjer trú um slíka fjarstæðu, en hann fær aldrei neinn í lið með sjer, sem veit betur.

Jeg vísa þeirri ásökun frá mjer, að rannsókn mín á eignarrjetti vatns hafi miðað að því, að losa um fallvötn, sem þegar eru seld. Fyrir mjer hefir að eins vakað að skilja lögin rjett og finna sannleikann í málinu. Spurningin um sölu fallvatna var mjer óviðkomandi á því stigi málsins. Ef jeg hefði verið fosseigandi og selt foss minn, mundi jeg hafa skammast mín og skilað aftur andvirðinu. Og ef jeg hefði keypt fossinn, mundi jeg hafa skilað honum aftur. Alþingi sker eigi úr málum milli seljanda og kaupanda, heldur dómstólarnir. Og hjer er sem annarsstaðar, að hver á við sinn sala, og gat því eigi komið til neinna mála, að fossanefndin ljeti þessi kaup til sín taka.

Þá gat hv. ræðumaður (Sv. Ó.) þess örjettar, sem kæmi fram í till. meiri

hl., þar sem vatnið væri tekið af fosseigendum, sem hefðu ekki selt fossa sína, en hinir væru látnir sleppa. En þetta er fjarstæða. Rjetturinn verður eigi tekinn af þeim, sem hafa selt fossana, heldur af hinum nýju eigendum, sem þykjast vera. En það kemur málinu ekkert við, hvort þeir hafa öðlast þennan rjett með sölu eða erfðum. Ef eignarrjetturinn verður tekinn af þeim, sem eiga eftir að selja fossana, verður hann og jafnframt tekinn af útlendingum þeim, sem eignast hafa fossa. Hv. þm. (Sv. Ó.) hefir verið í fjórða viðerninu, þegar hann hugsaði þessa röksemdaleiðslu.

Þá átti hann tal við hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) um birtingu málsskjala minni hl. Sagði hann þar, að meiri hl. hefði birt málsskjöl á undan sjer. Hjer hlýtur þm. (Sv. Ó.) að eiga við þau 50 eintök, tök, sem jeg sendi nokkrum vinum mínum hjer heima og erlendis, með þeim skilaboðum, að þeir mættu ekki sýna þau nje birta, heldur bæri að líta á þau sem handrit. Jeg á nokkur eintök eftir enn þá og get með þeim sýnt og sannað, að eintök þau, sem jeg sendi, voru alls ekki látin í því skyni, að dreifa þeim út um land, enda fóru þau ekki nema í einn stað hjer á landi. — Jeg hefi ekki sent nema nokkur eintök á sjerstakan blett landsins. Er hjer því enginn samanburður, og verður hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) því að finna aðrar varnir í þessu máli, ef hann þykist þurfa að verja sig.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hefir nú hvað eftir annað endurtekið, að hann áliti, að vatnsrjettindi fylgi landi, og gerir það í því skyni, að sýna muninn á skoðun meiri og minni hl. En þetta eru vindhögg. Meiri hl. álítur líka, að vatnsrjettindi fylgi landi. Það stendur í íslenskum lögum, og skil jeg ekki, hvi hinn hv. þm. (Sv. Ó.) misminnir svo, að um þetta hafi verið deilt í nefndinni. Nei, það var eignarrjetturinn á vatni, sem deilt var um, en ekki afnotarjetturinn, sá rjettur, að nota vatnið og hafa nytjar þess til heimilisþarfa, svo sem er rjettur til vatnsafls til hitunar og ljósa, rjettur til veiða, áveitu o. s. frv. Það var að eins sagt af meiri hl., að eignarrjetturinn væri í landsins eða einskis höndum, en öll þau rjettindi, sem jeg hjer nefndi, og lög leyfa, eru bundin við landið og eign landeiganda. (Sv. Ó.: Er það í 17., 51. og 54. gr.?). Þetta eru vatnsrjettindin. En hugmyndir hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) eru ekki ljósari en svo um muninn á eignarrjetti og öðrum vatnsrjettindum, að hann hyggur, að öll vatnsrjettindi sjeu eins og samsöm. Hann getur ekki greint eignarrjett frá öðrum vatnsrjettindum. Það er rjett eins og menn eigi sjóinn og önnur veiðivötn, sem þeir mega veiða í, eða eigi loftið, af því að þeir mega skjóta þá fugla, er fljúga um í loftinu yfir landi þeirra. Menn sjá, að slíkt er barnaskapur.

Þá gaf sami hv. nefndarmaður (Sv. Ó.) skýrslu nokkra um störf nefndarinnar, sem ekki er alveg rjett. Það er rjett, að nefndin ritaði stjórnarráðinu og vildi gera tilkall til afrjettarvatns til handa ríkinu. En það er ekki sama sem, að allir hafi verið orðnir sammála um vatn í heimalöndum. Nefndin hafði alls ekki gert úrslitaatkvæði um það. En jeg hafði það mál til meðferðar, og var þá kominn svo langt með þá rannsókn, að jeg vissi þá, hver niðurstaða mín yrði um það atriði. En það varð ekki fyr en seinna, þegar við vissum, hver niðurstaðan var um afrjettina. Svo það er því ekki að tala um, og alls ekki rjett,

að nefndin vissi þá, hver niðurstaðan yrði um heimalöndin, og því síður, að hún væri þá orðin sammála um það. Það atriði varð ekki vitað fyr en hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) klofnaði frá nefndinni og hætti samvinnu við hana út af eignarrjettarákvæðinu, sem hann virðist alls ekki skilja. Hann skilur það ekki, að það er aukaatriði. Um það þarf ekki að fjölyrða. Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir sýnt ljóst og vel, að svo er. Jeg held, að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hafi verið okkur sammála um það í fossanefndinni, að aðalatriðið sje, hvort ríkið vill láta virkja fallvötn sín eða ekki, eða hve mikið. En það hefir hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) aldrei vefengt, að ríkisvaldið hefði rjett til að setja hvaða skorður sem það vill. Mig minnir, að hann vitnaði í sína ágætu vini, Norðmenn, sem iðruðust eftir gjöfina, sem þeir gáfu landeigendum 1887. Þeir settu raunar skorður. Strangari sjerleyfislöggjöf er ekki til. Og loks hafa þeir tekið aftur eignarrjettinn.

Hann mintist og á Mundufjöll og löndin norðan þeirra fjalla, og kvað þau öll sjer sammála. Þó má geta þess, að Prússland hefir ráðið fram úr þessu á sama hátt og Norðmenn. Einstaklingurinn á vatnið. En með lagaákvæðum er eignarrjetturinn svo vendilega tekinn af mönnum, að þeir hafa hans engin not. Í Saxlandi hefir verið farið eins að og meiri hlutinn vill. Hafði komið fram frá stjórninni tillaga um, að ríkið tæki alt vatnið, en þingið vildi láta það vera dómstólamál. Þetta vill meiri hl., að málið verði útkljáð fyrir dómstólum, en reisa í tíma rammar skorður við því, að drepið verði þjóðernið og atvinnuvegir landsins, sem fyrir eru.

Mjer kemur nú að vísu ekki við það, sem hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) mælti til hv. 2. þm. Árn. (E. A.), út af sambandi þm. (Sv. Ó.) við tímaritið „Rjett". En þar sem hann vildi lýsa því yfir ósleitilega, að hann væri ekki í neinu sambandi við jafnaðarmenn og alls óskyldur þeim, þá vil jeg geta þess, að hann hefir þó verið í bandalagi við þá. Það var því mjög eðlilegt, að háttv. 1. þm. Árn. (E. A.) spyrði, og var alls ekki til að gera hinum hv. þm. (Sv. Ó.) getsakir, heldur til að fá að vita vissu sína. Það er öllum vitað, að eini jafnaðarmaðurinn í þinginu hefir jafnan verið í kosningabandalagi við flokk hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). (G. Sv.: Hann er enginn jafnaðarmaður). Er hann þá ójafnaðarmaður?

Jeg hirði nú ekki að tína til fleira af því, sem hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hefir haldið fram, til að verja veikan málstað. Vil jeg ekki stjaka meir við hrynjandi húsi í þetta sinn.

ATKVGR.

Frv. vísað til fossanefndar (sjá A. bls. 2018) í e. hlj. og umr. frestað.

Áliti samvinnunefndar fossamála um frv. (A. 792) var útbýtt á 63. fundi í Nd., laugardaginn 13. sept., en frv. var ekki framar á dagskrá tekið og varð

ekki útrætt.

---

6. Vatnastjórn.

Á 5. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um vatnastjórn (A. 43).

Á 6. fundi í Nd., laugardaginn 12. júlí, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. júlí, var frv. aftur tekið til 1. u m r. (A. 43, 70).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Nd., fimtudaginn 17. júlí, var frv. enn tekið til 1. u m r. (A. 43, 70).

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg sje ekki, að þörf sje mikillar umr. um þessi síðari mál. Þau eru einskonar fylgifiskar fyrsta frv. Hefi jeg og tekið fram í greinargerðinni í aðalatriðum, hvers vegna lagt er til, að vatnastjórn verði svo sett.

Vil jeg óska, að málinu verði vísað til sömu nefndar.

Sveinn Ólafsson: Mjer finst ekki mikil virðing sýnd svona hátíðlegu frv., ef ekki á að segja meira um það en komið er. Hjer stendur hvorki meira nje minna til en að setja upp sjerstaka stjórnardeild í vatnamálum, og má af því ráða, að meiri hl. ætlast til, að ekki verði kyrt við vötnin. Það virðist nú samt líkt því, sem byrjað sje á neglunni, þegar skip skal smíðað, því að ef þær rætast, spár og óskir hv. flm. (B. J.), að ekkert sje hreyft við virkjun fallvatna til stóriðju, þá virðist þetta tilgangslítið „apparat". En ef stóriðja er tekin upp, þá þarf vatnastjórn að vera til. Við þessu hefir minni hl. sjeð í till. sínum. Hann hugsar sjer vatnastjórn, sem eflst geti eftir þörfinni, og í líkingu við stjórn vegamála og vitamála. Hann hefir ekki hugsað sjer, að sett verði upp slíkt bákn sem þetta. Geri jeg ráð fyrir, að seinlega gangi að skapa þennan vatnaráðherra, og geti því svo farið, að hv. deild veiti frumv. hæga útför, eða lofi því að sofna í nefnd, ef það lendir þangað.

ATKVGR.

Frv. vísað til fossanefndar (sjá A. bls. 2018) í e. hlj. og umr. frestað.

Áliti samvinnunefndar fossamála um frv. (A. 792) var útbýtt á 63. fundi í Nd., laugardaginn 13. sept., en frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

7. Sogsfossarannsóknir.

Á 5. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild handa landsstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna (A. 44).

Á 6. fundi í Nd., laugardaginn 12. júlí, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. júlí, var frv. aftur tekið til 1. u m r. (A. 44, 71).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Nd., fimtudaginn 17.

júlí, var frv. enn tekið til 1. umr. (A. 44, 71).

Flm. (Bjarni Jónsson): Þetta frv. er líka sama sem einn kafli af þessum sama lagabálki, og get jeg því að miklu leyti látið mjer nægja það, sem jeg hefi um heildina sagt í aðalatriðum.

Jeg vil þó að eins geta þess, að þar sem Sogið er auðsjáanlega ódýrast í virkjun, og liggur næst Reykjavík, þá mun líka ódýrast að taka það til notkunar til almennra þarfa, svo sem er ljósa-, hitunar- og smáiðjuþörf. Þess vegna er það skoðun meiri hl., að fyrst sje að rannsaka, hversu til hagar, hve dýr verði virkjun þessa vatnsfalls, hvernig hún muni borga sig, svo að ljós- og hitaþörf landsmanna sje þá fylt betur, og sá vinnukraftur, er þá fæst ódýrari en annars. Þetta þarf alt nákvæmrar rannsóknar við og mælinga. Ekkert má gert fyr en fengin er nákvæm áætlun um virkjun vatnsins og orkuveitur allar, eður þráðlagningar til þeirra staða, sem aflið skal nota. Þetta verður að gera á undan öllum framkvæmdum, og hygg jeg þess vegna alveg nauðsynlegt, að slíkt frv. nái fram að ganga á þessu þingi.

Jeg skal geta þess um leið, að jeg hefi ætíð haft þá skoðun, að aldrei verði tryggilega frá þessu gengið, nema stjórnin fái sjer æfðan verkfræðing til þeirra hluta frá sænsku stjórninni, sem verið hefir við eitthvert fyrirtækja þeirra, sem sænska stjórnin á við Porjus, Elvkarleby og víðar. Á hinum fyrnefnda stað hefir sjerstaklega verið mikið unnið. Er þar tekinn kraftur til að reka járnbrautir í Norrland. Þeir menn, sem að slíkum fyrirtækjum hafa starfað, vita nákvæmlega, til hvers þau geta leitt, og þessir menn geta enga freistingu haft til að segja íslensku stjórninni rangt til. Yrðu henni væntanlega ljeðir menn af vatnastjórninni sænsku (Vattenfallsbestyrelsen), ef þess væri leitað. Það borgar sig vel að gjalda slíkum manni kaup. Hans er brýn þörf, því að hvorki jeg nje hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) erum svo gáfaðir, að geta gefið um þetta fullnægjandi ráð, þótt við höfum verið í þessari fossanefnd. Jeg veit um einn Íslending, sem verið hefir í Svíþjóð og Noregi og starfað við slíkt. Er það ungur gáfumaður, Steingrímur Jónsson, prests í Gaulverjabæ, Steingrímssonar. En jeg myndi telja það heppilegast, að stjórnin hefði á að skipa svo góðum manni og æfðum, sem kostur er á. Þá yrði auðvitað hægara á eftir að taka þá ákvörðun, hvort ríkið skuli virkja þegar, eða ekki.

Annars vænti jeg, að máli þessu verði vísað til sömu nefndar og hinum.

ATKVGR.

Frv. vísað til fossanefndar (sjá A. bls. 2018) í e. hlj. og umr. frestað.

Áliti samvinnunefndar fossamála um frv. (A. 792) var útbýtt á 63. fundi í Nd., laugardaginn 13. sept., en frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

8. Raforkuvirki.

Á 5. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um raforkuvirki (A. 45).

Á 6. fundi í Nd., laugardaginn 12. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr. (A. 45, 72).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Nd., fimtudaginn 17. júlí, var frv. enn tekið til 1. umr. (A. 45, 72).

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg skal vera stuttorður. Get jeg verið það, því að öllum er ljóst, að ef nokkur virki koma upp, sem hafa svo sterka strauma, að mannhætta geti af stafað, þá er allrar varúðar þörf. Í öllum löndum eru lög sem þessi. Þau eru sjálfsagður fylgifiskur raforkuvirkjunar.

Legg jeg til, að frv. sje einnig vísað til sömu nefndar og hinum frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til fossanefndar (sjá A. bls. 2018) í e. hlj. og umr. frestað.

Áliti samvinnunefndar fossamála um frv. (A. 792) var útbýtt á 63. fundi í Nd., laugardaginn 13. sept., en frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

9. Vatnsorkusjerleyfi.

Á 11. fundi í Nd., laugardaginn 19. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um vatnorkusjerleyfi (A. 118).

Á 16. fundi í Nd., föstudaginn 25. júlí, var frv. tekið til 1.. umr.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg skal leyfa mjer að láta fylgja nokkur orð frv. þessu, er við flytjum hjer sessunautarnir (B. J. og E. A.).

Fyrst skal jeg geta þess, að þá er fossanefndin var í utanför sinni síðastliðið sumar, varð jeg svo óheppinn að fá kvefpest þá, er inflúensa nefnist, er við komum í Osló. Gat jeg fyrir þá sök ekki orðið fjelögum mínum samferða, er þeir fóru að skoða fossamannvirki norður í landinu. En það var lán í óláni, að jeg kyntist þar í Osló norskum verkfræðingi, S. Kloumann að nafni. Er það maður, sem unnið hefir við flest fossafyrirtæki í Noregi, og er nú forstöðumaður einnar slíkrar stofnunar vestan til í Noregi; jeg man ekki hvar. Hann hefir stundað og lært þessi fræði og haft atvinnu af þessum rekstri, en hefir jafnan, frá því er fyrst kom til orða að virkja vötn í Noregi, ráðið mönnum til að vera mjög varkárir. Hann hefir sagt mjer, að eftir sinni reynslu, og með tilliti til mismunar á fólksfjölda í Noregi og á Íslandi, þá færi svo, að ef stofnað væri á Íslandi stórfyrirtæki í líkum stíl og í Noregi, þá gætu ekki liðið meira en 10—20 ár þar til Íslendingar hefðu mist öll tök á að halda tungu sinni og þjóðerni, og um íslenska þjóð væri þá eigi lengur að ræða. Þetta sagði hann mjög ótvírætt við mig, í einkasamtali.

Síðan reit hann mjer brjef það, er jeg hefi látið þýða og prenta sem greinargerð með frumvarpi því, er hjer liggur fyrir, og jeg vona, að háttvirtir þingdeildarmenn lesi með athygli. Þótt það sje varkárlega orðað, er þar undir niðri hin sama skoðun sem jeg nú hefi frá skýrt, og hann sagði mjer sjálfur í mjög ótakmörkuðum orðum.

Það er því auðsjeð, að ef við getum fallist á skoðun þessa manns, þá er það ekkert smámál, er um það er að ræða, að virkja mikla vatnsorku á Íslandi. Það er engu minna mál en málið um sjálfstæði Íslands, sem við höfum fengist við undanfarandi ár. Það var að eins barátta fyrir viðurkenningu á sjálfsögðum rjetti, sem við höfum átt. Sú viðurkenning er nú fengin. En það mál gengur ekki eins langt og djúpt og þetta mál, því að það er enn meira, ef umráð þjóðarinnar yfir landinu, þjóðerni hennar og tunga er í veði. Er því ekki hægt að hlaupa að atkvæðagreiðslu um það, rjett eins og um hrossasölu, jafnvel þótt hún geti verið allstórt fjármál. — Það verður ekkert á móti þessu.

En af því að svo er, sem jeg hjer segi um mikilvægi þessa máls, munu allir fallast á, hver nauðsyn það er, að ríkið sjálft hafi alt í hendi sjer, er víkur að stóriðnaði og vatnsorkufyrirtækjum hjer á landi. Hvernig má búast við, ef hagur einstaklinganna er þá meiri, að þeir neiti sjer um stórfje bara af því, að þeir vilja hafa vit fyrir þessari þjóð, öllum landslýð, svo að hún verði ekki yfirbuguð af erlendum innfluttum verkalýð og útlendu auðvaldi? Þess er ekki að vænta af einstökum mönnum, því að þótt menn væru svo þjóðræknir, að þeir vildu þetta gjarnan, og mætti vel vænta þess af mörgum Íslendingi, þá er ekki að búast við, að hver maður, sem umráð hefir fallvatna og vatnsorku, sje svo vitur, að hann þekki hættuna. En miklu fremur má ætla, að ríkið sjálft, stjórn þess og Alþingi, hafi betur vit á þessum hlutum og láti aldrei viðgangast, að hjer sje stofnað fyrirtæki, er haft geti þær afleiðingar, að sú þjóð, sem byggir og bygt hefir þetta land, missi tungu sína og þjóðerni og yfirráð landsins heima fyrir. Mun óhætt mega gera ráð fyrir, að þing og stjórn verði jafnaðarlega svo skipuð, að það verði að minsta kosti miklu óhættara að leggja slík vandamál undir þeirra dóm en einstakra manna. Vilji menn nú draga hjer dæmi til, þá er ekki annað en að líta í skrá þá, er hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hefir samið og prentuð er í nefndaráliti meiri og minni hl. Má þá sjá, hver meðferð hefir verið á vatnsafli landsins undanfarið, og hvort engin ástæða sje til að óttast hættu, ef svo verður fram haldið stefnunni. Öll Þjórsá — milli fjalls og fjöru, miljón hestöfl — seld útlendum mönnum. Öll Hvítá seld, meðan fossanefndin sat á rökstólum, sumpart útlendum mönnum, en sumpart innlendum. Jeg man ekki, hvort eftir er nokkurt vatnsfall, sem virkjandi væri, sunnan lands eða norðan, sem ekki er annað tveggja, selt eða leigt. Sjá því allir, að einstökum mönnum er ekki trúandi fyrir svo miklu afli. Er þess vegna mikil hætta á ferðum þeirri þjóð, sem á mikið afl í sínu landi, en hefir ekki mátt til að nota það. Það getur íslenska þjóðin ekki. Hana vantar vinnukraft. Þótt hún færi öll til og sneri sjer að vatnsvirkjun og stóriðju, annaði hún því ekki að hagnýta sjer alla vatnsorku í landinu. Er því ekki ofmælt það, er jeg segi um hættuna, og heldur ekki ofmælt, að þeir einstak-

ir menn, er þykjast eiga orkuvötnin, eru ekki færir um að gæta hagsmuna landsins, ríkisins og þjóðarinnar í þessu máli.

Virðist þá ekki annað fyrir en að Alþingi setji lög, svo að ríkið hafi í hendi sjer, hvort virkja skuli fallvötn landsins eða ekki, og hve mikið virkja skuli. Þetta er það, sem jeg hefi kallað aðalatriði í þessu máli. Er í því sambandi sama, hvort menn hallast að meiri eða minni hl. fossanefndar um skilning á lögum landsins, hvort einstakir menn eiga vatnsaflið, eða enginn einn maður. Má í báðum tilfellum hafa þá sömu aðferð, að til hverrar vatnsorkuvirkjunar sem er þurfi leyfi ríkisstjórnarinnar, nema um smærri fallvötn og þar, sem sveitarfjelög virkja handa sjálfum sjer, til þess eins, að fullnægja raforkuþörf manna í hjeraðinu. Að öðru leyti gildir sama um alla virkjun í iðnaðarskyni. Allir þurfa að fá leyfi, hvort sem þeir eru innlendir eða útlendir, hvort sem þeir eiga vatn eða ekki.

Þess vegna á að heimila stjórn og þingi í hvert sinn að banna eða leyfa. Til þess eru þessi lög sett um raforkusjerleyfi. Að þessu hnígur það, er jeg sagði fyrir, er þessi mál voru til umr., að fossanefndin hefði ekki klofnað um aðalatriði málsins. Minni hl. hefir í höfuðatriðum lagt til hið sama og meiri hl., enda var háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) okkur sammála um þetta. Hygg jeg, að það reynist eigi vandi að samræma skoðanir meiri hl. og minni hl. um þessa landvörn, sem þarf til þess, að þjóðinni sje óhætt fyrir aðsókn auðmanna og erlendra fjárbrutlsmanna, sem ná vilja tökum á þessum afllindum landsins.

Í þessu sambandi er það aukaatriði, hver vatnsaflið á. En þó getur það atriði haft stór mikla þýðingu. Hugsum oss, að allar sölur á íslensku vatnsafli sje löglegar, og erlendir kaupendur sjeu rjettir eigendur vatnsaflsins, eigi vatnið, engu síður en botn og bakka Segjum svo, að sjerleyfislög nái fram að ganga, og svo skynsamlega sje að farið, að engum sje leyft að setja á stofn stóriðnað, svo neinu nemi. Hvað gera þá þessir erlendu eigendur? Vjer getum vel hugsað oss, að þeir fari til stjórnar sinnar og segi við hana: „Viltu ekki verja mig og rjett minn fyrir þessum ofríkismönnum þar norður á hala veraldar, svo að jeg fái notað mína eign eftir vild".

Nú skyldu menn gera ráð fyrir, að þjóðin væri enn í ófriðarham, og væri þá alls ekki óhugsandi, að hún neyddi íslenska ríkið til að láta sonum sínum þetta í tje. En ef dómstólar eru látnir skera úr, þá þarf þó meiri brjóstheilindi til, ef neyða á þá íslenska ríkið til að brjóta öll sín lög, þau lög, sem gilt hafa síðan þetta land bygðist. Jeg að eins bendi á þetta, svo háttv. þm. sjái, að ekki er vert að gefa einstaklingunum þau rjettindi, sem þeir eiga ekki, eins og minni hl. vill. Og þó að gullið sje ekki mikið í fossunum á þeirra manna mælikvarða, sem stórhuga eru, þá ætti þeim þm., sem ekki tíma að veita fátækum mönnum þúsund króna styrk til nauðsynlegrar mentunar, að hrjósa hugur við að gefa þetta.

Einkum er hjer um bóndans mál og búnaðarins að ræða, því ef virkjun kemst á, þá er það búnaðurinn, sem áreiðanlega verður fyrst fyrir barðinu á stóriðnaðinum. Allir, sem vetlingi valda, mundu hverfa frá bóndanum til að leita sjer atvinnu þar. Og svo mundi eftir 5—10 ára Jörfagleði, meðan ósköpin væru að komast í kring, verða ávöxt-

ur, er einyrkjur þyrftu að hjálpa dætrum sínum til að geyma hans. Mundi því fylgja ógleði nokkur, er landsmenn sæu, að vonirnar um framfarir og hagkvæmari lífsskilyrði af stóriðnaðarins völdum voru tálvonir einar. Iðnrekendur sitja hjer auðvitað að eins meðan þeir eru að græða og hverfa svo heim. Þess vegna skil jeg ekki, að því verði nokkurn tímann komið inn í höfuðið á nokkrum þm. eða nokkrum manni yfirleitt, að stóriðnaður sje hollari landsmönnum en landbúnaður og sjávarútvegur, sjerstaklega í landi eins og Íslandi, sem hefir svo góð fiskimið.

Vona jeg svo, að hv. deild taki frv. vel, því að stefnan í því er rjett og sjálfsögð. Vil jeg leyfa mjer að leggja til, að því verði vísað í hina sömu hv. nefnd, sem hin önnur vatnafrv. hafa farið í.

ATKVGR.

Frv. vísað til fossanefndar (sjá A. bls. 2018) í e. hlj. og umr. frestað.

Áliti meiri hl. samvinnun. fossamála um frv. (A. 792) var útbýtt á 63. fundi í Nd., laugardaginn 13. sept., og áliti minni hl. sömu nefndar (A. 821) á 65. fundi í Nd., þriðjudaginn 16. sept., en frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

10. Hafnarlög fyrir Siglufjörð.

Á 6. fundi í Nd., laugardaginn 12. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Siglufjarðarkauptún, nr. 64, 3. nóv. 1915 (A. 58).

Á 7. fundi í Nd., mánudaginn 14. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Stefán Stefánsson): Það er eftir beinni áskorun þingmálafundar á Siglufirði, að við þm. Eyf. flytjum þetta frv. um breyting á hafnarlögum Siglufjarðar. Að vísu eru lögin að eins 4 ára gömul, og gæti því virst, sem breytingin sje fullsnemma fram borin. En sje nánar athugað, verður það ljóst, að á þessu er hin fylsta nauðsyn. Ástandið er annað og tímarnir gerbreyttir. Lögin eru því nú orðin ófullnægjandi og óviðeigandi, og leiðir af því, að óhjákvæmilegt er að fá þeim komið í það horf, að þau geti náð tilgangi sínum.

Verulegasta breytingin, sem þetta frv. fer fram á, er sú, að framlag landssjóðs til bryggjunnar verði 150 þús. kr., og einnig ætlast til, að ráðuneytinu veitist heimild til að taka ábyrgð á alt að 450 þús. kr. láni til fyrirtækisins. Þetta eru að vísu háar tölur, en þó ekki hærri en svo, að þær eru í fullu samræmi við fyrirmæli núgildandi laga, þar sem alt verðlag er fjórum sinnum hærra nú en þá. Aðrar breytingar, sem frv. hefir í för með sjer, eru að eins sjálfsagðar afleiðingar af lögum um bæjarstjórn á Siglufirði, sem jeg hirði ekki að fara frekar út í við þessa umr.

Á Siglufirði hagar svo til, að öll strandlengjan er leigð einstökum mönnum, og því á þeirra fulla valdi öll not lóðar og bryggju. Enginn getur gengið svo af landi eða á, að ekki þurfi hann yfir þær að fara. Enginn flutt svo nokkuð á skip eða úr, nema að þeirra leyfi komi til. Alt eiga menn

undir náð þeirra og geðþótta. Kaupstaðurinn á hvergi rjett til sjávar, og um veiðitímann, þegar umferðin er mest, þörfin brýnust fyrir almenna umferð og almenn not, þá eru bryggjurnar þjettskipaðar síldarverkunarfólki, síldartunnum og umgirtar skipum. Öll umferð aðkomumanna og afgreiðsla skipa er því af sjálfu sjer bönnuð. Þess vegna hafa strandferðaskipin og önnur flutningaskip þráfaldlega orðið að bíða um lengri tíma eftir afgreiðslu, einstaklingum og útgerðinni til stórtjóns. Aðkomuútgerðarmenn, sem þangað leita um veiðitímann, eiga það alt undir náð þeirra, sem ráð hafa á landi og bryggjum, hvort þeir geti lagt upp afla sinn eða ekki. Úti fyrir Siglufirði eru einhver bestu fiskimið landsins, og þangað leita útgerðarmenn úr flestum sýslum milli Horns og Langaness til fiskiveiða. Siglufjörður er önnur besta höfn Norðurlands, og aðsókn af þessum ástæðum afarmikil og hefir farið stöðugt vaxandi. Baginn, sem af plássleysinu hlýst, verður því altaf meiri og tilfinnanlegri, eftir því sem samgöngur aukast og sjávarútvegurinn er rekinn af meiri dugnaði. Þetta má því engan veginn skoða sem smávægilegan baga fyrir einstaka útvegsmenn, heldur óbeinlínis stórtjón fyrir mikinn hluta norðlenskra útgerðarmanna og þá þjóðfjelagsins í heild sinni. Það má þess vegna ekki eiga sjer stað lengur, að teptur sje aðgangur að bestu fiskistöð landsins, þegar alt útlit er fyrir, að hægt væri að koma í veg fyrir það með tiltölulega vel kleifum kostnaði.

Það hefir verið ætlast til, að bryggjan yrði bygð yst á Siglufjarðareyri, norðan við allar aðrar bryggjur. Fyrir norðan hana yrði svo bygður brimbrjótur, bæði henni til varnar og svo öðrum bryggjum, sem innar eru á eyrinni.

Að í þetta verk hefir enn ekki verið ráðist, má næstum eingöngu kenna dýrtíðinni og þar af leiðandi því mikla fjármagni, sem til þess þarf. Ef verðlag breytist til batnaðar, þótt ekki verði að miklum mun, þá verður að vinda bráðan bug að framkvæmdum í þessu máli.

Þá er að minnast á fjárhagshlið málsins. Mætti ætla, að hún væri ekki sem glæsilegust fyrir landssjóð, eftir þeim háu tölum eða fjárframlagi, sem jeg nefndi. En við athugun sjest, að þetta er ekki einungis brýnt nauðsynjamál fyrir sjávarútveg landsins og sjálfsögð samgöngubót, sem því opinbera er skylt að styrkja, heldur líka til stórhagnaðar fyrir landssjóð, bæjarfjelagið og hafnarsjóð, og í sambandi við það vil jeg benda á, að hafnarnefnd hefir áætlað, hve miklar beinar tekjur bryggjan mundi gefa af sjer árlega. Hún ætlast til, að við bryggjuna geti legið eða rúmast 8 skip, að hún yrði leigð 7 síldveiðiskipum og þau fengju meðalafla. Einnig byggir hún á 50 aura tolli af tunnunni. Með þessu móti reiknast hagnaðurinn um 12 þús. kr. árlega fyrir landssjóð, og nokkru meiri fyrir hafnarsjóð. Menn geta reiknað út hagnaðinn, ef ákvæðið um 4 kr. toll af síldartunnu verður samþ., að þá verður upphæðin allálitleg. En óbeini hagnaðurinn verður ekki talinn í krónum.

Mjer finst svo ekki þörf á að fara fleiri orðum um þetta, en legg til, að málinu verði vísað til samgöngumálanefndar að umr. lokinni.

Einar Arnórsson: Jeg vildi að eins gera þá athugasemd, að samskonar málum hefir áður verið vísað til sjávarút-

vegsnefndar hjer á þingi, og mjer finst rjettast, að svo verði einnig gert í þetta skifti.

Flm. (Stefán Stefánsson): Hjer er um samgöngubót að ræða, og þess vegna á málið að rjettu lagi að ganga til samgöngumálanefndar. Jeg gerði það að till. minni og held við hana.

Einar Arnórsson: Jeg verð þá að gera það að minni till., að það gangi til sjávarútvegsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 2008) með 13 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., B. St., E. A., G. Sv., H. K., J. J., M. G., M. P., Ó. B.
nei: P. O., S. S., St. St., Þorst. J., B. K., E. Árna., J. M., M. Ó.

Fimm þm. (B. Sv., B. J., E. J., J. B. og P. J.) fjarstaddir.

Á 69. fundi í Nd., laugardaginn 20. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 58, n. 909).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

11. Atvinnufrelsi.

Á 8. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um atvinnufrelsi (A. 75).

Á 10. fundi í Nd., föstudaginn 18. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Nd., laugardaginn 19. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Nd., mánudaginn 21. júlí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. júlí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Jónsson): Þetta frv., sem jeg hefi borið hjer fram, er einn af þeim liðum í framkvæmd fullveldisins, sem fjekst viðurkent með sáttmálanum í fyrra, sem með rjettu hefði mátt vænta, að stjórnin hefði frumkvæði um. En af því, að það hefir ekki komið frá henni, hefi jeg sjeð mig tilneyddan að flytja það.

Þegar Ísland nú stendur fyrir heiminum sem viðurkent fullvalda ríki, er litið til þess svo af öðrum þjóðum, að það standi eigin fótum og standi eigi lengur í skjóli Dana. Menn sækja þá þangað án þess að spyrja Dani leyfis til að njóta góðs af kostum landsins. Meðan menn hjeldu, að Danir væru skjól vort og skjöldur, litu menn svo á, að það

væri synd gegn danska ríkinu að leita of mikið hingað. Þessi óbeina vörn er nú horfin, og Íslendingar verða sjálfir að verja sig og rjettindi sín í landinu. Nú mega þeir eigi gleyma kjörorði sínu, einkanlega af því, að rjettur þeirra fjekst ekki viðurkendur ókeypis. Danir hafa hjer enn í 22 ár þann rjett, er þeir hafa notið hjer áður, samkvæmt íslenskum lögum, sem vafasamt verður að telja hvort verið hafi gild, en hafa þó haft fult tog. Kjörorðið er: „Ísland handa Íslendingum". Það má Íslendinga aldrei henda að gleyma því. (B. Sv.: Betra er seint en aldrei). Hvað er það? (B. Sv.: Að þm. Dala. (B. J.) viðurkennir það, sem hann virtist hafa gleymt í fyrra haust). Þegja skyldi þm. (B. Sv.) þeirra orða. Er þá betur, ef jeg fæ óáreittur að mæla með frv. þessu.

Ísland verður að vera handa Íslendingum, eins og jeg sagði áður, er jeg flutti annað frv., sem líka var liður í þessum landvarnaráðstöfunum. Það var frv. til laga um takmarkanir á rjetti til fasteignaráða hjer á landi.

Forðum stöðvaðist þróun þessarar þjóðar fyrir hungur og illa meðferð. Fólkinu hafði fjölgað frá landnámstíð, en nú hrundi það niður, og varð ekki meira en 38 þúsundir manna. En nú er aftur sú öld hafin, er þróunin getur byrjað á ný. Er þá einna mest í það varið, er litið er til framtíðarinnar, að Íslandi sje haldið handa Íslendingum. Öll landsins gæði og máttuleikar til framþróunar verða að geymast trúlega eftirkomendum vorum. Þegar fólkinu fjölgar, verða atvinnuvegir landsins að standa opnir þess eigin börnum. Það er vitanlegt, að fólkið er nú ekki nógu margt. En hættan er sú í landi, sem á góða landkosti, en lítinn vinnukraft, að þangað sæki útlendingar til að reka atvinnu, með líkum hætti og dönskum kaupmönnum hefir verið leyft að hafa hjer verslanir og önnur fyrirtæki, án þess að þeim væri gert að eiga hjer heima. Vilji þessir menn eiga hjer fyrirtæki og græða fje, þá er ekki til ofmikils mælst, þótt þeim sje gert, að þeir skuli eiga hjer heima.

Þetta er nú sú almenna ástæða fyrir frv. þessu. En svo hefi jeg aðra sjerstaka ástæðu, eða öllu heldur tvær. Sú er hin fyrri, að fyrst þessi umskifti urðu í fyrra, er sjálfsagt, að allar afleiðingar þeirra komi fram nú þegar. Og það, sem virðist og viðurkennist rjettmætt, ef gert er þegar, og eigi gæti talist nein móðgun við samningsþjóðina, gæti vakið óhug, ef það væri dregið og horfið að því síðar. Gæti viðureignin harðnað seinna, ef nú væri siglt áfram í sama kjölfari, en þetta tekið upp eftir 5—10 ár eða síðar.

Þegar rætt var um sambandslögin í fyrra, hafði jeg það ætlið til varnar samningunum, að með búsetuskilyrðinu mætti verja landið svo, að eigi yrði til skaða ákvæði 6. gr. sambandsl. Var þetta líka tekið fram af hv. sessunaut mínum (E. A.), og sama höfðum við báðir í nál. meiri hl. Og endirinn varð líka sá, að alt var samþykt á þinginu mótmælalaust, utan mótmæla þess hv. þm. (B. Sv.), er áður tók fram í fyrir mjer. — Hann áleit þetta ákvæði 6. gr. hættulegt. En þingið fjelst alt á fyrnefnda höfuðástæðu gegn mótbárum þeirra, er vildu láta aftur ganga kaupin. En þar sem nú bæði frsm. málsins, nefndin og alt þingið hafa fallist á þetta sem höfuðvörn, svo að óhætt væri að ganga að samningnum, þá liggur í þessari meðferð þingsins á málinu ekki að eins viðurkenning þess, að þetta sje máttuleiki, sje samkv. samingnum leyfilegt, heldur liggur

og þar í loforð til þjóðarinnar, að þessu búsetuskilyrði skuli beitt, jafnskjótt og fullveldið kemst til framkvæmda. Það er fyrirheit þingsins, að það eigi að eins sjái þennan veg, heldur skuli og fara hann. Jeg gat því ekki annað en borið frv. þetta fram, af því að jeg stóð svo sjerstaklega í deilum um þetta atriði í fyrra. Taldi jeg þó sjálfsagt, að stjórnin gerði það.

Jeg skil nú varla, að orðið geti tvær stefnur í þessu máli, því að jeg skil ekki annað en að allir hv. þm. líti svo á, sem þeir hafi í fyrra, með atkvæði sínu um sáttmálann, gefið þjóðinni loforð um að gera búsetu að skilyrði fyrir atvinnurekstri og fasteignaráðum í landinu. Nú myndi enginn undrast, þótt slíkar ráðstafanir yrðu gerðar, en mörgum þætti undarlega við bregða, ef farið væri að breyta til eftir nokkur ár.

Ef nú svo ólíklega fer, að nokkur rísi upp til að mótmæla þessari stefnu, er frv. þetta fylgir fram, þá yrði jeg að skoða það svo, sem hjer sjeu uppi tvær stefnur. Sú stefna, sem væri móti því að nota búsetuskilyrðið, hlyti þá að vera danskhlynt stefna, sem ekki vildi nota rjett þann, sem Íslandi er viðurkendur með sáttmálanum, heldur gefa eftir af honum. Mundi þá skifta í tvö horn, því að á móti þessari stefnu myndu snúast allir landvarnarmenn, hvort sem þeir hafa borið það heiti áður eður eigi, allir þeir, sem vilja þessa þjóð óháða og frjálsa og landið með gæðum þess geymt eftirkomendum. Myndu þá halda áfram tveir flokkar í sjálfstæðismálinu, og þá það sannast, að eigi væri rjett sú staðhæfing, að allir hafi verið sammála um, hverju ætti að ná, en einungis ósammála um veginn.

Hverjum dettur í hug, að Íslendingum beri nokkur skylda til að gera meira en að halda gerðan samning? Jeg hefi raunar heyrt einstöku raddir segja, að Danir hafi gert það af mikilli mildi sinni og miskunsemi að ganga að samningunum. En jeg v e i t, að þeir gerðu það ekki af mildi, miskunsemi eða bróðurást, heldur var það ástandið í heiminum, sem neyddi þá til að gera það. Jeg skal ekki rekja það nánar, en mjer er auðvelt að sanna þetta mál mitt. Þess vegna þurfum vjer ekki hjer að gefa þeim viðurkenningu fyrir mannúðina með því að afsala oss einhverju, sem oss var áskilið og heimilað í samningnum. Jeg vil nú vona, að þessar tvær stefnur komi ekki upp, og að svo reynist, að stjórnmáladeila undanfarinna ára hafi verið aðferðardeila, en ekki niðurstöðu.

Í þessu frv. munu nú vera ýms atriði, sem sjálfsagt gæti eins vel átt heima í öðru frv. Jeg hefi, tímaskorts vegna, orðið að skrifa frv. upp í flýti, og vanst ekki tóm til að líta í lög annara þjóða um slík efni. Frv. getur því frekar álitist sem stefnuskrá í málinu, sem háttv. allsherjarnefnd fær væntanlega til meðferðar, lagar í hendi sjer og gerir fleiri frv. úr, ef henni sýnist svo.

En aðalatriði málsins eru þessi:

1. Gera búsetu í landinu að skilyrði fyrir atvinnurekstri útlendinga.
2. Heimta af útlendingum ýms skilríki, sem frv. tekur nánar til og
3. gera útlendingum að skilyrði að læra íslenska tungu.

Sumir halda, að Danir muni móðgast, ef menn hjer á landi haga sjer eins og samningurinn leyfir, en það er misskilningur, því að Danir hafa búsetu sem skilyrði fyrir atvinnufrelsi, því, að núna, eftir að samningarnir eru gerðir, eru Danir ekki hræddir við að setja skilyrði fyrir atvinnufrelsi. Jeg á hjer við

„Forslag til Lov om Afholdelse af Fondsbörs“, sem stjórnin danska hefir lagt fyrir þingið í Danmörku. Auk ýmsra almennra skilyrða um kunnáttu o. fl., sem Íslendingar jafnt sem Danir geta uppfylt, er sett sem skilyrði fyrir þátttöku í fyrirtækinu, að hlutaðeigendur hafi „Indsfödsret“ og að þeir „i de sidste fem Aar har haft Bopæl her i Landet“. — Hjer geta menn sjeð, að þótt Íslendingar fyltu öll önnur skilyrði, þá vantar þá „Indfödsret“, þ. e. þetta danska frv. bannar öllum, sem ekki hafa átt heima í Danmörku næstu fimm ár á undan, að reka þessa atvinnu. Má sjá af þessu, hvort nokkur ástæða er fyrir Dani að verða reiða við okkur, þótt við setjum lög um atvinnufrelsi.

Þá er enn eitt ákvæði í frv., sem jeg býst við að mönnum þyki nokkuð hart, og það er, að menn þeir erlendir, sem atvinnu ætla að reka í landinu, tali tungu þjóðarinnar. En jeg get ekki fallist á, að það sje strangt skilyrði. Til þess, að aðkomumaður hafi not af dvöl sinni í landinu, þarf hann að kunna tunguna, og til þess, að hann skaði ekki þjóðina, sem fyrir er, þarf hann líka að kunna tunguna. Vera má, að hið síðara atriðið komi ekki til greina, þar sem innflutningur á fólki er hverfandi lítill, svo sem í nágrannalöndunum. Þau eru flest notuð til fulls af fólki, svo að ekki er búist þar við innflutningi; þess vegna er þetta ákvæði óþarft þar. En hvernig er hjer? Nú er búist við miklum innflutningi útlendinga inn í landið, t. d. í sambandi við væntanlega vatnsvirkjun, en þjóðin er fámenn og dreifð um stórt svæði. Þetta er því alvörumál og sjálfsagt fyrir Íslendinga að gæta hjer allrar varúðar. Tel jeg sjálfsagt, að ákveðið sje í lögum um atvinnufrelsi, enda þótt engin önnur þjóð hafi það.

Reynslu undanfarinna ára má enn fremur færa sem rök fyrir þessu. Enn þá hafa ekki verið mikil brögð að innflutningi útlendinga. Aðallega eru það Danir, Norðmenn og Svíar; en þeir skoða sig líka sem sjerstæða heild, í mótsetningu við Íslendinga. Og hvað mundi þá, ef meira væri? Þetta ákvæði er því sjálfsagður liður í því starfi, að verja þetta land fyrir ágengni annara þjóða.

Vona jeg svo, að deildin lofi málinu að fara til allsherjarnefndar, og það fái þar þær umbætur, sem jeg veit að það þarf, þar eð tími minn var svo takmarkaður, að jeg fjekk ekki gengið eins vel frá því og jeg vildi.

Forsætisráðherra (J. M.): Hv. flm. (B. J.) sagði, að það hefði verið eðlilegra, að svona frv. hefði komið frá stjórninni. Jeg skal fullkomlega kannast við það, að hefði frv. átt að koma fram á annað borð, þá hefði það átt að koma frá stjórninni. Einu sinni í vetur mintist hv. þm. (B. J.) á það við mig, hvort stjórnin ætlaði ekki að koma fram með svona frv. Þó að málið heyrði eigi undir mig beint, heldur undir hæstv. atvinnumálaráðherra, þá svaraði jeg á þá leið, að þótt jeg liti svo á, að það væri að vísu eðlilegt að setja búsetu sem skilyrði til rekstrar sumra atvinnuvega hjer, þá teldi jeg tæplega ástæðu til að segja fyrir um allar atvinnugreinar í einum lögum. Jeg þekki ekki dæmi til þess hjá neinni þjóð, en hitt er satt, sem hv. þm. (B. J.) sagði, að til eru hjá Dönum þannig löguð ákvæði, um sumar atvinnugreinar.

Annars fanst mjer hv. þm. (B. J.)

gera nokkuð mikið úr því, að snúa sjer að Dönum. Þetta frv. snertir margar fleiri þjóðir, og hv. þm. (B. J.) þurfti ekki að fara að tala um það, sem ekki er enn komið fram. Þannig er nægur tími að tala um hræðsluna við Dani, þegar hún er komin fram, en ekki áður. Annars er það fjarri mjer að tala á móti frv. í sjálfu sjer, en tel sjálfsagt að athuga það í nefnd.

En úr því jeg stóð upp, vil jeg benda hv. þm. (B. J.) á, að mjer er ómögulegt að skilja greininguna í 1. gr. því ekki að segja „öllum mönnum"? Jeg veit hreint ekki, hvað hv. þm. (B. J.) meinar með aðfluttum mönnum. Eru þar með taldir þegnar konungsríkisins Íslands, sem ekki hafa verið hjer áður? En það veit hv. þm. (B. J.) sjálfur, að ekki er hægt að banna okkar eigin ríkisborgurum landsvist, þótt þeir kunni ekki íslensku eftir eitt ár. Og jeg verð að segja, að mjer finst til of mikils mælst, að aðfluttir menn geti verið búnir að læra íslensku eftir 1 ár. Jeg tel það allörðugt fyrir þroskaða menn, sem þurfa miklum öðrum störfum að gegna, að læra hana til hlítar á einu ári. Og jeg held, að það hljóti að hafa verið penna-„feil" hjá hv. þm. (B. J.) að fara að setja annað eins ákvæði og þetta inn í frv. Því það er heldur ekki víst, að hættan fyrir tunguna sje mest frá útlendingum. Jeg man eftir, að í mínu ungdæmi var mjög mikið töluð franska, — meira og minna bjöguð — á Austfjörðum. Ekki veit jeg til, að af þessu hafi mjög spilst tunga vor. Aðalhættan stafar frá okkur sjálfum. Jeg verð að telja það nokkuð hart, ef taka ætti atvinnu af mönnum vegna þessa ákvæðis, mönnum, sem annaðhvort verða að dvelja hjer eða eiga hjer landsvistarrjett. Annars er ekki nægilegt að setja svona búsetuskilyrði til tryggingar gegn óheppilegum fólksflutningi til landsins. Það getur verið full ástæða til þess, að hafa lög til þess að hindra aðflutning manna, sem af einhverjum ástæðum þykir ekki heppilegt að komist inn í landið.

Jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. (B. J.) hafi athugað það, að með ákvæðum þessa frv. er komið allnærri lögleyfðum atvinnurekstri, sem sjerstök lagaheimild er til. (**B. J.**: Hvaða atvinnuvegir eru það?). Þm. ætti að vita það sjálfur.

Annars skal jeg ekki fjölyrða um málið að þessu sinni. Aðalatriðið er þetta, að jeg tel það eitt rjett, að athuga búsetuákvæðin í sambandi við hverja eina atvinnugrein, en ekki mæla allar atvinnugreinar á sama mælikvarða. Svo get jeg ekki verið þm. (B. J.) sammála um, að þetta sje þannig lagað mál, að það þurfi eða megi ráða þessu máli til fulls í einni svipan, nje tel jeg nokkra sjerstaka ástæðu til að flýta því nú vegna sambandslaganna. Jeg býst við, að hægt hefði verið að koma á búsetulögum áður, ef því hefði verið fast framfylgt síðustu árin. Um hitt er ekki hægt að deila, að okkur er sjálfsagt fyllilega frjálst að haga okkur hvernig sem okkur sýnist í málinu. Tel jeg svo sjálfsagt, að málið fari í nefnd að umr. lokinni.

Flm. (Bjarni Jónsson): Það er alveg rjett, sem hæstv. forsætisráðh. (J. M.) sagði, að jeg hefði fært þetta mál í tal við stjórnina. En hún hafði tekið fremur dauflega í það, og meðal annars barið því við, að undirbúningur svona frv. krefði meiri vinnu en hægt væri að láta í tje fyrir þetta þing. Jeg skal játa það, að vinnan er mikil, og má sjá það

á frv., að tími minn hefir verið af skornum skamti. Enda ætlaðist jeg aldrei til annars en að nefndin, sem með málið færi, gerði umbætur, og gerði jeg jafnframt ráð fyrir, að stjórnin kæmi fram með athugasemdir og tillögur við frv. Fyrir mjer er aðalatriðið þetta, að þjóðin fái sem fyrst svona ákvæði inn í löggjöfina, því að hún á heimting á því.

Það var ekki rjett, sem hæstv. forsætisráðh. (J. M.) sagði áðan, að jeg hefði lagt aðalhersluna á Dani í þessu máli. En hitt er satt, að tal mitt um þá var sem svar gegn þeirri íslensku hræðslu, sem enn ríkir, við að móðga þá. Menn halda, að Danir móðgist, ef Íslendingar gerast svo djarfir að nota rjett sinn gagnvart þeim. Þessar mótbárur hafa enn ekki komið fram, en jeg veit, að þær búa í brjóstum margra deildarmanna, og þess vegna hefi jeg fulla ástæðu til að svara þeim. Jeg vildi með ummælum mínum knýja þær fram, og fram koma þær, ef menn að eins þora að láta þær uppi.

Þá voru athugasemdir við skilning minn á orðinu „aðfluttur'. Með orðinu aðfluttur skil jeg það sama og allir aðrir Íslendingar skilja með því orði, að aðfluttir eru þeir, sem flytjast að. (**Forsætisráðh.**: En ef það eru íslenskir þegnar). Það er sama, hvort það eru hundar, hestar eða íslenskir þegnar, aðfluttir eru þeir eigi að síður. (**Forsætisráðh.**: Á þá að skilja það þannig, að þeir fái ekki landsvist). Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) ætti að gera greinarmun á landsvistarrjetti og atvinnurjetti. Landsvist geta allir fengið, að minsta kosti einhvern tíma, og ef ekki annarsstaðar, þá í „Steininum". En öðru máli er að gegna um atvinnurjett. Hann eiga menn að öðlast með vissum skilyrðum, og missa ef þeir uppfylla þau ekki.

Annars skal jeg fúslega játa það, að það er ekki svo frá frv. gengið, að jeg sje viss um, að það sje rjett orðað. Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) fann að mörgu viðvíkjandi samningu þess, og jeg er honum þakklátur fyrir. Jeg veit, að frv. er í mörgu ábótavant, enda ekki til þess ætlast, að það væri fullkomið, heldur er það samið í þeim tilgangi aðallega, að koma málinu á framfæri. Jeg tek greiðlega athugasemdum og góðum ráðum og haga mjer eftir því, en þó er það eitt, sem jeg læt ekki af, og það er, að menn verði að læra íslensku til að halda atvinnurjetti sínum. Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) hjelt ræðustúf um það, hvort menn gætu lært málið á einu ári. Jeg legg ekki áherslu á það atriði, hvort menn nota til þess eitt ár eða tvö, heldur á hitt, að þeir læri það fyrir einhvern ákveðinn tíma. Það getur aldrei orðið stefnumál, hvað þessi tími á að vera langur. Hann verður að fara eftir því, sem menn álíta heppilegast og sanngjarnast. En það verður að taka skýrt fram, að menn missi rjettinn, ef þeir nenna ekki að læra málið. Hjer er nú fjöldi Dana, sem hafa dvalið hjer milli 20 og 30 ár og tala ekki íslensku enn. Það kemur til að því, að þeir skoðuðu sig sem yfirþjóð og vildu ekki leggja sig niður við að læra málið. Þeir þurftu þess heldur ekki, því þeir voru af okkur skoðaðir sem yfirþjóð, og menn töluðu við þá dönsku. Nú er þetta alveg breytt. Þeir Danir, sem nú flytja inn, sem eru mest iðnaðarmenn og þess háttar, þeir eru flestir altalandi eftir eitt ár.

Þá var talað um það, að þjóðerninu, og þá sjerstaklega tungunni, stafaði ekki eingöngu hætta af aðfluttum mönnum, heldur líka af innlendum. Þetta er mikið satt. En það er einkenni-

legt, ef menn ætla að ráða bót á því með því, að auka við hættuna, sem stafar af aðflutningi útlendinga. Að hún er og að hún verður mikil, ef ekki er gert neitt til að hamla upp á móti, það ætti að vera öllum ljóst. Það er ekki tekið fram í þessu frv., hvaða kunnáttuskilyrði verða heimtuð. Það verður að vera á valdi kenslumálaráðherra. Jeg álít ekki nauðsynlegt, að þeir geti skrifað málið, heldur að þeir geti fyllilega talað það, skilji það, og geti gegnt starfi sínu á því, að málið sje þeim þar ekki til fyrirstöðu. Jeg fyrir mitt leyti álít ekki hundrað í hættunni, þó þeir kunni ekki alla „Joða"-kássu stjórnarinnar eða annað því um líkt.

Jeg vænti þess og vona, að hæstv. stjórn leggi ekki á móti þessu máli, heldur leggi fram alla sína miklu og góðu starfskrafta í þágu þess. Hún er sjálf skipuð lögfræðingum og hefir auk þess marga lögfróða menn í sinni þjónustu. Það verður hún að gera um sjálf, hvort hún vill heldur eða álítur það betra, að búa til um þetta lagabálk, eða setja það inn í einstök lög, þar sem það á við. Þetta er frv., sem stjórnin átti að koma með, en jeg hefi þar hjálpað henni og flutt það inn á þingið. Jeg teldi æskilegast, að það yrði afgr. frá þessu þingi, en til þess, að það verði hægt, verður að leita aðstoðar utan þingsins. Það er nú svo störfum hlaðið, og ekki víst, að það eigi svo mörgum lögfróðum mönnum á að skipa, að það geti afgreitt málið.

Jeg hefi borið þetta frv. fram og barist fyrir því, af því að jeg álít nauðsynlegt að slíkt frv. verði afgreitt frá þinginu, en ekki af stífni. En hins vegar get jeg vel látið undan rjettum rökum, og getur það ekki talist stífni.

Jeg á enn eftir að koma með eitt frv., sem jeg bjóst við frá stjórninni, sem átti að koma frá henni og hún var búin að lofa mjer að hún skyldi flytja. (**Forsætisráðh.**: Hvaða frv. er það?). Það kemur seinna.

Einar Arnórsson: Háttv. flutnm. þessa frumv. (B. J.) hefir ætlast til, að það gengi til allsherjarnefndar, og það er rjett, að frv. á hvergi annarsstaðar heima. En málið er óneitanlega margþætt og margþættara en flm. líklega gerir sjer ljóst. Það verður að vera fleira í þess háttar lögum en tekið er fram í frv., og margt er það í núgildandi lögum, sem þarf að breyta samkvæmt því. Það er eðlilegt, að flm. hafi ekki getað gert frv. betur úr garði, því að hann hefir ekki haft eins mikinn tíma til þess og nauðsynlegt er. Hann hefir ekki haft tíma til að rannsaka önnur lög og sníða frv. sitt eftir því og ganga svo frá því að lokum, að viðunandi sje. Og með fullri virðingu fyrir hv. þm. Dala. (B. J.) verð jeg að efast um, að hann hafi verið fær um það. Jeg held, að það sje á einskis eins manns færi að gera þannig lagað frv. úr garði. Til þess að gera það þarf að athuga og taka tillit til ástandsins í hverri atvinnugrein fyrir sig. Það verður að athuga, hvort heppilegt er að setja mjög ströng skilyrði í einni grein, þótt það eigi við í annari.

Jeg er fullviss um það, að þingið hefir nú ekki þeim kröftum á að skipa, sem nauðsynlegir eru til að koma málinu í viðunandi horf á þessu þingi. Það er heldur enginn tími til þess. Og þó að ætti að fara að leita utan þings, þá efast jeg um, að hægt væri að fá hæfa menn á öllum sviðum á svo stuttum tíma, og þó að það væri hægt, þá er líka vafamál, hvort þeir fengju nokkru

á orkað fyrir þetta þing. Málið er þannig vaxið, að það þarfnast ítarlegrar rannsóknar og undirbúnings.

Það er ekki óhugsandi, að það mætti taka eina og eina atvinnugrein út úr og setja ákvæði um hana. Það er alls ekki óhugsandi, að slíkt yrði nauðsynlegt.

Það, sem gera þyrfti, er að fá stjórninni málið til undirbúnings og skora á hana að leggja fyrir næsta þing breytingar á löggjöfinni í þessa átt. Þingið mætti ekki ætlast til, að ráðherrarnir gerðu það sjálfir eða aðstoðarmenn þeirra. Það yrði að heimila stjórninni að taka sjer aðstoð utan sinna vjebanda. Þó að stjórnin og stjórnarráðið kunni að vera mikilvirkt, þá held jeg þó, að þetta mál sje eigi á þeirra færi, þar sem ótal mörg önnur störf kalla að. En alt fyrir það á flm. (B. J.) þakkir skilið fyrir að hafa hreyft málinu; því mundi hafa verið hreyft eigi að síður, þótt hann hefði ekki orðið til þess. Málið hefði áreiðanlega komið fram, þótt í öðru formi hefði verið. En jeg held, að þetta þing geti ekki leitt það til lykta, því að málin hafa dunið svo yfir það úr öllum áttum, að það hefir ærinn starfa fyrir. Jeg álít ekki heldur, að nein hætta geti stafað af því, þótt frv. verði látið bíða eða verði vísað til stjórnarinnar. Mjer er ekki kunnugt um, að von sje á neinum stórkostlegum innflutningi á næstunni. Jeg veit að minsta kosti ekki til þess og tel það ekki líklegt.

Náttúrlega er ýmislegt, sem vantar í þetta frv., og er það síst að furða, eins og jeg hefi bent á áður. Og svo jeg nefni dæmi, máli mínu til stuðnings, þá eru engin ákvæði um það, hve nær megi og eigi að vísa manni úr landinu. Slíkt ákvæði hefði þurft að vera.

Mjer vitanlega eru að eins 2 ákvæði í núgildandi lögum. sem ákveða, hve nær menn skuli flúttir af landi burt. Það er 17. gr. hegningarlaganna, sem segir, að hafi maður, sem ekki er þegn landsins og hefir eigi verið búsettur síðustu 5 árin í löndum Danakonungs, orðið brotlegur svo sem þar segir, þá skuli hann, þegar hann hefir úttekið refsingu, vera dæmdur til að fara burt úr landinu. Hitt ákvæðið mun vera í fátækralöggjöfinni. Fyrir utan þessi tvö ákvæði er ekkert það í löggjöf okkar, svo að jeg muni í svip, sem heimilar að vísa annara ríkja þegnum af landi burt. Það getur þó verið full ástæða til þess, og almenningsheill getur verið það nauðsynlegt. Það geta t. d. verið upphlaupsmenn og aðrir, sem nauðsynlegt væri að losna við. Í löggjöf annara landa eru líka ákvæði, sem heimila að vísa þess háttar mönnum úr landi. Einnig gætu það verið menn, sem flyttu skaðlegar kenningar, og fleiri tilfelli mætti eflaust finna. Það geta verið skiftar skoðanir um það, hvað langt á að ganga í því, að vísa mönnum úr landi, en þó er sjálfsagt að athuga það, og full ástæða til að setja einhver ákvæði því viðvíkjandi.

Þá kem jeg að því, sem stendur um tunguna. Það er að eins talað um, hve nær menn öðlast rjettinn, en ekki hvernig menn missa hann. Þetta verð jeg að telja galla. Maður getur komið og lýst því yfir, að hann ætli að reka hjer atvinnu um lengri tíma. Þá er ómögulegt annað en taka manninn trúanlegan. Hann byrjar svo á atvinnurekstri sínum á þessum grundvelli. Það stendur ekkert um það, hvernig hann verður vistfastur eða hvort hann verður það. En það er vani að taka þetta fram. Hv. þm. Dala. (B. J.) las upp ákvæðið í dönskum lögum um, hverjir mættu kaupa verðbrjef í kauphöllinni, þar sem

tilnefnd eru 5 ár, svo það geta ekki aðrir en þeir, sem eru danskir ríkisborgarar. Það er að þessu leyti spursmál, hvort ekki er of skamt gengið í frv.

Þá er það enn eitt mikilsvert atriði, sem hefir gleymst og miklu máli skiftir. Það er ákvæðið um útlend fjelög. Því að hvers virði er ákvæðið um atvinnurjett einstaklinganna, ef ekkert er tekið fram um atvinnurjett fjelaga? — Þeir, sem vilja reka hjer atvinnu, en ekki geta eða vilja uppfylla þau skilyrði, sem sett eru því viðvíkjandi, þeir þurfa ekkert annað en mynda fjelag, og þá er ekkert til fyrirstöðu. Það getur verið auðvelt að setja hjer ákvæði um útlenda einstaklinga, en það verður verra viðfangs að setja líka ákvæði um útlend fjelög. En það verður þó að gera, fyrst af því, að án þess eru ákvæðin um einstaklingana hjegómi einber, og svo af því, að af útlendum auðfjelögum getur okkur stafað meiri hætta en af einum og einum manni. Þess vegna verður að vera hæfilegt ákvæði um þetta efni, þó að ekki verði auðvelt að koma því fyrir.

Um t u n g u n a er það að segja, að ákvæðið um hana er ekki fullnægjandi. Jeg á hjer ekki við tímann, því að hann er nógu stuttur, og ef til vill of stuttur. Ákvæðið er þannig, að ef menn hafa ekki lært tunguna fyrir ákveðinn tíma, þá missa menn atvinnurjett sinn. En þetta gildir að eins um þá, sem atvinnurjettinn hafa. Nú er óhætt að gera ráð fyrir, að ekki verði það alt einhleypir menn, sem hingað flytja. Fjölskyldumenn geta fengið hjer atvinnurjett og uppfylt skilyrðin, þótt öll fjölskyldan uppfylli þau ekki. Ef börnin eru ung, þá verða þau að vísu að ganga í skóla og læra þar málið, en konan getur dvalið hjer áfram án þess að læra nokkuð í því. Eins getur verið, að öll börnin sjeu komin yfir skólaskyldualdur, og þá læra þau aldrei málið. Nú — þó einn maður hafi fyrirgert atvinnurjetti sínum, þá hefir hann þá landsvist. Það getur loks verið, að hann þurfi ekki á atvinnurjett að halda, eigi fje eða komist af án þess að reka hjer atvinnu.

Í þessu gengur frv. of skamt, en svo gengur það of langt á öðrum sviðum. Svo jeg nefni dæmi, þá getur t. d. bóndi fengið útl. vinnumann. Það getur verið, að hann læri að bjarga sjer, en hvort hann læri svo mikið, að fullnægjandi þyki, er aftur á móti efasamt. Það er varla að búast við, að honum gefist mikill kostur á að læra íslensku, því að til annars er hann hingað kominn.

Þótt jeg hafi gert þessar athugasemdir við frv., þá vil jeg ekki með því segja, að ekki sje sjálfsagt að sinna málinu. Sennilega er ákvæðið um útlenda einstaklinga að sumu leyti of strangt, og býst jeg við, að flm. (B. J.) geti fallist á það. Svo jeg nefni eitt dæmi enn, þá mundi það vera hart fyrir útgerðarm., er rjeði útlendinga á skip sín, að þurfa að borga þeim fátækrastyrk, ef til þess kæmi. Annað mál er það, að ef yrði settur hjer upp iðjurekstur með útlendu verkafólki, þá yrði að búa svo um hnútana, að iðjuhöldur borgaði þá fúlgu, sem það þyrfti með, svo það legðist ekki á landið, ef illa færi.

Þótt jeg hafi farið hjer út í einstök atriði og bent á margt, sem mjer þótti ábótavant, þá má enginn skilja það svo, sem jeg sje á móti því, að málið verði tekið til meðferðar og reynt að fara með það á sem bestan hátt. En jeg er hræddur um, að það verði aldrei

afgreitt að fullu á þessu þingi, enda álít jeg ekki, að þess sje brýn þörf. — Það er sjálfsagt að vísa málinu til allsherjarnefndar og sjá til, hvað hún gerir við það.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg býst við, að jeg hafi tekið það fullskýrt fram í ræðu minni, að jeg hefði ekkert á móti því, að málið væri tekið til rækilegrar athugunar. Og þegar hv. þm. Dala. (B. J.) talaði við mig, mun jeg ekki hafa tekið því fjarri, að svo yrði gert. En að hann hafi oft talað við mig man jeg ekki eftir og get ekki kannast við. Mig minnir, að hann hafi ekki talað við mig nema einu sinni, enda var ekki ástæða til þess fyrir hv. þm. (B. J.), því jeg tók það skýrt fram, að málið væri of flókið til þess, að stjórnarráðið sæi sjer fært að undirbúa það nægilega nú, með öllum þeim málum öðrum, sem lágu fyrir. Það kann nú að vera, að það megi kalla þetta ónytjungsskap af stjórninni, en okkur fanst við ekki geta gert meira til undirbúnings þessu þingi en við gerðum.

Jeg lít á framkvæmdir þessa máls líkt og hv. 2. þm. Árn. (E. A.), að það þurfi talsverðan undirbúning, ekki að eins lögfræðinga, heldur og annara, er til þekkja. Jeg býst ekki við, að það þurfi milliþinganefnd, en hins vegar gæti stjórnin fengið aðstoð fróðra manna, eins og í öðrum málum. Annars verð jeg að segja, að jeg hefði hagað orðum mínum á annan veg og talað minna um einstök atriði málsins, ef hv. þm. Dala. (B. J.) hefði sagt það í byrjun, að þetta væri ekki beint til að segja nákvæmlega, hvað hann ætlaðist til, heldur væri þetta einskonar „prógram"-mál. **(B. J.:** Jeg sagði það í fyrstu ræðu minni). Það get jeg vel skilið. En hvernig hann hygst að geta skift flokkum um þetta mál með því móti, er mjer ekki ljóst. Og jeg efast um, að hann geti það.

Flm. (Bjarni Jónsson): Mjer tekst auðvitað ekki að skifta flokkum, svo framarlega sem flokkurinn er að eins einn. Jeg hefi heldur aldrei ætlað mjer það. En ef flokkarnir eru tveir, þá er best, að þeir sýni sig.

Jeg skal nú ekki fara mikið út í einstakar athugasemdir, sem gerðar hafa verið við frv. — Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) hafði margt við það að athuga og taldi því vera ábótavant að ýmsu leyti. Alt mitt svar við því felst í því, hversu litinn tíma jeg hafði til undirbúnings málinu. Jeg gat ekki setið svo lengi við það, að trygt væri, að ekkert hefði gleymst. Hins vegar ætlaði jeg þingnefndinni að lagfæra það, sem þyrfti, og bjóst við, að hún mundi skifta því í fleiri frv. Um þetta er óþarfi að fjölyrða; jeg vissi, að nefndin mundi gera þetta. Og nú hefi jeg hlustað á háttv. formann nefndarinnar (E. A.), og hefir hann sannfært mig um, að þetta er rjett.

Hvað snertir ákvæði 1. gr., þá skil jeg ekki, að þau heimili öðrum að reka hjer atvinnu en til er ætlast. En jeg skal játa, að orðalag greinarinnar er ekki gott, og mundi ef til vill geta útilokað innlend fjelög, en ekki hleypt útlendum fjelögum að. Um ábyrgðina á þurfamannafúlgu, sem talað er um í 5. gr., verð jeg að segja, að jeg tel hana ekki óaðgengilega. Sá, sem flytur verkafólk inn í landið, verður að sjá því fyrir fátækrastyrk, ef það á eigi framfærslusveit hjer, svo að íslenskar sveitarstjórnir þurfi ekki að rekast í því.

Skilyrðið um kunnáttu íslenskrar

tungu held jeg að sje nægilegt, eins og það er í frv, því þó það standi ekki berum orðum, þá er það eins um konuna og manninn, að hún má ekki reka hjer atvinnu nema hún uppfylli hið setta skilyrði.

Nú deyr t. d. kaupmaður, og má þá ekki kona hans nje sonur reka hjer atvinnu að öðrum kosti en þau kunni málið, eins og krafist er. Sje nefndin ekki ánægð með orðalagið, þá má hún gjarnan gera það eins skýrt og hægt er. Jeg hefi ekki með þessu reynt að semja langt frv. eða mismunandi lagabálka, heldur var hitt tilgangur minn, að fá með þessu einskonar yfirlýsingu frá þinginu um, að það vildi nota búsetuna í því skyni, sem ætlast er til með frv. Þetta er aðalatriðið fyrir mjer, og mest um vert, að það komi fram, að þetta eigi að gera, svo menn viti það frá upphafi og gangi þess eigi duldir. Það mundi því alveg nægja mjer, ef nefndin kæmi fram með þingsályktunartillögu, sem mælti svo fyrir.

Jeg skal nú ekki fara í deilur við stjórnina um frv. En mjer þótti leiðinlegt, að hún skyldi ekki sjá sjer fært að undirbúa þetta mál og leggja það fram hjer.

Hvað viðkemur fullveldisviðurkenningunni, þá hefi jeg aldrei sagt, að þetta væri bein afleiðing hennar, eða að þetta hefði ekki mátt koma fram áður, heldur að nú mætti það ekki dragast lengur. — Jeg vil svo vísa málinu til allsherjarnefndar, og vona, að hún sje mjer sammála um, að frá þinginu þurfi að koma yfirlýsing, bygð á þeim grundvelli, sem lagður er í þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2011), hvorttveggja með öllum gr. atkv.

Nefndarálit kom ekki (sbr. A. 190). Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

12. Vatnalög.

Á 8. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til vatnalaga (A. 88).

Á 11. fundi í Nd., laugardaginn 19. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Jeg þarf ekki að rekja sögu þessa máls, því að hún mun vera öllum kunn. Greinargerðin, sem birt var í áliti minni hl., mun vera í höndum allra þingdm. Því miður hefir tekist svo illa til, að nokkrar villur hafa slæðst inn í greinargerðina; þó munu fæstar þeirra geta valdið misskilningi.

Frv. þetta flytur ekki neinar stórvægilegar nýungar. Aðalefni þess er dregið saman úr eldri lögum um sama efni, en þar bætt inn í, sem eyður voru í vorri fornu vatnsrjettindalöggjöf, og engu raskað um hinn forna rjett.

Skipun efnisins er á þessa leið:

II. kafli markar vatnsrjettindin á sama hátt og gert er í eldri og nýrri lögum vorum, en nokkru skýrara.

III. kafli ræðir um notkun vatns til heimilisþarfa ýmsra, en án orkunota,

er að mestu samkvæmur eldri lögum um það efni og tekur t. d. yfir efni vatnsveitulaganna frá 26. okt. 1912.

IV. kafli tekur yfir efni áveitulaganna frá 22. nóv. 1913, en nokkru styttri en þau, enda sum ákvæði þeirra laga flutt til annara kafla þessara laga.

V. kaflinn, um þurkun lands, er að mestu nýmæli og sniðinn eftir norskum og sænskum lögum. Þekki jeg enga fyrirmynd hans í íslenskum lögum.

VI. kafli, um holræsi og óhreinkun vatns, er einnig sniðinn eftir útlendum fyrirmyndum, þó með hliðsjón af lögum um líkt efni, frá 1911 og 1917, fyrir Reykjavik og Akureyri.

VII. kafli, um notkun vatnsorku, tekur yfir efni laga 3. nóv. 1915, um rafmagnsveitur, og að nokkru leyti efni fossalaganna svo nefndu, frá 22. nóv. 1917, en kaflinn er þó að efni nokkru víðtækari og ítarlegri, og er þar fyrir augum haft, að notkun vatnsorku, bæði eftir litlum og stórum mælikvarða, verði eftirleiðis mikið aukin.

VIII. kaflinn, um miðlun vatns til iðju, er alveg nýmæli og sniðinn eftir norskum fyrirmyndum. Þýðing hans er ekki mikil, nema stóriðnaður komi til sögunnar.

IX. kaflinn, um umferð á vötnum og fleytingu, er líka saminn eftir norskum fyrirmyndum. Það var auðsætt, að einhver ákvæði varð að gera um þetta efni, því gera má ráð fyrir, að vötn verði framvegis meira notuð til umferða en hingað til hefir átt sjer stað.

X. kaflinn, almenn ákvæði um mannvirki í vötnum eða við þau, er einnig saminn eftir útlendri fyrirmynd, en þó er ýmislegt í kaflanum íslenskt. Gert er ráð fyrir miklu víðtækari notkun vatnsafls en verið hefir, og lúta mörg ákvæði kaflans að öryggi fyrir starfsmenn og vettvangsbúa.

XI. kafli tekur fram almennar reglur um skaðabætur þeim til handa, sem eftir köflunum að framan verða að þola eignarkvaðir eða eignarnám á vatni, landi eða öðrum rjettindum. Eru ýms ákvæði í lögum hjer áður um þetta efni, t. d. í 12.—14. gr. fossalaganna frá 1907, en annars eru fyrirmyndirnar útlendar.

XII. kaflinn, um stjórn vatnamála og meðferð þeirra, er miðaður við hið breytta ástand, sem gera má ráð fyrir að komist á, þegar tekið verður að nota fossaaflið frekar. Minni hl. fanst eigi ástæða vera til að gera vatnastjórnina mjög samsetta eða dýra, meðan ekki er farið að nota vatnsaflið neitt að ráði. Hins vegar virðist óhjákvæmilegt að skipa sjerfróðan mann til eftirlits með vatnsvirkjum, sem ætla má að eftirleiðis bindi mikinn hluta af efnum landsmanna, og því verður með ráði og fyrirhyggju að gera. Minni hl. hugsar sjer þessa vatnastjórn í líkingu við vitamála-, vega- og símastjórn, sem standi undir stjórnarráðinu, eins og ráðunautur, og fjölgi mönnum, þegar þörf krefur. —

Jeg gæti nú látið mjer þessa skýrslu lynda, en finn þó ástæðu til að fara um hana nokkrum fleiri orðum, af því að frv. hefir sætt andmælum innan og utan þingsins.

Því hefir verið haldið fram, að ágreiningurinn milli meiri og minni hl. fossanefndarinnar sje óverulegur. Jeg vil benda þeim, sem ekki hafa getað athugað þetta atriði nægilega enn þá, á að lesa saman II. kafla í frv. beggja nefndarhlutanna og kynna sjer ákvæðin um vatnsorkunot og skaðabætur í hvort-

tveggja frv., til þess að ganga úr skugga um, hvort þessi staðhæfing sje á rökum bygð. Jeg býst við, að hver, sem gerir þetta, komist að raun um, að hjer greinir á um mjög veruleg atriði. Það, sem í milli ber, er í fám orðum sagt þetta: Minni hl. áskilur landeigandanum eignarumráð á vatninu, með þeim takmörkunum, sem lög setja. Meiri hl. tekur af honum eignarumráðin, en ætlar honum kliptan og skorinn notarjett að því vatni, sem heimilisþörf hans krefur. Og meiri hl. ætlar landeiganda engar bætur fyrir vatn það, sem tekið verður í landi hans, honum nauðugt, og umfram er heimilisþörf snögga. Minni hl. ætlast ekki til, að vatnsrjetturinn verði af nokkrum landeiganda tekinn, nema almenningsnauðsyn krefji, og að fyrir komi fult gjald. Á þessu klofnaði fossanefndin, hvort bætur skyldu koma fyrir vatnstökuna eða ekki. Klofningingunni olli alls ekki, eins og gefið hefir verið í skyn, þessi orðaleikur um eignarrjettinn. Hitt var aðalatriðið, og það er óneitanlega mjög rótnæmt, hvort landeigandi fengi bætur eða ekki. Með bótaskyldunni eru eignarumráðin viðurkend, en án hennar neitað. Það skiftir í sjálfu sjer engu máli, hvort rjettur eigandans yfir vatninu er táknaður með orðinu „eignarrjettur“ eða öðru orði, sem nær því hugtaki og nýtur sömu helgi og eignarhugtakið. Jeg hefi nefnt þennan rjett eignarumráð; ýmsir tákna hann með orðunum yfirráð eða umráð. — Þótt orðið „eignarrjettur“ sje hvorki viðhaft í frv. meiri hl. eða minni, sannar það alls ekki, að þá greini á um aukaatriði. Um það hefir einmitt verið deilt, hvort rjett væri að tákna umráðarjett á vatni með þessu orði. Og minni hl. valdi orðið umráðarjettur, til þess að negla sig ekki við eina eða aðra skýringu lögfræðinga um þetta efni. — Allir vita, að sá umráðarjettur — á hverju sem er — sem útilokar umráð annara manna, er jafngildur eignarrjetti.

Til skýringar þessu skal fram tekið, að Norðmenn, sem í vatnalögum sínum frá 1887 viðurkenna þennan rjett landeigandans og nefna hann „Ejendomsret“, hafa nú í vatnalagafrv. frá 1915 táknað þennan sama rjett með orðinu umráðarjettur. Í 1. gr. þess frv. er kveðið svo að orði: „Med Ejendomsretten til Grund følger, naar ikke særlige Retsforhold medfører noget andet, Retten til að raade over og nyttiggöre det Vand, som er paa Grunden, være sig Sö, Elv eller Bæk ....“. Á líkan hátt er þessi rjettur orðaður í vatnalagafrv. Svía, sem nú er á leiðinni. Þar segir svo: Enhvar ägar råda öfver det vatten, som findes å hans grund“. Líkt er þessu farið í löggjöf annara germanskra þjóða, sem allar, að meira eða minna leyti, viðurkenna þennan landeigandarjett. Þar er ýmist notað orðið „eignarrjettur“ eða hliðstæð orð. Í vatnalögum ýmsra þjóða á Þýskalandi, þar á meðal vatnalögum Bayerns frá 1907, er viðhaft orðið eignarrjettur (eigentumsrecht).

Það má því segja, að deilan um það, hvaða orð er notað yfir þennan rjett, er hjegómi. Hitt er aðalatriðið, að þessi rjettur njóti sömu verndar og helgi sem eignarrjettur, og hennar hefir hann notið hjá okkur til þessa dags.

Þá vil jeg leyfa mjer að minnast á tilvitnun hv. þm. Dala. (B. J.) í ummæli rjettarfræðingsins Scheel, þar sem hann hjeldi fram þeirri skoðun, að um-

ráðarjettur á vatni væri ekki eignarrjettur. Það er að vísu rjett, að Scheel hefir komist að þeirri niðurstöðu, að orðið eignarrjettur ætti ekki við, þegar tákna ætti umráð landeiganda að vatni. En hv. þm. Dala. (B. J.) gleymdi botninum úr setningu þeirri eftir Scheel, sem hann vitnaði í. Og af því, að hv. þm. (B. J.) hefir oft reynst mjer greiðvikinn, ætla jeg nú að láta greiða koma greiða í móti og botna fyrir hann setninguna.

Scheel segir, að vegna þeirra eiginleika vatnsins, að koma og fara, sje ekki vísindalega hægt að tala um eignarrjett á vatni. En landeigandinn eigi þrátt fyrir það allan beinan og óbeinan rjett til að ráða yfir því og nota það á landi sínu.

Hv. þm. Dala. (B. J.) gripur hjer fram í og vefengir þýðingu mína á orðum Scheels. En jeg held samt, að þessi þýðing mín sje nokkurn veginn rjett, þótt hún sje ekki „autoriseruð".

Einn mótstöðumanna minna hjelt því fram við 1. umr. um frv. meiri hl., að eignarumráðin, sem minni hlutinn áskildi landeiganda með vatnalagafrv., væri tekinn að öllu með till. um sjerleyfislöggjöf sama nefndarhluta. (E. A.: Vill hv. ræðumaður (Sv. Ó.) ekki nefna nafn mótstöðumannsins?). Ætli háttv. þm. (E. A.) fari ekki nærri um, hver hann hefir verið. (E. A.: En þm. (Sv. Ó.) getur misskilið þetta). En þessi fullyrðing fer mjög fjarri sanni. Eins og jeg hefi vikið að áður, eru sjerleyfisskilyrðin samningsatriði milli umsækjanda og veitanda. Sá, sem á foss og vill virkja hann til stóriðju, verður að vísu að ganga til samninga við ríkisvaldið og hlíta allhörðum skilyrðum, eða hafna þeim og sleppa stóriðjufyrirtækinu, en ríkið tekur ekkert af honum, nema eftir samningi. Og vilji hann ekki að samningnum ganga, þá heldur hann áfram að eiga fossinn, og getur þá átölulaust notað hann að því marki, sem stóriðjunni er sett, eða — ef fossinn er náttúruafbrigði — geymt hann sjer og öðrum til ánægju. Að eins þegar svo stendur á, að almenningsþörf kallar að, má taka fossinn af honum, en það verður þá gegn bótum. Allir mega því sjá, að það er fjarri öllum sanni, að sjerleyfislagaskilyrði þau, sem jeg hefi lagt til að sett verði, geri eignarumráð landeigandans að engu.

Það er dálítið nýstárleg kenning, sem komið hefir fram í umr. um þetta mál, að vatnsorkan geti ekki verið undirorpin eignarumráðum landeiganda, af því að enginn hafi þekt vatnsorku, þegar lög um vatnsrjettindi voru sett hjer í upphafi. Þessi röksemdaleiðsla er með öllu óframbærileg. Við Íslendingar, einir allra Evrópuþjóða, þekkjum landnámssögu landsins, og við vitum af henni, að hver landnámsmaður nam sitt land fortakslaust með öllu, sem í því og á því var, þektu og óþektu, og með þessum hætti hafa þau gengið frá kyni til kyns, öld eftir öld. Til að sanna þetta nægir að benda á orðtækið forna, sem notað er í hverju afsali fyrir fasteign, að hún sje afhent með gögnum og gæðum. Með því hafa menn til forna — og enn í dag — viljað taka það fram, að ekki væru að eins þau not landeignar framseld, sem þekt væru, heldur einnig þau óþektu. Hins vegar er fullyrðingin um þekkingarleysi landsmanna á vatnsorku til forna hrein fjarstæða. Löngu þektu menn mátt vatnsins til að hreyfa mylnukvarnir, fleyta viði og öðru með

straumi o. s. frv. Hitt er satt, að vatnsorku kunni enginn að breyta í raforku á landnámstíð.

Eins og jeg hefi áður tekið fram, er frumvarp þetta samsafn þeirra laga og lagastaða, sem gilt hafa og gilda enn hjer á landi, með þeim viðaukum, sem nauðsyn virtist að setja vegna breyttra tíma. En allir slíkir viðaukar eru bygðir á gildandi lögum, rjettarvenju og rjettarmeðvitund fólksins og hagga engu um hinn forna rjett.

Jeg geri að sjálfsögðu ráð fyrir því, að sitthvað það sje í frv., sem lagfæringar þyrfti. En þótt það yrði að lögum óbreytt, eins og það er, gæti enginn herbrestur eða hjeraðs af því orðið, af því að engin ný rjettarskipun er með því gerð. Afleiðingin gæti orðið sú ein, að innan tíðar þyrfti að breyta eða bæta við það, sem ekki er nógu ítarlegt, eftir því, sem reynslan þá kendi.

Jeg leyfi mjer að óska, að málinu verði vísað til fossanefndarinnar, og get með þolinmæði beðið eftir áliti hennar um það.

ATKVGR.

Frv. vísað til fossanefndar (sjá A. bls. 2018) í e. hlj. og umr. frestað.

Áliti meiri hl. samvinnunefndar fossamála um frv. (A. 792) var útbýtt á 63. fundi í Nd., laugardaginn 13. sept., og áliti minni hl. sömu nefndar (A. 821) á 65. fundi í Nd., þriðjudaginn 16. sept., en frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

13. Vegalagabreyting.

Á 11. fundi í Nd., laugardaginn 19. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum um vegi, nr. 57, 22. nóv. 1907 (A. 115).

Á 12. fundi í Nd., mánudaginn 21. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. júlí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Um frv. þetta ættu ekki að þurfa að vera langar umr. Jeg skal að eins taka fram, að það er flutt hjer í háttv. deild vegna áskorunar til þingmanna Árnessýslu, sem samþykt var á fundi sýslunefndarinnar 25. apríl til 3. maí í vor.

Ástæðurnar fyrir frv. eru teknar fram í greinargerð frv. og eru í stuttu máli þær, að útgjöld til sýsluvega eru orðin svo geysimikil, að hið lögákveðna sýslusjóðsvegagjald hrekkur hvergi nærri til þess að fullnægja vegaviðhaldinu.

Jeg leyfi mjer að leggja til, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar, að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum gr. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2011) með 11 : 2 atkv.

Á 28. fundi í Nd., föstudaginn 8. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 115, 133, n. 253).

Frsm. (Einar Jónsson): Mjer hefði að vísu verið geðfeldara að mæla með annari og víðtækari breytingu á vegalögunum frá 1907 og 1911 en þeirri, er hjer liggur fyrir. Mjer væri sem sje geðfeldast að eiga orðastað um þá breytingu á viðhaldi vega, að ríkið tæki að sjer, en ljetti aftur af sýslufjelögum, viðhaldskostnaði allra aðalpóstleiða umhverfis landið, því að sú mun verða raunin á, og er þegar allvíða komin á daginn, að vegirnir eyðileggjast og verða öllum farartækjum ófærir í sýslnanna höndum. Orsakast þetta af þeirri einföldu ástæðu, að sýslusjóðina vantar fje, sem fullnægi þörfum. Að vísu mun á hina hliðina einnig mega halda því fram, að ríkissjóðinn vanti fje til viðhaldsins. En þegar þess er gætt, að sjóleiðin — strandferðirnar — kringum landið er kostuð af ríkissjóði, og því hefir enginn á móti, þá mælir sanngirni með því, að aðalpóstleiðin uppi í landinu væri og á kostnað ríkissjóðs.

Nú er um hitt að ræða, á hvern hátt sýslufjelögin skuli komast fram úr að inna þessa viðhaldsskyldukvöð af hendi svo viðunandi sje, og verða þá góð ráð dýr. Þótt því sje eigi að neita, að dýrast og verst verði það, að geta ekki haft hina allra nauðsynlegustu vegi í brúklegu standi, þar sem svo hagar til, að allir aðdrættir heilla hjeraða eru ómögulegir án þeirra, þá er því ekki að neita, að það eru sannarlega „dýr ráð", að verða að leggja nokkurskonar nefskatt — og hann ekki svo smáan — á þá landsbúa, sem tekið hafa sjer bólfestu fjarri höfnum og kauptúnum. Að þessu sinni mun þó ekki verða hjá þessu komist, að auka lögákveðin gjöld í veganna þarfir, eða með öðrum orðum gefa sýslunefndum og hreppsnefndum rýmri heimild en þær hafa áður haft í þeim sökum. Og fram á þá heimild fer frv. það, er hjer liggur fyrir, svo sem hv. þingdm. sjá.

Að í nefndarálitinu er þess getið til, að Árnesingar og Rangæingar muni verða hjer einna harðast úti, kann að koma til af því, að þar er jeg hnútunum kunnugastur og þekki þau vandræði, sem af vegaviðhaldinu leiða, en þó að hitt ætti sjer stað, að ýms önnur hjeruð væru jafnundirokuð af þessu, þá er eigi síður þörf á breytingu vegalaganna þrátt fyrir það, nema fremur sje.

Heimild sú til gjaldhækkunar, sem gefin er með þessu frv., verður að sjálfsögðu ekki notuð nema knýjandi nauðsyn kalli að, en því miður mun víða svo fara fyrst um sinn, að ekki 3 kr., heldur 9 kr., verði að margfalda með tölu hinna verkfæru manna á mörgum stöðum, jafnvel hvert það ár, sem enn verður látið hjá líða að leggja járnbraut um þjettbygðustu hjeruð landsins. Járnbraut er og verður hið eina, sem samgöngunum hæfir, og svo var það fyrir löngu síðan. Þetta hafa allir skilið, þótt ýmsir, illu heilli, hafi lagt stein í götu þess máls.

Sæju einhverjir hv. þingdm. önnur aðgengilegri ráð til úrlausnar en hjer hafa enn verið fundin, myndi þeim tekið með ánægju, en komi þau ekki fram, legg jeg til fyrir nefndarinnar hönd, að frv. þetta, á þgskj. 115, verði samþ. Jeg felli mig vel við viðaukatill. á þgskj. 300 og kann hv. flm. hennar (P. J.) þakkir fyrir að hafa komið með hana, og þótt hún sje ekki á dagskrá, vona

jeg, að leyft verði, að atkv. sjeu greidd um hana á sínum tima og að hún verði samþ.

Skal jeg svo ekki þreyta hv. þingdm. með lengri ræðu að þessu sinni.

Pjetur Þórðarson: Jeg vildi þakka háttv. nefnd fyrir þá kurteisi, að hún hefir tekið brtt. mína á þgskj. 133 til greina á þann hátt, að gera hana að sinni brtt.

Orsökin til þess, að jeg hefi komið með þessa brtt., er annars sú, að það hefir reynst erfitt með því fyrirkomulagi, sem nú er, að fullnægja brýnustu þörfum á hreppaviðgerðum og viðhaldi þeirra. Þegar menn vinna af sjer gjaldið, þá má það í raun rjettri á sama standa, hvort dagsverkið er ákveðið 3 kr. eða 9 kr. En misrjetti kemur fram, ef þeir, sem ekki vinna sitt dagsverk að vegavinnunni, þurfa ekki að borga nema 3 kr. í hæsta lagi, og jafnvel þótt hækkað sje upp í 6 kr., þar sem dagkaupið er nú komið upp í 9 kr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 253. samþ. með 13 shlj. atkv.
— 133. kom því ekki til atkv.
2. gr., svo breytt, og 3. gr. samþ. með 13 : 1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 : 1 atkv.

Á 30. fundi í Nd., mánudaginn 11. ágúst, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 319).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Á 28. fundi í Ed., þriðjudaginn 12. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vegi, nr. 57, 22. nóv. 1907, eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 332).

Á 30. fundi í Ed., fimtudaginn 14. ágúst, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti: Mál þetta er komið frá hv. Nd., var þar í allsherjarnefnd, og legg jeg til, að því verði vísað til sömu nefndar hjer.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8 : 4 atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2004) með 8 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Var frv. því aldrei tekið til 2. umr. og varð

e k k i ú t r æ t t.

---

14. Vatnsorkusjerleyfi.

Á 12. fundi í Nd., mánudaginn 21. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sjerleyfi til hagnýtingar á orkuvötnum og raforku (A. 123).

Á 16. fundi í Nd., föstudaginn 25. júlí, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Frv. á þgskj. 123 hefi jeg leyft mjer að bera fram með það fyrir augum, að lögleitt verði

frv. í sömu átt. og nál. minni hl. vill vera láta, og einnig með það fyrir augum, að hjer kunni að koma upp meiri háttar vatnsvirkjanir á næstunni. Frv. er bygt á þeim vatnsrjetti, sem ríkir í landinu, og ríkt hefir, og gæti þess vegna staðist og náð fram að ganga, þó að vatnalögin gengju ekki fram, því að það gerir ráð fyrir samskonar skipun í vatnamálum og ríkt hefir í landinu að fornu og nýju. Það er ekki af því, að jeg æski eftir stóriðjunni inn í landið, eða vilji bjóða henni heim, að jeg kem fram með frv. þetta, heldur af því, að jeg býst við, að hjá henni verði ekki komist til lengdar. Það eru nú þegar fram komnar svo háværar raddir um, að hrinda beri þessum stórgróðafyrirtækjum af stað, að þing og stjórn mun vart geta staðið í móti, og verða að láta undan. Ef jeg mætti sjálfur kjósa, vildi jeg láta stóriðjuna bíða enn um stund. Jeg held, að hún samþýðist illa innræti voru og uppeldi þjóðarinnar á liðnum öldum; held, að við sjeum illa fallnir til að vera stóriðjuþjóð. Einhæfi stóriðjunnar á illa við okkur, sem erum meiri náttúrubörn en frændþjóðirnar, og þann eiginleika tel jeg líka bestu vörnina gegn illum og útlendum áhrifum. Eins og menn sjá, fylgir eigi greinargerð frv. á þgskj. 123, en hana geta menn lesið í nál. minni hl. fossanefndar, bls. 71—80.

Með frv. er stefnt að því, að stemma stigu fyrir einræði einstaklinganna um hagnýtingu vatnsorku í stórum stíl, og frv. að því leyti samstætt því frv., sem flutt var hjer næst á undan. En að öðru leyti er margt, sem greinir þau að, og margt ólíkt í þeim, enda eru þau bygð á gersamlega ólíkum undirstöðum, þar sem meiri hl. byggir á því, að ríkið eigi vatnsrjettindi öll, en minni hl. á því, að einstaklingurinn eigi þau rjettindi, hver á sínu landi. Jeg hefi ekki gert ráð fyrir, að ríkinu væri nein nauðsyn að hlutast til um minni háttar virkjun á fossum, og setti þess vegna lágmarkið fyrir því, hve nær leita þyrfti sjerleyfis, við 500 eðlishestorkur. Svo litla virkjun virðist mjer ríkið muni geta látið afskiftalausa, nema að því er kemur til eftirlits vegna öryggis, alveg eins og jeg geri ráð fyrir, að ríkið fáist ekki um, þótt einstakir menn hafi eimskip í förum með 500 hestafla vjel fram með ströndum landsins, eða setji upp versksm. með 500 hestafla gufuvjel. Auðvitað má deila um það, hvar lágmark orkunnar til sjerleyfisveitingar skuli sett. Jeg geri ráð fyrir, að framför sú í iðjuaðferðum, sem bólað hefir á síðari árin, kunni að leiða til breytinga á þesslegum ákvæðum, þegar stundir líða. En sje á þetta litið frá sjónarmiði nútímans, þá virðist engin þörf eða ástæða til að takmarka frjáls umráð landeiganda framar í þessu efni en jeg hefi lagt til að gert verði. Meiri hl. hefir gert ráð fyrir, að ríkið taki strax í taumana, þegar komin eru 200 hestöfl, og hann ætlar í hverju tilfelli hinni svo nefndu vatnastjórn að skamta landeigendum vatnsnotin úr hnefa, láta hann að eins fá að nota það, sem heimilisþörf hans krefur, og þó aldrei meira en 200 hestöfl, hvernig sem á stendur, nema hann fái sjerleyfi.

Annars má enn fremur bæta því við um samanburðinn á þessum tveim frv., að meiri hl. frv. er mjög langdregið, tyrfið og fult af kinverskri smásmygli, en alstaðar á þetta almáttuga vatnamálaráðuneyti, sem meiri hl. vill skapa, að vera með nefið niðri í hverri lækjarsprænu.

Mitt frv. er hins vegar mjög óbrotið

og stutt, sniðið að mestu eftir lögum Norðmanna um sama efni, þótt ekki sje það eins langt. Eftir því, sem jeg hefi best getað, hefi jeg breytt ákvæðunum og lagað þau eftir íslenskum staðháttum, enda hygg jeg, að þau nái yfir öll þau „praktisku tilfelli", sem okkur mæta á næstu árum.

Af því, að þetta er 1. umr., skal jeg ekki fara frekar út í einstök atriði, en verð þó að drepa á eitt, sem jeg legg mikla áherslu á og tekið er fram í 3. gr. Það er um, hvernig með skuli fara, þegar sótt er um leyfi til vatnsvirkjunar, sem fer fram úr 40000 hestöflum. Jeg legg til, að sjerleyfi til slíkrar virkjunar geti því að eins fengist, að 2 þing leyfi, og fari fram kosning milli þeirra þinga. Álít jeg sjálfsagt, að þjóðin skeri úr um það með atkvæðagreiðslu, hvort slíkt fyrirtæki leyfist, og álít tryggingunna ófullnægjandi fyrir því, að eitt þing, sem ef til vill er kosið vegna annars máls, gæti nauðsynlegrar varúðar.

Sá möguleiki er nefnilega til, að nokkrir menn í þinginu vildu styðja að slíkri sjerleyfisveitingu kjördæma sinna og legðu þannig málinu lið af afsakanlegum ástæðum, en þeim til stuðnings gætu svo komið veikar sálir þingsins, sem gullið hefði glapið, og þannig fengist meiri hluti með leyfisveitingu, sem þjóðinni væri þvert um geð og jafnvel hættuleg.

Einhver kann að segja, að þetta sje ill getsök í garð þingsins, en sagan geymir eitthvað þessu líkt, og er aldrei fyrir að synja, að slíkt geti fyrir komið, en ákvæðið um tveggja þinga samþykki ætti að aftra því, að þannig yrði svikist að þjóðinni með sjerleyfi. Jeg vil því með engu móti missa þetta ákvæði úr frv., og tel það eina örugga hemilinn við hættulegum sjerleyfisveitingum.

Vil jeg svo mælast til, að frv. verði vísað til fossanefndar og umr. frestað.

Bjarni Jónsson: Út af því, sem háttv. flm. (Sv. Ó.) nefndi, má benda á, að við ætlumst til, að það yrði lagt fyrir þing, ef maður sækir um að virkja meira en 5 þús. hestorkur. En jeg er efablandinn um, hvort það eigi að koma til þingrofs út af því. Jeg álít, að það sje lítil trygging í því. Ef við setjum svo, að þingið neiti þessu leyfi, þá verður það rofið og stofnað til nýrra kosninga. Þá er ekki óhugsandi, að þjóðin leyfi það. En ef hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) vill leggja til, að þing skuli rofið, ef það veitir leyfið, þá get jeg verið honum samferða. Í því fælist óneitanlega mikil trygging, en ekki í hinu, að rjúfa þing, hvort sem það neitar eða játar.

Flm. Sveinn Ólafsson): Jeg ætla að leyfa mjer að leiðrjetta misskilning, sem kom fram í ræðu háttv. þm. Dala. (B. J.). Jeg geri ráð fyrir, að þessi misskilningur sje sprottinn af því, að hann hefir ekki lesið greinargerð mína við sjerleyfislagafrv. nógu rækilega. Jeg gerði ekki ráð fyrir, að þingið yrði rofið, þótt sjerleyfi yrði samþ., heldur að málið yrði ekki afgreitt fyr en eftir nýjar kosningar. Þingið mundi þá sitja sinn kjörtíma, en við næstu kosningar ljeti þjóðin í ljós álit sitt á málinu. Jeg get ekki litið svo á, að það skifti miklu máli, landsins vegna, hvort slíkt leyfi dregst tveim árum lengur eða skemur, og óþarfa tel jeg að flýta sjerleyfisveitingum, að eigi verði beðið kosninga, einkum þegar ráðgert er að stytta kjörtímabil úr því, sem nú er.

ATKVGR.

Frv. vísað til fossanefndar (sjá A.

bls. 2018) með öllum gr. atkv. og umr. frestað.

Áliti meiri hl. samvinnunefndar fossamála um frv. (A. 792) var útbýtt á 63. fundi í Nd., laugardaginn 13. sept., og áliti minni hl. sömu nefndar (A. 821) á 65. fundi í Nd., þriðjudaginn 16. sept., en frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

15. Skipun prestakalla [Ísafjarðarprestakall].

Á 14. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla (A. 136).

Á 16. fundi í Nd., föstudaginn 25. júlí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., laugardaginn 26. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., mánudaginn 28 júlí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Stefánsson): Jeg flyt þetta frv. samkvæmt ósk safnaðarfundar, hjeraðsfundar og Synodusar. Skiftingin hefir verið rædd á öllum þeim fundum og samþykt á þeim öllum. Annars get jeg að mestu leyti vísað til umsagnar minnar um sjerstakt læknishjerað fyrir Bolungarvík. Ástæðurnar eru þær sömu. Þær eru örðugleikar fyrir Bolvíkinga til að ná til sóknarprestsins á Ísafirði og eins örðugleikar og kostnaður hans til að ná til þeirra. Jeg tók það fram áður, að þessir örðugleikar eru bæði á sjó og landi. Landveg er leiðin að eins fær um hásumartímann, og þá ekki öðrum en fótgangandi mönnum. Á öðrum tímum má hún heita stórhættuleg, ef ekki alveg ófarandi. Vegurinn liggur undir snarbrattri hlíð, þar sem stöðug hætta er á snjóflóði og ofanföllum af auri og grjóti. Þarna hafa menn oft farist, og einu sinni sóknarpresturinn á Ísafirði, Hákon Jónsson. Þannig er þá landleiðin. Sjóleiðin kostar nú 100 til 120 kr. fram og aftur. Jeg ætla að biðja menn að gera svo vel að bera það saman við prestlaunin og draga síðan sínar ályktanir.

Jeg veit, að það mun verða sagt, að prestar sjeu ekki eins nauðsynlegir og læknar, og getur það að vissu leyti staðist. Þó er það óneitanlega þægilegt og getur orðið viðurhlutamikið að láta lík standa ógreftruð langan tíma, vegna þess að ekki næst til prests. **(Forsætisráðh.:** Hvernig er það á Ströndum). Ástandið á Ströndum er víst takandi til samanburðar eða fyrirmyndar; það er neyðarástand. Þó er alt öðru máli að gegna um eitt og eitt býli heldur en kauptún, með um 1000 manns.

Þá er að snúa sjer að hinni hliðinni og það er presturinn sjálfur. Eins og ástatt er um laun hans, þegar þau eru að eins 1300 kr. á ári, þá virðist nærgætnislítið að heimta af honum 100—120 kr. ferð 3. hvern sunnudag. Áður

komst presturinn oft með ferðum sem fjellu, en nú er það af. Nú sækja Bolvíkingar ekki eins til Ísafjarðar, því að nú eru komnar 3—4 verslanir í Bolungarvík. Íbúatala heimasóknarinnar er um 2500 manns, og af þeim eru um 600 á við og dreif utan kaupstaðarins. Fólksfjöldinn er því orðinn svo mikill og svo dreifður, að presturinn getur ekki lengur látið í tje þá þjónustu, sem söfnuðurinn í Hólssókn á heimting á og hver góður prestur keppir eftir að veita. Þegar við þetta bætist, að skiftingin er sameiginleg ósk allra þeirra, sem hlut eiga að máli, þá virðist nógu margt mæla með því, að skiftingin komist á.

Milliþinganefndin í prestakallamálinu frá 1905 hafði þetta mál til íhugunar, og þar kom til mála að skifta Ísafjarðarprestakalli, eins og hjer er farið fram á. En það fórst þó fyrir og það fyrir þá sök, að þá var sú skoðun uppi, að heldur bæri að fækka en fjölga prestaköllum. Ef litið er á málið fjárhagslega, þá hefir þessi skifting vitanlega dálítið aukin útgjöld í för með sjer. En ef menn líta um leið á þörfina, þá verður fjárspursmálið svo lítilvægt, að þess gætir varla. En fyrir þeim er þetta vitanlega óþarfi, sem álíta prestana úrelt þing, sem best væri að losna við sem fyrst. En því er ekki þannig háttað hjá alþýðu manna. Raddirnar, sem heyrst hafa síðan 1907, hafa allar heldur mælt með sundrungu en sameiningu, heldur með fjölgun en fækkun prestakallanna. Af þessu er það bert, að landsmenn eru ekki á þeirri skoðun, að prestar sjeu þarfleysan einber. Og gangi menn út frá því, að þeir geri gagn, þá er þeirra ekki síst þörf í afskektum hjeruðum. Vitanlega eykur þetta útgjöld landssjóðs, en úr því mætti bæta með hækkun sóknargjaldsins, og því myndu söfnuðirnir í hinum afskektu bygðarlögum vel una, fengju þeir betri prestsþjónustu.

Að svo stöddu vil jeg ekki fjölyrða meira um þetta efni, en vona, að deildin taki málinu vel og fari með það eins og það á skilið.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg veit, að hv. flm. (S. St.) mun telja, og telur, þetta embætti nauðsynlegt. Um það skal jeg ekki þrátta. En jeg get ekki neitað því, að þegar launafrv. er á ferðinni, sem fer fram á hækkun, þá getur það ekki annað en spilt fyrir að koma með frv. um fjölgun embætta. Það er að vísu ekki mikil fjölgun, sem þetta frv. hefði í för með sjer, ef það yrði samþ., en það er þó fjölgun, og fleiri gætu komið á eftir. Jeg hefi altaf litið svo á, að það ætti að reyna að komast af með sem fæsta presta, en launa þeim sæmilega. Og mjer kemur það undarlega fyrir, ef ekki er hægt að hafa prestaköllin eins stór nú og áður. Mjer finst alt benda á, að þau ættu að geta verið stærri, því nú eru allar samgöngur að batna, og aðalörðugleikinn þannig að yfirvinnast. — Jeg held, að þetta eigi líka við um Bolungarvík og Ísafjörð. (S. St.: Nei). Að vísu hafa vegir ekki batnað, en samgöngur á sjó eru orðnar hægari. Hv. flm. (S. St.) benti á, að ferðir væru ekki eins tíðar nú og áður milli þessara staða, og skal jeg ekki vefengja það. En er það alveg ómögulegt, að embættismaðurinn þarna fari eins að og menn gera annarsstaðar, þar sem líkt stendur á, að hann eigi dálitinn mótorbát sjálfur? (S. St.: Það verður að vera meira en kæna). Ef ilt er í sjó, geta ferðir hindrast, en það er víðar slæmt heldur en þarna. Ástæðurnar, sem háttv. flutnm. (S. St.) færði fram, voru

víst rjettar yfirleitt, en ef þær verða teknar gildar, þá er ekki hægt að skella skolleyrum við öðrum kröfum, sem líkt stendur á um. En þeir eru margir, því örðugleikarnir eru um land alt. Jeg get t. d. bent á Eyjafjarðarsýslu, og þá sjerstaklega austan fjarðarins. Það væri þó fyrir sig að lögleiða þetta, ef hægt væri að benda á aðra staði, þar sem hægt væri að fækka prestum; þá væri vinnandi vegur að hallast að þessu máli. Fyrir mjer horfir málið þannig, að það ætti ekki að vera ókleift að komast af með 100 presta, þegar menn verða að láta sjer nægja milli 40 og 50 lækna. Nú eru prestarnir 116, að því er mig minnir, og þeim getur fjölgað töluvert, ef haldið er uppteknum hætti.

Þetta frv. byggist eflaust á því, að ríki og kirkja verði ekki að skilin í nánustu framtíð. Ef svo væri, þá væri frv. til einskis gagns. Jeg skal taka það fram, að jeg hafði ekki tækifæri til að vera við, þegar það mál var rætt um daginn, en jeg hygg, að lítil líkindi mundu til, að almenningur óski breytingar að þessu leyti.

Flm. (Sigurður Stefánsson): Mjer þótti vænt um, að ástæðurnar fyrir frv. voru taldar góðar og gildar af hæstv. forsætisráðherra (J. M.). En hvað því viðvíkur, að frv. eigi samt sem áður ekki fram að ganga að þessu sinni, þá get jeg vitanlega ekki fallist á það. Ef þingið á annað borð vill líta með sanngirni á þær kröfur, sem fram koma, þá á það að líta á þær þegar í stað. Og ef þingið viðurkennir sanngirni þeirra, þá á það að verða við þeim, og það einnig þegar í stað. Það má ekki setja það fyrir sig, hvað kunni að vera á ferðinni, eða hvað kunni að komast á ferðina; ef kröfurnar eru sanngjarnar og framkvæmanlegar, þá á að framkvæma þær, og dráttur verður þar ekki til neins góðs. En þetta frv. hefir í sjer fólgnar kröfur, sem bæði eru sanngjarnar og framkvæmanlegar, og liggur á að fullnægja.

Jeg veit, að víða er erfitt, en óvíða held jeg þó, að ferðin á annexíuna kosti eins og þarna, yfir 100 krónur. Jeg efast um, að það sje nokkursstaðar á landinu. Þá kom hæstv. forsætisráðh. (J. M.) með það ágæta ráð, að presturinn gæti sjálfur átt bát til annexíuferðanna. En fyrir hvað á prestur með 1300 kr. launum að kaupa bát, sem nú kostar þrisvar, fjórum sinnum þá upphæð, eigi hann að vera að nokkru gagni til þeirra ferða, sem hjer ræðir um? Allir vita, að 1300 kr. eru að eins fyrir lítlum hluta út bát, og þá er eftir viðhald og rekstur. Jeg get talað um þetta af þekkingu, því jeg hefi einmitt átt mótorbát til embættisferða. En jeg gat ekki klofið þann kostnað með embættislaunum mínum. Fyrir núverandi prest á Ísafirði er þetta ógerningur; honum duga föstu launin naumast til að borga eins árs húsaleigu. Hjer þýðir þess vegna ekki að tala um svona lagaða hluti; þeir eru frágangssök.

Það væri náttúrlega ákjósanlegast frá sparnaðar- og fjárhagslegu sjónarmiði, að geta fækkað prestum, en það verður að gera með því, sem er, og almenningur vill miklu fremur fjölgun en fækkun, og til þessara óska verður þingið að taka tillit, vilji það sýna söfnuðum landsins nokkra sanngirni. Og þó að þingið kunni að álíta, að þetta sjeu stundum ekki annað en keipar fólksins, þá er því ekki hjer til að dreifa, og þinginu ber þó óneitanlega að taka tillit til vilja fólksins. Það kann vel að

vera, að víðar sje um brýna þörf að ræða, en jeg fullyrði, að hjer sje þörfin jafnbrýnust, því auk annara ástæðna, er jeg hefi nefnt, hefir þessi sókn meiri fólksfjölda en hvert meðalprestakall. Jeg veit, að það lætur vel í eyrum kjósenda að fjölga ekki embættismönnum. En jeg er löngu orðinn leiður á því. Jeg ætla ekki að bera hæstv. forsætisráðherra (J. M.) það á brýn, að hann vilji kitla eyru almennings. Þetta fækkunarskraf mun oft sprottið af gömlum ímugust á embættismönnum, sem hefir legið í landi hjer. Það hafa oft heyrst háværar raddir á þingmálafundum víða úti um land um það, að ekki mætti fjölga embættismönnum, hvorki prestum nje læknum. En sömu fundirnir hafa samþykt í einu hljóði áskoranir um fleiri presta og lækna, vel að merkja í sínu kjördæmi. Allir sjá, hvílíkt samræmi er í öðru eins. Menn segja í öðru orðinu: Við viljum ekki hafa marga embættismenn, en í hinu: Við viljum þó hafa þá svo marga, að þeir geti sint öllum kröfum okkar og þörfum. Þótt hæstv. stjórn sje mótfallin fjölgun embætta á öðrum stöðum, þá sje jeg ekki betur en einn liðurinn í fjárlögunum sje 28 þús. krónur til að setja á stofn embætti í Kaupmannahöfn, sem vel mætti bíða; þá er ekkert tómahljóð í skúffunni. Satt að segja held jeg, að það mundi ekki rýra sóma hins nýja, íslenska ríkis tilfinnanlega, þótt þessi „toppfigúra", sendiherrann í Kaupm.-höfn, fengi að bíða dálitinn tíma.

Jeg er sammála hæstv. forsætisráðh. (J. M.) um, að þótt skilnaður ríkis og kirkju sje kominn á dagskrá hjer á þingi, þá muni það mál eiga svo langt í land, þar til framkvæmt verði, að óþarft sje að taka nokkuð tillit til þess í umræðum um þetta mál. Jeg vil taka það fram um þetta mál, sem hjer er til umr., að bæði prófastur prestakallsins og biskup landsins mæla eindregið með því, að þessi skifting gangi fram. Og er það þó kunnugt mál, að biskup vor fer síst hvatvíslega í sundurgreining prestakalla. En um þetta mál fórust honum þannig orð, að hjer yrði hann að beygja sig, því hann teldi, að hjer væru alveg sjerstaklega veigamiklar ástæður fyrir hendi. Jeg ætla ekki að fjölyrða um þetta meira, en vil leggja til, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar, að umr. lokinni.

Björn Kristjánsson: Jeg get tekið undir með hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að svo framarlega sem nokkursstaðar er þörf að bæta við nýju prestakalli, þá er það í Bolungarvík. Jeg hefi orðið svo frægur, að ferðast þessa leið, bæði sjóveg og landveg. Jeg hefi farið þar um fótgangandi að sumri til, en á mótorbát að vetrarlagi. Og jeg verð að segja, að jeg tel ekki viðunandi að byggja á þeirri leið, er á að sækja lækni, og illgerandi þegar um prest er að ræða, hvort heldur er sjóveg eða landveg. Sjóleiðin er að vísu oft fær, enda oftast nær farin milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur, en sjóleiðin liggur fyrir opnu hafi, eins og kunnugt er, og getur því oft orðið ófær.

En erindi mitt að standa upp var nú ekki að tala um þetta, heldur að minna væntanlega nefnd á, að jeg hefi leyft mjer að stinga upp á, að hið gamla Kálfatjarnarprestakall verði endurreist. Jeg vildi að eins geta þessa nú, af því málið liggur ekki fyrir nú, þar sem það er ekki á dagskrá. Jeg vona, að háttv. nefnd leyfi mjer að tala við sig þessu viðkomandi, þegar þar að kemur, og leggja tilheyrandi skjöl fram.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer þótti hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) leggja helst til mikla áherslu á þessi 1300 kr. laun prestsins á Ísafirði. Jeg talaði aðallega með till. launafrv. fyrir augum. Þó að miðað væri við núverandi laun, þá gæti jeg hugsað mjer, að bætt yrði úr með erfiðleikauppbót til prestsins. Auk þess er aðgætandi, að prestar í fjölmennum prestaköllum, eins og Ísafjarðarprestakall er, hafa talsverðar aukatekjur auk árslaunanna. Það er auðvitað, að ókleift yrði að kaupa flutningstæki af eins árs launum fyrir prestinn. En það er heldur ekki gert ráð fyrir, að hann þurfi að kaupa mótorbát á hverju ári, svo það mætti dreifa kostnaðinum niður á fleiri ár. Jeg get nú ekki sagt um með neinni vissu, hvað mundi kosta að kaupa slíkan bát og halda honum úti. Það mundi sjálfsagt nema nokkru. En þó hygg jeg, að það mundi verða minna en ef hver ferð milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur kostar hundrað krónur eða þar yfir. Annars sje jeg ekki ástæðu til að ræða þetta mál meir. Jeg tel ekki forsvaranlegt annað en að vísa því til nefndar; það hefir við svo mikil rök að styðjast, eins og jeg sagði áðan. Jeg hafði ekki athugað, er jeg talaði áðan, að það er þegar komin ein brtt. um að fjölga prestaköllum. Og jeg geri ráð fyrir, að búast megi við fleiri slíkum tillögum, sem út af fyrir sig geta haft töluvert til síns máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2011), hvorttveggja með öllum gr. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Var frv. því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

16. Almenn hegningarlög.

Á 14. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á almennum hegningarlögum handa Íslandi, 25. júní 1869 (A. 137).

Á 16. fundi í Nd., föstudaginn 25. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., laugardaginn 26. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. júlí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Jónsson): Eins og menn sjá, hefi jeg komið fram með frv. þetta í þeim tilgangi, að þegar á þessu þingi verði numin úr hegningarlögunum þau ákvæði, sem ekki geta samrýmst samningum þeim, sem gerðir voru á síðasta þingi um fullveldi Íslands.

Af þeim samningum leiðir meðal annars það, að jafnvel frá sjónarmiði þeirra manna, sem haldið hafa, að Ísland hafi lotið Dönum, getur það ekki komið til mála að dæma Íslendinga fyrir landráð við Danmörku, fremur en önnur ríki veraldarinnar.

Jeg reyndi nú að ganga í gegnum

lögin og taka þau ákvæði, sem eiga þar ekki lengur heima, en jeg verð að játa, að ekki er víst, að það sje með nægri vandvirkni gert. Stafar það af því, að lög þessi eru mjer ekki nógu kunn, þar sem jeg hefi lítið við þau sýslað, og tími hefir einnig verið naumur.

Verð jeg því eins og áður að vera kominn upp á náðir nefndar þeirrar, sem frv. verður vísað til, og vona jeg, að hún athugi það og lagfæri. En eftir eðli málsins mun það eiga að fara til allsherjarnefndar, og vil jeg gera að tillögu minni, að svo verði, að umr. þessari lokinni.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg býst við, að þetta sje frv., sem hv. þm. Dala. (B. J.) sagði að stjórnin hefði lofað að koma með, en ekki gert.

Það er satt, að háttv. þm. (B. J.) mintist á það við mig, og svaraði jeg því, að þess væri þörf, en loforð held jeg að jeg hafi ekki gefið.

Það er rjett, að hjer þarf að breyta til, en um hitt er jeg ekki eins viss, að á ríði, að því sje breytt endilega nú, enda hygg jeg, að dæma mætti þau brot, sem um ræðir í frv., eftir núgildandi lögum, samkvæmt lögjöfnuði.

Það er annars margt fleira í lögum, sem breyta þarf, en stjórninni hefir ekki unnist tími til að leita í lögunum að því, er breyta þyrfti.

Stjórnin hafði ekki mikinn tíma til lagasmíða í þetta skifti, og held jeg þó, að ekki verði hægt að saka hana um, að hún hafi ekki gert talsvert í því efni.

Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að ræða frekar um mál þetta.

Gísli Sveinsson: Jeg stend upp til þess að eins, að beina því til nefndarinnar, sem kemur til með að fjalla um þetta mál, og væntanlega verður háttv. allsherjarnefnd, að hún athugi málið á víðtækari grundvelli en frv. háttv. þm. Dala. (B. J.) gefur tilefni til. Það er alveg rjett athugað hæði hjá hv. flm. (B. J.) og hæstv. forsætisráðh. (J. M.), að það orðalag, sem nú er víða á hegningarlögunum, getur ekki samrýmst því sambandi, sem nú er milli Íslands og Danmerkur. En mjer er nú svo farið, að jeg tel orðin ekkert aðalatriði, og jeg held, að það hafi lítið að segja viðvíkjandi fullveldi Íslands, hvaða orðalag er á hegningarlögunum. Þau lög eru hvort eð er allgömul orðin, og jeg tel það hafa litla þýðingu, að fara nú að káka við einstöku orðabreytingar einar saman, því að þess gerist full þörf að gera á lögunum gagngerðar breytingar, ekki að eins á orðfæri, heldur og einkanlega að efni til. Jeg þykist líka vita, að þó að þar stæðu setningar, eins og t. d. „hið danska ríki", þá mundu fáir hneykslast á því, þótt stæði eitt eða tvö ár enn, nú þegar fullveldisviðurkenningin er fengin í raun og veru. Ef aftur á móti spurningin um efni og orðaval hegningarlaganna verður tekin upp í einu, þá tekur það talsverðan tíma, og væri sjálfsagt að njóta stuðnings af þeirri rannsókn og undirbúningi, sem verið er að gera í Danmörku og víðar á Norðurlöndum, viðvíkjandi endurbótum refsiákvæða. En það er ekki von, að hv. þm. Dala. (B. J.) fari að gefa sig út í það mál. Að því er hann sjálfur segir, og vafalaust er satt, er hann því lítt kunnugur, enda stendur öðrum það nær. Hans frv. fer því í þá einu átt, að koma orðabúningnum í samræmi við það ástand, sem nú ríkir hjer á landi eða milli landanna, en

jeg vil, að nefndin taki lögin til rækilegrar athugunar, og má þá þetta orðalag standa óbreytt þar til fullnægjandi breytingar er hægt að gera á refsilöggjöfinni.

Flm. (Bjarni Jónsson): Mjer þykir vænt um, að þetta mál fær góðar undirtektir í hv. deild, enda þóttist jeg þess viss.

Jeg hlýt að játa, að þetta frv. fer ekki fram á neinar efnisbreytingar á hegningarlögunum, heldur er það eitt ákvörðun þess að koma orðalagi þeirra í samræmi við stjórnarfyrirkomulag landsins nú. Tel jeg ekki ráðlegt að liggja lengi með endurminningar, er síst eru góðar. Mjer finst, að minna verði ekki gert til þess að auglýsa fullveldi Íslands en að láta ekki lengur standa hið danska orðalag á lögum þess. Þetta gekk mjer til, en hitt var jeg ekki hræddur um, að Íslendingar yrðu dæmdir fyrir landráð, þó öðruvísi væri.

Það, sem aftur hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) mintist á endurskoðun hegningarlaganna, þá get jeg verið honum sammála um það, að þess gerist full þörf. Það er að vísu satt, að jeg er þessu máli ekki mikið kunnugur, en þó var það um eitt skeið, að jeg kynti mjer talsvert ýmsar refsingaraðferðir, og fanst mjer sú stefnan sönnust, er færa vildi þær frá hegningaraðferðinni í áttina til betrunaraðferðarinnar. Jeg hefi, frá því jeg varð fulltíða maður, talið rjett að færa hegningarlögin í búning, sem samboðinn væri mentaðri þjóð, en það verður ekki sagt um þau lög, er nú gilda, enda mun það satt vera, að dómarar kynoka sjer við að dæma eftir þeim, nema þeir sjeu nauðbeygðir til þess. En jeg fór ekki inn á þá braut nú, af því jeg taldi tímann ónógan, enda veitti ekki af því, að þingið gerði sjerstaka ráðstöfun viðvíkjandi þessu máli, og veitti þá ekki af að skipa nefnd sjerfróðra manna, er ynnu að þessu um nokkur ár. En það þætti mjer ilt, ef þessar breytingar, er frv. mitt fer fram á, verða látnar bíða svo lengi, enda eru þær algerlega sjálfstæðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2011), hvorttveggja með öllum gr. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Var frv. því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

17. Dýralæknar.

Á 14. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um dýralækna (A. 138).

Á 16. fundi í Nd., föstudaginn 25. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., mánudaginn 28. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Margt af því, sem skýrir þetta frv, er tekið fram í greinargerð þess. Eins og sjá má af frv., þá fer það fram á að fjölga dýralæknum hjer á landi um 3, eða úr

4 í 7. Það kann nú að virðast hv. deild einkennilegt að flytja þetta mál hjer, en ef betur er að gáð, kemur í ljós, að svo er ekki. Sumir vildu má ske segja, að það sje æði ólíku saman að jafna, þar sem sjeu menn og skepnur. En tilfellið er, að þar er talsvert samband á milli, og ekki svo fjarri að bera það saman, þegar um þetta mál er að ræða. Það er vert að gæta að því, í þessu sambandi, að í viðbót við þau 40 læknaembætti, sem nú eru til, eru flutt hjer á þingi 6 ný frv., 4 í hv. Nd., og 2 í hv. Ed., sem fara fram á, að bætt verði við 6 læknaembættum.

Þó hjer sje dálitið öðru máli að gegna, þá virðist ekki óeðlilegt, með tilliti til þessa, þó farið sje fram á að fjölga dýralæknum. Og liggja til þess margar ástæður. Þeir 4, sem nú eru, komast engan veginn yfir að fullnægja þörfinni. En eins og menn sjá á frv., þá er mjög höglega farið í sakirnar um fjölgunina. Sigurður Einarsson, dýralæknir á Akureyri, hefir ritað um þetta mál, og þar ætlast hann til, að dýralæknar sjeu jafnmargir og aðrir læknar, eða um 40. Enn fremur hefir elsti dýralæknir landsins, Magnús Einarsson, látið sitt álit uppi, og telur hann hæfilegt, að dýralæknisembættin sjeu 12. — En hjer í þessu frv. er að eins farið fram á, að þau verði 7.

Það, sem einkanlega kom okkur flm. til að flytja þetta mál, er, að bæði sýslunefnd Árnessýslu og þingmálafundur hafa skorað á Alþingi að sjá um, að stofnað verði dýralæknisembætti austanfjalls. En við nánari athugun á málinu komumst við að þeirri niðurstöðu, að það væri engu síður þörf fyrir dýralækni sumstaðar annarsstaðar, og því er farið fram á í frv., að stofnað sje embætti, ekki einungis austanfjalls, heldur á tveim stöðum öðrum.

Þetta er sú lægsta dýralæknatala, sem jeg get hugsað mjer. Hvað snertir kostnað, er þetta hefir í för með sjer, þá kann hann að verða nokkur, þegar þar að kemur. En fyrst um sinn mun þetta verða útgjaldalaust fyrir landssjóð, því það líða sjálfsagt 4—6 ár þangað til þeir, er legðu stund á þessa grein, hefðu lokið námi.

Nú kann einhver að segja sem svo, til hvers sje verið að semja lög og stofna nú dýralæknaembætti, þegar enginn útlærður dýralæknir er til. — Þar til er því að svara, eins og segir í greinargerð fyrir frv., að þetta ýtir undir menn og hvetur þá til þess að leggja stund á þessa námsgrein. Jeg er á þeirri skoðun, að svo framarlega sem ekkert verður gert í þessu efni, þá fari enginn að læra til dýralæknis. Öðru máli er að gegna, verði þetta frv. samþ. Þá tel jeg vafalaust, að það mundi koma að gagni í þessu skyni og hvetja efnilega unga menn til námsins, er svo yrðu tilbúnir til að setjast í embættin eftir 4—6 ár. Um hitt þarf ekki að deila, að nauðsyn á að fjölga dýralæknum fer vaxandi með ári hverju. Eftir því, sem skepnur hækka í verði, eykst þörfin. Það er t. d. mikill munur á verðlagi nú og fyrir svo sem 10 árum. Þá kostaði kýrin ekki nema 75—100 kr., en nú frá 600—800 kr. Og svipað má segja um hesta.

Með tilliti til þessarar gífurlegu hækkunar verður tilfinnanlegt fyrir bónda að missa þó ekki sje nema unglamb á vori, hvað þá stórgripi. Þegar svo er komið, leggja menn sig miklu meir í framkróka til að halda skepnunum og lækna þær, sem sýkjast. Jeg skal játa, að það er dálitið óviðfeldið að bera hjer fram

frv., sem fer fram á fjölgun embætta. En það er hin knýjandi nauðsyn, sem rekur á eftir með það. **Þetta benti jeg** einnig kjósendum okkar á, þegar þeir skoruðu á okkur að flytja þetta mál eða frv., og sagði þeim, að það kæmi í bága við þá skoðun, er viða ríkir, að nær sje að fækka embættum en fjölga þeim. En jeg fjekk það svar, að það mætti fækka þeim á ýðrum sviðum. Og er jeg spurði, hvar helst mætti bera niður í þessu efni, var svarið óhikað, að það mætti fækka prestunum. Og þetta gæti verið bending til þeirra, sem nú eru að flytja frumvörp um, að þeim verði fjölgað. — En hvað sem nú þessu líður, þá vona jeg, að þessu frv. verði vel tekið og verði látið ganga til landbúnaðarnefndar að 1. umr. lokinni.

Sigurður Stefánsson: Jeg get sagt, að jeg er þessu frv. meðmæltur. Og jeg tel fulla ástæðu til að fjölga **dýralæknum,** ekki að eins um 3, heldur þrisvar sinnum þrjá. Það var rjettilega tekið fram hjá hv. 1. þm. Árn. (S. S.), að nú er allur búpeningur orðinn svo dýr, að það er stórtjón fyrir bændur að þurfa að horfa á skepnur deyja, sem dýralæknir ef til vill hefði getað bjargað.

Nú hafði mjer dottið í hug, hvort ekki mætti bæta úr dýralæknaskorti á annan veg en hjer ræðir um. Jeg bendi á þetta af því, að jeg býst ekki við, að við fáum marga dýralækna í bráð. Námið er dýrt, og auk þess lítil kostakjör, sem bíða að því loknu, eins og nú er ástatt. Mjer hefir verið bent á það, af manni sem vel hefir vit á, hvort ekki mundi tiltækilegt að gera mannalæknaefnum að skyldu að leggja jafnframt stund á dýralækningar. Þessar tvær námsgreinar hafa margt sameiginlegt, svo jeg held, að það, sem námsmaðurinn þyrfti að bæta við sig, yrði ekki svo ýkjamikið. Hann yrði auðvitað að fá sjerstakt námskeið í dýralækningum, sem mundi hafa nokkurn kostnað í för með sjer. En jeg álít þessa uppástungu vel þess verða, að hv. landbúnaðarnefnd taki hana til athugunar.

Viðvíkjandi orðum hv. 1. þm. Árn. (S. S.) um prestana vildi jeg segja, að þó hann teldi rjett að fækka prestum frá sínu sjónarmiði, þá lít jeg alt öðrum augum á það mál. Það væri annars fróðlegt að heyra hv. þm. gefa upplýsingar um, hve mikið mætti fækka prestum í Árnessýslu. **(E. A.:** Hv. þm. (S. S.) kom fram með frv. á þingi 1909 um að fjölga prestum í Árnessýslu.

Ef jeg þekki hv. þm. (S. S.) rjett og hans kjósendur, verða þeir víst ekki margir, sem þeir mega vera án. Árnesingar þykjast víst ekki hafa of marga presta, og jeg tel vafasamt, hvort þeir vildu skifta á þrem dýralæknum og þrem prestum, ef út í það færi.

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Jeg get verið hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) þakklátur fyrir góðar undirtektir í þessu máli. Og jeg geri ráð fyrir, að landbúnaðarnefnd athugi þessa uppástungu hans, enda þótt jeg fyrir mitt leyti álíti, að ekki komi til mála að láta mannalækna fara að „fúska" við dýralækningar. Það yrði ekki til annars en ills eins; þeirra læknisdómur yrði þá hvorki fugl nje fiskur. Þó að námið hjá manna- og dýralæknum kunni að vera eitthvað líkt á sumum sviðum er það þó mjög ólíkt í ýmsum verulegum atriðum. Jeg þarf ekki annað en benda á t. d. „Anatomi" og „Fysiologi". En sem sagt þá býst jeg við, að nefndin athugi þetta nánar. Hvað viðvíkur fækkun presta í Árnessýslu, sem hv. þm. (S. St.) drap á, þá liggur

það mál ekki fyrir nú. Orðin, hvað þetta snertir, voru töluð með sjerstöku tilliti til þess, að prestakallaskipun á öllu landinu yrði tekin til meðferðar, og þá reynt að sameina prestaköll og fækka prestum þar, sem hægt væri, og þá auðvitað í Árnessýslu líka, ef það teldist gerlegt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 2009), hvorttveggja með öllum gr. atkv.

Á 26. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 138, 202, n. 241, 258).

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Nefndin leggur til, að frv. þetta verði samþ. með lítils háttar breytingum, sem jeg skal nú víkja að.

Þá er fyrst að geta breytinganna, sem nefndin hefir gert á 2. gr., um laun dýralækna. Henni þótti eiga betur við, að laun dýralækna sjeu ákveðin í hinum almennu launalögum, og breytist greinin í þá átt, enda hefir stjórnin tekið þá upp í frv. til laga um laun embættismanna.

Í öðru lagi hefir nefndin lagt það til, eftir tilmælum dýralæknisins hjer í Reykjavík, að þegar dýralæknir ferðast í þágu einstakra manna og fær ekki ókeypis fararbeina, samkvæmt 4. gr. frv., skuli honum vera heimilt að reikna sjer 5 kr. á dag, auk ferðakostnaðar, samkvæmt 3. gr.

Aðrar breytingar hefir nefndin ekki gert við frv.

En þá er fram komin brtt. frá hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og hv. 1. þm. Skagf. (M. G.). Hún fer í þá átt, að landsdýralæknir skuli skyldur til að halda uppi 1—2 mánaða námsskeiði á vori hverju fyrir þá, sem vilji kynna sjer meðferð algengustu alidýrasjúkdóma.

Nefndin hefir ekki tekið afstöðu til þessa atriðis. Hins vegar skal jeg geta þess, að jeg er sjálfur heldur mótfallinn þessari till. og tel hana varhugaverða. Í öðru lagi skal jeg láta þess getið, að dýralæknirinn hjer í Reykjavík leggur á móti henni og færir ástæður fyrir því. (G. Sv.: Hverjar eru þær?). Hann kvaðst hafa skrifað hv. þingm. brjef í fyrra, og gert þar grein fyrir ástæðum sínum. En þær eru í stuttu máli þessar. Hann hyggur, að kenslan verði ófullnægjandi, þar sem námsskeiðstíminn er svo stuttur, og að þetta geti leitt til þess að fjölga skottulæknum, er færu óvarlega með sína þekkingu á dýrasjúkdómum, og gerðu með því ógagn eða jafnvel skaða.

Pjetur Ottesen: Eftir því, sem mjer kemur frv. þetta fyrir sjónir, hygg jeg, að það sje að byrja á neglunni að samþ. það, meðan menn í þessi embætti vantar. Því hefir að vísu verið haldið fram, að menn mundu fara að gefa sig við náminu frekar en áður, er þeim væri opnuð leið til embættis. — Jeg skal fúslega játa, að dýralæknar þeir, sem hjer eru, hafa bæði beinlínis og óbeinlínis, og á jeg þar við það, að ýmsir menn hafi lært af þeim ýmiskonar ráð gegn helstu búfjársjúkdómum, orðið að miklu liði. En hins vegar sje jeg ekki beina ástæðu til að vera nú að stofna hin umræddu dýralæknaembætti. — En mjer virðist, að brtt. á þgskj. 202 muni, ef samþ. verður, bæta úr þeim skorti, sem nú þykir vera á dýralæknum. Það gæti orðið að mjög miklu liði, ef mönnum væri veitt til-

sögn í helstu alidýrasjúkdómum, frekar en verið hefir. Þeir, sem fengið hefðu einhverja undirstöðuþekkingu í þeim efnum, gætu komið að miklu gagni, að minsta kosti er um smærri sjúkdóma væri að ræða. En þegar kunnátta þeirra þryti, gætu þeir náð tali af dýralækni, þar sem símasamband væri, er svo stæði á, gefið honum upplýsingar um sjúkdóminn og leitað ráða hjá honum.

Jeg hygg því, að jafnvel 1—2 mánaða námsskeið, sem ef til vill mætti hafa í sambandi við búnaðarskólana, á ári hverju, gætu komið að mjög góðu haldi, og tel óþarft, að gengið sje lengra að þessu sinni. Jeg mun þess vegna greiða atkv. á móti frv.

Gísli Sveinsson: Háttv. frsm. (S. S.) lýsti því yfir, að hann væri mótfallinn brtt. þeirri, sem jeg og 1. þm. Skagf. (M. G.) höfum leyft oss að koma með, en nefndina kvað hann vera óbundna. Hann gat þess líka, að dýralæknirinn hjer í Reykjavík væri brtt. okkar mótfallinn.

Aðalástæðu dýralæknis kvað hann vera þá, og það var í raun og veru eina ástæðan, sem hann tilfærði gegn brtt. okkar, að hún mundi verða til þess að klekja út „skottulæknum“ í þessari grein. Þessi ástæða, sem dýralæknir og ljet í ljós í fyrra, eða hitt eð fyrra, að menn mundu rísa upp í landinu, sem vildu sýnast vera dýralæknar, ef þeir hefðu verið á námsskeiði, er að mínu viti á engum rökum bygð, enda er þar litið á málið frá embættissjónarmiði þessa manns. Það er auðskilið, frá hans sjónarmiði, að hann vilji ekki, að aðrir fáist við dýralækningar en sjerfræðingar í þeirri grein. En það getur verið full ástæða til, að fleiri fáist við að liðsinna skepnum en sjerfræðingar einir. Slíkir menn hafa verið hjer á landi og komið oft að góðu liði, þótt ólærðir væru. En þeim fer nú óðum fækkandi.

Jeg hygg, að námsskeiðið mundi koma að mjög góðu haldi. Hjer er ekki heldur um neitt stórfelt að ræða. — Það er að eins gert ráð fyrir, að mönnum sje veitt leiðbeining í meðferð einfaldra sjúkdóma, meiðsla o. þ. u. l. Gera má ráð fyrir, að þeir sæki einkum námsskeið þetta, sem fengið hafa einhverja undirstöðumentun, t. d. búfræðingar, sem hefðu áhuga á þessum efnum. — Jeg sje þess vegna ekki betur en brtt. okkar eigi fullan rjett á sjer, enda er mönnum þetta að vonum mikið áhugamál úti um hjeruðin, ekki síst þar, sem afskekt er.

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Það var ekkert nýtt í ræðu hv. þm. Borgf. (P. O.), sem jeg hefi ástæðu til að mótmæla. Frv. er borið fram, eins og jeg hefi áður tekið fram, til þess, meðal annars, að hvetja menn til að leggja stund á þessa fræðigrein. Og samþ. frv. mundi verða til þess, að menn færu að læra dýralækningar.

Um brtt. háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og hv. 1. þm. Skagf. (M. G.), og ummæli hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), skal jeg láta þess getið, að komið gæti til mála, að haldið væri námsskeið, þar sem mönnum væri kent að fara með vissa sjúkdóma, t. d. doða í kúm. Einnig kent að gelda hesta. En annars held jeg, að menn gætu misbrúkað þá litlu kunnáttu, sem þeir fengju. Þeir mundu ætla sjer meira en þeir væru menn fyrir, eða hefðu kunnáttu og áhöld til. Jeg vil benda á það til samanburðar, að meðan mannalæknar voru fáir hjer

á landi, úði og grúði af skottulæknum. En þeir hafa smám saman horfið úr sögunni með fjölgun lærðra lækna. — Þetta sýnir, að almenningur hefir kunnað að meta þekkingu lærðu læknanna. Jafnhliða var og hafin barátta gegn skottulæknunum, og var mikið rifist um þá hjer áður á þingi. Og nú er svo komið, að þeir, sem fást við lækningar og ekki hafa gengið lærða veginn, fá sjerstakt leyfi til þess, ef þeir hafa aflað sjer nauðsynlegrar kunnáttu í því efni. Og í sambandi við þetta vil jeg benda tillögumönnum á að bera fram viðaukatill. þess efnis, að þeim einum skuli heimilt að stunda dýralækningar af námsskeiðsnemendunum, sem fengju sjerstakt leyfi til þess hjá landsdýralækni, að námi loknu.

Þorsteinn Jónsson: Það er ekki að ófyrirsynju, að hjer er fram komið frv. um fjölgun dýralækna, því lærdómurinn til þess að verða dýralæknir er dýr, og fáir munu leggja það nám fyrir sig, nema þeir eigi von á starfi að náminu loknu. Þess vegna verður að byrja á að samþ. frv. um fjölgun dýralækna. Læknarnir fási ekki fyr. Jeg tel dýralækna vera lyftistöng fyrir landbúnaðinn. Sú var tíðin, að ekki var nema einn mannalæknir á landinu. Þá fanst mönnum það vera hæfilegt. Síðan urðu þeir fjórir. Skottulæknarnir fyltu í skörðin. En þetta hefir breyst. Eins er um dýralæknana nú, sem fyr meir var um mannalækna.

Brtt. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og 1. þm. Skagf. (M. G.) álít jeg vera nauðsynlega viðbót við frv. Þótt dýralæknarnir verði jafnmargir og frv. gerir ráð fyrir, nægir sú tala alls ekki. En hver aukin þekking gæti komið að notum. Og sú fræðsla, sem menn geta fengið á námsskeiði, mundi koma að meira haldi en að fara eingöngu eftir sínu höfði. Það hefir lengi tíðkast hjer á landi, að einstakir menn hafa fengist við að lækna dýr, og reynst þar öðrum snjallari, þótt ólærðir væru, líkt og skottulæknarnir gömlu, sem oft komu að góðu liði. Slíkir skottulæknar hafa oft orðið að miklum notum, t. d. við venjuleg meiðsli, svo sem fótbrot o. þ. u. l. Og námsskeiðin ættu að geta kent mönnum meðferð slíkra sjúkdóma.

Mig furðar á, að nokkur skuli halda þeirri skoðun til streitu, að hættulegt sje að breiða út þekkingu á dýralækningum. Mjer finst það vera skylda dýralæknanna að stuðla að slíkri fræðslu. Enda vill svo vel til, að einn dýralæknirinn tjáði mjer, að það væri sín skoðun, að þetta væri mesta nauðsyn, og taldi rjett að ganga inn á þá braut, að fræða fólkið í þessum efnum, einmitt með því, að dýralæknar hjeldu námsskeið.

Aukin fræðsla verður altaf til bóta; hún getur aldrei orðið til tjóns. Þeir, sem ekki ná til dýralæknanna — og þeir verða margir — munu reyna að hjálpa dýrum sínum sjálfir. Því að einkum hafa þeir not af dýralæknunum, sem búa í námunda við þá. Aðrir geta ekki vitjað þeirra.

Hákon Kristófersson: Jeg verð að vera á sama máli og hv. þm. Borgf. (P. O.) um það, að frv. nái alls ekki tilgangi sínum.

Hins vegar er jeg þeirrar skoðunar, að brtt. á þgskj. 202 sje vel hugsuð og geti bætt mikið úr þeim skorti, sem nú er á mönnum, er kunna að fara með dýrasjúkdóma.

Að vísu sagði hv. frsm. (S. S.), að

dýralæknirinn hjer í Reykjavík mundi ekki vilja taka þessa kenslu að sjer, og hann teldi hana varúðarverða, því að hætt væri við, að hún mundi verða til þess að skapa skottulækna. Slíkt getur að sjálfsögðu komið fyrir um einhverja af læknum þessum, því að það er engin ný bóla, að læknar reynist misjafnlega, en mín reynsla er sú, að sumir þeir, sem hingað til hafa gefið sig við því að hjálpa skepnum, hafi ekki gert öllu minna gagn en lærðir dýralæknar. Þess skal jeg og geta, að jeg hefði kunnað betur við, að þessi námsskeið væru haldin að vetrinum, því að á þeim tíma má búast við, að þau yrðu betur sótt en á vorin, þegar gnægð er af arðsamri atvinnu.

Jeg býst við, að hv. nefnd hafi athugað það, að ef þetta nær fram að ganga, þá hefir það ekki lítinn kostnað í för með sjer fyrir landssjóð. En um það er ekki mikið að segja, því að væntanlega vega notin af dýralæknunum upp á móti kostnaðinum við þá. Þó er það ósambærilegt að bera nytsemi dýralækna saman við mannalækna, því að óneitanlega er mannslífið dýrara og dýrmætara en líf skepnunnar.

En það er annað í þessu máli, sem þarf að athugast. Er það tilætlunin, að núverandi dýralæknar þjóni hinum nýstofnuðu embættum, ásamt sínum embættum, og fái þá, eins og venja er um aðra embættismenn, sem þjóna tveim embættum, hálf laun embættisins, sem þeir taka að sjer að þjóna, auk síns eigin. Eins og frv. er orðað, virðist mega leggja slíkan skilning í það, þótt jeg geri ráð fyrir, að sú hafi ekki verið tilætlun nefndarinnar. Þetta er ekki óverulegt atriði, og væri gott að fá skýringu hv. nefndar á því.

Svo framarlega sem dýralæknir er vel fær um að gegna stöðu sinni, geri jeg ráð fyrir, að hann muni eftir föngum afla sjer upplýsinga um sjúkdóma dýra í hjeraði sínu og fræða menn um þá og meðferð þeirra. En hvað hefir nú reynslan sýnt í þessu efni? Þetta ætti að geta orðið að gagni; en hræddur er jeg um, að ferðakostnaður dýralæknanna muni reynast hærri en frv. gerir ráð fyrir.

Jeg verð að játa það, að jeg hefi ekki svo mikla reynslu um dýralækna, eða þekkingu á þeim, að jeg geti sagt um það, hve mikil þjóðarnauðsyn þetta frv. er.

Pjetur Ottesen: Jeg skal heita því, að auka ekki á óróa hv. deildarmanna með langri ræðu. — Mjer kemur það hálfundarlega fyrir, hve lítið trúaður háttv. frsm. (S. S.) er á námsskeiðin; einkum er þetta undarlegt, þar sem árangurinn af námsskeiðum, sem Búnaðarfjelag Íslands hefir haldið uppi, hefir verið sjerlega góður; t. d. má segja, að lækning á doða í kúm og gelding hesta sje komin í gott lag, og má sjálfsagt að miklu leyti þakka það námsskeiðunum og þeirri fræðslu, sem þau hafa veitt. Þá hefir og mönnum víðs vegar úti um land hepnast vel bólusetning gegn bráðapest í sauðfje, og það svo, að sá mikli vágestur, bráðapestin, er nær horfin. Munu sumir þeirra ekki standa neitt að baki lærðum læknum í þeirri grein. Þegar þessi góða reynsla hefir fengist um þetta þrent, þá er engin fjarstæða, að svo gæti orðið um fleira, og að dýralæknir gæti kent fleira út frá sjer, sem að góðu haldi gæti komið, á þessum fyrirhuguðu námsskeiðum.

Auk þess gætu dýralæknar gert meira

að því að skrifa um meðferð dýra og algenga dýrasjúkdóma en þeir hafa gert nú að undanförnu. Jón landlæknir skrifaði fyrir löngu síðan bók um dýralækningar, sem varð að góðu liði, og er sumt úr henni notað enn í dag.

Þá mintist hv. frsm. (S. S.) á skottulæknana í sambandi við þessa breytingu, á þann hátt, að jeg verð að mótmæla því harðlega, ef það hefir átt að vera í óvirðingarskyni, því að það er á allra vitorði, að ýmsir hinir svo kölluðu skottulæknar hafa gert stórmikið gagn, og mjer finst það sitja best á hv. þm. (S. S.) að tala hjer hægt um, því að jeg man ekki betur en að hv. þm. (S. S.) varpaði því fram hjer á þingi 1917, að vafasamt væri, hvort „alopatar" hefðu ekki sálgað jafnmörgum og þeir hefðu bjargað. Það er ekki svo að skilja, að jeg vilji taka undir þetta með þeim hv. þm. (S. S.); en svo fjellu honum orð þá. (S. S.: Læknarnir eru misjafnir, eins og aðrir).

Hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) kvað nauðsynlegt að stofna embætti þessi nú, til þess að hvetja menn til þess að fara að læra dýralækningafræði. — Þetta getur nú verið; en undanfarandi reynsla hefir þó fremur verið sú, að embætti hafi verið stofnuð handa vissum mönnum, sem embætti hafa þarfnast í þann svipinn, en hitt.

Björn R. Stefánsson: Jeg mun greiða atkv. á móti frv. þessu, því að jeg sje ekkert það í því, sem geri það nauðsynlegt, að það sje gert að lögum. Aðalbreytingin frá því, sem nú er, er sú, að dýralæknaembættum skuli fjölgað, en þó er það vitanlegt, að engir dýralæknar eru til í þessi nýju embætti, og það eru lítil líkindi til þess, að hinir fyrirhuguðu þrír dýralæknar komi allir í einu í embættin. Mjer sýnist því eðlilegast, að bætt sje við embættum smátt og smátt, eftir því sem menn fást í þau. Jeg geri ráð fyrir, að heppilegra muni að ákveða hjeraðaskiftinguna, smátt og smátt eftir því sem mennirnir fást í þau, en fastbinda hana ekki alla fyrirfram, eins og hjer er gert.

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Jeg verð stuttlega að minnast á einstöku atriði, sem komið hafa fram í ræðum manna.

Athugasemd hv. þm. Barð. (H. K.) um það, hve nær og hvernig lögin ættu að koma til framkvæmda, mun nefndin taka til íhugunar. Fyrir henni vakti það, að það fyrirkomulag, sem nú er, skyldi haldast óbreytt þangað til nýr læknir kæmi í það og það hjerað, og að þessi lög ættu því ekki að hafa nein áhrif á laun hinna núverandi dýralækna fram yfir það, sem beint verður tiltekið í hinum almennu launalögum. En vera má, að tryggilegra sje að taka þetta nánara fram, og mun nefndin þá koma með breytingu í þá átt, ef henni sýnist ástæða til þess. Um brtt á þgskj. 202 ætla jeg ekki margt að ræða fram yfir það, sem þegar er komið. Það er satt, að námsskeið Búnaðarfjelagsins hafa orðið að góðu liði, og kann jeg hv. þm. Borgf. (P. O.) þökk fyrir, að hann kann að meta það. Jeg er hv. þm. (P. O.) einnig sammála um það, að æskilegt væri, að dýralæknar veittu mönnum tilsögn í því að fara með meiðsli, og að þeir leiðbeindu mönnum og í meðferð annara dýrasjúkdóma, sem almenningi ætti ekki að vera ofvaxið að fást við, og það gæti komið til mála að gera þeim að skyldu. Hins vegar er jeg

hræddur um, að hin fyrirhuguðu námskeið mundi gera suma af þeim, er þau sækja, að skottulæknum. Sumir þeirra mundu að sjálfsögðu gera mikið gagn, engu síður en ýmsir ólærðir menn, sem við dýralækningar hafa fengist. Og síst skal jeg neita því, að ólærðum mönnum hafi stundum hepnast vel lækningar á mönnum og dýrum. En því miður eru og til sorgleg dæmi hins gagnstæða. Það er hverju orði sannara hjá háttv. þm. Borgf. (P. O.), að það er lengstum tíðara hjer á þingi, að búin sjeu til embætti handa mönnum, sem fyrir eru. En í þetta sinn teljum vjer nauðsynlegt að fara gagnstæða leið, þá leið að setja á stofn embætti, til þess að laða menn til þess að búa sig undir að geta tekið við þeim. Hingað til hafa dýralæknaembættin verið svo illa launuð, að orðið hefir að kaupa menn til að stunda dýralækninganám.

Háttv. þm. (P. O.) hafði það eftir mjer, að jeg hefði einhvern tíma sagt, að lærðu læknarnir mundu hafa sálgað eins mörgum og þeir hefðu bjargað. Það er satt, að læknar eru misjafnir, þótt lærðir eigi að heita, en engar skýrslur eru til um það, hve mörgum skottulæknar muni hafa sálgað fyr á tímum. Það eru ekki meðmæli með skottulæknunum, þótt lærðu læknunum hafi oft mistekist sínar lækningar.

ATKVGR.

Brtt. 202. samþ. með 13 : 2 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 :5 atkv.
— 241. (ný 2. gr.) samþ. með 11 : 1 atkv.
3. gr. samþ. með 13 : 1 atkv.
— 258. samþ. með 10 : 1 atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 10 : 1 atkv.
5.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 : 5 atkv.

Á 28. fundi í Nd., föstudaginn 8. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 299, 305).

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli háttv. deildarmanna á viðaukatill. landbúnaðarnefndar á þgskj. 305, sem er fram komin út af athugasemdum, er gerðar voru á frv. við 2. umr. málsins.

Brtt. er þess efnis, að breyting sú, sem ákveðin er í 1. gr. frv. um fjölgun dýralækna, komi til framkvæmda jafnóðum og ný læknisefni fást í embættin. Jeg vona, að þessari athugasemd verði vel tekið.

Sveinn Ólafsson: Jeg skal reyna að vera hvorki langorður nje myrkur í máli.

Jeg vil lýsa yfir því, að jeg er mótfallinn frv., og hefði helst óskað, að því hefði aldrei auðnast að koma frá 2. umr., en það skreið þá í gegn, af því að deildin var að eins ályktunarfær sakir mannfæðar.

Það, sem jeg vildi í fáum orðum sagt hafa, er þetta: Ef á að fjölga dýralæknum svo, að komi almenningi að nokkru verulegu gagni, þyrfti að fá lækni í hverja sveit. Af dýralækni hafa ekki aðrir not en þeir, sem búsettir eru í grend við hann. Og þetta er eðlilegt, því að gripir eru yfirleitt ekki svo mikils virði, að mönnum þyki svara kostnaði að vitja læknis til þeirra langa leið. Slíkt gæti helst átt sjer stað um kostá-

gripi. t. d. góða reiðhesta og því um líkt, en nær ekki til ódýrari gripa, eins og t. d. sauðfjár eða alifugla. Hin almennu not dýralækna eru þess vegna einkum að sporna við sýkingu í fjenaði, til þess að forða heildinni við hættu, þegar einhver útbreidd sýking eða faraldur ásækir fjenaðinn. Og til þess nægja þessir 4 dýralæknar, sem nú eru á landinu. En með þeim launum, sem mönnum þessum eru ætluð, verða þeir að eins notaðir af þeim, sem búa í grend við þá, því að engum kemur víst til hugar að launa þá svo, að þeir kauplaust geti farið lækningaferðir.

En það er annað, sem hefði átt að lögleiða í stað þessarar fjölgunar dýralækna, og það er brtt. frá hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) um dýralækninganámsskeið. Slík námsskeið mundu geta komið að góðu haldi. Bændur verða að hjálpa sjer sjálfir í þessu efni, sem frekast er unt, og eins og þeir jafnan hafa gert, en námsskeið hjá dýralækni um meðferð sjúkra alidýra mundi ljetta mjög slíka „sjálfsvörn". Það mun að vísu vera regla við kenslu í búnaðarskólum að veita nemendum tilsögn í meðferð á algengum alidýrasjúkdómum. Og jeg held, að sú tilsögn hafi komið að miklum notum. En þeirrar tilsagnar hafa margir eigi notið, og gætu því haft fulla þörf á að sækja námsskeið hjá dýralækni, enda um nýjar aðferðir og breyttar að ræða hjá dýralæknum, sem öðrum læknum, og nauðsynlegt að fylgja þeim.

Frv. er algerlega óþarft og nær eigi þeim tilgangi, sem því er ætlaður. En hins vegar eykur það gjöld landssjóðs að óþörfu, og lýtur að stofnun embætta, sem flestum öðrum eru óþarfari. Það er að eins ein gorkúla í viðbót við þær, sem komnar eru.

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Í ræðu hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) var ekkert nýtt, nema ef vera skyldi það, að fyrst ekki væri hægt að gera það, sem væri æskilegast, ætti ekkert að gera. Hann sagði, að ef dýralæknar ættu að koma að nokkrum verulegum notum, yrðu þeir að sitja í hverri sveit. En þm. (Sv. Ó.) hefir ekki skilist, að einhvern tíma verður að byrja á að fjölga dýralæknum, þó ekki sje nema að litlu leyti, til þess að þeir geti orðið með tímanum eins margir og hann óskar eftir og almenningsþörf krefur.

Annars mun hv. þm. (Sv. Ó.) vera gamall dýraskottulæknar, svo að jeg skal leiða hest minn hjá að deila frekar við hann.

Einar Jónsson: Jeg er samþ. hv. þm. Borgf. (P. O.) um það, að frv. þetta, um fjölgun dýralækna, sje algerlega óþarft og komi ekki að neinum notum. Það, að ætla sjer að stofna þrjú embætti í einni starfsgrein, vitandi það, að engan mann er að hafa — jafnvel ekki á nálægum tíma — í þessi embætti, það tel jeg óþarft örlæti á embættafjölgunum.

Hins vegar álít jeg, að námsskeið, þar sem veitt væri tilsögn í algengustu alidýrasjúkdómum, gætu komið að góðum notum. Jeg álít, að dýralæknar ættu að gera meira en þeir hafa hingað til gert að því, að gefa fólki leiðbeiningar í skrifuðum ritum um meðferð alidýrasjúkdóma. Dýralæknar verða aldrei að almennum notum fyr en fenginn er 1 dýralæknir í hvern hrepp; en hve nær skyldu verða tök á slíku? Þeir verða

ekki notaðir af öðrum en þeim, sem búa í grend við þá. Það er auðskilið mál, að þeir, sem búa langt frá læknunum, ná ekki til hans þegar gripur sýkist svo hættulega, að mjög skjótra aðgerða þarf.

Þess vegna tel jeg mikla bót væra að námsskeiði, og það væri sannarlega ekki um skör fram, þó að dýralæknar þeir, sem til eru í embættum, tækju að sjer að annast 1—2 mánaða námsskeið á ári. Dýralæknafjölgun væri helbert kák fyr en hægt væri að fá álíka marga dýralækna og mannalæknar eru nú í föstum embættum, og helst miklu fleiri. Jafnvel þeim mun fleiri, sem gripir eru fleiri en menn.

Pjetur Ottesen: Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) og hv. 2. þm. Rang. (E. J.) hafa tekið margt upp af því, sem jeg vildi sagt hafa, en jeg vildi að eins skjóta þeirri athugasemd inn, að þó að frv. verði felt, mætti setja brtt. hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) inn í gömlu lögin.

Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) skaut því að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að hann mundi vera skottulæknir, í þeirri merkingu, sem hann leggur í orðið, og átti það auðsjáanlega að vera honum til hnjóðs. En með því að vera altaf að uppnefna þá menn, með því að kalla þá skottulækna, sem hafa aflað sjer fræðslu um helstu búfjársjúkdóma, og hjálpa skepnum, þegar svo ber undir, þá gerir hv. þm. (S. S.) lítið úr þeirri fræðslu, sem Búnaðarfjelagið hefir látið mönnum í tje í þessum efnum. En það kemur vissulega úr hörðustu átt.

Sigurður Stefánsson: Það er dálítið kynlegt að heyra hvern bóndann á fætur öðrum mótmæla þessu frv. — Barlómurinn um, að landbúnaðurinn sje illa staddur, gengur fjöllunum hærra. En því kynlegra er það, að bændur skuli berjast á móti nokkru því, sem miðar að því að vernda bústofn þeirra. Því að eins og trygging er í mannalæknum fyrir líf og heilsu manna, svo er og trygging í dýralæknum fyrir líf og heilsu dýranna. Og þessi trygging er að því skapi meiri, sem læknarnir yrðu fleiri. Best væri landbúnaðinum, að þeir yrðu sem flestir. Og þessi trygging er landbúnaðinum því nauðsynlegri, því dýrari sem búpeningurinn er. Nú er búpeningur í því geipiverði, að dauði einnar kýr er stórtjón fyrir bóndann, og getur riðið fátækum bónda að fullu og jafnvel komið honum á sveitina, en í veg fyrir það mætti oft koma með auðfenginni læknishjálp.

Þessum athugasemdum vildi jeg skjóta inn í umræðurnar.

Einar Jónsson: Margt kynlegt hefir komið í ljós við umr. þessa máls nú á síðustu tímum. Einna kynlegast af öllu þykir mjer þó, að hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) skuli vera farinn að berjast fyrir óþörfum embættafjölgunum. Dýralæknar eru nú fjórir á landinu. Eftir ákvæðum frv. er gert ráð fyrir að bæta 3 við. Þeir verða þá samtals 7. Mjer kæmi það ekki á óvart, þó að þessir 4 læknar notuðu sjer lög þingsins til þess að taka að sjer að þjóna þessum þrem embættum, sem auð eru, þangað til nýir menn fengjust, fyrir hálf laun eða eitthvað þvílíkt. Mjer þætti ekki ósennilegt, að frv. væri runnið undan rifjum dýralækna þeirra, sem í embættum sitja nú, eins eða fleiri.

Mjer kemur það ekki neitt kynlega fyrir, þó landbóndinn hafi gleggra auga

fyrir, hversu frv. þetta er einskis vert, heldur en klerkurinn í Vigur (S. St.). (S. St.: Jeg er líka bóndi). Því það hefir sýnt sig, að hann er ekki að eins einangraður og þröngsýnn á þessu sviði, heldur og fleirum.

Bóndi, sem er búsettur langt frá dýralækninum, hefir engin not af honum. Setjum svo, að slíkur bóndi eigi hryssu, sem ekki getur fætt folald, og læknir næst ekki fyr en eftir eitt eða fleiri dægur. Sama gilti um aðrar gripategundir, og sama gildir um marga aðra sjúkdóma en fæðingarþrautir. Einn eða fleiri menn á hverju heimili þurfa helst að geta tekið til sinna ráða, þegar svo ber undir, en þeir hinir sömu myndu hljóta gott af að fá tilsögn hjá landsdýralækni í helstu alidýrasjúkdómum. En þó að dýralæknisembættum yrði fjölgað úr 4 upp í 7, værum við engu nær en áður. Auð embætti gera ekkert gagn, hvorki á þessu sviði nje öðru.

Sveinn Ólafsson: Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) kvað það vera kynlegt, að bændur skyldu vera á móti fjölgun dýralækna, þar sem þeir kæmu þeim að mestum notum. Ef það er rjett, að bændur sjeu alment móti fjölgun þeirra, þá sýnir það einmitt gagnsleysi þessa frv. Þetta virðist mjer vera nægilegt svar gegn ástæðum háttv. þm. N.-Ísf., sem vissulega hefir engin sjerstök skilyrði til að dæma um, hvað best hentar bændum í þessu, og ætti því að láta þá ráða, en vera ekki að neyða að þeim þessum dýralæknum.

Sigurður Stefánsson: Háttv. 2. þm. Rang (E. J.) sagði, að þó að dýralæknum yrði fjölgað úr 4 upp í 7, mundu bændur ekki hafa nein almenn not af þeim. Skepnur myndu drepast hjálparlausar eftir sem áður, af því að um langan veg væri að vitja læknisins. En það er þó töluverður munur, hvort læknarnir eru 4 eða 7. Eða væri ekki mikill munur fyrir Rangæinga að vitja læknis, sem væri búsettur þar innan sýslunnar eða í Árnessýslu, heldur en þurfa að sækja hann hingað til Reykjavík.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hjelt því fram, að andstaða bænda gegn frv. sýndi best gagnsleysi þess. Jeg efast um að þetta sje rjett. Jeg hygg, að hún sje miklu fremur vottur um óskarpskygni bænda. Það virðist liggja nokkurn veginn í augum uppi, að því fleiri sem læknarnir yrðu, því auðveldar yrði að ná til þeirra og því almennari yrðu notin af þeim. Jeg leiði minn hest frá að kenna þeim mönnum rökfræði, sem ekki skilja jafneinfalt dæmi og þetta.

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) hjelt, að frv. það, sem jeg hefi gerst flm. að, væri runnið undan rifjum Magnúsar Einarssonar dýralæknis. En jeg skal lýsa yfr því, að frv. er fram komið fyrir áskorun og fundarsamþyktir bænda austan fjalls um að fá dýralækni. Þetta var fyrst samþykt í einu hljóði á sýslufundi í Árnessýslu og síðan á þingmálafundum. Og ef dýralæknirinn settist að í Rangárvallasýslu, væri ástæða fyrir 2. þm. Rang. (E. J.) að vera frv. hlyntur.

Jeg skal taka það fram í sambandi við almenningsfræðslu í þessum efnum, að til er í handriti dýralækningabók, sem verður gefin út, þegar útgáfukostnaður lækkar og styrkur fæst til útgáfunnar úr landssjóði. En þó að jeg telji nauðsynlegt að slík bók verði gefin út, sem bráðabirgðahjálp, þá úti-

lokar hún ekki nauðsynina á fjölgun dýralækna.

Til svars því, sem þm. Borgf. (P. O.) sagði síðast, skal þess getið, að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hefir aldrei gengið í skóla hjá Búnaðarfjelagi Íslands.

Þórarinn Jónsson: Umræðurnar hafa horfið að nauðsyninni á að bæta úr þeim erfiðleikum, sem nú eru á að ná í dýralækni.

Jeg skal játa, að þeir verða fleiri eftir ákvæðum frv., sem eiga kost á að ná í lækni, heldur en nú á sjer stað. En þótt dýralæknum yrði fjölgað upp í 7, þá fer fjarri, að sú tala fullnægi almenningsþörfum. Það er til lítils að kenna mjer þá rökfræði, að læknir, sem sæti í Skagafirði, gæti bjargað grip úr hættu, er veiktist í vesturhluta Húnavatnssýslu, á annan hátt en með ráðleggingum símleiðis, alveg eins og nú á sjer stað.

Jeg sje þess vegna ekki, að frv. þetta bæti úr þeirri þörf, sem nú er á fjölgun dýralækna. Þar að auki er þess að gæta, að sú dýralæknaskipun, sem gert er ráð fyrir í frv., gæti breyst af ýmsum ástæðum í framtíðinni, svo að fyrirkomulagið yrði alt annað.

Hins vegar álít jeg, að brtt. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og 1. þm. Skagf. (M. G.) gæti orðið til bóta. En jeg fæ ekki sjeð, að frv. styrki að nokkru leyti landbúnaðinn. Aðalgagn dýralæknanna er, og verður fyrst um sinn lengi, af ritum þeirra um algengustu og hættulegustu húsdýrasjúkdóma. Er því sjerstök nauðsyn á þeim, og þarf ekki að fjölga dýralæknisembættum til þess, heldur að eins að fá hæfa menn til þess að skrifa um sjúkdómana.

Bjarni Jónsson: Jeg hefi hugsað mjer, að ef löggjöfinni væri á annað borð skylt að styrkja atvinnuvegina, þá væri það eigi síst með því móti, að tryggja sem öruggast líf og heilsu manna og dýra.

Nú er það alment álit, að einstaklingunum sje ofvaxið að halda mannalækna; þess vegna eru þeir launaðir af opinberu fje. En sama máli gegnir um dýralæknana. Ríkið verður að kosta þá, ef bændur eiga að geta klifið þann kostnað, sem læknahaldið hefir í för með sjer.

Hitt tel jeg vera miklu meira vafamál, hvort beri að styrkja atvinnuvegina með beinu fjárframlagi. En það er ekkert vafamál, að dýralæknum ber að fjölga.

Aftur á móti get jeg verið sammála hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) um það, að sú læknatala, sem farið er fram á í frv., fullnægi ekki þörfum landsmanna. Þó er það töluverð viðbót að fjölga þeim úr 4 upp í 7, og mörg hjeruð mundu hafa gagn af þeirri viðbót.

Þess vegna hygg jeg það alveg rangt af bændum að leggjast móti þessu. Þetta tala jeg ekki frá sjónarmiði kjósenda minna nje fyrir þá, því að þeim er engin bót að frv. þessu. Dýralæknir situr nú í Stykkishólmi, og þeim verður hægast að ná í hann þar, jafnt eftir að frv. þetta yrði að lögum sem áður. En jeg tala fyrir hönd bændastjettarinnar alment, sem mundi telja sjer þetta mikla bót, þótt eigi sje fullnaðarbót, og taka lögunum fegins hendi. Hvað sem hv. þingbændur segja, þá er jeg viss um, að meiri hluti bænda hjer í landi mundi greiða atkvæði með málinu, ef til þeirra kasta kæmi.

Gísli Sveinsson: Það lítur helst út fyrir, að meiri hl. hv. þingdm. sje á því, að bana frv. þessu, og telji það einskis nýtt, að undantekinni brtt.

minni, er inn í frv. komst síðast og af öllum er nú talin ágæt að vera. En fari nú svo, að frv. verði felt, þá er mjer eigi grunlaust um, að hin ágæta brtt. mín nái eigi fram að ganga á þessu þingi, þótt flutt væri sjer í lagi, eða í frv.-formi. Þá er að athuga það, hvort eigi muni vera hægt að bjarga henni á annan hátt en með því að fitja upp á nýju frv., sem mjög er tvísýnt að komist að eða fram á þessu þingi, þar sem svo er langt á liðið. Vegurinn til þess liggur opinn fyrir, og hann er sá, að málið sje nú tekið út af dagskrá, og borin síðan fram brtt. við það, þannig úr garði gerð, að burt væri felt úr frv. það, sem mest hefir orðið til ásteytingar, en hinu haldið eftir, með hæfilegri breytingu á orðalagi, er flestir virðast vilja hallast að. Vil jeg því beina því til hv. forseta, að málið sje tekið út af dagskrá, og vona jeg, ef slíkt er borið undir hv. deild, að hún leyfi það, því að á þann veg er hægt að bjarga við því úr málinu, sem mest þykir um vert.

Bjarni Jónsson: Mjer sýnist það ekki boða máli þessu sjálfsagða feigð, þótt 3—4 hv. þingdm. hafi talað á móti því, og að fyrir þá sök sje engin þörf á, að það sje tekið af dagskrá. Jeg vil, að það fái að sýna sig við atkvgr., hvort atkv. eru fleiri með eða móti frv.; verð jeg því að leggja á móti till. hv. þm. (G. Sv.), og þótt svo færi, að hinir drápgjörnu verði fleiri, þá er engan veginn loku skotið fyrir, að hin ágæta till. háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) geti komist í gegnum þingið í ár í nýju frv.; svo mikið mun enn vera eftir af þingtímanum; stórmálin eru ekki lengra á veg komin en svo.

Gísli Sveinsson: Hv. þingdm. geta fengið tækifæri til að greiða atkvæði með frv. og móti, þótt það sje tekið út af dagskrá í dag, til þess að hægt sje að koma með brtt. Þegar það kæmi svo aftur á dagskrá, gæfist þeim kostur á að velja á milli brtt. og frv. sjálfs.

Jón Jónsson: Það var sagt í umræðunum, að þótt þessi breyting á dýralæknalögunum kæmist á, væru menn ekki bættari með að bjarga búpening sínum fyrir það. Þetta er ekki rjett. Jeg vil spyrja: Erum við ekki nokkru betur settir, eftir að við höfum fengið fjóra dýralækna, en á meðan að eins var einn dýralæknir hjer í landi. Vjer höfum nú dýralækni á Akureyri. Hann hefir að vísu stóru hjeraði að þjóna; þó eru menn í umdæmi hans ólíku betur settir en á meðan ekki var í annað hús að venda en til dýralæknisins í Reykjavík. Sama má segja um dýralækninn á Austurlandi. Hann er að vísu búsettur á Reyðarfirði, en þó geta Hjeraðsbúar haft hans mikil not. Við minnumst þess frá gamalli tíð, að fáir voru mannalæknar hjer á landi, ekki fleiri en dýralæknar nú, og þótti þó betra að hafa þá en ekki. Jeg man svo langt, að menn af Fljótsdalshjeraði, og víðar að, urðu að leita læknis á Eskifjörð, og kom það oft að góðu haldi. Eins geta dýralæknar oft bjargað skepnum, ef fjarlægðin er ekki því meiri, og því fleirum, sem þeir eru fleiri, og eftir því verði, sem nú er á stórgripum, þarf dýralæknir ekki að bjarga mörgum þeirra, til þess að verð þeirra svari til launa hans. Það hefði með jafnmiklum rjetti mátt segja, þegar smám saman var verið að fjölga mannalæknum, að það væri gagnslaust, en svo mundu menn nú á dögum ekki

dæma um það. En þó að ekki sje hægt að jafna saman mannslífi og skepnulífi, er þó skaðinn í báðum tilfellunum auðsær og tilfinnanlegur. En hjer er á fleira að líta. Það ber ekki sjaldan við, að ýmiskonar pest kemur upp í fjenaði, og gerir stundum stórtjón. — Væri þá gott og gagnlegt að hafa dýralækni í náud, svo að hann gæti rannsakað sjúkdóminn og lagt ráð á; má telja víst, að oft mundi verða stórgagn að þessu. Það er oft og tíðum lítið gagn að því, að skrifa dýralækni, eða tala við hann í síma, um skepnusjúkdóma; það getur einatt verið nauðsynlegt, að hann komi sjálfur til og athugi sjúkdóminn á skepnunni, eða skepnunum, og því fleiri sem læknarnir eru, því auðveldara og óerfiðara er að koma þessu við. Jeg sje ekki betur en það sje rangt að fella frv. Hjer ekki um annað að ræða en að fjölga dýralæknum úr 4 upp í 7. Það er því ekki rjett að fella frv., nema því að eins, að menn telji ekki þörf á að fjölga dýralæknunum; en það þykir mjer einkennilegt, ef meginþorri bænda lítur þannig á málið, og jeg trúi því ekki, meðan ekki liggja gögn fyrir því.

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Út af orðum hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) skal jeg geta þess, að jeg, sem flutnm. frv. þessa, sje enga ástæðu til að taka það út af dagskrá, og jeg trúi því ekki fyr en jeg reyni, að það verði felt nú, því að flestar greinar frv., og það sjálft, var samþ. með 13 atkv. við 2. umr. málsins hjer í deildinni. Jeg skil ekki í því, að menn hafi breytt skoðun sinni á málinu síðan þá, því að jeg veit ekki til, að neitt hafi komið fram síðan, sem gefið hafi tilefni til þess. Jeg óska ekki heldur, að málið fái framgang, ef það verður limlest á þann hátt, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) talaði um.

Þórarinn Jónsson: Heiðraðir meðmælendur frv. þessa ganga út frá því enn, sem áður, að hve nær sem skepna sýkist muni dýralæknir verða sóttur. Hv. 1. þm. N.-M. (J. J.) tók það fram, að það væru margir kvillar í sauðfje, sem þyrfti að rannsaka; en jeg vil nú halda því fram, að það þurfi ekki að rannsaka hverja kind eða hverja skepnu, sem kvillann hefir, heldur nægi það, þegar um almenna kvilla og útbreidda er að ræða, að grafast fyrir rætur þeirra og leita að ráðum gegn þeim, en til þess er varla þörf á að rannsaka hverja einstaka sýkta skepnu nje heldur föng á því. Jeg neita því ekki, að í sjálfu sjer sje þörf á að fjölga dýralæknum með tímanum. En þótt þeir yrðu 7, gera þeir litlu meira gagn en 4. Það eru að eins örfáir menn kringum dýralæknana, sem gerlegt er fyrir að sækja dýralækni, þótt skepna sýkist.

Það er hægt að nota dýralækna þá, sem eru, þótt ekki sjeu þeir fleiri, til að gera almennar ráðstafanir. En ef einstakir menn þurfa að leita ráða hjá þeim, þá er oftsinnis hægt að tala við þá í síma, þannig að að góðu haldi kemur.

Ef fara ætti að meta sjúkdóma dýra jafnt og sjúkdóma manna, þyrfti að fjölga dýralæknunum svo, að þeir yrðu jafnmargir og mannalæknarnir. En þó að skepnur sjeu dýrar nú, þá er mannslífið ekki mikils metið, ef eigi á að telja það töluvert meira virði en skepnuna.

Enn má taka það fram, að umdæmaskifting sú, sem frv. gerir ráð fyrir, mun ekki vera sem heppilegust.

Það, sem jeg hefi sagt í máli þessu,

ber ekki svo að skilja, að jeg hafi í sjálfu sjer á móti dýralæknunum, en jeg hygg, að hægt sje í bráð að komast af með dýralækna þá, sem nú eru, og að það muni ekki verða til að bjarga mörgum skepnum, þótt þeim sje fjölgað eins og frv. fer fram á. Jeg skýt því til háttv. þm. Dala. (B. J.), hvort honum þyki sennilegt, þótt belja veikist hjá fátæklingi langt frá dýralækni, t. d. 100 km., að hann muni geta ráðist í að sækja lækni til að bjarga kúnni.

ATKVGR.

Till. um að taka málið af dagskrá feld með 13 : 8 atkv.

Brtt. 305. samþ. með 13 : 3 atkv

Frv., svo breytt, samþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. St., St. St., Þorst. J., B. Sv., B. J., E. A., E. Árna., G. Sv., J. J., M. G., P. Þ., S. S., Ó. B.

nei: Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., B. K., B. St., E. J., H. K., J. B., M. P., M. Ó., P. J., P. O.

Einn þm. (J. M.) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., laugardaginn 9. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um dýralækna, eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 320).

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 11. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Frv. þetta er komið frá hv. Nd., var þar í landbúnaðarnefnd, og legg jeg það til, að því verði vísað til sömu nefndar hjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 2002) með 8 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Var frv. því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

18. Sala á spildu af Auðkúlulandi.

Á 19. fundi í Nd., mánudaginn 28. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sölu á nokkrum hluta heimalands jarðarinnar Auðkúlu í Húnavatnssýslu (A. 182).

Á 22. fundi í Nd., fimtudaginn 31. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Jónsson): Frammi í lestrarsal hefir legið skrifleg beiðni um að fá landsskika þann keyptan, sem frv. þetta ræðir um. Umsækjandinn hafði áður sent landráðanda beiðnina og beiðst umsagnar hans. En hann svaraði, að beiðnin væri þann veg vaxin, að hann teldi vafasamt, að hann vildi verða við henni, því að þótt hann notaði ekki landsskikann sjálfur, vilji hann ekki fyrir girða, að hann geti gengið til eftirkomenda sinna, ef þeir þörfnuðust nytja af honum. Og ef teknar yrðu

upp aftur fráfærur, yrði landið notað. Nú hefir umsækjandi tekið það fram, að hann vilji gangast undir að láta landið aftur til þessara nota.

Mál þetta er komið hjer inn á þingið eftir beiðni umsækjanda. Jeg legg hvorki með því eða móti. Hjer á þingi hefir áður staðið deila um sölu þjóðjarða. En þar var töluvert öðru máli að gegna. Þar var um að ræða sölu til ábúenda, en hjer miðar salan að því að fjölga býlum. Það er almennt viðurkent, að þörf sje á að útvega mönnum býli til ábúðar, ef kostur er á. Hins vegar vitum við, hversu miklir erfiðleikar eru orðnir á þessu.

Jeg vil geta þess, nefndinni til athugunar, sem fær málið til meðferðar, að umráðandi landsins, presturinn á Auðkúlu, er nú staddur hjer í bænum. Nefndin ætti að ná fundi hans og bera undir hann umsóknina, því að hann hefir tjáð mjer það, að hann hafi alls ekki búist við því, þegar hann gaf umsögnina, að hún færi til þingsins. Jeg býst við, að hann gefi ákveðin svör.

Jeg sting upp á, að málinu verði vísað til landbúnaðarnefndar, að lokinni umr., og sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið.

Matthías Ólafsson: Það er ærið einkennileg aðferð að tefja þingið með öðrum eins málum og þessu, þar sem þm. (Þór. J.) hefir enga ákveðna afstöðu til málsins, en flytur það að eins af því, að hann hefir verið beðinn um það.

Þetta er önnur tilraunin, sem gerð hefir verið til þess að selja eignir landssjóðs. Jeg veit ekki betur en að hv. flm. (Þór. J.) hafi áður verið á móti sölu þjóðjarða, þótt hann gerist nú flutnm. að frv. um sölu á ágætum jarðarparti, þvert á móti vilja umráðandans.

Annars sýnir þessi eftirsókn manna í að búa, að búskapur hlýtur að borga sig miklu betur en af er látið. Ef það væri ekki, mundu menn ekki sækjast svo eftir jörðum, sem raun er á.

Hv. flm. (Þór. J.) sagði, að umsækjandinn vildi skila landinu aftur, ef þörf krefði, en sennilega þó við því verði, sem honum þóknaðist, en ekki eftir tillögu þingsins.

Flm. (Þórarinn Jónsson): Mjer kom það ekki á óvart, þó að gola þyti á þessum skjái. Hv. þm. (M. Ó.) hefir ekki mátt heyra nefnd kaup á jörðum, án þess að þjóta upp til handa og fóta.

Hv. þm. (M. Ó.) byrjaði mál sitt á þeirri staðhæfingu, að jeg hefði enga afstöðu tekið til málsins. En þetta er ekki rjett. En þótt jeg væri hlyntur sölu þjóðjarða, þá hefi jeg verið því mótfallinn, að jarðir væru bútaðar niður í smákot, eða allur okkar búskapur gerður að einyrkjabúskap, eins og stefna hefir verið uppi um. Jeg hygg, að það sje affarasælast fyrir þjóðina, að stórbúin sjeu sem flest í landinu. En þó að jarðarskiki sá, sem hjer um ræðir, væri seldur, mætti reka allstórt bú á heimajörðinni eftir sem áður. — Hjer reynir því á þær skoðanir, hve róttækar þær hafa verið, að fjölga býlum í landinu.

Hann (M. Ó.) taldi mig vera háskagrip, að vilja sólunda þannig eignum landssjóðs, og í því sambandi þakkaði hann það sjálfum sjer, að ein af bestu jörðum landssjóðs hefði ekki verið seld. Jeg hygg, að hv. þm. (M. Ó.) fái að líta mynd sinna eigin verka á þessari jörð, áður en langt um líður, því að jeg býst helst við, að hún leggist inn-

an skamms í eyði. Þessu hafði jeg spáð, og þm. (M. Ó.) mun síðar sjá, hvor okkar reynist þar sannspáari.

Honum þótti kynlegt, að menn skyldu vilja sækjast eftir að búa á þessum tímum, þar sem allir þættust tapa á landbúnaði. Þetta er í sjálfu sjer engu dularfyllra en að menn kaupa skip til þess að gera út, þótt þeir þykist tapa á útgerðinni. En annars er það svo, að þó að einhver erfiðleikaalda gangi yfir landbúnaðinn, þá verður framtíð hans ekki dæmd eftir því. Þetta finna landbúnaðarmenn. En þar, sem alt er í grænum sjó, er ekki að búast við neinni skynsamlegri ályktun.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg þori ekki að segja, hvort það er óhugsandi að láta af hendi part af þessu prestssetri til frekari ræktunar. En mjer virðist málið vanta allan undirbúning. Í fyrsta lagi hefði kirkjustjórn átt að athuga málið. Það nægir ekki að fá að eins álit prestsins. Það þyrfti einnig að bera það undir viðkomandi prófast og biskup. En þingið getur ekki sint málinu áður en þetta álit er fengið.

Mjer virðist, að málið eigi ekki heima hjá landbúnaðarnefnd, því að hún getur ekki skorið úr því, hvort prestssetrið getur verið án jarðarinnar. Hún getur að eins athugað málið frá sjónarmiði landbúnaðarins. Nær lægi að vísa málinu til allsherjarnefndar. En mjer virðist, að þingið geti ekki fjallað frekar um málið fyr en það hefir gengið þá leið, sem jeg hefi minst á.

Flm. (Þórarinn Jónsson): Það má vel vera, að rjettast hefði verið að bera málið fyrst undir kirkjustjórnina, eins og hæstv. forsætisráðherra (J. M.) hjelt fram að gera hefði átt. En mjer er ókunnugt um, hvort það hefir verið gert.

Jeg benti á, að málinu væri vísað til landbúnaðarnefndar; mjer fanst það tilhlýðilegast, því að hjer er um landbúnaðarmál að ræða, og það liggur beint við að taka það til athugunar, hvort heppilegt muni eða ekki að búta jarðir í sundur, og því verður þó ekki neitað, að það er fyrst og fremst landbúnaðarmál.

Matthías Ólafsson: Hv. þm. (Þór. J.) gat þess, að mjer mundi ekki verða það langvint gleðiefni, að Hafnir á Skagaströnd voru eigi seldar í fyrra. Jeg vona, að sú spá rætist aldrei. Að vísu verður því ekki neitað, að til eru þeir menn, sem gera alt til að níða niður jarðir þær, sem þeir ásælast, í því skyni, að neyða landsstjórnina til að selja þær; en jeg vona, að sem fæstum verði kápan úr því klæðinu.

Í sjálfu sjer hefi jeg ekki á móti, að jörðum sje skift í sundur, þar sem svo hagar til, því að nú mun smábúskapur bera sig best og einyrkjar komast best áfram á þessum fólkseklu- og kauphæðartímum, en engu að síður er jeg, sem fyr, mótfallinn þjóðjarðasölu, hvort heldur um er að ræða heilar jarðir eða hluta úr þeim.

Það er ástæðulaust að bregða mjer um, að jeg hafi barið lóminn fyrir sjávarútveginn; jeg hefi reynt að verja hann fyrir ranglátum álögum, röngu álasi og annari viðleitni að hnekkja honum. Hann er nú aðalhjálparhella landssjóðs, og frá honum stafa aðaltekjur landsins beint og óbeint, enda tel jeg rjett, að hann greiði sinn drjúga skerf, því hann gefur mikið í aðra hönd, þótt miklu sje til kostað. Honum svipar til stórbónda, sem mikið

hefir í veltunni. — Þetta kalla jeg ekki sje að berja lóminn, nje heldur hitt, þótt jeg reyni að sporna við því, að þessi tekjulind sje stífluð með hóflausum álögum og óskynsamlegum ákvæðum.

Sigurður Sigurðsson: Jeg tek undir með hæstv. forsætisráðherra (J. M.), að eins og mál þetta er í garðinn búið, þá eigi það ekkert erindi inn á þing, og því síður ætti að hafa svo mikið við það, að því sje skipað í nefnd. Satt að segja stingur það mig ávalt illa, þegar farið er fram á að selja opinberar jarðeignir, hvað þá þegar á að fara að lima þær í sundur, sem lifandi líkama, og selja þær í smápörtum. Slíkt er hin argvítugasta aðferð í þjóðjarðasölumálinu. Það gæti ef til vill komið til mála að skifta í sundur einstaka prestssetri, en hitt alls eigi, að selja parta úr því, og það ef til vill bestu sneiðarnar. Það eru aðrar leiðir miklu farsælli í þessu máli en að lima jarðirnar sundur og selja limina hvern fyrir sig. Ekki mælir það með því, að frv. þetta fái framgang, að það er flutt fram þvert ofan í mótmæli jarðarumráðandans. Ekki hefir heldur verið leitað álits kirkjustjórnarinnar um málið. Og jeg þori að fullyrða, að hefði það verið borið undir biskup, mundi hann hafa lagt eindregið á móti því. Sýnist mjer það einsætt, að deildin ætti að fella frv. þetta frá 2. umr.

Flm. (Þórarinn Jónsson): Jeg þarf ekki að svara hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) mörgu, því að fátt var svaravert í ræðu hans. Þó skal jeg minnast á eitt atriði. Það var á honum að heyra, að hann væri því hlyntur, að búskapur sveitabænda væri mestmegnis einyrkjabúskapur. Mundi hv. þm. (M. Ó.) vilja heimfæra þessa hugmynd upp á sjávarútveginn og telja það heppilegast og arðvænlegast, að sjómennirnir væru að bauka hver út af fyrir sig einir á bát. En eins og jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. (M. Ó.) teldi það litla þrifnaðarvon fyrir sjávarútveginn, ef hann væri rekinn á þann veg, eins mundu framfarir í landbúnaði verða smástigar, ef stórbú væru eigi til að beitast fyrir þeim.

Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) var svo sem ekki á því að afla sjer upplýsinga um málið, því að hann vildi þegar fella það; það er nú honum líkt að hirða ekki um að sækja fræðslu til annara, heldur fara eftir sínu höfði. Jeg vil aftur á móti, að málið sje sett í nefnd, svo að það verði upplýst og skoðað sem best. Það er jafnvel eigi vonlaust um, að málið skýrðist þá dálítið fyrir hv. þm. (S. S.).

Hv. þm. (S. S.) talaði um, að það væri líkt á komið að skifta í sundur jörð og lima sundur lifandi líkama. Rjett er nú það. En einhvern tíma var sú tíðin, að hann leit öðruvísi á þetta mál; það var þegar hann var að berjast fyrir grasbýlahugmynd sinni; þá fanst honum ekki eins mikið um þessa sundurlimun, þegar hann gerði hana að höfuðlífsbaráttu sinni, en árangurslaust, eins og fleira. Hann segist að vísu ekki vilja láta selja jarðarpartana, en sundurlimunin er þó hin sama. Það er hugsunarvilla hjá hv. þm. (S. S.) að halda öðru fram.

Hv. þm. (S. S.) kvaðst vera algerlega á móti frv. þessu, og undrar það mig síst. Jeg er ekki heldur sjerlega hlyntur sundurbútun jarða. En af því að jeg hefi orðið þess áskynja, að það er almenn ósk, að býlum sje fjölgað í landinu, þá gefur þetta frv. beina ástæðu

til þess, að þetta mál sje tekið til skoðunar, og held jeg því enn fast við það, að það sje fengið nefnd til athugunar. Það vill svo vel til, að ábúandi Auðkúlu er staddur hjer, og vona jeg, að nefndin nái tali af honum, leiti upplýsinga hjá honum og fái að heyra skoðun hans á málinu.

Sigurður Sigurðsson: Hv. flm. (Þór. J.) sagði, að jeg hefði gert það að lífsstarfi mínu að berjast fyrir grasbýlastofnun. Ef hann hefir lesið það, sem jeg hefi skrifað um það mál, hlýtur hann, eftir þessu, að hafa lesið það eins og sagt er að viss persóna lesi biblíuna. Jeg hefi alls eigi verið að berjast fyrir að koma upp grasbýlum, eins og þau tíðkast erlendis, því jeg held, að þau eigi ekki hjer við. En jeg hefi haldið því fram, að eins og hjer háttar, gæti það komið til mála að skifta sumum jörðum sundur, einkum þeim, sem illa eru setnar. En jeg hefi aldrei haldið því fram, að það ætti að selja þessa jarðarparta Pjetri eða Páli. Fjarri fer því. Hjer gæti það komið til mála, ef um semst milli jarðarumráðanda og þess, sem æskir að fá jarðarskikann keyptan, að hann fengi hann leigðan, og það ef til vill á erfðafestu, en ekki keyptan. Þetta frv. á því alls eigi að fara lengra. Ef sú stefna yrði tekin, að leigja hlut úr Auðkúlulandi, þá yrði að fara aðra leið í þessu máli og bera fram nýtt frv. um það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 1 atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 2009) með 12 : 8 atkv.

Nefndarálit kom ekki. Var frv. því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

19. Bannlagabreyting.

Á 22. fundi í Nd., fimtudaginn 31. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi (A. 213).

Á 25. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., fimtudaginn 7. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Þorsteinn Jónsson): Tilefni þessa frv. er það, að einstakir menn hafa skorað á okkur flm. að bera það fram. Sömuleiðis höfum við fengið áskoranir um það frá þeim fjelögum, sem hafa með þetta mál farið sem aðalmál sín.

Í þriðja lagi hafa margir þingmálafundir skorað á Alþingi að taka einstakar greinar þeirra laga til athugunar og breyta þeim.

Að vísu munu ýmsir vera orðnir leiðir á þessum sífeldu breytingum á lögum þessum, sem gerðar hafa verið næstum á hverju þingi síðan lögin voru sett.

En það er ekki að undra, þótt þessum lögum sje oftar breytt en öðrum lögum, þar sem þau eru í raun og veru

fyrsta tilraunin til að útrýma áfengi með lögum.

Við Íslendingar höfum hjer gerst brautryðjendur, því að hvergi í heiminum voru til slík lög, þegar þessi voru sett.

Við höfum því enga reynslu annara þjóða að fara eftir. Það er okkar eigin reynsla, sem við verðum að læra af og finna í hverju ábótavant er. Þess vegna er eðlilegt, að oft þurfi að breyta lögum þessum.

Bæði fundir, einstakir menn og fjelög, vildu láta okkur flm. ganga lengra í ýmsum atriðum. Við vorum því heldur ekki mótfallnir, en af því að slíkar breytingar hafa stundum gengið treglega hjer á þingi, þótti okkur ekki byrvænlegt að fara fram á róttækari breytingar.

Jeg skal ekki fara út í einstakar breytingar við gr. frv., við þessa umr.

Að eins vil jeg taka það fram, að aðaltilgangur frv. er sá, að reyna að draga úr því, að menn geri sjer bannlagabrot að atvinnugrein, eins og brytt hefir á. Þannig eru nú lögin framkvæmd, þegar um óleyfilega vínsölu er að ræða, þótt brotin komist upp, að stórvinningur er fyrir lögbrjótana, þótt þeir sjeu sektaðir. Sektirnar eru svo lágar, að þá munar engu að greiða þær. Þeir hafa haft langtum meiri gróða á hinni ólöglegu sölu.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um frv. að þessu sinni, en að eins óska þess, að því verði vísað til 2. umr. og til allsherjarnefndar að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. M., J. B., M. G., M. Ó., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. K., E. Árna., H. K., Ó. B.

nei: M. P., S. St., Þór. J., B. Sv., E. A., E. J., G. Sv., J. J.

Þrír þm. (P. J., B. J., B. St.) fjarstadddir.

Frv. vísað til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2011) með 14 : 2 atkv.

Nefndarálit kom ekki nema frá minni hl. (A. 822). Var frv. því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

20. Bæjargjöld í Reykjavík.

Á 39. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um bæjargjöld í Reykjavík (A. 400).

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Leyft með öllum gr. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Eins og sjá má af greinargerðinni fyrir frv. þessu, er það borið fram eftir ósk bæjarstjórnarinnar í Reykjavík. En að það er eigi komið fyr fram stafar af því, að bæjarstjórnin fór þess svo seint á leit. Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um málið nú, en vísa til greinargerðar þeirr-

ar, er frv. fylgdi, þegar það var lagt fyrir þingið næst áður.

Það er alveg rjett, sem bæjarstjórnin segir, að niðurjöfnunarfyrirkomulagið eins og það er nú er alveg ófullnægjandi í jafnstórri borg og Reykjavík er orðin, og mun því ekki verða á móti mælt. Jeg vænti þess, að þótt frv. þetta komi seint fram, muni þó verða unt að afgreiða það frá þinginu; byggi jeg það einkum á því, að þegar það var hjer fyrir áður, var það allmikið athugað og undirbúið af allsherjarnefnd, og býst jeg við, að sá starfi geti nú komið að miklum notum og muni flýta mjög fyrir málinu. Óska jeg, að málinu sje nú og vísað til allsherjarnefndar hjer í deild, og að hún fái svo allsherjarnefnd Ed. til að vinna að því með sjer; mundi það flýta mjög fyrir málinu, ef allsherjarnefnd Ed. hefði kynt sjer það, þegar þangað kæmi. Ef þessi vinnuaðferð verður ekki höfð, hefi jeg minni von um, að málið fái framgang að þessu sinni; væri það þó illa, fyrir því að bæjarstjórninni er það áhugamál, að frv. þetta verði sem fyrst að lögum.

Jeg vona, að hv. þingdm. þykkist ekki við það, hvað málið var seint borið fram, nje láti það gjalda þess.

Bjarni Jónsson: Jeg leyfi mjer að beina nokkrum orðum að nefnd þeirri, sem á að taka við máli þessu

Má þetta var fyrir á næstsíðasta þingi og fjekk þá ekki framgang. En nú veit jeg, að niðurjöfnunarnefnd hefir lagt útsvör á menn samkvæmt þeim reglum, sem í frv. eru settar. Það er því komin nokkur reynsla á, hve viturlegar þær eru, og hún er sú, að menn eru sammála um, að oft hafi áður vel verið með misferli á niðurjöfnun sveitargjalda, en aldrei hafi svo úr hófi keyrt með vitleysur sem nú, er farið var að fylgja þessum nýju reglum. Þetta má með vottum sanna, ef þurfa þykir. (J. B.: Þetta er ekki rjett). Það er enn sem fyr, að bæjarstjórninni er furðu ósýnt um að vera í samræmi við vilja bæjarbúa á nokkurn hátt.

Pjetur Jónsson: Það er víst ekki ofsögum sagt, að mjög liggi á að koma betra skipulagi á skattamál Reykjavíkur en nú er. En hið sama má segja um skattamál alls landsins. Það er brýn þörf á nýju og betra fyrirkomulagi í landinu. Það er bráðnauðsynlegt að finna nýtt skattakerfi, er gjöld til ríkissjóðs, sýslufjelaga, bæjar- og sveitarfjelaga byggist á. En þetta er mikið verk og vandasamt, enda liggur það svo ríkt í loftinu, að jeg ætla, að engin stjórn muni geta til lengdar komist hjá því að byrja á því, og jeg vænti þess, að þetta þing muni áður en því lýkur gera ráðstafanir til þess, að byrjað verði *þegar* á einhverjum framkvæmdum í því. Ef samin eru lög um bæjargjöld í Reykjavík, þá er um leið búið að binda hendur löggjafarvaldsins um ýmislegt í samskonar lagaskipun fyrir aðra bæi í landinu; ástæður eru svo svipaðar, og á sama grundvelli er sjálfsagt að byggja niðurjöfnun bæjargjalda sem í Reykjavík, og nauðsynlegt, að sem best samræmi komist á með gjöld þessi. Hjer ríður því fyrst og fremst á að finna heppilegar frumreglur fyrir gjaldaálagningunni og slá þeim föstum með allsherjarlögum um bæjar- og sveitargjöld. Á þeim allsherjarlögum byggi svo einstakir bæir sínar skattaálögur.

Af því, að mál þetta er svo yfirgripsmikið, geri jeg eigi ráð fyrir, að því verði ráðið til viðunanlegra lykta á þessu þingi.

Hefir mjer því dottið í hug að skjóta því til allsherjarnefndar, hvort hún vildi ekki taka einn þáttinn úr þessu frv. til meðferðar nú; það er um lóðargjöldin. Þar stendur sjerstaklega á fyrir Reykjavík, og hefir áður verið flutt á þingi sjerstakt frv. um þau. Það er mikils um vert fyrir Reykjavík að fá lög um þau. Það mál er hægara viðfangs nú en áður, því að nú hefir farið fram nýtt mat á lóðum í bænum. Þetta er að eins bending frá mjer til allsherjarnefndar, gerð í þeirri von, að þessi þáttur frv. geti orðið að lögum þegar á þessu þingi. Og það er vafalaust, að Reykjavíkurbæ er hin mesta nauðsyn á að fá aðra skipun um lóðargjöldin, miklu fremur en um tekjuskattinn, nú þegar í stað.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg stóð ekki upp til að mótmæla orðum hv. þm. S.-Þ. (P. J.), heldur til að svara nokkru hv. þm. Dala. (B. J.). Jeg hefi ekkert sagt um það, að jeg vildi, að frv. þetta væri samþ. óbreytt að öllu, og hefi ekkert talað um, hvernig jeg liti á einstök atriði þess. Um skoðun mína á málinu get jeg annars vísað til þess, sem jeg sagði um það, þegar það var áður fyrir þinginu. Að öðru leyti taldi jeg mjer skylt að flytja frv. nú, fyrst bæjarstjórn Reykjavíkur óskaði þess.

Viðvíkjandi mistökum á niðurjöfnun aukaútsvara hjer í bæ síðasta ár, þá veit jeg ekki, hvaða mælikvarða niðurjöfnunarnefndin hefir þar fylgt, er hún jafnaði niður aukaútsvörum. En jeg gæti þó bent á dæmi, þar sem hún hefir ekki fylgt þeim mælikvarða, sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Bjarni Jónsson: Að eins þá stuttu athugasemd, að jeg þori ekki að segja, hvor betur veit um mælikvarða niðurjöfnunarnefndar, hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) eða sjálf niðurjöfnunarnefndin. En hún hefir skýrt mjer frá, að hún hafi notað frv., eða lagt á samkvæmt því.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Mjer dettur ekki í hug að rengja ummæli hv. þm. (B. J.), eða efast um, að hann hafi þetta rjett eftir. En hafi niðurjöfnunarnefnd þóst gera þetta, fer hún með rangt mál í sumum atriðum. Enda gat niðurjöfnunarnefndin ekki lagt á aukaútsvör eftir þessu frv., því hana hefir vantað einmitt þann grundvöll fyrir niðurjöfnuninni, sem þetta frv. byggist á, sem sje tekjuskattskrá. Jeg segi alls ekki, að mælikvarði frv. sje rjettlátur. Jeg fyrir mitt leyti vildi hafa ýmislegt öðruvísi. **(B. Sv.:** Er frv. ekki óbreytt, eins og það kom frá bæjarstjórn?). Jú. **(B. J.:** Sama uppagið).

Forsætisráðherra (J. M.): Það var að eins um þetta atriði, hvort niðurjöfnunarnefnd hafi farið eftir reglum frv. Jeg held, að það hafi verið alveg ómögulegt; það hafi vantað nægilega tryggan grundvöll til þess, að hún gæti farið eftir því. Jeg hygg, að gert hafi verið ráð fyrir, að tekjur einstakra manna yrðu betur rannsakaðar fyrst. Það hefir því vantað allan fastan grundvöll undir tekjuálagninguna. Hefir því mikið verið bygt á hreinum getgátum hjá niðurjöfnunarnefnd. Enda var auðsætt á niðurjöfnunarskránni, að það voru a. m. k. sumstaðar getgátur, sem hún bygði á. Það ætti því ekki að spilla fyrir málinu hjer. Jeg held, að hv. deild ætti að rannsaka þetta mál. Það mun vera gott, að það gangi fram, jafnvel fyrir landssjóðinn sjálfan.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 2 atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2011) með 18 : 1 atkv.

Nefndarálit kom ekki. Var frv. því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

21. Almannafriður á helgidögum.

Á 49. fundi í Nd., föstudaginn 29. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 47, 20. des. 1901, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar (A. 544).

Á 54. fundi í Nd., miðvikudaginn 3. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Leyft með öllum gr. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg ber þetta frv. fram hjer eftir ósk verkamanna hjer í Reykjavík. Þeir hafa haft þetta mál til meðferðar undanfarið. Sömuleiðis hafði prestastefnan í vor þetta mál til meðferðar, og hefir hún látið í ljós, að hún teldi nauðsynlegt að breyta helgidagalöggjöfinni í þá átt, að minna sje unnið á helgidögum. Það er hjer farið fram á að draga úr óþarfa vinnu í kaupstöðum á helgidögum, t. d. afgreiðslu skipa, sem iðulega fer fram á helgidögum, þó þess gerist ekki þörf. Auk þess eru sektarákvæðin fyrir brot á þessum lögum nokkru hærri en er eftir núgildandi lögum. Jeg skal svo ekki segja fleira um málið að sinni, en vænti þess, að því verði vísað til allsherjarnefndar, að umr. lokinni.

Bjarni Jónsson: Jeg vildi leyfa mjer að spyrja hv. flm. (J. B.), hvernig fara eigi með þá, sem önnur trúarbrögð hafa og ekki sækja kirkju. Eiga þeir að fá að vera í friði á helgidögum þjóðkirkjunnar?

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg þarf ekki að svara þessari spurningu hv. þm. Dala. (B. J.). Hann veit sjálfsagt hvaða lög eru til um þessi efni. Þeir, sem aðra trúarskoðun hafa, verða auðvitað að hlýða landslögum, eins og aðrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2011) með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Var frv. því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

22. Verðtollur á glysvarningi.

Á 63. fundi í Nd., laugardaginn 13. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um verðtoll á glysvarningi (A. 807).

Á 64. fundi í Nd., mánudaginn 15. sept., var frv. tekið til 1. umr. (A. 807, 818).

Frv. of seint fram komið. — Leyft með 18 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Pjetur Ottesen): Jeg skal ekki leiða inn umræður að frv. á þessu stigi málsins. Jeg vænti, að hv. deild leyfi málinu að ganga til nefndar, og þá að sjálfsögðu til fjárhagsnefndar. Fjárhagsnefnd hefir, eins og kunnugt er, sýnt dugnað í að greiða fyrir slíkum frv., og vænti jeg, að hún hraði málinu af fremsta megni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 2005) með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Var frv. því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

23. Prestsmötusala.

Á 15. fundi í Nd., fimtudaginn 24. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um sölu á prestsmötu (A. 140).

Á 17. fundi í Nd., laugardaginn 26. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Pjetur Ottesen: Aðalflutningsmaður þessa frv., háttv. þm. Dala. (B. J.), er nú ekki viðstaddur. Ætla jeg ekki að innleiða neinar umr. um málið nú, en vona, að hv. deild leyfi því til nefndar. Vil jeg stinga upp á allsherjarnefnd.

Einar Arnórsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á því, að frv. sje vísað til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með öllum gr. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2011) með 13 : 1 atkv.

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 25. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 140, n. 467).

Einar Jónsson: Jeg æski þess, að þetta mál verði tekið af dagskrá, þar sem hv. frsm. (P. O.) er ekki viðstaddur.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 140, n. 467).

Frsm. (Pjetur Ottesen): Jeg get að mestu vísað til greinargerðarinnar fyrir frv. Þar er allrækilega tekið fram það, sem máli skiftir. Enn fremur vil jeg vísa mönnum á nefndarálitið á þgskj. 467. Eins og það ber með sjer, gat nefndin ekki orðið alveg sammála. Við tveir flm. frv., jeg og hv. 2. þm. Rang. (E. J.), sem sæti eigum í nefndinni, beygðum okkur þó nauðugir, til þess að fá samkomulag um málið og til þess að fyrirbyggja glundroða, er málinu hefði getað stafað hætta af.

Það er vitanlegt, að með breytingunum, sem orðið hafa á frv., hefir gildi

þess verið mikið rýrt frá því, sem var, með því að felt hefir verið úr frv. það ákvæðið, að eigi skuli við aflausn prestsmötu tekið tillit til smjörverðsins á stríðsárum, en þó er frv., eins og það er nú, samt nokkur bót frá því, sem nú er. Fyrst og fremst er trygging í frv. fyrir því, að mönnum verði eigi synjað um kaup á prestsmötu, og nokkuð eru skilmálarnir aðgengilegri en nú á sjer stað.

Eins og menn kannast við, er prestsmötukvöðin mjög þung byrði og hvumleið, og kemur oft og iðuglega mjög ranglátlega niður. Hefir þetta sjerstaklega komið berlega í ljós nú á stríðsárunum; veldur því aðflutningsteppa á feitmeti og óáran í landbúnaði í sumum hlutum landsins, grasbrestur og ill nýting á töðum. Smjör hefir því stigið mest af öllum framleiðsluvörum. Það er því ekki að undra, þótt þessi kvöð verði þungbær undir þessum og líkum kringumstæðum, enda má það hart teljast, að þegar sá höfuðstóll, sem prestsmatan er greidd af, gefur minstan, eða jafnvel engan, arð af sjer, þá skuli prestsmötugjaldið stiga hæst. — Þetta er afarósanngjarnt og öfugt í hlutfalli við alt annað, og er því það í fylsta máta rjettlætisverk að gera mönnum hægra fyrir með að ljetta af sjer þessari kvöð. Það hefir verið gengið inn á þessa braut hjer á þingi, er fóðrun á Maríu- og Pjeturslömbum var ljett af 1911, og það alveg endurgjaldslaust.

Sömuleiðis ber þess að geta, að hinn upphaflegi grundvöllur undir prestsmötukvöðinni hefir mjög breyst við rás viðburðanna. Hún er þannig til komin, að upphaflega hjeldu einstakir bændur presta á búum sínum. En til þess að ljetta af sjer prestahaldinu unnu þeir til að láta af mörkum hálfar kúgildaleigur af jörð sinni til framfæris prestinum. Svo festist þessi kvöð við jörðina og hefir haldist til þessa dags. Sumir bændur hafa keypt af sjer prestsmötuna með afarkostum, en það er ekki fært nema þeim einum, sem efnaðir eru og geta snarað út andvirði hennar í einu lagi. Það eru því þeir efnaminni, sem enn þann dag í dag hafa orðið að búa undir kvöðinni. Það er nú reyndar dálítið undarlegt, hversu þessi kvöð hefir verið lífseig, þrátt fyrir þær breytingar, sem orðið hafa á þjóðfjelagsskipuninni í þessu efni. Nú heldur alþýða manna uppi prestsþjónustu í landinu, og það eina, sem eimir eftir af gamla fyrirkomulaginu, er prestsmatan. Auk þess hafa afskifti hins opinbera rýrt það mjög, sem koma átti á móti prestsmötukvöðinni, og má í því sambandi nefna brauðasamsteypuna. Það hefði því óefað verið fylsta ástæða til að vilna mönnum svo í við aflausn prestsmötunnar, eins og gert var ráð fyrir í frv. En nú er frv. eiginlega ekki orðið nema skuggi af því, sem það upphaflega var. Þó er heldur betra, að farið er, en heima setið. Þær breytingar, sem orðið hafa á frv. nú, eru þær fyrst og fremst, að 5% eru lagðar til grundvallar, í stað 4½%, eins og nú er, og það er sanngjarnt, þar sem rentufóturinn hefir mjög stigið.

Þá hefir nefndin komið með brtt. um að færa tímabilið, sem jafna á verðinu niður á, úr 10 árum upp í 12 ár. Þessi breyting dregur ofurlítið úr þeirri geisilegu verðhækkun, sem orðið hefir á smjöri stríðsárin, fyrir þá, sem mundu kaupa á næstu árum. Enn fremur er gert ráð fyrir dálitlum greiðslufresti, og er það í samræmi við greiðslufrest við sölu á kirkjujörðum.

Þá hefir nefndin komið fram með brtt. við 4. gr. frv., sem er ætlast til að verði 5. gr. Hún fer í þá átt, að ráðherra sje heimilt að veita eiganda prestsmötujarðar ívilnun á prestsmötugjaldi, ef hann sanni, að jörðin hafi spilst verulega og til langframa af náttúrunnar völdum Nefndinni þykir sanngjarnt, að tekið sje tillit til þessa, og einn nefndarmanna hefir skýrt frá því, að svo sje ástatt um þrjár jarðir í sínu bygðarlagi, að þær hafi skemst af náttúruvöldum, en prestsmötugjaldið verið heimtað eigi að síður.

Þá er brtt. frá hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) við 4. gr. Hún fer í sömu átt og brtt. nefndarinnar, að því frá skildu, að bætt er inn í „eða kúgildi, sem prestsmata er goldin af". Nefndin tók ekki ákveðna afstöðu til þessarar breytingar og hefir því óbundnar hendur. Enn fremur felst sú breyting í þessari till., að ráðherra sje heimilt að bæta presti upp þann tekjumissi, sem af rýrnuninni leiði.

Jeg hefi þá gert grein fyrir brtt. nefndarinnar, og vænti jeg, að hv. deild taki málinu vel og greiði frv. götu, því að það er sanngjarnt, og þó að kröfunum sje ekki að öllu leyti fullnægt, þá er þó betur farið en heima setið.

Sigurður Stefánsson: Jeg á brtt. á þgskj. 492. Það, sem kom mjer til að flytja þessa brtt., er einmitt brtt. nefndarinnar, á þgskj. 467. Jeg verð að fara nokkrum orðum um brtt. mína, því að jeg býst ekki við, að hv. deildarmenn hafi getað sett sig inn í málið, eins og það liggur fyrir.

Svo stendur sem sje á, að í Ögri við Ísafjarðardjúp er prestsmata 24 fjórðungar af smjöri. En þessu er svo varið, að nú eru fleiri hundruð ár síðan kúgildin voru að eins 14. 10 þess vegna fallin, sem engin veit hve nær hafa dottið úr sögunni. En jafnan hefir þó verið goldin prestsmata af 24 kúgildum.

Jeg hefi kynt mjer málið og gengið í gegnum biskupsvisitasiur síðan frá ofanverðri 18. öld. Kvartar kirkjubóndinn í Ögri yfir þessu gjaldi, en fær enga leiðrjettingu. Um miðja síðustu öld reis mál út af kúgildum þessum, milli Ögurbónda og sóknarprestsins. Hafði Ögurbóndi trássast við að gjalda prestsmötu af þessum dauðu kúgildum. — Málið gekk til hæstarjettar, og tapaði Ögurbóndi málinu, og hefir síðan orðið að gjalda prestsmötu af 24 kúgildum, þótt þessi 10 kúgildi væru algerlega fallin.

Það er hart fyrir Ögurbóndann að þurfa að greiða prestsmötu af þessum kúgildum. Vænti jeg, að hv. deild líti á þetta með sanngirni, og samþ. því þessa brtt., sem fer fram á samskonar ívilnun og brtt. nefndarinnar. Um uppbótina til prestsins í þessu tilfelli er það að segja, að ekki mun þurfa að greiða hana í mörg ár; sjálfsagt er, að næsti prestur geti ekki heimtað þessa uppbót. Jeg skal ekki segja, nema víðar sje líkt ástatt, og væri þá því meiri ástæða til að kippa þessu í lag.

Vænti jeg, að hv. deild taki þessu með sanngirni.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er rjett hjá háttv frsm. (P. O.), að líkt stendur á um þetta og var um Maríu- og Pjeturslömbin. Þau voru orðin kvöð á einstökum jörðum, eins og prestsmatan er nú. Samanburður hans er rjettur. En þá ætti að gefa prestsmöt-

una alveg upp Það er ekki annað en gefa það eftir, sem landið á í einstökum jörðum.

Hv. frsm. (P. O.) talaði rjettilega um mismuninn á 4½% og 5%. Hann veldur því, að prestlaunasjóðurinn verður að borga þennan ½%.

Jeg get ekki sjeð, að kjörin, sem stjórnarráðið hefir sett fyrir sölu á prestsmötu, sjeu óaðgengileg. Smjörpundið er reiknað á 1 kr., og mönnum hefir aldrei verið neitað um sölu, nema prestur mælti á móti.

En svo er annað atriði, sem hv. frsm. (P. O.) fór ekki alveg rjett með í samanburði sínum. Hann vildi bera þetta saman við gjaldfrest á kaupum þjóðjarða og kirkjujarða. Það er vitanlegt, að kaupverð þeirra stendur eftir með 1. veðrjetti. Jeg held, að óþarft sje að veita þennan gjaldfrest. Jeg býst við, að flestir, sem hjer um ræðir, hafi einhver ráð til að borga. Ef þeir hafa nægilega trygt veð, geta þeir borgað, en landssjóður getur að eins gert sig ánægðan með nægilega trygt veð. Það mætti setja lög um, að það skuli standa eftir með 1. veðrjetti. Jeg hefi litið svo á, að prestsmatan hvíli á jörðinni með 1. veðrjetti, og mætti þá sennilega ákveða, að svo skyldi vera um andvirðið.

Jeg hefi viljað benda hv. deild á, að frv. hefir í för með sjer bein útgjöld úr landssjóði, sem nema ekki litlu. — Maríu- og Pjetursl0mbin munuðu litlu, en prestsmatan munar talsverðu.

Frsm. (Pjetur Ottesen): Jeg get þakkað hæstv. forsætisráðherra (J. M.) fyrir það, hversu liðlega hann hefir tekið þessu máli. Þó benti hann á nokkra agnúa, sem honum virtust vera á því, frá hans sjónarmiði. Hann kannaðist við það, að hjer væri líkt ástatt og með Maríu- og Pjeturslömbin, en hjer munaði þó meiru, væri um stærri fjárhæð að ræða. En af því að þessi leið hefir verið farin með aflausn Maríu- og Pjeturslambanna, þá bendir það til þess, að sjálfsagt sje að ljetta undir með mönnum um að leysa af sjer þessa kvöð, þó að hjer sje um meiri fjárhæð að ræða. Og menn mega ekki horfa í það, þó að ríkissjóður missi einhvers í, úr því að þeir hafa viðkent rjettmæti þessarar kröfu.

En þá er þetta, hversu miklu breytingin muni nema fyrir ríkissjóð. Jeg vil benda hv. deildarmönnum á það, að hæstv. forsætisráðherra (J. M.) sagði, að ekki væri hægt að ávaxta andvirði prestsmötunnar fyrir meira en 4½%. En jeg held, að hægt sje að fá hærri vexti. Það er vitanlegt, að ríkissjóður tekur mikið af lánum með 6%, og getur hann notað þennan sjóð í sínar þarfir á þennan hátt. Og það er engu verra að borga prestslaunasjóði háa vexti heldur en öðrum lánsstofnunum. Ef þetta væri gert, mundi tap ríkissjóðs verða hverfandi lítið.

Vitanlega má deila um það, hvort prestar fái ekki það, sem þeir eiga sanngirniskröfu til, með því að fá vexti af andvirði prestsmötu, því að sú hækkun, sem orðið hefir á smjöri síðari árin, er engan veginn þeim að þakka, og án þess þeir eigi neina hlutdeild í því, sem slíkir.

Þá hjelt hæstv. forsætisráðherra (J. M.) því fram, að smjörpundið væri ekki reiknað hærra en á 1 kr. Jeg hygg, að það hafi stundum verið reiknað hærra. Jeg veit að minsta kosti af ein-

um stað, þar sem það var reiknað á 1 kr. 12 aura árið 1917.

Enn fremur hjelt hæstv. forsætisráðherra (J. M.) því fram, að þetta væri ekki saman berandi við gjaldfrest á sölu þjóðjarða og kirkjujarða, því að kaupverð þeirra stæði eftir með 1. veðrjetti. Jeg sje nú ekki, að þess sje nein þörf. En jeg tel sjálfsagt, að stjórnin veiti ekki þennan gjaldfrest, nema fulltrygt veð komi á móti, og þá 1. veðrjettur. Og auðvitað gæti svo lítil skuld hvílt á eigninni, að hættulaust væri að lána út á 2. veðrjett.

Loks vænti jeg, að hv. deild taki máli þessu liðlega og leyfi því fram að ganga.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 467, 1. a. samþ. með 20 shlj. atkv.

— 467, 1. b. samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

3. og 4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

— 492. samþ. með 13 shlj. atkv.

— 467, svo breytt, (ný gr., verður 5. gr.), samþ. með 17 shlj. atkv.

5. gr. (verður 6. gr.) samþ með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., föstudaginn 29. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 538).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., laugardaginn 30. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sölu á prestsmötu,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 579).

Á 45. fundi í Ed., mánudaginn 1. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Frv. þetta er komið frá hv. Nd., var þar í allsherjarnefnd, og legg jeg til, að það fari til sömu nefndar hjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2004) með 8 shlj. atkv.

Nefndarálit (A. 992) kom ekki fyr en á þinglausnadegi, laugardaginn 27. sept. Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

24. Lestagjald af skipum.

Á 43. fundi í Nd., laugardaginn 23. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um lestagjald af skipum (A. 476).

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 25. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Fjárhagsnefnd hefir leyft sjer að bera fram þetta frv., um lestagjald af skipum, á þgskj. 476. Aðalástæðurnar fyrir þessu frv. eru þær, að gjald það, sem nú hvílir á fiskiskipum eingöngu og svarar til ábúðarskatts, er mjög lágt. Og auk þess eru öll þau skip, sem ekki fást við fiskiveiðar, alveg gjaldfrjáls. En nú er svo komið, eins og kunnugt er, að við eigum skip fyrir miljónir króna, en þau eru laus við öll gjöld, nema tekjuskatt. Það virðist t. d. ekki sanngjarnt, að skip eins og „Gullfoss" greiði ekki annað gjald í ríkissjóð en tekjuskatt. Hjer er ekki um hátt gjald að ræða; þess vegna vona jeg, að hv. deild leyfi frv. að ganga fram. — Jeg ætlaðist að vísu ekki til í upphafi, að þessi tekjuaukafrv., þetta og það, sem næst er á dagskrá á eftir þessu, kæmu fram fyr en till. fjárveitinganefndar væru komnar, því hv. þingdm. mundu má ske fúsari á að samþ. þau, er þeir sæju, hvernig hagur ríkissjóðs væri. — Jeg þykist vita, að þessi frv. munu mæta mótspyrnu sumra hv. þm., sjerstaklega þegar litið er til frv. um bifreiðaskatt, sem hjer var á ferð fyrir skömmu og kallaður var „miðaldaskattur". Eins má gera ráð fyrir um lestagjaldið, að það hljóti sama nafn. Þó fer því fjarri, að hjer sje um nokkurn „miðaldaskatt" að ræða, því að skattur á bifreiðum er nú nýlega lögleiddur um öll Norðurlönd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 476).

Björn R. Stefánsson: Jeg vil ekki, að þetta frv. fljúgi í gegnum hv. deild, án þess að hv. þm. veiti því eftirtekt.

Jeg tel mjög vafasamt, hvort háttv. deild á að leggja sig eftir þessum skatti, því að hann kemur ekki að eins niður á stóru skipunum, heldur kemur hann og hart niður á smábátum hjer við land, þar sem svo er ákveðið, að hann skuli lagður á báta, sem mælast 12 smálestir „brúttó". En ef þetta frv. á að samþ., verður að minsta kosti að setja „nettó" í stað „brúttó", því annars er frv. með öllu ótækt. Annars teldi jeg best farið, að þetta frv. yrði alls ekki samþ. Hv. nefnd vildi ekki taka til athugunar till. þær, er jeg bar fram fyrir nokkru, og höfðu í för með sjer 80 þúsund kr. tekjuauka fyrir landssjóðinn; af þessu frv. er áætlaður 40 þús. kr. tekjuauki á ári, og með því að nefndinni fanst ekki muna neitt um tekjuaukann af till. mínum, ætti henni ekki að finnast, að mikið munaði um þetta.

Auk þess ber þess að gæta, og hefir oft verið að því vikið, að flest þau fjáraukafrv., sem legið hafa fyrir þessu þingi, hafa komið niður á sjávarútvegsmönnum. Mætti svo segja, að þeir hafi verið eltir vakandi og sofandi, og væri því ekki nema sanngjarnt að láta nú undan draga bátana sjálfa, úr því að alt er skattlagt með hækkuðum sköttum í ár, sem á þá fæst og á þá þarf að nota.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Það var ekki nema að líkum, að einhver rödd kæmi fram á móti þessu frv.

Jeg vil benda hv. 2. þm. S.-M. (B. St.) á það, að lausafjárskatturinn af skipum kemur í stað ábúðarskattsins af jörðum. Þegar því hv. þm. (B. St.) athugar þetta, þá mun hann komast að raun um, að þessi skattur er ekki eins ósanngjarn og hann virðist vera. Hjer er ekki heldur eins mikill skattur á ferðinni og hann heldur; að vísu hefi jeg ekki athugað það nákvæmlega, hverju munaði, ef reiknað væri heldur eftir „nettó-" en „brúttó-"smálestum skipa, en það veit jeg, að eftir því, sem skipin eru minni, eftir því verður þessi munur minni. Það, sem aðallega vakti fyrir nefndinni, var að skattleggja stórskip, sem ekki eru notuð til fiskiveiða, og að sá skattur kæmi nokkuð á móti ábúðarskattinum, sem hefir þrefaldast síðan stríðið byrjaði; ef því þessi skattur ætti að vera ákveðinn í hlutfalli við ábúðarskattinn, þá er hann síst of hár. Get jeg t. d. tekið skip, sem virt er á 1000000 kr., og væri 1400 smálestir; skatturinn af því yrði 2800 kr., en ef jörð væri metin á 1000000 kr., þá yrði ábúðarskatturinn mikið hærri.

Annars þýðir lítið að vera að tala um þetta nú, þar sem svo fáir eru á fundi; væri því best, að málið yrði látið ganga til 3. umr. og að það yrði athugað þá betur.

Björn R. Stefánsson: Það var ekki ætlun mín að tala nú um þetta mál, svo að jeg er ekki vel undir það búinn. Hv. frsm. (M. G.) var að tala í þessu sambandi um, að þessi skattur kæmi í stað ábúðarskattsins, en mjer finst, að það fari nú að fyllast skarð Skíða, þótt undan dragi smábátana. — Svo mintist hv. frsm. (M. G.) á skip, sem væri virt á 1000000 kr. Það, sem jeg talaði aðallega um, var, hversu hart þetta kæmi niður á smábátum, en á stórskip mintist jeg ekki og fann ekkert að því, þó að þessi skattur væri á þau lagður. Jeg tel það sem sje rangt, að þetta gjald skuli koma niður á allra smæstu mótorbátum, en svo er eftir 1. gr. frv., þar sem talað er um, að skattinn skuli leggja á alla báta, sem eru 12 smálestir „brúttó".

Þá vil jeg og minna menn á annað gjald, sem nú er verið að leggja á öll skip, og það er vitagjaldið. Það gjald er altaf að hækka; það var nokkuð hækkað 1917, og nú stórhækkað á þessu þingi. Er því nóg á smábáta lagt, þó þessi skattur nái ekki til þeirra. — Það má ekki skilja þessi orð mín svo, að jeg telji vitagjaldið ranglátt, enda munu flestir sjófarendur vilja vinna það til að borga hærra vitagjald fyrir betur lýsa siglingarleið. En á það legg jeg sjerstaka áherslu, að ef þetta frv. á að ganga fram, þá má það alls ekki ná til svo smárra báta, sem hjer er ráð fyrir gert.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Mjer gleymdist í fyrri ræðu minni að svara hv. 2. þm. S.-M. (B. St.) viðvíkjandi þeirri aðdróttun hans til nefndarinnar, að hún hefði ekki viljað líta við 80 þús. kr. tekjuauka þeim, sem hann bar fram fyrir nokkru. Jeg vil nú gera hv. þm. (B. St.) það kunnugt, að till. um þennan skatt er orðin að lögum. (B. St.: Þetta er misskilningur). Nei, það er enginn misskilningur, því þessi till. var tekin upp í hv. Ed., samþykt þar, og síðan hjer. (S. St.. Það var till. um skatt á sveskjum og rúsínum, er hv. 2. þm. S.-M. (B. St.) átti við). Nú, voru það till. hans um sveskjurnar og rúsínurnar?

Þá talaði hv. 2. þm. S.-M. (B. St.) um, að þetta kæmi of hart niður á smá-

skipum. Það má vel vera, og gæti hann gjarnan leitað samkomulags við nefndina um að færa upp hámarkið á smálestatölunni; get jeg fyrir mitt leyti sagt honum, að jeg er fús að ræða það mál við hann.

Það tel jeg ekki rjett af hv. þm. (B. St.) að fara að ræða um vitagjald í þessu sambandi, því það geta menn ekki skoðað sem skatt, heldur borgun fyrir vitanotkun.

Jeg vona, að háttv. þm. (B. St.) vilji lofa þessu máli að ganga til 3. umr. Getur hann á þeim tíma leitað samkomulags við nefndina.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., föstudaginn 29. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 476, 536).

Matthías Ólafsson: Ásamt öðrum fleiri háttv. þm. hefi jeg leyft mjer að bera fram brtt. á þgskj. 536.

Það er af þeim ástæðum, að okkur þótti of hátt lestagjaldið af smábátum, sem nú á síðari tímum verða altaf að minna og minna gagni.

Bátar, sem ekki eru nema 12 smálestir að stærð, hafa einmitt sýnt sig að vera of litlir eftir þeim kröfum, sem nú eru gerðar. Þeir eru því lítið notaðir, og þar af leiðandi ekki neinar sjerlegur fjeþúfur fyrir eigendurna.

Við viljum því ekki leggja þetta gjald á þá. En annað mál er um stærri skip, sem eru 60 smálestir brúttó og þar yfir.

Þá er annar liður brtt. um það, að lausafjárskatturinn haldist á bátum þessum eftir sem áður.

Verður þá að eins hærra gjald á stærri skipunum.

Vona jeg svo, að háttv. deild þyki breytingar þessar sanngjarnar og fallist á þær.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal geta þess, að brtt. þessar hafa ekki verið bornar undir fjárhagsnefndina í heild, en get lýst því yfir, að jeg fyrir mitt leyti get ekki gengið inn á þær. Mjer þykir stökk þetta alt of stórt. Hefðu hátv. flm. sett 30 smál. í staðinn fyrir 60, þá hefði það verið sök sjer.

Það eru allstór skip, sem eru 60 smálestir að stærð.

Af þilskipum, sem við höfum nú, er gjaldið samkvæmt lögum frá 6. apríl 1898 reiknað þannig:

Þilskip til 20 tons, 4 hndr. á landsv., er gjaldið nálægt 6 kr. Þilskip frá 20—40 tons, 6 hndr., nálægt 8 kr. gjald, og af skipum, sem eru 41 tons og þar yfir, 8 hndr. o. s. frv., ekki meira en 10 kr. gjald En þau skip geta verið nú frá 30—50 þús. kr. virði. Þessi skattur getur því hlutfallslega alls ekki jafnast á við fasteignaskattinn.

Auk þess eru skip, sem ekki eru notuð til fiskiveiða, alls ekki skattskyld.

En nú eru víða til hjer skip upp að 60 smál. að stærð, sem notuð eru til annars. En þau yrðu alls ekki skattskyld eftir þessu.

Jeg get því ekki sjeð, að það sje gerlegt að samþ. brtt. þessa. En ef flm. hennar óska þess, að málið sje tekið út af dagskrá, til þess að þetta verði at-

hugað betur, og breytingin ef til vill færð niður í 30 tons, þá mun nefndin ekki hafa á móti því, að málið verði tekið út af dagskrá í þetta sinn.

Matthías Ólafsson: Við flm. brtt. höfum komið okkur saman um að óska þess, að málið verði tekið út af dagskrá, til þess að leitað verði samkomulags við háttv. nefnd um það, að koma á þessari breytingu. Munum við koma á móti nefndinni, ef það mætti verða til þess, að samkomulag yrði um t. d. 40 tons, en auðvitað fer það eftir því, sem um semur.

Umr. frestað.

Á 53. fundi í Nd., þriðjudaginn 2. sept., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 476, 536).

Forseti: Til þess, að brtt. á þgskj. 648 komist að, þarf að veita afbrigði frá þingsköpum. Að fengnu leyfi hæstv. ráðherra leyfi jeg mjer að bera það undir hv. deildarmenn.

ATKVGR.
Afbrigðin samþ. með 17 : 2 atkv.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal taka það fram fyrir hönd fjárhagsnefndar, að hún hefir gengið inn á brtt. á þgskj. 536, frá hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), um að lágmarkið verði 30 smálestir.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál.

ATKVGR.
Brtt. 648. samþ. með öllum gr. atkv.
— 536, svo breytt, samþ. með 16 shlj atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 47. fundi í Ed., miðvikudaginn 3. sept, var útbýtt
Frumvarpi til laga um lestagjald af skipum,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 649).

Á 48. fundi í Ed., fimtudaginn 4. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forseti: Frv. þetta er flutt af fjárhagsnefnd Nd., og legg jeg því til, að því verði vísað til sömu nefndar hjer.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1999) með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki nema frá minni hl. (A. 675). Var frv. því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

25. Almennur ellistyrkur.

Á 10. fundi í Ed., föstudaginn 18. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk (A 97).

Á 12. fundi í Ed., mánudaginn 21. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Torfason): Með því að þessi fundur er orðinn langur, skal jeg að eins óska þess, að frv. verði vísað til fjárhagsnefndar.

Guðmundur Ólafsson: Jeg legg til, að frv. verði vísað til allsherjarnefndar, í samræmi við það, sem gert var við samskonar mál á þinginu 1917.

Flm. (Magnús Torfason): Jeg lýsi því yfir, að jeg fell frá till. minni, um það að vísa frv. til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2004) með 11 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., miðvikudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 97).

Frsm. (Magnús Torfason): Eins og allir vita, eru ellistyrktarsjóðirnir eftirlaunasjóðir smælingjanna í þessu landi. Er þetta hið eina, sem gert hefir verið hjer, er miðar að því, að bæta kjör þeirra í ellinni og ljetta af þeim elliáhyggjunum. Jeg þykist vita það, að hv. deild líti svo á, sem styrkja beri þessa sjóði, og það því fremur, sem fullyrða má, að þessi skattur, tillagið til sjóðsins, er orðinn svo vinsæll, að enginn sæmilegur maður telur nú eftir sjer að greiða þetta gjald. Menn eru jafnvel nú teknir að minnast þessa sjóðs með gjöfum, dánargjöfum eða fúlgum í erfðaskrá, og með því að ákveða, að sektir skuli þangað renna. En alt um það hefir það gengið grátlega seint, að sjóðurinn stækkaði og kæmist í það horf, að hann yrði að verulegum notum.

Eins og menn vita, var sjóðurinn stofnaður með lögum 1890, og þá ákveðið 30 aura gjald í hann af kvenmönnum, en 1 kr. af karlmönnum. Árið 1909 var gjaldið fært upp í 75 aura af kvenmönnum og kr. 1,50 af karlmönnum. Árið 1917 var gjaldið ákveðið 1 kr. af kvenmönnum og 2 kr. af karlmönnum. Þetta, að gjaldið var hækkað 1909, þótt peningar hefðu þá ekki fallið í verði, sýnir það, að löggjafinn hefir verið þeirrar skoðunar, að styrkja þyrfti sjóðinn. En efling sjóðsins hefir ekki gengið betur en svo, að meðaleign hvers hrepps er heldur undir en yfir 2000 kr., og eru renturnar af því að eins um 80 kr., og þar af kemur að eins helmingur, 40 kr., til útbýtingar.

Jeg vænti, að menn sjái af þessu, að ef sjóðurinn á að ná tilgangi sínum, og ef ekki á að svíkja af honum það, sem honum ber, þá er ráðið það, að laga verðlækkun þá, sem orðið hefir á gjaldinu eftir gamla taxtanum, á þann hátt, sem þetta frv. fer fram á. Mestur hluti gjaldsins er greiddur af mönnum, sem betur eru staddir, og er það sú góða og fallega hugmynd, sem felst í þessum skattlögum. Verðgildi gjaldsins er ekki sett jafnhátt því, sem rjett hefði verið að fara fram á, ef miðað er við kaup fólks og hve afurðir landsins hafa stigið í verði.

Í sambandi við þetta leggur nefndin til, að lágmark styrksins sje sett 40 kr., í stað 20 kr., sem áður var, og hámarkið 400 kr., í stað 200 kr., enda er nota-

gildið síst meira, heldur öllu minna, en eftir þessu hlutfalli, borið saman við það, sem var fyrir stríðið.

Vænti jeg, að frv. og till. nefndarinnar fái góðan byr, og þykir mjer ekki ástæða til þess að fara fleiri orðum um málið að svo stöddu.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, sem þýðir það, að jeg er ekki alls kostar ánægður með frv., eins og það liggur fyrir; einkum þykir mjer gjaldið helst til hátt. Ástæður mínar eru þær, að jeg lít alveg eins mikið á hag gjaldendanna og þeirra, sem njóta eiga styrksins. Háttv. frsm. (M. T.) sagði, að hjer væri að ræða um eftirlaunasjóð smælingjanna, en það hefði líka mátt kalla hann útgjaldasjóð smælingjanna. Sannleikurinn er sá, að í sjóðinn gjalda fjöldamargir fátæklingar, sem þó geta aldrei átt von á því, að njóta nokkurs úr honum. Það er ekki svo lítill skattur á fátækan bónda að þurfa að gjalda 6 kr. á ári, þótt hann lafi við búhokur, án þess að vera beint öreigi, og fá svo ekkert í elli sinni. Því að þess ber að gæta, að styrk þessum er ekki altaf rjettlátlega úthlutað; jeg þekki þess mörg dæmi. Og í sveitum mun það ganga sem rauður þráður í gegnum útbýtingu úr þessum sjóði, að þeir sjeu hafðir út undan, sem ekki eiga sveitfesti í þeim hreppi, þar sem styrkurinn er veittur. Þetta er auðvitað rangt, en það á sjer því miður alt of víða stað. Þetta er meinið, að þessi eftirlaunasjóður smælingjanna er oft ekki annað en tryggingarsjóður fyrir sveitarfjelögin til þess að afstýra því, að sveitarbyrðarnar verði of miklar. En við það að ljetta undir með sveitarsjóðunum er í rauninni að eins ljett á stærstu gjaldendum þeirra; það er auðvitað mikill kostur, ef hægt væri að ljetta sveitarútsvörunum, eða helst útrýma þeim með öllu, en það er bert, að þessi eftirlaunasjóður smælingjanna er þá ekki einungis það, heldur og til þess að ljetta byrðum af hreppunum. Ef hjer væri um virkilegan eftirlaunasjóð að ræða, þá mundi styrknum verða jafnað niður á menn, jafnvel þótt þeir sjeu ekki alveg blásnauðir, ef verið hafa gjaldendur til sjóðsins, en ekki eingöngu veittur óverkfærum mönnum, til þess að forða þeim frá sveit.

Jeg hygg því, að beita þurfi öðrum meðulum til þess að stækka þennan sjóð. Jeg mundi ekki hafa haft á móti því, ef legið hefði fyrir till. um, að gjaldið skyldi vera kr. 1,50 á kvenmönnum og kr. 3 á karlmönnum, en vildi þó ekki koma fram með brtt., til þess að kljúfa ekki nefndina. Að minni hyggju er og einn gjaldstofn, sem alt of slælega er gengið eftir; jeg á við lausamenskugjaldið. Ef lögunum um leysing vistarbandsins væri fylgt, þá mundi sjóðurinn stækka stórkostlega. En eins og nú er, gera þessi lög ekkert gagn. Mjer hefir komið til hugar, hvort ekki mætti ráða bót á þessu með því að leggja í eitt skifti fyrir öll ákveðið gjald á alla menn 18 ára gamla, er rynni í þennan sjóð. Um það aldursbil eru menn jafnaðarlegast í fullu fjöri og ekki orðnir svo sýtnir, að þeir sjái eftir peningum, og munar ekki svo mikið um þá; hins vegar yrðu menn þá eftir það alfrjálsir til atvinnurekstrar, hvort heldur þeir vildu vera lausamenn eða hvað annað. Ef slík uppástunga um breyting laga 1895, um leysing sóknarbandsins, og auðvitað þessara laga líka, kæmi fram, þá myndi jeg verða mjög fús á að styðja hana. En sú hækkun,

sem hjer er farið fram á á tillaginu, finst mjer alt of mikil, meðan engin trygging er fyrir því, að gjaldendurnir fái nokkurn tíma að njóta styrksins. Jeg lái ekki hv. frsm. (M. T.), þótt hann hafi komið með frv.; hann byggir að sjálfsögðu á þeirri reynslu, sem hann hefir fengið í sínu lögsagnarumdæmi. En það verður líka að gá að því, hvaðan tillögin eru tekin; þau eru ekki tekin upp úr steinunum, þau eru ekki síður tekin af fátæklingum en fátæklingar njóta þeirra. Og það eru fleiri fátæklingar, sem skilið eiga verðlaun fyrir dugnað og elju, en þeir einir, sem styrk fá úr þessum sjóði.

Frsm. (Magnús Torfason): Þegar verið er að ræða um ellistyrktarsjóðsgjaldið, verðum við að gæta þess, að fátæklingar eru undanþegnir gjaldinu; þetta er beinlínis tekið fram um þá, sem eiga fyrir ómögum að sjá og sveitarstjórnir leggja ekki útsvar á. Þetta gerir það að verkum, að skattur þessi verður aldrei illa ræmdur, heldur þvert á móti. Hins vegar greiðir enginn í þennan sjóð lengur en til 60 ára aldurs.

Gjöldin til þess sjóðs standa víðar fótum en til venjulegra tryggingarsjóða; í þá leggja þeir einir, sem eiga kost á að fá styrk úr þeim. En hjer er öðru máli að gegna, því að hjer leggur fjöldi manna til sjóðsins, sem aldrei fær neinn styrk úr honum.

Má vel vera, að úthlutuninni sje ábótavant sumstaðar í sveitum, en það mun smátt og smátt færast í lag, og eftir því, sem sjóðirnir stækka, fer úthlutunin betur úr hendi, er menn venjast við og gæta betur að, hverjir einkum og sjer í lagi hafi styrksins þörf. Aftur á móti er engin ástæða til að vera á móti því að hækka styrkinn, þótt einstöku sveitarfjelög haldi fast við sveitfestina; það má lagfæra á annan hátt, ef þörf gerist.

Það er ekki rjett, að sjóður þessi sje stofnaður til að taka byrðina af sveitarfjelögunum. Hann er fyrst og fremst stofnaður í mannúðarskyni, hjer eins og í öðrum löndum, til þess að tryggja ellimóðum áhyggjulausa æfidaga. En auðvitað ljettir hann undir með sveitarsjóðunum með tíð og tíma, en það getur auðvitað ekki verið nema gott.

Á þingi hefir komið fram till. um það, að veita sveitarskuldugum kosningarrjett, og það er vitanlega hróplegt ranglæti að svifta menn kosningarrjetti, þótt þeir neyðist til að þiggja af sveit. Þetta frv. um að hækka ellistyrktarsjóðsgjaldið er spor í áttina til þess að draga úr þessu ranglæti og styður að því, að ekki sje lagst á ellihrumt fólk, sem ekki hefir safnað auði þessa heims.

Jeg ætla hjer ekki að ræða lausamannaleyfisgjaldið, en í því efni fer margt aflaga og þarf að lagfærast, og mun jeg á sínum tíma verða fylgjandi umbótum á því fyrirkomulagi.

Jeg lýk máli mínu með því, að jeg vænti, að menn greiði atkv. með frv. til 3. umr.

Kristinn Daníelsson: Jeg get tekið undir með háttv. þm. Ísaf. (M. T.) um það, að nauðsyn sje á að hækka gjöldin til sjóðsins. En það er rjett hjá hv. 4. landsk. þm. (G. G.), að gjaldið má ekki hækka að miklum mun, þar sem það er nefskattur, er kemur jafnt niður á ríka og fátæka; jeg hallast því að því, að takmarka beri upphæðina. Vil þó ekki hefta framgang málsins og greiði því þess vegna atkv. mitt við þessa umr.; vildi þó ekki hækka upphæðina svo mikið, veit, að það fellur fátækum al-

menningi erfitt nú eftir stríðið, meðan dýrtíðin helst.

En það, sem aðallega kom mjer til að biðja um orðið, er brtt. á þgskj. 168. Jeg tel ekki rjett að hafa lágmarkið svona hátt; sjerstaklega tel jeg 40 kr. lágmarkið of hátt sett. Kýs jeg helst, að úthlutunarnefndin sje látin að mestu sjálfráð og henni gefnar óbundnar hendur, frekar en kostur er, ef lágmarkið er lögbundið. Mjer er vel kunnugt um verkun 20 kr. lágmarksins; það var ekki hægt að veita þeim öllum styrk, sem áttu hann skilið, og var það okkur þannig til baga, því að við urðum altaf að útiloka 3—5 á ári, sem sótt höfðu um styrkinn og áttu hann skilið. Og þeir, sem ekkert fengu, voru sárhryggir út af því að koma ekki til greina. Jeg tel þennan 20 kr. styrk, sem hver átti að fá, engan verulegan styrk, heldur nokkurskonar glaðning. Jeg vona því, að lágmarkið verði fært niður.

Verði brtt. samþ. nú, áskil jeg mjer að koma með brtt. til 3. umr. um að færa lágmarkið niður, og jeg byggi á minni eigin reynslu.

Guðjón Guðlaugsson: Það er kunnugt, að samkvæmt ellistyrktarsjóðslögum geta öreigar verið gjaldfrjálsir, og það hefir ekki valdið ágreiningi, að suma menn beri að skoða sem öreiga, og ávalt hefir verið litið svo á að væru öreigar, til dæmis ógift kona eignalaus, sem á fyrir barni að sjá. En gjaldið kemur niður á reglulegum fátæklingum í venjulegum skilningi, mönnum, sem hafa lítinn bústofn og að eins geta dregið fram lífið.

Mjer þykir vænt um, að hv. 2. þm. G.-K. (K. D.) er mjer samdóma í þessu, en jeg er honum ekki alveg samþykkur um 40 kr. lágmarkið. 20 kr. er alt of lágt. Jeg veit vel, að margir taka með þökkum við 10 kr. og eru jafnvel glaðir við að fá 5 kr. En þegar alt er eins dýrt og nú á sjer stað, er það vel skiljanlegt, að lægri upphæð en 40 kr. getur ekki komið að neinum verulegum notum. Nakinn maður getur t. d. ekki keypt sjer flík fyrir minna en 40 kr., og því síður er hægt að kaupa nokkra skepnu fyrir minni upphæð, og ef þurrabúðarmaður, sem þarfnast mjólkur, á í hlut, eru 44 kr. ekki of ríflega í lagt. Jeg veit, að umsækjendur eru margir, og margir þeirra lítilþægir og þakklátir fyrir lítinn glaðning, en þegar þeir vita, að lögin leyfa lágmarkið ekki minna en 40 kr., vita þeir líka, að ekki er hægt að gera öllum úrlausn, og sætta sig við það.

Sveitarfjelögin gætu t. d. tekið menn á víxil, án þess að það væri skoðaður sem beinn sveitarstyrkur, og mætti með því nokkuð bæta úr þeim annmörkum, sem nú eru samfara venjulegum sveitarstyrk. Það er leiðinlegt, þegar veita þarf sama manninum sveitarstyrk ár eftir ár, en þetta fyrirkomulag gæti ef til vill bætt að einhverju leyti úr því, því að það er kunnugt, að þeir, sem einu sinni hafa þegið af sveit, verða kæruminni, þó það komi fyrir oftar.

Kristinn Daníelsson: Jeg vil að eins bæta því við, að þegar á að tvöfalda lágmarkið, þá er það ekki í samræmi við hinn hluta frv., því að þótt tillagið sje tvöfaldað, eykst sjóðurinn ekki strax um helming, svo að hægt sje strax að úthluta jafnmörgum skerfum. 40 kr. nema því ekki hlutfallslega eins miklu og 20 kr. áður, eða með 40 kr. lágmarkinu geta ekki eins margir fengið styrk eins og áður með 20 kr. lágmarkinu.

Þetta mundi víða koma sjermjög óþægilega. Um annað úrræði væri ekki að tala en að gera upp á milli, hverja ætti að setja hjá af þeim, sem áður hefðu notið styrksins, en af því mundu stafa mikil vonbrigði, ef taka verður styrkinn af 2—3, sem áður hafa notið hans og eru hans verðir.

Jeg vil sjerstaklega vekja athygli á því, að fjármagnið tvöfaldast ekki.

Frsm. (Magnús Torfason): Mjer virðast umr. alls ekki snúast um kjarna málsins. Aðalatriðið er, hvort verðlagið, borið saman við það, sem átti sjer stað 1909, er of hátt. Jeg segi nei. Svo framarlega, sem við viljum ekki svíkja sjóðinn, verðum við að hækka tillagið. Allar lífsnauðsynjar eru nú margfalt dýrari en þá, og vinnuaflið er að sama skapi dýrara. Það er kunnugt, að þá var dagsverkið ekki nema 2 kr., en er nú yfir 6 kr. Það verður að minsta kosti að hækka tillögin svo mikið, að samræmi verði í því.

Það er auðvitað leiðinlegt að þurfa að útiloka nokkurn mann frá styrk, sem sækir um styrk úr sjóðnum, en það er enginn sá sjóður til, sem geti fullnægt öllum, sem til hans kunna að leita. Og það, sem við ættum að leggja mesta áherslu á, væri þá það, að styrkja og efla sjóðinn, svo hann geti hjálpað sem flestum.

20 kr. lágmarkið var í lögunum frá 1890 og hefir haldist óbreytt frá því fyrsta að farið var að veita styrk úr sjóðunum. 40 kr. lágmarkið er eingöngu miðað við verðlagið, sem nú er á öllum lífsnauðsynjum, og gerir sist betur en samsvara 20 kr. lágmarkinu, sem sett var í byrjun.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 : 1 atkv.
2. gr. samþ. með 7 : 1 atkv.

Brtt. 168. feld með 7 : 6 atkv.

3.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 : 1 atkv.

Á 20. fundi í Ed., föstudaginn 1. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 97).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 24. fundi í Nd., mánudaginn 4. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 244).

Á 26. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Mál þetta var til meðferðar í allsherjarnefnd í hv. Ed., og legg jeg til, að því verði vísað til sömu nefndar hjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2011), hvorttveggja með öllum gr. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Var frv. því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

26. Forkaupsrjettur leiguliða.

Á 16. fundi í Ed., mánudaginn 28. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 30, 20. okt. 1905, um forkaupsrjett leiguliða o. fl. (A. 171).

Á 18. fundi í Ed., miðvikudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Guðjón Guðlaugsson): Ástæðan til þess, að jeg hefi gerst flm. þessa frv., er sú, að síðasta búnaðarþing kom fram með þá ósk, að þessu ákvæði yrði bætt inn í lögin, og tók jeg að mjer að bera þetta mál fram á háttv. Alþingi.

Eins og þeir vita, sem athugað hafa lögin, vantar ákvæði í þau um þetta atriði. Í lögunum frá 20. okt. 1905 er ákveðið, að hreppurinn hafi forgangsrjett, þegar um sölu þjóðjarða og kirkjujarða er að ræða, en það er eins og löggjafanum hafi gleymst, að hugsanlegt væri, að sjálfseignarbóndi vildi selja jörð sína. Í þessu frumvarpi er ætlast til, að hreppurinn hafi einnig forgangsrjett að þeim jörðum, þegar þær eru í sjálfsábúð. Frv. er því í fylsta samræmi við lögin.

Frv. þetta er mjög stutt, því jeg sá ekki neina ástæðu til að fara að umskrifa öll lögin frá 20. okt. 1905, vegna þessa eina atriðis; fer eingöngu fram á, að þessari málsgrein sje bætt aftan við 4. gr. gildandi laga. — Mjer finst þetta svo skýrt og einfalt mál, að hverjum hljóti að vera það skiljanlegt.

Það er hálfskritið við þetta mál, að eftir að frv. þetta kom fram (þgskj. 171), hefir komið fram frv. í hv. Nd. (þgskj. 177), sem er uppsteypa úr öllum gömlu lögunum, eingöngu vegna þessa sama atriðis. Jeg ímynda mjer, að vakið hafi fyrir hv. flutnm., að betra væri að hafa lögin öll í einu lagi; en mjer finst það algerður óþarfi, þegar menn sakna að eins þessa eina ákvæðis. Í því frv. er farið fram á sömu breytingu og hjer, en orðalaginu er líka nokkuð breytt frá því, sem er í núgildandi lögum. Er mjer sagt, að til sje gamalt þgskj. með slíku frv., og hefir háttv. flutnm. ef til vill verið svo fornbýll, að eiga það í fórum sínum. Frv. þetta er til umr. í hv. Nd. í dag, og er óneitanlega undarlegt, að tvö frv. sama efnis skuli vera rædd í báðum deildum sama daginn.

Eigi að síður óska jeg, að mitt frv. nái fram að ganga; það getur aldrei farið ver en að það verði skorið niður í hv. Nd. Annars finst mjer málið svo einfalt, að jeg sje ekki ástæðu til að vísa því í nefnd. Legg jeg til, að því verði vísað til 2. umr. nefndarlaust.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., föstudaginn 1. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 171).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., mánudaginn 4.

ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 171).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 25. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. ágúst, var útbýtt
Frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 30, 20. okt. 1905, um forkaupsrjett leiguliða o. fl.,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 255).

Á 27. fundi í Nd., fimtudaginn 7. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Stefán Stefánsson: Jeg vildi að eins gera það að till. minni, að frv. verði vísað til landbúnaðarnefndar. Þar liggur fyrir annað samskonar frv., sem borið var fram hjer í deildinni. Og finst mjer þá rjettast, að þau sjeu tekin fyrir í nefndinni í sambandi hvort við annað.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 2009) með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Var frv. því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

27. Skipun læknishjeraða [Hnappdælahjerað].

Á 7. fundi í Ed., laugardaginn 12. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl. (A. 59).

Á 8. fundi í Ed., mánudaginn 14. júlí, frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Steinsson): Eins og hv. deild er kunnugt, hefir þetta mál verið flutt þing eftir þing nú í 10 ár. Síðast bar jeg það fram á þinginu 1917. Komst það þá á góðan rekspöl, þar sem það var þá afgreitt með svo látandi rökstuddri dagskrá:
„Í því trausti, að stjórnin á næstu árum taki skipun læknishjeraða til gagngerðrar endurskoðunar, sjerstaklega með tilliti til þeirra óska, sem komið hafa fram á síðari þingum í því máli, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá“ (Alþt. 1917 A. Þgskj. 339).
En nú hefir stjórnin algerlega vanrækt skyldu sína gagnvart óskum þingsins. Það munu vera skiftar skoðanir um, hvort yfirleitt beri að fjölga læknishjeruðum. Sumir líta fyrst og fremst á þann kostnaðarauka, sem það myndi baka ríkissjóði, en aðrir líta meira á líf og heilsu hjeraðsbúa, sem erfitt eða ómögulegt eiga með að nálgast lækni. Á undanförnum þingum hefir fjárhagsstefnan jafnan sigrað, en mannúðarstefnan lotið í lægra haldi. En þörfin á því, að lögum um skipun læknishjeraða frá 1907 verði breytt, fer sífelt vaxandi, og því er ekki nema eðlilegt, að kröfurnar um það verði sífelt háværari. Spurningin, sem alt

veltur á í þessu máli, er ofur einföld. Borgar það sig fyrir ríkissjóð að verja 2000—3000 kr til viðhalds og tryggingar á heilsu 600—1000 manna? Jeg trúi því ekki, að henni verði svarað nema á einn veg. — Á síðasta þingi var mál þetta hjá allsherjarnefnd, en þar sem hún, eins og vant er, er ofhlaðin störfum, legg jeg til, að því verði vísað til mentamálanefndar.

Kristinn Daníelsson: Jeg legg til, að málinu verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Till. um að vísa því til mentamálanefndar feld með 7: 6 atkv.

Frv. vísað til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1999) með 7 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., laugardaginn 13. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 59, n. 775).

Frsm. (Halldór Steinsson): Það er ekki skemtilegt að þurfa þing eftir þing að flytja rjettmætt mál, án þess að fram nái að ganga. En slíkt hefir nú verið hlutskifti um þetta mál á hverju þingi, síðan jeg varð þingm., og hafði það þó einnig verið flutt af fyrirrennara mínum. Frv þetta hefir verið felt hvað eftir annað, ekki af því, að menn hafi ekki játað nauðsyn þess, heldur ýmist af sparnaði eða af því, að menn hafa ekki viljað hrófla við læknaskipunarlögunum frá 1907. En þetta mál er svo vaxið, að það getur ekki sofnað, þótt það verði felt þing eftir þing; það hlýtur að rísa upp aftur, uns það nær fram að ganga.

Sú stefna hefir komið fram, að nauðsyn bæri til að breyta læknaskipunarlögunum frá 1907, og á síðasta þingi var þetta frv. afgreitt til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá, sem hnje í þá átt, að stjórninni var falið að endurskoða lögin. Þessu hefir stjórnin ekki sint, svo að ætla má, að henni sje ekki treystandi til þess að koma skriði á málið.

Nú liggja fyrir 6 frv. um stofnun nýrra læknishjeraða; hefir eitt þeirra, Hólshjerað, fengið þá viðurkenningu, að það er þegar komið í gegnum háttv. Nd, og annað, Bakkahjerað, á leiðinni þaðan. Nú er spurning um það, hvort öll þessi hjeruð hafa rjett á sjer, eða hvort eitt stendur öðrum framar. Jeg lít nú svo á, að 4—5 þeirra eigi fullan rjett á sjer. Ef velja ætti úr 1—2, þá yrði úr vöndu að ráða, og yrðu náttúrlega skiftar skoðanir um það, hver velja bæri, sökum ókunnugleika þingmanna.

Jeg skal ekki lýsa, hver nauðsyn hjer liggur við um frv. það, sem nú liggur hjer fyrir, með því að jeg hefi gert það í greinargerðinni, og oft áður á þingi. Jeg vona, að hv. Ed. lofi því að ganga hjeðan í þetta sinn, svo að hv. Nd. gefist kostur á að athuga það, hvernig sem fer; ef það verður felt þar, þá hefir hv. Ed. gert sína skyldu, en ef það verður samþ., þá þarf Ed. engan kinnroða að bera fyrir að hafa samþ. það.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 : 1 atkv.

2. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 15. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 59).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7 : 1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 65. fundi í Nd., þriðjudaginn 16. sept., var útbýtt
Frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 827).

Á 66. fundi í Nd., miðvikudaginn 17. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Forseti: Frv. þetta var í fjárhagsnefnd í hv. Ed., og legg jeg það til, að það gangi til sömu nefndar hjer.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 2 atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 2005) með 15 : 2 atkv.

Nefndarálit kom ekki. Var frv. því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

28. Skipun læknahjeraða [Kjalarneshjerað].

Á 9. fundi í Ed., miðvikudaginn 16. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl. (A. 83).

Á 10. fundi í Ed., föstudaginn 18. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Kristinn Daníelsson): Jeg sje, að jeg hefi tekið fram allar aðalástæðurnar til frv. þessa í greinargerðinni, svo jeg vísa hv. þm. til hennar; frekari ástæður mun jeg, ef krafist verður, gefa við síðari umr. málsins. Þetta frv. hefir verið stöðugur gestur í þinginu síðastliðin ár, og hlýtur hverjum manni að vera ljóst, að slíkri þrábeiðni er eigi haldið áfram, nema af því, að brýn nauðsyn krefur. Allir kunnugir vita, að þeir, sem eiga heima í því hjeraði, sem hjer er farið fram á að stofna, og þá sjerstaklega í Kjós, eiga svo erfitt með að ná til læknis, að þeir mega teljast læknislausir; verða jafnvel heldur að leita læknis til Reykjavíkur en Hafnarfjarðar, þangað, sem þeim nú er ætlað að vitja læknis, en í Reykjavík er enginn læknir skyldur til að gegna læknisvitjun þaðan, svo að þótt hingað sje komið, getur orðið snúningasamt að fá nokkurn lækni.

Jeg vonast nú til, að ekki verði lengur daufheyrst við bæn þessari. Það hefir áður verið sýnd dálítil úrlausn með styrkveitingu, sem að vísu var skorin mjög við nögl, en var þó ljós viðurkenning um, að hjer væri úr brýnni þörf að bæta.

Jeg vil svo að sinni ekki fjölyrða meira um málið, en legg það á vald góðfýsi hv. þm. — Leyfi jeg mjer að biðja um, að málinu verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1999) með 8 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., laugardaginn 13. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 83, n. 776).

Frsm. (Halldór Steinsson): Eins og greinargerðin ber með sjer, er frv. borið fram samkvæmt endurteknum óskum manna á Kjalarnesi, í Kjós og Mosfellssveit. Það er einnig ljóst, að löggjafarvaldið hefir viðurkent þörfina, því að 1899 var með lögum stofnað þarna sjerstakt læknishjerað, þótt afnumið væri með lögum 1907, og er mjer ekki vel ljóst, af hvaða ástæðum það var gert. En hjeraðsbúum getur ekki verið það hagkvæmt að eiga að sækja lækni til Hafnarfj., enda þar svo mikið að gera, að þar er sestur að nýr læknir í viðbót, svo að Hafnarfjarðarlækninum er ofætlun að sinna þessum hjeruðum. En það er einnig ofætlun hjeruðunum að sækja lækni til Hafnarfjarðar, enda sækja hjeraðsbúar lækni til Reykjavíkur, en hjer er enginn skyldur til þess að sinna, þótt sóttur sje, og þótt þeir geri það, þegar þeir mega skilja við sjúklinga sína hjer, þá liggur í hlutarins eðli, að þeir verða altaf dýrari á verkum sínum en hjeraðslæknar úti um landið. Það er því auðsætt, að beitt er ranglæti við þessi hjeruð, og að þau verða hart úti með því fyrirkomulagi, sem nú er. Þess vegna er nú farið fram á að koma á svipaðri skipan, sem var sett með lögum 1899. — Nefndin í heild sinni er á svipuðu máli sem um frv. næst á undan, að það verði látið ganga til hv. Nd. —

Kristinn Daníelsson: Jeg þakka hv. nefnd fyrir meðferð frv. og meðmæli, svo langt sem þau ná. Jeg vil ekki þreyta hv. deild með lýsingu á ástæðum fyrir þessu frv., með því, að jeg hefi oft látið hana í tje áður, enda hefir hv. frsm. (H. St.) lýst nauðsyn frv. mætavel. — Vona jeg að eins, að frv. verði látið sæta sömu meðferðar sem frv. næst á undan.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 7 : 1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8. shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 15. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 83).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7 : 1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 65. fundi í Nd. þriðjunaginn 16. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 828).

Á 66. fundi í Nd., miðvikudaginn 17. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Björn Kristjánsson: Þetta frv. er borið fram í hv. Ed., eftir margítrekaðar óskir frá íbúum Kjósarsýslu um að fá sjerstakt læknisembætti á Kjalarnesi.

Eins og hv. deild sjálfsagt man, þá var áður sjerstakt læknissetur í Kjósarhreppi. En það var afnumið nú fyrir nokkrum árum, og hafa íbúarnir síðan verið læknislausir að kalla.

Í þessu væntanlega hjeraði voru samkvæmt manntali 1910 tæpir 1000 íbúar, eða 977, og er það hærri íbúatala en í 11 öðrum hjeruðum hjer á landi. Aftur eru 6 hjeruð, sem hafa 50—100 manns fleira. Svo það er óhætt að segja, að þetta hjerað jafnist á við 17 önnur læknishjeruð á landinu, hvað snertir íbúafjölda.

Eins og oft hefir verið skýrt frá hjer í hv. deild, má telja þessar sveitir alveg læknislausir, því reynslan sýnir, að íbúarnir kjósa heldur að vitja læknis hingað til Reykjavíkur, þegar nauðsyn ber til, og borga fyrir það margfalt hærra verð heldur en taxtinn er, heldur en að vitja hans þangað, sem þeir eiga læknissókn. Þeir vilja ekki með neinu móti sækja lækni til Hafnarfjarðar. Þar er líka þannig ástatt, að íbúum hefir fjölgað mikið síðustu árin, svo að læknirinn þar hefir ærið að starfa.

Nefndin í hv. Ed. hefir látið uppi álit sitt um þetta. Það er á þgskj. 776, sem skírskotar til nál. á þgskj. 775, sem er um læknishjeraðið í Hólshreppi. Jeg ætla því að lesa fáein orð úr þessu nál., með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefir athugað frv. þetta, og hefir ekki getað fundið annað en að það sje bygt á brýnni nauðsyn og fylstu sanngirni.

Það er mjög augljóst, að hjer er um nauðsynjamál að ræða, sem þingið getur ekki gengið fram hjá lengur, þegar alls þessa er gætt."

Þessi ummæli vill hv. Ed. láta gilda um þetta hjerað, eins og Hólshjerað. Eins og hv. þm. muna, var talað um stofnun annars hjeraðs hjer á dögunum, og taldi hæstv. forsætisráðherra (J. M.), að þetta væri annað í röðinni af þeim, sem mest nauðsyn bæri til að yrðu sett á stofn. En hins vegar vildi hann ekki, að stofnað yrði nema eitt á þessu fjárhagstímabili. Hvort hjeraðið er stofnsett ári fyr eða síðar, munar landssjóð litlu, eins og allir sjá. En aftur munar það sjúklingana miklu, sem þá í heilt ár, eða lengur, þurfa að borga meira en tvöfalt verð fyrir að vitja læknis, ef á annað borð eru tök á að ná í hann. Jeg vænti þess því, að hv. deild sýni þá sanngirni, að leyfa þessu frv. að ganga fram, þar sem svo oft hefir verið beðið um þetta með fullri nauðsyn. —

Jeg tel rjettast, að frv. fari til fjárhagsnefndar, eins og hitt frv. næst á undan, og vona, að það fái þar skjóta afgreiðslu.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg viðurkenni að hafa sagt, að ástæða sje til að fá breytingu á því, að Kjósarhreppur eigi að vitja læknis til Hafnarfjarðar. Enda mun það varla koma fyrir. En það, sem jeg vildi sagt hafa, er, að jeg held, að það sje óráðlegt að

setja á stofn hvert læknishjeraðið á fætur öðru, eftir beiðni hjeraðsbúa, í staðinn fyrir að taka til athugunar alla hjeraðaskipunina yfirleitt. Ef nú á að stofna fjögur ný læknishjeruð, mun verða óhjákvæmilegt, að að minsta kosti tvö bætist við á næsta þingi. Jeg held vafalaust, að hægt verði að koma fram með jafnríkar ástæður og hjer er gert.

Hvað þetta hjerað snertir, þá held jeg, að þetta kæmi ekki nema nokkrum hluta af Mosfellssveit að notum, en nokkur hluti hennar mundi sennilega sækja lækni til Reykjavíkur. Jeg veit ekki, hvar þessi læknir ætti að sitja, hvort heldur í Saurbæ, eða á miðju Kjalarnesi, t. d. í Brautarholti. Jeg held, að heppilegast væri, að hann sæti í Brautarholti, en þá yrði hann varla sóttur úr Mosfellssveitinni, heldur að eins úr Kjósinni og af Kjalarnesi. Svo að frá því sjónarmiði ímynda jeg mjer, að nær lægi, að læknirinn sæti í Kjósinni og hefði eitthvað af Hvalfirði með. Þá gæti líka Þingvallasveitin notið góðs af honum, að minsta kosti einhvern hluta ársins.

Það er alveg rjett hjá hv. 1. þm. G.-K. (B. K.), að ástandið er ilt, eins og það nú er. En það er fleira, sem kemur til athugunar. T. d. mætti bæta einhverju við Hafnarfjarðarhjerað suður á bóginn, og svo gæti læknirinn í Keflavík aftur tekið eitthvað á móti. Læknirinn í Hafnarfirði gæti t. d. þjónað Vatnsleysuströndinni. Þar eru ágætir vegir, og því greitt um ferðalög.

Jeg segi þetta til að sýna fram á, að þegar tekin eru alveg ný hjeruð, eitt og eitt, þá er svo hætt við, að öll hjeraðaskipunin ruglist. Það þarf nauðsynlega að taka alla hjeraðaskipunina fyrir í einu lagi og reyna að koma samræmi á alstaðar á landinu.

Aftur stendur alveg sjerstaklega á með Bolungarvík. Hún snertir ekki neitt annað hjerað. En annars hefi jeg látið þá skoðun í ljós oft áður, að jeg tel þetta hættulega braut. Þegar launin eru auk þess orðin svo há, þá munar það talsvert miklu fyrir landssjóð að bæta við mörgum hjeruðum upp á marga tugi þúsunda. Nú eru hjer komin 4 ný hjeruð, sem sennilega verða samþ., og að sjálfsögðu koma undir tilsvarandi flokk í hinum nýju launalögum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 2005) með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Var frv. því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

27. Tekjuskattur og eignarskattur.

Á 18. fundi í Ed., miðvikudaginn 30. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt (A. 183).

Á 20. fundi í Ed., föstudaginn 1. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurjón Friðjónsson): Það mun vera orðið alment álit hjer á landi, að skattamálin sjeu í mikilli óreiðu, og yfirleitt munu hugir manna hneigjast í þá átt, að telja þörf á að minka tolla, en auka í staðinn beina skatta. Í raun-

inni verða allir skattar, beinir og óbeinir, að greiðast af tekjum, og munurinn er að eins sá, að tollar, eða óbeinir skattar, miðast við eyðslu, en beinir skattar við tekjurnar. Í stöku tilfellum er hægt að færa boðlegar ástæður fyrir þessu. Þegar t. d. tveir einhleypir menn hafa 8 þús. kr. í laun hvor, og annar sóar þeim til fulls, en hinn leggur meira eða minna af þeim í sparisjóð, í því skyni, að verja sparifjenu síðar til einhverra almenningsheilla, þá virðist mega rjettlæta það, að leggja hærri skatt á eyðslumanninn. En þegar annar af tveim mönnum, sem hafa jafnar tekjur, er einhleypur, en hinn hefir fjölskyldu, má ske 6—10 manna fjölskyldu, eða stærri, þá er það ljóst, að fjölskyldumaðurinn hlýtur að öllum jafnaði að hafa stærri útgjöld og þurfa þar af leiðandi að borga hærri óbeina skatta; og virðist það hvorki vera rjettlátt nje heppilegt.

Þar sem nú allir skattar falla á tekjurnar fyr eða síðar, ætti að vera til vegur til að miða þá jafnvel alla við tekjurnar. Og að því leyti, sem beinir skattar annars eru viðurkendir og lagðir á, kemur vitanlega ekki til mála að leggja þá á í öfugu hlutfalli við tekjurnar. Þvert á móti er hægt að færa ýms rök að því, að rjett sje, að skattur á tekjum hækki ekki að eins að sama skapi og þær, heldur meira, einkum þegar tekjurnar fara að verða miklar, því að miklar tekjur munu oftast að meira eða minna leyti vera árangur af samstarfi margra manna, og geta að því leyti skoðast sem rjettmæt fjelagseign. Á þessari skoðun mun stighækkun tekjuskatts einkum vera bygð.

Í skattkerfi, sem aðallega er bygt upp með beinum sköttum, eru aðalskattstofnarnir í rauninni að eins tveir, árstekjur og eign eða áður sparað fje. Og þar sem sparifjeð er jafnan að eins lítill hluti tekna yfirleitt, hlýtur aðalskatturinn í slíku kerfi að falla á einhvern hátt á tekjurnar. Þetta eru í aðaldráttum aðalástæðurnar fyrir frv. því, sem hjer er til umr., og hugsað er sem nokkurskonar beinagrind í nýju skattakerfi.

Þegar um það er að ræða, hvernig frv. þetta horfir við núgildandi lögum um tekjuskatt og gróðaskatt og sjerstaklega það, hvort tekjur landssjóðs mundu hækka eða lækka við það, að frv. yrði að lögum í þeirri mynd, sem það nú er í, þá verður raunar ekkert um það sagt með fullri vissu. Það virðist vafalaust, að þeim fjölgaði mjög, sem tekjuskatt greiddu, en skatturinn mundi á hinn bóginn yfirleitt lækka á þeim, sem nú greiða tekjuskatt og gróðaskatt. Þetta kann sumum að virðast ósanngjarnt og óheppilegt í fljótu bragði. En á það er að líta, að viðbúið er, að gróðaskatturinn falli niður þá og þegar, og þá einkum hitt, að frv. þetta er miðað við, að óbeinu skattarnir verði lagðir niður smám saman og sumir þeirra fljótt, en tekjuskatturinn færður upp að sama skapi, og breytast þá hlutföllin í skattgreiðslu yfirleitt hinum efnaminni í hag, jafnóðum sem óbeinu skattarnir falla niður. Er því aðalatriðið, að gjaldstiginn sje sem sanngjarnast settur í upphafi, og þá þannig, að af skattinum megi vænta nægilegra tekna í ríkissjóð.

Með þessum formála vil jeg nú gera nokkra grein fyrir því, í fyrsta lagi, hvernig tekjuskatturinn fellur á samkvæmt frv., og í öðru lagi, hvernig samanburður þess við núverandi samskonar skatta tekur sig út. Um lágmark skattskyldra tekna er það að segja, að það færist vitanlega niður hjá einhleypum mönnum úr 1000 kr.

í 365 kr., en hjá fjölskylumönnum færist það yfirleitt upp í orði kveðnu, misjafnlega mikið eftir tölu fjölskyldunnar; verður þannig t. d. 3650 kr. í stað 1000 kr. hjá 10 manna fjölskyldu. En þegar tekið er tillit til verðhækkunar peninga, mun óhætt að fullyrða, að meðallágmarkið lækki fremur en hækki. — Hjá 6 manna fjölskyldu verður lágmarkið þannig $6 \times 365 = 2190$ kr., í stað 1000 kr., og er sú hækkun vitanlega ekki í hlutfalli við almenna verðhækkun nauðsynja vorra. En ef þetta lágmark þykir of hátt sett, er auðvelt að færa það niður. Jeg hygg þá, að brýnustu lífsnauðsynjar ætti raunar alls ekki að skattleggja, og að rjettara væri að færa lágmarkið fremur upp en niður, og byrja þá heldur skattstigann með hærra hundraðsgjaldi.

Það liggur í augum uppi, að tekjuskatturinn nær betur til einhleyps fólks samkvæmt þessu frv. en samkvæmt gildandi lögum. Hitt er vandsjeðara, að hann nái betur til bænda yfirleitt og sjávarútvegsmanna, þeirra sem líkt stendur á fyrir, og vil jeg því færa nokkur rök fyrir því, að svo muni þó verða. Tek jeg þá t. d. heimili í sveit með 8 manns; þ. e. bóndi, húsfreyja, 4 börn uppkomin, 2 á ómagaaldri. — Bústofn: 3 kýr, 4 hross, 120 kindur.

Tekjur:

120 kg. ull, 4.00, ...	480 kr.
90 dilkar, 30.00, ...	2700 —
6000 lítrar mjólk, 0.35, ...	2100 —
Samtals kr.	5280

Samkvæmt gildandi lögum dregst hjer frá:

a) ..... kr.	1000.00
b) kaup 2 karlm., 500.00, —	1000.00
c) fæði 2 karlm., 2.25, .. —	1642.50
d) kaup 2 stúlkna, 250.00, —	500.00
e) fæði 2 stúlkna, 1.50, .. —	1095.00
Samtals kr.	5237.50

Auk þess er landskuld, vextir af skuldum o. s. frv.

Samkvæmt frv. drtgst frá $365 \times 8 = 2920$ kr. Skattskylt yrði þá 2350, og næmi skatturinn af því, eftir frv., kr. 10.13.

Aftur er auðsjeð, að skatturinn lækkar á embættismönnum og þeim, sem líkar tekjur hafa, enda virðist það vera að taka með annari hendi, sem gefið er með hinni, að skattleggja laun, sem greidd eru af opinberu fje. Samkvæmt núgildandi lögum mun embættismaður, sem hefir 5000 kr. skattskyldar tekjur, eiga að borga 100 kr. í tekjuskatt, en samkvæmt frv. kr. 37.50. Þetta stafar af því, að samkvæmt frv. byrjar skatturinn með lægri hundraðstölu, og hækkar líka seinna en gildandi lög ákveða. Ef þetta þykir óheppilegt, er hægt að færa það nær sama horfi, sem nú er, með því að færa upp hundraðsgjaldið og byrja t. d. með ¾% eða 1%, í stað ¼%, þótt sama stíganda gjaldsins sje haldið, og hækkar þá skatturinn vitanlega alla leið.

Annars mun mega færa sterk rök að því, að til þess að geta lifað sem mentuðum manni sæmir á þessum tíma á þessu landi, þ. e. veitt sjer allar líkamlegar og andlegar nauðsynjar, fylgst með í því, sem gerist í heiminum, þar á meðal í bókmentum o. s. frv., veiti ekki af 8—10 þús. kr. tekjum handa hverjum heimilisföður. Þá upphæð þyrfti því í raun inni að skattleggja sem allra minst. En þegar tekjur stíga yfir 10 þús. kr., fara þær að verða óþarflega háar fyrir þessar sjálfsögðustu nauðsynjar, og væri ef til vill rjettast að auka stíganda skatt-

gjaldsins um það bil, t. d. úr ¼ í ½%. Þó mundi leiða af því, að hámark skattstigans nálgaðist fullfljótt og kæmi á 55. þús. Raunar virðist svo, sem skattur á mjög miklum tekjum megi vel verða yfir 25%, og eru dæmi áður til þess hjá ófriðarþjóðunum, eins og menn vita. En á það er að líta, að auk ríkisgjalda falla á allar tekjur sveitar- og bæjargjöld, sem verður að ætla fyrir.

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, en óska þess, að því verði vísað til fjárhagsnefndar, í þeirri von, að meiri hl. þar veiti því fremur lið en ólið.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg hefi lýst yfir því áður, þegar lögð voru fram skatta- og tollafrv. stjórnarinnar, að stjórnin teldi fulla nauðsyn á því, að endurskoða skattalöggjöf landsins, en það er öllum vitanlegt, að til þess, að slík endurskoðun mætti fara fram í lagi, þyrfti nákvæma yfirvegun. Stjórnin leit svo á í vetur, þegar hún hafði þetta mál til yfirvegunar, að enn væri ekki tími til kominn til þessar endurskoðunar, auk þess, sem tímarnir nú væru óhentugir til þess að komast að fastri niðurstöðu um þessi mál.

Um þetta frv. er það að segja, að altaf má búast við því, þegar „principin" eru leidd fram á vígvöllinn, að þau veki stríð og deilur, og gæti þá svo farið, að landssjóður stæði uppi skattalaus. Jeg hefi að visu ekki haft tima til þess að athuga frv. rækilega, en sje þó fljótt, að landssjóður myndi bíða tekjumissi við það, að frv. yrði samþ., saman borið við gildandi lög. Þetta verður ljósast með því að taka dæmi. Af 20 þús. króna tekjum mundi skattur eftir frv. nema nálægt 507 kr., en eftir gildandi lögum rúmum 1000 kr. Á upphæðum hjer fyrir neðan verður hlutfallið líkt eftir lögum nú og frv., en þegar upp eftir dregur, þá færir frv. skattinn niður. Af 29 þús. kr. er skatturinn samkvæmt frv. kr. 1087.50, en nú er hann kr. 3250.00. Af 40 þús. kr. er skattur eftir frv. 2040 kr., en nú 5500 kr. Af 50 þús. kr. er skatturinn eftir frv. 3177.50, en nú 7900 kr.

Á flestum gjaldendum er niðurfærslan ákaflega mikil, og eins og sakir standa nú, er engin ástæða til þeirrar breytingar. Jeg tel ekki þá galla á núgildandi tekjuskattslögum, að það sje brýn þörf á að breyta þeim. Alstaðar, hvar sem er í heiminum, valda slík lög hinum mesta ágreiningi, og verð jeg að telja það óheppilegt að innleiða deilu þá nú á Alþingi.

Jeg tel heppilegast, að frv. verði vísað til fjárhagsnefndar, og að hún síðan leggi til, að því verði vísað til stjórnarinnar, er athugi það ásamt öðru, er lýtur að skattalöggjöf landsins. Hitt, að samþ. frv. og minka nú tekjur ríkissjóðs, getur ekki komið til orða; tekjuskatturinn er, þrátt fyrir alt, besti og rjettlátasti gjaldstofninn. Um það er óþarfi að deila.

Flm. (Sigurjón Friðjónsson): Mjer er það ljóst, að eins og frv. liggur nú fyrir, þá lækkar það tekjuskattinn á sumum gjaldendum, en svo ber líka að líta á það, að eftir frv. fjölgar gjaldendunum, svo að það er öldungis ósannað mál, að tekjur ríkissjóðs minki eftir frv.; þær geta eins orðið meiri. Og jeg vil benda á það, að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) gekk alveg fram hjá eignarskattinum, en hann er í raun og veru ný tekjugrein.

Viðvíkjandi því, að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) hjelt því fram, að núverandi tekjuskattslög væru góð, þá vil jeg taka það fram, að það er ekki skoðun mín, og mun ekki heldur vera skoðun almennings.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1999) með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Var frv. því aldrei á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

30. Skipun læknishjeraða [Bakkahjerað].

Á 6. fundi í Nd., laugardaginn 12. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl. (A. 56).

Á 7. fundi í Nd., mánudaginn 14. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Jónsson): Jeg get í upphafi sagt líkt og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að þetta mál er ekki nýtt hjer á þingi. Jeg skal ekki fara út í ástæðurnar fyrir frv. þessu og nauðsyn þess, að það gangi fram, að því leyti, sem þær standa í greinargerðinni fyrir því. En jeg vil geta þess í sambandi við það, sem fram kom á þingi 1917, að það hefir verið tekið til athugunar, hvort hægt væri að flytja læknisbústað Fljótsdalslæknishjeraðs niður á mitt Fljótsdalshjerað og gera eitt hjerað úr öllum hreppum hjeraðsins. Við athugun þessa atriðis hefir það komið í ljós, að þetta er ekki framkvæmanlegt. Samkomulag næst ekki um þetta, og Hjeraðsbúar eru því mótfallnir. Svo er og þess að gæta, að það er ekki hægt að skylda lækninn á Fljótsdalshjeraði, sem situr á Brekku og hefir búið þar vel um sig, að sætta sig við þessa breytingu, fremur en honum sjálfum gott þykir.

Svo eru og á þessu aðrir annmarkar. Fyrst og fremst ætið sami höfuðgallinn, að læknirinn er ekki nema einn, og verða því jafnan einhverjir illa úti með að ná í lækninn, vegna þess, hve hjeraðið er stórt og viðlent. Og þó að aðstoðarlæknir yrði skipaður, væri ekki bætt úr erfiðleikunum. Málið kom fyrir sýslunefnd á síðasta aðalfundi hennar. Sýnir það, að menn eru fallnir frá öllu samkomulagi um þetta atriði, að þá kom fram á sýslufundi ósk um, að fundurinn gerði ályktun til þingsins í þessu máli. Sýslunefndarályktunin var samþ. í einu hljóði, og var skorað á Alþingi að stofna nýtt læknishjerað á Úthjeraði. Ályktun þessi mun hafa verið send stjórnarráðinu, og hefi jeg hana ekki við höndina, en hún er í sýslufundargerð Norður-Múlasýslu frá í vor.

Það hefir jafnan verið sagt, að þessi breyting hafi aukinn kostnað í för með sjer og að læknir muni ekki fást. En það er ekki hægt að slá þessu fram. Það er aðgætandi, að þótt ilt sje að fjölga embættismönnum og ekki megi gera það að óþörfu, þá er þó hitt enn verra, ef menn deyja að óþörfu fyrir handvömm löggjafarvaldsins. Mannslífin eru dýr hjá okkur. Þótt fólk sje fátt

í einu hjeraði, verður það að geta náð sjer í lækni; annað hæfir ekki í siðuðu þjóðfjelagi. Það gæti ef til vill forsvarast að sinna ekki slíkum málaleitunum, ef það á að vera regla á þingi að sinna ekki neinu slíku fyr en hlutaðeigendur eru búnir að leggja fram allan nauðsynlegan kostnað. En jeg hjelt, að hv. þm. sæju sjer það skylt, vegna sóma ríkisins, að taka slíkar málaleitanir til greina, þegar sannað er, að þörfin sje fyrir hendi. Og hjer er þá einn af þeim stöðum, sem ómögulegt er fram hjá að ganga. Það, sem helst verður haft á móti, skyldi þá vera það, að hjeraðið yrði fremur fáment. 1910 var fólkstalan í Borgarfirði, hinu fyrirhugaða Bakkahjeraði, á fimta hundrað, en nú má óhætt gera ráð fyrir, að þar sjeu full 500. Eru til læknishjeruð hjer á landi, þar sem mannfjöldi er ekki öllu meiri en þetta. Í hinu hjeraðinu yrði íbúatalan eitthvað yfir 1000, eins og gerist.

Jeg vil að svo mæltu óska þess, að mál þetta verði vel athugað. Það er allsendis ómögulegt, að fólk á þessu svæði geti unað við þessa skipun, eins og hún er. Afleiðingin hlýtur því að verða sú, ef þessari beiðni er synjað, að við verðum að útvega jörð undir lækni, byggja læknisbústað og borga fyrir úr okkar eigin vasa. Enn fremur að útvega lækni og launa honum að öllu leyti. Annað ráð er ekki fyrir hendi. Og ef þingið er svo kærulaust og tómlátt, að því sýnist að láta málið fara á þá leið, þá verður það að vera svo. En vitanlega yrði slíkt ekki vel sjeð hjá fólki, vegna þess, að það er algerlega rangt.

Einar Jónsson: Jeg get ekki látið hjá líða að geta þess, að mjer virðist byrjun mála ganga miklu greiðar nú en áður. Með öðrum orðum: Hv. þm. hafa að miklu leyti lagt niður þann leiða vana, að halda langar ræður við 1. umr. Venjan er orðin sú, að hverju einasta máli er vísað til nefndar, og þá fyrst, er nefndirnar hafa skilað málunum til deildanna aftur, eiga umr. við, ef ágreiningur rís, — annars aldrei.

Hjer liggja nú fyrir í dag þrjú samkynja frv. Fyrsta frv. var frá hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), og verð jeg að segja, að jeg bjóst ekki við því af honum, að hann myndi innleiða og byrja langa þingræðu við 1. umr. En jeg verð að láta hann vita það, að hann þreytti mig, og jeg hygg einnig aðra hv. þm., með sinni löngu ræðu.

Jeg vil láta þess getið um þessi læknafrv., að jeg vil, að þau fái góðar viðtökur, sjeu vel athuguð í nefndum, og með þau sje farið eftir sanngjörnum „skala“ á endanum.

En nú verð jeg að fara örlítið út í annað. Jeg get ekki bundist þess, að þakka hv. þm. Dala. (B. J.) fyrir það, sem hann mælti um verðtollinn. Jeg hygg hann að öllu rjettari og sanngjarnari, og verður því sá hluti dagskrárinnar hv. þm. Dala. (B. J.) til heiðurs.

Yfirleitt hygg jeg það best, að menn sjeu stuttorðir um málin, einkum áður en þeim er vísað til nefndar. Þar er þeim vandlega sint. Mun jeg því geyma mjer rjett minn til að ræða þessi læknafrv., þar til við síðari umr. Jeg óska þess, að þinginu megi auðnast að greiða úr þeim málum eftir nauðsyn og skapa læknum sæmileg launakjör.

Lýk jeg svo máli mínu, og vil þakka hv. 1. þm. N.-M. (J. J.), að hann var stuttorður og gagnorður um mál það, er hann hafði í höndum. Hið sama

hefði háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) átt að geta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hl. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2011) með öllum gr. atkv. gegn 1.

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 1. sept., var frv. tekið til 2. u m r. (A. 56, n. 445, 463 og 527).

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg verð að segja, að ef hv. deild ætlar sjer ekki að stofna þetta læknishjerað, þá skil jeg ekki, hvernig hún ætlar sjer að fara að samþ. það við þessa umr., þar eð hv. meiri hluti ræður frá, að það verði samþykt. Jeg vil því leyfa mjer að fara fram á, að málið verði annaðhvort tekið út af dagskrá, eða þá að um það fari sem önnur mál.

Þorleifur Jónsson: Jeg fellst á, að þetta mál verði nú tekið út af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., miðvikudaginn 10. sept., var frv. aftur tekið til 2. u m r. (A. 56, n. 445, 463 og 527).

Frsm. meiri hl. (Þorleifur Jónsson): Allsherjarnefnd hafði 4 samskonar læknamál til meðferðar, og skiftist nokkurn veginn eins í þeim öllum.

Meiri hl. nefndarinnar taldi rjettast, að Hólshjerað yrði gert að sjerstöku læknishjeraði, og að Hróarstunguhjeraði skyldi skift í tvö læknishjeruð. — Deildin hefir sýnt, að hún er sammála nefndinni um Hólshjerað. En þó að þörfin sje þar mikil, er hún ekki minni í Hróarstunguhjeraði.

Um hjerað þetta er það að segja, að það er mjög víðlent, og fannkoma þar mikil að vetrarlagi. Eftir hjeraðinu gengur fjallgarður, sem skiftir því í tvent. Fjallgarður þessi er altaf erfiður yfirferðar, en þó einkum um vetrartímann. Fyrir ofan fjallgarðinn er meginhluti hjeraðsins, en fyrir neðan hann er Borgarfjörður og víkurnar þar í grendinni. Jeg veit ekki, hversu margt manna er í hinu væntanlega læknishjeraði; en heyrt hefi jeg, að það sje um 600 manns. Jeg skal geta þess, að læknirinn situr í Borgarfirði. En með því er Fljótsdalshjeraði gert svo erfitt fyrir um læknishjálp, að heita má, að það sje læknislaust En þarna eru 5 hreppar: Hjaltastaðahreppur, Eiðahreppur, Hlíðarhreppur, Kirkjubæjarhreppur og Jökuldalshreppur. Íbúarnir eru yfir 1000, og mega heita læknislausir.

Því verður ekki neitað, að ástand þetta er alveg ótækt fyrir hjeraðsbúa. Þar að auki er á það að líta, að nú hefir verið komið á fót alþýðuskóla á Eiðum, og er illa farið, að hann skuli settur þar í læknisleysið.

Jeg sje, að minni hl. nefndarinnar vill bæta úr þessum vandkvæðum með því að flytja læknissetrið að Brekku við Lagarfljótsbrú. En þetta virðist ekki vera vel ráðið, og ber tvent til þess. Í fyrsta lagi, að nú hefir verið reist sjúkrahús að Brekku, og virðist ekki geta komið til mála, að það verði flutt þaðan. Í öðru lagi er þess að gæta, að hjeraðið er svo víðlent, að einum manni mundi ofvaxið að þjóna því, þó að læknissetrið væri flutt. Hjeraðið er sjálft mjög víðlent, og inn úr því ganga þrír miklir dalir, sem sje Skriðdalur, Fljótsdalur og Jökuldalur. Læknishjeraðið yrði því alt of stórt, þó að Borgarfjörður væri frá skilinn. Jeg er dálítið kunnugur á þessum slóðum og veit,

að nauðsynin á nýju læknisembætti er þar mikil. Að vísu má segja, að Borgarfjörður og víkurnar í kring sje lítið læknishjerað út af fyrir sig. En á það ber þó að líta, að þangað dregst töluvert af fólki um sjóróðratíma, og að hjeraðinu er svo í sveit komið, að það er ókleift að þjóna því frá hjeruðunum í kring, Seyðisfirði eða Fljótsdalshjeraði. Ástæðurnar eru þannig, að þarna verður að stofna nýtt læknisembætti.

Jeg man ekki eftir, að jeg þurfi að segja fleira um þetta mál í svipinn. En ef eitthvað skyldi á skorta, getur hinn upphaflegi flm. málsins (J. J.) gefið frekari upplýsingar, því að hann er kunnugri á þessum slóðum en jeg.

Mín skoðun er þetta, að það sje ósanngjarnt að neita þessu hjeraði um lækni, úr því að samþ. hefir verið að gera Hólshjerað að sjerstöku læknishjeraði. Þótt jeg þekki lítt til þar vestra, hygg jeg samt, að þörfin sje ekki brýnni þar en hjer. Jeg vænti þess vegna, að deildin samþ. frv.

Frsm. annars minni hl. (Pjetur Ottesen): Mjer nægir að mestu að vísa til þess, sem jeg hefi sagt um þetta mál í nál. á þgskj. 444. Þar er bent á úrlausn þessa máls og haft fyrir augum álit landlæknis. Hann taldi þetta vera heppilega úrlausn. Frsm. meiri hl. (Þorl. J.) hefir nú mótmælt þessu að nokkru leyti, og skal jeg ekki þreyta kapp við hann, en eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi bestar fengið um þetta mál, hygg jeg, að vel geti komið til mála að ráða bót á þessu eins og jeg hefi bent á, og er það líka í samræmi við álit landlæknis á málinu, og virðist mjer, að taka megi og beri tillit til hans till. um þetta mál.

Hv. frsm. (Þorst. J.) mintist á Eiðaskólann í þessu sambandi; kvað ekki efnilegt, að hann væri settur þar læknislaus. En eftir þeim upplýsingum, sem hefi fengið, er ekki nema 5—6 tíma ferð þaðan til læknisins á Brekku, og engar torfærur á þeirri leið. Þetta er að vísu löng leið, en við slíkt verða þó margir að búa. Hitt er rjett, að það er ilt, að sami læknirinn þjóni bæði Borgarfirði og hjeraðinu hinum megin fjallsins. En úr því er bætt, ef svo er farið að, sem jeg hefi lagt til.

Að endingu vil jeg geta þess, að hv. frsm. (Þorl. J.) fór ekki rjett með það, hve margt fólk væri í þessu fyrirhugaða Borgarfjarðarhjeraði; þar eru ekki full 500 manns.

Þorsteinn Jónsson: Mál þetta var hjer á ferðinni á þingi 1917. Jeg og hv. samþm. minn (J. J.) fluttum þá samskonar frv. En það fjekk þá lítinn byr, og var felt. Síðan virðist deildinni hafa snúist hugur, og er jeg henni þakklátur fyrir það.

Eins og hv. frsm. (J. J.) tók fram, getur ekki komið til mála, að Fljótsdalshjerað sje gert að einu læknishjeraði. Þó að því væri tviskift, yrði það samt sem áður með stærstu læknishjeruðum á landinu. Bygðin er nálega þrjár þingmannaleiðir á lengd, og er ekki ofsagt, að það sjeu þrjár venjulegar dagleiðir. Efri hluti þess klofnar sundur í fleiri dali með erfiðum fjallgörðum á milli. — Brekkuhjerað eitt er mjög stórt læknishjerað og erfitt yfirferðar. Það má ekki stærra vera. Það er alt rjett, sem hv. frsm. (Þorl. J.) sagði um Hróarstunguhjerað. Það er líka mjög erfitt yfirferðar. Eru þrjár stórár á leiðinni: Jökulsá á Dal, Lagarfljót og Selfljót.

Læknirinn á þessu svæði, væri Borgarfjörður fráskilinn, ætti að eiga sæti

í Hróarstungu. En nú er þannig ástatt, að þar á að verða prestssetur. Prestsetrið á Hjaltastað á að leggjast niður. Jeg tel nauðsynlegt að breyta þessu, ef frv. nær fram að ganga, þannig, að presturinn sitji áfram á Hjaltastað, en læknirinn í Hróarstungu. Það er satt hjá háttv. frsm. minni hl. (P. O.), að ekki eru nema kringum 500 manns í hinu fyrirhugaða Bakkahjeraði. En þessi sveit er svo afskekt og fráskilin öðrum sveitum, að það er mjög erfitt að vitja læknis annarsstaðar að. Það kemur ekki til mála að leggja það hjerað undir Seyðisfjörð. — Höfnin í Borgarfirði er svo vond, að oft er ekki hægt að lenda þar, og í mörgum tilfellum ómögulegt að fá mótorbáta þangað frá Seyðisfirði. Á milli Borgarfjarðar og Seyðisfjarðar eru tveir erfiðir fjallgarðar. Og Borgarfjarðarhreppur er margskiftur. Fyrst er Borgarfjörðurinn sjálfur, og auk þess eru 5—6 víkur, sem heyra til Borgarfirði, og hefir sú stærsta um 40 manns. Eins og nú er ástatt, er nærri ókleift fyrir talsverðan hluta Fljótsdalshjeraðs að ná í lækni. Það er ógerlegt fyrir sumar sveitir Hróarstunguhjeraðs að sækja lækni til Borgarfjarðar; þeir munu miklu fremur ráðast í að sækja lækni til Vopnafjarðar, t. d. Heiðamenn, sem næst búa Smjörvatnsheiðinni. Sá læknir, sem er á Vopnafirði, er að vísu ekki skyldur að gegna. Auk þess er yfir mjög erfiðan og snjóþungan fjallgarð að fara. En þar er nú duglegur læknir, sem oftast kemur, þegar hans er vitjað. Fyrir Útjökuldali er skemra til Brekku, og er þó yfir erfiðan fjallveg að fara.

Jeg vona, að hv. deild sýni sanngirni í þessu máli og samþ. till. meiri hluta allsherjarnefndar. Enda er það í samræmi við vilja þjóðarinnar, að læknaembættum sje fjölgað þar, sem þörf krefur. Þar finna menn best, hvar skórinn kreppir að. Mannslífið er dýrt nú á dögum. Og það er ekki lengi að borga sig, þó að einu hjeraði sje bætt við, ef það verður til þess að bjarga nokkrum mannslífum.

Jón Jónsson: Jeg get verið þakklátur hv. meiri hl. allsherjarnefndar fyrir meðferð hennar á þessu máli. Jeg hefi ekki miklu við að bæta hjá hv. frsm. (Þorl. J.). Jeg gat þess við 1. umr., að á aðalfundi sýslunefndar Norður-Múlasýslu í vor hefði verið með samhljóða atkv. skorað á þing og stjórn að stofna nýtt læknishjerað á Úthjeraði.

Með þeirri áskorun, sem samþ. var ágreiningslaust, er kveðin niður þessi till. hv. þm. Borgf. (P. O.), um að flytja lækninn að Brekku, niður í mitt hjeraðið, þar sem svo alment er óskað eftir sundurskiftingu Hróarstunguhjeraðs og sjerstökum lækni á Úthjerað. Þá er alveg útilokað samkomulag um að setja einn lækni í mitt hjeraðið. Þótt það hafi komið hjer fram á þingi áður, þá verður það að teljast óframkvæmanlegt, af því að hjeraðsbúar sjálfir álíta svo. — Það er því þýðingarlaust að tala frekar um þetta, nema þá til að reyna að spilla fyrir málinu. Hv. frsm. (Þorl. J.) hefir tekið það skýrt fram, hvílík sanngirni mæli með þessu, og eins hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.), svo að jeg þarf ekki að eyða mörgum orðum að því. Þó vildi jeg geta þess, að við fyrir austan gætum, með sama rjetti og aðrir, komið fram með till. inn í fjárlögin um hjálp handa hreppnum þar til að vitja læknis, ef þetta frv. verður felt. — En mjer mundi þykja leitt að fara þá leið, líka vegna þess, að með því móti er engan veginn bætt úr þörfinni. Það getur

staðið svo á, að læknishjálp komi um seinan, þó að fje væri veitt hreppum til að draga úr kostnaði. Það verður að leggja áhersluna á, að í lækni náist, þegar nauðsyn er fyrir hendi. Og jeg vil líka leyfa mjer að benda á, að ef þessir fimm hreppar, sem hjer eru svo illa sttir, kæmu allir inn í fjárlögin með styrk til að vitja læknis, segjum 300 kr. hver, þá væri með því eytt alt að helmingi læknislauna. Er viturlegra og gagnlegra að stofna læknisembætti, því að þá er bætt að fullu úr þörfinni, en það væri alls ekki með hinu mótinu.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þgskj. 527 tekin aftur.

Frvgr. samþ. með 14 : 5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 : 2 atkv.

Á 62. fundi í Nd., föstudaginn 12. sept., var frv. tekið til 3. u m r. (A. 56).

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hafði ætlað mjer að geta þess, að mjer finst athugavert að samþ. frv. þetta hjer í hv. deild. Það er þó ekki vegna þess, að jeg telji ekki, að ástæða geti verið að láta lækni fara i sveitina í Hróarstungu, heldur af því, að jeg álíţ það ekki gott að stofna mörg ný læknishjeruð á sama þinginu.

Jeg tel það varla fært að bæta við meira en einu á þessu þingi, þar sem vitanlegt er, að hvert nýtt læknishjerað fæðir af sjer kröfur um níu önnur.

Hjer hefir nú sama sem verið samþ. eitt, tvö hafa verið feld, og þrjú eru á leiðinni.

Og mjer finst það sjerstaklega athugavert að stofna nýtt hjerað í einum fámennum hreppi, eins og hjer er um að ræða. Árið 1910 voru þar 430 íbúar, en nú því sem næst 480, svo að fjölgunin hefir verið þar mjög lítil.

Jeg hygg, að rjettara væri að athuga skipun hjeraðanna, og færa til þar, sem hægt er, heldur en að fjölga þeim sí og æ.

En verði stofnað nýtt hjerað þar í Borgarfirðinum, þá hygg jeg, að ekki verði hægt að neita um það í Ólafsfirði, og hvernig ætti þá að neita um það í Hnappadalssýslu, og jafnvel í Kjalarneshreppi. Jeg hygg, að ekki verði hjá því komist að bæta þeim báðum við, svo framarlega sem þetta verður samþ.

Það er líka alveg satt, að það er langt fyrir menn ofan af Kjalarnesi eða úr Kjós að þurfa að sækja lækni sinn í Hafnarfjörð, og svona má lengi telja.

Jeg ímynda mjer líka, að ekki líði á löngu þangað til þeir heimta nýjan lækni á Suðurnesjum Reykjaness, því stundum getur verið erfitţ fyrir einn lækni að þjóna bæði Keflavík og Garði.

Björn R. Stefánsson: Maður finnur oft til þess, að ekki er dæmt af þekkingu um sum þau mál, sem fram koma hjer í hv. deild, og svo er um þetta mál. Því ef nokkursstaðar er þörf á að auka við hjeraðslækni, þá er það á þessum slóðum, sem hjer er um að ræða. Þetta hjerað snertir ekki mitt kjördæmi nema að sáralitlu leyti, svo það er ekki því til að dreifa, að jeg sje þess vegna með málinu. En jeg er hundkunnugur á þessu svæði, og þó jeg ekki geti borið brigður á, að einhver rök kunni að liggja til þess að bæta við nýju læknishjeraði í Hólshreppi og víðar, þá er ekkert hjerað á landinu, sem fremur á heimting á lækni en þetta hjerað. Því er svo varið um marga Úthjeraðs-

menn, að þeir mundu eiga hægra með að leita fjögra annara lækna en síns eigin. Og þar sem búið er að samþ. hjer í hv. deild að bæta við nýju læknishjeraði í Bolungarvík, þá veit jeg ekki, hvernig hv. þm. ætla að fara að verja það, ef þeir fella nú þetta frv.

Hjeraðið er fyrst og fremst afarvíðáttumikið, en auk víðáttunnar er það erfiðara umferðar en flest önnur. Snjóþyngsli eru þar afskapleg á vetrum og oft svo, að ómögulegt er að komast með hesta frá Borgarfirði og upp á Fljótsdalshjerað. Á Úthjeraði eru 4—500 manns, og eru þeir alveg útilokaðir frá að ná í lækni, þegar ekki er hægt að sækja til Borgarfjarðar. En mikinn part er umferðin svo milli Borgarfjarðar og Hjeraðs, að það er ekki hægt, eins og jeg hefi þegar tekið fram.

Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) gat um, að það væri alveg sjerstaklega ástatt um Hólshrepp, að þar væri oft ekki farandi eftir lækni, hvorki á sjó eða landi. En þar mun þó vera miklu oftar hægt að ná í lækni en þarna. Jeg vil því eindregið mæla með því, að frv. verði samþykt.

Frsm. meiri hl. (Þorleifur Jónsson): Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) þótti athugavert að samþ. þetta frv., og áleit ekki hægt að stofna mörg ný hjeruð á sama þingi. Alveg það sama vakti fyrir allsherjarnefnd. En hún varð þó að játa eftir nákvæma yfirvegun, að svo margt mælti með þessu frv., að ekki væri unt að vera á móti því. Og meiri hl. nefndarinnar taldi sig ekki geta annað en leggja það til, að Hróarstunguhjeraði yrði skift í tvö hjeruð. Svo miklar ástæður mæltu með skiftingunni, að hún yrði að ganga fram og það sem fyrst.

Hróarstunguhjerað er afarerfitt, og allskonar torfærur, bæði af fjöllum, vötnum og snjóþyngslum, gera það oft oft og einatt því nær ófært yfirferðar. Allsherjarnefnd áleit því, að nokkuð væri líkt á komið með það og Hólshrepp eða Bolungarvík fyrir vestan, og áleit þörfina mesta í þessum tveim hjeruðum. Jeg ímynda mjer, að Svarfdælahjerað með Ólafsfirði sje ekki nærri eins erfitt eins og þetta hjerað.

Það er alveg rjett hjá hæstv. forsætisráðh. (J. M.), að varhugavert sje að fjölga mikið læknishjeruðum nema að hjeraðaskipun sje öll endurskoðuð um leið. En þegar fram koma brennandi óskir frá þjóðinni um fjölgun lækna, þá er að búast við, að þingið verði að taka slíkar óskir til yfirvegunar. Allsherjarnefnd áleit, að þörfin væri brýnust í Hólshreppi og Hróarstunguhjeraði, og því mælti hún með því, að þeim hjeruðum væri skift, en ekki fleirum að þessu sinni. Hitt get jeg aftur á móti ekki skilið, að hættara sje við hrossakaupum hjer í þinginu í þessum málum en öðrum.

Þegar litið er á stærð Fljótsdalshjeraðs, þá ætti ekki að vera ofmikið, þótt það væri tvö læknishjeruð, með þeim dölum, sem út frá því skerast.

Þegar jeg því lít á alla málavöxtu, get jeg ekki annað en ráðið hv. deild til að samþ. frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. J., B. St., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. B., M. G., M. P., St. St.

nei: Þór. J., B. Sv., E. A., E. Árna., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. S., Ó. B.

Þrír þm. (B. K., J. M. og S. St.) fjarstaddir.

Frv. afgreitt til Ed.

Á 55. fundi í Ed., laugardaginn 13. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 798).

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 15. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Frv. þetta er komið frá hv. Nd., var þar í allsherjarnefnd, og legg jeg til, að það fari til sömu nefndar hjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 2004) með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Var frv. því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

C. Þingsályktunartillögur.

1. Rannsókn símaleiða [Árnessýsla].

Á 12. fundi í Nd., mánudaginn 21. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um rannsókn símaleiða og lagning símalínu um efri hluta Árnessýslu (A. 119).

Á 13. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. júlí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 14. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. júlí, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Jafnvel þó margt megi segja um þessa till. á þgskj. 119, þá ætla jeg að reyna að vera stuttorður.

Reglan hefir verið við lagning símaans sú, að fullnægja fyrst símaþörfinni í fjölmennum kauptúnum og kaupstöðum. Nú er svo komið, að þessu er náð. Og þá virðist næst að snúa sjer til bygðarlaga, sem eru fjölmenn og víðáttumikil. Einmitt þesskonar hjeruð eru uppsveitir Árnessýslu. Sýslan er með fólksflestu sýslum landsins, og um leið einhver sú víðáttumesta. Hún hefir til þessa farið að miklu leyti á mis við hagræði það, sem af símanum leiðir. Símalína liggur yfir hana þvera, þar sem hún er einna mjóst, og svo aukalínur þaðan niður í kaupt. Stokkseyri og Eyrarbakka. Einnig liggur lína upp að Kiðjabergi. Upphjeruðin, Biskupstungurnar, Grafningur, Skeiðin og Hrepparnir, eru þannig símalaus, og sama má einnig segja um Grímsnesið, því síminn er að eins á fremsta bænum í þeirri sveit. En hin fyrirhugaða símleið liggur um þessar sveitir.

Bæði landsstjórnin og símastjórinn hafa fyrir löngu gefið von um, að þessi lína yrði lögð sem allra fyrst. Það var meira að segja svo langt komið, að búið var að gefa fyrirheit um það, að byrjað yrði á verkinu í sumar. En það hefir farist fyrir. Það er ekki einu sinni farið að rannsaka leiðina. Í sambandi við þessa fyrirhuguðu línu gæti komið til tals, hvort önnur leið með símann upp í Hreppa yrði ekki hagkvæmari og ódýrari. Jeg á við þá leið, sem nefnd er í till., sem sje frá Þjórsártúni yfir Skeið og þaðan upp í Hreppa. Það þarf að rannsaka þessa leið samtímis og lögákveðna leiðin er athuguð. Það er mjög líklegt, að það yrði sparnaður að því að fara þessa leið. Það má benda á, að all-

ur flutningur mundi ódýrari, ef línunni yrði þannig skift í tvent. Án þess þó að fullyrða nokkuð um þetta, hvor leiðin mundi hentugri, þá finst mjer sjálfsagt, að hvorttveggja sje athugað.

Það þarf ekki að lýsa þörfinni, sem er á því, að sími verði lagður um Uppsveitir Árnessýslu, og það sem allra fyrst. Sveitirnar eru mannmargar og hafa mikil viðskifti. En það er langt að sækja í síma. Ef við miðum t. d. við það, að leita þurfi síma úr miðri Biskupstungnasveit að Kiðjabergi, þá tekur það 8 st. að fara þá leið. Svo þarf oft og einatt að bíða lengri eða skemri tíma á símastöðinni. Það tekur því dag eða meira að fara í síma. Viðskiftin eru mikil, bæði við Reykjavík og aðra staði, og er því þörfin á síma mjög mikil. Sama er að segja um, ef vitja þarf læknis, og má af þessu sjá, að símaleysið er meira en lítið óhagræði.

Við flm. þessarar till. leggjum áherslu á, að þessar báðar leiðir, sem till. ræðir um og jeg hefi minst á, verði rannsakaðar og það þegar er símastjóri kemur heim. Það verður að búa svo um, að hægt sje að byrja lagningu þegar á næsta sumri. Árnesingar hafa svo lengi verið hálfblektir á þessu máli, að nú er fyllilega kominn tími til að ráða bót á því.

Björn R. Stefánsson: Það er langt frá mjer að vilja leggja á móti þessu máli, eða vefengja nokkuð það, sem hv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefir sagt. En við vitum, að víða er þörf, og margt kallar að. Enn er eftir að leggja fjölda símalínur, sem nauðsynlegar eru. Jeg álít þess vegna heppilegast, að þessari umr. verði frestað og að málinu verði vísað til samgöngumálanefndar, svo að hún geti athugað það, ásamt öðrum samskonar till., sem fyrir liggja. Það var að vísu svo að heyra á hv. 1. þm. Árn. (S. S.), að hjer þyrfti að vinda bráðan bug að, en jeg get ekki sjeð, að þetta mundi tefja málið svo mikið. Jeg veit, að nefndin mundi vinna svo fljótt að málinu, sem unt væri. En jeg álít rjett að bera málið undir landssímastjórann, svo að hann, ásamt samgöngumálanefnd, athugi þessa þingsályktunartill., jafnframt öðrum samskonar till., sem fyrir liggja.

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Jeg efast ekki um það, að hv. 2. þm. S.-M. (B. St.) gangi gott eitt til með þessari athugasemd sinni. Hann vill, að málinu verði vísað til samgöngumálanefndar, og er hann þar vís til að greiða götu þess eftir mætti. En þó álít jeg till. hans óþarfa. Það er farið fram á í till. okkar, að leiðirnar sjeu rannsakaðar, og annað býst jeg ekki við að verði gert í málinu að þessu sinni. Við lögðum líka áherslu á, að málinu yrði hraðað sem mest. Þegar komið hafa fram svipaðar till. áður, eins og t. d. á síðasta þingi, þá hafa þær verið samþyktar orðalaust. Það er búið að ákveða símaleiðina með lögum, og þá liggur næst að rannsaka hana. Það er sjálfsagður hlutur, og þarf ekki frekar um það að ræða, og óþarfi að vísa málinu í nefnd.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Mjer er ekki kunnugt um, hvað rannsókn líður á þeim svæðum, þar sem búið er að lögskipa símalínur, en jeg veit að eins það, að landssímastjórinn hefir varið miklum tíma í þær rannsóknir. Annars er hægt að útvega skýrslu hjá honum um það, hvað hann hefir rannsakað, og benda honum á, að rannsókn-

in á þessu umrædda svæði þyrfti að fara fram.

Það hefir dregist að framkvæma svo margt á þessum dýrtíðarárum, sem þurft hefði að koma í verk. Það eru margar hindranir, sem hafa valdið því, að fleiri hliðarlínur hafa ekki verið lagðar. Aðalástæðan er sú, að strengirnir á aðallínunum eru of fáir, svo þær eru ofhlaðnar störfum. Það hefði því ekki verið rjett að hlaða á þær enn meir, með nýjum hliðarlínum. Auk þess hefðu þær línur ekki komið að fullu gagni. Fyrst verður því að fjölga strengjunum, en það hefir dregist, því aðalkostnaðurinn við símalagningu liggur einmitt í þeim.

Jeg álít það vel fallið að leita álits landssímastjórans á þessu máli og fara fram á við hann að rannsaka þær leiðir, sem þingið bendir honum á, og eins þær, sem hann hefir sjálfur hugsað sjer. Jeg skal ekki blanda mjer í það, í hvaða nefnd málið fer, eða hvort það fer í nokkra. Það læt jeg liggja milli hluta. En jeg vona, að málinu verði vel tekið, og í því er ekkert skilyrði, sem hlutaðeigendum ætti ekki að vera ljúft að uppfylla eins vel og þeir eru færir um.

Jörundur Brynjólfsson: Af því, að þessi till. á þgskj. 119 er komin hjer fram til samþ., þá ætla jeg að láta henni fylgja nokkur orð. Að vísu hefir hv. aðalflm. (S. S.) gefið nokkrar nauðsynl. upplýsingar, en jeg er kunnugur þeim staðháttum, sem hjer er um að ræða, og ætla þess vegna að bæta nokkrum upplýsingum við það, er hv. flm. (S. S.) sagði.

Hv. 2. þm. S.-M. (B. St.) drap á, að rjett mundi vera að leita álits landssímastjórans í þessu máli. Því hefi jeg ekkert á móti, en jeg tel hins vegar óvíst, að hann sje nægilega kunnugur þarna austur frá til að dæma um, hver nauðsyn er á að fá símalínu upp í Biskupstungur. Það nægir í því sambandi að benda á, hve lengi þessi lína hefir dregist, eins og hennar er þó brýn þörf. Jeg þekki varla svæði, sem er verra yfirferðar og erfiðara til allra samgangna og viðskifta en þetta. Jeg þykist tala hjer af nokkrum kunnugleik, því jeg á þarna heima. Þar eru eintómar vegleysur yfir að fara; ekki einn vegspotti, ár og vötn, og því nær hvergi brúað, en dagleið er til næstu símastöðvar. Þessi stöð er 3. flokks stöð, og kemur þess vegna að litlum notum fyrir þá, sem langt búa í burtu.

Jeg vil drepa á það, þeim mönnum til íhugunar, sem þessu máli verður skotið til, hvort ekki bæri að leggja símann alla leið upp að Geysi. Mjer virðist full ástæða til að athuga þetta. Geysir er staður, sem mjög er sóttur af ferðamönnum, og hygg jeg að eins Þingvelli fjölsóttari. Þeir, er fara til Gullfoss, fara flestir um hjá Geysi. — Það getur þess vegna verið spursmál, hvort ekki yrði sparnaður að þessu, hvort síminn þar gæfi ekki meira af sjer en kostnaðinum næmi. — Jeg vil skjóta því til hv. flm. (S. S.) að beita sjer fyrir því, að þessi leið verði rannsökuð. Það yrði til mikilla þæginda að fá þangað síma, og mjög líklegt, að það yrði einnig til tekjuauka, vegna ferðamannastraumsins. Auk þess er Geysir frægur staður, og er ekki vansalaust að sýna honum ekki meiri sóma en gert hefir verið. Við erum vanir að vera hreyknir yfir sögustöðum og þeim stöðum, sem eru frægir fyrir fegurð, en

það verður venjulega minna úr ræktarseminni þegar til verklegra framkvæmda kemur.

Björn R. Stefánsson: Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) efaðist um, að landssímastjórinn hefði nægа þekkingu til að geta skorið úr, hvar síma væri mest þörf. Þetta getur vel verið, og skal jeg ekkert þrátta um það, en þó veit jeg, að hann hefir varið miklum tíma því til athugunar. En ef þessu er nú samt þannig varið, þá sje jeg ekki betur en að hann hafi þess betra af að tala við samgöngumálan., til að auka kunnugleika sinn. Í þeirri nefnd sitja menn úr öllum landsfjórðungum, sem mundu geta gefið honum upplýsingar um það, sem hann kynni að vera ófróður um. (J. B.: Jeg var ekki að hafa á móti því).

Þá var svo að heyra á hv. þm. (J. B.), sem þörfin væri hvergi eins mikil. (J. B.: Það sagði jeg ekki). Svo var að minsta kosti að heyra á hv. þm. (J. B.). Jeg held, að þetta komi af því, að hann hefir nú lengi búið hjer í Reykjavík og vanist öllum þeim bestu nútíðartækjum, sem land okkar hefir að bjóða, en aldrei fundið, eða skilið, hvað það er að vera án þeirra, eins og ýmsir landshlutar hafa orðið að sætta sig við, fyr en nú, að hann sjálfur verður að sæta þeim kjörum, sem menn búa við þar.

Að málið þurfi að tefjast við það, að fara í nefnd, held jeg, að ekki komi til mála, því að það er nú upplýst — sem jeg ekki vissi áður — að landssímastjórinn er ekki í bænum nú, svo hann gerir ekkert í svipinn, hvort sem er, til þess að framkvæma það, sem till. fer fram á.

Jeg ætla að endingu að taka það enn einu sinni fram, að það er svo langt frá mjer að vilja tefja málið. Jeg álít það að eins nauðsynlegt, að menn tali sig saman, til þess að hægt verði að komast að sem bestri niðurstöðu. Jeg skal gera það, sem í mínu valdi stendur, til að flýta málinu, en jeg verð að halda fast við þá till. mína, að vísa málinu til samgöngumálanefndar.

ATKVGR.

Till. vísað til samgöngumálanefndar (sjá A. bls. 2008) með 14 : 1 atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki (sbr. A. 366). Var till. því ekki á dagskrá tekin framar og varð

ekki útrædd.

---

2. Rannsókn símaleiðar. [Barðastrandarsýsla].

Á 17. fundi í Nd., laugardaginn 26. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um rannsókn símaleiðar (A. 163).

Á 19. fundi í Nd., mánudaginn 28. júlí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 20. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. júlí, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Hákon Kristófersson): Jeg býst við, að þeir sjeu ekki margir hjer í hv deild, er þekkja til, hvernig landslag er á þeim stöðum, sem meint er með till. að leggja síma um; fyrir því vil jeg leyfa mjer, þar sem jeg er flm. þessarar till., að fara nokkrum orðum um, hvernig til hagar.

Eins og kunnugt er, liggur þessi hreppur nyrst í Barðastrandarsýslu. — Liggur hann út með Arnarfirði að vestanverðu. Eru þarna torfærur miklar, svo ekki er að eins örðugt að komast hreppa á milli, heldur er það jafnvel miklum örðugleikum bundið, sjerstaklega að vetrinum, að komast ferða sinna bæja á milli. Það er því ekki ófyrirsynju, að óskað er eftir, að sími verði lagður á þessum stöðvum. En eins og gefur að skilja, er það nauðsynjamál að rannsaka nákvæmlega, hvar best sje að sú lína liggi, og er því þessi till. fram komin, að undinn verði sem bráðastur bugur að slíkri rannsókn. Í till. er gert ráð fyrir, að síminn lægi frá Tálknafirði ofan í Hvestu í Dalahreppi og út í Selárdal. En hins vegar er engu slegið föstu um það, að hann mætti ekki alveg eins liggja frá Bíldudal, út svo nefndar Hvestufjörur. En að till. var orðuð svona, kemur af því, að þeir, sem best þekkja til vestur þar, telja það mjög vanhugsað að leggja símann frá Bíldudal vegna ýmsra torfæra. — Átti jeg tal um þetta efni við Forberg landssímastjóra, og heyrðist mjer á honum, að hann teldi ekki óhugsandi að leggja símann frá Bíldudal, og mundi jeg láta mjer það lynda, því aðalatriðið er, að síminn komi, og það sem allra fyrst. Hitt er auðvitað alveg á valdi símastjóra, hvort síminn verður lagður frá Bíldudal eða Tálknafirði. — Þetta finn jeg mjer skylt að taka fram, þar sem í till. er tekið fram, að hann eigi að leggjast frá Tálknafirði. Á því er brýn nauðsyn.

Í hreppum þessar eru miklar fiskiveiðar, og stunda menn þar róðra bæði vor og haust, og er þá oft mannmargt af aðkomumönnum. Lifa þessir hreppar mestmegnis á sjávarútvegi. Eins og gefur að skilja, þurfa bæði vermenn og útgerðarmenn að ná oft til síma, en hann er ekki nær en á Bíldudal. Er oft með öllu lítt framkvæmanlegt að ná t. d. frá Selárdal í síma á Bíldudal, því að það má varla heita fært yfirferðar að vetri til, nema í allra besta veðri, bæði sökum vegalengdar og ófærðar. Er því vaknaður mikill áhugi manna fyrir því, að fá síma um þessar slóðir, og mundu margir vilja leggja mikið á sig til þess að fá þessu máli hrundið fram.

Vona jeg því fastlega, að hv. deild taki þessari till. vel og samþ. hana óbreytta, því það getur ekki heldur haft neinn tilfinnanlegan kostnað í för með sjer.

Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hefir borið fram till., er að efni til fer nokkuð í sömu átt. Hefir hann óskað þess, að sú till. yrði sett í nefnd, en þar sem mín till. er öllu einfaldari og ekki hliðstæð, þá lít jeg svo á, að óþarft sje að vísa henni til nefndar; þó mun jeg ekki setja mig upp á móti því.

Jeg hefi átt tal við Forberg landssímastjóra, og hann tjáði mjer, að hann hefði ekkert á móti því, að rannsókn þessi færi fram svo fljótt, sem mögulegt væri. Með till. þessari er, eins og gefur að skilja, ekkert ákveðið, nær lína þessi yrði lögð; þó vil jeg taka það fram, að sjálfsagt teldi jeg, að það yrði

gert samhliða því, er sími yrði lagður um Barðastrandarsýslu, er í ráði mun vera að gert verði á árunum 1922 og 1923, í seinasta lagi.

ATKVGR.

Till. vísað til samgöngumálanefndar (sjá A. bls. 2008) með öllum gr. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki (sbr. A. 366). Till. var því ekki á dagskrá tekin framar og varð

ekki útrædd.

---

3. Rannsókn símaleiðar á Langanesi.

Á 17. fundi í Nd., laugardaginn 26. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um rannsókn símaleiðar á Langanesi (A. 169).

Á 19. fundi í Nd., mánudaginn 28. júlí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 20. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. júlí, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Benedikt Sveinsson): Jeg flyt þessa till. eftir ósk tveggja þingmálafunda, er háðir voru nyrðra í sumar. Var annar háður á Sauðanesi, en hinn að Skálum á Langanesi. Báðir töldu það mjög æskilegt, að hið hv. Alþingi ljeti rannsaka símleiðina milli Þórshafnar og Skála, og að landssjóður legði fje fram til rannsóknarinnar og síðar meir til þess að leggja símalínu milli þessara staða.

Þar sem mönnum hjer mun ekki vera kunnugt, hvernig hagar til þar norður á landshorni, vil jeg lýsa því nokkuð. Á síðari árum hefir risið upp á Skálum allmikið fiskiver. Eru þaðan gerðir út milli 30 og 40 bátar, og sækja þangað síðari hluta sumars um 200 vermenn. Þarna er mjög fiskisælt, og má því búast við, að verið stækki óðum. Til þess að gera mönnum skiljanlegt, að afli er þarna mikill, vil jeg geta þess, að síðastliðið sumar hafa þaðan verið flutt frá 1300—1600 skp. af þurrum fiski. Auk þessa kemur þarna fjöldi útlendra og innlendra skipa, og reka útlendingarnir, sem mest eru Færeyingar, allmikla verslun við landsmenn. Kaupa þeir ís og síld, en láta aftur landsmenn hafa lifur. Er það ekki lítill hagnaður, sem bæði útgerðarfjelög og einstaklingar hafa haft af þessum viðskiftum. En þar sem svona mikil útgerð er á þessum stað, er það augljóst, að mikill bagi er að því, að geta ekki stöðugt náð í síma. En nú sem stendur er hann hvergi nær en á Þórshöfn, og milli þessara tveggja staða eru 35 km., og vegur hinn torsóttasti mest af leiðinni.

En það er ekki fiskiverið eitt, sem mikinn hag hefði af þessum síma, heldur eru það útgerðarmenn um alla Austfjörðu og jafnvel víðar. Vantar þá oft síld, er fram á sumarið kemur; hafa þeir símasamband við Eyjafjörð og Siglufjörð, og verða því að ná síldinni þaðan, en það er bæði löng leið og erfið, enda kemur það iðulega fyrir, að beitan kemur of seint og er orðin forskemd eftir svo langan flutning.

Nú hagar svo til, að á Skálum er oft mikil síldargengd, er kemur fram í ágústmánuð; mundu allir Austfirðir sækja þangað síldina, ef þeir hefðu símasamband við verið, og gætu þannig vitað, er síldin væri komin. Væri það ekki lítið hagræði fyrir útgerðarmenn um alla Austfjörðu, þar sem vegalengdin er svo stórum minni en til Eyjafjarðar eða Siglufjarðar. Fyrir útgerðina á Skálum væri það mikill hagur að hafa einatt markað fyrir nýja síld.

Það er og eitt, er mikið mælir með því, að Skálar komist inn í símasambandið, hve sá staður liggur vel við til þess að athuga síldargöngur. Nú er það kunnugt, að oft er það miklum vandkvæðum bundið fyrir síldveiðaskip að hitta síldargöngur, og fer oft mikill tími til þess eins, að leita þeirra um sjóinn. Ef sími væri á Skálum, þyrftu útgerðarmenn á Eyjaf. og Sigluf. ekki annað en að síma þangað, og gætu þeir þá komist að fullri vissu um, hvort nokkuð þýddi að leita göngunnar þar eða ekki. Gæti því þeta orðið til feiknamikils hagsmunar fyrir allan síldarútveg á Norðurlandi, bæði Norðlendinga sjálfra og annara, sem þar stunda síldveiðar.

Enn fremur vil jeg benda á eitt atriði, sem gerir það mjög svo æskilegt, að sími komi að Skálum. Fyrir skipaferðir allar milli Norðurlands og Austfjarða er mikið undir, að hægt sje að vita með vissu, hvort ís liggi við Langanes eða ekki, en þar er hættast við ís með öllu landinu, næst Horni. Frá Þórshöfn er aftur örðugt að segja nokkuð um ísinn með vissu, því að hún liggur inni við fjarðarbotn, en ilt er að sjá til hafsins þegar ís er, því að þá eru oft þokur og dimmvirði.

Þá er það og stórkostur, að ekki er mikill kostnaður við að koma staurunum. Má flytja þá sjóveg að Þórshöfn og þaðan aftur sjóveg á fjóra lendingarstæði; er þá lítill kostnaður við að flytja þá á landi þann spöl, sem eftir er. —

Þetta mál kom fyrir fiskiþingið í vor, og var þar talið sjálfsagt, að síminn fengist. Sömuleiðis hefir verið talað við landssímastjórann um málið, og taldi hann þetta hið mesta nauðsynjamál.

Fyrir þinginu liggja nú ýmsar beiðnir um nýjar símalínur. Vil jeg gera það að till. minni, að þessu máli, sem öðrum líkum, verði vísað til samgöngumálanefndar og umr. frestað.

ATKVGR.

Till. vísað til samgöngumálanefndar (sjá A. bls. 2008) með öllum gr. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki. (sbr. A. 366). Var till. því ekki á dagskrá tekin framar og varð

ekki útrædd.

---

4. Fóðurbætiskaup.

Á 34. fundi í Nd., miðvikudaginn 13. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um fóðurbætiskaup (A. 346).

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 14. ágúst, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 15. ágúst, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Tillaga þessi er á þgskj. 346, og fer fram á það, að landsstjórnin annist kaup á fóðurbæti handa almenningi, einkum handa þeim hjeruðum, er harðast verða úti vegna óhagstæðrar veðráttu um heyskapartímann. Till. er fram komin vegna hinnar óhagstæðu veðráttu, sem nú er víða um land. Sjerstaklega hefir kveðið mikið að rosanum nú um skeið um Suðurland, alt austan frá Mýrdalssandi, og um Vesturland, vestur að Ísafjarðardjúpi. Kveður svo ramt að þessu, að víðast liggja töður enn á túnum óhirtar og stórskemdar. Útlitið er því hið óálitlegasta, hvað nýting á heyjum snertir, og fyrirsjáanlegt, að mikið af heyfeng manna verður stórhrakið.

Þegar svo fer, er venjulega úrræðið að reyna að bæta hið ljelega fóður með einhverskonar fóðurbæti; því fer till. fram á það, að stjórninni sje veitt heimild til að skerast nú í leikinn, og tryggja bændum fóðurbæti í þeim hjeruðum, sem harðast verða úti vegna óþurkanna. Fyrst og fremst er farið fram á þetta af því, að hugsanlegt er, að stjórnin geti sætt betri kaupum á fóðurbæti en einstaklingar, þar sem hún mun gera kaup sín í stórum stíl. Enn fremur er meiri trygging, að varan verði góð og ósvikin, ef stjórnin gengst fyrir kaupunum.

Í till. er nefnt, að kaupa skuli síld, og svo annan fóðurbæti, og er þar einkum átt við síldarmjöl. Þó er stjórninni að sjálfsögðu sett það í sjálfsvald, hvern fóðurbæti hún kaupi, þar sem fulltreysta má, að hún hagi sjer skynsamlega við kaupin og geri það besta í þessu efni. Það má búast við, að fóðursíld verði dýr í ár, og er lítt hægt við það að ráða. Sama er að segja um síldarmjöl. En af því, að gera má ráð fyrir, að framleiðsla af því verði mjög takmörkuð að þessu sinni, en það hins vegar eftirsótt vara, og það verið flutt mjög út að undanförnu, þá gæti komið til greina, að stjórnin bannaði útflutning á því. Að minsta kosti geri jeg ráð fyrir, að stjórnin grenslist eftir því, hve mikið muni verða til af síldarmjöli í ár, og hagi sjer svo þar eftir.

Síldarmjölsverksmiðjurnar á Siglufirði og í Krossanesi hafa hingað til flutt út mestalt síldarmjöl sitt, því að erlendis hefir verið mikil eftirspurn eftir því.

Í till. er gert ráð fyrir, að stjórninni verði heimilað nægilegt fje til að kaupa fóðurbæti fyrir, og þarf að bera þann lið till. undir fjárveitinganefnd. Að öðru leyti býst jeg við, að málinu verði vísað til landbúnaðarnefndar. En nauðsynlegt er, að málið gangi fljótt gegnum þingið, svo að stjórnin geti sem fyrst hafist handa og gert ráðstafanir til fóðurbætiskaupanna.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með öllum gr. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með öllum gr. atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 2009) með öllum gr. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Var till. því aldrei tekin til síðari umr. og varð

ekki útrædd.

5. Landsprentsmiðja.

Á 34. fundi í Nd., miðvikudaginn 13. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um prentsmiðju fyrir landið (A. 353).

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 14. ágúst, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar og varð

ekki útrædd.

---

6. Lán til Flóaáveitunnar.

Á 58. fundi í Nd., mánudaginn 8. sept., var útbýtt

Till. til þingsályktunar um lán til Flóaáveitunnar (A. 702).

Á 59. fundi í Nd., þriðjudaginn 9. sept., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., fimtudaginn 11. sept., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Tillaga þessi, um útvegun á láni til Flóaáveitunnar, er flutt eftir ósk hlutaðeigandi manna þar eystra.

Í febrúar í vetur var haldinn fundur í Flóaáveitufjelaginu og samþ. þar, að taka skyldi lán til framkvæmda áveituverkinu, alt að 1½ miljón króna. Var stjórn áveitufjelagsins falið að reyna að útvega þetta lán, með tilstyrk landsstjórnarnar og Landsbankans.

Áveitufjelagsstjórnin mun eitthvað hafa þreifað fyrir sjer um útvegun lánsins, og mælst til þess við landsstjórnina ,að hún væri sjer hjálpleg. — Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) mun hafa leitað eitthvað fyrir sjer um lánið í utanför sinni í vor, en árangurslaust. Honum þótti það fje of dýrt, er hann átti kost á í þessu skyni.

En við svo búið má eigi standa. Ábúendurnir á áveitusvæðinu telja sjer það tjón mikið, hvað lengi dregst að koma þessu verki í framkvæmd.

Fyrir því er till. flutt. Og það er von okkar flm., að stjórnin reyni alt, hvað hún getur, til að útvega umrætt lán.

Þess skal getið, að bankastjóri Landsbankans, L. Kaaber, er nú nýfarinn til útlanda í bankaerindum. Landsbankastjórnin hefir áhuga á þessu máli, framkvæmd Flóaáveitunnar. Jeg átti tal um þetta við L. Kaaber, áður en hann fór, og taldi hann sjer ljúft og skylt að reyna, með tilstyrk landsstjórnarinnar, að greiða fyrir útvegun láns til þessa fyrirtækis, ef auðið væri.

Vona jeg því, að landsstjórn og Landsbankastjórn takist það, að útvega þetta lán í vetur, eða svo fljótt, að unt verði að hefja þetta áveituverk strax á næsta vori.

Það má ekki dragast lengur.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal taka það fram, að jeg álít þessa till. óþarfa. Stjórninni er heimilað í Flóaáveitulögunum að veita lánið, eða taka

ábyrgð á því, og hafa framkvæmdir með höndum. Það er rjett, sem hv. flm. (S. S.) gat um, að jeg leitaði fyrir mjer um lán í síðustu utanför minni til þessa fyrirtækis, en áleit kjörin svo slæm, að rjettara væri að leita fyrir sjer um innanlandslán til fyrirtækisins. Jeg gerði þetta án tilmæla frá stjórn áveitufjelagsins; hún hefir ekki minst á þetta mál við mig fyr en eftir að jeg kom úr utanförinni. Jeg er ekki að segja þetta mjer til lofs, því þetta var sjálfsagt, en tek þetta að eins fram til að sýna, að stjórnin er vakandi í málinu, og till. því óþörf. Að öðru leyti er það þó sýnilegt, að það skiftir litlu máli, þó till. sje samþ.

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Það er rjett, að jeg hefi ekki mælt á móti því, að stjórnin hefir fulla heimild til allra framkvæmda um lántöku til Flóaáveitunnar. Og jeg get verið þakklátur hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) fyrir viðleitni hans í þessu máli. Jeg veit, að hann álítur það skyldu sína að gera alt í því, sem í hans valdi stendur. Jeg skal kannast við það, að það hefir ekki mikið að segja, hvort þessi till. er samþ. eða ekki, en þó ætti samþ. hennar heldur að flýta fyrir framkvæmd málsins.

Jeg get bent á það í sambandi við till., að nú hefir sú stjórn, sem hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) á sæti í, sagt af sjer, og er „alt í grænum sjó“ um það, hverjir skipi stjórn eftirleiðis. Till. er því ekki ónauðsynleg, því þó að þessi stjórn sje áhugasöm og öll af vilja gerð í málinu, þá er ekkert að vita, hvernig hin nýja stjórn reynist í því. Jeg vona þess vegna, að till. verði samþykt. Hún er aðhald fyrir væntanlega stjórn, og er á engan hátt móðgandi fyrir þá stjórn, sem nú situr.

Forsætisráðherra (J. M.): Þessi till. tekur að vísu ekki til mín, en þó vildi jeg fara nokkrum orðum um hana. — Lögin skipa svo fyrir, að landsstjórnin standi fyrir verkinu og gangist fyrir að útvega lán, og veiti það, ef til þess kemur. En þessi till. fer að eins fram á það, að landsstjórnin verði hjálpleg með að útvega lán, og losar hún þannig landið við að lána sjálft. Það er útlátalítið að leita hófanna um að fá lán, og þó að till. sje að mörgu leyti lítils verð, og jeg geti ekki mælt með henni þess vegna, þá mun jeg þó greiða henni atkv. mitt, vegna þess, að hún losar landið við þá kvöð, að veita lánið.

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Jeg ætla að lýsa því yfir, að þetta, sem hæstv. forsætisráðherra (J. M.) sagði nú, er bygt á algerðum misskilningi á till., eða það er útúrsnúningur hjá honum, eða annað verra. Till. losar landssjóð, eða stjórn, ekki við neinar skyldur, heldur herðir á stjórninni að uppfylla þær skyldur, sem lögin um Flóaáveituna leggja henni á herðar. Það er ekki vanþörf á að minna stjórnina á þetta með till., því satt að segja hefir hún verið furðu afskifta- og afrekalaus í málinu, nema þetta, að hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) leitaði eftir að fá lán í útlöndum til þessa umrædda verks, en árangurslaust.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal játa það, að jeg hefi ekki tekið eftir því, sem hæstv. forsætisráðh. (J. M.) benti á, en jeg sje, að það muni rjettur skilningur. Jeg er yfirleitt hlyntur öllu því, sem ljettir á landssjóði á þessum erfiðu tímum, og þar sem þessi brtt. fer í þá átt, eftir þessum ótvírætt rjetta skilningi hæstv. forsætisráðherra (J. M.), þá

á jeg erfitt með að mæla lengur gegn henni.

Benedikt Sveinsson: Jeg býst við, að flm. (S. S.) sje þetta málekkikappsmál, eftir þann skilning, sem hæstv. forsætisráðh. (J. M.) hefir lagt í till., og hv. deildarmenn virðast hafa aðhylst. Jeg held, að rjettara væri að taka till. aftur, enda er hún óþörf með öllu. Stjórnin hefir tekið málið í sínar hendur, og bankastjórnin er því hlynt. Hv. flm. (S. S.) kannaðist við það, að einn bankastjóranna væri í utanför, til að reyna að útvega lánið, og er þá broslegt, að farið sje að reka á eftir framkvæmdum, þegar alt virðist í fullum gangi. Einkum verður þessi tillaga óheppileg, ef sá skilningur verður ofan á, sem í hana var lagður áðan, en á því hefi jeg enga trú. Jeg held, að best væri, að málinu væri vísað til stjórnarinnar.

Einar Arnórsson: Jeg mælist til þess við hæstv. forseta, að málið verði tekið af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar og varð

ekki útrædd.

Fyrirspurnir.

1. Sýslumannsembættið í Árnessýslu.

Á 12. fundi í Nd., mánudaginn 21. júlí, var útbýtt

Fyrirspurn til landsstjórnarinnar um rekstur sýslumannsembættisins í Árnessýslu (A. 120).

Á 13. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. júlí, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skuli.

Fyrirspurnin leyfð með öllum greiddum atkv.

Á 23. fundi í Nd., föstudaginn 1. ágúst, var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að forsætisráðherra hafði tjáð sig búinn til að svara henni.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. ágúst, var fyrirspurnin aftur tekin á dagskrá.

Fyrirspyrjandi (Einar Arnórsson): Eins og kunnugt er, er það oft vani, og heimilt að lögum, að gera fyrirspurn til landsstjórnarinnar um þau mál, sem almenning varða. Önnur aðferð hefir líka verið höfð, sem sje að spyrja stjórnina svo nefndan „eldhúsdag". Þá aðferð tel jeg lakari, því að þá er stjórninni ekki gefinn neinn kostur á að undirbúa sig undir málin. Þessa aðferð tel jeg miklu kurteisari, því að með henni er stjórninni veitt tækifæri til þess að kynna sjer og undirbúa sig undir þau mál, sem um á að ræða. Hefi jeg því valið hana í þessu máli.

Eins og jeg mun síðar sýna fram á, hefir Árnesingum þótt misbrestur á því, hvernig sýslumannsembættið þar hefir verið rækt, og telja því ekki hafa verið gegnt eins og skyldi. Þetta má þó ekki skilja svo, að jeg eða þeir vilji segja, að þeir menn, sem farið hafa með embættið, hafi gegnt því ver en við var að búast, meðan þeir fóru með það, heldur telja þeir embættið hafa verið vanrækt með hinum tíðu mannaskiftum, og með því að láta sýsluna á stundum vera algerlega sýslumannslausa. Er von, að Árnesingar finni til þessa, þar sem þeir höfðu langan tíma búið við sama valdsmann, sem var mjög vinsæll af sýslubúum og hafði gegnt því embætti um mörg ár.

Eins og kunnugt er, var hr. Guðmundi Eggerz veitt Árnessýsla frá 1. júlí 1917. Ef jeg man rjett, tók hann ekki sjálfur við embættinu fyr en 1. ágúst sama ár.

Fjekk hann þann, er settur hafði verið þar á undan honum, til þess að þjóna embættinu þennan tíma. Er ekkert undarlegt við þetta, því nægar ástæður gátu verið fyrir hendi, svo að hann gæti ekki þegar tekið við embættinu. 1. ágúst tók svo hinn reglulega skipaði embættismaður við sýslunni, en þá mun hann hafa tekið sjer sumarleyfi og farið í kynnisför til fornra átthaga sinna. Meðan á því sumarleyfi stóð, var gamall hreppstjóri, mesti heiðursmaður í sinni grein, settur sýslumaður. Fóru þá að heyrast ýmsar raddir um það, að ilt væri að fá afgreidd ýms mál, er mikið lá á, því skjalasöfn sýslunnar lágu þá niður á Eyrarbakka. Var t. d. erfitt að fá veðbókarvottorð.

Þegar svo Guðmundur Eggerz kom úr sumarleyfinu, þjónaði hann embættinu í mánaðartíma, en var þá skipaður í fossanefndina. Fluttist hann þá búferlum hingað suður, og hefir ekki komið til sýslunnar síðan, því hann hefir ekki enn lokið þeim störfum.

Þegar sýslumaðurinn var skipaður í fossanefndina, segist hr. Páll Jónsson hafa leitað til hans og viljað fá samninga um það við hann, að vera settur sýslumaður meðan Guðmundur Eggerz væri að störfum í fossanefnd. En úr þessu varð þó ekki, því að þá hafði hann samið við hr. Boga Brynjólfsson um setninguna, og var hann settur til að gegna embættinu á eigin ábyrgð. Eins og mönnum mun kunnugt, er það vaninn, að sá, er settur er til að þjóna embætti í forföllum hins reglulega embættismanns, er settur á ábyrgð embættismannsins. Hr. Bogi Brynjólfsson þjónaði svo embættinu veturinn 1917—18 og fram til hausts 1918, að hann var skipaður sýslumaður í Húnavatnssýslu. Þá segist hr. Páll Jónsson hafa enn á ný farið til hr. Guðm. Eggerz og viljað fá starfa að gegna í Árnessýslu, og hafi það þá orðið að samningum með þeim, að Páll gerðist Guðmundar maður, og skyldi hann fá 2400 kr. árslaun. Skyldi hann vinna á sýsluskrifstofunni og vera settur annaðhvort á eigin ábyrgð eða á Guðmundar ábyrgð. Segist nú Páll Jónsson ekki hafa búist við öðru, og hvorugur þeirra, en að stjórnarráðið tæki það gilt, er gert væri, og setti sig til að þjóna embættinu, meðan sýslumanns misti við. Segir nú Páll Jónsson, að sýslumaður hafi farið þess á leit við stjórnarráðið, að hann yrði settur, en hæstv. dómsmálaráðherra (J. M.) hafi þá færst undan því. Vildi sýslumaður þá fá að vita orsakirnar, en fjekk enga fullnægjandi skýringu hjá hæstv. dómsmálaráðherra (J. M.). Hafi þá sýslumaður sent skriflega umsókn til stjórnarráðsins um, að Páll yrði settur. — „Hefir hann skýrt mjer," segir Páll, „svo frá, að dómsmálaráðherra hafi kveðið það sjálfsagt, að hann fengi slíka greinargerð." Þetta er nú skýrsla Páls Jónssonar, en ekki get jeg ábyrgst, hversu ábyggileg hún er. Segist Páll hafa farið sjálfur með brjefið til hæstv. dómsmálaráðherra (J. M.), en beint svar sje ekkert komið enn þá. Eftir að Bogi Brynjólfsson var farinn úr sýslunni, var það töluverðum erfiðleikum bundið að fá embættinu þjónað. Var enginn lögfræðingur settur til að byrja með, en úrslitin urðu þau, að Jón Einarsson, hreppstjóri í Mundakoti á Eyrarbakka, dugandi og ábyggilegur maður í sinni grein, var settur til að gegna embættinu, nema dómsmálunum. Jeg efast ekki um, að hann hafi gegnt því eins samviskusamlega og honum hefir verið frekast unt, en hann er ólögfróður maður, og því ekki starfinu fullkom-

lega vaxinn. Um þetta leyti voru aðrir settir til að gegna dómsmálunum. Var einn af aðstoðarmönnunum í stjórnarráðinu, Sigurður Lýðsson, sendur austur um haustið, til þess að þinga í málum, er lágu fyrir á Stokkseyri og dráttur hafði orðið á. Heyrði jeg því líka fleygt, að annar maður, Steindór Gunnlaugsson, cand. jur., hafi verið fenginn til að fara austur af hálfu stjórnarráðsins, en hann mun hafa snúið sjer að öðrum störfum. Er hjer var komið málunum, var á fjölmennum fundi á Eyrarbakka í okt. f. á. samþykt áskorun til stjórnarinnar um, að þessu yrði kipt í lag. Var áskorunin þess efnis, að stjórnin sæi um, að annaðhvort tæki hinn skipaði sýslumaður við embættinu og kæmi til sýslu sinnar, eða þá að hann segði embættinu lausu, svo að hægt væri að skipa annan, er gæti verið þar til frambúðar. Ekki var þessu sint, heldur þjónaði nefndur hreppstjóri embættinu fram í nóvemberlok. Í byrjun desember, segir Páll Jónsson, að Guðmundur Eggerz sýslumaður hafi beðið sig um að fara austur á Eyrarbakka, „þar sem málið væri nú komið í það horf, að jeg (þ. e. Páll) gæti byrjað á störfum á skrifstofu sýslunnar; kvað hann skipunarbrjef mjer til handa, í einhverri mynd, mundi verða undirritað næsta eða næstu daga". — Þetta er nú skýrsla Páls. Ber nú ekkert til tíðinda, og líður svo fram í miðjan mánuðinn. Þá segir Páll, að sýslumaður hafi skýrt sjer frá, „að styrfni nokkur og örðugleikar væru á því, að koma málinu í kring, en úr því mundi brátt rætast, og skyldi jeg bíða rólegur." Eru þessi orð tilfærð úr skýrslu Páls. Líður nú og bíður fram í janúarmánuð. Þá segir Páll, að sýslumaður hafi sagt sjer, að hann hefði gert samning við Magnús Gíslason, cand. jur., um að gegna embættinu nokkra mánuði, og skyldi hann vinna á skrifstofunni hjá honum. Er Magnús Gíslason hafi tekið við embættinu, segist Páll hafa snúið sjer til hans, en þá hafi hann sagt, að hann hefði sjeð sjer fyrir annari aðstoð á skrifstofunni, enda væri hann settur upp á eigin ábyrgð, eins og Bogi Brynjólfsson hafi verið, og hefði Guðmundur Eggerz engin afskifti af embættinu, meðan hann gegndi því. Er nú Páll eystra nokkurn tíma, og vill fá leiðrjetting mála sinna, en hann fær hana enga, og snýr hann þá aftur til Reykjavíkur.

Í þessari skýrslu Páls Jónssonar kennir margra grasa, og biður Páll bóta fyrir hrakninga sína. Mun fjárveitinganefnd hafa athugað skýrsluna, og er það hennar að gera till. um það, hvort Páll skuli fá bætur fyrir hrakning sinn, er hann telur haft hafa í för með sjer efnatjón.

Í lok aprílmánaðar vill svo Magnús Gíslason losna, og tilkynti hann því stjórnarráðinu og sýslumanni, að hann mundi ekki gegna embættinu lengur en til maíbyrjunar. Eftir því, sem Páll Jónsson segir, er þá helst í ráði, að sýslumaður taki sjálfur við því og fari austur. Er þá líka ákveðið, að Páll Jónsson skuli vinna á skrifstofu hans, og skuli hann vera fulltrúi Guðmundar. Segir Páll, að stjórnarráðið hafi þá tekið vel í málið, enda er þá gefin út löggilding til handa Páli, þar sem hann er löggiltur fulltrúi Guðmundar Eggerz, og skuli hann hafa heimild til að annast öll almenn störf embættisins. Er þetta var ákveðið, voru þeir hvorugir heima, forsætisráðherra (J. M.) nje fjármálaráðherra (S. E.). Nú sýnist alt vera komið í lag, er sýslumaður tekur

sjálfur við embættinu, eða hefir fulltrúa sinn, sem lokið hefir lagaprófi, til þess að þjóna því. En það fór nokkuð öðruvísi en á horfðist. Páll fór auðvitað austur, og var Magnús Gíslason þá að halda sýslufund, er Pál bar að garði, og ætlaði hann, að honum loknum, að sleppa embættinu, en Páll átti þá að taka við því fyrir hönd Guðmundar Eggerz, er var lasinn, þegar Páll lagði af stað, og treysti sjer ekki til að fara austur yfir fjall, því að veðrátta hafði verið slæm og vegir illir yfirferðar. — Að afloknum sýslufundi var í ráði að afhenda embættið í hendur Páli. En þegar til kastanna kom, hafði verið símað austur af stjórninni og Magnúsi Gíslasyni bannað að afhenda Páli plögg sýslunnar. Páll verður að fara aftur suður, en Þorsteinn Þorsteinsson, sem gegnir nú embættinu, var sendur austur. Þegar Páll var kominn suður, snýr hann sjer til stjórnarinnar, og hittir þar að máli dómsmálaráðherrann, sem þá var atvinnumálaráðh. (S. J.), því að hinn var þá erlendis. En Páll fjekk það svar hjá honum, að málið væri svo „juridiskt", að hann treystist ekki til að taka neina ákvörðun í því. Þá fer Páll til skrifstofustjóra á 1. skrifstofu, en hann vísaði honum einnig frá sjer og sagði honum að snúa sjer til Guðmundar Eggerz.

Þetta er nú saga málsins. Mönnum telst svo til, að samtals hafi 13 til 14 manns þjónað Árnessýslu þetta tímabil, og stundum tveir í einu; annar annast dómsmál, en hinn framkvæmdamál.

Það þarf nú naumast að lýsa því, hversu þetta ástand er óheppilegt og óviðunandi í alla staði. Það er óheppilegt, að dómsmálin dragist til baga, eins og hjer hlaut að vera. Hitt er þó öllu verra, að málefni, sem varða sýsluna sjerstaklega, geta ekki orðið í því lagi, sem þau þyrftu að vera, þar sem sýslumaðurinn, oddviti sýslunefndar, er ekki viðstaddur. Það er ekki við því að búast, að ólögfróður maður, eða ókunnugur lögfræðingur, sem hefir verið skamman tíma við embættið, og því haft ónógan tíma til að kynna sjer málin, geti annast þau að fullu gagni. Enda er ekki heldur við því að búast, að þeir hafi jafnmikinn áhuga á, að vel greiðist úr málunum, sem maður, er væri fastur í embættinu og kunnugur högum sýslunnar, jafnvel þó að þeir vilji allir vel, sem jeg dreg ekki í efa um þessa menn.

Jeg veit ekki, hversu það dregst lengi, að hinn reglulegi sýslumaður snýr aftur að embætti sínu. Jeg veit ekki heldur, hversu sá maður verður lengi við embættið, sem nú gegnir því. Það er ekki mikil fjeþúfa að vera við embættið svona um stundarsakir. Störfin eru mikil; hinn setti verður að leggja töluvert í kostnað, svo að þessi embættisvist verður honum fremur tap en gróði. Það er að minsta kosti sagt um einn hinna settu, að hann hafi skaðast um 500 krónur á embættisvistinni. Þegar hann kom að embættinu, var þar margt ógert. Hann gerði sjer far um að kippa þessu í lag, og varð að kaupa sjer aðstoð.

Sýslumaðurinn í Árnessýslu hefir verið vanur að þinga í síðari hluta maí og fyrri hluta júní. Nú hafa þinghöldin dregist fram undir lok júnímánaðar. Jeg segi þetta ekki til þess að ámæla þeim, sem nú annast sýslumannsembættið. Þessi dráttur er eðlilegur, því að þegar hann tók við embættinu í maí í vor, vantaði ýmsan nauðsynlegan undirbúning undir þinghöldin. Jeg býst við, að ekki sje auðvelt að neita því,

hversu slíkt ástand sem þetta er óheppilegt, hvort sem það á sjer stað í Árnessýslu eða annarsstaðar. Og jeg áleit rjett, að þetta kæmi til athugunar þingsins, þeim til íhugunar, sem nú fara með stjórnina, svo að ekki lenti aftur í sama farinu.

Jeg hefi nú lýst, hvernig rekstri embættisins hefir verið varið. Jeg hefi ekki enn spurt hæstv. stjórn um, hversu lengi verður haldið í sama horfið. Það má vel vera, að ekki skifti miklu máli, þó að dráttur verði á því, að Guðmundur Eggerz hverfi að embættinu, ef sá, sem nú annast það, verður í því framvegis. En nú óska jeg að fá upplýsingar um þetta hjá stjórninni.

Forsætisráðherra (J. M.): Þó að flestar þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið um þjónustu sýslumannsembættisins í Árnessýslu, hafi verið gerðar í fjarveru minni, hygg jeg, að jeg geti svarað fyrirspurn hv. þm. (E. A.).

Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefði getað rakið sögu þessa máls dálitlu lengra en hann gerði. Frá því, að Sigurður Ólafsson ljet af sýslumannsembættinu, var því þjónað af settum manni um ca. tveggja ára skeið. Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) kannast víst við það. Það er ekki svo að skilja, að þessi maður hafi ekki verið fullkomlega starfi sínu vaxinn og setning hans í alla staði forsvaranleg. Hann tók við embættinu 1. ágúst 1915 og þjónaði því til 1. ágúst 1917. Þá tók Guðmundur Eggerz við því, og þjónaði því þangað til í nóvember 1917. Jeg man ekki, hve nær hann var valinn í fossanefndina, en hann fjekk þá leyfi til að fara frá embættinu meðan á nefndarstörfum stæði. Þetta leyfi tel jeg og algerlega forsvaranlegt. Það er ekkert einsdæmi, að embættismaður fái leyfi til að hverfa um stund frá embætti sínu, þegar hann er valinn til mikilvægra starfa, og jeg býst við, að svo verði talið ástatt í þessu tilfelli. Það er ekki einsdæmi, að sá, sem settur er í stað hans, sje settur á eigin ábyrgð.

Frá því í nóvember 1917 og þangað til í september 1918 þjónaði Bogi Brynjólfsson embættinu. Að vísu var settur stutta stund á því tímabili mikilsverður hreppstjóri til þess að þjóna embættinu, sem hafði þjónað áður sýslumannsembætti, og býst jeg ekki við, að hv. þm. hafi neitt við þá setningu að athuga, því að það er algengt, að embættismenn sjeu settir í stað embættismanna, sem sæti eiga á Alþingi.

En þegar Bogi Brynjólfsson fór, leið nokkurt tímabil, sem jeg skal játa að sýslan hafði ekki eins góða þjónustu og verið hefði æskilegt. En það stafaði af því, að jeg áleit ekki rjett að fela þeim manni embættið, sem þá var í boði. Þessi maður var Páll Jónsson lögfræðingur. Jeg hafði að vísu ekkert á móti manninum sjálfum, en af því, að mjer var kunnugt um, frá því að jeg var bæjarfógeti, og reyndar síðar, að hann hafði tekið mikinn þátt í ýmsum málum innan sýslunnar, sem vöktu þar töluverðar óeirðir, þótti mjer ekki heppilegt að setja hann í embættið. Þá var farið að leita að hæfum manni, og var ekki völ á fleirum en tveimur. Annar þessara manna gat ekki tekið embættisþjónustuna að sjer, af því að hann var ráðinn hjá öðrum og gat ekki fengið sig lausan. En þá var ákveðið að fá Þorstein Þorsteinsson, sem þá var að sleppa þjónustu við Seyðisfjarðarkaupstað. Hann gaf kost á sjer, og var búist við, að hann gæti komið með Sterling um miðjan október. Það er þetta tímabil, frá því seint í september

fram í miðjan október, ef Þorsteinn Þorsteinsson hefði getað komið þá, sem segja má ef til vill um, að sýslan hafi ekki haft fullnægjandi þjónustu. En þetta tímabil þjónaði hreppstjóri sá, sem fyrirspyrjandi (E. A.) nefndi. En þó hygg jeg, að þjónustan hafi verið forsvaranleg, ekki lengri tíma. — Þorsteinn Þorsteinsson komst ekki suður fyr en 6. nóvember. Þá geisaði inflúensan hjer í bænum, og var Þorsteinn sjúkur af henni það, sem eftir var ársins.

Þetta tímabil var ekki völ á öðrum lögfræðingi en Páli Jónssyni til þess að þjóna sýslunni. Og það var í fullu samræmi við minn vilja, að hann var ekki settur. Á meðan þjónaði sýslunni Jón Einarsson hreppstjóri, til 1. janúar. Það var ófyrirsjáanlegt, að Þorsteinn Þorsteinsson yrði ófær til að þjóna síðustu mánuði ársins, vegna kvefpestarinnar. En síðan 1. janúar hefir sýslunni verið þjónað af mjög vel hæfum mönnum, sem jeg veit að Árnesingar hafa ekkert annað út á að setja, nema að þeir höfðu ekki veitingu fyrir embættinu.

Jeg læt þess vegna ósagt, hvort ástæða sje til að kvarta undan þjónustu Árnessýslu. Jeg hygg, að hún hafi altaf verið forsvaranleg, nema ef til vill frá því í september og þangað til 1. janúar. Það má vel vera, að afgreiðsla mála hafi ekki gengið svo fljótt sem skyldi á þessum tíma; en við því var ekki hægt að gera. Og síðan 1. janúar hefir embættisfærslan verið mjög góð. Sýslumaðurinn hefir sagt mjer, að öll mál, sem fyrir lágu, hafi verið afgreidd, þar á meðal eitt sakamál, sem nú er útkljáð, 2 lögreglumál, annað útkljáð, hinu frestað. Engin einkamál óútkljáð frá síðasta ári. Eitt sveitfestismál lá fyrir, og er nú undir úrskurði. Hins vegar eru skifti ef til vill ekki komin svo langt sem skyldi. Fyrir liggja skifti þriggja búa. Eitt þeirra er gamalt og ekki hægt að skifta því fyrst um sinn. En tvö eru ný.

Stundum hefir verið ver ástatt um embættisþjónustu einnar eða annarar sýslu, og stjórnin þó ekki sætt ávítum fyrir. Jeg veit ekki betur en að Árnesingar sjeu ánægðir með þjónustu Magnúsar Gíslasonar og Þorsteins Þorsteinssonar. En auðvitað er skiljanlegt, að þeir vilji fá mann, sem hefir veitingu fyrir sýslunni

Jeg finn ekki ástæðu til að greina frekar ástæður fyrir því, að jeg vildi ekki setja Pál Jónsson í embættið. Og jeg hygg, að jeg hafi svarað aðfinslum fyrirspyrjanda (E. A.) svo rækilega, að óþarft sje að fara frekar út í þá sálma. Jeg hefi heyrt sagt, að sendar hafi verið umkvartanir frá Páli Jónssyni út af því, að honum var neitað um setningu í sýsluna, en um það skal ekki talað frekar.

Hv. þm. (E. A.) sagði, að það væri óþægilegt að hafa setta menn við sýslumannsstörfin. Það má vel vera, sjerstaklega þegar svo stendur á, að sýslumaðurinn þarf að hafa stórmál með höndum. Eina stórmálið, sem verið hefir á döfinni í Árnessýslu, er áveitumálið. En því stjórnar sjerstök nefnd. — Önnur sjerstaklega vandasöm mál hafa ekki verið þar til meðferðar.

Þá kem jeg að þeim lið fyrirspurnarinnar, hversu þetta ástand eigi að vera lengi framvegis. Því hefi jeg að mestu leyti svarað í upphafi ræðu minnar. Jeg lít svo á, að sýslum. hafi fengið loforð um leyfi frá embættinu meðan fossanefndin starfar. Störfum hennar er ekki lokið enn þá, en þau verða sennilega til lykta leidd í þessum mánuði, og þá er þessi ráðstöfun úti. Sýslumaðurinn

varð nýlega veikur, fjekk blóðspýting á Kolviðarhóli og var fluttur til Hafnarfjarðar. En jeg vona, að hann fái bráðlega bata og lúki því, sem eftir er nefndarstarfanna.

Gísli Sveinsson: Af því, að jeg er meðflm. þessarar fyrirspurnar, þykir mjer hlýða að gera nokkra grein fyrir, hví jeg flyt fyrirspurnina með fulltrúum Árnessýslu, þótt hún komi mjer ekki beinlínis við, af því leyti, sem hún snertir ekki beint mitt kjördæmi.

Það er þá í fyrsta lagi af því, að jeg tel góð og gild rök fyrir mig, og aðra hv. þingdm., að spyrjast fyrir um mál þetta, því að þannig er því háttað, að það snertir í raun rjettri miklu fleiri en þá, sem nánast standa að því, og því full ástæða fyrir fleiri en þingm. kjördæmisins að láta það til sín taka. Jeg sje ekki heldur betur en að stjórnin viðurkenni, að ástæða sje til, að fyrirspurn þessi komi fram, eða svo skildist mjer á ræðu hæstv. forsætisráðherra (J. M.). Reyndar varpaði hann því fram í síðari hluta ræðu sinnar, að aldrei hefði verið ástæða fyrir Árnesinga að kvarta undan ráðstöfun sýslumannsembættisins þar; hvorki yfir mönnum þeim, sem settir hefðu verið til að þjóna sýslunni, nje yfir því ástandi, sem skapast hefði af því, hve margir hafa þjónað sýslunni undanfarin tvö ár; en að sjálfsögðu mun flestum öðrum en hæstv. forsætisráðherra sjálfum (J. M.) finnast hann taka þar helst til djúpt í árinni.

Menn muna, að það hefir ekki sjaldan komið til umræðu, bæði innan þings og utan, hvaða reglu ákjósanlegast sje að fylgt væri við embættaveitingar. Sjerstaklega hafa þessar spurningar gerst háværar, þegar menn hafa hnotið um embættaveitingar, sem kynlega hafa komið fyrir. Og það man jeg, að þegar Árnessýsla var veitt síðast, var spurt, hvort við þá veitingu hefði verið fylgt heppilegustu veitingarreglum, og margir efuðust um, að svo hefði verið; hvað sem annars liðið kann að hafa þeim strangasta embættisveitingaskilningi, sem stjórninni þykir líklega handhægast og vandaminst að fara eftir. Við veiting Árnessýslu mun stjórnin eingöngu hafa farið eftir því, að Guðm. Eggerz var elstur embættismaður þeirra, er um sýsluna sóttu. Sú regla, sem farið var eftir við veitingu þessa embættis, mun að vísu vera allgömul, en hún er alls ekki einhlít, ef vel á að fara; það þarf líka að taka tillit til undanfarinnar embættisfærslu manna, hæfileika þeirra og annara atvika. Jeg játa það, að við þetta eykst vandi og ábyrgð veitingarvaldsins; hitt er mun fyrirhafnarminna, að telja saman embættisárin, og þægilegra fyrir stjórn, sem taka vill sem minsta ábyrgð sjer á herðar að forminu til.

Jeg ætla mjer ekki að fara að dæma um hæfileika manns þess, sem hjer ræðir um; en það hafði komið í ljós, að hann hafði ekki treyst sjer til að þjóna embætti því, sem hann hafði haft á hendi áður en honum var veitt Árnessýsla, sökum heilsubrests og annars fleira; enda hafði hann sagt sig frá því.

Það má segja, að Suður-Múlasýsla sje amameira embætti en Árnessýsla, og það má reyna að rjettlæta veitinguna með því. Um það skal jeg ekki þrátta, en lofa öðrum að dæma um það. Hitt er víst, að stjórnin gekk fram hjá öðrum tveimur heilsuhraustum og vel hæfum umsækjendum, og þarf ekki að nefna nema annan, Magnús Jónsson, cand. jur & polit.; hann er borinn og

barnfæddur í Árnessýslu, hafði embættisreynslu frá Danmörku og góðan orðstír, og enginn mun hafa efast um, að hann væri fullvaxinn því, að þjóna Árnessýslu, svo að vel færi.

Jeg efast ekki um, að Árnessýslubúar hafi aldrei búist við, að Guðmundur Eggerz mundi verða sjer til mikillar upplyggingar, og eigi munu þeir hafa verið ginkeyptir fyrir að fá hann, þótt eigi væri af öðru en því, að hann hefði rjett nýlega sagt af sjer embætti, í nokkru flaustri, en líklega af því hann treysti sjer ekki til að þjóna því sökum vanheilsu.

Árnessýsla er eitt af þeim hjeruðum, sem líklegt er að eigi einna glæsilegasta framtíð fyrir höndum að undanteknum sumum sjávarplássum, sem vera má að stórum blómgist. Hjerað þetta hefir það til að bera frá hendi náttúrunnar, að fögur framtíð sýnist liggja þar opin fyrir. En hún kemur ekki sjálfkrafa. Það þarf framsýni og ötula forgöngu til að skapa hana. Það lá því í augum uppi, að í þessari sýslu var þörf á heilsuhraustum og ötulum sýslumanni; ekki eingöngu til að inna af hendi embættisstörf þau, sem landsstjórnin er fyrst og fremst vön að heimta af sýslumönnum sínum, svo sem að þeir skrifi brjef, dæmi dóma, skifti búum, úrskurði sveitarmál og annist öll almenn skrifstofustörf. Það eru önnur mál, sem stórum varða heill almennings, er á sýslumönnum hvílir að vera forgöngumenn fyrir. Þeir eru oddvitar sýslunefndanna og eiga því í broddi þeirra að beita sjer fyrir framfaramálum sýslunnar, og það skiftir miklu fyrir hjeruðin nú á dögum, að þessi hlið embættisrekstrarins sje rækt eigi síður en hin, og þó mun fáar eða engar sýslur varða það jafnmikils eins og Árnessýslu, einmitt þar, sem lagt hefir verið út í stórkostleg framfarafyrirtæki, og önnur enn stærri standa þar fyrir dyrum. Stjórninni hefði varla orðið reiknuð það stórsynd, þótt hún hefði haft þetta bak við eyrað við veiting sýslumannsembættisins í Árnessýslu.

Síðan Guðmundi Eggerz var veitt Árnessýsla, hefir hann lítt getað sýnt, hvort hann væri því vaxinn að vera höfuðsmaður í hjeraðsmálum sýslu sinnar. Landsstjórnin greip þar í taumana og svifti hann að mestu leyti tækifæri til að sýna sig. Án þess, að nokkur gæfi henni tilefni til, fjekk hún honum annað starf, sem eitt út af fyrir sig var ærið nóg fyrir hann; hún skipaði hann í hina margumræddu fossanefnd. Það hefir áður verið um það talað hjer á þingi, að það hafi verið misráðið og lítt forsvaranlegt að taka hann úr starffreku og vandasömu embætti og skipa hann í fossanefndina, sem fáir munu kannast við að hann hafi átt nokkurt erindi í. Sú ástæða var að vísu borin fram fyrir þessari skipun, að þurft hefði lögfræðing í nefndina. En hún hefir sýnt sig að vera hjegómi einn, því að fossanefndin hefir talið sjer nauðsynlegt að fá sjer til aðstoðar sjerstakan l ö g f r æ ð i n g, til að rannsaka þau atriði málsins, sem lögfræðislega sjerþekkingu þurfti til. Það var líka óforsvaranlegt að skipa mann þennan í nefndina af þeirri ástæðu, að það var vitanlegt, að hann var heilsuveill, og því ekki við að búast, að hann gæti unnið fulla vinnu í nefndinni.

Jeg þarf ekki að geta þess, hverja grunsemd það vakti, er maður þessi var skipaður í fossanefndina. Jeg ætla ekki að draga neina fjöður yfir það, enda hefi jeg getið þess áður, að með sjálf-

um mjer var jeg í engum vafa um það, og svo mun hafa verið um marga fleiri, að skyldleiki við einn hluta landsstjórnarinnar hafi átt þátt í þessari skipun. (S. E.: Þarna er þá hv. þm. (G. Sv.) kominn að kjarnanum). O—nei, það var bara aukasetning og má gjarnan setja hana innan sviga, ef hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) er nokkur hugfróun að því. Við skulum þá setja sem svo, að hæstv. stjórn hafi verið svo sannfærð um, að sýslumaður Árnesinga væri svo vel fallinn til að taka sæti í fossanefndinni, að hún hafi fyrir því skipað hann í hana, þrátt fyrir allan stjórnarskyldleik, og þrátt fyrir það, þótt hann mætti eigi vel missast úr sýslunni, væri hann á annað borð fær um að gegna henni. En þessar vonir stjórnarinnar hafa því miður ekki ræst.

Slíkar grunsemdir sem þessar geta jafnan komið fram, þegar mönnum finst stjórnin hlaða undir gæðinga sína, og þær haldast við, meðan ekki koma skýrar ástæður fram fyrir hinu gagnstæða.

Háttv. frsm. (E. A.) skýrði í framsöguræðu sinni frá því, hve margir hefðu þjónað Árnessýslu á þeim 2 árum, meðan sýslumaðurinn þar hefir setið í fossanefndinni, og taldist honum til, að þeir mundu þegar orðnir 13—14, og stundum hefir fleiri en einn í senn haft embættið á hendi. Flestir aðrir en má ske landsstjórnin munu geta skilið, að þótt embættinu hefði verið vel þjónað, en á því er vafi, hvort svo hafi jafnan verið, flestir munu geta skilið, segi jeg, að full ástæða sje til, að kvartað sje yfir öllum þessum glundroða. Í fyrsta lagi er ástæða til að kvarta yfir því, að stjórnin skyldi ekki gefa Guðmundi Eggerz kost á að reyna sig í embættinu, fyrst hún á annað borð skipaði hann í það, og lofa honum að sýna, hvort hann dygði í því; og í öðru lagi er ástæða til að kvarta yfir því, að stjórnin skyldi ekki, þegar hún tók það í mál að skipa hann í fossanefndina, gera það að beinu skilyrði, að hann fengi í sinn stað ábyggilegan mann til að þjóna sýslumannsembættinu allan tímann, sem hann sæti í nefndinni. Það liggur í hlutarins eðli, að þegar á annan tug manna hafa þjónað sýslumannsembættinu á ekki fullum tveim árum, þá hlýtur eitthvað að hafa farið þar í vanrækslu, enda hafa háværar og rökstuddar raddir heyrst um, að svo hafi verið. Kvartanir hafa komið fram um, að sum embættisverk hafi verið vanrækt, það hefir verið kvartað yfir, að sjálfur hinn setti sýslumaður hafi stundum ekki haft aðgang að embættisskjölum sýslunnar, þau hafi verið lokuð niður fyrir honum, einnig að skrifstofan hafi verið á öðrum stað en sýslumaðurinn o. s. frv. Það hefir kveðið svo ramt að, að ekki hefir verið hægt að fá jafneinföld mál afgreidd sem það, að fá veðbókarvottorð útskrifuð úr bókum sýslunnar. Það mætti þó ekki minna vera en að á skamri stund væri hægt að fá vitneskju um það, hvort veðbönd hvíla á jörð eða húsi eða ekki, og það má geta nærri, hvernig það kemur sjer í sýslu, þar sem viðskiftalíf er þó jafnmargbreytt og í Árnessýslu, að verða að bíða von úr viti eftir slíkum vottorðum.

Nei, það er ekki einungis hvað sjálf embættisverkin snertir, að þetta ástand, eða öllu heldur óstand, hefir reynst harla óheppilegt. Í sýslunni hafa ýms stórmál verið uppi, og sum þeirra allmikil sundrungarmál, en engin föst stjórn hefir verið á þeim. Hinir settu sýslumenn sumir hafa hlotið að

vera allókunnugir málunum og einn farið í þessa áttina, annar í hina, og það má segja, að enginn hafi verið til að stjórna og miðla málum, ef með hefir þurft, því að vantað hefir skýra þekkingu á málunum, og eins og eðlilegt er, fullan áhuga á að gerkynna sjer þau og vinna að þeim, þegar altaf vofði yfir höfði að verða að yfirgefa alt saman innan skamms, og oft þegar minst vonum varði. Þegar þetta ástand er borið saman við ástandið í sýslunni tvö næstu árin áður en Guðmundur Eggerz tók við henni, eins og hæstv. forsætisráðh. (J. M.) virtist vilja gera, þá er talsverður munur á því, og varla annað sambærilegt en að á báðum þeim tímabilum hafa settir sýslumenn þjónað sýslunni um tvö ár, og enginn fastskipaður embættismaður stjórnað henni. En sá var hinn mikli munur, að á fyrra tveggja ára tímabilinu var einn og hinn sami maður allan tímann þar sýslumaður, og reyndist vel til starfans hæfur, enda var hann borinn og barnfæddur þar í sýslu og öllu nákunnugur, og þótt ungur væri, má fullyrða, að hann hafi reynst fult eins vel eins og ef einhver ókunnugur maður eldri hefði verið sendur þangað. Þessi ráðstöfun má því teljast heppileg, eins og hæstv. forsætisráðh. (J. M.) líka játaði, og með öllu ósambærileg við hina síðari eða öllu heldur hinar síðari ráðstafanir á embættinu. Ofan á alt annað bætast svo ýms viðskifti embættismanns þess, sem hjer ræðir um, sem miður geðfelt er að þurfa að minnast á; en hjá því verður þó ekki komist. Þannig mæltist Guðm. Eggerz til þess, að ákveðinn maður gegndi sýslunni fyrir sína hönd, en landsstjórnin fjellst ekki á það; og eftir skýrslu manns þess, sem sýslunni átti að gegna, hefir stjórnin ekki fengist til þess að gefa upp nokkur rök fyrir neitun sinni, hvorki honum nje Guðmundi Eggerz.

Eftir ræðu hæstv. forsætisráðh. (J. M.) á neitunin að hafa verið bygð á því, að maður þessi hafi verið riðinn við óeirðamál í sýslunni, og því hafi þótt óráðlegt að senda hann sem yfirvald þangað. Jeg skal ekki dæma um það, á hve miklum rökum þessi ástæða kann að vera bygð, en maðurinn segist ekki einu sinni hafa fengið þessa skýringu En jeg spyr: Hví gefur stjórnin ekki þegar í stað hlutaðeigendum fullar skýringar um það, á hverju hún byggi neitun sína? Og hví kemur hún ekki hreinlega til dyranna Menn eiga heimting á því, þegar svo stendur á sem hjer, og landsstjórninni er það skylt að koma hreint til dyra og vera ekki með neinar vöflur eða vífilengjur, heldur koma með hæfilegar og ótvíræðar skýringar; og þótt slíkt hafi ekki jafnan alþjóðlega þýðingu, þá er það að jafnaði þýðingarmikið fyrir málsaðilja sjálfa að fá að vita hið sanna. Svo framarlega, sem skýrsla hlutaðeigandi manns er sönn um það, að hann hafi engin fullnægjandi svör getað fengið hjá landsstjórninni nje starfsmönnum hennar í stjórnarráðinu, heldur hver vísað frá sjer, þá er það mjög óviðfeldið og lítil afsökun fyrir hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.), að hann kvaðst eigi kunnugur málavöxtum, þegar málið var borið undir hann í fjarveru forsætisráðh., því að þeir væru svo „juridiskir“. Það lá ofurbeint við, að hann reyndi að kynna sjer þá. Jeg spyr enn: Sæmir það einni landsstjórn að fara þannig undan í flæmingi, í stað þess að gefa góð og gild svör?

Eitt kemur enn fyrir í þessu máli, sem er undarlegt. Að lokum var maður

sá, sem um hefir verið rætt, þrátt fyrir alt, löggiltur af stjórninni til að vera fulltrúi Guðmundar Eggerz í Árnessýslu; en sú löggilding var því nær jafnharðan kölluð aftur. Það er full ástæða til að spyrja að, hvernig á þessu stóð; því að ef ekki væri hægt að taka manninn, eftir beiðni Guðmundar Eggerz, gildan sem settan sýslumann í Árnessýslu, af ástæðum þeim, sem hæstv. forsætisráðh. (J. M.) tilgreindi, þá sýnist það liggja í augum uppi, að stjórnarráðið hefði ekki heldur átt að geta tekið hann gildan sem fulltrúa sýslum. þar í sýslu. (**Atvinnumálaráðh.**: Því skal svarað). Jeg efast ekki um, að hv. atvinnumálaráðh. (S. J.) telji sjer skylt að svara til þessa, þar sem hann fjallaði um málið sem dómsmálaráðherra.

Að öðru leyti býst jeg við, að hvorki hæstv. stjórn nje aðrir gangi þess nú duldir, að full ástæða var til þess, að fyrirspurn þessi kæmi fram, og telji hana á fullum rökum bygða, bæði frá sjónarmiði Árnesinga og allra annara, sem áhuga hafa á, að þjóðmál og landsstjórn sje í sæmilegu lagi.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vil bæta því við, sem jeg gleymdi að minnast á áðan, nefnilega hvernig á stóð með löggilding cand. jur. Páls Jónssonar. Jeg var að vísu fjarverandi þá, en veit þó, að því var þannig háttað, að 24. apríl tilkynti Guðmundur Eggerz stjórninni, að hann ætlaði að taka við embættinu um næstu mánaðamót, og jafnframt að hann hefði ráðið Pál Jónsson sjer til aðstoðar á skrifstofu sína næsta ár; óskaði hann að fá Pál löggiltan fulltrúa sinn. Á þessu var það bygt, að löggildingin var veitt; það var gert með það fyrir augum, að Guðmundur Eggerz mundi þegar taka við sýslunni, en þegar það reyndist svo, að hann mundi ekki eins bráðlega hafa lokið fossanefndarstörfum og við var búist, þá var löggildingin afturkölluð. Þetta er svo einfalt mál, að lengra sýnist ekki þurfa að fara út í það. Jeg býst við, að hv. fyrirspyrjandi (E. A.) þurfi að segja eitthvað fleira áður en lýkur, og ætla jeg því ekki að tala fleira um málið, fyr en jeg heyri hvað hann segir.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) hefir rjettilega tekið fram ástæður fyrir því, sem skrifað stendur í fyrsta kap. píslarsögu þeirrar, sem nú er verið að ræða um. Það er rjett, að jeg sá enga ástæðu til að verða ekki við þeirri ósk Guðmundar Eggerz, að Páll Jónsson væri löggiltur fulltrúi hans í Árnessýslu, það er að segja eins og ósk þessi kom fram í fyrstu, þar sem hann hefir tekið lögfræðispróf og auk þess staðið á skrá sem umsækjandi um embætti hjer. Í viðtali við Guðmund Eggerz, þar sem við var staddur skrifstofustjóri dómsmálaskrifstofunnar, var gengið að því sem vísu, að Guðmundur Eggerz tæki sjálfur við embættisskjölum öllum af Magnúsi Gíslasyni og mætti á aðalfundi sýslunefndarinnar. Enn fremur var svo til ætlast, að það væri að eins smærri mál, sem þessi fulltrúi hefði um að fjalla. Nú hefir því verið skotið fram, af háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), að þessa daga hafi Guðmundur Eggerz verið lasinn. (**E. A.**: Páll Jónsson segir svo frá). Það er og rjett, eða svo hefir Guðmundur Eggerz sagt mjer. Hann kemur einn dag upp í dómsmáladeildina til mín, og er þá skrifstofustjóri þar viðstaddur. Við látum í ljós, að við viljum ekki, að neinn annar taki við skjölunum en hann. Hann kvaðst þá

vera lasinn. En þá stingum við upp á því, til málamiðlunar, að hann fari austur, þegar hann sje orðinn friskur, og taki við af Magnúsi Gíslasyni. En þetta neitar hann að gera. Þar með var fallin burtu „forudsætningin“ fyrir löggildingu Páls sem fulltrúa, og var auðsjeð, að ætlast var til, að Páll gegndi embættinu á eigin ábyrgð.

Hann mæltist til þess, Guðmundur Eggerz, að Páll væri látinn óáreittur af hálfu stjórnarinnar.

Svona liggur í máli þessu. Stjórnarráðið hafði ekkert út á manninn að setja, en þegar ekki var fullnægt skilyrði því, sem sett var, þá var formlega rjett að afturkalla fulltrúaumboðið.

Jeg sje því ekki, að hjer sje um mikið að vjela, hvort heldur formlega eða efnislega sjeð, þar sem sá maður, sem stjórnarráðið útvegaði og sendi austur eftir þetta, hefir að allra dómi reynst mjög vel. Jeg hefi sjálfur nýlega verið eystra, og heyrði honum hvarvetna borið besta orð.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg ætlaði að bíða eftir hv. fyrirspyrjanda (E. A.). En þar sem hann hefir ekki enn tekið til máls, býst jeg við, að það, sem jeg segi hjer eftir, verði tvískift. Jeg verð sem sje að svara hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) nokkrum orðum.

Jeg talaði ekkert um það, hvort ástæða hafi verið til þessarar fyrirspurnar eða ekki, og sýnist ekki ástæða til að deila um það. Ekki get jeg heldur neitt að því fundið, þótt hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hafi ritað undir þessa fyrirspurn, þótt þess hefði auðvitað ekki þurft. En jeg hafði ekki gáð að því í fyrstu, að hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) var á fyrirspurninni. En einn hv. þm. benti mjer á þetta og gat þess um leið, að það væri víst meiningin, að hv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefði framsöguna, en hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) skammaði stjórnina. (E. A.: Hver sagði það?) Óþarft að nefna þm. Jeg get ekki sagt orð hans nákvæmlega, en á þessa leið sagði hann mjer söguna.

En hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) blandaði hjer inn í umr. máli, sem er dálítið óskylt, en það er spurningin um þær reglur, sem stjórnin fylgir við embættaveitingar. Jeg fyrir mitt leyti hefi fylgt þeirri reglu, að láta embættisaldur ráða, þar sem um embættismenn er að ræða, og kandidataaldur, með dálitlu tilliti til prófseinkunnar, þar, sem um þá menn er að ræða, sem ekki hafa verið í embætti. Þeirri reglu veit jeg ekki betur en að fylgt hafi verið undanfarið, og jeg hefi fylgt henni líka. Þessi regla er þó ekki, og hefir aldrei verið, án undantekninga. Þannig hafa menn, er starfað hafa í stjórnarráðinu, einatt haft nokkurn forgangsrjett, og um veitingar læknishjeraða hafa ráðið till. landlæknis. Auðvitað hefir þessi regla ekki heldur verið látin gilda um æðstu embættin. Hvað annars snertir þann embættismann, sem hjer er um að tala, þá finst mjer hann, að þessu leyti, ófyrirsynju dreginn inn í umr. Hann hafði að vísu einhvern tíma sagt lausu embætti sínu, en sú laussögn hafði verið tekin aftur, svo að hún mátti skoðast sem burtu fallin. Að öðru leyti er til um embættisfærslu þessa manns dómur, eftir eftirlitsmann stjórnarinnar, og eftir honum að dæma, er embættisferill hans góður. Var því ekki ásæða til annars en að láta embættisaldur ráða í þessu tilfelli. Um hitt atriðið, að hann var tekinn í fossanefndina, skal jeg ekki deila. Það kemur ekki þessu máli við. Það, sem okkur varðar hjer, er það,

að þegar maðurinn var tekinn frá embættinu, var annar settur í staðin.

Það hefir verið talað um, að embættinu hafi þjónað á annan tug manna. Aðallega munu hafa þjónað því þrír kandídatar, meðan embættismaðurinn var burtu, og einn hreppstjóri fyrst, örstuttan tíma, og annar síðar, lengri tíma að vísu. Þetta er sannleikur. Hitt tel jeg þingmönnum ósamboðið, að koma með þessar tölur, 13 eða 14, sem þeir geta ekki sannað. Það mætti sjálfsagt tala um, hvernig fleiri embættum er þjónað, ef farið er að mæla með þeim kvarða. Að undanteknum 3 mánuðum eða svo hefir sýslunni verið þjónað af þrem fullgildum lögfræðingum í þessi 2 ár. Má vera, að skrifari sýslumanns hafi þjónað embættinu í stuttri fjarveru sýslumanns annars. Það hefir þráfaldlega komið fyrir á sumrum, er embættismaðurinn tekur sjer sumarleyfi. Ef ekki er meiningin að finna að þessu, finst mjer rangt að nefna slíkt og annað eins.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) var að tala um sundrungarmálin. Jeg veit, að háttv. þm. (G. Sv.) þekkir vel til þess og veit, að þau gerðust aðallega á undan þeim tíma, sem hjer er um að ræða, og hefir tiltölulega lítið á þeim borið síðan. Það er alveg rjett, og jeg segi það eins og jeg meina, að það var fullkomlega rjettmæt og forsvaranleg ráðstöfun, að fenginn var sá góði maður, sem embættinu þjónaði 1915—17. En hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) segir, að hann hafi verið sama sem fastur maður. En það er sannleikur, að svo var ekki, og hv. þm. (G. Sv.) veit það, að hann var ekki fastur.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) var að leggja áherslu á það atriði, hvort embættismaðurinn er borinn og barnfæddur í sýslunni eða ekki. Það verð jeg að telja mjög lítilsvert, því vitanlega getur það aldrei orðið neinn mælikvarði. Og jeg þekki ekki, að hægt sje að fara eftir því.

Mjer þætti fjaska gaman að vita, og vildi spyrja hv. fyrirspyrj. (E. A.), og skora á hann að svara því, hvort það sje meiningin að finna að því, að Páll Jónsson var ekki settur til að þjóna embættinu. Hann er auðvitað ekki skyldugur til að svara, því að jeg hefi ekki leyfi til að bera upp fyrirspurnir fyrir hv. þm., en mjer þætti mjög gaman að vita þetta. Mjer fanst og hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) koma mjög nærri því, að finna að því, að það var ekki gert. Að vísu höfðu þeir Guðmundur Eggerz og Páll Jónsson engan rjett á að krefjast svars af mjer. En jeg sagði þeim báðum saman afdráttarlaust, er þeir töluðu við mig, að jeg vildi ekki setja Pál í þá sýslu, og ástæðuna. Það er misminni, að jeg hafi lofað skriflegu svari. Jeg hygg ekki, að jeg sje skyldugur til að gera skriflega grein fyrir því, hvers vegna jeg vildi ekki setja þennan ákveðna mann til að þjóna embættinu. Stjórn mun yfirleitt ekki þurfa að gefa ástæður fyrir, hvers vegna hún veitir ekki embætti eða setningu. En jeg hefi sagt þessum mönnum báðum, í viðtali, að jeg gæti ekki að svo vöxnu máli álitið rjett að setja Pál Jónsson. Jeg bjóst ekki við að þurfa að segja fleira um þetta. En ef hv. þm. Árn. (S. S. og E. A.) gefa ástæðu til að ætla, að Árnesingum hafi mislíkað, að þetta var ekki gert, verð jeg auðvitað að svara því frekar.

Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) spurði, hvort von væri til, að sá, sem nú þjónar sýslu-

mannsembættinu, hjeldi því áfram. Jeg get svarað því, að jeg hefi fulla ástæðu til að vona það.

Mun jeg svo ekki segja fleira, en bíða frekari tilefnis af hálfu fyrirspyrjanda.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er í raun og veru ekki langt mál, sem jeg hefi að flytja.

Það var hv. fyrirspyrjandi (E. A.), sem furðaði sig dálitið á því, að þegar Bogi Brynjólfsson var settur sýslumaður í Árnessýslu, þá var hann settur á eigin ábyrgð. Jeg minnist á þetta af því, að svo stóð á, að jeg fór þá með dómsmálaráðherraembættið. Sýslumaðurinn, Guðm. Eggerz, bað mig að setja hann á eigin ábyrgð. Jeg sá ekkert því til fyrirstöðu. Viðkomandi maður var gamall lögfræðingur, og fjárhagslega vel stæður. Þá var spurt, hvort til þessa væri nokkurt fordæmi. Jeg man ekki betur en að þegar jeg var settur bæjarfógeti í Reykjavík, og núverandi sýslumaður Skagfirðinga var settur sýslumaður í minn stað í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, þá væri það á eigin ábyrgð. Þar er áreiðanlega fordæmið.

Önnur voru afskifti mín ekki af þessu máli, nema þegar jeg fór með dómsmálaráðherraembættið í fjarveru forsætisráðherra (J. M.), þá kom Guðm. Eggerz til mín og bað mig að setja Pál Jónsson. En jeg neitaði honum um það, í samræmi við það, sem forsætisráðherra (J. M.) hafði gert; vildi ekki, þar sem jeg fór með embætti hans, breyta nýgerðri ráðstöfun hans. Af því sýslumaðurinn var mjer skyldur vildi jeg yfirleitt sem minst blanda mjer í þetta mál. Hv. þm. (G. Sv.) hjelt langa ræðu í þessu máli. Jeg verð að segja, að mjer fanst mikill hluti af þeirri ræðu ekki beinlínis nauðsynlegur vegna fyrirspurnarinnar. Það var alveg eins og aðalumræðuefnið hjer væri Guðmundur Eggerz, sýslumaður Árnesinga. En jeg hefi skilið fyrirspurnina svo, að tilefni hennar væri meðferðin á sýslunni, meðan hann hefði verið í fossanefnd. Umr. hafa hnigið að því, hverjir væru settir í fjarveru hans. Það er eðlilegt, að orðið hafi að setja einhverja í fjarveru hans. Hann gat auðvitað ekki verið bæði í fossanefnd og sýslumannsembætti. Og þótt bróðir minn eigi í hlut, þá vonast jeg eftir svo mikilli sanngirni, að það þyki ekki óeðlilegt, að jeg taki nú málstað hans, þar sem hann í seinni tíð saklaus hefir orðið fyrir óskiljanlegum ofsóknum. Var öll ræða hv. þm. (G. Sv.) einnig áframhald af þeim.

Í fyrsta lagi virtist hann telja það hneyksli, að Guðmundi Eggerz var veitt Árnessýsla. Jeg skal taka það fram, að jeg var þá ekki í stjórn. En jeg þykist geta staðhæft, að það hefði verið hneyksli, ef honum hefði e k k i verið veitt embættið. Eftir ræðu hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) mætti halda, að hjer væri um óreglumann að ræða, að fjáróreiður hefðu átt sjer stað í embættisfærslu hans, að hann væri hneykslisembættismaður. En þetta er alt hinn mesti misskilningur. Skoðunargerð á embættisfærslu hans, sem er til sýnis uppi í stjórnarráði, og allir hafa aðgang að, fer öll í þá átt, að hann sje einn af allra bestu embættismönnum landsins. Skil hans í landssjóð eru í besta lagi, og hefir aldrei verið þar nokkur brestur á. — Jeg veit ekki betur en að hann sje viðurkendur góður dómari. Nú spyr jeg þá, hvað það sje á embættisbraut þessa manns, er gefi hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) ástæðu til að ráðast hvað eftir annað

á þennan mann í þingsalnum. Slíkt ætti ekki að vera gert, nema full nauðsyn sje á, að ráðast á fjarverandi menn. Það væri auðvitað skiljanlegt, ef sýslumaðurinn væri sekur í einhverri embættisvanrækslu, og enginn skyldi þá furða sig á, þótt hv. þm. (G. Sv.) væri harðorður. En þegar það kemur nú bæði úr forsætisráðherrastólnum, þar sem sá maður situr, sem hefir enga ástæðu til þess að vera hlutdrægur, að hann sje góður embættismaður, og jeg auk þess get fullyrt það, og sýnt það skjallega uppi í stjórnarráði, að hann sje með bestu embættismönnum landsins, þá verður þetta að teljast mjög undarlegt, og þá fer mörgum að detta í hug, að persónuleg óvild, eða annað slíkt, standi hjer að baki.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hneykslaðist á því, að Árnessýsla var veitt Guðmundi Eggerz, sem þó var elstur umsækjenda, manni með 1. einkunn og góðan embættisferil að baki sjer. En jeg veit, að þm. (G. Sv.) hefir ekkert fundið að embættaveitingum þeirra manna, er hann hefir fylgt í stjórnmálum, þótt aðrir kunni að hafa litið öðruvísi á þær. Svo er um eina embættisveitingu, sem hefir þó verið töluvert gagnrýnd úti um land og hv. þm. (G. Sv.) mun kannast við. Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hafði ekkert að athuga við hana. (**E. A.**: Hvað var það?). Fyrst hv. 2. þm. Árn. (E. A.) spyr þessa, get jeg vel svarað honum. Það var veiting sýslumannsembættisins í Dalasýslu, sem mörgum þótti undarleg. Hana hefir hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) aldrei átalið.

Þá er annað atriði, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefir oft og mikið komið inn á, en það er skipun Guðmundar Eggerz í fossanefndina. Það er ekki rjett hjá hv. þm. (G. Sv.), að enginn hefði minst á hann til þess. Bæði vildi sýslunefndin fá mann úr sýslunni í nefndina, og auk þess var t. d. einn af allra helstu mönnum Árnessýslu, sem beinlínis óskaði að fá hann í fossanefndina, og kom til mín í þeim erindagerðum. Eftir þeim niðurstöðum að dæma, sem orðið hafa í nefndinni, þá virðist skoðun Guðm. Eggerz í fossamálinu hafa beinlínis orðið ofan á í landinu og hjer í þinginu. Jeg held, að þeir, sem lesið hafa ritgerð hans, verði að játa, að hún sje föst í rökunum og beri þess ljósan vott, að lögfræðingurinn, sem stjórnin skipaði í nefndina, hafi verið vel starfi sínu vaxinn. Jeg held þess vegna, að ekkert það sje komið fram, er sýni, að skipun hans í nefndina hafi verið óheppileg. Þvert á móti hefir mjer heyrst hið gagnstæða, hjá þeim, sem ekki eru blindaðir af einhverjum sjerstökum ástæðum.

Jeg hefi nú gert grein fyrir afskiftum mínum af sýslumannsembættinu í Árnessýslu. Að öðru leyti fanst mjer skylt að skýra frá því, sem jeg hefi gert, um Guðmund Eggerz sem embættismann. Og jeg get bætt því við, að þar, sem Guðm. Eggerz hefir verið sýslumaður, hefir hann verið vel sjeður og vinsæll, sumstaðar með afbrigðum vinsæll. Fólki hefir yfirleitt fallið vel við hann sem valdsmann. Sje jeg því ekki, að ástæða hafi verið til að draga þennan mann persónulega inn í þessar umræður.

Sigurður Sigurðsson: Háttv. samþ. minn og aðalfrsm. (E. A.) hefir nú gert grein fyrir þessari fyrirspurn, á mjög svo hógværan og eðlilegan hátt, og er þar engu við að bæta. Hitt skal jeg taka fram, og undirstrika með honum, að þessi óreiða þar eystra, með

sýsluna og sýslumennina, hefir valdið sýslubúum margra erfiðleika og tafa í afgreiðslu mála. Þetta segi jeg ekki til að kasta steini á þá menn, sem settir hafa verið þar, lengri eða skemri tíma. En af þeim ástæðum, sem teknar hafa verið fram af hv. samþm. mínum (E. A.) og hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), er sýnt, að svo hlaut að vera, er þeir voru oft settir mjög stuttan tíma, höfðu ekki ráð á bókum sýslunnar, og áttu auk þess stundum ekki að gegna nema nokkrum hluta þeirra mála, er embættinu við kemur.

Jeg skal svo ekki fara frekar út í þetta, því tilefnið til þess, að jeg stóð upp, voru ummæli hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) um Guðm. Eggerz sem fossanefndarmann. Mjög mörgum Árnesingum kom illa, að hann skyldi vera skipaður í þá nefnd, nýkominn til sýslunnar, og það er engan veginn rjett hjá hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), að mætir menn í Árnessýslu hafi óskað þess, að hann væri skipaður í nefndina, eins og hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) hefir sagt hjer í hv. deild þrem- ur eða fjórum sinnum. Hitt er rjett, að sýslunefnd Árnessýslu óskaði þess, að hún mætti benda á einn mann í nefndina. En það var alt annar maður en Guðmundur Eggerz, sem Árnesingar óskuðu eftir til þessa starfa. Þetta segi jeg ekki til ámælis Guðmundi, heldur til að leiðrjetta margítrekaða umsögn hæstv. fjármálaráðherra (S. E.). Það var mjög eðlilegt, að þeir óskuðu ekki eftir því, að hann færi í nefndina; í fyrsta lagi af því, að maðurinn var alveg ókunnugur, hvernig hagaði til í sýslunni, og í öðru lagi var hann nýkominn þangað, og nóg að gera fyrir hann þar sem yfirvald. Auk þess liggur það í hlutarins eðli, að sýslubúar vilji hafa yfirvald sitt hjá sjer, þannig, að það sje meira en að eins að nafninu.

Fyrirspyrjandi (Einar Arnórsson): Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) beindi til mín fyrirspurn, og kvað mig vel hafa mátt rekja sögu sýslumannsembættisins í Árnessýslu alt til ársins 1915, þegar Eiríkur Einarsson var settur þar sýslumaður. Þetta hefði auðvitað mátt gera, en jeg veit ekki til þess, að nokkur hafi kvartað undan þeirri embættissetningu, nema einn eða tveir menn, sem þá voru búsettir í sýslunni, og ýfðust mjög við þeim manni í ræðu og riti. En það sama höfðu þeir gert við fyrirrennara hans, jafnvirtur og velmetinn sem hann var af Árnesingum, svo að jeg legg ekki mikið upp úr árásum þeirra. Auk þess er því til að svara um þá setningu, að þegar hún fór fram, var milliþinganefndin frá 1914, sem hæstv. forsætisráðherra (J. M.) átti sæti í, að starfi, og var mjer það kunnugt, að hún hafði á prjónunum tillögur um gerbreyting á skipun dómsvalds og umboðsvalds og á launakjörum sýslumanna. Formaður nefndarinnar var búinn að segja mjer þetta, og því þótti mjer eðlilegt að veita ekki embættið fyrir fult og alt, fyr en komið væri á daginn álit nefndarinnar, enda lagði hún það til í nál. sínu, að sýslumannsembætti yrðu ekki veitt meðan eigi væri sjeð, hvernig till. hennar reiddi af. Þá átti líka sá maður þarna í hlut, sem var nákunnugur í sýslunni og þekti svo að segja hvert mannsbarn þar. Annars veit jeg ekki, hvort hæstv. forsætisráðherra (J. M.) og mjer ber nokkuð verulegt á milli, nema þá helst með þær tölur, sem jeg nefndi. Jeg sagði, að mennirnir væru 13 eða 14, sem

þjónað hefðu Árnessýslu þennan umrædda tíma, en það má vel vera, að jeg hafi ekki talið þar nákvæmlega. Jeg endurtek það, að jeg hefi ekkert að því að finna, þótt núverandi sýslumaður fengi sumarleyfi 1917, en að hinu fann jeg, að sýslumannsembættinu hafi ekki verið sjeð fyrir nægilegri þjónustu á meðan. Það er algengt, þegar sýslumenn fá sjer sumarfrí, að þeir þá setji skrifara sína í staðinn fyrir sig, því að þeir eru vanir störfunum og þekkja vel orðið alla tilhögun þeirra, en hjer var ekki slíku til að dreifa, því þessi sýslumaður hafði víst engan skrifara.

Sundrunginni í sýslunni var að mestu lokið, þegar Guðmundur Eggerz tók við henni, enda blandaði jeg þeim deilum ekki mikið inn í málið. Menn þeir, sem þar áttu hlut að máli, eru flestir farnir úr sýslunni, og þeirra hagsmunir og óðul standa þar ekki lengur.

Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) sagði, að hann teldi sjer ekki skylt að gefa ástæður fyrir því, hvers vegna hann vildi ekki setja Pál Jónsson í sýsluna. Jeg er þar á sama máli. Jeg álít, að ráðherra sje ekki skyldur til þess að gefa ástæður fyrir slíku, enda getur verið um þær ástæður að ræða, sem gætu orðið til að ergja menn og til þess að valda ófriði, væru þær látnar uppi. En hæstv. forsætisráðh. (J. M.) beindi jafnframt að mjer þeirri spurningu — sem átti víst að vera samviskuspurning — hvort jeg fyndi nokkuð að því, að þessi maður var ekki settur í sýsluna. Og því er hægt að svara.

Í fyrsta lagi var spurningin tilefnislaus, því jeg vjek ekki að henni. Og í öðru lagi, að ef jeg hefði verið í sporum hæstv. forsætisráðherra (J. M.), mundi jeg að líkindum hafa farið alveg eins að og hann gerði, og litið svo á, að það væri varhugavert að setja í hvaða sýslu sem væri mann, sem margir sýslubúar hefðu beinlínis neitað að taka við. Þótt mjer sje alveg ókunnugt um hæfileika þessa manns til að gegna embættinu, þá get jeg sagt það, að það hefði verið varhugavert að setja hann þangað gegn skýlausri neitun sýslubúa. Kom það fram með þeim hætti, að sýslunefndin sagði öll af sjer, vegna þess, að Páll var þangað sendur, og er það fullur vottur þess, að hann hefir verið henni enginn aufúsugestur. Og þótt stjórnin hafi fulla heimild til að setja menn í embætti, án tillits til vilja sýslubúa, þá er gott að geta komist hjá því.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) fór út í það, að jeg hefði veitt Dalasýslu Bjarna Johnsen, cand. juris. Jú, það var rjett, að jeg gerði það, því hann var elsti umsækjandinn. Og regla mín var að veita þeim, sem elstur var. Þó var gerð ein undantekning, að því er snerti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Um hana sóttu þrír sýslumenn, og var hún veitt hinum yngsta þeirra, því hann hafði setið í æðstu stjórn landsins, og taldi jeg því sjálfsagt að gera þar undantekningu og láta hann ganga fyrir. **(Fjármálaráðh.:** Jeg þakka hv. þm. (E. A.) fyrir góðsemina). Ekki veit jeg heldur til, að neinn hafi fundið að því, að Eggert Briem var skipaður yfirdómari í minni tíð, og var hann víst af öllum talinn sjálfsagður í það embætti.

Embættisafsögn Guðmundar Eggerz árið 1916 hefir verið blandað hjer inn í umr., og er því rjett, að jeg gefi um hana þær upplýsingar, að hann var ósammála stjórninni um atriði í sveitarstjórnarlögunum, og stjórnin feldi þar úrskurð hans úr gildi. Simaði hann

þá suður, að hann vildi ekki láta stjórnarráðið óvirða sig oftar, og sagði af sjer. Jeg hjelt, að hann hefði gert þetta í bráðræði, eins og líka var, svo að málið var látið liggja uns hann kom sjálfur suður. Talaði jeg þá við hann, og tók hann þá embættisafsögn sína aftur. Svo fjekk hann ferðaleyfi, sem sjálfsagt var að veita honum, því hann var lasinn um það leyti og gat illa gegnt embættisstörfum.

Umræðum frestað.

Á 26. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. ágúst, var umræðunum fram haldið.

Gísli Sveinsson: Jeg skal byrja með því að lýsa yfir, að það var ekki samkvæmt mínum tillögum, að þetta mál var ekki útkljáð í gær. Jeg tel, að það hefði mátt gera það. En úr því svo er nú komið, sem er, verður nú að slá botninn í það. Og jeg ætla nú að gera það fyrir mitt leyti með nokkrum orðum. Jeg hafði í ræðu minni í gær lýst rjettmæti þessa máls, frá almennu sjónarmiði, og eins rjettmæti þess frá sjónarmiði þeirra, er hlut eiga að máli.

Hæstv. stjórn tók til máls öllsaman, eða hæstv. ráðherrar þrír, þar sem, þó merkilegt sje, þetta mál tók til allra. Það er annars svo um þessa hæstv. stjórn, að menn vita varla, hver þeirra á hlut að máli í hverju tilfelli fyrir sig. Ef þeir hafa ekki rótað sjer inn í eitthvert mál allir þegar í stað, þá gera þeir það áður en lýkur. Þetta mál heyrir undir hæstv. forsætisráðh. (J. M.), enda varð hann fyrstur fyrir svörum. En því miður voru svör hans óákveðin og skáru á engan hátt úr því, sem ætlunin var með fyrirspurninni. Tilætlunin með fyrirspurninni var vitanlega ekki sú, að gera ályktun í málinu, því að það er ekki hægt hjer, eftir því, sem skilin hafa verið ákvæði þingskapanna um fyrirspurnir, heldur hitt, að fá heit um það hjá hæstv. forsætisráðh. (J. M.), að rekstri sýslumannsembættisins í Árnessýslu yrði ekki haldið áfram eins og hefir verið hingað til. Að það kæmi ljóst fram, að setja ætti fast skipulag á meðferð embættisins. Það kom þó ekkert heit fram um það hjá hæstv. stjórn í gær. Að eins var þess getið, af hæstv. forsætisráðh. (J. M.), að sá, sem nú gegnir embættinu, Þorsteinn Þorsteinsson, cand. jur., mundi ef til vill fáanlegur til þess að sitja þar eitthvað áfram. En um það er hjer ekki að ræða. Árnesingar krefjast þess, að embættið komist úr þeirri niðurlæging og ringulreið, sem stjórnin hefir sett það í, með þeirri ráðstöfun að setja Guðmund Eggerz í fossanefndina. Þeir krefjast þess, að sá, sem á að gegna embættinu, hinn fasti embættismaður, sitji þar fastur, en ekki að hinir og aðrir sjeu þar settir um stund og stund, og látnir fara með mál sýslunnar á tætingi og hlaupa síðan frá hálfunnu verki. Þessu verður að kippa í lag hið allra fyrsta. Það er heimtað af hjeraðsbúum. Annaðhvort verður sá embættismaður, sem nú hefir embættið, að hverfa til þess fyrir fult og alt, og sýna, hvort hann getur gegnt því, eða það ber að leysa hann frá embættinu og skipa annan hæfan mann í hans stað, sem bæði getur og má vera að því að sinna því.

Jeg leyfði mjer í gær að beina þeirri spurningu að hæstv. forsætisráðherra (J. M.), hvort það væri satt, að þessi embættismaður, Guðmundur Eggerz, og Páll Jónsson, hefðu ekki fengið nein svör hjá hæstv. stjórn við því, hvers vegna síðarnefndi hefði ekki mátt gegna

fulltrúastarfi fyrir sýslumann Guðmund Eggerz. Það var nú tekið fram í umræðunum, að stjórnin væri ekki skyld að lögum að gefa skýringu á þessu, eða öðru því líku. Og er það rjett. En hins vegar tel jeg það siðferðislega skyldu stjórnarinnar gagnvart þeim, sem hlut eiga að máli, að hún greini satt og rjett frá orsökum til þessa. Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) sagði í ræðu sinni í gær, að nefndur Páll Jónsson hefði verið svo mikið riðinn við óeirðamál í sýslunni, og það staðið í veginum. En um þetta var ekki spurt, heldur, af hverju Páll sjálfur hefði ekki fengið glögg svör þessu viðvíkjandi, — þessi sömu svör, sem hæstv. forsætisráðherra (J. M.) hjer gefur, eða önnur. Af því að jeg tel, að þetta hafi talsverða þýðingu, sem regla hjá hæstv. stjórn, að vera altaf einlæg í svörum og skorinorð, þá skal jeg geta þess, að maður þessi sagði sjálfur við mig í gær, eftir umræðurnar, að þetta væri ekki satt. Að hæstv. forsætisráðh. (J. M.) hefði aldrei viljað segja sjer ástæður fyrir þessu framferði gagnvart sjer. Jeg skal nú ekki leggja úrskurð á, hvort rjettara er, en víst er, að Páll sagði þetta fullum fetum og óhikað. Og því áleit jeg rjett að geta þess. En auk þessa er annað atriði í þessu máli, sem krefst skýringar. Látum svo vera, að stjórnin hafi haft þessa ástæðu móti því, að Páll gæti gegnt fulltrúastarfi fyrir Guðmund Eggerz. En hvernig stendur þá á því, að hann þó fær löggildingu hjá stjórnarráðinu sem fulltrúi í sýslunni? Í þessu er hreinasta mótsögn, sem hæstv. stjórn verður að láta svo lítið að gefa skýringu á. Nú er það kunnugt, að það var óvefengdur vilji Guðmundar Eggerz, að þessi maður væri fulltrúi í hans stað, enda fjekk hann löggildingu til þess hjá stjórnarráðinu. En hvað veldur svo aftur þeirri ráðstöfun, að löggildingin er tekin af honum? Þetta er jafnóskiljanlegt af því, sem hæstv. stjórn sagði í gær. Svo að nú er mál til komið, að menn fái að vita hið rjetta.

Það varð skilið af orðum hæstv. forsætisráðherra (J. M.) í gær, að honum leiddist, að jeg skyldi tala í þessu máli. Hann gat þess, að heyrst hefði, að jeg ætlaði að vera óvæginn og skamma stjórnina. Ef þetta væri ekki jafngóð stjórn og allir vita að hún er, sem hjer á hlut að máli, mundi jeg segja, að „illur á sjer ills von". Það verður nú svo að vera, þótt hæstv. stjórn þyki það ekki ávalt gleðiefni fyrir sig, að jeg taki til máls.

Þá skal jeg víkja nokkrum orðum að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.). Sú varð raunin á, að hann varð að taka til máls, enda þótt maður skyldi ætla, að hann hliðraði sjer hjá að fara jafngeyst og tala jafndigurbarkalega um persónuleg atriði í málinu, þar sem honum er það jafnnáskylt og menn þekkja. Jeg tók það fram í ræðu minni í gær, að jeg ætlaði mjer ekkert að dæma hæfileika sýslumanns Guðmundar Eggerz sem embættismanns. Hitt dæmdi jeg aftur, hvort það teldist tilhærilegt að skipa hann sýslumann í jafnerfiðu og umfangsmiklu hjeraði og Árnessýsla er, þar sem hann skömmu áður hafði sagt lausu öðru embætti, sem hann ekki treystist til að gegna sökum varanlegs heilsubrests. Þetta er ekki að dæma persónulega, heldur varðar það, hvort einn einstakur maður geti gegnt áfram embætti af óviðráðanlegum orsökum. En þetta var hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) ekki nóg. — Hann varð, eins og honum er títt, að

ganga lengra en skyldi, til þess að knýja menn til að fara nánar inn á einstök atriði málsins en menn hefðu þó viljað. Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) fór mörgum orðum um það, og ræða hans snerist að mestu um að reyna að sannfæra menn um það, hversu mikill fyrirmyndarembættismaður Guðm. Eggerz væri. Hann taldi hann vafalaust einn af allra bestu sýslum. þessa lands, hvað snerti alla embættisfærslu. Þetta var alveg óþarft hjá hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), því að enginn hafði komið nærri þessum sýslumanni á þann hátt, að til þess þyrfti að grípa. Þetta hefir fyr hent hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), og það er venja hans um mál, sem koma honum óþægilega, að gera þau að persónumálum, meira en þörf er á og rjett er. Slík aðferð í umræðum þjóðmála er alveg ótæk. Og ætti hennar síst að kenna hjer, þar sem er skylt að minnast á svo margt, enda þótt einhverjar persónur sjeu að einhverju leyti við það riðnar.

Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) sagði, að embættisfærsla nefnds sýslumanns hefði verið rannsökuð, og þar hefði ekkert fundist athugavert; það væri þvert á móti einstök fyrirmynd, og að fyrir þessu væru skjöl í stjórnarráðinu. Þetta kemur mjer á óvart, þar sem jeg hefi aldrei heyrt þess getið, að neinskonar rannsókn hafi verið skipuð á embættisfærslu Guðmundar Eggerz. Ef hæstv. ráðherra (S. E.) á við eftirlit það, sem stjórnarráðið lætur viðhafa, þá skal jeg játa, að hjer getur verið öðru máli að gegna. En hins vegar veit jeg ekki til þess, að nokkur skoðunargerð hafi farið fram á embættisfærslu í Suður-Múlasýslu, en það mun hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) sennilega eiga við. Hitt er kunnugra en frá þurfi að segja, að ýmsir embættismenn, sem vitanlegt var um að gátu ekki rækt sitt embætti á sómasamlegan hátt, stóðust þó þetta eftirlit stjórnarráðsins. Svo að það má vera ljelegur embættismaður, sem fellur fyrir slíku eftirliti. — Úr því jeg er neyddur til þess, af hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), skal jeg geta þess, sem er kunnugt, að einn æðsti embættismaður landsins, sem var, landritarinn, er var einskonar yfireftirlitsmaður embættismanna, hafði talsvert að athuga við embættisfærslu Guðmundar Eggerz. Jeg býst við, að ef vel er leitað, þá finnist í skjalasafni stjórnaráðsins „concept“ af brjefi til hans, þar sem landritari er æði harðorður, og þess er stranglega krafist, að nefndur sýslumaður bæti sig. Sje slíkum skjölum til skila haldið, geri jeg ráð fyrir, að jafnvel hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) geti fundið uppkastið að þessu brjefi í stjórnarráðinu. — Það er orðið einkenni á þessum hæstv. ráðherra (S. E.), að hann talar alt í eintómum fullyrðingum. Hann sagði í ræðu hjer á þingi í fyrra, að hann hefði aldrei á æfinni sagt eitt orð ósatt, eftir því hvorki vísvitandi nje óafvitandi, og að hann hefði aldrei hlynt að sjer eða sínum. Og seinast í gær fullyrti hann, að hann hefði aldrei lofað neinu því, sem hann hefði ekki efnt. Við hinir, sem vitum og játum, að við erum menn, þorum ekki að taka munninn svona fullan. Svo breyskir erum við. En hæstv. ráðherra (S. E.) telur sig hiklaust alveg óskeikulan, og má mikið vera, ef svo er.

Eins og kunnugt er, urðu miklar óeirðir í Suður-Múlasýslu, meðan Guðmundur Eggerz var þar sýslumaður, og lá við hörðu, svo að hann ætlaði sjer jafnvel að hlaupa frá sýslunni. Að

minsta kosti simaði hann til hæstv. stjórnar, til þess að tjá henni það, að hann segði embættinu lausu m. m. En hvort sem það var af því, að stjórnin legði að honum, eða af einhverjum öðrum orsökum, þá komst hann einhvern veginn inn í embættið aftur.

Það má því margan furða, þar sem þetta er alkunnugt, að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) skyldi vera að leiða þennan asna inn í herbúðirnar, — að alt hefði altaf verið með feldu, og meira en það, í embættisfærslu þessa manns.

Það er nú ekki óhugsandi, að Árnesingar hafi ekki hugsað eins vel til þess, að fá þennan embættismann í sýsluna, eins og hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) virðist ætla.

En eitt atriði er það, sem sjeð varð um Guðmund Eggerz sem sýslumann í Árnessýslu, þótt naumast geti heitið, að hann hafi stigið þar fæti sínum, en það er, að hann blandaði sjer þar óðara í viðskifti, sem að ýmsu orka tvímælis. Það hefir hneykslað mjög suma menn í Árnessýslu, og víðar, að hann hefir leyft sjer að mynda einskonar „firma“ með þeim mönnum, sem þar stóðu fyrir óeirðamálum þeim, sem hæstv. forsætisráðherra (J. M.) mintist á. Það getur meira en verið, að það hafi reynst arðvænlegt, en hinu verður ekki móti mælt, að fyrir þann mann var það mjög óheppilegt að blanda sjer inn í slíkt, þar sem hann var orðinn þar yfirvald. Alt þetta, sem jeg nú hefi sagt, hefi jeg talað af því, að jeg var til neyddur af hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), sem sagði, að jeg hefði farið persónulega að mönnum, og þá sjerstaklega að þessum manni, sem hann taldi því sem næst óaðfinnanlegan.

En, því miður, er nú málið þannig vaxið, að hann verður ekki, frekar en aðrir, talinn óaðfinnanlegur.

En það, sem hjer hefir sjerstaklega verið að fundið, er það, hversu hæstv. stjórn hefir látið embætti þetta rekast, því að um það má með sanni segja, að hún hafi látið það reka á reiðanum. Og tilgangur fyrirspurnarinnar var aðallega sá, að nú yrði rekinn slagbrandur fyrir þetta og því kipt í lag.

Þá er að eins eitt atriði, sem jeg vildi, að gefnu tilefni, minnast á.

Jeg sagði, að Guðmundur Eggerz hefði verið rifinn burt og settur af stjórninni í fossanefndina. En hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) kvað það hafa verið gert eftir óskum Árnesinga. En að lokum kemur það upp úr kafinu, að slíkar óskir höfðu ekki fram komið frá fleiri en einum eða tveimur mönnum.

Það, sem Árnesingar óskuðu, var í fyrsta lagi það, að þeir fengju nokkru að ráða um nefndarskipunina, og í öðru lagi, að þeir fengju að tilnefna einn mann í hana. En það fengu þeir ekki. Það var því að Árnesingum fornspurðum og upp á eigin býti, að stjórnin skipaði í hana Guðmund Eggerz sýslumann, og veit jeg ekki til, að neinn hafi kunnað henni þakkir fyrir. Hitt er annað atriði, hversu heppilegt það hafi verið, að hann var skipaður í nefndina.

Því var nú haldið fram af hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), að hann hafi í nefndinni flutt þá skoðun, sem flestir hafi hallast að. Skil jeg vel, hvert hann fer með því, og er gott að fá að vita, að hann er svo hrifinn af þeirri niðurstöðu. En hitt má telja víst, að menn hefðu komist eins að þessari

„niðurstöðu“, að Guðm. Eggerz hefði ekki verið í nefndinni. Og „pródúkt“ hans, sem hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) hrósar svo mjög, sýnir það ekki, að hann hafi verið þar svo sjerlega nauðsynlegur, því að eftir mínu viti gera þau skrif hans, eða þau, sem við hann eru kend, hvorki til nje frá.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er nú orðinn alllangur lesturinn hjá hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). En það fyrsta, sem jeg held að jeg geti slegið föstu, eftir allar þessar umræður, er það, að Guðmundi Eggerz verði ekki gefin sök á embættisrekstrinum í Árnessýslu meðan hann var í fossanefndinni. Það liggur líka í hlutarins eðli, að ef stjórnin tók ekki gilda þá menn, sem hann útvegaði í sinn stað, þá varð hún að sjá um að útvega aðra. Þess vegna má slá því föstu, að honum verði engin sök gefin á því, hvernig farið var með embættið í fjarveru hans.

Hv. þm. (V.-Sk. (G. Sv.) er því kominn út fyrir efni fyrirspurnarinnar, þegar hann gerir veitingu hans fyrir sýslunni að aðalefni í umræðunum. En tilhneiging hans til að hallmæla embættisbróður sínum er svo rík, að hann fer út fyrir dagskrána.

Aðfinslur hans byrjuðu á því, að hann kvaðst furða sig á, að landsstjórnin hefði veitt Guðmundi Eggerz syslumannsembættið í Árnessýslu.

Jeg tók það fram í gær, að mig furðaði á þessum ummælum hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), þar sem skoðunargerð á embættisfærslu hans sýnir, að hann er með betri embættismönnum landsins.

Hv. þm. (G. Sv.) sagði, að ekki mundi hafa verið skipuð nein rannsókn á því máli. Hvernig gat það verið? Jeg áttí heldur ekki við það, heldur að eins, að eftirlitsmenn stjórnarráðsins hefðu komist að þessari niðurstöðu. Og það vill nú svo vel til, að einmitt sá maður, sem hv. þm. (G. Sv.) tilnefndi, Klemens Jónsson, fyrverandi landritari, framkvæmdi skoðunargerðina á embættisfærslunni í Suður-Múlasýslu. Þau skjöl liggja frammi í stjórnarráðinu, og getur hver maður lesið þar, að hann fer um hann lofsamlegum orðum.

En nú segir hv. þm. (G. Sv.), að ekki sje mikið að marka þessar skoðunargerðir stjórnarráðsins, en sjaldan mun þó það hafa komið fyrir, að lofi hafi verið lokið á þá, sem illa hafa staðið í stöðu sinni. Og meira hygg jeg að mark megi taka á óhlutdrægum dómi stjórnarráðsins nú heldur en politiskum dómi óvildarmanns, sem ekkert hefir rannsakað málið.

Reikningar sýslumanns hafa allir verið úrskurðaðir, og er þar ekkert við að athuga.

Á embættisrekstri hans í Árnessýslu hefir ekki verið framkvæmd nein skoðunargerð, enda var hann þar ekki nema eitthvað tvo mánuði. En mjer er kunnugt um, að þar var embættisrekstur sýslumanns einnig í besta lagi.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) drap á það, að Klemens Jónsson hefði einhverju sinni skrifað Guðm. Eggerz mjög harðort brjef. Það getur vel verið.

Jeg veit til, þó það væri ekki í minni ráðherratíð, að hann var einu sinni rukkaður um nokkur þúsund krónur, sem hann átti að greiða í landssjóð, og það nokkuð harkalega. En eftir á var það sýnt og sannað, að hann hafði þegar greitt það fje fyrir löngu, þegar rukkunin kom. Stjórnarráðið varð því að biðja hann afsökunar fyrir misgáning sinn.

Og þetta var þá hið harðorða brjef,

sem hv. þm. (G. Sv.) átti við, en öðrum en sýslumanni verður það til lasts.

Jeg get því ekki sjeð, þrátt fyrir hinn góða vilja hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) á því að sakfella þennan embættisbróðir sinn, að hann hafi sannað á hann eina einustu sök, er rjettlæti það, að hann skuli vera dreginn á þennan hátt inn í umr. þessar.

Þá var eitt enn, sem fundið var honum til foráttu, en það var, að hann hefði, er hann var sýslumaður í Suður-Múlasýslu, sótt um lausn frá embætti eða sagt af sjer sýslunni. Mjer er kunnugt um, að einhver ágreiningur var þá milli hans og þáverandi ráðherra (E. A.). Guðmundur Eggerz hafði þá verið lasinn í heilt ár og hafði fengið frí. En þáverandi ráðherra (E. A.) mun ekki hafa verið honum neitt sjerlega hlyntur, enda kom það fyrir um fleiri embættismenn, að þeir fundu ekki náð í augum hans. Nægir þar að benda á viðskifti hans og þáverandi bankastjóra Björns Kristjánssonar, og svo mun hafa verið um fleiri, að þeir nutu ekki náðar hans.

En Guðmundur Eggerz hætti við að segja af sjer, og skal jeg upplýsa fyrir hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) ástæður þær, sem til þess lágu. En þær voru það, að hann fjekk eindregna áskorun frá 400—500 sýslubúum um að halda embættinu áfram. Þessar áskoranir benda ekki á það, að hann hafi verið þar illa liðinn. Í öðru lagi má benda á það, að hann var kosinn þingmaður fyrir sýsluna. — Sömuleiðis er það kunnugt, að þegar hann var sýslumaður í Snæfellsness- og og Hnappadalssýslu, þótti festum þar mjög vænt um hann.

Þótt þessi maður sje skyldur mjer, hefi jeg talið mjer það skylt að taka þetta fram, þar sem nú í langan tíma hefir verið reynt að draga hann inn í stjórnmál, sem hann alls ekki hefir blandað sjer inn í, og hann hefir verið skammaður bæði í blöðum og ræðum, án þess að nokkur skilji ástæðuna. (G. Sv.: Það er bróðir hans, sem hefir dregið hann inn í þær umræður). Þarna kemur það. Það er bróðir hans, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) vill lumbra á með þessu. Þetta á óbeinlínis að vera árásarefni á stjórnina. Og svo þá blandað með óánægju yfir því, hve fossanefndarstörf Guðmundar Eggerz gengu vel.

Jeg hefi lengi látið þetta mál afskiftalaust, en jeg vil nú, að alþjóð viti, að ekkert er að athuga við embættisfærslu Guðmundar Eggerz.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði, að Guðmundur Eggerz hefði blandað sjer inn í „Forretningar". Það getur vel verið. Honum ætti að vera kunnugt um það, að laun þessara embættismanna eru ekki hærri en svo, að ef þeir eiga ekki að fara á sveitina, verða þeir að vinna eitthvað utan hjá, þó að þetta sje ekki gott. Sýslumannsembættið í Árnessýslu er að minsta kosti ekki glæsilegra en það, að næstum er ómögulegt að fá mann þangað. En hv. þm. hlýtur að skilja, að fyrir þetta er óþarfi að draga Guðm. Eggerz inn í þessar umræður. Honum væri nær að flytja aðra fyrirspurn um það, ef hann vill betur um það fræðast.

En ef hann ætar að ganga á röðina og ráðast eins á hina aðra embættisbræður sína eins og hann nú ræðst á Guðmund Eggerz, þá öfunda jeg ekki hv. þm. (G. Sv.) af því starfi.

En þeir munu til vera, sem telja þessar umr. einberan hjegóma í samanburði við ýms stórmál, sem fyrir þessu þingi liggja, og verði þeim umr. haldið áfram, gæti svo farið, að vegur

þingsins minkaði. Og jeg verð að telja það mjög varasamt að gera svona útúrdúra, sem sprotnir eru af pólitísku hatri einstakra manna.

Í umræðunum um Guðmund Eggerz í gær og í dag — hvort rætt verður um hann á morgun líka, veit jeg ekki — var vikið að fossanefndarstörfum hans. Um það get jeg nú gefið þær upplýsingar, að þeim er nú lokið. Í kveld mun síðara heftið af ritgerð hans verða sent hingað á þingið. En ef dæma á hann fyrir starf hans í fossanefndinni, þá getur sá dómur að engu leyti bygst á því, að fjármálaráðherrann hafi komið honum í nefndina.

Jeg sagði, að margir hefðu fallist á skoðun hans í því máli. Og það er ekki heldur langt síðan, að borin var fram þingsál. af helstu mönnum þessarar hv. deildar, sem fer í þá átt, að skora á stjórnina að framkvæma þær ráðstafanir, sem hann flytur till. um í ritgerð sinni. Það er því ekki ofmælt af mjer, að fallist hafi verið á till. hans í málinu.

Annars get jeg altaf vorkent hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), þegar hann flytur slíkar ræður, sem hann nú hefir gert.

Og þess vildi jeg óska, fyrir hans hönd, að hann reyndi hjer eftir að haga orðum sínum á annan veg.

Forsætisráðherra (J. M.): Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagðist vera að slá botninn í fyrirspurnina með síðustu ræðu sinni. Jeg veit ekki, hvað öðrum finst, en mjer fyrir mitt leyti finst sá botn vera býsna götóttur.

Hann heldur, að stjórnin sje hrædd við sig. Það sýnir, að hann hefir góða trú á sjálfum sjer. En jeg get fullvissað hann um, að það er ekki hættulegra að láta hann tala á móti sjer en hvern annan. Hann þarf altaf svo víða við að koma og talar svo dreift, að minni kraftur verður í mælginni en hann sjálfur hyggur.

Hann sagði, að allir ráðherrarnir hefðu nú rótað sjer inn í umræður þessar. En það er ekki nema eðlilegt, að þeir hafi allir tekið til máls, þar sem ráðstafanir þessar hafa verið framkvæmdar af þeim öllum, hverjum í sitt skifti.

Jeg sagði í svari mínu, að þær gerðir hefðu aðallega farið fram í fjarveru minni. En jeg tel þær allar forsvaranlegar. Og þótt jeg hafi ekki gert nema lítið af þessum ráðstöfunum, þá tel jeg það eðlilegt, að fyrirspurninni sje beint til mín, þar sem mál þetta heyrir undir mig.

En það verður miklu örðugra að svara fyrirspurninni, þegar talað er fyrir henni á svona margvíslegan hátt. Það er sitt hvað, sem kemur fram hjá hv. 2. þm. Árn. (E. A.), eða hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.).

Jeg þarf ekki að svara síðari ræðu hv. 2. þm. Árn. (E. A.), því að eftir henni að dæma ber okkur næsta lítið á milli.

En það þykir mjer undarlegt, að hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) skyldi aftur þurfa að fara að tala um Guðmund Eggerz, þar sem hann sjálfur, og sömuleiðis Árnesingar, virðast óska þess, að fá hann aftur að sýslunni.

Það virðist því vera harla lítil ástæða til að ráðast á hann hjer, þar sem þess hefir verið óskað, að ef hann komi ekki hið bráðasta til sýslunnar aftur, þá verði henni ráðstafað á einhvern annan hátt.

Þessi botn hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) á því ekki sem allra best við þetta mál.

Það var má ske eðlilegt, að hv. þm.

V.-Sk. (G. Sv.) færi aftur að minnast á, hvers vegna Páll Jónsson hafi verið skipaður fulltrúi, úr því að hann fjekk svo ekki að gegna því starfi, eða að vera settur. Jeg get ekki sjeð annað en að mikill munur sje á því, hvort maður er skipaður fulltrúi hjá öðrum manni viðverandi og á hans ábyrgð, eða þá, að hann er settur upp á eigin ábyrgð. Eins og hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) veit, eða að minsta kosti ætti að vita, þá er starfssvið fulltrúanna mjög takmarkað, svo að þeir mega ekki framkvæma nema viss verk. T. d. er þeim ekki leyfilegt að rannsaka mál, og af dómsmálum geta þeir ekki skift sjer, nema að mjög litlu leyti. Annars á jeg dálítið bágt með að svara þessu atriði, því jeg var fjarverandi, er Páll Jónsson var löggiltur fulltrúi Guðm. Eggerz. Verð jeg og að kannast við, að jeg mundi aldrei hafa löggilt hann. Er það ekki af því, að mjer sje á nokkurn hátt í nöp við manninn, heldur af því, sem jeg hefi áður minst á í þessum umræðum, að jeg taldi það ekki heppilegt að senda hann í þessa sýslu, því eftir því, sem á undan var gengið milli hans og sýslubúa, mátti búast við því, að honum yrði ekki vel tekið af þeim. Býst jeg við, að þessi löggilding hafi fram farið af því, að þeir, sem með þessi mál fóru í fjarveru minni, hafi ekki verið eins kunnugir öllum málavöxtum og jeg.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) segist hafa talað við Pál Jónsson, og hafi hann sagt, að langt hefði verið frá því, að jeg hefði gefið fullnægjandi ástæður fyrir því, hvers vegna hann hafi ekki verið settur sýslumaður í Árnessýslu. Jeg get ekki annað en látið þm. V.-Sk. (G. Sv.) um það, hvorum hann vill fremur trúa, Páli Jónssyni eða mjer. En það þykir mjer ótrúlegt, að Páll Jónsson skuli svo algerlega hafa gleymt samtali okkar, að hann skuli ekki muna eftir, að jeg gaf honum fyllilega í skyn, að jeg vildi ekki setja hann í þessa sýslu af því, sem á undan væri gengið, en að jeg hefði persónulega ekkert á móti því að setja hann í einhverja aðra sýslu. Það er sem sje alkunna, að hann, sem málaflutningsmaður, tók að sjer ýms mál, sem mjög snertu suma Árnesinga, og heldur voru illa þokkuð af þeim. Segi jeg ekki þetta til þess að lasta Pál Jónsson fyrir það, að taka þessi mál að sjer, en þessi málaferli voru nóg til þess, að hann var ekki í miklum vinskap við marga Árnesinga. Sömu ástæður bar jeg fram við Guðmund Eggerz, er jeg átti tal við hann um málið. En eins og gefur að skilja, þá get jeg ekki gefið hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) trúna á þetta, og vil jeg því ekki fara frekar út í það.

Annars er mjer óskiljanlegt, hvers vegna hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) er að deila á stjórnina fyrir það, að hafa ekki sett Pál Jónsson fyrir sýslumann í Árnessýslu; en öðruvísi verða orð hans ekki skilin. Hann þykist þó vera að hjálpa Árnesingum, og lætur svo á köflum, að hann beri algerlega þeirra hag fyrir brjósti, en það get jeg fullvissað hv. þm. (G. Sv.) um, að Árnesingum væri ekki gert verra til en að stjórnin setti Pál Jónsson sýslumann þeirra. En ef það nú skyldi reynast, að það væri ekki ætlun hv. þm. (G. Sv.) með hinum löngu ræðum sínum, að telja hv. þm. á að neyða stjórnina til þess að setja Pál Jónsson í Árnessýslu, þá eru ræður hans meiningarlausar, og þessi orðaleikur allur saman hreinasti skrípaleikur. Hefði mátt vel sitja við ræðu hv. fyrirspyrjanda (E. A.) og það, sem hann sagði um málið. Get

jeg ekki betur sjeð en að við sjeum að mestu samdóma; hafði hann ekkert verulegt að athuga við svar mitt við fyrirspurn hans og þá sögu, sem jeg hafði að segja, og ekki hafði jeg heldur neitt verulegt að athuga við hans sögu. — Sú aðdróttun að mjer, að jeg hafi ekki svarað fyrirspurninni, er hreinasta fjarstæða, því jeg svaraði henni fyllilega í fyrstu ræðu minni í málnu. Þessi umræddi embættismaður fjekk leyfi til þess að vera frá embætti meðan hann sæti í fossanefndinni, og sje jeg ekkert athugavert um það. Nú, er hann hefir lokið störfum sínum í nefndinni, býst jeg við, að hann fari til embættis síns, en ef hann gerir það ekki, verður bráðlega gert eitthvað endanlegt í málinu.

Björn R. Stefánsson: Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) er nú „dauður", en þar sem honum hefir verið borið það á brýn, að botninn hafi verið götóttur, þá býst jeg við, að hann, í stuttri athugasemd, reyni að fá að bora í eitthvað af götunum. Annars ætla jeg ekki að þessu sinni að ráðast á ræður hv. þm. (G. Sv.), svo að honum mun gera það lítið, þótt hann sje „dauður", þess vegna. En af því, að hann hefir altaf smám saman verið að vitna í embættisfærslu Guðmundar Eggerz í Suður-Múlasýslu, og ástandið yfirleitt í þeirri sýslu, meðan Guðmundur Eggerz var þar, vildi jeg segja nokkur orð, því mjer finst hv. þm. (G. Sv.) tala þar af helst of miklum ókunnugleika, sem jeg mun einna færastur að leiðrjetta, þeirra manna sem hjer geta lagt orð í belg. — Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) talaði um, að það væri alkunna, að mikið hafi verið róstusamt í Suður-Múlasýslu í tíð Guðmundar Eggerz. Það er að vísu ekki alveg tilhæfulaust, en þær óeirðir komu ekki af embættisfærslu hans. Svo stóð á, að lengi hafði verið deila innan hjeraðs um ákveðið mál, aðallega milli fjarðarbúa og Hjeraðsbúa. Þegar nú Guðmundur Eggerz kom í sýsluna, varð hann, sem oddviti sýslunefndar, að taka vissa afstöðu til þessara mála. Var hann, sem duglegt yfirvald, er vill láta dálítið að sjer kveða og einhver afskifti vill hafa af hjeraðsmálum, að taka afstöðu öðru hvorum megni, og stóð þá framarlega í þeim flokkinum, sem hann aðhyltist, og varð því sá flokkurinn, sem hann lagðist á móti, honum allandvígur. Sje jeg ekkert óvanalegt eða vítavert við það, þótt þeir, sem gefa sig við opinberum málum, hvort heldur embættismenn eða aðrir, fái andstæðinga. Ekki sje jeg heldur, að það sje neitt ámælisvert, þótt hann, sem sýslumaður, færi að gefa sig við stjórnmálum og gerðist þingm. sýslubúa, og býst jeg ekki við, að hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) finnist það heldur nokkuð sjerstaklega athugavert. Það er ekki nema eðlilegt og venjulegt, að þar, sem eru tveir harðvítugir pólitiskir flokkar, verði þeir, sem framarlega standa í þeim flokkum, fyrir talsverðu aðkasti, og svo var hjer, en aldrei heyrði jeg, eða vissi til, að deilur í Suður-Múlasýslu risu út af embættisfærslu Guðmundar Eggerz. Deilumálin voru mest út af innanhjeraðsmálum, og býst jeg við, að slíkra óeirða gæti víðar, þó ekki sje minst á það hjer.

Jeg hefi altaf heyrt það sagt, að Guðmundur Eggerz þætti góður lögfræðingur, en svo heyrðist mjer það í gær á hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að hann vildi gera lítið úr lögvísi hans í fossanefndarstarfi hans, og hefði fossanefndin orðið að fá sjer annan lögfræðing, er betur var því starfi vaxinn. En það verð

jeg að segja, að mjer finnast engu hæpnari forsendur þær, sem hann byggir niðurstöðu sína á, heldur en forsendur lögfræðinga hv. meiri hluta fossanefndar. Jeg segi lögfræðinga, því mig minnir ekki betur en að hv. þm. Dala. (B. J.) hafi viljað láta telja sig ekki ólögvísari en þessa lærðu lögfræðinga hjer á þinginu. Þess vil jeg biðja menn að gæta, að jeg hefi hjer að eins talað um forsendurnar, en ekki niðurstöðurnar, sem þessir menn komust að, því um þær segi jeg ekki neitt að svo stöddu.

Annars hefir mjer, eins og hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), fundist liggja nokkuð annað á bak við hjá hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) heldur en eintóm heilög vandlætingarsemi, eins og hann vildi fá menn til að trúa í gær. Jeg hjó meðal annars eftir því, að þegar hæstv. forsætisráðherra (J. M.) sagði, að rekja hefði mátt söguna um rekstur sýslumannsembættisins í Árnessýslu lengra heldur en háttv. fyrirspyrjandi (E. A.) gerði, og að næstu tvö árin áður en Guðmundi Eggerz hafði verið veitt Árnessýsla hefði hún verið sýslumannslaus, þá sagði hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að það kæmi ekki þessu máli við. (G. Sv.: Það sagði jeg aldrei). Hv. þm. (G. Sv.) misminnir, því jeg tók svo vel eftir, hversu mikil mótsetning var fólgin í þessu svari hans. Ef hann hefði líka að eins borið hag Árnesinga fyrir brjósti, þá hefði þetta engu síður skift máli en það, að sýslan hafi verið sýslumannslaus í tíð Guðm. Eggerz.

Að endingu vil jeg láta þess getið, að jeg var andstæðingur Guðmundar Eggerz í því innanhjeraðsdeilumáli, sem jeg hefi á minst, og einnig — eins og kunnugt er — andstæðingur hans í pólitíkinni, og keppinautur hans um þingsetu fyrir hjeraðið, en þetta hvorttveggja var embættisfærslu hans óviðkomandi. Hana gat jeg litið rjettu auga fyrir því.

Fyrirspyrjandi (Einar Arnórsson): Jeg fyrir mitt leyti get nú slegið botninn í þetta mál. Veit jeg ekki, hvort menn verða ánægðari með þann botn en botn hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), en efniviðinn í minn botn lagði hæstv. forsætisráðherra (J. M.) til. Hann lýsti því sem sje yfir, að umræddur sýslumaður færi til sýslu sinnar að nokkrum dögum liðnum, þar eð hann hafi nú lokið störfum sínum í fossanefndinni. Með þessum ummælum hæstv. forsætisráðherra (J. M.) finst mjer botninn vera sleginn í málið, því að spurningin hljóðar um það, hversu lengi sýslan eigi að vera í því reiðileysi, sem hún hefir verið í nú um hríð.

Í ræðu hv. fjármálaráðherra (S. E.) fann jeg ekkert verulegt, er jeg tel varða fyrirspurnina. Mjer er ekki kunnugt um, að í ráðherratíð minni hafi verið neinn kurr eða óvild milli mín og Guðmundar Eggerz, því að jeg tel það ekki, þótt okkur hafi greint á um skilning á vissum lagastöðum, og er sýslumaðurinn ákvað að taka aftur uppsögn sína, leit jeg svo á, að þá væri því máli lokið.

Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) var eitthvað að minnast á reglur þær, sem hann fylgdi í embættaveitingum. Það finst mjer koma lítið málinu við, enda voru þær ekkert frábrugðnar þeim, er alment tíðkast. Þó get jeg mint hæstv. forsætisráðherra (J. M.) á, að hann hefir ekki æfinlega fylgt þessum gullvægu reglum, því að 1918 ljet hann yngri mann, bæði að árum og embættisaldri, sitja fyrir eldri manni. Man jeg, að blað hæstv. fjármálaráðherra (S. E.)

vítti þetta mjög kröftuglega og kallaði megnustu hlutdrægni. (**Fjármálaráðh.**: Jeg var ekki ritstjóri að blaðinu). Nei, en þar sem hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) er einn af aðalstuðningsmönnum blaðsins, og átti eflaust mikið í því, má gera ráð fyrir, að hann geti ráðið því, hvað birtist þar.

Gísli Sveinsson: Jeg vil biðja hæstv. stjórn að afsaka, þótt jeg, með leyfi þingskapanna og hæstv. forseta, geri örstutta athugasemd, þar eð henni þótti botninn ekki vera heill. Það er alkunnugt, að þegar gerðar eru aðfinslur til hæstv. stjórnar, þá kallar hún það „skrípaleik", en það vita líka allir, hvernig á þessu stendur, því að henni er sem sje meinilla við, að hún sje mint á öll glappaskot sín.

Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) sagði, að er jeg talaði, kæmi jeg svo víða við, að ilt væri að vita, hvað jeg væri að fara. Í fyrsta lagi er það hinn þinglegi tilgangur fyrirspurna, að koma að öllum atriðum, er málið snerta. Og í annan stað er það satt, að jeg kem víða við, þegar jeg tala um stjórnina, því að þegar á annað borð er farið að minnast á skakkaföllin, þá er svo margt, er á þarf að drepa, þar eð ferill stjórnarinnar má heita óslitin keðja af óheilindum, að jeg ekki segi hneykslunum. Hvað því viðvíkur, að ekki væri gott að ætla á, hvað jeg væri að fara, þá er nokkuð nýtt að heyra það, því að jeg geng venjulega beint framan að mönnum og segi þeim það, fullum fetum, skýrt og skorinort, sem mjer býr í brjósti, hvort sem þeim líkar betur eða ver. En aftur á móti hefi jeg aldrei heyrt það sagt um hæstv. forsætisráðh. (J. M.), að menn gætu vitað, hvað hann væri að fara, og munu menn kannast við þetta, bæði utan þings og innan.

Þá vil jeg benda mönnum á, að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) viðurkendi í ræðu sinni hinni síðustu, að nefndur sýslumaður hefði blandað sjer inn í vafasamar „Forretningar". Eru þær þannig vaxnar, að slíkt má ekki eiga sjer stað um yfirvald. Jeg get því alls ekki hlíft þessum manni við sannleikanum, þótt hann sje embættisbróðir minn, úr því á annað borð er farið að tala um málefni hans. Hefi jeg enga tilraun gert til þess að draga mann þennan persónulega inn í umræðurnar, heldur hefir hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) verið að gefa tiltfni til þess, að um hann væri farið að tala, hvort sem hann hefir gert það til þess að verja það, að hann hafi veitt honum einhver friðindi, eða ekki. — Jeg neita því algerlega, sem hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) var að tala um, að vakað hafi fyrir mjer í þessum umræðum politiskt hatur til einstakra manna. Það er langt í frá, jeg ber ekki hatur til neins, enda þekkja menn það. Jeg tel það að eins skyldu mína sem þm. að ávíta stjórnina fyrir það, sem hún hefir illa gert, og tala jeg þá svo, að það skiljist.

Það má nú eftir þetta búast við, að bót fáist á því, sem aflaga hefir farið um sýslumannsembættið í Árnessýslu, og að sýslumaðurinn hverfi nú heim til sýslu sinnar. Fær það þá sýnt sig, hvort Árnesingar fá nokkuð tjónkað við hann eða ekki.

Að lokum skal jeg beina því til hæstv. fjármálaráðh. (S. E.), að vorkunnsemi sína þarf hann ekki að láta koma niður á mjer, heldur væri hentara, að hann sneri henni þangað, sem þörfin er meiri. Því að sjálfur er hann sannar-

lega aumkvunarverður, þegar hann kemst í það sálarástand, er hann nú nýlega var í.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil að eins lýsa því yfir, að það er langt frá, að jeg hafi nokkuð um það heyrt, að Guðmundur Eggerz hafi fengist við nokkrar óheiðarlegar forretningar. Tel jeg slíkt hreinan og beinan róg af háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) Hitt er mjer kunnugt, að laun embættismanna eru nú svo lítil, að til þess að geta lifað þurfa þeir að hafa eitthvað utan hjá embætti sínu, sem gefur þeim tekjur, og er það ekkert eindæmi um þennan mann.

Þá drap háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) á, að jeg hefði útvegað þessum manni ýms fríðindi. Það geta allir sjeð, hversu mikil fríðindi jeg hefi útvegað honum með því, að hann var settur í fossanefndina, því til þess að geta starfað þar varð hann að fara burt úr sínu embætti og lifa á þeim launum einum, sem fossanefndarmennirnir hafa haft.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vonast til, að hæstv. forseti gefi hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) tækifæri til að gera stutta athugasemd enn þá, út af því, sem jeg kann að segja. Annars býst jeg ekki við því, að þess þurfi, því það var svo lítið í síðustu tölu hans, sem vert var að taka eftir. Hafa ræður hans líklega átt að vera skammir um stjórnina, en þær hafa að mestu leyti snúist um mann, sem ekki getur varið sig hjer. Hefir svo hv. þm. (G. Sv.) haft það á tilfinningunni, að hann hafi ekki gert það, sem hann ætlaði að gera, og því staðið upp. Þessi síðasta ræða hans hefir því átt að vera þriðji botn hans. (**Rödd:** Í botnleysunni). Í botnleysunni, skýtur einher inn í, og það er víst alveg rjett.

Þá var hv. þm. (G. Sv.) að tala það til mín, að ekki væri æfinlega gott að vita, hvað jeg væri að fara. Í raun og sannleika átti jeg ekki von á lofi frá hv. þm. (G. Sv.), en það tel jeg sagt mjer til hróss, að ekki skuli æfinlega vera hægt að segja, hvað jeg ætli að fara.

2. Áfrýjun mála út af bannlagabrotum.

Á 65. fundi í Nd., þriðjudaginn 16. sept, var útbýtt

Fyrirspurn til landsstjórnarinnar um áfrýjun mála út af brotum á lögum um aðflutningsbann á áfengi (A. 837).

Á 66. fundi í Nd., miðvikudaginn 17. sept., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skuli.

Fyrirspurnin leyfð með 18 shlj. atkv.

Forsætisráðherra (J. M.): Til þess að spara forsetum og mjer óþarfa skriftir lýsi jeg yfir því, að jeg er búinn til að svara fyrirspurn þessari hve nær sem vera skal.

Á 69. fundi í Nd., laugardaginn 20. sept, var fyrirspurnin tekin á dagskrá.

Fyrirspyrjandi (Pjetur Ottesen): Það, sem veldur því, að fyrirspurn þessi er fram komin, er það, að dómar þeir og dómsástæður, sem hjer um ræðir, þó einkum dómurinn í máli Magnúsar Th. S. Blöndahls, hafa vakið alment eftirtekt og umtal, enda brotið mjög í bág við skilning manna, bæði leikra og lærðra, á anda bannlaganna.

Hjer stendur svo á, að dómurinn í máli M. Th. S. Blöndahls ræðir um alment grundvallaratriði í framkvæmd og þýðingu laganna. Og það er síst vafi á því, ef sá skilningur á bannlögunum, sem hjer kemur fram, er dómfestur, og því ekki áfrýjað, að farþegar á skipum geti flutt vín inn í landið, án þess að eiga nokkuð á hættu, ef þetta tiltæki þeirra kemst upp, annað en það, að vínið sje gert upptækt fyrir þeim. Það er svo sem enginn vafi á því, hver áhrif það muni hafa á þýðingu laganna og hvaða áhrif það hefir á framkvæmd þessara laga. Og þetta hefir miklu víðtækari áhrif.

Það má svo sem geta nærri, hvort þessi skilningur á lögunum verður ekki frekar til þess að ýta undir þá, sem hafa tilhneigingar til lögbrota, að tefla á fremsta hlunn í þessu efni, þegar þeir geta skákað í því skjóli, að þeir sleppa þó altaf við sekt, og hvað þá heldur refsingu, þó alt komist upp.

Jeg skal ekki fjölyrða um þetta, en snúa mjer fyrst að fyrra atriði fyrirspurnarinnar, sem sje yfirrjettardóminum í máli Magnúsar Th. S. Blöndahls. Jeg get ekki komist hjá að fara dálítið út í sögu þessa máls, þó að þess sje reyndar tæplega þörf, þar sem það hefir verið rætt í blöðunum og manna á milli.

Svo er mál með vexti, að þegar Gullfoss kom frá Ameríku 14. febr. s. l., var Magnús Th. S. Blöndahl einn meðal farþega á skipinu.

Við skipsrannsókn þá, sem gerð var af lögreglunni, kom það í ljós, að í farangri þessa manns fanst Whiskykassi, merktur honum, sem innihjelt 12 þriggjapelaflöskur af áfengi. Við rjettarhöldin, sem hafin voru út af þessu, gerði M. Th. S. Blöndahl grein fyrir þessu á þá leið, að rjett áður, eða tveim dögum áður en hann fór af stað frá New York, hafi hann verið hringdur upp í síma og beðinn að taka kassa til nafngreinds manns hjer í Reykjavík, sem hann kannaðist við, og lofaði hann að gera það. Heyrðist honum maðurinn, sem bað hann að taka kassann, nefna sig Olsen. Svo var nú ekki meira með þetta. En þegar Blöndahl er kominn á leið til Íslands, fer hann einn góðan veðurdag að rannsaka farangur sinn og sjer þá, að einum kassa er þar ofaukið, og minnist þá þess, sem áður er frá skýrt, en ekkert kvaðst hann um það vita, hve nær eða hvernig þessi kassi hafi komist í farangur sinn í Gullfossi, eða neina hugmynd um það haft, hvað í kassanum væri.

Það kom í ljós, þegar maður sá, er kassinn átti að fara til hjer í Reykjavík, var yfirheyrður, — en hann kvaðst hafa dvalið 11 ár í New York, — að hann hefði að vísu kynst þar lítillega manni, sem hjet Olsen, en ekki hafi hann getað búist við neinni sendingu frá honum, enda muni hann ekki hafa verið þá í Ameríku. En aftur á móti hafi hann kynst þar manni, Paulsen að nafni, sem hann hefði vel getað trúað til að senda sjer Whisky óbeðið, en ekkert hafi hann pantað af því hjá honum.

Í undirrjetti hjer í Reykjavík var M. Th. S. Blöndahl dæmdur í 200 kr. sekt. Dómi þessum var svo af valdstjórninni áfrýjað til yfirrjettar, og niðurstaðan varð þar sú, að M. Th. S. Blöndahl var sýknaður. Vil jeg leyfa mjer, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp kafla úr forsendum dómsins. Þar segir svo, eftir að búið er að tilgreina skýrslur í málinu:

„Eftir þessum skýrslum málsins, og aðrar hafa ekki verið nefndar, hefir

áfengið í áminstum kassa, er var með farangri kærða, Magnúsar Blöndahl, flust hingað til lands án vilja hans og vitundar, og eru þá eigi lög til þess að refsa honum fyrir innflutning þessa áfengis, sem annar maður átti og sendi hingað til lands á þennan hátt, og verður eigi í því efni vitnað til 5. gr. aðflutningsbannslaganna, um ábyrgð skipstjóra, sem eðlilega er viðtækari en ábyrgð farþega; hins vegar var það sjálfsagt, að áfengið var gert upptækt, er hingað kom, samkvæmt ákvæðum aðflutningsbannslaganna. — Samkvæmt þessu verður að sýkna kærðan, Magnús Blöndahl, í málinu."

Það er engan veginn ástæðulaust, þó að menn líti þannig á, að slíkur dómur sje þvert ofan í anda bannlaganna. Það er deginum ljósara, að farþegar eiga að sjálfsögðu að bera ábyrgð á því að flytja bannvöru inn í landið. Má í því efni benda á ábyrgð skipstjóra, og einnig telst hver sá, sem uppvís verður að því, að hafa áfengi í vörslum sínum, brotlegur gegn 1. gr. laganna, ef ekki hefir verið sagt til þess á lögboðinn hátt.

Þær ástæður geta því engan veginn komið til greina, þó að einhver teljist ekki hafa vitað af slíkri vöru í flutningi sínum, þar sem honum að sjálfsögðu bar að ganga úr skugga um það þegar í upphafi. Þetta virðist ljóst hverjum leikmanni.

Eins er það, að þegar orðalag á lögum er að einhverju leyti ónákvæmt eða teygjanlegt, þá virðist það að sjálfsögðu vera andi og hugsun laganna, sem dómarinn verður að byggja á. Niðurstaða sú, sem yfirdómurinn hefir komist að í þessu efni, er því mjög grunsamleg.

Það er því engan veginn ófyrirsynju eða ástæðulaust, þó að spurt sje, hvort dómi þessum hafi verið áfrýjað, og ef svo er ekki, hvað valdi.

En svo er annað í þessu máli, sem eitt út af fyrir sig gæfi ærna ástæðu til slíkrar spurningar, og það er skyldleiki dómstjóra yfirrjettarins og hins ákærða, Magnúsar Blöndahls. Þeir eru sem sje systkinasynir.

Í tilskipun frá 11. júlí 1800 um stofnun landsyfirrjettar stendur síðast í 6. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Sá tilskipaði sest þá í sæti þess assessors í rjettinum, í hvers stað hann sitja á; sama skal og vera, þegar einhver af rjettarins limum er löglega undanþeginn að sitja dóm, vegna svo nákomins skyldugleika eður mægða við málspartana, sem telst að öðrum lið, ellegar vegna annarar lögmætrar orsakar."

Þetta er svo skýlaust tekið fram, að dómstjóri hefði að sjálfsögðu átt að víkja sæti í dóminum í þessu máli, hvað sem öðru líður.

Þá er síðari liður fyrirspurnarinnar. Það er dómur í máli Hallgríms T. Hallgrímssonar. Jeg get farið hjer fljótt yfir sögu. Það, sem jeg vildi athuga, voru atriði í forsendum undirdóms. Þessi maður var dæmdur í 300 kr. sekt fyrir, að það varð uppvíst, að hann hafði óleyfilegt vín undir höndum, og sannaðist við vitnaleiðsluna, að hann hefði selt áfengi. Málinu var áfrýjað til yfirrjettar af valdstjórninni, og þau atriði, sem jeg vildi minnast á í forsendunum, eru þessi, sem jeg vil lesa upp, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir svo, í forsendunum fyrir dóminum:

„Þar sem kærður, eftir framansögðu, hefir ekki leyfi til áfengisinnflutnings, nær bannið í fyrri málsgrein 9. gr. aðflutningsbannslaganna ekki til hans, og verður honum þá ekki refsað eftir 15. gr. laganna."

Eftir þessum skilningi er að eins hægt að sekta þá eina fyrir óleyfilega vínsölu, sem leyfi hafa til innflutnings, en þeir aftur á móti, sem selja vín sem smyglað hefir verið inn, þeir sleppa alveg við sekt og refsingu fyrir það út af fyrir sig, að selja vínið.

Þetta hygg jeg að sje gersamlega rangur skilningur á aðflutningsbannslögunum, og komi alveg þvert ofan í anda og tilgang þeirra.

En nú hefir yfirrjettur fallist á og staðfest þessa skýringu undirrjettar og dóm þann, sem á henni er bygður meðal annars.

Þó að þessi skilningur á bannlögunum, sem jeg verð að telja rangan, komi hjer aðallega fram í forsendum undirdómsins, kemur hann líka að sjálfsögðu fram í dóminum sjálfum, að því leyti sem hann byggist á þeim.

Það verður því að telja þá niðurstöðu, sem yfirdómurinn hefir komist að í þessu máli, mjög hæpna, þar sem hann hefir staðfest undirrjettardóminn í öllum greinum.

Þess er því full þörf, að dómum þessum sje áfrýjað, því það má engan veginn líðast, að lögum sje misboðið, svo sem hjer virðist gert.

Jeg skal ekki fara lengra út í fyrirspurnina, sem hæstv. forsætisráðh. (J. M.) hefir nú tilkynt að hann ætlaði að svara.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er að vísu leyfilegt að bera upp hverja fyrirspurn sem vera skal. En það er dálítið leiðinlegt að svara fyrirspurn, sem ræðst á dómstólana.

Ef löggjafarvaldið vill, að dómstólarnir sjeu sem allra frjálsastir og ekki undirgefnir umboðsvaldið, sem er sjálfstætt vald, þá er dálítið varhugavert að koma með fyrirspurn, sem felur í sjer aðfinslur við rjettvísina, í efnum, sem hún hefir rjett til að dæma. En að sjálfsögðu er þetta leyfilegt. Málið er í sjálfu sjer mikilsvert.

Í forminu er hjer ekki spurt um dóm, heldur það, hvort dómi hafi verið áfrýjað. En þetta er svo saman tvinnað, að fyrirspurn, sem bindur slíkt í sjer, sýnist ekki ætti að koma fram.

Í síðara málinu er ekki að ræða um dómsniðurstöðu, heldur forsendur. En jeg hygg, að dómi hafi aldrei verið áfrýjað til hæstarjettar vegna forsenda. En flm. (P. O.) lagði ekki heldur mikla áherslu á þetta atriði.

Hitt málið sá jeg aldrei. Jeg var fjarstaddur meðan því var lokið. En um ástæðuna fyrir því, að því var ekki áfrýjað, get jeg sagt það, að það hefir verið föst regla, að minsta kosti síðan ráðherra varð búsettur hjer á landi, að áfrýja aldrei lögreglumálum til hæstarjettar af hálfu hins opinbera, vegna þess, að stjórnin hefir litið svo á, að yfirrjettur ætti að vera í raun og veru sama sem hæstirjettur, þegar ekki væri um sakamál að ræða. Og stjórnin hefir ekki borið lögreglumál undir hæstarjett, nema hún væri til neydd.

Þetta hygg jeg að hafi verið sameiginlegur vilji allra stjórna síðan 1904.

Fyrir mjer hefir vakað, að það væri sjálfsagt að una við þá dóma í þessum málum, sem við hefðum upp kveðið sjálfir, og láta þá ekki fara lengra, jafnvel þó að þeir væru ekki rjettir, að sumra skoðun, sem jeg skal ekkert segja um í þessum tilfellum. Jeg get sagt það fyrir mig, að mjer hefði ekki komið til hugar að leita úrskurðar erlends dómstóls.

Þessar ástæður munu hafa vakað fyrir dómsmáladeildinni, að hún áfrýj-

aði ekki fremur þessu máli en öðrum slíkum málum. Þetta hefir sem sje verið undantekningarlaus meginregla.

Reyndar má segja, að komið geti til tals, að málið biði íslensks hæstarjettar. Um það skal jeg ekki segja. En jeg hygg, að ekki fengist, þó að fast væri eftir leitað, að áfrýja málinu að nauðsynjalausu til annars ríkis.

Einar Arnórsson: Það var eitt atriði í ræðu hæstv. forsætisráðherra (J. M.), sem mjer finst ástæða til að athuga dálítið. Enda snertir það ekki eingöngu háttv. flm. fyrirspurnarinnar (P. O.), heldur líka þann, sem leyfði fyrirspurnina, og þingið.

Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) virtist halda því fram, að þau mál yfirleitt, sem snertu starfssvið dómsvaldsins, ættu ekki að koma til umræðu hjer á þingi. Að því leyti er þetta rjett, að löggjafarvaldið á auðvitað ekki að ætla sjer að fara að kenna dómendum að skilja lög, eða að koma með neinskonar lagaskýringar. En spurningin var alls ekki um það. Það var spurt um, hvort stjórnin hefði áfrýjað þessum tveim dómum. Svo að þó löggjafarvaldinu beri ekki að kenna dómendum að skilja lög eða lagagreinar á einhvern vissan hátt, þá væri það allundarlegt, ef ekki mætti rökræða dóma dómsvaldsins hjer á þingi, eins og annarsstaðar. Því fer svo fjarri, að það þyki ósæmilegt, þó að dómur sje „kritiseraður", að það er alsiða að gera það, bæði í blöðum og í umræðum manna á milli. Það þykir enda vera sjálfsagt, oft og tíðum. Því að málsmeðferð á að vera opinber, og dómurinn er oft birtur í opinberum blöðum, til þess að almenningur geti fylgst með í gangi málsins og sjeð, hvernig dómstólarnir rækja störf sín. Þó að þeir sjeu sjálfstæðir í rauninni, og enginn geti skipað þeim fyrir um, hvernig þeir eigi að skilja einhver lagaákvæði, þá eru dómarar, eins og aðrir starfsmenn ríkisins, undir „kritik". Enda væri það ekki heppilegt, ef þeir væru alveg yfir það hafnir að vera „kritiseraðir" í blöðum og tímaritum, eða af almenningsálitinu. Jeg sje því ekki, hvers vegna löggjafarvaldið ætti að vera lægra sett í þessu en einstakir menn, eða t. d. blöð. Það væri æði undarlegt, ef sá hinn sami maður, sem er viðurkent að má láta uppi álit sitt um dómsúrskurð utan þings, í ræðu og riti, mætti það svo ekki innan veggja þingsins. — Vitanlegt er þó, sem ekki þarf að taka fram, að það verður að vera innan hóflegra takmarka, sem sæma umræðum hjer á þessum stað.

Það er rjett hjá hæstv. forsætisráðh. (J. M.), að það hefir ekki verið venja að áfrýja opinb. lögreglumálum til hæstarjettar, nema um eitthvert stórvægilegt mál væri að ræða, og sá, sem fyrir sök er hafður, krefðist þess. Nú hefir hann ekki gert það í þessu tilfelli. En hins vegar geta stundum legið ríkar ástæður til þess, að leita úrskurðar æðsta dómsvalds um sum atriði, þó að málið hafi, sem slíkt, verið rekið sem alment lögreglumál. Það fer eftir ákveðnum „pósitivum" reglum í lögum, hvort eitt mál er alment lögreglumál eða sakamál. En þegar nú er að ræða um skilning á lögum, sem vafi leikur á um, þá virðast ríkar ástæður til þess, að leita úrskurðar æðsta dómstóls; ef t. d. margir líta svo á, að það sjeu tæplega lög, sem yfirrjettur hefir dæmt. Annars er lítið svo á um sum mál, sem eru í sjálfu sjer mestu smámál, að það sje rjett að veita uppreistarleyfi, til þess að þau

komist undir æðsta dómstól, t. d. skattamál. Einu sinni, man jeg, var spursmál um, hvort maður ætti að greiða ljóstoll, sem var lítil upphæð. Þetta kemur ekki svo sjaldan fyrir um skattamál. Það skiftir í sjálfu sjer litlu máli, hvort þessi maður væri talinn gjaldskyldur eða ekki um 4—5 krónur, en af því að atriðið þykir alment mikils virði, að fá úrskurð um það í eitt skifti fyrir öll, þá er farin þessi leið. — Hjer er dálítið svipað ástatt. Það er spurt um, hvernig eigi að skilja ákveðin lög, sem skiftir miklu máli í framtíðinni, því að af þessum dómi í máli Magnúsar Blöndahls leiðir það, að hver og einn farþegi, sem kemur til landsins, getur haft meðferðis í farangri sínum skattskyldar vörur, án þess að gefa það upp og verða dæmdur sekur. Hann þarf ekki annað en að hafa látið einhvern „Sörensen" eða „Petersen" hafa beðið sig fyrir þetta ílát með því, sem í því var, til eigandans, sem getur verið Jón Jónsson í Reykjavík. Niðurstaðan af dóminum verður þessi. Hvort sem nú þessir menn fyrirfinnast eða ekki, þá verður sögusögn farþegans væntanlega tekin gild. Það hljóta allir að sjá, hvort sem hjer er um bannlögin að ræða eða ekki, að þetta hefir víðtækar afleiðingar í öllum lögum. Ef jeg t. d. kæmi með nokkur kg. af tóbaki frá Danmörku, og segðist ekki hafa vitað, hvað sendingin hafði að geyma, þá ætti að taka sögu mína góða og gilda. Auk þess sýnist mjer fullhart, að ef skipstjóri á að bera ábyrgð á öllu dóti, sem með skipinu er, þá skuli óbreyttur farþegi sæta svona mikið betri meðferð. Jeg hygg, að skipstjóri eigi ilt með að rannsaka svo hvern krók og kima í öllu skipinu, að ekki sje hægt að fela eitthvað. Það er ómögulegt að krefjast þess. Aftur á móti skyldi maður ætla, að það væri ekki ofverk hvers farþega út af fyrir sig að hafa nánar gætur á, hvað er í farangri hans. Hann er ekki skyldur að taka kassa fyrir einhvern og einhvern, án þess að hafa grun um, hvað í honum er. En skipstjóri er aftur skyldur að taka við „fragt" í skipið. Um það, hvort í slíkum lagabrotum eigi að heimta fullkominn ásetning og vilja farþega, það er meira en lítið vafamál, með tilliti til ábyrgðar skipstjóra, sem hlýtur að vera óafvitandi, hvað er í hans dóti. — Undirrjettur leit líka svo á, að það bæri að álíta farþega fullkomlega vitandi um, hvað hann flytti. Sjerstaklega þegar nú þar við bætist, að greinargerð sú, sem gerð er fyrir kassanum, er ekki trúleg, þótt hún að vísu geti verið sönn.

Jeg man, að jeg rakst einu sinni á dóm, þar sem maður var ákærður fyrir að hafa stolið einhverjum smávægilegum hlut. Maðurinn játaði, að hann hefði tekið hlutinn, en hjelt því auk þess fram, að meiningin hefði ekki verið sú, að stela hlutnum, heldur að eins að nota hann um stundarsakir. Eftir atvikum taldi yfirrjettur sögu mannsins ekki trúanlega og dæmdi hann fyrir þjófnað. Og þegar maður les dómsskjölin, þá getur maður ekki fallist á annað en að þessi dómur hafi verið rjettur. Dómstólarnir taka ekki alt trúanlegt, sem sakborningur segir. Það getur verið meira og minna ótrúlegt. En auk þess sje jeg ekki betur en að annar þessara dóma, sem hjer ræðir um, eigi að teljast ómerkur. Mjer skilst, að einn af dómendunum hefði átt að víkja sæti ótilkvaddur. Því er haldið fram af dómurum, að dómari eigi að víkja sæti, ef hann er systkinabarn við sakborning, eða nánar skyldur. — Það kendi Nellemann að minsta kosti og

Deuntzer, að þegar svo væri ástatt, ætti hann að víkja „ex officio“, og slíkur dómur væri ógildur „ex officio“. Eins og hjer var ástatt, þá finst mjer, að það hefði átt að ráða nokkru um, að dóminum hefði verið áfrýjað. Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) mun hafa verið utanlands, þegar þetta var ráðið. Það var víst hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.), sem þá gegndi dómsmálastörfum jafnframt. Jeg skal ekki segja, hvort hann man nokkuð eftir þessu. En það er ekki ósennilegt, að hann hafi í þessu farið eftir ráðum skrifstofustjóra síns, sem er lögfræðingur, því að þessi hæstv. ráðherra (S. J.) er ekki sjálfur lögfræðingur að prófi, þótt hann sje það má ske af guðs náð, eins og sumir aðrir.

Jeg vildi nú spyrja hæstv. stjórn, hvort það sje endanlega ákveðið, að þessum dómi verði ekki áfrýjað. Mjer skilst, að það sje ekkert talsmál um dóm í máli H. Th. H., því hann hefir borgað þá sekt, sem honum var dæmd, og verið tekið við henni. En spurningin er um dóminn í máli Magnúsar Th. S. Blöndahls. — Jeg hefi enn ekki fengið ákveðið svar um það, hvort þeim dómi verði áfrýjað eða ekki. Mjer þætti gott að fræðast um, hvort búið er að rita það á dómsgerð og gefa það sökunaut til kynna. Nú má enginn skilja þetta svo, að bæði mjer og hv. þm. Borgf. (P. O.), sem flytjum fyrirspurnina, liggi ekki í ljettu rúmi, hvort þessi maður sleppi persónulega eða ekki. Við höfum enga ástæðu til að vilja láta neitt bitna á honum. En þeir, sem vilja gefa gaum afleiðingum af þessum dómi, hljóta að sjá, að hjer er um svo mikilvægt atriði að ræða, að það væri mjög æskilegt að fá um það úrskurð æðsta dómstóls. Ef það telst mögulegt að skjóta því til hæstarjettar, þegar hann er fluttur til landsins, þá er vorkunnarmál, þó að stjórnin hafi ekki viljað vísa því út fyrir „pollinn“, sjerstaklega ef svo slysalega vill til, að þessi dómur er ógildur „ex officio“. Það væri mjög leiðinlegt að hafa áfrýjað málinu til hæstarjettar í Danmörku, ef svo er. Það er mjög óheppilegt, þegar það hefir komið fyrir, að dómur yfirrjettar hefir verið gerður ónýtur og málið sent heim aftur. — Þegar svo stendur á, er það ástæða til að láta áfrýjun falla niður.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg sagði áðan, að það væri leyfilegt að flytja þessa fyrirspurn. Að því leyti kemur okkur hv. 2. þm. Árn. (E. A.) saman. Hins vegar taldi jeg varhugavert að taka til opinberrar umræðu dómsgerðir yfirleitt. Og jeg tel vafasamt, að það mundi auka virðingu fyrir dómstólunum, ef það færi að tíðkast. En það skal játað, að þessi fyrirspurn var mjög hóflega flutt og æsingarlaust. En samt sem áður tel jeg dálitið athugavert að fara að taka svona mál hjer inn á þing til umræðu. Annar hv. flm. fyrirspurnarinnar (E. A.) hefir nú talað alllangt mál. En hvernig á maður að skilja ræðu hans. Ljet hann uppi álit sitt sem prófessor í lögum, eða talaði hann sem aukadómari í yfirrjetti, eða að eins sem 2. þm. Árn. Það er auðvitað, að hann, sem sjerstaklega lærður lögfræðingur, láti skoðun sína í ljós. En jeg er ekki viss um, að það sje jafneðlilegt, að hann geri það sem hv. 2. þm. Árn. Því það er ekki sama, hvort þingið dæmir í þessu máli, eða almenningur. Alveg eins og það þætti sjálfsagt óvið-

feldið, ef dómstólarnir færu að finna að gerðum þingsins, t. d. að það skuli gefa út hin eða þessi lög.

Jeg held, að það sje allvarhugavert, að dómstólarnir eða löggjafarvaldið og umboðsvaldið fari að seilast hvert inn í annars verkahring, nema þegar nauðsyn ber til, með að skýra lög eða þess háttar. En það, sem annars mestu skiftir í þessu máli, og það, sem mjer skildist hv. 2. þm. Árn. (E. A.) viðurkenna, er hvort ekki mundi hafa verið rjett að áfrýja ekki þessum dómi. Og það var einmitt með þetta fyrir augum, sem jeg áleit sjálfsagt, að við tækjum hæstarjett heim til landsins, að meðan hann er í Danmörku verðum við að sætta okkur við, þó einhver dómur sje ófullkominn.

Hinni spurningunni, um það, hvort ekki sjeu tiltök að áfrýja dómnum til hæstarjettar eftir að hann er fluttur heim, get jeg ekki alveg svarað til fullnustu.

Það kom náttúrlega engin yfirlýsing gegn þeim, sem sýknaður var. En sem sagt, það er lögfræðileg spurning, sem jeg hefi ekki áttað mig á til hlítar, hvort þetta sje hægt eða ekki. Þori jeg því ekkert um það að segja.

En annars hefði jeg gjarnan viljað njóta ráða og álits hv. 2. þm. Árn. (E. A.) um það, hvort þetta sje hægt eða ekki. Og jeg get viðurkent, að þessi spurning er í sjálfu sjer svo mikilvæg, að ástæða er til að leita álits æðsta dómstóls innanlands, og það býst jeg við að megi nægja.

En jeg endurtek það, að þótt jeg hefði verið heima, þá hefði jeg ekki, út frá skoðun minni á máli þessu, í sambandi við hæstarjett, treysti mjer til að áfrýja til hans.

En annars held jeg, að það geti vel komið fyrir, að ýmsir verði óánægðir með að hafa innlendan æðsta dómstól. Og mjer var það ljóst, er jeg rjeði af að flytja frv. um hæstarjett, að það væri mjög örðugt, í svo fámennu landi, að skipa hæstarjett, sem trygði eins vel, að allir næðu rjetti sínum, og æðstu dómstólar í hinum stærri þjóðlöndum. En við verðum að búa sem mest við það, sem við höfum sjálfir.

Einar Arnórsson: Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) þótti jeg koma fullnærri efni þessa dóms. En það get jeg ekki kannast við, og verð jeg að endurtaka það, að vjer höfum leyfi til, hvar sem er og hve nær sem er, að láta uppi rökstudda skoðun í kurteisu formi um hvert það efni, er fyrir liggur.

Hæstv. forsætisráðh. (J. M.) vildi gera úr mjer þrjár persónur. Er það ekki nema gott að geta brugðið sjer í mörg líkin. Hann spurði, hvort jeg hefði talað í þessu máli sem prófessor í lögum, aukadómari yfirrjettar eða sem þingmaður. Jeg get nú strax tekið það fram, að jeg talaði ekki sem aukadómari. En aftur skal jeg játa, að jeg talaði bæði sem maður, sem eitthvað hefir hnusað í lög, og sem þingmaður.

Við erum báðir sammála um, að dómstólarnir eigi að vera óháðir. Jeg hefi ekki sagt neitt í aðra átt. Þóttist jeg hafa sýnt það í gær, að jeg vildi, að æðsti dómstóll landsins væri óháður, þar sem jeg bar fram brtt. um sjerstaka undantekningu um hámarkið á launum hæstarjettardómendanna. Í hvaða skyni gerði jeg það? Ætli það hafi ekki verið til þess, að þeir yrðu sem óháðastir? Og jeg man ekki betur en að hæstv. forsætisráðherra (J. M.) greiddi atkv. með þeirri till. Býst jeg við, að við höfum báðir gert það í sama skyni.

En þá eiga dómendur líka að gæta þess sjálfir, að vera sem óháðastir, og gera sitt til þess, að halda þeirri virðingu og trausti, sem nauðsynlegt er að almenningur beri til þeirra.

Það kom nýlega fyrir í Kaupmannahöfn, að ágætur lögfræðingur þar, dómstjóri hæstarjettar, talaði eitthvað ógætilega um dóm, sem hæstirjettur hafði kveðið upp. Stúlka hafði fyrst verið sakfeld og dæmd fyrir barnsútburð eða barnsmorð. En svo kom til mála, að hún myndi hafa verið saklaus. Var þá málið tekið fyrir á ný, og stúlkan sýknuð með hæstarjettardómi. En svo segir dómstjóri hæstarjettar eitthvað á þá leið í samtali, að þessari síðari dómur hæstarjettar muni rangur verið hafa. Einnig er sagt, að hann hafi látið í ljós, að honum væri illa við jafnaðarmenn. Þetta varð til þess, að þessi ágætismaður varð ekki mjög mosagróinn sem dómstjóri hæstarjettar. Þar er nú litið svo á þessa hluti.

Hjer á landi hafa verið mjög skiftar skoðanir um vist mál. Hefir það verið eitt ákveðnasta deilumál hjer á landi um hríð. Það er mál, sem hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) messaði um, er hann steig hjer í stól í gær, og hjelt aðalprjedikunina. Jeg held nú, að dómendur ættu sem minst að blanda sjer inn í deilur um þetta mál og önnur slík. En jeg verð þó að telja, að dómendur yfirrjettar hafi blandað sjer í deilur um þessi lög. Verð jeg að telja það mjög leiðinlegt. En kunnugt er, að sjest hafa nöfn þeirra allra — að sjálfsögðu vel fengin — undir ávarpi, þar sem undirskrifendur lýsa því yfir með átakanlegum orðum, að þeir sjeu á móti þessum lögum. Jeg segi nú ekki, að þeir halli dómum út af þessum lögum viljandi, vegna þess. En jeg held, að óviljandi geti þeir gert það. Því að ef dómar geta litast af afstöðu dómenda til einstakra manna, sem kunnugt er, þá munu þeir ekki síður geta litast af samhygð eða andhygð við stefnuna, sem kemur fram í þeim lögum, sem þeir eiga að dæma eftir. Þetta er ekki nema mannlegt, og dómarar eru breyskir menn, eins og aðrir. Það er því ekki nema eðlilegt, að þeir menn, sem unna stefnunni, hafi minna traust á þeim dómara, sem lýst hefir opinberlega yfir andhygð sinni gegn lögunum. Auðvitað er það ekki alveg sama, að einhver dómari segist hafa andhygð móti einhverri stjett eða flokki, eins og hann segðist vera móti einhverri stefnu. En þó er það töluvert skylt. Og það, að einum dómara er illa við jafnaðarmenn, þýðir ekki það, að honum sje illa við persónurnar, heldur þá stefnu, sem mennirnir fylgja. Líkt þessu er hitt, ef einhver dómari segir, að honum sje illa við bannlögin og hann telji þau óhæf. Það þýðir, að honum sje illa við stefnuna, sem bannlögin eru sprottin af.

Þetta mál varðar engu það atriði, hvort betra sje að hafa innlendan æðsta dómstól eða ekki, því að mjer virðist það mjög undarlegt, ef landsmenn gætu ekki eins haft traust á innlendum dómstól sem útlendum, í öllum aðalatriðum. Það er vitaskuld hættara við, að dómur innlends dómstóls geti frekar verið litaður af frændsemi, tengdum eða kunningsskap. En aftur hafa innlendir dómarar þann kost, að þeir eru persónulega kunnugir öllu ástandi, landslögum og landsháttum, og vegur það á móti hinu.

Viðvíkjandi umboðsvaldinu og dómstólunum, þá er auðvitað, að umboðsvaldið á ekki, fremur en löggjafarvaldið, að segja dómendum, hvernig þeir

eigi að skýra og skilja lög. Um það munu allir sammála. En umboðsvaldið má þó og á að vissu leyti að hafa eftirlit með dómurum, eins og öðrum embættismönnum. Og er umboðsvaldið ályktar að skjóta dómi undir dóm æðra dómstóls, þá liggur í því einskonar „kritik" á þeim dómi, er áfrýja skal, að fráskildum sakamálum þeim, sem skylt er að áfrýja. Þar þarf ekki að vera um neina „kritik" að ræða. Svo er t. d. um dauðadóma og aðra hegningardóma, þar sem áfrýjunar er óskað. —

Það er satt, að að vissu leyti er dómsvaldið sjálfstæðasta valdið, því að það á að skera úr milli umboðsvaldsins og annara. Hefir það þannig úrslitavaldið.

En alt þetta gerir það að verkum, að þess er bráð nauðsyn, að dómstólarnir hafi fult traust almennings, og geri ekkert að nauðsynjalausu til að rýra það traust og þá virðingu.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg þarf ekki, held jeg, að svara neinu í síðari ræðu hv. 2. þm. Árn. (E. A.). Það kom ekkert fram hjá honum annað en að það væri rjett, sem jeg sagði, að í raun og veru hafi ekki verið órjett að láta vera að áfrýja dómum til hæstarjettar í Kaupmannahöfn. Hitt verð jeg að láta liggja milli hluta, hvort hægt muni að áfrýja til hæstarjettar hjer á landi.

En það var að eins út af dæminu, sem hann tók um dómstjóra í hæstarjetti í Kaupmannahöfn, að jeg vildi taka fram, að það eru ekki alveg sömu ástæður hjer. Við vitum, að það var leyft hjer, og er enn að nokkru leyti, að dómendur yfirrjettar gefi sig við stjórnmálum, eins og aðrir menn. Og þeir mega að sjálfsögðu láta uppi álit sitt um mál og stefnur, og jafnvel segja, að þeim sje illa við jafnaðarmenn. — Það er ekki bannað hjá okkur, eins og það er í framkvæmd annarsstaðar. Það er ekki langt síðan, að yfirdómarar sátu á þingi. Nú og í framtíðinni verður þetta ekki. Enda þarf ekki að álíta, að dómur þeirra, sem þingmanna, um bannlögin, þurfi að snerta neitt þeirra dómhæfileika.

En það var annað, sem mjer datt í hug út af því, sem háttv. þm. (E. A.) sagði, að óleyfilegt væri dómstjóra að finna að dómi hæstarjettar. Það er náttúrlega mikill munur á hæstarjettardómara og aukadómara við yfirrjettinn, svo að engum mun detta í hug, að aukadómarinn skuli fara úr þeim dómi, þó að hann hafi fundið að dómum hans, nema hafi hann ætlað ofan hvort sem var.

Fyrirspyrjandi (Pjetur Ottesen): Jeg þarf ekki að bæta mörgum orðum við það, sem hv. meðflm. minn (E. A.) hefir svarað því, sem fram kom sem mótbárur hjá hæstv. forsætisráðherra (J. M.) í þessu máli, og þá sjerstaklega því, að það hefði verið miður viðeigandi að koma með þessa fyrirspurn á þingi.

En jeg vildi að eins árjetta það, að ef ekki er algerlega loku fyrir það skotið, að hægt sje að áfrýja að minsta kosti dóminum í máli Magnúsar Blöndahls til hæstarjettar hjer, þegar hann er kominn á laggirnar, þá sje ekki látið undir höfuð leggjast að gera það.

VIÐBÆTIR

Yfirlit

um

alþingiskostnað

frá 1. jan. til 31. des. 1919.

(Með fylgiskjölum I—XIX).

I.	Þingfararkaup alþingismanna *(fylgiskj. I.)*:				
	A. Dagpeningar		kr. 36118 00		
	B. Dýrtíðaruppbót		— 31783 84		
	C. Ferðakostnaður		— 5979 75		
				kr.	73881 59
II.	Goldið starfsmönnum:				
	A. Föstum starfsmönnum		kr. 5100 00		
	B. Lausum starfsmönnum		— 29074 00		
				—	34174 00
III.	Útgáfukostnaður Alþingistíðinda og Landsreikninga og önnur prentun:				
	1. Útg.kostn. Alþt. og önnur prentun (*fylgiskj. II.—XVIII.*):				
	A. Eftirstöðvar af umræðum frá þingunum 1818	kr. 18023 52			
	B. Öll önnur prentun, pappír og hefting í þarfir þingsins	— 67041 40			
	C. Prentun stjórnarfrumvarpa, pappír og hefting	— 6768 85			
	D. Burðargjald og umbúðir	— 1205 25			
			kr. 93039 02		
		Flyt	kr. 93039 02	kr.	108055 59

Yfirlit um alþingiskostnað 1919.

	Fluttar		kr. 93039 02	kr.	108055 59
2. Útgáfukostnaður Landsreikninga:					
A. Til yfirskoðunarmanna LR. 1917	kr. 3000 00				
B. Prentun, pappír og hefting	— 1871 68		— 4871 68	—	97910 70
IV. Bókband, bækur, ritföng:					
1. Bókband:					
A. Bókasafnið	kr. 1869 81				
B. Skjalasafnið	— 975 28		kr. 2845 09		
2. Bækur			— 346 86		
3. Ritföng			— 544 20	—	3736 15
V. Ljós og hiti, ræsting og viðhald á húsi og munum:					
1. Ljós og ljósfæri:					
A. Ljós	kr. 732 38				
B. Ljósfæri	— 162 95		kr. 895 33		
2. Hiti			— 8577 00		
3. Ræsting:					
A. Ræstingarvinna . . .	kr. 1263 45				
B. Ræstingarvörur . . .	— 369 33		— 1632 78		
4. Viðhald á húsi			— 5293 43		
5. Viðhald á munum			— 744 22	—	17142 76
VI. Önnur útgjöld:					
1. Aðstoð og aukavinna			kr. 832 10		
2. Kostnaður við einstakar nefndir			— 2022 25		
3. Símagjöld Alþingis			— 209 00		
4. Símanot þingmanna (*sjá að nokkru leyti fylgiskjal XIX.*)			— 3084 00		
5. Þinghúsgarðurinn			— 345 80		
6. Opinber gjöld			— 513 59		
7. Ýms útgjöld			— 1675 12	—	8631 86
			Samtals	kr.	235527 06

Yfirlit um alþingiskostnað 1919.

Ávísað samkvæmt ávísana- og viðskiftabókum þingsins .	kr.	228477 80
Greitt af stjórnarráðinu	—	7049 26
	Kr.	235527 06

Skrifstofu Alþingis, 27. janúar 1920.

Einar Þorkelsson.

Yfirlit um alþingiskostnaðinn árið 1918 er í Alþt. 1918 (30. löggjafarþing), C. bls. 159—171.

Skilagrein

um það, sem greitt hefir verið í ríkissjóð frá skrifstofu Alþingis 1919.

1.	Fyrir seld Alþingistíðindi:			
	a. Frá 1916—17	kr.	6 00	
	b. — 1917	—	226 70	
	c. — 1918	—	172 10	
	d. — 1919	—	123 00	kr. 527 80
2.	Endurgreiðsla fyrir vörur til veitinga 1917 (Sbr. LR. 1917, bls. 81, 102 og 113)			— 116 00
3.	Andvirði gamals gólfdúks			— 50 00
			Samtals	kr. 693 80

Skrifstofu Alþingis, 4. mars 1920.

Einar Þorkelsson.

Fylgiskjal I.

Þingfararkaup alþingismanna 1919.

Nöfn	Dagpeningar: Samkv. l. nr. 10, 22. okt. 1912.	Dagpeningar: 88% uppbót, samkv. l. nr. 36, 28. nóv. 1919.	Dagpeningar: Alls	Ferðakostnaður eftir reikningi, sbr. 2. og 5. gr. l. nr. 36, 1919.	Þingfararkaup samtals.
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ., í Reykjavík . . .	680 00	598 40	1278 40	. . .	1278 40
Bjarni Jónsson, þm. Dala., í Reykjavík	712 00	626 56	1338 56	. . .	1338 56
Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K., í Reykjavík . .	712 00	626 56	1338 56	. . .	1338 56
Björn Stefánsson, 2. þm. S.-M, í Reyðarfirði . .	1098 00	966 24	2064 24	200 00	2264 24
Eggert Pálsson, 1. þm. Rang., á Breiðabólsstað . .	1012 00	890 56	1902 56	290 00	2192 56
Einar Arnórsson, 2. þm. Árn., í Reykjavík . . .	712 00	626 56	1338 56	. . .	1338 56
Einar Árnason, 2. þm. Eyf., á Eyrarlandi . . .	944 00	830 72	1774 72	185 00	1959 72
Einar Jónsson, 2 þm. Rang., á Geldingalæk . . .	960 00	844 80	1804 80	298 00	2102 80
Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk., í Vík	1018 00	895 84	1913 84	475 00	2388 84
Guðjón Guðlaugsson, 4. landsk. þm., í Reykjavík .	712 00	626 56	1338 56	. . .	1338 56
Guðmundur Björnson, 6. landsk. þm., í Reykjavík .	712 00	626 56	1338 56	. . .	1338 56
Guðmundur Ólafsson, 2. þm. Húnv., í Ási . .	998 00	878 24	1876 24	264 00	2140 24
Halldór Steinsson, þm. Snæf., í Ólafsvík	984 00	865 92	1849 92	140 00	1989 92
Hákon Kristófersson, þm. Barð., í Haga	1028 00	904 64	1932 64	144 00	2076 64
Hjörtur Snorrason, 5. landsk. þm., í Arnarholti . .	966 00	850 08	1816 08	98 75	1914 83
Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf., í Reykjavík . .	712 00	626 56	1338 56	. . .	1338 56
Jón Jónsson, 1. þm. N.-M., á Hvanná	1108 00	975 04	2083 04	344 00	2427 04
Jón Magnússon, 2. þm. Reykv., í Reykjavík . . .	712 00	626 56	1338 56	. . .	1338 56

Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Reykv., í Múla . .	956 00	841 28	1797 28	210 00	2007 28
Karl Einarsson, þm. Vestm., í Vestmannaeyjum . .	906 00	797 28	1703 28	55 00	1758 28
Kristinn Daníelsson, 2. þm. G.-K., í Reykjavík . .	712 00	626 56	1338 56	. . .	1338 56
Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf., í Reykjavík .	712 00	626 56	1338 56	. . .	1338 56
Magnús Kristjánsson, þm. Ak., í Reykjavík . . .	680 00	598 40	1278 40	. . .	1278 40
Magnús Pjetursson, þm. Strandа, í Hólmavík . .	1038 00	913 44	1951 44	253 00	2204 44
Magnús Torfason, þm. Ísaf., á Ísafirði	1022 00	899 36	1921 36	84 00	2005 36
Matthías Ólafsson, þm. V.-Ísf., í Reykjavík . . .	712 00	626 56	1338 56	295 00	1633 56
Ólafur Briem, 2. þm. Skagf., á Álfgeirsvöllum . .	1052 00	925 76	1977 76	300 00	2277 76
Pjetur Jónsson, þm. S.-Þ., á Húsavík	1046 00	920 48	1966 48	240 00	2206 48
Pjetur Ottesen, þm. Borgf., á Ytra-Hólmi	910 00	800 80	1710 80	50 00	1760 80
Pjetur Þórðarson, þm. Mýra., í Hjörsey	1032 00	908 16	1940 16	118 00	2058 16
Sigurður Eggerz, 2. landsk. þm., í Reykjavík . .	712 00	626 56	1338 56	. . .	1338 56
Sigurður Jónsson, 3. landsk. þm., í Reykjavík . .	712 00	626 56	1338 56	. . .	1338 56
Sigurður Sigurðsson, 1. þm. Árn., í Reykjavík . .	712 00	626 56	1338 56	. . .	1338 56
Sigurður Stefánsson, þm. N.-Ísf., í Vigur	1038 00	913 44	1951 44	132 00	2083 44
Sigurj. Friðjónsson, 1. landsk. varaþm., á Litlu-Laugum	1016 00	894 08	1910 08	240 00	2150 08
Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf., í Fagraskógi . . .	1060 00	932 80	1992 80	328 00	2320 80
Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M., í Firði	1064 00	936 32	2000 32	215 00	2215 32
Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk., í Hólum	1116 00	982 08	2098 08	352 00	2450 08
Þorsteinn Jónsson, 2. þm. N.-M., í Bakkagerði . .	1132 00	996 16	2128 16	405 00	2533 16
Þórarinn Jónsson, 1. þm. Húnv., á Hjaltabakka .	998 00	878 24	1876 24	264 00	2140 24
Samtals	36118 00	31783 84	67901 84	5979 75	73881 59

Fylgiskjal II.

BRJEF

*forstöðumanna Ísafoldarprentsmiðju og Fjelagsprentsmiðjunnar.**

Við undirritaðir prentsmiðjueigendur leyfum oss hjer með að skýra hæstvirtum forsetum Alþingis frá því, að vegna mikillar kauphækkunarkröfu prentarastjettarinnar frá nýári má búast við, að kaup prentara verði að hækka nokkuð.

Væntum við þess, að hinir hæstvirtu forsetar líti svo á það mál, að þeir ekki hefji andmæli gegn því, að sú hækkun komi einnig tiltölulega niður á þeim hluta Alþingistíðindanna, sem ólokið verður um nýár — og bendum á, að oss virðist sanngirni mæla með því, ekki síst sökum þess, að handritið kom í vorar hendur seinna miklu en við mátti búast, hefði verið lokið *fyrir nýár*, ef á venjulegum tíma hefði komið.**

Virðingarfylst.

Reykjavík, 14. des. 1918.

Ísafold.
Ólafur Björnsson.

Fjelagsprentsmiðjan.
St. Gunnarsson.

Fylgiskjal III.

EFTIRRIT

af brjefi forseta til Ísafoldarprentsmiðju og Fjelagsprentsmiðjunnar.

ALÞINGI. Reykjavík, 23. des. 1918.

Í brjefi, dags. 14. þ. m., hafið þjer, háttvirtu prentsmiðjueigendur, farið fram á, að hækkuð verði borgun sú fyrir prentun Alþingistíðinda, sem áskilin er í samningi milli yðar og forseta Alþingis, dags. 12. júlí þ. á., vegna þess, að búast megi við, að kaup prentara hækki frá nýári næstkomandi, enda hafi handritin borist yður síðar en venja hafi verið.

Út af þessu skal yður hjer með tjáð, að vjer, forsetar Alþingis, getum eigi sam-

---

* Samningar forseta Alþingis og forstöðumanna þessara prentsmiðja, um prentun umræðna Alþingis 1918, eru prentaðir í Alþt. 1918 (30. löggjafarþing) C. bls. 166–168.

** Fjelagsprentsmiðjunni var skilað frá skrifstofu þingsins öllu handriti fullbúnu 4. nóv. 1918 og Ísafoldarprentsmiðju slíkt hið sama 12. s m.

þykt neina hækkun á prentkostnaðinum, og það því síður, sem gjaldið fyrir pappírinn í Alþingistíðindin hefir hækkað allverulega, og það virðist á misskilningi bygt, að handritið hafi verið afhent síðar en t. d. síðastliðið ár.

Jóh. Jóhannesson. *G. Björnson.* *M. Guðmundsson.*

Til

eigenda Ísafoldarprentsmiðju og Fjelagsprentsmiðju, Ólafs Björnssonar og Steindórs Gunnarssonar.

Fylgiskjal IV.

Reykjavík, 28. des. 1918.

Út af brjefi hæstvirtra forseta Alþingis, dagsettu 23. þ. m., þar sem þeir tjá oss, að þeir ekki geti samþykt neina hækkun á prentkostnaði Alþingistíðindanna frá nýári, leyfum vjer oss að koma fram með eftirfarandi skýringar.

Ástæðurnar til þess, að eigi er sjerstaklega áskilið af vorri hálfu í samningunum við Alþingi, að ef kaup prentara alment hækki um áramót, hækki prentverðið á Alþingistíðindunum tiltölulega, eru þessar:

I. Að venjulega — árið í fyrra var undantekning — hefir handrit í Alþingistíðindin komið svo tímanlega, að prentun hefir verið lokið um áramót, svo þessa vegna hefir eigi þurft slíkt ákvæði.

II. Að hafi það komið fyrir, að prentun hafi ekki verið lokið um áramót, en hækkun svo munaði verið óhjákvæmileg — í fyrra varð hækkunin svo lítil, að prentsmiðjurnar gátu tekið hana á sitt bak, — *þá hafa Alþingisforsetarnir mjög fúslega orðið við þeim tilmælum prentsmiðjanna, að gjalda þeim mun hærra verð fyrir prentunina eftir nýár, sem svarar kauphækkuninni.* Um áramót 1914 — 1915 varð ekki hjá því komist að hækka prentarakaupið um 10%, og samþyktu þá forsetar tilsvarandi hækkun á prentkostnaðinum fyrir það, sem eftir var af þingtíðindunum þá.

Nú stendur alveg eins á eins og 1914—1915, að með engu móti verður hjá því komist, að hækka kaup prentarastjettarinnar alment um minsta kosti 25%.

Með skírskotun til fordæmisins, sem hjer er getið, leyfum vjer oss enn af nýju að biðja hæstvirta forseta að íhuga málaleitun vora, í þeirri von, að þeir þá sjái, að tilmæli vor eru ekki nema sanngjörn, enda vitum vjer eigi betur en að *allir* viðskiftavinir vorir aðrir taki þessari hækkun orðalaust, lítandi á það, að *vjer* getum ekki við þetta ráðið. Þætti oss meira en lítið leitt, ef prentaraverkfall yrði framkallað fyrir það eitt,

að hið háa Alþingi skæri sig út úr og neitaði að samþykkja þá hækkun, sem eigi verður hjá komist, svo sem aðrir viðskiftavinir vorir hafa sjeð og vilja taka afleiðingunum af.

Þar sem nú er komið mjög í eindaga, þætti oss miklu skifta, ef hæstvirtir forsetar sæu sjer fært að hraða málinu, og er það einnig von vor, að þeir vilji taka tilmæli vor til greina.

Virðingarfylst.

Fjelagsprentsmiðjan.
St. Gunnarsson.

Ísafold.
Ólafur Björnsson.

Til forseta Alþingis.

Fylgiskjal V.

EFTIRRIT

af brjefi forseta til Ísafoldarprensmiðju og Fjelagsprentsmiðjunnar.

Reykjavík, 30. des. 1918.

ALÞINGI.

Í brjefi, dags. 28. þ. m., hafið þjer, háttvirtu prentsmiðjueigendur, farið þess á leit að nýju, að vjer, forsetar Alþingis, samþykkjum hækkun á prentkostnaði Alþingistíðindanna, sem þjer nú skýrið frá að nemi 25%, eftir því, sem ætla megi eftir kröfum prentara og undirtektum prentsmiðjueigenda.

Til svars þessu skal hjer með tekið fram, að jafnvel þótt vjer getum eigi viðurkent, að nein skylda hvíli á Alþingi til þess að taka þátt í hækkun þessari, sbr. brjef vort, dags. 23. þ. m., viljum vjer þó eigi skorast undan að greiða af prentkostnaðinum (77 kr. 10 a. á örk) 12½% hækkun frá 1. jan. næstkomandi, en lengra sjáum vjer oss alls eigi fært að ganga.

Þetta tilkynnist yður hjer með.

Jóh. Jóhannesson. *G. Björnson.* *M. Guðmundsson.*

Til
eigenda Ísafoldarprentsmiðju og Fjelagsprentsmiðju, Ólafs Björnssonar og Steindórs Gunnarssonar.

Fylgiskjal VI.

ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA H.F. Reykjavík, 3/8 1919.

Jeg undirritaður forstjóri Ísafoldarprentsmiðju h.f. geri svo felt tilboð í prentun og pappír og heftingu Alþingistíðindanna 1919, sem hjer segir:

Fyrir prentun á örk af ræðuparti með 700 eintaka upplagi með heftingu kr. 115,65, þó með þeim fyrirvara, að sú hækkun, sem hjer eftir kann að verða á vinnulaunum, bætist við.

Pappír í Alþingistíðindin eftir reikningi á pr. rís kr. 46.00.

Pappírsverðið þó því skilyrði bundið, að birgðir þær, sem síðar koma, verði ekki dýrari en pappír sá, sem prentsmiðjan á nú.

Gert er ráð fyrir, að verkinu verði hagað eins og að undanförnu og þannig, að Ísafoldarprentsmiðja h.f. hafi „Umræður um samþykt mál og afgreidd".

Enn fremur að hraði afgreiðslunnar sje bundinn því skilyrði, að mögulegt verði að vinna fullkominn vinnutíma vegna hreyfiaflsins og ljósa (gass og rafmagns).

Með mikilli virðingu.

pp. Ísafoldarprentsmiðja h.f.

Herbert M. Sigmundsson.

Til Alþingis 1919.

Fylgiskjal VII.

FJELAGSPRENTSMIÐJAN. Reykjavík, 3/8 1919.

Jeg undirritaður forstjóri Fjelagsprentsmiðjunnar geri svo felt tilboð í prentun og pappír og heftingu Alþingistíðindanna 1919, sem hjer segir:

Fyrir prentun á örk af ræðuparti með 700 eintaka upplagi og heftingu kr. 115.65, þó með þeim fyrirvara, að sú hækkun, sem hjer eftir kann að verða á vinnulaunum, bætist við.

Pappír í Alþingistíðindin eftir reikningi á pr. rís kr. 46.00.

Pappírsverðið þó því skilyrði bundið, að birgðir þær, er síðar koma, verði ekki dýrari en pappír sá, sem prentsmiðjan á nú.

Yfirlit um alþingiskostnað 1919.

Gert er ráð fyrir, að verkinu verði hagað eins og að undanförnu og þannig, að Fjelagsprentsmiðjan hafi „Umræður um fallin mál, óútrædd og aftur tekin og um fyrirspurnir ásamt efnisyfirliti".

Enn fremur að hraði afgreiðslunnar sje bundinn því skilyrði, að mögulegt verði að vinna fullkominn vinnutíma vegna hreyfiaflsins og ljósa (gass og rafmagns).

Með mikilli virðingu.

St. Gunnarsson.

Til Alþingis 1919

Fylgiskjal VIII.

PRENTSMIÐJAN GUTENBERG H.F. Reykjavík, 3/8 1919.

Jeg undirritaður forstjóri Prentsmiðjunnar Gutenberg h.f. geri svo felt tilboð í prentun og pappír og heftingu Alþingistíðindanna 1919, sem hjer segir:

Fyrir prentun á örk af skjalaparti með 800 eintaka upplagi með heftingu kr. 157.68, þó með þeim fyrirvara, að sú hækkun, sem hjer eftir kann að verða á vinnulaunum, bætist við.

Pappír í Alþingistíðindin eftir reikningi á pr. rís kr. 46.00.

Pappírsverðið þó því skilyrði bundið, að birgðir þær, er síðar koma, verði ekki dýrari en pappír sá, sem prentsmiðjan á nú.

Gert er ráð fyrir, að verkinu verði hagað eins og að undanförnu og þannig, að Prentsmiðjan Gutenberg h.f. hafi skjalapart.

Enn fremur að hraði afgreiðslunnar sje bundinn því skilyrði, að mögulegt verði að vinna fullkominn vinnutíma vegna hreyfiaflsins og ljósa (gass og rafmagns).

Með mikilli virðingu.

Hlutafjel. Gutenberg.
Þorvarður Þorvarðsson.

Til Alþingis 1919.

Fylgiskjal IX.

EFTIRRIT

af brjefum forseta til Ísafoldarprentsmiðju og Fjelagsprentsmiðjunnar. (Tvö brjef samhljóða, sitt til hvorrar prentsmiðju).

ALÞINGI. Reykjavík, 11. okt. 1919.

Vjer forsetar Alþingis, höfum meðtekið tilboð frá Ísafoldarprentsmiðju og Fjelagsprentsmiðjunni, dags. 30. ágúst þ. á., um prentun á umræðuparti Alþingistíðindanna 1919, með þessum kjörum.

Fyrir prentun hverrar arkar, með 700 eintaka upplagi, ásamt heftingu kr. 115.65

Fyrir pappír, eftir reikningi, hvert rís á ..... — 46.00,

prentverðið þó með þeim fyrirvara, að sú hækkun, sem hjer eftir kann að verða á vinnulaunum, bætist við, og pappírsverðið með því skilyrði, að birgðir þær, er síðar koma, verði ekki dýrari en pappír sá, sem prentsmiðjurnar eiga nú.

Út af þessu skal prentsmiðjunum hjer með tjáð, að komið getur til mála, að gengið verði að framangreindu tilboði, *ef* prentsmiðjurnar vilja með öllu falla frá fyrirvara þeim, bæði um prentverðið og pappírsverðið, er að framan getur, þannig að greiðsla fyrir prentun hverrar arkar verði fastákveðin kr. 115.65 og pappírsverðið aldrei hærra en 46 kr. fyrir hvert rís, en að skilmálar, svo sem um arkafjölda á viku frá hvorri prentsmiðju o. s. frv., verði að öðru leyti hinir sömu sem í fyrra.

Jafnframt því að tjá prentsmiðjunum þetta skulum vjer beiðast svars um það fyrir 20. þ. m., hvort prentsmiðjurnar vilja breyta tilboðinu að þessu leyti.

Jóh. Jóhannesson. *G. Björnson.* *M. Guðmundsson.*

Til

1.) Ísafoldarprentsmiðju. 2.) Fjelagsprentsmiðjunnar.

Fylgiskjal X.

SVEINN BJÖRNSSON
yfirdómslögmaður.

Reykjavík, 20. okt. 1919.

Til forseta Alþingis.

Jafnframt því að viðurkenna móttöku brjefs hinna háttvirtu Alþingisforseta, dags 11. þ. m., til Ísafoldarprentsmiðju, skal jeg fyrir hönd eigenda prentsmiðjunnar leyfa mjer að

mælast til þess, að frestur verði gefinn um nokkra daga til að gefa fullnaðarsvar við brjefinu.

Forstjóri prentsmiðjunnar hefir verið á ferð í útlöndum undanfarið og verið væntanlegur heim þá og þegar.

Er nú komið skeyti að hann komi með s/s Íslandi innan fárra daga, og eru það tilmæli mín, að frestur verði veittur með svarið þar til s/s Ísland er komið hingað, væntanlega kringum 25. þ. m.

Virðingarfylst.

Sveinn Björnsson.

Fylgiskjal XI.

ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA H.F. Reykjavík, 3. nóv. 1919.

Með tilvísun til brjefs vors, dags. 20 f. m., og í tilefni af brjefi hinna háttvirtu Alþingisforseta, dags. 11. f. m., skulum vjer hjer með lýsa því yfir, að vjer eftir nána yfirvegun viljum *í þetta skifti* ganga að því að prenta umræðupart Alþingistíðindanna 1919 með kjörum þeim, sem um ræðir í brjefinu 11. okt., þannig að greiðsla fyrir prentun hverrar arkar sje fastákveðin kr. 115.65, og pappírsverðið aldrei hærra en 46 kr. fyrir hvert rís, en að skilmálar, svo sem um arkafjölda á viku hverri frá prentsmiðju vorri o. s. frv., verði að öðru leyti hinir sömu sem í fyrra.

Eru það tilmæli vor, að fá svar um það, hvort gengið verði að þessu boði, sem allra fyrst, helst ekki síðar en 10. þ. m., vegna ráðstöfunar, sem gera þarf. Enn fremur að hægt væri að byrja á verkinu um 15. þ. m.

Vjer tökum það fram, að boð þetta getur ekki skoðast sem mælikvarði um prentun Alþingistíðindanna í framtíðinni.

Virðingarfylst.

f.h. Ísafoldarprentsmiðju h.f.

Herbert M. Sigmundsson.

Til forseta Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal XII.

FJELAGSPRENTSMIÐJAN Reykjavík, 5. nóv. 1919.

Til svars brjefi hinna háttvirtu forseta Alþingis, dags. 11. f. m., viljum vjer hjer með lýsa því yfir, að vjer eftir nána yfirvegun höfum ákveðið *að þessu sinni* að prenta ræðupart Alþingistíðindanna 1919 með þeim kjörum, sem þar um getur, sem er kr. 115.65 fyrir prentun hverrar arkar og kr. 46.00 fyrir hvert pappírsrís.

Vjer vildum mælast til þess, að fá svar við þessu voru brjefi, helst ekki síðar en 10 þ. m., vegna ýmsra ráðstafana, er gera þarf. — Enn fremur að hægt verði að byrja á verkinu um 15. þ. m.

Vjer tökum það fram, að boð þetta getur ekki skoðast sem mælikvarði um prentun Alþingistíðindanna í framtíðinni.

Virðingarfylst.

Fjelagsprentsmiðjan.

St. Gunnarsson.

Til forseta Alþingis.

Fylgiskjal XIII.

EFTIRRIT

af brjefum forseta til Ísafoldarprentsmiðju og Fjelagsprentsmiðjunnar. (Tvö brjef samhljóða, sitt til hvorrar prentsmiðju).

ALÞINGI. Reykjavík, 7. nóv. 1919.

Að meðteknu brjefi Ísafoldarprentsmiðju, dags. 3. þ. m., og brjefi Fjelagsprentsmiðjunnar, dags. 5. þ. m., höfum vjer, forsetar Alþingis, ákveðið að ganga að tilboði því um prentun á umræðuparti Alþingistíðindanna 1919, er ræðir um í brjefum þessum, þeim kjörum sem sje, að greiðsla fyrir prentun hverrar arkar, með 700 eintaka upplagi, ásamt heftingu, sje fastákveðin kr. 115.65, og pappírsverðið aldrei hærra en 46 kr. fyrir hvert rís, en að skilmálar verði að öðru leyti allir hinir sömu sem í fyrra, svo sem um skifting verksins milli prentsmiðjanna, arkafjölda á viku frá hvorri o. s. frv.

Jafnframt því að tjá prentsmiðjunni þetta skulum vjer taka það fram, að eigi verð-

ur með nokkru móti unt að byrja prentun um miðjan þennan mánuð, svo sem prentsmiðjurnar fara fram á, með því að enn stendur á ræðuleiðrjettingum, svo að efnið er enn óunnið saman, en það tekur tíma. En að sjálfsögðu mun verkið hafið svo fljótt sem kostur er á.

Jóh. Jóhannesson. *G. Björnson.* *M. Guðmundsson.*

Til
1.) Ísafoldarprentsmiðju. 2.) Fjelagsprentsmiðjunnar.

Fylgiskjal XIV.

Reykjavík, 31. jan. 1920.

Vjer undirritaðir forstjórar Fjelags-, Gutenberg- og Ísafoldarprentsmiðju h.f. gerum svo felt tilboð í prentun, pappír og heftingu Alþingistíðindanna 1920, sem hjer segir:

Fyrir prentun á örk af ræðuparti með 700 eintaka upplagi og með heftingu kr. 200.47.

Fyrir prentun á örk af skjalaparti með 800 eintaka upplagi og með heftingu, kr. 245.97.

Fyrir pappír í Alþingistíð. eftir reikningi pr. rís kr. 46.00.

Gengið er út frá, að sömu skilmálar gildi eins og áður um hraða á afgreiðslu og annað fyrirkomulag verksins, og að vinnan skiftist milli prentsmiðjanna eins og áður.

Vegna ræðuparts Alþingistíðindanna 1919 og brjefaskrifta þeirra milli forseta Alþingis og forstjóra Fjelags- og Ísafoldarprentsmiðju h.f. um prentun á honum síðastl. haust, þar sem ekki var þó tekin til greina 30% kauphækkun prentara og bókbindara, er gekk í gildi 1. sept. síðastl., og þar sem ekki heldur handritið var til í miðjum nóv., eins og prentsmiðjurnar fóru fram á, verðum vjer nú, þegar 40% kauphækkun er enn komin í viðbót, að fara fram á við háttvirta forseta, að þeir sýni oss þá sanngirni, að hækka borgun fyrir hverja örk af fyrnefndum ræðuparti upp í kr. 175.00, *gegn því, að sama borgun verði þá einnig fyrir ræðupartinn 1920.* — Enn fremur verðum vjer að taka fram, að pappírsverðið er að eins skuldbindandi meðan núverandi pappírsbirgðir endast, þar eð pappírsverð fer stöðugt hækkandi.

Virðingarfylst.

pp. Ísafoldarprentsmiðja h.f.
Herbert M. Sigmundsson.
Fjelagsprentsmiðjan.
Steindór Gunnarsson.

Hlutafjel. Gutenberg.
Þorvarður Þorvarðsson.
Friðfinnur Guðjónsson.
Þórður Sigurðsson.

Til forseta Alþingis.

Fylgiskjal XV.

Því skal hjer með lýst yfir, að til samkomulags um prentun Alþingistíðindanna fyrir árið 1919 og 1920 vilja undirritaðir forráðamenn prentsmiðja í Reykjavík slá enn þá aftur af tilboðum sínum, vegna vandræða þeirra, er málið er nú komið í, þannig, að borgun fyrir hverja örk af tíðindunum fyrir 1919 sje kr. 145.00 og fyrir árið 1920 kr. 165.00 fyrir hverja örk. — Því skal enn fremur lýst yfir, að þetta er síðasta úrslitatilboð vort. — Um skjalapartinn gildir þetta tilboð einnig, þó án allra sjerprentana, samkvæmt því, er vjer áður höfum lýst yfir við háttvirta forseta.

Reykjavík, 13. febr. 1920.

Virðingarfylst.

pp. Ísafoldarprentsmiðja h.f.
Herbert M. Sigmundsson.

Fjelagsprentsmiðjan.
Steindór Gunnarsson.

H.f. Gutenberg.
Þorvarður Þorvarðsson.

Til forseta Alþingis.

Fylgiskjal XVI.

SAMNINGUR

milli forsetanna á Alþingi 1920 og h.f. Ísafoldarprentsmiðju í Reykjavík, um prentun B-deildar Alþingistíðindanna 1919 og 1920.

Svo feldan samning gerum vjer, forsetar Alþingis 1920, og jeg, Herbert Sigmundsson, fyrir hönd h.f. Ísafoldarprentsmiðju í Reykjavík:

1. gr. — Jeg, Herbert Sigmundsson, skuldbind h.f. Ísafoldarprentsmiðju, eða mig fyrir hennar hönd, til að prenta og hefta með þræði þann hluta Alþingistíðindanna 1919 og 1920, er hefir inni að halda allar umræður um þau málefni, sem samþykt eru og afgreidd frá þinginu, hvort heldur eru frumvörp eða tillögur, og önnur mál, er í þann flokk falla.

2. gr. — Upplag Alþingistíðindanna hvort árið, 1919 og 1920, skal vera 700 — sjö hundruð — og skuldbind jeg, Herbert Sigmundsson, prentsmiðjuna til að skila

upplaginu með þessari tölu í 20 arka heftum, meðan til vinst, og aldrei má dragast 48 klukkustundum lengur að skila hverju hefti eftir að lokið er prentun á síðustu örk þess. Það skulu samt eigi talin samningsrof af prentsmiðjunni, þó að út af þessu beri, ef hún verður fyrir töfum vegna skorts á hreyfiafli eða ljósi. Stærð og leturmergð á hverri örk er af þingsins hálfu áskilin sú sama og eigi minni en á Alþingistíðindunum 1918; svo skal og frágangur allur vera að minsta kosti eins góður og þá.

3. gr. — Jeg, Herbert Sigmundsson, skuldbind prentsmiðjuna, eða mig fyrir hennar hönd, til að hraða prentuninni svo, að aldrei sje minna fullprentað á hverri viku en 7 — sjö — arkir að minsta kosti, frá því er prentun byrjar og uns henni er lokið að fullu, ef ekki stendur á handriti nje prófarkalestri. En prentun skal talin byrja þegar fyrsta örkin er fullsett. Vítalaus skal prentsmiðjan samt, þó að á skorti tilskilda arkatölu, enda sje þá engu öðru um að kenna en vöntun hreyfiafls eða ljóss.

4. gr. — Fyrir hverja fullprentaða örk þingtíðindanna 1919 áskilur Ísafoldarprentsmiðja sjer 145 — eitt hundrað fjörutíu og fimm — krónur, og fyrir hverja örk þingtíðindanna 1920 165 — eitt hundrað sextíu og fimm — krónur. Greiðist prentunarkostnaður hvers heftis, samkvæmt arkatölu þess, þegar því er skilað, nema svo beri undir, sem ráð er fyrir gert í 6. gr.

5. gr. — Jeg, Herbert Sigmundsson, skuldbind prentsmiðjuna, eða mig fyrir hennar hönd, til að selja Alþingi þegar í stað 155 rís pappírs, til þess að nota í þennan hluta þingtíðindanna, af sömu gerð og gæðum og verið hefir áður í Alþingistíðindunum, fyrir 46 — fjörutíu og sex — krónur hvert rís, og greiðist pappírsverðið við afhendingu. En skylt er prentsmiðjunni að geyma pappírinn ókeypis, uns prentun er lokið, á jafntryggan hátt og prentsmiðjan geymir pappírsbirgðir sínar.

6. gr. — Vjer undirritaðir forsetar áskiljum, að prentun Alþingistíðindanna sje í alla staði vel og trúlega af hendi leyst. Sje á nokkurn hátt út af þessu brugðið, eða vanhaldin ákvæði 3. gr. hjer að framan, um hraða á prentun og hefting umræðnanna, þá áskiljum vjer oss, fyrir hönd Alþingis, rjett til þess að halda eftir 10% af verði þess, er vanunnið eða vanefnt kann að vera, uns fullar bætur eru þar á gerðar, og fyrirframgreiðsla af hálfu þingsins á sjer ekki stað. Prentsmiðjan má engum leyfa, þingmönnum eða öðrum, að breyta ræðunum eða leiðrjetta þær, og ekki má hún heldur leyfa neinum óviðkomandi mönnum að sjá handritin eða prófarkirnar, og skal prenta umræðurnar eftir handritunum, einsog þau koma frá skrifstofustjóra þingsins.

Reykjavík, 28. febrúar 1920.

Jóh. Jóhannesson. *Benedikt Sveinsson.* *G. Björnson.*

pp. Ísafoldarprentsmiðja h.f.
Herbert M. Sigmundsson.

Vitundarvottar:
Jón Sigurðsson.
Einar E. Sæmundsen.

Fylgiskjal XVII.

SAMNINGUR

milli forsetanna á Alþingi 1920 og Fjelagsprentsmiðjunnar í Reykjavík um prentun C-deildar Alþingistíðindanna 1919 og 1920.

Svo feldan samning gerum vjer, forsetar Alþingis 1920, og jeg, Steindór Gunnarsson, fyrir hönd Fjelagsprentsmiðjunnar í Reykjavík:

1. gr. — Jeg, Steindór Gunnarsson, skuldbind Fjelagsprentsmiðjuna, eða mig fyrir hennar hönd, til að prenta og hefta með þræði þann hluta Alþingistíðindanna 1919 og 1920, sem hefir inni að halda allar umræður um þau málefni, sem feld eru, tekin aftur og óútrædd verða, hvort heldur eru lagafrumvörp eða tillögur, svo og um fyrirspurnir og önnur mál, er í þann flokk falla, ásamt efnisyfirliti yfir þingtíðindin.

2. gr. — Upplag Alþingistíðindanna hvort árið, 1919 og 1920, skal vera 700 — sjö hundruð — og skuldbind jeg, Steindór Gunnarsson, prentsmiðjuna til að skila upplaginu með þessari tölu í 20 arka heftum, meðan til vinst, og aldrei má dragast 48 klukkustundum lengur að skila hverju hefti eftir að lokið er prentun á síðustu örk þess. Það skulu samt eigi talin samningsrof af prentsmiðjunni, þó að út af þessu beri, ef hún verður fyrir töfum vegna skorts á hreyfiafli eða ljósi. Stærð og leturmergð á hverri örk er af þingsins hálfu áskilin sú sama, og eigi minni en á Alþingistíðindunum 1918; svo skal og frágangur allur vera að minsta kosti eins góður og þá.

3. gr. — Jeg, Steindór Gunnarsson, skuldbind prentsmiðjuna, eða mig fyrir hennar hönd, til að hraða prentuninni svo, að aldrei verði minna fullprentað á viku hverri en 5 — fimm — arkir að minsta kosti, frá því er prentun byrjar og uns henni er lokið að fullu, ef ekki stendur á handriti nje prófarkalestri. En prentun skal talin byrja þegar 1. örkin er fullsett. Vítalaus skal prentsmiðjan samt, þó að á skorti tilskilda arkatölu, enda sje þá engu öðru um að kenna en vöntun hreyfiafls og ljóss.

4. gr. — Fyrir hverja fullprentaða örk þingtíðindanna 1919 áskilur Fjelagsprentsmiðjan sjer 145 — eitt hundrað fjörutíu og fimm — krónur, og fyrir hverja örk þingtíðindanna 1920 165 — eitt hundrað sextíu og fimm — krónur. Greiðist prentunarkostnaður hvers heftis, samkvæmt arkatölu þess, þegar því er skilað. nema svo beri undir, sem ráð er fyrir gert í 6. gr.

5. gr. — Jeg, Steindór Gunnarsson, skuldbind prentsmiðjuna, eða mig fyrir hennar hönd, til þess að selja Alþingi þegar í stað 70 rís pappírs, til þess að nota í þennan hluta þingtíðindanna, af sömu gerð og gæðum og verið hefir áður í Alþingistíðindunum, fyrir 46 — fjörutíu og sex — krónur hvert rís, og greiðist pappírsverðið við afhendingu. En skylt er prentsmiðjunni að geyma pappírinn ókeypis, uns prentun er lokið, á jafntryggan hátt og prentsmiðjan geymir pappírsbirgðir sínar.

6. gr. — Vjer undirritaðir forsetar áskiljum, að prentun þingtíðindanna sje í alla staði vel og trúlega af hendi leyst. Sje á nokkurn hátt út af þessu brugðið, eða vanhaldin ákvæði 3. gr. hjer að framan, um hraða á prentun og heftingu umræðnanna, þá áskiljum vjer oss, fyrir hönd Alþingis, rjett til þess að halda eftir 10% af verði

þess er vanunnið eða vanefnt kann að vera, uns fullar bætur eru þar á gerðar, og fyrirframgreiðsla af hálfu þingsins á sjer ekki stað. Prentsmiðjan má engum leyfa, þingmönnum nje öðrum, að breyta ræðunum eða leiðrjetta þær, og ekki má hún heldur leyfa neinum óviðkomandi mönnum að sjá handritin eða prófarkir, og skal prenta umræðurnar eftir handritunum, eins og þau koma frá skrifstofustjóra þingsins.

Reykjavík, 28. febrúar 1920.

Jóh. Jóhannesson. *Benedikt Sveinsson.* *G. Björnson.*

Fjelagsprentsmiðjan.

Steindór Gunnarsson.

Vitundarvottar:
Jón Sigurðsson.
Einar E. Sæmundsen.

Fylgiskjal XVIII.

SAMNINGUR

*milli forsetanna á Alþingi 1920 og Þorvarðs Þorvarðssonar, Friðfinns Guðjónssonar og Þórðar Sigurðssonar fyrir hönd hlutafjelagsins Gutenberg í Reykjavík um prentun skjalaparts Alþingistíðindanna 1920 o. fl.**

Svo feldan samning gerum vjer, forsetar Alþingis 1920, og vjer undirritaðir, Þorvarður Þorvarðsson, Friðfinnur Guðjónsson og Þórður Sigurðsson, fyrir hönd hlutafjelagsins Gutenberg í Reykjavík.

1. gr. — Vjer undirritaðir menn, sem erum í stjórn hlutafjelagsins Gutenberg, skuldbindum oss til að prenta og gefa út skjalapart Alþingistíðindanna 1920. Er í

* Samningur þessi nær að eins til Alþt. 1920, en eigi til Alþt. 1919, eins og samningarnir við hinar prentsmiðjurnar. Liggja til þess þau rök, er nú skal greina. Nokkru fyrir Alþingi 1919 var þess leitað við allar prentsmiðjurnar, að þær, þegar áður en þing kæmi saman, gerðu tilboð í prentun fyrir Alþingi. En jafnframt því varð þegar í stað að láta einhverja prentsmiðjuna taka til starfa í þarfir þingsins, og af því að ríkisstjórnin var þá búin að láta prentsmiðjuna Gutenberg prenta öll stjórnarfrumvörpin (um 46 arkir) og þau stóðu þar sett, þá var ekki unt að snúa sjer til annarar prentsmiðju um prentun allra þingskjala. Reyndin sýndi það, að prentsmiðjunum var ekki allgreitt um að koma fram með tilboð sín, enda var áður kunnugt, að þær mundu hafa samningum bundið sín á meðal að koma allar í senn fram með þau. Og eins og fylgiskjöl VI.—VIII. bera með sjer, komu tilboðin eigi fram fyr en 30. ágúst 1919, þrátt fyrir

þessari skuldbindingu fólgin prentun og pappír, samkv. 6. gr. hjer að aftan, pappír í kápur, innhefting með þræði og sjerhvað annað, er til útgáfu bóka heyrir, nema ritstjórn og prófarkalestur.

2. gr. — Upplag þessa hluta þingtíðindanna skal vera 800 — átta hundruð — eintök, en auk þess skal prenta handa þinginu um þingtímann 120 sjerprentanir af hverju þingskjali út af fyrir sig, með því lagi og þeim frágangi, er tíðkast hefir hingað til og skrifstofustjóri þingsins mælir fyrir og þörf er á. Sjerprentanir þessar skal afhenda tafarlaust eftir þörfum þingsins, og má aldrei standa á prentun þeirra, að eigi sje þörfum þingsins jafnan fullnægt. Þó skulu það eigi talin samningsrof af prentsmiðjunni, geti hún í bili, að kvöldi til eða nóttu, ekki prentað, ef það stafar frá skorti á hreyfiafli eða ljósi. Prentun skjalaparts sje lokið að þinglausnum, ef kostur er á, og yfirlits þess, er honum á að fylgja.

3. gr. — Stærð og leturmergð á hverri örk er af þingsins hálfu áskilin hin sama og eigi minni en á þingskjölum 1919; svo skal og pappír og frágangur eigi vera lakari.

4. gr. — Fyrir sjerprentanir þær, er getur um í 2. gr., svo og prentun dagskráa og annara lausra skjala, áskiljum vjer, stjórn fyrgreinds hlutafjelags, oss borgun sjerstaklega, og sje sú borgun eigi minni hlutfallslega eftir leturmergð en greitt er fyrir prentun skjalaparts, sbr. 6. gr.

5. gr. — Óski þingið fleiri sjerprentana en að ofan greinir, eða með vandaðri pappír og frágangi, skuldbindur stjórn þráttnefnds hlutafjelags sig til þess að láta þinginu það í tje gegn sjerstakri borgun á sama hátt og segir í 4. gr.

6. gr. — Fyrir hverja prentaða örk (8 blaðsíður) af skjalapartinum áskiljum vjer, oftnefnd stjórn hlutafjelagsins Gutenberg, að oss sjeu greiddar 165 — eitt hundrað sextíu og fimm — krónur, og að auki fyrir hvert pappírsrís, er í skjalapart fer og laus skjöl, 46 — fjörutíu og sex — krónur. Skuldbindum vjer oss til að gera fullnaðarreikningsskil vikulega meðan prentunin stendur yfir, í síðasta lagi á hverju föstudagskveldi.

7. gr. — Vjer undirritaðir forsetar áskiljum, að prentun þessa umsamda hluta þingtíðindanna sje að öllu leyti vel og trúlega af hendi leyst. Sje á nokkurn hátt út af þessu brugðið, þá áskiljum vjer oss rjett til þess að halda eftir 10% af verði þess, sem vanunnið eða vanefnt er, og fyrirframgreiðsla af hálfu þingsins getur ekki átt sjer stað.

það, að oft hafði verið eftir þeim int af hálfu þingsins. — Prentsmiðjan Gutenberg reyndist ófáanleg til að gera endilegt tilboð í prentun fyrir þingið, nema jafnhliða hinum prentsmiðjunum, enda var hún ófáanleg til að gera skjallegan samning um prentun fyrir þingið, fyr en samið væri einnig við hinar prentsm. En það varð að samkomulagi, að Gutenberg ynni fyrir þingið þangað til tilboð hinna prentsmiðjanna kæmu fram og skjallegir samningar tækjust. Var um verð á prentun og pappír að miklu leyti farið eftir því, sem verið hafði 1918, með sjerstakri hliðsjón af kauphækkun prentara, er nú var á komin. — Þá er tilboð prentsmiðjanna kom fram, 30. ágúst 1919, var Gutenberg þegar búin að inna af höndum þrjá fjórðunga þess, er hún þurfti að vinna fyrir þingið, og með því að tilboð hennar (sjá fylgiskjal VIII) var hærra en samist hafði um, og hún fáanleg til að vinna til þinglausna á svipaðan hátt og áður, var ekki talin þörf á skjallegum samningi við hana af hálfu þingsins, enda var hún ófáanleg til slíkra samninga fyr en yfir lyki um samninga milli forseta Alþingis og hinna prentsmiðjanna.

Prentsmiðjan skal ekki taka á móti nokkru þingskjali til prentunar fyrir þingið um þingtímann, nema því að eins, að það hafi komið til hennar frá skrifstofu þingsins og verið skrásett þar.

Reykjavík, 28. febrúar 1920.

Jóh. Jóhannesson. *Benedikt Sveinsson.* *G. Björnson.*

Fyrir h.f. Gutenberg.

Þorvarður Þorvarðsson. *Friðfinnur Guðjónsson.* *Þórður Sigurðsson.*

Vitundarvottar:

Jón Sigurðsson.
Einar E. Sæmundsen.

Fylgiskjal XIX.

Símanot

þingmanna 1919 á kostnað Alþingis.

Nöfn	Frá talsímum Alþingis og landssímastöð.			Frá öðrum stöðum í júlí til okt.	Samtals.
	í júlí	í ágúst	í september og október.		
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Benedikt Sveinsson . . .	0 75	10 45	12 30	. .	23 50
Bjarni Jónsson	. .	5 35	. .	. .	5 35
Björn Kristjánsson . . .	0 50	2 60	. .	. .	3 10
Björn Stefánsson	11 75	58 55	18 90	. .	89 20
Eggert Pálsson	13 15	23 25	10 00	. .	46 40
Einar Arnórsson	0 95	5 45	. .	. .	6 50
Einar Árnason	3 70	3 70	11 10	. .	18 50
Einar Jónsson	5 95	1 50	3 10	. .	10 55
Gísli Sveinsson	15 00	23 15	95 05	32 50	165 70
Guðjón Guðlaugsson . .	. .	0 50	3 10	. .	3 60
Guðmundur Björnson . .	1 00	. .	. .	. .	1 00
Guðmundur Ólafsson . .	16 55	23 50	27 50	. .	67 55
Halldór Steinsson	19 85	22 70	19 75	. .	62 30
Hákon Kristófersson . . .	34 80	23 35	32 40	. .	90 55
Hjörtur Snorrason . . .	14 40	8 05	50 20	. .	72 65
Jóhannes Jóhannesson . .	4 70	2 85	2 85	. .	10 40
Jón Jónsson	12 10	20 75	27 45	. .	60 30
Jón Magnússon	1 95	. .	. .	. .	1 95
Jörundur Brynjólfsson . .	. .	. .	3 35	. .	3 35
Karl Einarsson	94 75	82 55	75 30	. .	252 60
Kristinn Daníelsson . . .	0 25	0 35	0 85	. .	1 45
Magnús Kristjánsson . .	1 50	. .	5 45	. .	6 95
Magnús Pjetursson . . .	45 05	54 05	69 40	27 75	196 25
Magnús Torfason . . .	54 15	31 05	27 50	. .	112 70
Matthías Ólafsson . . .	. .	3 70	. .	. .	3 70
Ólafur Briem	. .	. .	3 50	. .	3 50
Pjetur Jónsson	5 25	7 20	8 75	36 95	58 15
Pjetur Ottesen	9 00	12 90	11 45	. .	33 35
Pjetur Þórðarson	2 25	. .	3 75	. .	6 00
Sigurður Eggerz	. .	4 70	. .	. .	4 70
Sigurður Jónsson	. .	. .	5 05	. .	5 05
Sigurður Sigurðsson . . .	0 95	7 15	2 25	. .	10 35
Flyt	370 25	439 35	530 30	97 20	1437 10

Yfirlit um alþingiskostnað 1919.

Nöfn	Frá talsímum Alþingis og landssímastöð.			Frá öðrum stöðum í júlí til okt.	Samtals.
	í júlí	í ágúst	í september og október		
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Fluttar	370 25	439 35	530 30	97 20	1437 10
Sigurður Stefánsson . . .	7 20	9 40	5 35	. .	21 95
Sigurjón Friðjónsson . .	7 00	5 60	25 05	. .	37 65
Stefán Stefánsson . . .	24 15	29 45	38 70	. .	92 30
Sveinn Ólafsson	. .	9 70	11 40	. .	21 10
Þorleifur Jónsson	7 00	20 50	39 70	. .	67 20
Þorsteinn Jónsson . . .	29 15	25 50	22 20	. .	76 85
Þórarinn Jónsson . . .	33 45	46 90	28 10	64 55	173 00
Forsetar	6 05	7 25	4 95	. .	18 25
Fjárveitinganefndir . . .	2 75	. .	. .	. .	2 75
Sjávarútvegsnefndir . . .	. .	96 85	. .	. .	96 85
Samtals	487 00	690 50	705 75	161 75	2045 00

Aths.

Um heimild þingmanna til símanota á kostnað Alþingis og venju í því má vísa til Alþt. 1917 C. 1360—1362 og Alþt. 1918 (30. löggjafarþing) C. 171.